


Skýrsla forseta

um störf Alþýðusambands Íslands 2023



SKÝRSLA FORSETA
um störf
Alþýðusambands Íslands
árið 2023

Skýrsla forseta ASÍ 2023

Skýrsla forseta um störf ASÍ er unnin af starfsfólki á skrifstofu ASÍ, á ábyrgð sviðsstjóra. Starfsfólk Mímis-símenntunar, Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, Bjargs-íbúðafélags, Virk-Starfsendurhæfingarsjóðs, Vörðu-Rannsóknastofnunar vinnumarkaðarins og Listasafns ASÍ vann samnefnda kafla skýrslunnar.

Ábyrgðarmaður: Finnbjörn A. Hermannsson

Umbrot og prentun: Ísafoldarprentsmiðja

Myndir: Lárus Karl Ingason og starfsfólk ASÍ

Kápuhönnun: Tómas Bolli Hafþórsson

Reykjavík, október 2023 - Ísafoldarprentsmiðja

Efnisyfirlit

Inngangur	7
45. þing Alþýðusambands Íslands	12
Mánudagur 10. október 2022	12
Ávarp forseta ASÍ og þingsetning	12
Skýrsla forseta	47
Þriðjudagur 11. október	54
Miðvikudagur 12. október	71
Framhald 45. þings ASÍ	89
Fimmtudagur 27. apríl	89
Föstudagur 28. apríl	93
Lokaræða Finnbjörns A. Hermannssonar, forseta ASÍ	118
Fundargerð formannafundar ASÍ – febrúar 2023	121
Ályktun fundarins	136
Af vettvangi miðstjórnar ASÍ	138
Forseti kjörinn og miðstjórn	140
Ályktanir miðstjórnar ASÍ	147
Efnahagsmál	156
6,4% hagvöxtur á árinu 2022	157
Fjöldi ferðamanna nálægt methæðum	157
Verðbólga og vaxtahækkunar	157
Aukin neysla en minnkandi kaupmáttur	160
Launahlutfall í hagkerfinu lækkaði árið 2022	161
Opinber fjármál	163
Kjaramál	165
Starfsgreinasambandið undirritar skammtímasamning	165
Samningar samflots verslunar-, iðn- og tæknifólks	166
Yfirlýsing stjórnvalda til stuðnings kjarasamningnum	167
Miðlunartillögur – réttaráhrif og heimildir	168
Heimildir SA til boðunar verkbanns	169
Sameiginleg mál	170
Atvinnumál	171
Mikilvægi erlends vinnuaflds	174
Húsnæðismál	178
Húsnæðisstuðningur	180
Blær íbúðafélag	180

Búseta í atvinnuhúsnæði	181
Lífeyrismál	182
Samráðshópur ASÍ og SA um lífeyrismál	185
Fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða og upplýsingagjöf til sjóðfélaga	186
Áform fjármálaráðherra um slit og uppgjör ÍL-sjóðs	186
Starfshópur um grænbók skipaður	187
Umhverfismál	189
Umhverfis- og neytendanefnd	189
Stefna um réttlát umskipti og framtíð vinnumarkaðar samþykkt á þingi ASÍ	189
Losun gróðurhúsalofttegunda heldur áfram að aukast	192
Loftslagsaðgerðir stjórnvalda og réttlát umskipti	192
Réttlát umskipti á loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna	194
Norrænt samstarf um réttlát umskipti	195
Sjálfbærni ráð og Grænbók um sjálfbærni	195
Uppgjör Loftslagsráðs í lok skipunartíma þess	196
Verðlagseftirlit ASÍ	197
Vörucarfa ASÍ	198
Áhrif verðbólgu á útgjöld heimilanna	198
Verðbólga	200
Hagnaðar- eða launadrifin verðbólga?	202
Greining Samkeppniseftirlitsins á áhrifum ytri aðstæðna á verðhækkanir	203
Skipun starfshóps um skipulag samkeppnis- og neytendamála	205
Skýrsla Ríkisendurskoðunar um starfsemi Samkeppniseftirlitsins	205
Skipun stýrihóps um gjaldtöku og arðsemi bankanna	206
Félags- og vinnumarkaðsmál	207
Stjórn Vinnuálastofnunar	207
Nefnd um heildarendurskoðun laga um atvinnuleysistryggingar	207
Samspil dvalar- og atvinnuleyfis borgara utan EES	208
Starfsemi flugfélagsins PLAY og Íslenska flugstéttarfélagið	210
Ábyrgðasjóður launa	210
Persónuvernd og ASÍ	211
Vinnuhópur um fullgildingu samþykktar ILO um aðgerðir gegn ofbeldi og áreitni á vinnustöðum, nr. 190	211
Stuðningur við þolendur ofbeldis og áreitni, #MeToo	212

Jafnréttismál	212
Vinnustaðaeftirlit ASÍ og stéttarfélaganna	217
Fræðslu – og menntamál	221
MFA – Fræðsluvið 2022-2023	221
Fræðsluerindi	222
Fræðslumyndbönd	222
Norrrænt samstarf	222
Kynningar í framhaldsskólum	223
Fræðsla í samvinnu við velferðarsvið Reykjavíkurborgar og VMST	223
Sjálfsmynd þjóðar	224
Verkalýðsskólinn	224
Orðakista – smáforrit	224
Heimsókn erlendra starfsnema	225
Fræðsluráð ríkissáttasemjara	225
Vinna við endurskoðun símenntunarkerfisins – framhalds- fræðslunnar	225
Starfshópur um aukin náms- og starfstækifæri fyrir fatlað fólk	226
Landrýniskýrsla stjórnvalda um heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna	226
Vísinda- og tækniráð	226
Mínningarsjóður Eðvarðs Sigurðssonar	226
Félagsmálaskóli alþýðu	227
Námskeið	227
Samstarf við Fræðslusetrið Starfsmennt	228
Handbók trúnaðarmannsins	228
Mímir	229
Fræðslumiðstöð atvinnulífsins	229
Lagabreytingar og skipulagsmál	243
Laganefnd	243
Efling segir sig úr SGS og tekur stöðu í beinni aðild	243
Skipulags- og starfsháttanefnd	245
Erlend samskipti	247
Ráðgjafarnefnd EFTA	247
NETLEX	248
ITUC (Alþjóðasamband verkalýðsfélaga)	250
Alþjóðavinnuáráð – ILO	251

111. þing ILO 2023	251
Stjórnarnefnd ILO (GB) og Félagafrelsisnefnd ILO (CFA)	251
Ráðstefna ILO – Græna og sjálfbæra endurreisn fluggeirans eftir Covid	252
Þríhliðanefnd ILO á Íslandi	252
TUAC	252
15. þing Evrópusamtaka verkalýðsfélaga (ETUC)	253
Norrænt samstarf	255
ASÍ-UNG	194
Áttunda þing ASÍ-UNG	256
Ávarp forseta ASÍ	257
Skýrsla stjórnar	258
Kosning stjórnar	259
Kosning aðalfulltrúa	262
Kosning varafulltrúa	262
Skýrsla stjórnar ASÍ-UNG	264
Listasafn ASÍ	266
Sýningar á vinnustöðum	270
Starfsemi og skipulag á skrifstofu ASÍ	273
Starfsfólk á skrifstofu ASÍ 1. september 2023	273
Bjarg íbúðafélag	275
Varða – rannsóknastofnun vinnumarkaðarins	276
Tólf styrkir frá stofnun	277
VIRK - Starfsendurhæfingarsjóður	278
Árangur VIRK	278
Umsagnir um þingmál	283
Fundir og fundarsókn miðstjórnarmanna	316
Starfsnefndir miðstjórnar ASÍ	318
Fjöldi félagsmanna ASÍ eftir landssamtökum/félögum- deildum	324
Kynjabókhald	330
Stjórnir aðildarfélaga og landsambanda Alþýðusambands Íslands	342
Reikningar ASÍ og stofnana	359



Inngangur

Undirritaður tók við starfi forseta Alþýðusambandsins við heldur óvanalegar aðstæður. Tveir síðustu kjörnu forsetar hafa hætt í miklum ágreiningi við forustu stærstu aðildarfélag sambandsins. Því hafa innbyrðis deilur verið of áberandi í fjölmiðlum og það hafa andstæðingar frjálsrar og skipulagðrar verkalýðshreyfingar nýtt sér. Frumvörp hafa komið fram á Alþingi sem beinlínis miða að því að veikja hreyfinguna, atvinnurekendur vinna margir hverjir skipulega að því að koma starfsfólki út úr verkalýðsfélögum eða setja það í félög sem hafa ekki lögsögu eða kjarasamning á viðkomandi vinnusvæði. Stjórnvöld hafa eins lítið samráð við ASÍ og þau komast upp með.

Þessari óheillaþróun er hægt að snúa við en það verður aðeins gert með samstöðu. Þá þurfa allir að vera tilbúnir til að líta í eigin barm og velta fyrir sér hvað viðkomandi getur gert betur. Sé þessi vilji ekki fyrir hendi, verði mikilvægi samstöðu beinlínis hafnað, veit það ekki á gott fyrir íslenskt launafólk. Þá er hætt við að styrkur verkalýðshreyfingarinnar dvíni hratt og sú sérstaða sem hún nýtur innan Norðurlanda hverfi. Minnumst þess hvernig fjármálaöflunum hefur tekist að veikja hreyfingar launafólks í nágrannaríkjunum, nú síðast í Finnlandi þar sem stjórnvöld hafa sagt hinu norræna vinnumarkaðslíkani stríð á hendur. Gleymum því ekki heldur að verkalýðshreyfingin hefur verið

öflugasta afl framfara í landinu og að réttindi launafólks hafa einungis náðst fram í krafti samstöðu og baráttuvilja.

Því verður ekki trúað að innan hreyfingar okkar sé fyrir hendi vilji til að veikja hana. Hitt er ljóst að úlfúð, tortryggni og ágreiningur eru ekki fallin til að styrkja Alþýðusambandið á krefjandi og um margt viðsjárverðum tímum. Við getum velt fyrir okkur skipulagi hreyfingarinnar, áherslum í hagsmunagæslu og skilvirkni við að koma stefnu okkar og skoðunum á framfæri. Við getum verið þeirrar skoðunar að hreyfingin öll þurfi á naflaskoðun að halda en við skulum um leið minnst þess hvert verkefnið er, hverjar skyldur okkar eru við launafólk í landinu og hverjir raunverulegir andstæðingar okkar eru.

Skelfileg staða húsnæðismála

Víst er að verkefni mun ekki skorta á næstunni. Í komandi kjarasamningum þarf að leggja þunga áherslu á húsnæðismálin. Staðan í þeim málaflokki er skelfileg. Húsnæði skortir og sveitarfélög tregast við þegar þau eru krafín um fleiri lóðir. Nú er enda svo komið að lóðir eru orðnar tekjulind fyrir sveitarfélögin og því er fyrir hendi viss hvati til að takmarka framboð til að halda uppi verði. Mikilvægar kannanir Vörðu – rannsóknastofnunnar vinnumarkaðarins leiða í ljós að á síðustu tveimur árum hefur hlutfall heimila sem glíma við erfiða afkomu tvöfaldast og þar veldur hækkandi húsnæðiskostnaður mestu. Hvergi í Evrópu hefur húsnæðisverð hækkað sem hér frá árinu 2021. Þessu til viðbótar er hvergi dýrara en hér að eiga og reka húsnæði.

Svipaða sögu er að segja af íslenskum húsaleigumarkaði. Nú svo komið að gróðafíkn stórra leigufélaga er sem inngróin í þann markað. Dag hvern berast stéttarfélögum upplýsingar um hrikalega meðferð á fólki á leigumarkaði. Græðgin þekkir engin siðleg viðmið og færir sér bága stöðu fólks í nyt án þess að depla auga.

Stjórnámálamenn kynna sömu eða svipaðar áætlanir um uppbyggingu húsnæðis ár eftir ár en ekkert gerist. Erfitt mun reynast að sannfæra landsmenn um að nú standi til að standa við stóru orðin. Í þessum málaflokki er slóð svika enda alþekkt. Á sínum tíma var verkamannabústaðakerfið gefið völdum aðilum þrátt fyrir loford stjórnvalda um að það yrði varið. Áform stjórnvalda um slit og uppgjör ÍL-sjóðs án þess að til komi fullar efndir skuldabréfa eru ekki fallin til að skapa traust til núverandi ráðamanna.

Við blasir að stjórnvöld ráða ekki við húsnæðisvandann og að hann verður ekki leystur án aðkomu verkalyðshreyfingarinnar. Um leið og við beitum afli okkar til að knýja fram réttarbætur leigjendum til handa þurfum við jafnframt að þrýsta á um að fjármagn til almenna íbúðakerfisins verði stóraukið. Það er nefnilega ekki nóg að hleypa lífi í byggingastarfsemi í landi. Síðustu ár hefur húsnæðisverð hækkað langt umfram byggingarkostnað. Hér vantar

íbúðir á viðráðanlegu verði. Við núverandi aðstæður er með öllu ómögulegt fyrir láglounafólk að eignast húsnæði. Í raun er þessu fólki aðeins boðið upp á skuldafjötra og þrotlaust strit. Ástandið er stjórnvöldum í landinu til skammar og með öllu óviðunandi.

Verkalýðshreyfingin hefur haft frumkvæði í þessum málaflokki. ASÍ og BSRB stofnuðu Bjarg – íbúðafélag sem þegar hefur haft jákvæð áhrif á leigumarkaði enda er það óhagnaðardrifið. Ástæða er til að binda vonir við verkefni undir regnhlíf Blævar – leigufélags og í ágústmánuði var tekin fyrsta skóflustunga að nýjum fjölbýlishúsum fyrir félagsfólk VR í Úlfarsárdal undir merkjum þess. Möguleg aðkoma lífeyrissjóða að slíkum verkefnum með beinum fjárfestingum í íbúðarhúsnæði er nú talsvert til umræðu og er það fagnaðarefni. Hitt er ljóst að gríðarmikill húsnæðisvandinn verður aðeins leystur til lengri tíma með aukinni aðkomu stjórnvalda í formi stofnframlaga og beinum húsnæðisstuðningi við láglounafólk og leigjendur.

Varðstaða um vinnumarkaðslíkan

Húsnæðisvandinn hefur ekki síst birt í lélegum aðbúnaði fyrir flóttafólk sem leitar verndar hér á landi og í miklum innflutningi vinnuafis sem í einu og öllu fer fram á forsendum atvinnurekenda. Kannanir leiða í ljós að innflytjendur verða oftar en íslenskt verkafólk fyrir vinnumarkaðsbrotum á borð við hreinan launapjöfnad. ASÍ og stéttarfélögin halda úti öflugu vinnustaðaefirliti og er svo sannarlega ekki vanþörf á slíkri varðstöðu og upplýsingamiðlun.

Við hljótum að ætla að forysta íslenskra atvinnurekenda líði ekki ósiðlega framgöngu á vinnumarkaði fremur en hún telji ásætlanlegt að stjórnendur stórfyrirtækja stundi verðsamráð og önnur myrkraverk gagnvart fólkinu í landinu.

Við þurfum að sameinast um það markmið að verja íslenska vinnumarkaðslíkanið og vera á varðbergi gagnvart tilraunum til að veikja vinnumarkaðslöggjöfina. Nú hefur vinnumarkaðsráðherra boðað löggjöf sem ætlað er „að skýra valdheimildir ríkissáttasemjara“ í vinnudeilum. Atvinnurekendur telja málið brýnt og þeir líta greinilega svo á að þarna sé að finna sóknarfæri gagnvart verkalýðshreyfingunni.

Hreyfingin ætti á hinn bóginn að huga að því hvernig styrkja má rétt launafólks með lagabreytingum. Áhugavert verður að fylgjast með þróun mála í Noregi en þar hefur vinnumarkaðslöggjöf verið breytt til að gera stjórnvöldum kleift að banna eða takmarka mjög ráðningar í gegnum starfsmannaleigur. Íslenska verkalýðshreyfingin hefur löngum haldið fram svipuðum rökum og ríkisstjórn Noregs gerir máli þessu til stuðnings enda ljóst að það þríhliða ráðningarsamband sem skapast við leigu starfsmanna samræmist illa reglum vinnuréttar þar eð það klýfur hina hefðbundnu ábyrgð atvinnurekenda og stéttarféлага.

Verðbólga og svigrúm til launahækkana

Auk neyðarástands á húsnæðismarkaði verður mikil verðbólga eitt helsta úrlausnarefni komandi kjarasamninga. Verðtryggingin, þessi íslenska aðferð til að ryksuga upp fjármagn almennings og koma því í hendur fjármagnsaflanna, leikur landsmenn nú grátt. Vextir hafa náð því stigi að húsnæðismarkaður er við frostmark. Verktakar sem hagnast hafa vel á undanliðnum árum þar sem húsnæðisverð hefur hækkað langt umfram byggingarkostnað halda að sér höndum í slíku vaxtaumhverfi.

Líkt og alkunna er verður verðbólgan ekki brotin á bak aftur nema fyrir hendi sé almennur vilji til þess í samfélaginu. Því er ekki að neita að verkalyðshreyfingin telur heldur þreytandi þann málf lutning að heimtufrekja launafólks sé helsta orsök verðbólgunnar. Við höfum sýnt fram á það með rökum að slíkar staðhæfingar standast ekki. Launafólk er tilbúið til að ganga fram af þeirri ábyrgð sem nauðsynleg er til að vinna bug á þessum vágesti. Við gerum vitanlega sömu kröfu til atvinnurekenda og ríkisvaldsins.

Í Evrópu beinist athygli hagfræðinga nú gjarnan að svonefndri „hagnaðardrifinni verðbólgu“ sem lýsir sér í hækkandi afkomu fyrirtækja umfram verðlagsþróun. Á vettvangi Seðlabanka Evrópu er nú talað um víxlverkun hagnaðar og verðlags í stað þess sambands launa og verðlags sem hefð er fyrir. Bankinn lítur svo á að hagnaður fyrirtækja sé undirliggjandi verðbólguvaki. Um leið valdi aukinn hagnaður vegna verðhækkana því að launafólk þrýsti á um að fá bætta kaupmáttarskerðingu í formi hærri launa. Þarna getur myndast eins konar vítahringur.

Hér á landi hefur rekstrarafgangur fyrirtækja í sjávarútvegi, orkusölu, málmframleiðslu og mannvirkjagerð einkum aukist. Hvað smásöluverslun varðar liggur fyrir verðhækkanir voru umfram verðbólgu árið 2022. Allt þarf þetta að koma til skoðunar við gerð næstu kjarasamninga. Jafnframt er mikilvægt að hugað verði að hefðbundnum mælingum á svigrúmi til launahækkana á almennum vinnumarkaði. Sterk rök hafa verið færð fram fyrir því að þetta „einfalda viðmið“ eins og Ásgeir Daníelsson hagfræðingur kallar það dugi engan veginn til að mæla þau verðmæti sem til verða í samfélaginu þar sem það horfi framhjá stórum áhrifaþáttum á borð við innflutningsverð og raun- gengi krónu.

Miklar verðhækkanir í smásöluverslun minna á mikilvægi raunverulegrar samkeppni, hér á landi sem erlendis. Nýlegt samráðsmál Samskipa og Eimskips sýnir hversu berskjaldalámaningur er gagnvart nokkrum hópum sem geti vaðið yfir samfélagið með síðleysi og græðgi. Um leið ætti þetta skelfilega mál að vera atvinnurekendum áminning um að þeir þurfa einnig að halda vöku sinni gagnvart aðilum sem spilla orðspori viðskiptalífsins í landinu.

Ríkisvaldið standi við skuldbindingar sínar

Vanfjármögnun í félagsþjónustu og heilbrigðiskerfi er annar vandi sem knýja þarf stjórnámamenn til að bregðast við. Ekki er þörf á að lýsa hér þeim alþekktu erfiðleikum sem heilbrigðiskerfið glímir við. Launafólk hlýtur á hinn bóginn að krefjast þess að ríkisvaldið standi við skuldbindingar sínar gagnvart almenningi og láti af því að vísa ábyrgð á framfærslu viðkvæmustu hópanna til lífeyrissjóða. Sparnaður launafólks myndar fjármagn þessara sjóða og því hefur aldrei verið ætlað að renna til almennatrygginga í landinu.

Það er raunar svo að lífeyrissjóðakerfið allt þarfnast endurskoðunar að mínu mati. Stöðva þarf þá öfugþróun sem ég lýsti hér að framan. Um leið þarf launafólk sem stendur að baki lífeyriskerfinu að huga að ýmsum grundvallarþáttum þess og á það m.a. við um fjárfestingar lífeyrissjóða í stórfyrirtækjum og aðkomu að stjórnun þeirra.

Ávinningur samstarfs og félagsþroska

Eftir hörð átök á 45. þingi ASÍ í október 2022 tókst að ljúka því í ágætri sátt nú í vor. Í svo stórrí hreyfingu er eðlilegt að stundum kastist í kekki og hvessi í samskiptum þeirra sem valist hafa til forustustarfa fyrir launafólkið í landinu. Mikilvægt er hins vegar að sérhver forustumaður innan ASÍ horfi á þá hagsmunavörslu sem viðkomandi er ábyrgur fyrir í stóru samhengi þess sem þroskað samstarf færir í senn hverju félagi, sambandi og heildinni. Sá ávinningur sem sameinuð verkalýðshreyfing nær að knýja fram í formi kjarasamninga og lagasetningar oft með umtalsverðum tilkostnaði er í engu frábrugðinn þeim kjara- og réttindabótum sem einstaklingurinn fær með aðild að sínu verkalýðsfélagi. Rétt eins og hann getur ekki kosið að standa utan félags en um leið krafist þess ávinnings sem aðildin færir honum er það samtryggingin og hin samfélagslega ábyrgð sem leiðir fram þann styrk hreyfingarinnar sem einstök félög og sambönd njóta góðs af.

Skýrsla forseta er mikið rit sem skjalfestir þá fjölbreyttu og kröftugu starfsemi sem fram fer á vettvangi Alþýðusambandsins í þágu launafólks. Órofa samstaða verkalýðshreyfingarinnar er nú sem áður mikilvægasta afl framfara og samfélagsuppbyggingar í landinu.

September 2023

Finnbjörn A. Hermannsson, forseti ASÍ



45. þing Alþýðusambands Íslands

Mánudagur 10. október 2022

Klukkan er rúmlega tíu að morgni þegar Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, býður fulltrúa velkomna til 45. þings Alþýðusambands Íslands sem haldið er á Hótel Nordica í Reykjavík. Ragnar Þór þakkar tónlistarfólki glæsilegan flutning. Þingfulltrúar taka undir með kröftugu lófaklappi.

Ragnar Þór býður Kristján Þórð Snæbjarnarson, forseta Alþýðusambands Íslands, velkominn í pontu.

Ávarp forseta ASÍ og þingsetning

„Ágætu þingfulltrúar, ráðherra og gestir,

Ég vil byrja á því að bjóða ykkur öll velcomin til þessa 45. þings ASÍ.

Síðustu tvö ár hafa verið róstersöm í starfi okkar innan ASÍ. Breytingar hafa orðið á forystu sambandsins sem bar brátt að. Það að fá að leiða samtök eins og Alþýðusamband Íslands er einn mesti heiður sem nokkrum verkalyðsleiðtoga getur hlotnast. Við erum með 106 ára gömul samtök í höndunum. Við erum að leiða saman mjög ólíka hópa félagsfólks, ólík verkalyðsfélög og sem betur fer mjög ólíka formenn félaganna. Öll höfum við ákveðna sérstöðu en við eigum það sammerkt að við tölum röddu okkar baklands. Við erum hér

til þess að verja hagsmuni okkar félagsfólks, sama hvort sem okkur líkar við áherslur hvers annars eða ekki. Um leið og við hættum að hugsa um hagsmuni okkar fólks þá erum við komin út á ranga braut.

Ekki hefði mig órað fyrir því þegar ég var yngri að ég myndi upplifa heimsfaraldur. Að lífi okkar yrði umturnað á þann hátt sem raunin var. Samkomutakmarkanir, grímuskylda og lokun landamæra höfðu mikil áhrif á líf okkar og störf. Með samstöðunni tókst okkur hins vegar að tryggja störf fyrir fólkið okkar, okkur tókst að tryggja að laun hækkðu eins og kjarasamningar kváðu á um. Í upphafi faraldursins kröfðust atvinnurekendur þess að laun skyldi lækka, að réttindi okkar yrðu minnkuð til þess að mæta óljósri stöðu fyrirtækjanna. Sem betur fer gáfum við ekki eftir launahækkanir eða réttindi. Staðum við ekki vörð um hagsmuni okkar félagsfólks væru réttindi þeirra minni í dag.

Með því að standa vörð um hagsmuni fólksins þá tókst að bæta hag launafólks í gegnum heimsfaraldurinn. Okkur tókst að tryggja stuðning við heimilin. Á sama tíma var hér stöðugt verðlag og lágir vextir. Staða fyrirtækjanna varð betri en ella þar sem neysla hér á landi varð meiri en annars hefði verið. Viðsyrnan varð mun sterkari en hún hefði verið ef við hefðum sætt okkur við að gefa frá okkur réttindi eða launahækkanir.

Kæru félagar,

Það er ekki eitt, það er allt. Það eru blikur á lofti í heimsmálunum. Stríðsátök í kjölfar heimsfaraldurs þar sem stórt einræðisríki, Rússland, ræðst inn í nágrennaland sitt til þess að ræna landsvæði. Þar sem almennir borgarar eru drepnir. Börn, konur og karlar eru pyntuð og myrt. Þessi átök hafa mikil áhrif víðsvegar um heiminn. Það er ekki eingöngu að við þurfum að standa saman gegn slíkum árásum heldur þurfum við líka að hlúa að fólkinu sem þarf að flýja þetta ömurlega ástand.

Átökin eru ekki eingöngu staðbundin í Úkraínu. Átökin hafa áhrif mjög nærri okkur og ekki er alltaf augljóst á þessum tímamarki hversu víðtæk þau eru og verða í raun og veru. Nú er ráðist á innviði samfélaga í kringum okkur. Gasleiðslurnar Nord Stream, á botni Eystrasalts, hafa verið skemmdar og streymdi gas út í andrúmsloftið. Skortur á gasi í Evrópu hefur gert þjóðum erfitt fyrir að kynda hús sín og allt útlit fyrir að komandi vetur verði mörgum þjóðum enn erfiðari sökum þessa. Það er því ljóst að orkukreppa í Evrópu hefur víðtæk áhrif á fólk sem og efnahag þjóðanna. Gleysnum því ekki að Rússar eru að beita þessum aðgerðum til þess að hafa áhrif á samstöðu fólksins. Það hefur sjaldan verið jafn mikilvægt að við snúum bökum saman og að við gefum ekki eftir.

Við sjáum að fjölmargar ríkisstjórnir landa Evrópu eru að grípa til aðgerða til stuðnings við fólkið. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins er að vinna

að sérstakri aðgerð til að styðja heimilin vegna orkukreppunnar. Þar er talað um 140 milljarða evra eða um 19.000 milljarða íslenskra króna. Dönsk stjórnvöld sendu tekjulágum heimilum landsins ígildi rúmra 100.000 íslenskra króna til þess að koma til móts við aukin útgjöld. Þjóðverjar greiða öllum sem eru í föstu starfi 300 evrur en greiða tvöfalda upphæð til námsfólks sem og þeirra sem fá greiðslur úr velferðarkerfinu.

Hér á landi hefur ríkt aðgerðarleysi í þessum málum. Það litla sem hefur verið gert er að ellilífeyrir hjá Tryggingastofnun hefur verið hækkaður um 3% eða um rúmar 8.000 kr fyrir skatt. Framlag til húsnæðisbóta hækkaði um 10% til að mæta auknum fjölda. Sérstakur barnabótaauki fyrir hvert barn að upphæð 20.000 kr var greiddur út í júní þar sem það á við. Þessar aðgerðir gera lítið sem ekkert til að styðja við heimilin.

Enn stærri aðgerðir eru á teikniborðinu en reyndar á hinn veginn - til að auka útgjöld heimilanna. Í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar á að auka álögur á heimilin. Skattlagning eykst á eldsneyti sem mun hækka verð á bensíni. Ýmis gjöld eru hækkuð sem nemur þeirri verðbólgu sem við höfum verið að glíma við. Það er augljóst að þessar hækkanir munu ýta undir aukna verðbólgu.

Vextir hafa hækkað gríðarlega á undanförunum mánuðum og skilaboð send til okkar að það ferli haldi áfram ef við höfum okkur ekki vel. Stýrivaxtahækkanir eiga ekki að valda því að fólk endi á götunni. Ábyrgð stjórnvalda er mikil hér. Staða heimilanna er orðin verulega erfið. Vandamál á húsnæðismarkaði eru mikil og hafa verið viðvarandi um langt skeið.

Okkar verkefni er og verður að vinna að því að bæta stöðu launafólks til að mæta auknum byrðum.

Ágætu þingfulltrúar,

Við höfum barist fyrir bættri stöðu á íslenskum vinnumarkaði. Því miður höfum við í gegnum áratugina þurft að verða vitni að fjölda brota á vinnumarkaði. Við höfum barist gegn félagslegum undirboðum, þar sem brotið er á launafólki, því greidd of lág laun eða það fær ekki notið réttinda kjarasamninga. Við höfum alltof mörg dæmi þar sem fyrirtæki brjóta vísvitandi á launafólki, stunda hreinan og beinan launaþjófnað þar sem eina markmiðið er að þræla starfsfólki út og greiða sem minnst fyrir vinnuna. Í flestum tilvikum sjáum við að launakjör eru langt frá þeim raunveruleika sem við búum við. Í flestum tilvikum er vinnutíminn mjög langur og unnið flesta daga vikunnar.

Við verðum sem samfélag að stöðva þessa skúrka. Við verðum að breyta ákvæðum laga til þess að standa vörð um launafólk en ekki fyrirtækin. Í mínum huga er það fullreynt að treysta því að fulltrúar allra fyrirtækja hegði sér eins og þeim ber lögum samkvæmt að gera. Sem betur fer er langstærstur



hluti fyrirtækja að gera rétt. En getum við sætt okkur við það að fyrirtækin sem gera rétt séu að keppa við fyrirtæki sem svindla á launafólki, stunda launafjófnað?

Nei kærufélagar, það verður að grípa til breytinga á lögum þannig að brotapolí fái bætur. Það að fyrirtæki sem brýtur af sér komist upp með það að leiðrétta launakjör viðkomandi og greiði þau eins og átti að gera upphaflega án nokkurra sekta eða skaðabóta er algjörlega óásættanlegt. Að geta brotið af sér án nokkurra refsinga er ekki til þess fallið að fæla frá. Ég vil hér með skora á okkar ágæta félags- og vinnumarkaðsráðherra, Guðmund Inga, að leggja okkur lið til þess að ná fram breytingum á lögum þar sem beita megi sektum, févítí, þegar brotið er vísvitandi á launafólki. Slík févítí eiga að renna til launafólks sem beitt er slíkum órétti.

Framundan eru gríðarlegar áskoranir fyrir íslenskt samfélag. Ég tel okkur vera á ákveðnum tímamótum í verkalýðsbaráttunni. Á sama tíma og við þurfum að bera virðingu fyrir baráttu fortíðar þá þurfum við horfa fram á við og bæta stöðu launafólks.

Enduruppygging almenna íbúðakerfisins. Stofnun Bjargs íbúðafélags sem og Blæs leigufélags voru afar mikilvæg og stór skref sem skila áþreifanlega bættri stöðu launafólks. Félagar okkar hjá VR hafa síðan staðið að undirbúningi að framkvæmdum hjá Blæ fyrir félagsfólk. VR hefur tekið mikilvæga forystu í að ýta þessu úr vör og mun það skipta sköpum á komandi árum.

Á síðasta áratug hefur okkur tekist að hækka lágmarkslaun um 175 þúsund

kr! Í prósentum eru þetta 92%. Okkur hefur tekist að nánast tvöfalda lágmarks-laun á árunum 2013-2022. Á sama tíma hefur samfélaginu jafnframt auðnast að halda verðlagi stöðugu. Við skulum ekki gleyma því að það tók okkur langan tíma að endurheimta þann kaupmátt sem tapaðist við Hrunið. Það var ekki fyrr en árið 2015 að við náðum sama kaupmætti og við vorum búin að sækja árið 2008. En allt frá árinu 2015 hefur kaupmáttur aukist þó nokkuð. Á árunum 2015 til 2019 jókst kaupmáttur um tæp 22%. En frá árinu 2019 til maí á þessu ári jókst kaupmátturinn heilt yfir um rúm 9%. Síðustu mánuðir hafa hins vegar verið neikvæðir í þessari þróun, nú er það verðbólgan sem étur upp launahækkanir okkar fólks. Það verður verkefni okkar á komandi mánuðum að viðhalda þeim kaupmætti sem við höfum náð.

Um mánaðamótin renna flestir kjarasamninga okkar aðildarfélaga úr gildi. Nú er þörf að verja stöðuna enda hefur verðlag hækkað verulega að undanfögnu og þar með útgjöld heimilanna.

Þegar kemur að gerð kjarasamninga erum við oftast en ekki úthrópuð sem óábyrg og á stundum rugluð, að við skiljum ekki hagfræði. Það er með ólíkindum að hlusta á sumt stjórnmálafólk, fulltrúa sumra samtaka atvinnurekenda, þegar það talar niður til launafólks. Það hjálpar auðvitað ekki þegar fulltrúar atvinnurekenda fara ekki með rétt mál og leitast við að grafa markvisst undan verkalyðshreyfingunni.

Eitt dæmi er umræðan um að verkfallsátök hér á landi séu algengari en í þeim löndum sem við viljum bera okkur saman við. Ég ætla að fullyrða það hér að verkfallsátök á almennum vinnumarkaði eru síður en svo algengari hér á landi en víða í kringum okkur. Lög um stéttarfélög og vinnudeilur hér eru hins vegar þannig uppbyggð að við höfum verið vængstýfð og þurfum að fylgja einum þrengstu reglum til verkfallsaðgerða á Norðurlöndunum. Löggin gefa atvinnurekendum forskot í kjaraviðræðum, styrkja þeirra stöðu í neitunarvaldi og þrýsta viðræðum í neikvæðari gír. Þessu þarf að breyta!

Við þurfum að beita markvissari hagsmunagæslu og hafa bein áhrif á laga-setningu hér á landi. Þríhliða samstarf við gerð kjarasamninga hefur reynt nauðsynlegt á síðustu árum því ytri aðstæður, stjórn efnahagsmála, skattkerfið og tilfærslukerfi stjórnvalda skiptir okkar fólk miklu máli. Við viljum búa við Norrænt velferðarkerfi, þar sem við greiðum okkar skatta til samfélagsins og þar sem við styðjum við fólkið í landinu. Við viljum tryggja jöfnuð og jafnrétti, aðgengi fólks að menntun og fólk fái greidd mannsæmandi laun. Við eigum að hafa sterkar skoðanir á því með hvaða hætti skattarnir okkar eru notaðir. Það er ljóst að forgangsroðun þarf að breytast á komandi árum.

Að lokum kæru félagar,

Ég vil hrósa íslenskri verkalyðshreyfingu fyrir þann stuðning sem veittur hefur verið vegna komu flóttafólks til landsins á undanfögnu mánuðum.

Hreyfingin steig inn í aðstæður og hefur veitt margskonar stuðning, í formi húsnæðis, fjármagns og að sjálfsögðu þá daglegu aðstoð og ráðgjöf til nærumhverfisins. Það er ekki sjálfgefið að verkalýðsfélög stígi inn af jafn miklum krafti og raun ber vitni en við höfum sýnt það í verki að þegar á reynir þá stöndum við saman.

Ég vona að við eigum eftir að eiga gott þing hér þessa þrjá daga þar sem ykkar hlutverk verður að móta stefnu ASÍ til næstu ára.

Ég segi hér með 45. þing Alþýðusambands Íslands sett.

Takk fyrir mig.“

Ávarp félags- og vinnumarkaðsráðherra

Ragnar Þór býður velkominn í pontu Guðmund Inga Guðbrandsson, félags- og vinnumarkaðsráðherra.

„Kæru þingfulltrúar, gestir og starfsfólk þingsins

Það er mér sönn ánægja að fá hér tækifæri til að ávarpa ykkur við upphaf þessa 45. þings Alþýðusambands Íslands.

Þegar titið er yfir dagskrá þingsins þá er ljóst að flest af því sem þið takið til umræðu hér næstu daga snertir þá málaflokka sem tengjast félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu með einum eða öðrum hætti. Verkalýðshreyfingin, og þar með talið ASÍ, er mikilvægur samstarfsaðili ráðuneytisins og stjórnvalda og veitir og á að veita mikilvægt aðhald við stjórnvöld.

Tvö ár eru fljót að líða, en það er sá tími sem forysta ASÍ er kosin til hverju sinni. Fjögur ár, hámarks lengd kjörtímabils á Alþingi er líka stuttur tími, og oft er hann styttri en það í ráðherraembætti. Það eru því forréttindi að fá tækifæri eins og þau sem ég hef fengið með setu í ríkisstjórn og ég vil reyna að nýta það tækifæri sem allra best.

Tækifærið sem ég hef núna hyggst ég nýta til að styrkja velferðarkerfið á Íslandi. Ég ætla að nefna þrennt hér í því samhengi:

Að umbylta örorkulífeyriskerfinu þannig að möguleikar fólks með mikla starfsgetu til atvinnuvinnuþátttöku verði raunverulega auknir, og kjör hinna lakast settu bætt,

Að opna vinnumarkaðinn fyrir meiri fjölbreytileika þar sem fatlað fólk, innflytjendur og fólk sem hefur einfaldlega misst fótanna með einum eða öðrum hætti fær raunveruleg tækifæri til að stunda atvinnu við hæfi.

Að hefja löngu nauðsynlega vegferð í bættari þjónustu við eldra fólk þar sem samþætting heilbrigðis- og félagshluta málaflokksins er lykilatridi.

Í þessari vinnu allri vil ég hafa að leiðarljósi baráttuna gegn fátækt og einmanaleika í samfélaginu.

Ég er alinn upp hjá félagsamtökum og legg mikla áherslu á samráð í öllum málaflokkum sem tengjast ráðuneyti mínu. Hvað vinnumarkaðinn varðar þá

fer samráðið aðallega fram með tvennum hætti. Annars vegar í gegnum all margar nefndir sem fulltrúar vinnumarkaðarins eiga sæti í og síðan líka í gegn um Þjóðhagsráð, sem stýrt er af forsætisráðherra. Á fundum Þjóðhagsráðs á þessu ári hafa verið tekin fyrir fjölmörg málefni sem tengjast vinnumarkaðnum með einum eða öðrum hætti. Ég ætla að koma inn á sum þeirra stuttlega og byrja á húsnæðismálum.

Það eru fáir málaflokkar sem snerta með beinum hætti jafn mörg okkar og húsnæðismál. Húsnæðismál eru hvoru tveggja velferðarmál og efnahagsmál og þarf opinber stefnumótun og aðgerðir í húsnæðismálum þurfa samhliða að stuðla að félagslegri samheldni og efnahagslegum stöðugleika.

Við gerð lífsskjarasamninga í apríl 2019 samþykkti ríkisstjórnin að styðja við gerð samninganna m.a. með aðgerðum í húsnæðismálum sem að langmestu leyti voru á grundvelli tillagna átakshóps um aukið framboð á íbúðum og aðrar aðgerðir til að bæta stöðuna á húsnæðismarkaði. Í janúar á þessu ári var staðan á húsnæðistillögum kynnt fyrir Þjóðhagsráði en flestar tillögur átakshópsins höfðu þá komið til framkvæmda og sumum lokið, aðrar í vinnslu eða komnar vel á veg.

Nýr starfshópur Þjóðhagsráðs skilaði tillögum í maí síðastliðnum sem leiddi til rammisamnings ríkis og sveitarfélaga um húsnæðisáætlun til tíu ára. Tilgangur rammisamningsins er að auka framboð nýrra íbúða til að mæta fyrirsjáanlegri íbúðarþörf ólíkra hópa samfélagsins og stuðla að auknum stöðugleika og jafnvægi á húsnæðismarkaði á næstu tíu árum. Jafnframt hefur verið settur á starfshópur um húsnæðisstuðning sem ætlað er að koma með tillögur að endurskoðun beins húsnæðisstuðnings til einstaklinga í formi húsnæðisbóta, vaxtabóta, sérstaks húsnæðisstuðnings sveitarfélaga og skattfrjálstrar ráðstöfunar séreignarsparnaðar. Þar að auki er starfshópur að störfum sem ætlað er að endurskoða húsaleigulögin til að bæta réttindi og húsnæðisöryggi leigjenda. Þessi vinna að húsnæðismálum sem nú er í gangi skiptir miklu máli fyrir heimilin í landinu og stöðugleika í efnahagslífinu til lengri tíma lítið.

Ég er ítrekað spurður um það hvað mér finnist og hvað ég vilji í tengslum við kjarasamningsveturinn sem framundan er. Við vitum að hækkan vaxta er mörgum heimilum þung, verðbólgan er há, skortur er á húsnæði á sama tíma og aldrei hafa fleiri leitað hér að alþjóðlegri vernd. Samt er margt hagfeldara hér á landi en í löndunum í kringum okkur. Á það sérstaklega við um orkuverð og atvinnuástandið er hér gott.

Án þess að blanda mér inn í kjaraviðræður á hinum almenna vinnumarkaði þá vil ég deila með ykkur þeirri pólitísku sýn minni að hækka þurfi sérstaklega laun þeirra launalægstu og leiðrétta laun kvennastétta. Nokkur árangur hefur náðst í báðum þessum málum á undanförunum árum, og alveg ljóst að verkalýðshreyfingin náði umtalsverðum árangri í að hækka laun þeirra lægst

launuðu í síðustu kjarasamningum. Á sama hátt hefur bilið milli karla og kvenna minnkað, en betur má ef duga skal. Forsætisráðherra hefur kallað eftir tillögum að aðgerðum frá starfshópi sínum um endurmat á virði kvennastarfa og bind ég vonir við að með þeim getum við stigið stærri skref á næstu árum.

Í umræðunni síðustu vikur hefur verið klifað á því að ríkisstjórnin hafi ekki gert neitt til að mæta verðbólgunni. Ég vil því nota tækifærið og minna á ákvörðun ríkisstjórnarinnar frá því í sumar sem réðst þá strax í mótvægisáðgerðir til að draga úr áhrifum verðbólgu á lífskjör viðkvæmustu hópa samfélagsins. Hér var um að ræða aðgerðir sem tóku gildi 1. júní síðastliðinn, 3% hækkun almannatrygginga, 10% hækkun húsnæðisbóta og sérstakur barnabótaauki að fjárhæð 20 þúsund krónur með hverju barni í tekjutengdar barnabætur. Um er að ræða um 6,5 milljarða varanlegar hækkunar. Þá minni ég líka á þær aðgerðir sem eru í gangi varðandi húsnæðismál sem ég fór í hér að framan.

Ágætu þinggestir. Í sumar skipaði ég samhæfingarnefnd um velferð og virkni á vinnumarkaði. Leiðarljós nefndarinnar er að blása til sóknar á íslenskum vinnumarkaði með áherslu á réttlát umskipti, áherslu á jöfn tækifæri til vinnu og áherslu á velferð fólks á vinnumarkaði. Nefndin fjallar meðal annars um mögulegar leiðir til að fjölga sveigjanlegum störfum og hlutastörfum, til að mynda með samkomulagi ríkis, sveitarfélaga og atvinnulífs. Markmið vinnunnar er að boða ákveðna byltingu á vinnumarkaði með fjölgun hlutastarfa og sveigjanlegra starfa og með því að tryggja hér sveigjanlegri, heilbrigðari og traustari vinnumarkað fyrir öll sem hér búa, fyrir fatlað fólk, fyrir innflytjendur, fyrir fólk sem hefur veikt eða ekki náð að fóta sig í lífinu. Skipun nefndarinnar er hluti af aðgerðum er snúa að því að bæta afkomu og möguleika fólks með mismikla starfsgetu til aukinnar virkni, menntunar og atvinnuþátttöku á forsendum hvers og eins með það að markmiði að bæta lífskjör og lífsgæði fólks. Nefndin á líka að móta heildstæða stefnu um málefni ungs fólks á vinnumarkaði, þar sem áhersla verði á að lækka hlutfall ungmenna og ungs fólks sem eru ekki í vinnu, námi eða starfsþjálfun (hinn svokallaði NEET hópur).

Boðað verður til Vinnumarkaðsþings í upphafi næsta árs þar sem afrakstur vinnunnar verður kynnt. Í nefndinni eiga fulltrúar samtaka launafólks að sjálf-sögðu sæti ásamt fjölda annarra aðila.

Ég hef miklar væntingar til þess að hér verði stigin mikilvæg skref í átt að opnari vinnumarkaði sem rúmar fleiri en nú er.

Einn mikilvægur angí af vinnumarkaðinum er framhaldsfræðslan sem nú er á ábyrgð ráðuneytis míns. Ef við lítum nokkra áratugi aftur í tímann þá sjáum við að margt hefur breyst. Það er ekki svo langt síðan að reglan var sú að fólk menntaði sig eða þjálfaðist á einu sviði og svo vann það bara á því sviði allan sinn starfsaldur - ef þú varðst kennari þá varstu bara kennari allan starfs-

ferilinn, o.s.frv. Og ef fólk varð fyrir slysi, veiktist eða missti vinnuna vegna óviðráðanlegra orsaka þá var ekkert sem greip það formlega og aðstoðaði það við að komast aftur til vinnu.

Í dag er mun algengara að fólk skipti örvar um starf og á jafnvel góð starfs-ár á nokkrum sviðum. Þar fyrir utan þá hefur starfsumhverfið tekið ótrúlega miklum breytingum – ekki síst tæknilega. Og sem betur fer þá eigum við líka – í dag – ýmis úrræði sem ætlað er að styðja fólk til að vera í virkni, í námi og á vinnumarkaði, og aðstoða fólk aftur út á vinnumarkað.

Menntun og aðgangur að menntun er eitt öflugasta tækið til jöfnuðar og fátt mikilvægara en standa vörð um það verkfæri.

Ríkisstjórnin hefur sett sí- og endurmenntunarkerfið á oddinn og vill skapa íslensku menntakerfi svigrúm til þess að mæta samfélagsþróun bæði vegna loftslagsbreytinga og tæknivæðingar á vinnumarkaði. Það gerir hún meðal annars með aðgerðaáætlun um fjórðu iðnbyltinguna. Ég hef á stefnuskrá minni að endurskoða framhaldsfræðsluna til að tryggja betur jöfn tækifæri fólks sem nýtir sér hana til menntunar og starfsþróunar. Þar vil ég ekki síst að framhaldsfræðslan nái betur til fólks, fleiri nýti sér hana og hún nái til fleiri hópa, eins og fatlaðs fólks og innflytjenda.

Verkalýðshreyfingin hefur alla tíð látið sig málefni innflytjenda miklu varða, en málefni innflytjenda hafa orðið sífellt stærri málaflokkur á undanfórnum árum. Mikilvægt er að þingsályktunartillaga um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda fyrir árin 2022-2025 var samþykkt á þingi í júní síðastliðnum. Framkvæmd áætlunarinnar er mikilvæg til að tryggja aðlögun og inngildingu innflytjenda að íslensku samfélagi. Meðal annars er lögð áhersla menntun og vinnumarkað, þ.m.t. að leita lausna á mati á þekkingu þeirra sem hingað flytja svo að samfélagið fari ekki á mis við þann þekkingarauð sem innflytjendur hafa fram að færa. Á sama tíma þarf öfluga íslenskukennslu fyrir fullorðna til að styrkja virka þátttöku fólks í samfélaginu.

Þá er að finna í áætluninni aðgerðir sem hafa það að markmiði að jafna tækifæri á vinnumarkaði, fræða fólk um réttindi sín og skyldur og að draga úr atvinnuleysi á meðal innflytjenda. Þar er og verður stórt verkefni að tryggja að innflytjendur fái greidd sömu laun og njóti sömu kjara og önnur fyrir sömu eða jafnverðmæt störf. Mikilvægt er fyrir þennan hóp að vita hvert hægt sé að leita verði fólk fórnarlömb brotastarfsemi á vinnumarkaði, svo sem launaþjófnaðar. Verkalýðshreyfingin er og verður mikilvægur samstarfsaðili, ég fullyrði sá mikilvægasti, í því verkefni.

Núna í október mun síðan hefjast vinna við heildarstefnumótun í málefnum innflytjenda sem miði að því að fólk sem sest hér að hafi tækifæri til inngildingar og virkrar þátttöku í samfélaginu og á vinnumarkaði, en slík stefna hefur ekki verið til á Íslandi.

Ég nefndi launaþjófnað hér að ofan, en í þingskjali ykkar um kjaramál og vinnumarkað segir: „Tryggja þarf öflugt eftirlit á vinnumarkaði til að sporna við brotum á lögum og kjarasamningum og misbeitingu launafólks. Launaþjónaður sæti refsingum.“

Ég tel heilshugar undir mikilvægi þess að tryggja þurfi öflugt eftirlit á vinnumarkaði. Það er mikilvægt að fundin verði lausn í lagaumhverfinu á þessum málum og óska ég eftir samstarfi við ykkur sem og aðra aðila á vinnumarkaði í því tilliti.

Kæru þingfulltrúar, síðast en ekki síst vil ég þakka fyrir gott samstarf og samráð við ASÍ og þakka fyrir ykkar framlag og áhrif á þá fjölmörgu mála-flokka sem heyra undir ráðuneyti mitt. Sterk verkalýðshreyfing styður við aukna velferð og velsæld í samfélaginu. Ég veit að sú forysta sem hér verður kjörin á þinginu mun vinna að því að styrkja velferðarríkið Ísland, en við eigum Verkalýðshreyfingunni margt að þakka sem við teljum sjálfsögð réttindi í dag. Þau voru það ekki alltaf. Gangi ykkur allt að sólu.“

Ávarp Ólafs Margeirssonar hagfræðings

Ólafur Margeirsson hagfræðingur er í streymi frá Sviss. Hann þakkar fyrir að hafa verið boðið að ávarpa þingið. Ólafur kveðst ætla að segja frá sinni reynslu og miðla þekkingu um fasteignamarkaðinn. Hann býr í Sviss og starfar við greiningar á fasteignamörkuðum í Evrópu, Norður-Ameríku og Asíu. Ólafur býr í leiguhúsnæði í Sviss og hefur gert frá því að hann settist þar að. Hann upplýsir að lífeyriskerfið í Sviss sé það þriðja stærsta í Evrópu á eftir Hollandi og Íslandi. Svissneskir lífeyrissjóðir fjárfesta í fasteignum og leigja út. Reynsla hans og störf hefur hjálpað honum að greina hver yrðu áhrif aukinnar þátttöku lífeyrissjóða í húsnæðiskerfinu á Íslandi og það er einmitt helsta umfjöllunarefni hans á þinginu: aðkoma lífeyrissjóða að leigumarkaði: áhrif á ávöxtun og þjóðarhag

Ólafur segir að á síðust árum hafi íslenskir lífeyrissjóðir neyðst til að auka áhættu sína í fjárfestingum. Eignir þeirra séu um 200% af landframleiðslu og lægra vaxtastig á Íslandi hafi ýtt sjóðum í erlendar eignir, sérstaklega skulda-bréf. Þessu fylgi gjaldmiðlaáhætta.

Ólafur telur að auknar fjárfestingar sjóðanna á Íslandi myndi bæta áhættu þeirra og kveðst þá horfa til þess að sjóðir byggji íbúðarhúsnæði og leigi það út en kaupi ekki fyrirbyggjandi eignir. Hann segir að áhættuleiðrétt ávöxtun sjóðanna á leigumarkaði yrði góð. Sveiflur myndu minnka og heildarraunávöxtun væri á bilinu 3,5% til 10% til langs tíma. Góða ávöxtun rekur Ólafur einkum til þess að með því að byggja myndu lífeyrissjóðir fá magnafslátt og þannig lækka byggingarkostnað á hverri íbúð.

Aukið framboð myndir hægja á hækkunum á leigu- og fasteignaverði.

Fjárfestingargeta sjóðanna myndi halda niðri byggingar- og fjármögnunarkostnaði. Aukin samkeppni meðal leigusala myndi ýta undir fagmennsku á leigumarkaði. Að auki segir Ólafur þetta hagkvæma og augljósa leið til að auðvelda fólki að flytja til Íslands.

Um áhrif þessa á íslenska hagkerfið segir Ólafur að þau yrðu almennt jákvæð. Hann nefnir minni þrýsting á leigu – og fasteignaverð, minni verðbólguþrýsting, minni þrýsting á nafnlaunahækkunir, lægra vaxtastig og minna flókt vegna stöðugra fasteignaverðs, bætta áhættuleiðréttingu hjá lífeyrissjóðum. Síðast en ekki síst nefnir Ólafur að þetta fyrirkomulag myndi auðvelda fólki að velja að vera á leigumarkaði.

Ragnar Þór Ingólfsson, VR

Þakkar Ólafur fyrir áhugavert erindi og býður þingfulltrúum að beina spurningum til fyrirlesarans.

Aðspurður upplýsir Ólafur að leiguverð í Sviss sé öllu lægra en á Íslandi og á þá við hlutfall af útgreiddum launum. Hann segir húsaleigubætur tekju- tengdar í Sviss eins og á Íslandi en kveður fyrirkomulagið þar flóknara þar sem einstakar kantónur ráði leigubótum og því séu þær misháar. Þá sé algengt að kantónur byggji íbúðarhúsnæði og auki þannig framboð. Áherslan sé fremur á það en niðurgreiðslur í formi húsnæðisbóta.

Spurður hvort reynt hafi verið hér á landi að fá lífeyrissjóði til að fjárfesta í leiguhúsnæði og hvers vegna það hafi þá ekki tekist segir Ólafur að Landssamband lífeyrissjóða hafi tekið málið til skoðunar árið 2011 og þá hafi niðurstaðan orðið sú að leiguverð yrði almennt of hátt fyrir fjölskyldur í landinu. Ólafur segir þessa niðurstöðu augljóslega ranga líkt og reynslan þ.e.a.s. hækkunir hafi sýnt. Hann segir aðra ástæðu þá að fjárfesting í húsnæði sé frábrugðin því að kaupa hluta- eða skuldabréf á markaði. Íbúðarhúsnæði fylgi að það þurfi að reka, laga og endurnýja. Því fylgi umsjón með eignum. Hingað til hafi íslenskir sjóðir frekar viljað fjárfesta á hluta- og skuldabréfamarkaði vegna hárra vaxta sem tryggja lágmarksávöxtun.

Ólafur bendir á að fyrir nokkrum árum hafi breyting verið gerð á lagaumhverfi og regluverki lífeyrissjóða hvað varðar fasteignir á efnahagsreikningi þeirra. Áður hafi þeim ekki verið heimilt að fjárfesta með þessum hætti. Hann bætir við að hvað umsjón og viðhald húsnæðis varðar myndu lífeyrissjóðir ávallt velja þann kost að fela öðrum að annast þá starfsemi og nefnir að það geri Félagsstofnun stúdenta vegna útleigu íbúða. Almennt telur Ólafur að taka þurfi gildandi laga- og regluverk til endurskoðunar í því skyni að einfalda sjóðum og fagfjárfestum að byggja og leigja.

Aðspurður um mögulega ávöxtunarkröfu vegna slíkra fjárfestinga segir Ólafur að leigumarkaðurinn í Sviss greini sig frá þeim íslenska í nokkrum

mikilvægum efnunum. Hann segir leigubæk ekki hafa verið innleitt í Sviss og telur það ekki heppilegt fyrirkomulag. Hins vegar sé í Sviss leigubremsa sem takmarki hækkunar á leiguverði við viss skilyrði svo sem hækkun vaxta og endurbætur á húsnæði. Ekki nægi að markaðsverð hafi hækkað til að hækka megi leigu. Með þessu móti skapist langtímaeftirspurn eftir því að vera á leigumarkaði. Leigjendur viti hvernig leigan muni þróast mörg ár fram í tímann. Langtíma-eftirspurn valdi því að unnt sé að mæta henni með langtímaframboði; líftryggingafélög og lífeyrissjóðir mæti þeirri langtímaeftirspurn. Langtímaframboð inn á leigumarkað sé tryggt vegna þess að leiga breytist í samræmi við verðlag. Það sé ekki unnt að gera þar sem leigubæki sé komið á. Leigubremsa sé á hinn bóginn mikilvægt tæki og þannig haldist í hendur langtímaeftirspurn og langtímaframboð.

Ólafur vekur athygli á að takmarkanir á hækkun leigu með bremsu sé ekki það sama og takmörkun á ávöxtun. Í Sviss sé meðaltal fjárfestinga lífeyrissjóða í leiguhúsnæði um 20% af innkomu þeirra og það þekkist að þetta hlutfall sé allt að 30%. En vegna framboðs og eftirspurnar haldist leiga niðri og fasteignaverð á sama tíma. Leiguávöxtun sé sú sem hún þurfi að vera til langs tíma með tilliti til tryggingafræðilegrar ávöxtunarþarfar sjóðanna.

Þá sé þess að geta að sjóðsfélagalán þekkist ekki í Sviss, lífeyrissjóðir kjósi rekar að byggja og leigja til að mæta húsnæðisþörfinni. Sex mánaða uppsagnarákvæði séu algeng í samningum. Svo lengi séu í skilum með leiguna sé erfitt fyrir leigusala að segja upp samningi. Fyrir leigutaka sé uppsagnarfrestur þrjár til sex mánuðir. Venjulega sé miðað við að ekki meira en 30% ráðstöfunarfjár fari í húsnæðisleigu. Það sé þó misjafnt eftir kantónum. Algengt sé að milli- og hátekjufólk leigi húsnæði.

Ólafur upplýsir að um helmingur Svisslendinga búi í leiguhúsnæði og fari hlutfallið upp í 70 til 80% í borgum landsins. Langfestir leigja af félögum. Þar er fagmennskan miklu en hjá einstaklingum með færri eignir í leigu. Þeir ná ekki jafn góðri stærðarhagkvæmni sem er helsta ástæða þess hversu stór svissnesk leigufélög eru.

Spyrjandi vekur athygli á að hér á landi færist í vöxt að gerðar séu kröfur um margvíslegar persónulegar upplýsingar við gerð leigusamninga m.a. sakavottorð og lánshæfismat. Ólafur kveður það sama eiga við um Sviss, leigutaki þurfi að leggja fram þrjá síðustu launaseðla sína, yfirlýsingu frá vinnuveitanda og fleira auk þess sem viðkomandi þurfi að ganga frá sérstakri íbúa-umsókn. Þetta sé gert til að auka öryggi í þessum viðskiptum og telur Ólafur kerfið gott.

Aðspurður hvernig leigumarkaður í Sviss sinni þörfum eldri borgara segir Ólafur algengt að fólk búi í sömu íbúðinni nær allt sitt líf eða eins og heilsan leyfi. Elliheimili séu yfirleitt rekin af kantónum en einnig þekkist að félög og

fagfjórðing komi að þeim rekstri. Þetta húsnæði sé sérhannað til að mæta þörfum eldri borgara og eigi það við um innréttingar svo og þjónustu t.a.m. hjúkrunarfólks sem sé til taks.

Ragnar Þór þakkar Ólafi fyrir fróðlegt erindi og fulltrúar taka undir með lófaklappi.

Álit kjörbréfanefndar

Ragnar Þór, gefur formanni kjörbréfanefndar, Jakobi Tryggvasyni, orðið og gerir hann grein fyrir álitum nefndarinnar.

Jakob Tryggvason, formaður kjörbréfanefndar

„Ágætu félagar.

Í samræmi við ákvæði 32. gr. laga Alþýðusambandsins skipaði forseti ASÍ þau Gils Einarsson, Guðbjörgu Kristmundsdóttur og Jakob Tryggvason í kjörbréfanefnd vegna þings sambandsins, 10.-12. október 2022. Starfsmaður nefndarinnar er Magnús M. Norðdahl og tekur hann við ábendingum og breytingum ef einhverjar eru.

Kjörbréfanefnd kom saman til fundar 30.09 2022 kl. 13:00 og aftur 10. október kl. 9:45 til að fjalla um inn komin kjörbréf og verklag vegna sambandsþings ASÍ.

Í samræmi við 2. mgr. 30. grein laga ASÍ var landssamböndum og landsfélögum með beina aðild úthlutað alls 290 fulltrúum. Þá samþykkti miðstjórn ASÍ að úthluta tveimur aðildarfélögum sem ekki náðu inn fulltrúa á grundvelli 2. mgr. 30. gr. laganna einum fulltrúa hvoru skv. 4. mgr. 30. gr. eða samtals 292 fulltrúum.

Samkvæmt ákvörðun miðstjórnar og úthlutun landssambanda innan ASÍ höfðu 44 aðildarfélög og deildir rétt til að senda 292 fulltrúa til þingsins. Einnig eiga stjórnarmenn í ASÍ-UNG, 9 talsins, rétt til setu á þinginu með fullréttindi á grundvelli 5. mgr. 29. gr. laga ASÍ.

Eitt aðildarfélög SAMIÐNAR treysti sér ekki til að senda fulltrúa á þingið og var þeirra sæti úthlutað til Félags iðn- og tæknigreina. Eitt aðildarfélag RSÍ treysti sér einnig ekki til að senda fulltrúa á þingið og var þeirra sæti úthlutað til Félags Rafeindavirkja. Eitt félag með beina aðild sendir ekki fulltrúa.

10. október hafði því 41 aðildarfélag og deildir sent inn kjörbréf vegna 291 fulltrúa á ársfundinn. Þá hefur ASÍ-UNG sent inn kjörbréf vegna 9 stjórnarmanna.

Kjörbréfanefnd hefur ákveðið að viðhafa eftirfarandi verklag á þinginu:

Í fundargögnum liggur frammi listi með nöfnum þeirra þingfulltrúa sem kjörbréfum hefur verið skilað fyrir, raðað eftir aðildarfélögum og landssamböndum. Þar sem fulltrúar eru kjörnir af aðildarfélögum á grundvelli aðildar

að landssambandi kann sama félag að vera með fulltrúa hjá fleiri en einu landssambandi.

Listi yfir þær breytingar sem gerðar hafa verið frá upphaflegum kjörbréfum, þar sem varamenn hafa komið inn í stað aðalmanna verður lagður fram í lok þings.

Kjörbréfanefnd leggur til að kjörbréf í samræmi við framlagða lista verði öll samþykkt.“

Ragnar Þór Ingólfsson, VR

„Ég ætla að nota tækifærið og biðja gesti fundarins um að yfirgefa salinn. Ég kalla eftir, eru athugasemdir gerðar við störf kjörbréfanefndar? Það er komin athugasemd. Gjörðu svo vel.“

Ólöf Helga Adolfsdóttir, Eflingu

„Þingforseti, kæru félagar,

Ég kveð mér hljóðs til að gera athugasemdir við kjörbréf þingfulltrúa Eflingar, ekki vegna þeirra einstaklinga sem þar veljast, ég hef ekkert út á þá að setja. Athugasemd mín lýtur að því að félagar í Eflingu höfðu ekki lýðræðislega aðkomu að vali á þingfulltrúum til 45. þings ASÍ. Samkvæmt 30. grein laga ASÍ er aðildarfélögum skylt að láta fara fram kosningu þingfulltrúa og varamanna til setu á þingi ASÍ.

6. september sl. auglýsti Efling eftir framboðum til þings ASÍ. Í þeirri auglýsingu kom fram að listi yfir þingfulltrúa yrði borinn upp til samþykkis á trúnaðarráðsfundi 15. september. Á þeim fundi var listinn ekki borinn upp heldur tilkynnt að stjórn myndi fjalla um málið.

Fyrir fyrri þing ASÍ hefur trúnaðarráð Eflingar haft tækifæri til þess að gera breytingar við tillögu stjórnar. Listinn hefur síðan verið borinn fram til samþykkis og legið frammi í viku. Á þeim tíma hefur verið auglýst eftir öðrum listum og framboðsfrestur gefinn. Þetta var ekki gert núna.

Efling á rétt á að senda 54 þingfulltrúa og sama fjölda varaþingfulltrúa. Samkvæmt upplýsingum frá formanni Eflingar óskuðu 57 einstaklingar eftir því að taka sæti á þinginu. Samt eru mér vitandi nokkur fjöldi einstaklinga sem óskuðu eftir að fá að vera fulltrúar en fengu ekki. Þar á meðal eru starfandi trúnaðarmenn sem áður hafa setið þing ASÍ. Af þessu má vera ljóst að formaðurur handvaldi einstaklinga inn á listann.

Ekkert var heldur gerð tilraun til að endurspeglar þær atvinnugreinar sem félagsfólk Eflingar starfar við. Þótt aðeins um 10% af félögum Eflingar starfi hjá hinu opinbera eru 25 þingfulltrúar þaðan eða yfir 45% þingfulltrúa. Á aðallista Eflingar er enginn utan höfuðborgarsvæðisins.

Við, félagsmenn Eflingar, höfðum því enga lýðræðislega leið til að gera

athugasemdir við val stjórnar eða knýja fram kosningu þingfulltrúa skv. 30. gr. laga ASÍ. Ég taldi mig knúna til að fara í gegnum félagið með þessar áhyggjur en á þær var ekki hlustað af hálfu formanns Eflingar.

Þing ASÍ er æðsta stofnun sambandsins, hér liggur valdið og skv. grein 1.4 í þingsköpum ber forseta að bera kjörbréfin upp til afgreiðslu.

Ég geri því athugasemd við öll kjörbréf Eflingar og geri ég ráð fyrir að kjörbréfanefnd verði kölluð saman og farið yfir málið út frá mínum athugasemdum. Takk fyrir.“

Ragnar Þór Ingólfsson, VR

„Þessum athugasemdum er komið til kjörbréfanefndar. Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar, hefur beðið um orðið til þess að bregðast við.“

Sólveig Anna Jónsdóttir, Eflingu

„Komið þið sæl, kærur félagar.

Ég finn mig knúna til að bregðast við málflutningi Ólafar Helgu. Staðreyndin er sú að hún fer hér ekki með rétt mál. Eftir að hún og samverkafólk hennar hafði sent inn spurningar um ferlið þá lét ég og félagar mínir hjá Eflingu vinna álit fyrir okkur og fórum mjög vel og ítarlega yfir allt sem að þessu máli sneri. Áður en að ég renni yfir það nokkuð stuttlega þá vil ég fyrst segja að ég ráðfærði mig auðvitað eins og ávallt við þá aðila sem að þekkja best til í því hvernig þessi mál eru öll meðhöndluð og hafði auðvitað ekki haft rangt við í þessu máli enda myndi mér aldrei detta slíkt til hugar.

Ólöf Helga fór hér aðeins yfir lög og reglur Alþýðusambandsins er varða val á þingfulltrúum. Í fyrstu málsgrein 26. greinar laga ASÍ segir að allir fullgildir félagsmenn í aðildarfélögum ASÍ séu kjörgengir á sambandsþing og í aðrar trúnaðarstöður og ég vil þá segja að, að sjálfsögðu er það svo að allir þingfulltrúar Eflingar uppfylla þessi skilyrði að öllu leyti.

Orðalag 26. greinar um kosningu felur ekki í sér að stéttarfélögunum sé skylt að viðhafa allsherjaratkvæðagreiðslu eða eitthvað slíkt meðal félagsmanna. Af þeirri skoðun sem að við gerðum gátum við ekki komist að þeirri niðurstöðu að slíkt fyrirkomulag tíðkaðist. Orðalagið í lögum ASÍ er hefðbundið ákvæði þar sem mælt er fyrir að tiltekinn aðili velji fulltrúa í stjórnareiningar annars aðila. Í slíkum ákvæðum, ýmsum lögum og ýmsum samþykktum ýmissa félaga er jöfnum höndum notast við ýmis samheiti sem öll merkja það sama, þ.e. að tiltekinn aðili velji í stjórnareiningar annars aðila. Orðið „ val“, „kosning“ og „ kjör“ eru þar samheiti. Orðið „ kosning“ er annað orð yfir „ val“ og mörg dæmi um það m.a. eitt dæmi sem ég kys að nefna hér af handahófi að í 10. grein Barnaverndarlaga númer 80 frá 2002

segir að á vegum sveitarfélaga skuli starfræktar barnaverndarnefndir. Svo segir: sveitarstjórn kýs barnaverndarnefnd - en almennt séð fer ekki fram kosning í þeim skilningi að greidd séu atkvæði á milli frambjóðenda eða lista heldur velur sveitarstjórn einstaklinga í nefndir bara svo eitt dæmi sé tekið um það hvernig þetta orðalag er notað í okkar þjóðfélagi. Með framangreindum ákvæðum í lögum ASÍ er fyrst og fremst mælt fyrir um að aðildarfélög ASÍ skuli velja fulltrúa á þingið og varamenn úr hópi félagsmanna og að sá listi sé sendur í síðasta lagi 14 dögum fyrir þing sem er ófrávikjanleg regla. Val á fulltrúum er í höndum hvers stéttarfélags og fer eftir þeim reglum og eftir þeim venjum sem gilda um ákvörðunartöku hjá félaginu. Og nú ætla ég aðeins að reifa það hvernig þessi mál er meðhöndluð á vettvangi Eflingar og hafa verið meðhöndluð þar síðustu fjölmörg ár.

Eins og ég sagði áður og eins og þið ættuð auðvitað að vita manna best þá er það svo að þeir sem geta komið til álitu sem fulltrúar á þing ASÍ eru allir félagsmenn Eflingar. Skilyrði félagsaðildar koma fram í lögum Eflingar, fyrst og fremst í 3. til 5. grein en þó eru þar önnur ákvæði sem að fjalla um skilyrði félagsaðildar þá helst 8. og 9. grein. Í lögum Eflingar kemur ekkert fram um það hvernig skuli velja fulltrúa á þing ASÍ. Þess má geta að fjórði kafla laganna fjallar um kosningar en þar er ekki fjallað um val á fulltrúum á þing Alþýðusambandsins. Val fulltrúanna fer eftir lögum og stjórnskipan Eflingar meðal annars þeim venjum sem myndast hafa um ákvarðanatökuna. Samkvæmt 11. grein laga Eflingar og meginreglum félagaréttar hefur stjórn Eflingar almennt á hendi yfirstjórn félagsins. Þess ber þó að geta að samkvæmt 15. grein laganna er starfandi trúnaðarráð í Eflingu sem hefur æðsta vald í málefnum félagsins milli félagsfunda. Af lögum Eflingar er ekki að öllu leyti ljóst hvaða mál skuli bera undir trúnaðarráðið og venjan hjá Eflingu er sú að ýmist stjórn eða trúnaðarráð velji fulltrúa á þing Alþýðusambandsins. Slíkt val hefur aldrei farið fram í allsherjaratkvæðagreiðslu félagsmanna en eins og ég sagði hér áðan hefur það víst ekki tíðkast hjá öðrum félögum heldur. Og samkvæmt framansögðu þá er það þá svoleiðis að heimilt er að velja fulltrúa Eflingar á þing Alþýðusambandsins annaðhvort á vettvangi stjórnar eða trúnaðarráðs. Fyrir þetta þing fórum við hjá Eflingu þá leið að auglýsa opinberlega eftir tilnefningu þingfulltrúa á þing Alþýðusambandsins. Ég fjallaði svo á þeim trúnaðarráðsfundi sem Ólöf Helga hefur hér vitnað til um þetta ferli, tilkynnti meðlimum trúnaðarráðs - og þetta kemur allt fram í fundargerð af fundi trúnaðarráðs - um það að tilnefningarferlið yrði opið í einhverja daga í viðbót og að stjórn myndi svo samþykkja eða eftir tilvikum hafna þeim lista sem fram kæmi. Engar athugasemdir voru gerðar við þetta á fundi trúnaðarráðs og kemur það fram með mjög skýrum hætti í fundargerð

af þessum fundi. Trúnaðarráð samþykkti þar með að stjórn fengi þetta til sín enda, svo að það komi fram, ýmist í sögu félagsins, löngu áður en ég tók við, að trúnaðarráð eða stjórn fjalla um val á þessum lista.

Meirihluti stjórnar samþykkti svo listann og hann var sendur innan tíma-markanna sem að ófrávíkjanleg eru í lögum Alþýðusambandsins eða 25. september síðastliðinn. Mig langar líka að koma því hér á framfæri að engin tilraun var gerð af hálfu Ólafar Helgu og samverkafólks hennar að knýja á um boðun félagsfundar eða eitthvað slíkt þannig að þær leiðir sem þá sannarlega hefðu verið til staðar inni á vettvangi félagsins voru ekki brúkaðar. Niðurstaðan er skýr og ég vona að þið sem hér sitjið skiljið það og sjáið það og auðvitað áttið ykkur á alvarleika þess sem að hér er að gerast. Hér er ráðist að þingfulltrúum lista Eflingar og verði niðurstaðan sú að þing Alþýðusambandsins snúist gegn eðlilega, lýðræðislega völdum lista þá er það auðvitað eitthvað meira en saga til næsta bæjar. Niðurstaðan er sú að stjórn eða trúnaðarráð Eflingar velur fulltrúa á þing Alþýðusambandsins úr hópi félagsmanna. Niðurstaðan er sú að kjörbréf fulltrúa á sambandsþing skuli send skrifstofu ASÍ 14 dögum áður en þingið hefst. Niðurstaðan er sú að, að öllu leyti var meðhöndlað rétt, eðlilega og lýðræðislega með þetta ferli á vettvangi Eflingar.

Ólöf Helga sagði í upphafi ræðu sinnar að hún væri ekki að ráðast að þeim einstaklingum sem hér væru samankomnir sem fulltrúar Eflingar en ég verð að segja að ég get ekki annað en upplifað - ja ég veit ekki - einhvers konar sorg yfir því að Ólöf skuli virkilega vera tilbúin til að ráðast að eigin félagi og þeim fulltrúum sem hér eru, fólki sem, sama hvað henni finnst um samsetninguna, hefur sannarlega tekið þátt í starfi félagsins, hefur tekið þátt í allri þeirri miklu kjarabaráttu félagsins sem fram hefur farið á síðustu árum, hefur tekið þátt í verkföllum og svo mætti áfram telja, eru trúnaðarmenn á vinnustöðum og svo framvegis, baráttufólk og dugnaðarforkar. Ætlar Ólöf Helga virkilega að láta það gerast að þessu fólki ásamt formanni félagsins verði vísað af þinginu? Ég, aftur, ávarpa ykkur og segi; þið eruð fullorðið, þroskað fólk ég vona bara að þið getið sýnt að þið hafið ekki áhuga á að taka þátt í þeim skrípaleik sem hér er verið að reyna að setja af stað. Takk fyrir.“

Ragnar Þór Ingólfsson, VR

„Takk fyrir það. Þessum athugasemdum og svari Sólveigar er þá komið áfram á kjörbréfanefnd. Ég kalla þá kjörbréfanefndina saman til þess að fara yfir þessar athugasemdir og koma með svar og niðurstöðu og geri það hér með. Ég geri stutt hlé á meðan.“

Niðurstaða kjörbréfanefndar

Ragnar Þór Ingólfsson, VR

„Kæru félagar.

Þá er komin niðurstaða kjörbréfanefndar. Við skulum fá fólk inn í sal. Þá gef ég formanni kjörbréfanefndar, Jakobi Tryggvasyni, orðið.“

Jakob Tryggvason, formaður kjörbréfanefndar

„Kæru félagar.

Kjörbréfnefnd hittist og það er komin niðurstaða. Ég ætla að lesa þetta hér eins og það stendur:

Vegna þeirra athugasemda sem komið hafa fram við kjörbréf þingfulltrúa Eflingar stéttarfélags, hefur Kjörbréfanefnd komist að eftirfarandi niðurstöðu:

ASÍ eru frjáls félagasamtök og aðildarsamtök þess frjáls um sín innri mál svo lengi sem ekki fer í bága við lög sambandsins sbr. 8.gr. sambandslaga.

Skilyrði 1.mgr. 30.gr. laga sambandsins eru tvíþætt. Í fyrsta lagi þurfa hinir kjörnu fulltrúar að vera félagsmenn félagsins og hins vegar þarf að kjósa þá. Hvernig þeirri kosningu skuli hagað er ekki fjallað um og lög Eflingar geyma engin ákvæði þar um.

Það er álit Kjörbréfanefndar að þar sem lög Eflingar geyma engin ákvæði um kosningar á þing ASÍ og lög ASÍ geyma ekki skýra heimild um hvernig sú kosning skuli fara fram leggur kjörbréfanefnd til að kjörbréf allra fulltrúa Eflingar stéttarfélags verði staðfest.

Takk fyrir.“

Ragnar Þór Ingólfsson, VR

Takk fyrir það, Jakob. Það er komin athugasemd. Ólöf, gjörðu svo vel.“

Ólöf Helga Adolfsdóttir, Eflingu

„Sæl.

Ég legg fram breytingartillögu og legg til að öllum kjörbréfum Eflingar verði hafnað og er hér með stuðning tilskilinn 15 þingfulltrúa.“

Kristján Þórður Snæbjarnarson, forseti ASÍ

„Við tökum á móti þessu og ætlum aðeins að renna yfir listann. Augnablik.“

Ragnar Þór Ingólfsson, VR

„Tillagan sem er komin fyrir þingið um að dæma kjörbréf Eflingar ólöglegt er löglega fram borin. Eru athugasemdir við það? Þá mun ég leggja það til atkvæða. Farið er fram á leynilega kosningu. Sólveig Anna, gjörðu svo vel. Ég ætla að leyfa þér að bregðast við þessu.“

Kristján Þórður Snæbjarnarson, forseti ASÍ

„Jæja, kærur þingfulltrúar. Það hefur verið óskað eftir að taka til máls. Sólveig Anna ætlar að taka til máls um þessi skjöl og leynilega atkvæðagreiðslu hér. Sólveig, gjörðu svo vel.“

Sólveig Anna Jónsdóttir, Eflingu

„Ég ætla nú ekki að segja margt, ég hef ekki mörgu við það að bæta sem ég rakti hér áðan. Það er ljóst og það var, einmitt, niðurstaða kjörbréfanefndar, að farið hefði verið að öllu er viðkom þessu ferli innan Eflingar með réttum, eðlilegum, lýðræðislegum og lögmætum hætti innan Eflingar. En það auðvitað dugar ekki til vegna þess að þetta snýst auðvitað ekki um það hvort að lögmæti sé til staðar eða ekki og það sannast á því að þegar kjörbréfanefnd hefur komið og greint frá því að kjörbréf Eflingar, þeir 54 þingfulltrúar sem hér eru staddir frá þessu félagi, öðru stærsta félaginu innan vébanda Alþýðusambandsins, með 26.000 félagsmenn, stærsta félagi verka- og láglaunafólks með lýðræðislega kjörna forustu, formann og meirihluta í stjórn. Í kosningu sem að lauk 15. febrúar, fyrir níu mánuðum um það bil - það eru mörg börn búin að verða til og fæðast á þeim tíma sem liðin er frá því að félagsfólk Eflingar fékk tækifæri til þess að velja hver ætti að vera formaður í félaginu þá er hér enn verið að berjast um völdin innan félagsins. Mér þykir leitt að innanfélagsátök Eflingar skuli og eigi greinilega að verða eitt helsta viðfangsefni 45. þings Alþýðusambandsins. Ég verð að viðurkenna að ég bjóst sjálf ekki við því og ímynda mér að hér sé í það minnsta mjög ríflægur meirihluti þingfulltrúa sem að geti sagt það sama. Ég held að hér sé fólk komið alls staðar af landinu saman til þess að taka þátt í málefnavinnu, til þess að fá upplýsingar, til þess að ræða málin, til þess að skapa sér skoðanir, taka afstöðu og geta svo farið með skilaboð frá þessu þingi um það til dæmis hvert eigi að stefna í kjaraviðræðum sem við hljótum, þrátt fyrir það að vera kannski ósammála um ýmislegt, að vera sammála um að sé það mikilvægasta verkefni sem við eigum nú fyrir hendi á komandi vetri.

Ég get auðvitað ekki og dettur það ekki til hugað að biðjast afsökunar fyrir hönd annarra. Mér þykir leitt að þið séuð dregin inn í þetta og mér þykir auðvitað að fyrst og síðast mjög leitt að verða vitni að því að fólk sem telur sig þess umkomið að leiða ekki aðeins eigið félag heldur allt Alþýðusambandið, líkt og Ólöf Helga hefur nú sóst eftir að gera, skuli ekki hafa skilning á grundvallarleikreglum lýðræðisins, skuli ekki geta horfst í augu við það að hafa tapað í kosningum og skuli virkilega vilja taka þetta þing undir það að halda áfram slag sem lauk, eins og ég segi, fyrir níu mánuðum síðan. Ég vona bara að niðurstaðan hér verði þessu þingi til sóma og við getum svo haldið áfram

störfum okkar í því sem að skiptir mestu máli og ég fór hér yfir og ég tel að þið séuð sammála um og að við getum sloppið úr þeim niðurlægjandi skrípaleik sem að hér er verið að draga okkur öll inn í.“

Ragnar Þór Ingólfsson, VR

„Takk fyrir það. Rétt til að árétta að við munum - kjörbréfanefnd hefur dæmt kjörbréf Eflingar lögmat. Við munum kjósa um þessa tillögu um að þau verði dæmd ólögmat eftir mat. Það eru fulltrúar á leiðinni frá Framsýn. Mikilvægar upplýsingar að fara ekki út að reykja nema fyrir framan hótelið. Eigum við að kjósa um það? Það eru fleiri sem vilja tjá sig um þetta mál og það er Finnbjörn frá Byggið. Gjörðu svo vel, Finnbjörn. Ég vil biðja fólk um að stytta mál sitt. Við erum orðin vel á eftir áætlun þannig að við getum allavega komist í mat og svo kosið um þetta strax á eftir.“

Finnbjörn A. Hermannsson, Byggið

„Forseti ASÍ, góðir félagar.

Ég vil aðeins blanda mér í framsetninguna á þessu, ekki efnislega. Það veit enginn hvernig var kosið til þingsins af hálfu Byggiðnar. Ég gæti alveg hafa valið mér fjóra féлага og stjórnin vissi ekki um það og trúnaðarráðið vissi ekki um það. Ætlið þið að fara að dæma um hvort ég sé með réttkjörna fulltrúa eða ekki? Við höfum hérna kjörstjórn til að dæma um þetta og ef að kjörstjórnin er búin að dæma það að þessi kjörbréf séu öll rétt þá erum við einfaldlega að fara að kjósa um störf kjörbréfanefndar. Þannig að þið eruð að setja okkur í alveg ómögulega stöðu. Þannig að ég legg til og óska eftir því að þið dragið þetta til baka, þessa leynilegu atkvæðagreiðslu vegna þess að það er vonlaust fyrir okkur að fara að meta það hvort að Efling sé með rétt kjörna fulltrúa eða ekki eftir að kjörbréfanefnd hefur sagt sitt álit og álit kjörbréfanefndar er það að þetta sé löglegt þannig að við höfum engar aðrar forsendur heldur en að meta það svo að hér sé um lögleg kjörbréf að ræða. Þannig að ég hvet ykkur til að draga þetta til baka.“

Kristján Þórður Snæbjarnarson, forseti ASÍ

„Kæru félagar.

Það er komin óformleg tillaga og áskorun um að draga til baka þessa tillögu. Það hafa tveir kvatt sér hljóðs um málið, Ólöf Helga seinna sinni og Páll Heiðar frá VM á eftir henni. Nú er tíminn alveg að lenda í mat þannig að ég ætla að fá að gera það að tillögu minni að ræðutími verði þrjár mínútur ef að þingið er sátt við það þannig að við komumst í mat og getum afgreitt þetta ef það verður ekki farið af borðinu eftir matinn. Ólöf Helga, þú ert næst upp. Þrjár mínútur.“



Ólöf Helga Adolfsdóttir, Eflingu

„Takk fyrir. Þetta er bara stutt hjá mér. Ég ætlaði bara aðeins að vera ósamhála Sólveigu, formanni Eflingar því að niðurstaða kjörnefndar var ekki að lýðræðislega hafi verið staðið að vali þingfulltrúa. Niðurstaðan er sú að vegna skorts á ákvæðum um kjör þingfulltrúa í lögum Eflingar er niðurstaða kjörbréfanefndar að kjörbréf Eflingar verði samþykkt. Þarna er ekkert sérstaklega farið í að þetta hafi verið brjálæðislega lýðræðislegt. Staðreyndin er sú að ekki var farið eftir hefðum sem Efling hefur haft. Það var ekki auglýst eftir listum sem hingað til hefur alltaf verið gert. Það var enginn framboðsfestur gefinn. Það hefur hingað til alltaf verið gert. Takk fyrir.“

Kristján Þórður Snæbjarnarson, forseti ASÍ

„Takk fyrir þetta. Næstur er þá Páll Heiðar frá VM.“

Páll Heiðar Magnússon, VM

„Fundarstjóri, forseti, fundargestir.

Ég heiti Páll Heiðar og ég er fulltrúi frá VM. Ég ætlast ekki til að nokkuð annað félag skipti sér af því hvernig ég er valinn hingað. Ég ætla að flytja frá-vísunartillögu við þessa tillögu Ólafar og ég óska eftir 15 aðilum til að styðja hana. Takk.“

Kristján Þórður Snæbjarnarson, forseti ASÍ

„Takk fyrir þetta. Það hefur einn aðili kvatt sér hljóðs öðru sinni, Sólveig Anna frá Eflingu og þegar hún hefur lokið máli sínu þá erum við að fara í hádegismat. Gjörðu svo vel, Sólveig.“

Sólveig Anna Jónsdóttir, Eflingu

„Komið þið sæl, kærufélagar.

Ég ætla bara að segja, örstutt, að Ólöf Helga fór hér með rangt mál. Það var sannarlega farið eftir venjum Eflingar að öllu leyti í því hvernig að valið og svo framvegis á þingfulltrúum Eflingar á listann sem svo var skilað til Alþýðusambandsins var framkvæmdur. Að öllu leyti enda vann ég með manni og við sem að unnum þetta sem að þekkir innra starf félagsins best af öllum sem að er sögulegt minni félagsins. Mér þykir leitt að ég sé að draga hann hér inn í þetta en hann er hér sem þingfulltrúi, maður sem að þið öll sem að hafið kynnst honum þekkið bara af því að vera heiðvirdan mann að öllu leyti. Það er Ragnar Ólason. Hér er þá Ólöf Helga að halda því fram að formaður félagsins, ég og Ragnar Ólason sem að þekkir eins og ég segi alla sögu félagsins best af öllum hafi logið að trúnaðarráði, hafi logið að Alþýðusambandinu, hafi logið að stjórnarmeðlimum. Ég bara get ekki látið það standa þannig að ég áréttu að sannarlega var farið að hefðum, venjum félagsins að öllu leyti. Takk fyrir.“

Kristján Þórður Snæbjarnarson, forseti ASÍ

„Takk fyrir þetta. Nú er kominn hádegismatur hjá okkur. Ég ætla að fá að fresta umræðunni fram yfir hádegismat og gerum þá hlé á þingi til 13.30 samkvæmt dagskrá. Takk fyrir.“

Ragnar Þór Ingólfsson, VR

„Jæja, kærufélagar.

Allir inn í sal, drífa sig inn í sal. Við þurfum að fara að byrja.

Jæja, þá förum við að byrja þetta. Ég vil biðja þá sem eru gestir eða eiga ekki erindi inn á fundinn að yfirgefa salinn og hurðum lokað. Það er komin beiðni um að fá að ávarpa þingið. Ólöf Helga frá Eflingu, gjörðu svo vel.“

Ólöf Helga Adolfsdóttir, Eflingu

„Þakka þér fyrir. Kærufélagar.

Ég hef ákveðið að draga til baka tillögu mína. Ég hef náð því fram sem ég vildi og það var að koma af stað smá umræðu og vekja athygli á þeim ólýðræðislegu vinnubrögðum sem að áttu sér stað þarna. Takk fyrir.“

Kristján Þórður Snæbjarnarson, forseti ASÍ

„Takk fyrir þetta. Þá er umræðu um þetta lokið. Það liggur fyrir álit kjörbréfanefndar um alla afgreiðslu kjörbréfa og ég myndi vilja fá þetta álit eða tillögu kjörbréfanefndar staðfesta hérna á þinginu fyrst að þessar tillögur eru fallnar frá og ég lít svo á, sökum þess að það er búið að fella niður tillöguna, að annað sé niðurfallið. Er það ekki staðfest? ”

Nú liggur fyrir álit kjörbréfanefndar um að staðfesta kjörbréf þingfulltrúa og þið sem getið samþykkt það gefið merki núna. Flott. Og einhver á móti? Enginn á móti. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum. Þá þökkum við kærlega fyrir þetta.“

Kosning embættismanna þingsins

Kristján Þórður Snæbjarnarson leggur fram tillögu um að Georg Páll Skúlason, formaður Grafíu, verði kjörinn þingforseti. Þingheimur samþykkir með lófaklappi. Fleiri framboð berast ekki og er kjörnum þingforseta því afhent fundarstjórn.

Þingforseti, Georg Páll Skúlason, tekur við fundarstjórn og heldur hann áfram kosningu embættismanna, 1. og 2. varaþingforseta og fjögurra skrifara. Þingforseti leggur fram tillögu um:

Önnu Maríu Elíasdóttur FVSA sem 1. varaþingforseta. Hjördísi Þ. Sigurþórsdóttur AFL-i sem 2. varaþingforseta.

Trausta Jörundarson, Lilju Sæmundsdóttur, Svanhildi Þórsteinsdóttur og Gundegu Jaunlinina sem skrifara.

Önnur framboð berast ekki og er tillaga þingforseta samþykkt með lófaklappi.

Framsögur um stefnuskjöl 45. þings, 1. Umræða og vísað til nefndar

Formenn nefnda kynna stefnuskjöl er varða málefni þingsins.

Lífeyrismál - Hilmar Harðarson

Kveðst hafa verið falið að fara yfir nokkur atriði um lífeyrismál. Jöfn réttindi innan opinbera og einkageirans hafa lengi verið okkar baráttumál. Merk samþykkt var gerð í sumar þegar 15,5% framlag í lífeyrissjóði var lögfest. Við teljum að jöfnuði sé náð - nema hvað varðar sjómenn. Þeir eru enn sammingslausir. Þá eigum við að styðja.

Þetta er stærsti sigur okkar í langan tíma. Við áttum mikilvægan rökræðund á Selfossi um lífeyrismálin. Þar var margt rætt. Við erum ekki öll sammála en alltaf má gera gott kerfi betra. Þegar lífeyriskerfið hefur náð fullum þroska mun ríkið spara sér of mikla fjármuni með skerðingum og tekjutengingum. Við teljum að það þurfi að laga þessa tekjutengingu hressilega og við leggjum þunga áherslu á hana.

Lífeyriskerfið er eitt okkar helsta grunnkerfi og því er hryggilegt að ríkið skuli skerða réttindi okkar. Við eigum að gera kröfu um að lægstu greiðslur úr lífeyrissjóðum verði ekki skertar og lífeyrir frá Tryggingastofnun hækki eftir því sem kerfið þroskast.



Oft er rætt hvernig kerfið hyggist standa við skuldbindingar sínar í ljósi lengri lífaldurs. Nýjar töflur um lífslíkur hafa verið kynntar í sjóðum. Nú er verið að reikna upp hvern árgang fyrir sig. Við þurfum að gæta þess að tekið sé tillit til sjóða fólks sem sinnir erfiðisvinnu. Við getum ekki sætt okkur við það fólk verði krafið um lengri dvöl á vinnumarkaði. Ákveða þarf hvernig tekið skuli á hagsmunum þessa fólks.

Örorkubyrði lífeyrissjóða er misjöfn og þá skiptir öllu að við krefjumst að ríkið komi að þar. Jöfnunargreiðslum til sjóðanna er í dag skipt eftir ákveðnu kerfi en þar þarf að gera betur. Þó nokkuð margir sjóðir eru illa farnir vegna örorkubyrðar. Við þurfum að jafna stöðuna með kröfu á ríkið. Það hefur verið gert í samningum og við eigum að halda því áfram. Aukin örorka á ekki að koma niður á lífeyrisþegum. Við þurfum að gæta að okkar málum og standa saman - sérstaklega gagnvart örorku. Eftir svona 20 ár þegar kerfið hefur náð fullum þroska og lífeyrissjóðir verða færir um að borga sjóðsfélögum full eftirlaun.

Við höfum verið að breyta eigendastefnum lífeyrissjóðanna. Þar höfum við náð miklum árangri með því að beita okkur fyrir breytingum á aðalfundum sjóða.

Bjarni Þór Sigurðsson – húsnæðismál og velferð

Kveðst ætla að fjalla um þetta mikilvæga mál sem skipti alla svo miklu. ASÍ hefur haft aðkomu að tveimur nefndum um húsnæðismál. Ragnar Þór sat í nefnd sem skilaði tillögum 2019 og Bjarni Þór í nefnd sem skilaði tillögum í byrjun sumars.

Bjarni Þór byrjar á að ræða húsnæðisöryggi. Húsnæðisöryggi felur í sér að ráða við byrði húsnæðiskostnaðar, búa í heilnæmu húsnæði og þurfa ekki að flytja nema svo sé kosið.

Endurskoða þarf kerfið í heild og beina stuðningnum þangað sem hann á heima, til tekjulágra, Með bættu regluverki þarf að jafna stöðu samningsaðila og leggja áherslu á uppbyggingu íbúðakerfisins og auka hlutdeild þess. Stuðla ber að virkum og heilbrigðum leigumarkaði.

Auka þarf vernd fyrir leigjendur. Takmarka þarf heimild til breytinga á leigufjárhæð, tryggja ber að ráðningasamband verði ávallt aðskilið frá húsaleigusamningum. Skilgreina þarf langtímaleigu. Viðurlög þurfa að vera við brotum ákvæða svo nokkur atriði séu nefnd.

Ríkisstjórnin hefur heitið því að ákvæðum húsaleigulaga verði breytt til að bæta réttarstöðu leigjenda. Ný forusta ASÍ þarf að fylgja því máli eftir af krafti.

Með rammksamkomulagi ríkis og sveitarfélaga er stefnt að mikilli uppbyggingu íbúðahúsnæðis á næstu árum þar á meðal 12.250 íbúðir á viðráðanlegu innan þessa kerfis.

Efla þarf almenna íbúðakerfið. Hefja ber vinnu um endurskoðun laga um almenna íbúðakerfið. Þá þarf að hafa að leiðarljósi skilgreind viðmið um gæði íbúða, lífs- og umhverfisgæði, tekju- og eignaviðmið, ólíkar íbúðir og félagslega blöndun. Húsnæðisstuðning þarf að taka til endurskoðunar til að tryggja viðráðanlegan húsnæðiskostnað, tekjulágum og fyrstu kaupendum til handa sem og þeim sem búa við íþyngjandi húsnæðiskostnað. Byrði húsnæðiskostnaðar fari ekki yfir 25% af ráðstöfunartekjum. Sérstaklega þarf að fylgjast með þróun á greiðslubyrði hjá fyrstu kaupendum og lág- og millitekjuhópum. Fulltrúum ASÍ og BSRB tókst að fá yfirlýsingu stjórnvalda um endurskoðun á þessum stuðningskerfum. Þeirri vinnu átti að ljúka í lok september. Það hefur ekki tekist en þó er von á niðurstöðum.

Um húsnæðisstuðning er það að segja að vaxtabætur í gegnum skattkerfið eru tekju- og eignatengdar. Pennan stuðnings hafa stjórnvöld nánast þurrkað út. Skattfrjáls ráðstöfun séreignar vegna fyrstu kaupa og skattfrjáls ráðstöfun til greiðslu inn á höfuðstól fer að stærstum hluta til fólks í þremur efstu tekjutíundum. Tölur frá ASÍ sýna að 80% af þessum upphæðum fara til þeirra launahæstu. Pennan stuðning stjórnvalda þarf að taka út fyrir sviga, hann á ekki að bitna á öðrum úrræðum svo sem vaxtabótakerfinu. Þetta fer þó inn í nefnd og verður skoðað þar.

Mikilvægt er að breyta eigna- og tekjumörkum við úthlutun hlutdeildarlána til kaupa á fyrstu fasteign. Nú hafa aðeins um 700 slík lán verið veitt.

Efnahagur, kjör og skattar - Hörður Guðbrandsson

Hörður upplýsir að hann hafi verið formaður efnahags- og skattanefndar síðustu tvö ár og hyggist fara yfir fyrirbyggjandi tillögu miðstjórnar.

Alþýðusambandið stuðli að auknum jöfnuði og berjst fyrir því að koma áherslum og stefnu sambandsins í skattamálum á framfæri. ASÍ beiti sér fyrir því að reglur um reiknað endurgjald verði endurskoðaðar til að koma í veg fyrir tekjutilflutning og hvata til stofnunar einkahlutafélaga.

Breytingar á fjármagnstekjuskatti, auðlegðarskatti og erfðafjárskatti miði að því að jafna skattbyrði milli fjármagns og launa. Skattbyrði þeirra allra tekjuhæstu lækkar eftir því sem tekjur aukast vegna þess að fjármagnstekjur bera lægri skattbyrði en launatekjur.

Auðlindagjöld renni að hluta til þeirra byggða þar sem verðmætasköpunin á sér stað.

Skattefirlit verði stóreflt og skattyfirvöldum tryggðir fjármunir, mannaflí og þekking til að rannsaka og vinna úr flóknum málum. Tryggja þarf að skattayfirvöld hafi getu til að framfylgja reglum um CFC félag, milliverðlagningu og þunna eiginfjármögnun.

Tekin verði upp komugjöld á ferðamenn sem koma til landsins. ASÍ leggi í öllum málflutningi sínum áherslu á nauðsyn þess að grænum sköttum verði beitt til að ná megi markmiðum í loftslagsmálum með því að draga úr neikvæðum áhrifum efnahagslegrar starfsemi á umhverfið. ASÍ framkvæmi sjálfstæðar greiningar á áhrifum mismunandi loftslagsaðgerða á launafólk og kortleggi með hvaða hætti loftslagsaðgerðir geti stuðlað að bættum lífskjörum og auknum jöfnuði.

Opinber fjármál standi undir traustri velferð, sterku efnahagslífi og stuðli að jöfnuði.

ASÍ beiti sér fyrir í samstarfi við að stjórnvöld eflí heilbrigðisþjónustu um land allt; beiti sér fyrir eflingu tilfærslukerfa hins opinbera og eflingu húsnæðisstuðning; að fjárhæðir almanna- og atvinnuleysistrygginga og tilfærslukerfa rýrni ekki að raunvirði í núverandi verðbólgu ástandi. Dregið sé úr tekjutengingum í almannatryggingakerfinu og krónu á móti krónu skerðingar afnumdar.

Auka þarf möguleika fólks með skerta starfsgetu til atvinnuþátttöku. Auka þarf möguleika eldra fólks sem hefur vilja og getu til þátttöku á vinnumarkaði og skapa nauðsynlegan sveigjanleika við starfslok.

Jöfnuður er grundvöllur sterks efnahagslífs. ASÍ framkvæmi greiningar á ójöfnuði á Íslandi og með hvaða hætti stefnumótun hins opinbera hefur áhrif á jöfnuð í samfélaginu. Stuðlað verði að því að draga úr launabili innan fyrirtækja og stofnana, t.d. með því að launabil komi fram í ársreikningum. ASÍ þrýsti á um að hið opinbera framkvæmi greiningar á áhrifum loftslagsaðgerða

á mismunandi hópa samfélagsins og að þær greiningar liggi til grundvallar stefnumótun og ákvörðunum.

Hlutverk skattkerfisins er að stuðla að samfélagssátt, tryggja jöfnuð og leggja grunn að velferð þjóðarinnar. Alþjóðastofnanir telja sterk rök fyrir því að skattkerfinu sé beitt til að draga úr ójöfnuði. Ójöfnuður er ógn við lífsgæði, lífslíkur og heilsu fólks. Ójöfnuði er viðhaldið af óréttlátu skattkerfi sem skattleggur tekjur fjármagnseigenda og fjölþjóðafyrirtækja með öðrum hætti en launatekjur almennings. Óréttlátt skattkerfi, fjársveltur eftirlitsstofnanir og aðgerðarleysi stjórnvalda hafa búið til leiðir fyrir einstaklinga og fjölþjóðafyrirtæki að komast hjá þátttöku í fjármögnun samfélagsins. Alþýðusambandið hefur metið að hið opinbera verði fyrir 3-8 milljarða króna skatttekjum á ári vegna tekjutilflutnings þar sem launatekjur eru taldar fram sem fjármagnstekjur. Til viðbótar hefur starfshópur fjármálaráðuneytisins metið að skattaundanskot geti numið hundruðum milljarða eða á bilinu 3-7% af vergri landsframleiðslu ár hvert.

Opinber fjármál og traust velferð eru grundvöllur stöðugs efnahagslífs Í dag er kerfislægur halli á afkomu hins opinbera ásamt því að samfélagsinnviðir eru vanfjármagnaðir. Á sama tíma hafa skattar verið lækkaðir á hina tekjuhæstu í samfélaginu með lækkun bankaskatts, litlum veiðigjöldum, afnámi auðlegðarskatts og hækkun frítekjumarks fjármagnstekna. Þannig hafa aðgerðir stjórnvalda veikt þann grunn sem traust velferðarsamfélag stendur á.

Afleiðingar Covid-19 hafa dregið fram mikilvægi öruggs heilbrigðiskerfis, traustra velferðarstoða, tryggjar afkomu og félagslegs öryggisnets. Það veikir þessar grunnstoðir að skattar hafa verið lækkaðir á þá sem mest hafa milli handanna og að samfélagið verði af hundruðum milljarða ár hvert vegna undanskota og skattasniðgöngu. Réttlátt skattkerfi mun einnig leika lykilhlutverk í að fjármagna velferðarkerfi sem getur mætt afleiðingum Covid-19 og þeim gríðarlegu áskorunum sem felast í loftslags- og tæknibreytingum.

Tvö meginskilyrði þess að stöðugleiki ríki í efnahagsmálum þjóðarinnar eru traust staða opinberra fjármála og vel fjármagnað velferðarkerfi. Skattlagning þarf að endurspeglar í auknum mæli ábyrgð atvinnuvega og atvinnulífs á útlosun gróðurhúsalofttegunda. Hún þarf að virka sem hvati um leið og hún undirstrikar þá ríku skyldu atvinnuvega og atvinnulífs að draga úr útlosun. Greiningar hins opinbera á áhrifum loftslagsaðgerða á hina ýmsu samfélagsþópa þurfa að liggja til grundvallar stefnumótun, ákvörðunum og aðgerðum. Kostnaðar- og ábatagreining loftslagsaðgerða þarf að taka til samfélagslegra áhrifa en ekki eingöngu efnahagslegra þátta. Í þeim tilvikum sem íþyngjandi aðgerðum, svo sem gjaldtöku og skattlagningu, er beitt til að áhrif á hegðun, þarf jafnan að tryggja að almenningur hafi raunhæfa möguleika á að breyta

hegðun sinni. Hinu opinbera ber að tryggja að nauðsynlegir innviðir séu til staðar sem styðja við breytta hegðun. Gagnsæi þarf að ríkja um þær forsendur sem liggja að baki stefnumótun hins opinbera í loftslagsmálum, um beitingu stjórnækja hins opinbera í loftslagsmálum og þær fjármagnstílfærslur sem af þeim leiða. Mikilvægt er að kröfu um opinberar greiningar áhrifa loftslagsaðgerða á hina ýmsu samfélagshópa verði fylgt eftir af þunga. Um leið þarf að leggja áherslu á að loftslagsaðgerðir reynist fallnar til að draga úr félagslegu óréttlæti, stuðli að auknum jöfnuði og bæti lífskjör fólksins í landinu.

Hörður nefnir einnig samfélagsbanka og tryggingamál. Rætt hafi verið um að breyta Landsbanka í samfélagsbanka eða stofna slíkan banka frá grunni. Einnig hafi verið viðraðar hugmyndir um að setja tryggingar inn í lághagnaðarðrifinn banka eða bjóða þær út, jafnvel á Evrópska efnahagssvæðinu. Þetta verði tekið til umræðu á þinginu og kveðst Hörður hlakka til að taka þátt í þeirri vinnu.

Tillaga til þings

Finnbogi Sveinbjörnsson, Verkalýðsfélagi Vestfirðinga, gerir grein fyrir tillögu sem átta stéttarfélög innan Starfsgreinasambands Íslands leggja fram til að ná fram lækkuðum tryggingagjöldum fyrir félagsmenn. Finnbogi segir það eitt af verkefnum stéttarfélaga að tryggja að það sem eftir er í buddunni dugi til framfærslu. Þetta sé mikilvægt atriði sem aldrei hafi verið tekið á með samræmdum hætti á vettvangi Alþýðusambandsins. Finnbogi telur tímabært að láta tryggingafélögin sýna spilin, hvort þau séu tilbúin að bjóða bætt kjör. Hann minnir á að eitt af stærstu verkefnum í komandi kjaraviðræðum verði að auka kaupgetu félagsmanna. Mikil fákeppni ríki á tryggingamarkaði. Bifreiða-, húsnæðis- og slysatryggingar hafa hækkað langt umfram verðlag. Í ljósi þessa leggja félögin til „að ASÍ hafi frumkvæði að því að gerður verði allsherjarsamningur við íslensku tryggingafélögin um hagkvæmar heimilis- og ökutækjatrýggingar fyrir félagsmenn innan ASÍ og að tillögunni verði vísað til viðeigandi nefndar þingsins til afgreiðslu.“

Undir tillögunna rita:

Finnbogi Sveinbjörnsson og Bergvin Eypórsson, Verkalýðsfélagi Vestfirðinga, Vignir Smári Maríasson, Verkalýðsfélagi Snæfellinga, Þórarinn Guðni Sverrisson, Öldunni, stéttarfélagi, Halldóra Sigríður Sveinsdóttir, Báranni, stéttarfélagi, Hrund Karlsdóttir, Verkalýðs- og sjómannafélagi Bolungarvíkur, Guðný Óskarsdóttir, Drífandi stéttarfélagi, Magnús Sigfús Magnússon, Verkalýðs- og sjómannafélagi Bolungarvíkur og Guðrún Elín Pálsdóttir, Verkalýðsfélagi Suðurlands.

Framtíð vinnumarkaðarins - Guðrún Elín Pálsdóttir

Guðrún Elín gerir grein fyrir tillögu um framtíð vinnumarkaðar og hefur Auði Ölfu Ólafsdóttur, frá skrifstofu ASÍ, sér til aðstoðar.

Guðrún Elín fjallar um breyttar áherslur umhverfis- og neytendanefndar nefndarinnar sem lýsi sér í aukinni áherslu á réttlát umskipti. Góður tími nefndarfólks hafi farið í að fjalla um réttlát umskipti, vinnumarkaðsmál, efnahags, og skattamál og auk menntamála. Réttlát umskipti eru sem rauður þráður sem tengir þessa efnisþætti.

Loftslagsbreytingar af mannavöldum er ein stærsta áskorun samtímans og mun hafa víðtækar afleiðingar á samfélög, efnahag, atvinnu, lífskjör og afkomu almennings um allan heim og er Ísland þar ekki undanskilið. Áhrif loftslagsbreytinga eru nú þegar komin fram og munu versna til muna ef ekkert verður að gert. Þrátt fyrir að áhrif loftslagsbreytinga verði mest í fátækari löndum munu Íslendingar ekki komast hjá afleiðingum þeirra. Ekki er ljóst hvernig loftslagsbreytingar munu hafa áhrif á atvinnuvegi hér á landi en vitað er að súrnun sjávar mun að öllum líkingum skaða íslenskan sjávarútveg og munu áhrifin að öllum líkindum koma fyrir fram á íslenskum hafsvæðum en annars staðar.

Aðrar áskoranir sem atvinnulífið um heim allan stendur frammi fyrir eru breytingar á skipulagi vinnunnar vegna nýrrar tækni og tækniþróunar. Hraðar tæknibreytingar, vöxtur tengihagkerfisins, sjálfvirkni- og gervigreindarvæðing og aukin fjármálavæðing eignarhalds fyrirtækja hafa vaxandi áhrif á stöðu launafólks og störf stéttarfélaganna um heim allan. Samhliða því að treysta stöðu launafólks í þessum breytingum þarf að tryggja að sá ábati, sem verður af tækni framförum og aukinni framleiðni, renni til launafólks og samfélagsins alls en ekki bara til fyrirtækja. Áhrif tækniþróunar á vinnumarkað eru ekki ný af nálinni en aukinn hraði breytinga kallar á að verkalýðshreyfingin sé vakandi fyrir þessari þróun. Það er grundvallaratriði að ný tækni og breyttir atvinnu- hættir þjóni hagsmunum alls launafólks.

Loftslags- og tæknibreytingar munu breyta samsetningu starfa á vinnu- markaði. Störfum mun fækka í sumum atvinnugreinum en fjölga í öðrum og er sú þróun þegar byrjuð. Þá mun fjárfesting og tekjutilfærslur, í formi skatta og ívilnana, tengdum aðgerðum í loftslagsmálum auk annarra aðgerða, koma til með að hafa víðtæk áhrif á hagsæld, velferð, lífskjör og jöfnuð. Til að yfir- standandi og yfirvofandi samfélagsbreytingar verði til góðs og þjóni hagsmun- um launafólks og almennings verða þær að grundvallast á hugmyndafræðinni um réttlát umskipti.

Hvað eru réttlát umskipti og um hvað snúast þau?

Í hnotskurn má segja að réttlát umskipti snúist um að hámarka efnahagslegan, samfélagslegan og umhverfislegan ávinning af loftslags- og

tæknibreytingum og lágmarka neikvæð áhrif breytinganna á almenning og launafólk.

Hugmyndafræðin um Réttlát umskipti gengur þannig út á að tryggja réttindi og lífsviðurværi fólks í gegnum þær breytingar sem verða á samfélaginu vegna loftslags- og tæknibreytinga.

Réttlát umskipti snúast þannig um að tryggja að stefnumótun og aðgerðir vegna loftslags- og tæknibreytinga byggi á réttlæti og jöfnuði og að ávinningi af breytingum á samfélagi og efnahag vegna breytinganna sé skipt með réttlátum hætti. Réttlát umskipti fela í sér að ná markmiðum okkar í loftslagsmálum, nýta tæknipróun og hugvit og byggja upp sjálfbært og réttlátt hagkerfi, atvinnulíf og vinnumarkað á sama tíma.

Loftslagsáhrif og þær mótvægisáðgerðir sem ráðist verður í til að draga úr útlosun gróðurhúsalofttegunda og stemma stigu við loftslagsbreytingum geta haft og munu hafa með sér í för ýmis hliðaráhrif sem geta verið ýmist jákvæð eða neikvæð. Þetta á ekki síður við um tæknipróun og sjálfvirknivæðingu sem hefur nú þegar sett mark sitt á samfélagið. Breytingarnar munu koma til með að hafa mismunandi áhrif á mismunandi samfélagshópa og munu tekjur, búseta og aðrir þættir spila þar inn í. Breytingarnar geta ýtt undir ójöfnuð eða viðhaldið ójöfnuði en ef rétt er haldið á málum geta breytingarnar skilað ábata fyrir samfélagið og almenning allan. Með því að nálgast aðgerðirnar sem tækifæri til breytinga er hægt að auka jöfnuð, ýta undir velferð og bæta lífskjör í samfélaginu. Það hvernig stefnumótun fer fram, hvaða aðgerðir verður ráðist í og hvernig, mun ráða því hver útkoman verður.

Þær breytingar sem eru fram undan á vinnumarkaði, efnahagskerfinu og þjóðfélaginu öllu skapa tækifæri til að endurhugsa, endurskilgreina og endurhanna grunnstoðir samfélagsins og samfélagsgerðina þannig að það skili okkur réttlátara, jafnara og betra samfélagi en ekki bara annarri, umhverfisvænni og tæknivæddari útgáfu af sama samfélagi.

Réttlát umskipti hafa margar hliðar og má segja að réttlætiskrafan sé marglaga. Fyrir það fyrsta felast réttlát umskipti í réttlátri málsmeðferð, þ.e. að samráð sé haft við launafólk og almenning og að verkalýðshreyfingin sé þátttakandi í kerfisbreytingunum og komi að allri stefnumótun og áætlanagerð sem tengist þeim.

Réttlát umskipti felast einnig í réttlátri dreifingu gæðanna, þ.e. að kostnaði og ávinningi og tækifærum, og byrðum sé dreift á réttlátan og sanngjarnan hátt. Viðurkenningarréttlæti felst í að horfast þarf í augu við og viðurkenna núverandi ójöfnuð og óréttlæti en einstaklingar, heimili og samfélög, sem verða fyrir verstum áhrifum af loftslags- og tæknibreytingum og aðgerðum þeim tengdum, hafa nú þegar orðið undir í því efnahagskerfi og þjóðskipulagi sem er við lýði í dag. Síðast en ekki síst felst réttlætið í að þær aðgerðir sem

verður ráðist í verði til þess fallnar að bæta úr því tjóni sem fyrri og núverandi ójöfnuður hefur leitt af sér.

Til að varpa ljósi á í hverju réttlát umskipti felast getur verið hjálplegt að skoðar raunveruleg dæmi um andstæðu réttláttra umskipta.

Skýrt og þekkt dæmi um eitthvað sem myndi teljast vera andstæða réttláttra umskipti eru mótmæli Gulu vestanna eða Gulvestunga í Frakklandi árið 2018. Mótmæli brutust út eftir að ríkisstjórn Frakklands hækkaði skatta á bensín í nafni umhverfissjónarmiða. Hópur fólks sem bjó í úthverfum Parísar og þurfti að keyra langar vegalengdir til vinnu mótmælti skattahækkunum harðlega. Þrátt fyrir að hækkun bensínskatta hafi verið kveikurinn að mótmælunum snerust mótmælin ekki síður um efnahagslegan ójöfnuð og óréttlæti í víðara samhengi. Á sama tíma og frönsk stjórnvöld kynntu hækkunir á bensínsköttum átti að ráðast í breytingar á vinnulöggjöf sem átti að skapa fyrirtækjum meira svigrúm auk þess sem lækka átti auðlegðarskatt.

Ef við færum okkur heim er nærtækt að bera saman loftslagsaðgerðir sem stjórnvöld beina að íslenskum sjávarútvegi annars vegar og almenningi og launafólki hins vegar. Kolefnisskattar hafa hækkað mikið á síðustu árum en kolefnisskattar á Íslandi eru með þeim hæstu í heiminum. Fleiri gjöld tengd bensínbifreiðum hafa verið hækkuð á undanförunum árum auk þess sem það stendur til að leggja á veggjöld eða vegtolla sem er flatur skattur og kemur verst niður á lægri tekjuhópum.

Á sama tíma fá stór fyrirtæki í sjávarútvegi sem hagnast um milljarða á ári hverju, styrki frá hinu opinbera til að draga úr mengun og undanþágu af greiðslu gjalda sem snúa að úrgangsmálum. Réttlát umskipti snerta sjávarútveginn á marga vegu en vegna sjálfvirknivæðingar hefur störfum í sjávarútvegi fækkað. Þá er hagnaður atvinnugreinarinnar mikill og gagnrýnt hefur verið hversu lág auðlindarenta greinarinnar er og hversu litlu greinin skilar til samfélagsins af nýtingu þessarar sameiginlegu náttúruauðlindar.

Réttlát umskipti eru tiltölulega stutt á veg komin hér á landi og um heim allan. Þó má finna ýmis nýleg raunveruleg dæmi um útfærslu og framkvæmd réttláttra umskipta. Sem dæmi má nefna loftslagssjóði sem notaðir eru til að fjármagna nýsköpun og sköpun grænna starfa. Þá hafa réttlát umskipti verið leiðarljós í aðgerðum fyrirtækja sem starfa í mengandi iðnaði eins og kolavinnslu. Þannig hefur starfsfólk slíkra fyrirtækja sem hefur misst vinnuna vegna breytinga á starfsemi slíkra fyrirtækja hlotið endurmenntun og/eða verið aðstoðað af fyrirtækinu við að fá önnur störf auk þess sem eldri starfsmenn hafa fengið að flýta starfslokum.

Réttlát umskipti eru margþætt og marglaga en nauðsynlegt er að horfa á heildarmyndina og átta sig á samlegðaráhrifum og fórnarkostnaði þvert á málefni, geira, atvinnugreinar og samfélagshópa við útfærslu og framkvæmd

aðgerða. Á þessari glæru má sjá dæmi um hvernig réttlát umskipti geta litið út og hvernig tengja má aðgerðir og ná fram jákvæðum samlegðaráhrifum. Sem dæmi mætti nýta skatta á mengun frá stórfyrirtækjum eða hvalrekaskatt til að fjármagna nýsköpun og sköpun góðra grænna starfa og byggja upp innviði, t.d. samgönguinnviði sem styðja við markmið í loftslagsmálum og lækka á sama tíma útgjöld hemilanna og bæta þannig lífskjör.

Það skiptir sköpum að verkalýðshreyfingin beiti sér í yfirstandandi breytingum. Réttlát umskipti bjóða upp á mörg tækifæri til að ná félagslegum markmiðum og geta unnið gegn núverandi ójöfnuði og misrétti. Launafólk og almenningur á mikið undir því að rétt sé staðið að málum og að verkalýðshreyfingin sé leiðandi í kerfisbreytingunum.

Þær áherslur sem liggja fyrir þinginu í tengslum við framtíð vinnumarkaðar eru til þess fallnar að marka leið hreyfingarinnar fram á við með réttlát umskipti að leiðarljósi. Áherslurnar eru af ýmsu tagi en þær miða að því að skapa aðstæður fyrir sköpun góðra grænna starfa um land allt, störfum sem standa undir góðum lífskjörum. Þó mikil áhersla sé lögð á réttlát umskipti í tengslum við framtíð vinnumarkaðar á þessu þingi má einnig finna fjölmargar áherslur í anda réttláttra umskipta í öðrum málefnanefndum á þinginu.

Jafnrétti og menntun - Kristján Þórður Snæbjarnarson

Kristján Þórður kveðst ætla að renna yfir málefni er varða menntanefnd þ.e. jafnréttis- og menntamál. Hann hvetur fulltrúa til að skoða skjölin á vefnum.

Sterk verkalýðshreyfing þrýstir á aukið jafnrétti í hvívetna. Það er víða pottur brotinn þegar kemur að jafnrétti á vinnumarkaði. Ógagnsæi er víða og úrræðaleysi einkennir kerfið í tilraunum til úrbóta.

Kristján Þórður ræðir brýn umbótamál. Hreyfingin þurfi að taka þátt með öðrum aðilum vinnumarkaðarins og stjórnvöldum í markvissum aðgerðum til að leiðrétta kerfisbundið vanmat á störfum þar sem konur eru í meirihluta. Þróunarverkefni verði komið á fót með það að markmiði að skapa verkfæri sem fangar jafnvirðisnálgunina. Þróa þurfi samningaleið um jafnlaunakröfur, byggja upp þekkingu, standa fyrir vitundarvakningu.

Setja beri á laggirnar þolendamiðað úrræði fyrir launafólk sem orðið hefur fyrir kynferðislegu áreitni/ofbeldi í vinnutengdu umhverfi og sameiginlegt fagråd verkalýðshreyfingarinnar sem tekur á móti málum þar sem félagslega kjörnir fulltrúar eru meintir grendur.

Stofna þurfi vettvang kvenna í verkalýðshreyfingunni þar sem konur vinna að málefnum sem þær varðar. Vettvangurinn styðji við tengslanet kvenna í hreyfingunni með varanlegum hætti og styrki konur til áhrifa innan hreyfingarinnar.

Leitast skuli við að kortleggja stöðu kvenna í láglaunastörfum, með sérs-

taka áherslu á konur af erlendum uppruna. Kanna beri að hvaða marki konur af erlendum uppruna vinna störf sem samræmast menntun þeirra til að vekja athygli á vannýttir þekkingu kvenna.

Miklar breytingar hafa orðið og munu verða á vinnumarkaði samfara örri tækniþróun, nýsköpun og áhrifum loftlagsbreytinga. Þessar breytingar fela í sér nýjar samfélagslegar áskoranir og tækifæri fyrir einstaklinga, fyrirtæki og samfélagið allt. Það er mikilvægt að menntakerfið endurspegli þessa þróun og tryggi að einstaklingar geti uppfært þekkingu sína og færni eftir þörfum. Eitt helsta verkefni okkar er að tryggja að allir, óháð búsetu og öðrum félagslegum þáttum, hafi jafnan aðgang að menntun.

Allir á vinnumarkaði skulu njóta á jafnan hátt góðs af áhrifum nýrrar tækni og geti aðlagast breyttum vinnumarkaði. Í umfjöllun menntanefndir segir að:

Tryggja beri aðgengi allra að námi, óháð búsetu og efnahag.

Kortleggja þurfi menntakerfið í heild m.t.t. námsframboðs, markhópa og fjármögnunar.

Auðvelda eigi viðurkenningu á færni og menntun innflytjenda með formlegum hætti .

Efla eigi starfsmenntun á öllum skólastigum og tryggja að nemendur verk- og iðngreina geti lokið námi, í samfellu.

Auka beri framboð símenntunar með þarfir einstaklinga og framtíðar vinnumarkaðar í huga.

Tryggja beri að sí- og endurmenntun styðji við þróun vinnumarkaðarins í átt að sjálfbærara hagkerfi.

Leggja þurfi áherslu á þekkingu og færni sem nýtist atvinnulífi og einstaklingum í framtíðinni.

Tryggja skuli að nýsköpun og frumkvöðlahugsun verði meðal helstu markmiða menntakerfisins.

Tryggja eigi að allir á vinnumarkaði njóti til jafns jákvæðra áhrifa nýrrar tækni og loftlagsbreytinga á atvinnulífið.

Auka þurfi aðgengi starfsmenntaðra að háskólum m.a. með formlegu fagháskólastigi.

Tryggja beri aðgengi að raunfærnimati á videigandi skólastigum og námi/þjálfun í framhaldi. - Raunfærnimat er eitt öflugasta tækið sem þróað hefur verið til að meta færni fólks á vinnumarkaði og jafnframt hvetja til frekara náms. Ásamt því að efla raunfærnimat á mörgum sviðum er einnig mikilvægt að tryggja þróun fagháskólastigs sem eykur aðgengi starfsmenntaðra að háskólanámi.

Að auki nefnir Kristján Þórður þátttöku í kortlagningu menntakerfis um framtíðarskipulag heildstæðs menntakerfis sem nær til bæði formlegrar og óformlegrar menntunar.



Gera beri nám, sí- og endurmenntun, aðgengilegt öllum, óháð búsetu, með t.d. gagnvirku rafrænu námi.

Vinna eigi að því að tryggja að námsframboð endurspegli þarfir einstaklinga og atvinnulífs.

Prýsta beri á að stjórnvöld komi sérstaklega til móts við þá sem búa fjarri menntastofnunum, og hafa takmarkað aðgengi að námi í sinni heimabyggð, og horfa sérstaklega til þarfa innflytjenda og annarra viðkvæmra hópa.

Unnið skuli að því að allir hafi aðgengi að úrræði til að bæta og þróa færni til að geta skipt um störf og starfsvettvang.

Tryggja beri jöfn tækifæri fyrir alla og draga úr ójöfnuði og starfsháttum sem ala á mismunun.

Vinna eigi að því að því að menningarlegur margbreytileiki og kynjajafnrétti verði viðurkennt á vinnumarkaði.

Standa þurfi vörð um jafnt aðgengi allra að sí- og endurmenntun.

Tryggja beri nægilegt framboð á starfsnámi á framhaldsskólastigi og auka þarf verulega fjármagn til Vinnustaðanámssjóðs til að tryggja betri nýtingu sjóðsins og stöðu þeirra sem eru á námssamningum.

Styðja eigi við atvinnulíf sem byggir á heilbrigðum vinnumarkaði, réttlátum umskiptum, sjálfbærni, frumkvæði og nýsköpun.

Kristján Þórður vekur einnig athygli á þingskjali 10 þar sem fjallað er sérstaklega um málefni fólks af erlendum uppruna. Í því er m.a. lögð áhersla

á að verkalýðshreyfingin þjónusti allt félagsfólk jafnt, burtséð frá tungumáli eða bakgrunni. Í þjónustu sé ávallt haft í huga og tekið tillit til þess að hluti launafólks er ekki íslenskumælandi og býr ekki yfir þekkingu á íslenskum vinnumarkaði og samfélagi. Starfsfólk verkalýðshreyfingarinnar og félagslega kjörnir fulltrúar hennar, þar á meðal trúnaðarmenn, endurspeglir fjölbreytta samsetningu launafólks. Í allri fræðslu á vegum hreyfingarinnar sé sérstaklega hugað að jöfnu aðgengi allra, einnig þeirra sem ekki eru íslenskumælandi eða hafa ekki þekkingu á íslenskum vinnumarkaði. Fólk af erlendum uppruna eigi rödd í hreyfingunni og sjónarmið og hagsmunir þess séu sjálfsagður hluti í baráttu hreyfingarinnar fyrir bættum kjörum.

Kjaramál og vinnumarkaður - Finnbofi Sveinbjörnsson

Finnbofi biður þingheim að rísa á fætur því þingforseti eigi afmæli. Afmælisöngur er sunginn og þreflat húrpað afmælisbarninu til heiðurs.

Finnbofi vekur athygli á þingskali 12 sem geymir tillögur miðstjórnar í kjaramálum og málefnum vinnumarkaðar.

Finnbofi segir hreyfinguna standa á ákveðnum tímamótum og á tímum sem þessum þurfi launafólk að standa saman. Hætta á brotum gegn réttindum launafólks hafi aukist. Á sama tíma og margir hafi talið að COVID-faraldurinn myndi kenna fólki að slaka á, hafi hið gagnstæða gerst. Krafan sé um að starfsfólk hlaupi hraðar, afkasti meiru. Horfa þurfi innávið, styrkja stóðir vinnumarkaðar, veita stjórnvöldum aðhald og krefjast þess að staðið verði við loford. Finnbofi minnir á svikin loford stjórnvalda um aðgerðir við gerð síðustu kjarasamninga og nefnir aðgerðir, gegn kennitölulflakki og vinnumarkaðsbrotum, aukið samstarf aðila og aukna aðstoð við fórnarlömb vinnumansals.

Persónuleg ábyrgð atvinnurekenda sé lítil sem engin og hljóti það að vera eitt helsta markmið hreyfingarinnar og stjórnvalda að stuðla að heilbrigðum vinnumarkaði. Til þess þurfi fræðslu, sýnileika og aðstoð. Huga þurfi sérstaklega að hópum sem verða einkum fyrir brotum, þrýsta á umbætur á löggjöf, halda uppi kröftugu vinnustaðaeftirliti sem hafi ótvírætt forvarnargildi. Huga þurfi að breytingum á lögum um vinnustaðaeftirlit. Hreyfingin þurfi að mynda samstöðu um hversu langt skuli ganga í fjölgun starfsgreina sem vinnustaðaeftirlit nær yfir.

Huga þurfi að þeim hópum sem standa utan félaga hér þrífist mansal og misbeiting. Þetta fólk standi oft utan félaga, neyðin og þörfin sé mikil og hafa beri í huga að iðulega sé fyrsti viðkomustaður í slíkum málum nálægt stéttarfélagi. Hreyfingin þurfi að kanna hvernig og hvort skuli aðstoða þessa hópa í auknum mæli.

Fleira þurfi að vakta enda samfélagið í sífelldri þróun og hreyfingin þurfi að vera á varðbergi. Fylgjast þurfi grannt með hvort reglum sé fylgt eða hvort

þörf sé fyrir reglubreytingar. Breytingar þurfi að skila jákvæðum áhrifum, styttri vinnuviku og öðrum hagstæðum áhrifum á líf fólks og lífsgæði. Finnbogi nefnir aukinn frítíma og stuðning við fjölskyldulíf.

Finnbogi vîkur máli að fjarvinnu og segir ekki algilt að hún veiti aukinn sveigjanleika. Margt sé að sönnu jákvætt við fjarvinnu en óháð því þurfi að tryggja að hún hafi ekki áhrif á búsetu launafólks og umhverfi þess. Þarna séu áskoranir fyrir hreyfinguna og aðra góða aðila. Erfitt sé að gera kröfur um aðgang að heimilum til að tryggja öryggi starfsfólks. Vafamál geti komið upp um ábyrgð og sönnun og þá þurfi að huga að tækjabúnaði sem otaður er við fjarvinnu.

Finnbogi heldur því fram að vakta þurfi þróun fjarvinnu á vinnumarkaði og greina þörf á úrbótum. Skil fjölskyldulífs og vinnu verði veikari, fólk fari að taka að sér vinnu utan vinnutíma, það sé líklegra til að sinna veikum börnum á sama tíma og það vinnur. Kröfur frá yfirmönnum samstarfsfólki skipti þar miklu.

Stuðla beri að rétti til aftengingar. Mikilvægt sé vinna áfram að vinnutíma-stytingu og tryggja að allir njóti hennar; einnig vaktavinnufólk og þau sem vinni störf sem krefjast viðveru.

Finnbogi vîkur að mikilvægi þess að samfélagskerfið tryggi framfærslu og tækifæri til virkni og starfa. Grunnbætur atvinnulausra séu 85% af lægstu launum. Sú framfærsla sé augljóslega erfið. Ekkert styðji alhæfingar þess efnis að bætur þurfi jafnan að vera lægri en lægstu laun á vinnumarkaði. Huga þurfi sérstaklega að ungu fólki og langtímaatvinnulausum. Tryggja beri að vinnuleit leiði til góðra ráðningarsambanda og að ríkjandi lagaumhverfi þurfi að tryggja að kraftar nýtist sem best. Tryggja þurfi grundvallarlöggjöf um réttindi og skyldur launafólks og atvinnurekenda á vinnumarkaði og samskipti stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins við að verja og þróa frekar heilbrigðan vinnumarkað. Þörf sé á öflugum eftirlit á vinnumarkaði til að sporna við brotum á lögum og kjarasamningum og misneytingu launafólks. Launaþjófnaður verði að sæta refsingum. Krafa verkalýðshreyfingarinnar sé að tæknibreytingar og breytingar á atvinnuháttum leiði til bættis vinnuumhverfis og lífskjara launafólks. Tryggja þurfi að uppbrot ráðningarsambanda, óregluleg vinna og óhefðbundin ráðningarsambönd, leiði ekki til kjaraskerðingar vinnandi fólks.

Skýrsla forseta

Kristján Þórður Snæbjarnarson, forseti ASÍ

„Kæru félagar.

Venju samkvæmt er skýrsla forseta um starf ASÍ komin út - þið finnið hana í stafrænni útgáfu í þingskjölunum. Þetta er talsvert rit, rúmlega 370 síður og í

Því er að finna mikinn fróðleik auk þess sem það endurspeglar vel þróttmikið starf á vettvangi Alþýðusambandsins. Við þekkjum öll stöðuna sem hefur verið og er skýrslan að mestu leyti að fjalla um tímabil fyrri forseta, Drifu Snædal, en eins og þið vitið þá sagði hún af sér sem forseti ASÍ 10. ágúst síðastliðinn. Frá þeim tíma hef ég sinnt embættinu við fordæmalausar aðstæður í okkar samtökum þegar skammur tími var til þings og ljóst var að hlaupa þyrfti töluvert hraðar við undirbúning þessa þings. Reynslumikið starfsfólk hefur staðið vaktina og hefur skipulagt þetta þing af miklum sóma og er ég afskaplega þakklátur fyrir þeirra störf.

Ég mun fara nokkur helstu mála og geri það af bestu getu.

Horft yfir síðustu tvö ár stendur upp úr sú mikla truflun sem COVID-veirufaraldurinn olli. Ég veit að ástæðulaust er að fjölyrða um hann. En ég tel einnig að ákveðin afrek hafi verið unnin í félögunum, samböndunum, miðstjórn og á skrifstofu ASÍ við að halda starfsemi gangandi. Skýrslur síðustu tveggja ára leiða það glögglega í ljós. En jafnframt vitum við öll að þetta ástand var erfitt; við þekkjum öll hversu mikilvæg félagslega hliðin er í öllu okkar starfi, samveran, samtölin, fundirmir, kaffibollarnir, spjallið og síðast en ekki síst krafturinn sem við skynjum í samstöðunni. Þess vegna fögnum við nú sérstaklega að fá loksins tækifæri til að koma saman í raunheimum – og ekki er vanþörf á, kjarasamningar að losna og mikil óvissa uppi eftir innrás Rússa í Úkraínu sem vafalítið á eftir að hafa mótandi áhrif á umhverfi okkar um mörg ókomin ár.

Ég staldra fyrst við 44. þing ASÍ. Þann 21. október 2020 var 44. þing Alþýðusambands Íslands sett rafrænt. Sökum samkomutakmarkana vegna heimsfaraldurs COVID var ekki unnt að halda þingið í raunheimum. Líkt og fram kemur í skýrslu forseta frá 2021 var á þinginu samþykkt lagabreytingatillaga miðstjórnar sem laut að fjölgun varaforseta úr tveimur í þrjá. Þá fór fram kjör í embætti. Sökum ríkjandi ástands og samkomutakmarkana var málefnavinnu frestað til framhaldsþings sem áformað var að halda í maí-mánuði 2021. Það reyndist ekki unnt af framangreindum ástæðum og var framhaldsþinginu enn frestað til 8.- 9. september 2021. Á fundi sínum 18. ágúst 2021 samþykkti miðstjórn ASÍ að leggja til að frekari þingstörfum yrði aflýst og þinginu þess í stað slitið.

Miðstjórn samþykkti einnig á fundinum 18. ágúst þá tillögu að þingfulltrúar ASÍ yrðu kallaðir saman til fjarfundar í september til þess eins að taka afstöðu til tillögu miðstjórnar um að slíta 44. þingi ASÍ. Framhaldsþingið fór fram 9. september og stóð það í 50 mínútur.

Þannig gafst ekki færi á að sinna málefna- og stefnumótunarvinnu á 44. þinginu. Hins vegar hafa málefnanefndir unnið fínt starf og fyrir þinginu nú liggja ítarleg stefnumótunarskjöl í öllum helstu málaflokkum.



Við skulum einnig minnst þess að stefnumótun á vettvangi ASÍ hafði mikil áhrif á viðbrögð stjórnvalda við COVID-faraldrinum. Við lögðum þunga áherslu á að tryggja afkomu fólks og viðhalda ráðningarsamböndum og við börðumst fyrir hækkan atvinnuleysisbóta og lengingu tekjutengdra bóta. Við getum horft stolt til baka til þessa erfiða tímabils í lífi þjóðarinnar.

Eins og ég kom inn á í ávarpinu áðan þá ákváðum við að verja kjarasamningana. Atvinnurekendur óskuðu eftir því að við féllum frá hagvaxtaraukanum. Það töldum við ekki koma til greina. Svo fór að atvinnurekendur lýstu því yfir að þeir myndu ekki láta reyna á forsendubrest og því stæðu samningarnir með hagvaxtaraukanum. Nú stöndum við frammi fyrir raunverulegum forsendubresti vegna verðbólgu og vaxtahækkana sem hefur í för með sér að enn á ný þurfum við að sækja fram til að tryggja kaupmáttinn.

Ekki náðist sátt um frumvarp til starfskjaralaga innan Alþýðusambandsins og lög gegn kennitölufлакki náðu ekki fram að ganga. Hins vegar tókst að fá stjórnvöld til að leggja fram og samþykkja breytt lög um lífeyrismál sem með lögbundnu 15,5% framlagi í lífeyrissjóði.

Í skýrslu forseta er komið inn á verkefnið „Það er nóg til“ - átakið sem við blésum til Í aðdraganda alþingiskosninganna 25. september 2021. Tilgangur þess var að gera Alþýðusambandinu kleift að koma áherslumálum sínum vegna alþingiskosninganna á framfæri. Þrátt fyrir margvíslega erfiðleika vegna COVID-faraldursins sem m.a. hafði í för með sér að landsfundum og þingum stjórn málaflókka var frestað - að ógleymdu eldgosu á Reykjanesi sem fangaði huga landsmanna – fer ekki á milli mála að átakið skilaði fínum

árangri og miðstjórnarfolk lýsti yfir ánægju með þetta framtak að því afstöðnu.

Ég vil einnig nefna Bjarg-íbúðafélag sem náð hefur ‘eftirtektarverðum árangri og þann tímamótasamning um samstarf Bjargs og Blæs sem undirritaður var í maímánuði í ár. Samningurinn felur í sér að Blær mun geta nýtt reynslu og þekkingu Bjargs til að stíga næstu skref í þeirri mikilvægu uppbyggingu verkalýðshreyfingarinnar sem miðar að því að skapa launafólki öruggt húsaskjól á viðráðanlegu verði.

Þá hefur Varða-rannsóknastofnun vinnumarkaðarins haldið uppi öflugri starfsemi sem eftir hefur verið tekið. Kannanir Vörðu á stöðu launafólks á Íslandi hafa vakið verðskuldaða athygli enda hafa niðurstöðurnar íðulega verið sláandi. Þá vil ég nefna könnun Vörðu á stöðu fatlaðs fólks fyrir Öryrkjabandalag Íslands sem leiddi í ljós skelfileg kjör þessa þjóðfélagshóps. Og loks vil ég nefna til sögu rannsóknarverkefni Vörðu fyrir stéttarfélag innan ASÍ og BSRB sem almenn ánægja ríkir með.

Varða er geysilega öflugt tæki fyrir launafólk í landinu og ég er viss um að öll bindum vonir við að áfram verði haldið af sama krafti.

Í skýrslu þessa árs og þeirrar frá í fyrra má lesa um það starf sem fram fer á vettvangi ASÍ á sviðum umhverfismála, verðlagseftirlits, félags- og vinnumarkaðsmála, vinnustaðaeftirlits og menntunar og fræðslu. Þá geyma skýrslurnar mikinn fróðleik um efnahagsmál, kjaramál, lífeyrismál og húsnæðismál auk þess sem fræðast má um erlend samskipti og starfsemi ASÍ-UNG. Ég vek einnig athygli á umsögnum um lagafrumvörp sem eru mjög upplýsandi fyrir okkur öll sem störfum innan hreyfingarinnar og helstu málum sem verið hafa á dagskrá miðstjórnar auk ályktana hennar.

Að auki er að finna í skýrslunum reikninga ASÍ og stofnana.

Ég vil að lokum vekja athygli á þeim verkefnum sem við höfum unnið að saman á undanförunum vikum en við höfum átt dýpra samtal inn á við sem ný forysta þarf að viðhalda fram á við. Samráð, samtal og samstarf skipta miklu fram á við og sérstaklega á tímum þegar kjarasamningar eru lausir.

Kæru félagar

Skýrsla forseta er hér lögð fram. Ég tel að hún sýni kröftugt starf á vettvangi ASÍ þrátt fyrir marghátaða erfiðleika síðustu misserin. Við horfum fram til nýrra verkefna; þessa þings, kjarasamninga og áframhaldandi baráttu fyrir okkur umbjóðendum, alþýðu þessa lands. Þau verk okkar verða skráð í næstu skýrslu næsta forseta ASÍ.“

Reikningar ASÍ og stofnana

Theodór S. Sigurbergsson, endurskoðandi Alþýðusambandsins, fer í gegnum og kynnir ársreikninga undanfarinna tveggja ára fyrir samstæðu ASÍ. Ársreikningar hafa verið endurskoðaðir og samþykktir af miðstjórn sambandsins.

Heildstætt má segja að reikningar séu í samræmi við fyrri ár. Ársreikningar liggja fyrir og eru aðgengilegir á vef ASÍ og í skýrslu forseta. Þá eru þeir einnig aðgengilegur í viðhengi fundargerðar.

Enginn óskar eftir að taka til máls um skýrslu forseta og reikninga ASÍ og stofnana.

Lagabreytingar: Kynning og 1. umræða/vísað til nefndar

Signý Jóhannesdóttir, Stéttarfélagi Vesturlands, gerir grein fyrir þeim þremur tillögum sem fyrir liggja um breytingar á lögum Alþýðusambandsins.

Vegna breytinga á lögum ASÍ-UNG.

Vegna yfirfærslu réttinda á milli sjúkrasjóða.

Staðfesting viðmiðunarreglugerðar vegna sjúkrasjóða.

Tillögurnar eru lagðar fram og ganga til laganeftar.

Þingforseti

Framsögum dagsins er nú lokið og er málefnum vísað til nefnda. Þingforseti fer yfir skipulag málefnastarfs sem fram fer á öðrum þingdegi. Þingforseti minnr einnig á framboðsfrest sem rennur út á þriðjudag. Umræða hefst í sal.

Jóhann Már Sigurbjörnsson, VR

Ræðir húsnæðismálin og vísar til umfjöllunar Bjarna Þórs um húsnæðisstefnu ASÍ. Jóhann ræðir úrræði um séreignarsparnað sem fólki gefst færi á að greiða inn á höfuðstól lána. Jóhann segir að þetta úrræði ætti að geta nýst 75% launafólks og jafnvel 80% sé farið neðar í tekjuskalanann. Þegar því sé haldið fram að aðeins efstu 30% í tekjuskalanum nýti þetta úrræði megi vel vera að svo sé en flestir hafi engu að síður tækifæri til að færa sér þetta úrræði í nyt. Einhverra hluta vegna gerist það ekki og telur Jóhann Már að skýringin sé ekki sú að aðeins ríkasta fólkið hafi efni á því. Honum finnst eins og ASÍ tali alltaf um lægstu hópana en t.d. í VR vilji félagsmenn að þetta úrræði verði áfram í boði. Þetta fyrirkomulag sé langbesti stuðningur sem hægt sé að fá í ríkjandi hávaxtaumhverfi.

Þórarinn Sverrisson, Öldunni

Þórarinn ræðir lífeyrismál. Segir að honum sé hugleikin framsýni forvera að koma á lífeyris- og samtryggingarkerfi. Þetta sé grunnur Alþýðusambandsins. Þórarinn vill að fulltrúar launafólks hafi þetta hugfast. Of mikið sé talað um séreignarsparnað og kosti hans. Þórarinn kveðst honum ekki andsnúinn en leggur áherslu á að samtrygging megi ekki gleymast. Hann nefnir það sem óunnið sé gagnvart sjómönnum og á þá við 15% í lífeyrissparnað. Sjómenn séu í mikilli áhættu að verða fyrir slysi. Oftast fari viðkomandi ekki aftur á sjó.

Þar með geti viðkomandi ekki lengur haft framfærslu sína af sjósókn. Þórarinn segir það mikið réttlætismál að sjómenn fái sömu stöðu og aðrir launamenn hvað varðar hækkun á lífeyrisgreiðslum í 15% af launum. Hreyfingin eigi að styðja þá dyggilega í þeirri réttindabaráttu.

Hann vikir að umræðu um séreignarsparnað og úrræðið sem fjallað var um að framan og varðar notkun hans til að greiða inn á höfuðstól húsnæðislána. Þeir á lægstu launum standi ekki í húsnæðis kaupum og úrræðið nýtist þeim því ekki jafnvel þótt þeir eigi séreignarsparnað. Þess vegna þurfi að hjálpa tekjulágum. Þórarinn telur fram að hann mæli ekki gegn að séreignarsparnað sé nýttur í því skyni.

Þórarinn segir það sér mikið hjartans mál að samtrygging sjóðanna verði varinn. Þórarinn vísar til erindis Ólafs Margeirssonar hagfræðings og segir að sig gruni að samtryggingarhlutinn sé talsvert stærri innan íslenska lífeyris-sjóðakerfisins en í Sviss.

Bjarni Þór Sigurðsson, VR

Kveðst vilja skerpa á því sem hann sagði áðan og svara félagi Jóhanni Má. Bjarni Þór segir að samkvæmt tölum Hagstofunnar, sem tekur hafi verið saman í tengslum við vinnu starfshóps um húsnæðismál á vordögum, fari 80% af reiknuðum skattaávilnunum vegna innborgunar á húsnæðislán til 20% þeirra sem nýti úrræðið sem séu í þremur hæstu tekjutíundum þ.e. 8, 9, og 10. Bjarni Þór kveðst skilja vel að menn vilji nýta úrræðið og greiða inn á húsnæðislán en segist þá telja að forusta ASÍ eigi að beita sér fyrir því að þessi stuðningur verði tekinn út fyrir sviga og verði þannig ekki talin með öðrum aðgerðum á því sviði. Bjarni nefnir að á síðasta ári hafi 3,8 milljörðum króna verið varið til almennra íbúða á meðan skattaávilnanir til þeirra með hæstu tekjurnar hafi numið 5 milljörðum króna

Bjarni kveðst vita að félagar í VR vilji nýta þetta úrræði en ítrekar þá skoðun sína að vilji hreyfingin vinna eftir því markmiði að styðja við þá sem glíma við þyngstan húsnæðiskostnað megi ekki telja skattaávilnanir til þeirra tekjuhæstu sem lið í heildarhúsnæðisstuðningi stjórnvalda.

Ragnar Þór Ingólfsson, VR

Ragnar kveðst vilja ræða tvennt varðandi málefnanefndir þingsins.

Hann byrjar á stöðu kvenna innan lífeyriskerfisins og segir VR hafa verið að reikna út réttindamun karla og kvenna innan lífeyriskerfisins og fyrir liggja að hann sé umtalsverður. Konur vinni sér inn að meðaltali 25% minni réttindi yfir starfsævina en karlar. Ragnar Þór kveðst áfram um að þingið láti sig málið varða. Taka þurfi þessa umræðu í lífeyrisnefnd og reyna að benda á leiðir og ferla til að greina stöðuna betur og setja fram hugmyndir um úrbætur. Leiðréttá

beri þennan halla sem sé innbyggður í lífeyrisherfið og tengist m.a. launamuni kynja.

Hitt atriðið sem Ragnar Þór nefnir er það mat hans að það væri gríðarlega sterkt ef hreyfingin gæti komið af þinginu með mjög skýra sýn og niðurstöðu á það að lífeyrissjóðirnir komi að frekari uppbyggingu á húsnæðismarkaði sem eigendur. Fjárfestingin sé frábær fyrir lífeyrissjóðina sem séu góðir og réttir eigendur að húsnæði sem langtímafjárfestar í stað skammtíma braskara. Ragnar segir átakanlegt að horfa á að einstæðir foreldrar, mæður með börn á grunnskólaaldri, auglýsi eftir íbúð á samfélagsmiðlum því braskarar hafi ákveðið að selja ofan af þeim þakið. Braskarar nýti tækifærið eftir miklar hækkanir á húsnæðisverði til að selja eignir sínar.

Ragnar telur að þing Alþýðusambandsins þurfi að stíga mjög fast til jarðar og fá fram skýra afstöðu hreyfingarinnar í þessu. Félagar í VR hafi heimsótt tvo stærstu lífeyrissjóði Danmerkur ásamt stjórn lífeyrissjóðs verslunarmanna og fleirum og þar sé gegnumgangandi um 10% af heildareignum í íbúðarhúsnæði. Heimfært upp á Ísland myndi það þýða að lífeyrissjóðir ættu nú um 650 milljarða króna fjárfestingu í húsnæði. Ragnar tekur fram að hlutfallið sé víða hærra og nefnir þýskumælandi lönd.

Ragnar upplýsir að lífeyrissjóðir í Danmörku og víðar á Norðurlöndum séu einnig teknir að fjárfesta í hjúkrunarheimilum þ.e.a.s. í sjálfum byggingunum, reksturinn sé síðan boðinn út. Ragnar hvetur fulltrúa í lífeyrisnefnd og húsnæðisnefnd að álykta skýrt um réttmæti þess að sjóðirnir komi af krafti inn á þennan markað. Engum blöðum sé um að fletta að það þjóni hagsmunum launafólks.

Jóhann Már Sigurbjörnsson, VR

Kveðst vilja bæta við það sem Bjarni Þór sagði áðan um húsnæðisstuðninginn. Sé það svo að tekjubilíð 8, 9 og 10 nýti úrræðið hefði það verið mikið dýrara fyrir ríkið ef allt tekjubilið hefði nýtt það. Jóhann spyr hvort ekki væri unnt að sannfæra ríkið um að nýta þann mun í stuðning við þá hópa sem út af standa og ASÍ hefur kallað eftir.

Jóhann Már segist hafa verið að lesa grein frá í desember í fyrra þar sem segi að meðal heildarlaun ríkisstarfsmanna séu 912 þúsund krónur á mánuði. Hann telur að þau séu hærri en meðaltalið á almenna markaðnum. Hann biður fulltrúa í kjaramálanefnd að hafa þetta í huga í störfum sínum og spyr hvort reyndin ætti ekki að vera öfug; ættu laun á almennum markaði ekki að vera hærri en á þeim opinbera.

Vilhjálmur Birgisson, Verkalýðsfélagi Akraness

Vilhjálmur ræðir lífeyrisherfið og segir að hreyfingin þurfi að vera tilbúin að

gagnrýna kerfið og veita því aðhald. Þegar athygli er beint að þeim tekjulægstu í íslensku samfélagi blasi við að lægstu laun séu nú 368.000 krónur og nú tryggji lífeyriskerfið þessu fólki 72% af því sem greitt sé í 40 ár Vilhjálmur spyr hvernig fólk eigi að lifa af 72% af lágmarkstekjum þar sem þekkt sé að 100% lægstu launa nægi ekki til framfærslu. Hreyfingin verði að vera tilbúin til að standa vörð um þetta fólk á lægstu launum.

Varðandi örorkubyrði segir Vilhjálmur fyrir liggja að staða lífeyrissjóða sé mjög misjöfn. Örorkubyrðin sé mest hjá verkamannasjóðum. Þetta sé ósann- gjarnt og framlag ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði dugi ekki til að rétta stöð- una. Alþýðusambandið þurfi að krefja ríkið um að dregið verði úr skerðingum hjá hinum lægst launuðu.

Vilhjálmur segir einnig nauðsynlegt að hreyfingin velti því fyrir sér hvar lífeyrissjóðir í eigu hennar fjárfesta. Hann spyr hvort eðlilegt sé að lífeyris- sjóðir eigi 70% í Högum og Festi og á þinginu liggja frammi tillaga um Alþýð- usambandið leiti eftir hagstæðum samningum við íslensk tryggingafélög. Staðreyndin sé sú að lífeyrissjóðir eigi alls 56% í öllum tryggingafélögum í landinu. Þarna ríki engin samkeppni á markaði þegar lífeyrissjóðir séu svo ráðandi aðilar. Launafólk eigi að vera tilbúið til þess að gagnrýna þessa stöðu mála og ofurlaunin sem greidd séu í þessum fyrirtækjum, jafnvel 15 til 20 milljónir á mánuði. Vilhjálmur segir minnisstætt í ljósi þess að lífeyrissjóðir áttu 70% að þegar greiða átti út rúmar 10.000 krónur í hagvaxtarauka sam- kvæmt kjarasamningi sagði fyrrverandi ofurlaunamaður hjá félaginu að ann- aðhvort þyrfti þá að hækka vöruverð eða reka hluta starfsfólksins. Þessi maður fékk starfslokasamning upp á 76 milljónir.

Vilhjálmur tekur undir þann málflutning Ragnars Þórs að lífeyrissjóðum beri að stuðla að uppbyggingu á húsnæði launafólki til heilla.

Þingforseti

Ekki fleiri hafa kveðið sér hljóðs og lýkur því umræðum hér með. Forseti fer yfir kosningar miðvikudagsins.

Þingstörfum þennan daginn lýkur klukkan 16.37.

Þriðjudagur 11. október

Fram er komin tillaga um dagskrárbreytingu og er aukafundur boðaður í sal klukkan 14.30.

Þingforseti

„Góðir félagar, ég bið ykkur um að taka sæti. Þeir sem eru ekki þingfulltrúar, þeim ber að yfirgefa salinn þegar þingið er að störfum. Dagskrárnefnd hefur komið saman og leggur til dagskrárbreytingu. Það er óskað eftir því að hluti

af öðrum málum verði tekið á dagskrá núna klukkan hálf þrjú til að ræða störf þingsins og stöðuna í hreyfingunni. Og ég vil minna á að við erum með tülka herna þannig að ég vil biðja þá sem taka til máls að hafa í huga að tala ekki of hratt og tala skýrt í míkrófón. Það þarf að berast til þeirra og til að fólk í salnum geti fylgst með umræðunni. Við höfum dreift á borðin miðum þannig að þeir sem óska eftir að taka til máls þurfa að fylla út miðana. Ég vil biðja þingfulltrúa að fylla út fullu nafni og félagi. Dreift miðum á borð sem þarf að fylla út með fullu nafni og félagi bæði fyrir þingforsetana og fyrir þingritara eða skrifara. Kannski rétt að geta þess að hópurinn sem er dagskrárnefnd, það eru forseti ASÍ og varaforsetar og þingforsetar þingsins.

Eru einhverjar athugasemdir í sambandi við þessa dagskrárbreytingu? Ef þið mynduð rétta upp rauða spjaldið ef þið eruð sammála henni. Takk fyrir. Einhver á móti? Þá er það samþykkt samhljóða og þá gefum við orðið laust og endilega komið með miða herna upp. Það eru fleiri miðar herna líka hjá okkur ef það klárast á einverjum borðum.

Þá er komin mælendaskrá og það er Ragnar Þór Ingólfsson sem kemur frá VR. Gjörðu svo vel.“

Ragnar Þór Ingólfsson, VR

„Kæru félagar.

Þetta hafa verið áhugaverðir dagar og aðdragandi að þessu þingi. Ég byrjaði að hugsa í vor komandi kjarasamning, ég fór að velta því fyrir mér hvernig við gætum komið saman sem breiðfylking - ekki bara sami hópurinn og síðast sem gekk frá Lífskjarasamningnum. Okkur tókst að ná góðri lendingu að mínu mati í Lífskjarasamningunum og okkur tókst að ná aðgerðapakka gagnvart stjórnvöldum sem að var umfangsmikill. Okkur tókst að gera þetta sem nokkuð fámennur hópur af félögum og mest öll vinnan fór fram utan þessa vettvangs eða Alþýðusambandsins.

Ég hugsaði ekkert þannig, við erum betri en ASÍ, ég hugsaði bara; Hvað ætli við gætum nú gert ef við stæðum saman? Hér eru sjómenn að berjast fyrir auknum lífeyrisréttindum, iðnaðarmenn að berjast fyrir sínu, við fyrir okkar, starfsgreinafélögin fyrir sínu. Ég hugsaði með mér; ef að hópurinn næði saman, við gætum skrifað leikreglurnar, ekki bara gagnvart atvinnurekendum heldur líka stjórnvöldum. Við getum bara sagt nákvæmlega hvað við viljum og það fáum við. Ef að við gátum þetta, hvað gætum við nú gert. Og ég fór að reyna að teikna þetta upp; er þetta hægt, tekst okkur að mynda breiðfylkingu? Og ég var mjög svona fókuseraður á þetta. Hvernig er hægt að koma fólki saman sem hefur átt í hatrömmum deilum, neikvæðum, oft meiðandi skoðanaskiptum bæði í ræðu og riti. Og ég hafði trú á að þetta væri hægt vegna þess að þegar ég kem inn í stjórn VR 2017 var ég ekkert rosalega vinsæll. Það kom enginn með

mér inn í stjórnina og ég held að enginn hafi kosið mig sem var í stjórninni - þetta var 15 manna stjórn. Við settumst niður og spurðum okkur eigum við að deila eða eigum við að vinna saman. Eigum við að vinna með þessa niðurstöðu sem kom í formannskjörinu - það kom mér á óvart persónulega að ég hafði unnið. En við ákváðum að láta reyna á þetta. Allir þurftu að taka skref til baka. Þetta var ekkert mér að þakka frekar en einhverjum öðrum. Það var hópurinn sem ákvað að láta reyna á þetta. Þetta tók tíma, var hörkuvinna en hefur skilað okkur því að við erum á frábærum stað, að gera frábæra hluti. Við erum að byggja íbúðir fyrir VR-félagana okkar. Við erum að stefna stjórnvöldum fyrir gamla fólkið, með Gráa hernum, út af skerðingunum. Við erum í málaferlum við íslenska bankakerfið út af vöxtunum, okurvöxtunum, sem eru á lánunum okkar, skilmálunum. Og við erum að gera fullt af svona hlutum vegna þess að orkan fer öll í sömu áttina. Og ég vonaðist til þess að geta komið með eitthvað plan; allt sem á undan hefur gerst, allt sem hefur verið sagt og skrifað, skyldi skilið eftir í aðdraganda þingsins og við færum inn á þingið myndum reyna að ræða okkur saman að einhverri lausn, eitthvað sem við gætum mögulega sætt okkur við, það verða ekki allir sáttir, einhverjir verða á varamannabekknunum og koma svo vonandi fljótlega inn á og svo framvegis, reyna bara að sjá hvort það væri einhver möguleiki að stilla upp öflugustu liðsheildinni, reyna að fá alla með og vera ósigrandi.

Í stuttu máli er ég ekki bjartsýnn á að það takist. Ég er reyndar mjög svart-sýnn á að það takist. Og í morgun þegar ég las pistil frá félagi okkar Halldóru Sveinsdóttur, enn einn pistilinn, enn eina ásökunina um að ég sé ofbeldismaður, okkur greinir á um stefnur og strauma, okkur greinir á, við tókumst á en þetta er ekki ofbeldi. Við megum ekki gjaldfella ofbeldið í pólitískri togstreitu okkar á milli. Og þar er fullyrt enn og aftur að ég sé valdasjúkur. Það er fullyrt að ég vilji reka starfsfólk ASÍ; að ég sé að koma hérna inn til að segja starfsfólki Alþýðusambandsins upp. Og þetta gerist á miðju þingi hjá okkur þar sem við erum að reyna að búa til stefnur og strauma og erum að reyna að tala saman.

Ég hugsaði með mér; - ég þarf ekki að láta bjóða mér þetta lengur, ég þarf þess ekki. Ég er með frábært félag, frábæra samvinnu innan VR. Það neikvæða í þessu öllu er það að við þurfum þá auðvitað að fara ein ef við förum ekki saman. Við náum ekki eins góðri niðurstöðu, það hljóta allir að sjá. Við náum ekki neinu fram gagnvart stjórnvöldum vegna þess að við höfum ekki samningsstöðu, ekki sem eitt stéttarfélag.

En ég er búinn að missa trúna á þessu verkefni. Því miður og hef því tekið þá ákvörðun um að draga framboð mitt til forseta ASÍ til baka. Ég er ótrúlega sorgmæddur yfir þessari stöðu, þá fyrst og fremst fyrir fólkið okkar sem treysti á að við kæmum því til bjargar, fólki sem getur ekki borgað af lánunum sínum lengur, fólki sem hefur ekki efni á húsaleigunni, fólki sem hefur ekki efni á að

kaupa í matinn, fólki sem hefur ekki efni á því að borga frístundir fyrir börnin sín; ég hafði trú á því að við gætum staðið saman um þetta allt saman. En því miður þá held ég að sú sé ekki raunin.

Ég hef tekið því ákvörðun um að beina kröftum mínum - ég var á fundi með félögum mínum hérna á bak við, frábær fundur, krafturinn, samheldnin, stuðningurinn og gleðin - hvað ef þetta væri svona innan ASÍ? Hvað gætum við gert? En við getum bara fabúlerað um þá hluti, en þetta er niðurstaðan. Ég ber engan kala til eins eða neins. Mig langar að fara og taka utan um þig, Halldóra Sveinsdóttir, helst af öllu ef þú værir til í að gera það á móti. Vegna þess að í grunninn þá viljum við fólkinu okkar ekki illt. Við erum ekki í þessu til að skaða fólkið okkar eða málstað fólksins sem við erum í umboði fyrir. Við erum í þessu til að gera gagn. Við erum öll sammála um það. Ég neita að trúá því að markmiðið sé annað. En því miður er reiðin, heiftin enn þá of mikil og ég held að þetta sé ekki tímapunkturinn, tækifærið til að fara í þessa vegferð. Ég er sorgmæddur en ég verð að segja, þetta er ofboðslegur léttir. Það er ofboðslegur léttir að hugsa til þess að þurfa ekki að vera á þessum vettvangi lengur. Mér finnst þetta leiðinlegt. Ég óska ykkur öllum góðs gengis í verkefnum fram undan og ég vona að nýrri forustu Alþýðusambandsins takist að ná fyrst og fremst góðri niðurstöðu, góðri liðsheild til þess að ná árangri fyrir fólkið okkar. Það er enginn að tala um fólkið okkar, við erum alltaf að tala gegn hvort öðru. Tölum um fólkið okkar.

Ég vil þakka ykkur kærlega fyrir samvinnuna á vettvangi Alþýðusambandsins í gegnum árin. Það er komið að leiðarlokum hjá mér og mögulega einhverjum fulltrúum okkar sem höfðu hug á að bjóða sig fram í miðstjórn - það er þeirra ákvörðun. Ég vil beina því til félaga minna sem eru fulltrúar hérna fyrir okkar hönd að þó að ég gangi út þá þurfið þið ekki að gera það, það eru engar reglur í þessu - það er bara ykkar ákvörðun. Þeir sem verða eftir geta kannski fengið ykkur að borða eitthvað í kvöld og eitthvað að drekka með. En þetta er bara niðurstaða. Ég er sáttur við þessa niðurstöðu og ég segi bara gangi ykkur vel og ég segi þetta af einlægni. Gangi ykkur vel fyrir fólkið okkar.

Takk fyrir.“

Þingforseti

„Ragnar Þór hefur lokið máli sínu og næstur tekur til máls Vilhjálmur Birgisson.“

Vilhjálmur Birgisson, Verkalýðsfélagi Akraness

„Fundarstjórar, forseti Alþýðusambands Íslands, kæru félagar.

Ég hef tekið þátt í þessari baráttu í 18 ár, verið hér á mörgum þingum, oft komið fram með margar tillögur hér til úrbóta handa mínum félagsmönnum.

Yfirleitt á árum áður náðu þær ekki brautargengi. Þannig er það bara.

Ég vil taka undir það sem Ragnar sagði hér áðan að við höfum rætt það á liðnum mánuðum hvernig getum við stuðlað að því að gera Alþýðusambandið að því afli sem það á að vera. Þann kraft, þor og dugnað sem sambandið getur raunverulega gert með 120 þúsund félagsmenn á bakvið sig. Við höfum lagt gríðarlega vinnu í það á undanförunum vikum og mánuðum og það geta t.d. fulltrúar iðnaðarmanna vottað þar sem eitt af markmiðunum hefur verið að finna leiðir að sátt varðandi hagsmuni ólíkra hópa, sýna hvort öðru skilning í því að við erum að verja mismunandi hópa; Efling fyrst og fremst með lágtækjufólk, iðnaðarmenn með millitekjufólk og við þurfum sem hreyfing að ná hvort annað og vera tilbúin til að sýna hvort öðru skilning í slíku. Og mörg símtölin kvöld eftir kvöld átti ég meðal annars til að vinna að þessu verkefni og við myndum geta komið hérna út sem ein heild. Og ég segi eins og Martin Lúter King; ég átti mér draum en sá draumur verður því miður ekki að veruleika. Og ég skal færa rök fyrir því. Ég ætla að færa rök fyrir því á eins og þingið byrjaði í gær. Ég held að fólk átti sig ekki á því sem að gerðist hér í gær þar sem að lögd var fram tillaga um stærsta félagið innan Starfsgreinasambands Íslands, að þingfulltrúar þeirra ættu að víkja hédan út, að þingfulltrúar Eflingar ættu að ganga hédan út. Þetta var ekki bara tillaga sem Ólöf kom hér með fram. Það voru 16 fulltrúar sem skrifuðu undir hana, það voru 11 aðildarfélög sem tóku þátt í þessu. Þetta er algjörlega fordæmalaust. Á þessu mómenti áttaði ég mig algjörlega á því að sú vegferð sem maður hafði í brjósti, að mynda samstöðu hér, hún var farin.

Maður hefur setið undir því á síðustu vikum að hafa komist til valda á grundvelli ofbeldis. Maður ástundi ofbeldismenningu. Ég vil segja við allt fólk sem orðið hefur fyrir ofbeldi; fyrirgefið þið að það skuli vera að gjaldfella svo alvarlegt orð sem ofbeldi er. Þetta eru átök um stefnur, markmið og leiðir. Og það ekkert óeðlilegt að fólk takist á yfir því, en þegar það er sagt nógu oft í fjölmiðlum að þetta er ofbeldisfólk þá fer fólk að trúá því.

Og svo í morgun þá vakti konan mig klukkan sjö og spurði mig; Villi, er þetta þess virði og benti mér þessa grein sem hann vitnaði í hér áðan hann félagi Ragnar um að fyrsta verk ofbeldisfólksins væri að reka þetta ágæta fólk allt í burtu. Ég ætlaði ekki að trúá því þegar ég las þetta. Ég áttaði mig bara þarna á því að nú er bara komið að leiðarlokum. Þetta er ekki hægt. Þetta er vonlaust. Og hugsíð ykkur að við erum hér inni sem félagar, það er verið að sá slíkum fræjum út að við ætlum bara að fara með öxina á allt starfsfólk Alþýðusambandsins og höggva það í herðar niður. Vitið þið, þetta er svo fordæmalaust. Og svo fer ég að hugsa, bíddu það kom fyrir þremur dögum síðan “starfsfólk Alþýðusambands Íslands hugsar sér til hreyfings”. Og ég sagði; bíddu, ha af hverju, af hverju er það að hugsa sér til hreyfings? Það er vegna

Þess að þessum fræjum hefur verið sáð hér linnulaust. Það er vegna þess að ofbeldisfólkið, valdasjúka fólkið, væri að taka yfir hreyfinguna.

Sá sem hér stendur, er búinn að vera í 18 ár og takið eftir Villi valdasjúki hefur aldrei nokkurn tíma verið boðið að sitja í miðstjórn Alþýðusambands Íslands, aldrei. Aðalsteinn Árni Baldursson sem hefur gert frábæra hluti hjá sínu félagi, búinn að vera í hreyfingunni í 35 ár - aldrei. Arnar Hjaltalín fengið að vera varamaður en það var passað upp á að hann yrði aldrei kallaður inn. Svo núna þegar sama fólkið fær ekki að segja; það er þú, þú, þú, þú þá er valdasýki í gangi. Nei, það er engin valdasýki í gangi, ekki til og fólk sem hagar sér með þessum hætti það verður bara að fá að eiga það við sína samvisku. Framkoman gagnvart tveimur stærstu félögum innan Alþýðusambands Íslands, VR og Eflingu, er fordæmalaus. Ég er búinn að vera á mörgum þingum. Það hefði engum nokkurn tímann dottið til hugar að sýna þessum stóru og öflugum félögum slíka vanvirðingu eins og hér hefur verið gert. Látum vera með mitt félag sem er 3.500 manna félag. Ég er vanur, hér hefur verið komið og átt að slökkva á mér. Ég stóð hér í ræðupúlti og var að flytja tillögu og það átti að slökkva á mér. Og það var sagt á fundinum áðan sem ég fékk að vera með VR-ingunum á áðan; lítum á þetta sem markmið. Við erum með mótvindinn núna, við erum með mótvindinn á móti okkur en við hljótum einhvern tímann að komast í mark. En þegar þú ert búinn að vera að klífa tindinn í 18 ár og hefur aldrei nokkurn tímann fengið annað en mótbýr og finnur persónulega níðið, hatrið, hatrið er svo taumlaust.

Ég ætla að segja þetta að lokum, kærur félagar. Ég hef fengið hringingar frá félagsmönnum annarra félaga sem hafa gert þau mistök að nefna nafn mitt við þann formann eða þá formenn sem tilheyra þeim félögum. Og þetta fólk hefur hringt í mig og sagt; Villi, hvað gerðir þú eiginlega? Hvað var það sem þú gerðir? Því þegar ég nefndi nafn þitt voru svívirðingarnar með þeim hætti að það er ekki hægt að hafa þær eftir. Ég ætla ekki að nefna nein nöfn. Öflugur forustumaður í íslenskri pólitík kom til mín og sagði; Villi, veistu það, ég get ekki talað við þig vegna þess að þú ert stórhættulegur maður. Ég var úti á landi þegar kom til mín sterkur verkalýðsleiðtogi og varaði mig stórlega við þér að þú skyldir nú aldeilis ekki tala við þennan mann. Þetta hefur maður látið yfir sig ganga í gegnum árin og þessi 18 ár en ég verð aldrei sakaður um það af mínum félögum að segja ekki það sama hér, á fundum, þingum og alls staðar á opinberum vettvangi. Þetta hef ég alltaf gert. Ég hef aldrei komið aftan að einum eða neinum hvað þetta varðar. Þetta vita mínir félagar. Ég hef margoft sagt þetta við þá. Því að heiðarleiki er það sem skiptir mestu máli. Það er ekki heiðarleiki hér inni núna og því hef ég tekið ákvörðun um það að fylgja forðæmi Ragnars Þórs og draga framboð mitt til baka.

Takk fyrir.“

Þingforseti

„Vilhjálmur Birgisson, Verkalýðsfélagi Akraness, hefur lokið máli sínu. Ég vil biðja þingfulltrúa að sýna samkomunni og ræðumönnum þá virðingu að það sé ekki verið að taka upp á síma í fundarsal. Það er svona almennt ekki tíðkað. Það er auðvitað gefin út fundargerð þar sem allt er skrifað frá orði til orðs og gefin út eftir þingið en við skulum reyna að halda okkur við það að það sé ekki verið að - menn eru ekki beðnir um leyfi og þá ekki að vera að taka þá upp. Sverrir Már Albertsson, gjörðu svo vel.“

Sverrir Már Albertsson, AFLi-starfsgreinafélagi

„Forsetar og góðir félagar.

Ég var hérna með ræðu um lífeyrismál. Ég held ég setji hana bara í vasann. Ég held að við séum öll pínulítið sjokkeruð og slegin. Pólitík er nú einfaldlega þannig að menn berjast til áhrifa og ná þeim eða ná þeim ekki. Það gerist ýmislegt á þeirri vegferð. Það hefur kannski verið of algengt í okkar hreyfingu að fólki er skipað í einhver lið að því forspurðu og síðan taka menn afstöðu út frá því sem þeir halda að aðrir haldi um þá eða muni gera eða muni kjósa. Þannig að ég held að vandamálið var kannski ekki eins stórt og þeir félagar hafa litið á.

Vardandi það sem gerðist í gær, það var slæmt. Þessi tillaga um að vísa Eflingarfélögum frá hún kom náttúrulega frá Eflingarfélagi. Og þeir aðrir þingfulltrúar sem skrifuðu undir það þeir gerðu það á eigin ábyrgð. Það voru engin félög spurð um að hvort þau vildu vera aðilar að þeirri tillögu. Það hefði kannski verið ágætt að hún hefði komið til atkvæða vegna þess að hún hefði fallið með mjög stórum meirihluta því það var eins og Finnbjörn benti á að þessi tillaga var náttúrulega fullkomlega, algjörlega ómöguleg. Það hefði enginn getað samþykkt hana með góðri samvisku því að með því hefðum við verið að lýsa frati á kjörbréfanefnd og með því hefðum við líka verið að stilla því upp að það þyrfti að taka það til skoðunar hjá hverju einasta félagi alveg niður í minnsta félag hvernig að fulltrúar á ASÍ-þing eru kosnir. Sú tillaga hefði fallið með 90% greiddra atkvæða, ég er nokkuð viss um það, þannig að þetta var grátlegt. Og þetta var mjög óþörf umræða sem kom í gær og setti því miður slæman svip á upphaf þingsins. Ég tek alveg 100% undir það að þetta var ekki góð uppákoma.

En fréttirnar sem þeir félagar hafa flutt í dag og það er alveg rétt hjá þeim báðum - þeir hafa báðir röið á móti straumi og eru harðir talsmenn þeirra sjónarmiða sem þeir hafa og ég er ekki næstum því alltaf sammála þeim og ég er nokkurn veginn viss um að ég hef verið í hugum einhverra í hinu liðinu en ég bara neita að láta setja mig í lið, ég vil gera það sjálfur. En það er þannig að þegar að formaður VR með stuðningi Eflingar tilkynnir um framboð til

forseta þá setur það okkur öll í einhverja ákveðna stellingu og menn búast við að niðurstaðan sé nokkuð fyrir fram ákveðin. Þannig að ég get ekki séð betur heldur en þingið sé hálfpartinn í uppnámi núna. Og ég var að hugsa í þessar mínútur sem þeir töluðu félagarnir hvað er væri næst að gera hjá okkur, hvort að við ættum að fresta þingi eða hvort við ættum að biðja um hlé til þess að menn geti ráðið ráðum sínum. Því það er ekki víst að allar uppstillingar og allur stuðningur sem er fyrir hendi nú þegar að hann standi lengur. Það á bara algjörlega eftir að koma í ljós, við erum bara algjörlega með nýjan spilastokk. Ég ætlaði nú að fara að atyrða forsetanefndina fyrir að rjúfa dagskrána þar sem venjulegt launafólk er að ráða ráðum sínum í málefnavinnu til þess að fara að halda einhverjar stefnuræður en ég er snarhættur við að atyrða forsetanefndina fyrir það því að tilefnið var ærið. En ég er bara í pínulitlum vandamálum eða vandræðum og á erfitt að gera upp við mig hvað mér finnst að við ættum að gera næst. Mér finnst ekki hægt að halda áfram eins og ekkert hafi í skorist vegna þess að við getum bara horfst í augu við raunveruleikann. Við vorum nokkuð viss um hver næsta forusta Alþýðusambandsins var, sumir voru sáttrir við það, aðrir ósáttrir en þannig hefur það alltaf verið, það er ekkert nýtt. Ég bara virði ákvörðun þeirra félaga en þeir axla hins vegar mikla ábyrgð vegna þess að við erum að setja þingið hálfpartinn í uppnám og ég get ekki ímyndað mér að nokkur maður setjist hérna inn og fari að ræða vinnumarkaðsmál eða lífeyrismál af einhverri skynsemi núna. Þannig að ég veit ekki alveg hvað við eigum að gera hvort einhver ætlar að blása saman í tillögu um að við frestum þingi eða allavega rjúfum og formenn félaga geti byrjað en við hin sitjum kannski á kantinum og bíðum þess að formenn félaga ráði ráðum sínum. Því þeirra er ábyrgðin.

En það er kannski rétt að ítreka eitt sem ég held að hafi komið fram frá Ragnari - ég hjó eftir því í gær það var verið að tala um völd Alþýðusambandsins. Völd Alþýðusambandsins eru engin. Alþýðusambandið hefur engin völd. Alþýðusambandið hefur bara nákvæmlega þau völd sem þessi hópur hérna ákveður að gefa Alþýðusambandinu. ASÍ hefur þau völd sem þessi hópur gefur því. Þegar forseti Alþýðusambandsins getur komið fram og sagt að það er samstaða innan Alþýðusambandsins um að gera þetta eða gera hitt samstöðu ríkja þá hefur Alþýðusambandið mikil völd. Það er bara nauðsynlegt fyrir okkur þrátt fyrir að við höfum verið í deilum undanfarin ár og áratugi um ýmiss málefni, það er bara mjög mikilvægt fyrir okkur þegar við löbbum út á vígvöllinn að þá stöndum við saman. Vegna þess að þegar við gerum það ekki þá bara töpum við. Þannig að það er bara mjög mikilvægt að menn hugsi mjög kalt núna, ákveði næstu og reyni að taka einhverja ákvörðun sem tryggji það að Alþýðusamband Íslands verði ekki bara einhver brandari í íslenski samfélagssögu. Við höfum 116 ára sögu til að verja. Takk fyrir.“

Þingforseti

„Sverrir Már hefur lokið máli sínu og næst tekur til máls Sólveig Anna Jónsdóttir, Eflingu.“

Sólveig Anna Jónsdóttir, Eflingu

„Komið þið sæl

Vil byrja á að óska Trausta Jörundssyni til hamingju með þá karlmannlegu ákvörðun að gefa kost á sér í embætti annars varaforseta ASÍ. Það er ágætt að vita að fulltrúi hálaunakarlanna innan ASÍ ætli sér stóra hluti sérstaklega þegar það er á kostnað láglaunakvenna, þeirra sem að strita mest fyrir lægstu launin að passa börn samfélagsins og annast gamalt fólk. Þessi sami maður hefur í blaðagrein kallað mig geranda eins og ekkert væri og hann reyndi í gær í samfloti við Ólöfu Helgu Adolfsdóttur og fjölda annarra leikenda meðal annars úr framvarðasveit ASÍ-UNG að reyna að láta reka alla þingfulltrúa Eflingar, langstærsta félags verka- og láglaunafólks af þinginu. Þetta er sannarlega flottur strákur sem veit hvar þarf að taka stóra slagi og verður vafalaust Alþýðusambandinu vafalaust til mikils sóma í sinni baráttu.

Annað sem ég vil að hér komi fram. Vilhjálmur Birgisson sagði frá því að frétt hefði birst um það að starfsfólk Alþýðusambandsins væri nú að hugsa sér til hreyfings. Ástæðan fyrir því að þessi frétt birtist var að ég varð fyrir grófri árás, pólitískum njósnum sem Ólöf Helga og Agnieszka Ewa stóðu fyrir og ég vildi láta skoða þetta. Ég gerði reyndar engar kröfur á Alþýðusambandið en þetta komst til tals og það er ástæðan fyrir því að það varð uppnám og starfsfólk ... vegna fréttu um að starfsfólk ætlaði að hugsa sér til hreyfings vegna þess að ég varð fyrir pólitískum njósnum. Það var ekki leitað til mín, ég var ekki beðin um þá álitgerð sem ég sannarlega hef undir höndum og sem sýnir með skýrum hætti fram á hversu gróflega var vegið að rétti mínu. Það var ekki gert, það var ekki haft neitt samband við mig en þetta gerðist eins undarlegt og það nú er.

Þingfulltrúar

Ný forystusveit í íslenskri verkalýðshreyfingu hefur stigið fram á síðustu árum. Þar hafa komið fram leiðtogar sem hafa tekið slaginn í almannamræðunni, boðið sig fram í kosningum í sínum aðildarfélögum og haft betur, sýnt og sannað baráttuþrek, þor og dug. Í sumum tilfellum hafa þessir leiðtogar sigrað kosningar í félögum þar sem aldrei áður hafa verið haldnar kosningar. Þessir leiðtogar eru með á bak við sig fjölda aðildafélaga þar á meðal tvö langstærstu félög vinnandi fólks á landinu, Eflingu og VR.

Nú eru liðin fjögur ár frá því að ég og félagar mínir á B-listanum komumst til valda í lýðræðislegum kosningum í Eflingu. Fimm ár frá því að Ragnar Þór komst til valda í VR. Ég og Ragnar höfum myndað sterka fylkingu með öðrum leiðtogum í hreyfingunni. Einn okkar öflugasti bandamaður er Vilhjálmur

Birgisson, sannur leiðtogi verkafólks, sem í dag er formaður Starfsgreinasambandsins. Saman höfum við leitt risavaxin verkefni á sviði kjarasamningsgerðar til farsælla lykta, sérstaklega Lífskjarasamningana 2019. Efling, undir minni forustu, hefur svo ein farið í gegnum erfiðar deilur þar sem öll valdastétt þessa lands snerist gegn láglaunafólkinu í borginni, mest konum, þeim sömu sem hér er verið að ákveða að fara gegn. En við unnum samt sigur vegna þess að við fórum fram sameinuð og sterk. Við höfum staðið gegn tilraunum stjórnvalda og atvinnurekenda til að skerða kjör okkar, við höfum opnað fyrir ferska vinda í gagnrýnni umræðu um fjármálakerfið, húsnæðismál og lífeyrissjóðina og við höfum talað tæpitungulaust um kjör hinna lægst launuðu, um brotastarfsemi á vinnumarkaði og við höfum krafist jöfnuðar m.a. með því að fara fram á krónutöluhækkunar á launum. Þar höfum við sannarlega náð árangri. Íslenskur almenningur veit, sér og skilur að ný forusta hefur rutt sér til rúms innan verkalyðshreyfingarinnar. Almennigur sér og veit að við höfum margítrekað sótt og fengið umboð félagsfólks okkar til forustuhlutverka. Ég vil minna á það hér vegna þess að ég veit það að sumir neita að horfast í augu við það að ég og félagar mínir vorum kjörin til þess að leiða Eflingu 15. febrúar síðastliðinn. Og þrátt fyrir þetta hef ég þurft að standa í stöðugu stríði við manneskjuna sem tapaði í þeim kosningum sem vill verða einhvers konar Trump Íslands, manneskjuna sem getur ekki horfst í augu við það að hafa tapað. Það er með miklum ólíkindum en það er engu að síður staðreynd.

Á þessum tíma, á þessum árum hefur grimmur andstöðuhópur rekið linnulausan skemmdarverkahernað gegn okkur, hinni nýju forystu. Og í þeim hernaði er bókstaflega allt leyfilegt; kúganir, hótanir, grafalvarleg persónuverndarbrot, óhróður, ekkert er þessum hópi of lágkúrulegt. Það er enginn botn. Jafnvel þótt að í þessum hópi séu ekki fulltrúar sem vinnandi fólki vilji að leiði baráttu þess á þessu landi þá ætlar samt þessi hópur ekki að leyfa að forysta Alþýðusambandsins verði látin endurspegla breytta tíma í hreyfingunni, breytta tíma í baráttu vinnandi fólks. Í hugarheimi þessa fólks má það ekki gerast að lýðræðislega kjörin, reyndir og hæfir leiðtogar, með raunverulegt, lýðræðislegt umboð frá sínu félagsfólki fái að skipa forystu ASÍ. Það þarf að stoppa hvort sem er með því að krefjast brottreksturs fulltrúa vissra félaga af þinginu eða með því að stilla upp augljóslega vanhæfum fulltrúum til veigamestu embætta sambandsins.

Ég ritaði greinaflokk í fjórum pörtum á Kjarnanum í sumar þar sem ég lýsti þeirri hnignun sem ríkt hefur í Alþýðusambandi Íslands síðustu áratugi. Þar lýsti ég þeirri trú minni að endurnýjun gæti átt sér stað og umbætur hafist innan ASÍ. Í dag er mér ljóst að sú von er úti. Það er rotnun innan Alþýðusambands Íslands. Í forustu ASÍ getur ekki neinn átt erindi sem vill af heilum hug berjast fyrir bættum kjörum almennings á Íslandi. Þær manneskjur verða að

leita annað. Alþýðusamband Íslands er siðferðilega ónýtt. Það vill láta leiða sig af manneskju sem hefur sýnt að hún hefur enga dómgreind, eða siðferðiskennd, manneskju sem njósna um pólitíska andstæðinga í miðri kosningabaráttu, manneskju sem ræðst að eigin félögum eins og ekkert sé, leiðir aðförina að eigin félögum .

Þingfulltrúar

Ég tilkynni hér með að ég dreg framboð mitt til annars varaforseta ASÍ til baka. Ég sný mér að fullu að mínu félagi og mínum félögum. Við erum sterk, við stöndum saman og við munum ná miklum árangri. Við kunnum að berjast og við kunnum að vinna og það munum við gera án hælbita og skemmdarverkafólks.

Mér ekki gleði í huga en ég fagna engu að síður um leið tækifærinu til að hefja uppbyggingu á breiðfylkingu launafólks annars staðar. Við sem viljum sjá breytingar, umbætur og raunverulega baráttu fyrir bættum kjörum almennings á Íslandi höldum út í veröld nýrra möguleika, veröld vonar og sigra. Ég veit að þar munum við finna fjölda fólks sem vil taka þátt í því verkefni með okkur að byggja upp alvöru baráttu vinnandi fólks. Takk fyrir.“

Þingforseti

„Sólveig Anna hefur lokið máli sínu og Hörður Guðbrandsson, verkálýðsfélagi Grindavíkur, tekur til máls.“

Hörður Guðbrandsson, Verkálýðsfélagi Grindavíkur

„Forsetar, kæru félagar.

Í dag er ég ekki með upphitun fyrir Ara Eldjárn. Í dag erum við að ræða mjög alvarleg mál. Ég vil bara taka undir með félögum mínum sem hafa verið hérna á undan. Ég bar mikla von í brjósti um að við gætum komið hérna og rætt kjaramál og komið öflug út af þessu þingi. Það rann upp fyrir mér ljós í gær eftir að hafa setið fund hérna að það var ekki að fara að gerast. Ég svaf illa í nótt og þetta var alltaf eitthvað svona að brjótast í mér og ég bara sá ekki leiðina og sé ekki leiðina að þetta gangi. Góður maður sagði við mig: ASÍ getur verið eins og stór sleggja ef menn eru sameinaðir en það er alveg búið að koma í ljós að menn ætla sér ekki að hætta, menn ætla sér endalaust að halda áfram og þar með virkar ekki þetta batterí.

Það er búið að flækja skrifstofu ASÍ inn í málið. Það er endalaust verið að brjóta niður traust – endalaust. Og þegar félagar mínir kölluðu í mig í morgun, það var ástæðan fyrir því að ég fór út úr efnahags- og skattanefnd, þið sem að voruð þar, þá vorum við bara öll á svipuðum slóðum. Við sáum ekki að þetta myndi nokkurn tímann hætta og þetta myndi ekki virka, alveg sama þó að við ynum kosningarnar. Það myndi engu breyta, bara nákvæmlega engu. Það

væri bara tímasóun og sóun á orku að reyna að halda þessu til streitu. Það væri algjörlega vonlaust að fá þetta batterí til að virka.

Dagurinn í gær var sorglegur. Hann bara leiddi í ljós að svona lágkúrulegur málf lutningur sem er endalaus og mun ekki taka enda. Þannig að ég held að það bara sé betra að við hverfum af þessum vettvangi og stillum saman strengi annars staðar. Þar af leiðandi þá tek ég framboð mitt til baka til miðstjórnar. - mun ekki gefa kost á mér þar. Ég mun fara heim til Grindavíkur og ráða ráðum mínum með stjórninni sem ég hef þegar boðað á fund og kemur saman klukkan 20 annað kvöld. Við munum ráða ráðum okkar um framtíðina. funda með stjórn minni í Grindavík sem ég hef þegar boðað á fund um framtíðina. En við erum held ég örugglega búin að sjá það að hún er ekki innan ASÍ. Takk fyrir.“

Þingforseti

„Hörður Guðbrandsson hefur lokið máli sínu og Guðmundur Helgi Þórarinsson, VM, Félagi vélstjóra og málmteknimanna, tekur til máls. Síðan ætla ég að ráða ráðum mínum með þingforsetum þar sem það er komin fram dagskrár- tillaga. Gjörðu svo vel, Guðmundur.“

Guðmundur Helgi Þórarinsson, VM

„Fundarstjórar, forseti, góðir fundarmenn.

„Ég segi eins og Sverrir sagði, mönnum er brugðið. Þetta er grafalvarleg stund í sögu ASÍ. Ég held við ættum aðeins að hugsa hvert við erum að fara, hvað við erum að gera. Ég veit að þetta er ekki efni sem menn eru búnir að sofa margar nætur á. Ragnar talaði um að hann fór að hugsa í vor um hvernig væri hægt að ná saman ólíkum hópum til að vinna saman. Og hann hefur virkilega lagt sig fram við það. Hann orðaði það líka að hann hélt að allt sem hefði verið sagt áður væri hægt að skilja eftir þegar við komum út af þessu þingi. Og það er einmitt þannig sem þessi þing þurfa að vinna, menn þurfa að fá að takast aðeins á inni á þingunum en við þurfum að koma samstillt út af þeim.

Villi talaði um það líka að menn hefðu viljað finna leiðir til að sætta ólíka hópa til að stilla saman strengina og m.a. verið rætt mikið við iðnaðarmenn. Við erum búin að eiga fundi í stóru samninganefndinni eða öllu heldur með formönnum stærstu félaga, mjög góða fundi þar sem að verið hefur samhugur og ákveðin virðing. Sverrir nefndi það, ASÍ hefur engin völd en saman erum við sterkt afl. Það hefur alveg komið í ljós undir ræðum þeirra sem á undan hafa verið að þingið stendur við bakið á þessu fólki. Það yrði sorgarstund að við kæmum héðan út með brotið ASÍ og vissum ekki einu sinni hvort það væri möguleiki að ná því saman aftur. Því vil ég skora á félagi mína að þeir dragi andann, hugsi þetta örlítið lengur, allir með tölu og taki þessar ákvarðanir til baka. Þeir hljóta að hafa séð það að þeir eiga meðbyr hérna. Þeir hljóta að geta

viðurkennt það að hér eiga átökin að fara fram en við sjáum það líka ef vel tekst til þá komum við út af þessu þingi sem heildstæður hópur og það er það sem við eigum að reyna. Takk.“

Þingforseti

„Guðmundur Helgi hefur lokið máli sínu. Það hefur borist dagskrártillaga um að fresta þinginu til 10.00 í fyrramálið. Áður en við tökum hana til afgreiðslu legg ég til að verði 10 mínútna fundarhlé til að við getum tekið fyrir hvernig við förum þá áfram ef að sú tillaga verður samþykkt. Takk, 10 mínútna fundarhlé.“

Þingforseti

„Jæja góðir þingfulltrúar. Þá fer ég aftur yfir það að allir í salnum séu með atkvæðisrétt og réttkjörnir þingfulltrúar. Aðrir verða að yfirgefa salinn. Aftur vil ég ítreka það að það séu ekki myndatökur í gangi. Það er tilgangurinn í raun og veru að fólk geti talað opið, að það þurfi ekki að búast við því að vera í beinni útsendingu einhvers staðar út fyrir þessar raðir.

Það er komin dagskrártillaga flutt af 15 meðmælendum og það er Sverrir Albertsson sem tekur til máls.“

Sverrir Albertsson, AFLi, starfsgreinafélagi

„Forsetar, góðir félagar.

Það er eins og ég sagði áðan að við erum öll pínulítið í losti og þegar ég fór úr ræðustól áðan þá ráðfærði mig við ýmsa hér í nágrenninu, á nággranna bordum og okkar niðurstaða var sú að þetta eru það mikil tíðindi að okkur finnst þingið nánast óstarfhæft og að við verðum að gefa okkar forustumönnum og formönnum færi á að ráða ráðum sínum og reyna að finna lausn á þessari sem við erum í þannig að við gerum tillögu um að dagskrá þingsins verði frestað til klukkan 10 í fyrramálið. Ég sé ekki fram á að menn séu að fara að setjast hérna við nefndarstörf og við vonum að okkar kjörnu formenn og aðrir geti fundið einhverja lausn á þeirri stöðu sem við erum í þangað til í fyrramálið. Takk fyrir.“

Hluti fulltrúa gengur af þingi.

Þingforseti

„Takk fyrir þetta. Samkvæmt fundarsköpum er þetta svokölluð forgangs ... Bíðið, bíðið, bíðið, það er ekki búíð að afgreiða neitt, sko. Viljið þið setjast niður á meðan við afgreiðum tillöguna. Það er ekki búíð að fresta þingi bara svo það sé áréttað. Um þessa tillögu gildir að það má gera stuttar athugasemdir og Kristján Þórður Snæbjarnarson hefur beðið um orðið.“

Kristján Þórður Snæbjarnarson, forseti ASÍ

Kæru félagar.

Ég hefði viljað hafa ykkur öll hér í salnum til þess að fara yfir stöðu mála. Eins og ég lýsti yfir í ræðu minni við setninguna batt ég verulega miklar vonir við að við gætum starfað saman, átt gott samtal og þétt raðirnar hjá okkur. Það er okkar hlutverk að leiða þessi samtök fram á við sem ein sterk heild og ég tel að það hefði verið hægt að vinna það á mjög breiðum og öflugum grunni. Það er ömurlegt til þess að vita að við séum að sundrast hér í dag. Ég tel að við hefðum getað unnið stóra sigra saman, nákvæmlega eins og hefur komið fram hérna áðan.

En varðandi tillöguna þar sem að ég má ekki tjá mig mjög lengi. Ég tel að það sé okkar hlutverk að setjast niður, ræða málin og sjá hvort að það sé einhver leið fram á við. Ef það er ekki þá er svo en það yrðu skelfileg tíðindi inni í Alþýðusambandi Íslands. En þið, þingið, við sem eftir erum þurfum að taka afstöðu til þessarar tillögu sem er hér og ég held að það yrði skynsamleg að við reyndum að ná forystufólki sambandsins saman til fundar hér í kvöld og reyna þá að koma með einhverja tillögu inn á þingið á morgun ef það er einhver möguleiki. Ég ætla ekki að gleyma því. Það eru auðvitað þið sem takið þessa ákvörðun hvað við gerum. Takk fyrir mig.“

Þingforseti

„Eiður Stefánsson hefur beðið um orðið einnig, athugasemd.“

Eiður Stefánsson, FVSA

„Þingforsetar, kæru þingfulltrúar.

Það er sorgartími að sjá svo stóran hóp yfirgefa okkur. Mér þykir þetta mjög dapurt vegna þess að við eigum að hafa þroska til að fara í gegnum svona þing, kjósa og fara svo sameinuð út úr þessu. Ég held að við þurfum einnig að fara að íhuga hvernig við erum að ræða samskiptin okkar á milli. Ég held að það sé bara eins með okkur og alkóhólistann þú hættir ekkert að drekka þó að þú flytjir í eitthvað nýtt hverfi, hann fylgir þér. Við þurfum að bæta eitthvað sem við erum að gera og endurskoða samskipti. Ég styð þessa tillögu og ég vona að við náum fólki hér saman í kvöld og klárum þetta. Takk fyrir.“

Þingforseti

„Finnbogi Sveinbjörnsson hefur beðið um orðið um athugasemd við tillöguna.“

Finnbogi Sveinbjörnsson, Verkalýðsfélagi Vestfjarða

„Ágætu þingfulltrúar, þingforsetar.

Þetta eru vissulega slæm tíðindi sem við horfum hér upp á. Það voru samtöl hérna áðan í hléinu sem ég var að vonast til að hefðu leitt það af sér að við ætluðum að ræða málin eitthvað betur, ræða þau inn í kvöldið og ræða okkur saman að niðurstöðu þannig að við gætum mætt hér í fyrramálið sameinuð til þess að klára þetta þing og gera eins og hér var sagt í fundarstóli, skilja deilurnar eftir á þinginu því hér þurfum við oft að takast á, við erum ekki alltaf sammála en við eigum og okkur ber skylda til þess sem forystufólk í verkalyðshreyfingu að hafa hag félagsmannsins númer eitt en ekki okkar persónulegu ávirðingar gagnvart hvert öðru. Við erum ekkert endilega alltaf sammála en það þýðir ekki endilega að við þurfum ekki að vera svarnir óvinir. Við eigum að vera í sama liði eins og hér var sagt og ég var að vona og ég vona bara að það sé ekki of seint til þess að draga það saman hér í kvöld. Það þurfa allir að hugsa sin gang. Við þurfum öll að stíga skref til baka og hugsa hvað getum við gert til að halda sambandinu saman og ég styð því þessa tillögu um frestun til morguns.“

Þingforseti

„Finnbogi hefur lokið máli sínu og Signý Jóhannsdóttir, Verkalyðsfélagi Vesturlands, tekur til máls.“

Signý Jóhannsdóttir, Verkalyðsfélagi Vesturlands

„Þingforsetar, góðir félagar.

Ég nefndi það hér í gær að ég væri búin að sitja öll þing frá 1988 hjá Alþýðusambandinu og ársfundu á meðan þeir voru og ýmislegt hefur nú gerst á þessum fundum. Sú sem hér stendur hefur einmitt oftar en ekki staðið fyrir ýmsum uppákomum, boðið sig fram gegn hinum ýmsu aðilum, stundum haft betur og sjaldnast reyndar en það hefur komið fyrir og alltaf hefur manni tekist að vinna áfram með því fólki sem maður hefur farið fram gegn. Sumt af því fólki eru nú mínir bestu vinir og ég hef sagt við þá að þeir megi vera þakklátir fyrir að hafa verið kjörnir af því að ég bauð mig fram gegn þeim.

En það er eitthvað undarlegt að gerast núna að nú eru menn hættir við áður en þeir fara fram. Þetta er eiginlega svona ... þetta er undarlegra en orð fá lýst. Mér finnst þetta bera vott um einhvern skrýttinn félagsþroska eða skort á félagsþroska að fólk geti ekki tekist á um menn og málefni án þess að það þurfi að leiða til þess að nánast helmingurinn af þingfulltrúum yfirgefi salinn og annað eftir því. Ég á mjög erfitt með að skilja þessar uppákomur sem hér er en ég ætla að vona að þessi tillaga verði til þess að þeir sem eftir eru geti klárað þessi þingstörf og komist í gegnum það. Mér sýnist að þeim sem farnir eru út geti tæplega ætlað að koma hér inn aftur til að hætta við að hætta við. Það væri enn undarlegra heldur en að þessi uppákoma er. Sýnum stillingu og

hugsum um Alþýðusambandið sem að við ættum að vera að hugsa um en ekki einhverjar persónulegar vegtyllur. Takk fyrir.“

Þingforseti

„Signý hefur lokið máli sínu og þá er það Páll Heiðar hjá VM sem tekur til máls. Eftir að Páll hefur lokið máli sínu verður mælendaskrá lokað.“

Páll Heiðar Magnússon Aadnegard VM

„Þingið er óstarfhæft, það liggur fyrir. Við verðum að gera það upp við okkur hvort við mætum í erfisdrykkjuna í kvöld. Ég geri ekki lítið úr þessari upplifun þeirra sem voru að draga til baka framboð sitt. Við fengum nú fregnir af því að einum frambjóðandanum hefði verið hóttað lífláti. Jú, öll ættum við að hugsa um sambandið en kannski hefðu menn átt að gera það áður en þeir sem sagt voru í greinarskrifum eða stóðu fyrir þessari gerræðislegu uppákomu hérna í gær því þetta er búið að vera fordæmalaust þing á margan hátt. Ég styð frestun.“

Þingforseti

„Páll Heiðar hefur lokið máli sínu og næst tekur til máls Svanhildur Þórsteinsdóttir, VR.“

Svanhildur Þórsteinsdóttir, VR

„Kæru félagar.

Það er virkilega sárt að sjá hvernig komið er. Ég er öll eldrauð í framan og heitt í hamsi, tekur mjög á að upplifa þetta en það er eitt sem mig langar svolítið að tala og það hefur svo sem verið gert hér en það er að við erum að takast á um ýmiss málefni og við getum gert það og það er mjög eðlilegt að við séum ekki öll sammála. En í guðanna bænum, hættum öllum hnífstungum í bakið á öðru fólki. Köllum ekki fólk illum nöfnum sem það á ekki skilið og stendur ekki undir merkingu. Það er ekki málefnaleg afgreiðsla að mínu mati og ég veit að þið hljótið að vera sammála mér. Hættum því, vinnum saman, við getum tekist á, við getum haft skoðanaskipti en hættum að reyna að upphefja okkur á kostnað annarra. Það er aldrei fallett og aldrei farsælt. Við verðum að hafa hugfast að við erum hér á ASÍ - þingi og allt sem ASÍ hefur áorkað í gegnum þessi rúmu hundrað ár fyrir okkur. Berum virðingu fyrir því, berum virðingu fyrir hvert öðru. Það er sannarlega von mín að hægt sé að leysa þessi mál farsælliga. Ég vona að kollegar mínir geti andað nú og sofið á þessari ákvörðun sinni. Ég styð það að fresta þingi til morguns til að gefa fólki andrými en högum okkur eins og manneskjur, berum virðingu fyrir ASÍ, berum virðingu fyrir hvert öðru. Það er farsældin, það er það sem skilar árangri og samvinnu. Takk fyrir.“

Þingforseti

„Svanhildur hefur lokið máli sínu og síðastur tekur til máls Finnbjörn Hermannsson og í framhaldinu afgreiðum við tillöguna. Hann kemur að sjálf-sögðu frá Byggið.“

Finnbjörn Hermannsson, Byggið

„Þingforsetar, góðir félagar.

Signý vitnaði í að hún hefði verið hér á þingi frá 1800 og eitthvað. Ég er búinn að vera lengur, það er 17. öldin undir hjá mér líka. Ég man nú reyndar ekki eftir svona uppákomum á þeim þingum. Sú umræða sem hér hefur farið fram og hefur átt sér stað undanfarna mánuði var mér dálítið framandi, hvernig fólk er að bera hvort öðru brigslyrðum. Ég hélt að þetta hefði eitthvað með aldurinn að gera en þá heyrir ég að yngra fólk blöskrar þetta líka þannig að þetta er eitthvað sem á ekki að eiga sér stað.

Ég var talsmaður þess að við myndum fresta þingi núna þangað til í fyrramálið. Við reynum að hitta sem flesta og ég hvet ykkur sem eruð hér inni að reyna að hafa áhrif þannig að fólk lægi aðeins öldurnar vegna þess að við erum ekki hérna fyrir okkur sjálf. Við erum hér fyrir umbjóðendur okkar. Alþýðusambandið er sennilega með sterkustu öflum sem við eigum í samfélaginu en það er ekki sterk nema að við stöndum saman. Við erum að fara núna í kjarasamninga og við verjum með einhverjum hætti að berja í brestina og ná saman heildstæðum hóp til þess að fara í gegnum komandi kjarasamninga. Ég styð þessa frestun. Takk.“

Þingforseti

„Þá hafa allir lokið máli sínu og tillagan er svohljóðandi:

Dagskrá þingsins verði frestað til klukkan tíu í fyrramálið,

Undir þetta rita: Sverrir Albertsson, Sverrir Einarsson, Sigurður Einar Sigurðsson, Aðalsteinn Árni Baldursson, Ausra Laukyte, Sævar Örn Arngrímsson, Steinunn Zoëga, Krístrún B. Gunnarsdóttir, Bergrún Gígja Sigurðardóttir, Kristján Eggert Guðjónsson, Ósk Helgadóttir, Aneta Potrykus, Jónas Kristjánsson, Finnbjörn Hermannsson og Heimir Kristinsson.

Ég bið þá sem eru sammála að fresta að rétta upp rauða spjaldið. Kannski að maður bara sjái hverjir eru á móti. Einhver á móti? Það er greinilega samþykkt með afgerandi atkvæðagreiðslu og þar með frestum við þinginu. Þeir sem eru á mælendaskrá verða áfram á mælendaskrá í fyrramálið. Ég ætla bara að minna á kvölddagskrána á Grand og það veitir ekkert af að hittast og reyna að ræða málin þar. Góða skemmtun en sjáumst svo með von í brjósti á morgun. Takk.“

Miðvikudagur 12. október

Þingsetning 10.20.

Þingforseti

„Ágætu þingfulltrúar. Þá getum við hafið störf og eins og reglan er þá biðjum við þá sem ekki eru þingfulltrúar með atkvæðisrétt að yfirgefa salinn. Ég vona að allir hafi skemmt sér vel í gær. Það vara bara vel mætt á hófið. Það þarf að slá tölu á hópinn líka til að vita hvað það eru margir þingfulltrúar í salnum. Er þetta alveg klárt?

Þá setjum við þingið að nýju. Eins og við vitum kom í gær fram dagskrár-tillaga um frestun þingsins til kl. 10 í dag. Og hér erum við saman komin. Og borist hefur önnur dagskrártillaga og hún er svohljóðandi: 45. þingi Alþýðusambands Íslands er frestað. Þingi skal framhaldið að ákvörðun miðstjórnar ekki síðar en 30. apríl 2022 ... stendur hérna - væntanlega er misritun þarna en Sverrir Mar Albertsson mun flytja tillöguna. Gjörðu svo vel.“

Sverrir Albertsson, AFLi - starfsgreinafélagi

„Þingforsetar, góðir félagar.

Það er nú góð skýring á af hverju það er 2022, ég lifi náttúrulega bara í núinu eins og Ari Eldjárn. Við erum ekkert að hafa áhyggjur af því sem er inni í framtíðinni. En sannleikurinn er sá að við höfum mjög miklar áhyggjur af því sem er inni í framtíðinni. Það gerðust mjög stórir hlutir hér í gær og það tilgangslaust að horfa fram hjá því að það hefur áhrif á okkur. Það sem fyrir mér vakir og ég held þeim sem skrifa með mér á þessa tillögu er að við höfum áhyggjur af Alþýðusambandi Íslands og ég held að það sé ágætt móment núna fyrir okkur að setja okkur sjálf í aukahlutverk. Ég veit að margir eru reiðir eftir það sem gerðist í gær og fólk hefur sterkar tilfinningar. Við verðum eiginlega að spyrja okkur verður Alþýðusamband Íslands til eftir tíu ár. Verður það sterkt, verður það forustuafli? Og það sem við viljum gera með þessu að fresta þinginu aðeins er að gefa aðeins andrými til að sjá hvort það er hægt að ná sátt í hreyfingunni og hvort við getum haldið áfram að vinna saman. Þegar ég var krakki var ég dálítið mikill slagsmálhundur og ég man eftir að faðir minn tók mig einhverju sinni til hliðar og sagði: þegar tveir menn slást og annar verður reiður þá tapar hann. Og mér finnst það vera ágætt að þegar menn eru reiðir og tilfinningar miklar er oft langbest að fresta málinu aðeins og reyna að fá meiri yfirsýn og reyna sem sagt að taka yfirvegaða ákvörðun. Það er ekki víst að þessi frestun breyti miklu, mögulega verðum við í sömu stöðu þegar við hittumst næst, við vitum það ekki. Ég veit að það eru uppi mjög sterk sjónarmið hér inni að halda þessu áfram og kjósa nýjan forseta og nýja miðstjórn. Ég er ekki að segja að sú skoðun sú röng, ég er ekki að segja að það fólk hafi rangt fyrir sér. Og ég treysti því að við sem

erum eftir hér í dag, hver sem niðurstaðan verður, að við göngum út í einum hóp, fylkjum okkur bakvið þá niðurstöðu sem við náum. Ég held að við fengið alveg nóg af öðru. Ég ætla ekki að hafa þetta lengra, ég sé að það eru fleiri á mælendaskrá og það verða ábyggilega margir til að halda áfram þessu máli. En ég hvet fólk til að stíga eitt skref til baka, taka sjálfa sig úr öikumannssætinu og reyna aðeins að horfa yfir hver er framtíð Alþýðusambands Íslands. Takk fyrir.“

Þingforseti

„Sverrir hefur farið yfir og rökstutt tillöguna. Þá ætla ég að lesa tillöguna og leyfi mér að leiðrétta ártalið í 2023:

45. þingi Alþýðusambands Íslands er frestað. Þingi skal framhaldið að ákvörðun miðstjórnar ekki síðar en 30. apríl 2023. Og undir þetta rita:

Kristján Þórður Snæbjarnarson, Hilmar Harðarson, Sverrir Mar Albertsson, Guðmundur Helgi Þórarinsson, Óskar Hafnfjörð Gunnarsson, Finnbjörn A. Hermannsson, Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir, Steinunn Zoëga, Valmundur Valmundsson, Bjarni Þór Sigurðsson, Eiður Stefánsson, Ólafur Magnússon, Tryggvi Arnarson, svo er eitt nafn sem ég næ ekki að lesa en geri fastlega ráð fyrir að sé aðili á þinginu en það breytir ekki máli, það eru nægilega margir sem flytja tillöguna, Helgi Ólafsson, Heimir Kristinsson, Sóley Rut Jóhannsdóttir.

Eins og um dagskrártillögur ræðir í þingsköpum er heimilt að gera stuttar athugasemdir við þær. Við ætlum ekki að fara ræða málefni heldur eingöngu efni tillögunnar og það sem tengist. Það er komin hérna talsverð mælendaskrá og ég vil biðja menn um að vera stuttorða en ef á reynir mun ég minna menn á tímamörk. Finnbjörn A. Hermannsson, Byggið, hefur beðið um orðið fyrstur.“

Finnbjörn A. Hermannsson, Byggið

„Þingforseti, góðir félagar.

Ég veit ekki af hverju Georg nefnir alltaf að vera stuttorður þegar ég kem í ræðustól. Ég geri ráð fyrir að það sé vegna þess að í gegnum tíðina hef ég alltaf sagt að það þurfi ekki skeiðklukku á Georg þegar hann er að tala heldur dagatal. Hann er eitthvað að ná sér niðri á mér.

En þótt maður sé hér með einhver gamanmál, þá er hér um grafalvarlega mál að ræða. Við þurfum að taka stöðuna eins og hún er hverju sinni. Eðlilegast væri að við værum að ganga héðan út klukkan fjögur með nýja forystu og stefnu í öllum málum og allir væru vinir í skóginum. Málið er að það er ekki alveg svo. Þá þurfum við að setjast niður og meta hver er næst besta staðan í málinu. Ég lít svo á að við erum með mjög erfitt verkefni fram undan. Við erum með kjarasamninga sem við öll þurfum að gera, við þurfum að ná sátt um það hvernig við vinnum að gerð kjarasamninga. Við erum með ríkisstjórn sem er ekki alltaf vinveitt okkur, við erum með mjög fluga andstöðu á atvinnurek-

endasamtökunum sem eru mjög vel skipulögð. Þannig að það er ærið verkefni fyrir höndum í vetur. Og ég met það svo að í 116 ára sögu Alþýðusambandsins eru sex til átta mánuðir ekki langur tími. Þó þessir félagar okkar hafi gengið á dyr í gær megum við ekki taka ákvörðun í reiði eða í augnablikinu þrátt fyrir þessa núvitund sem nefnd var hérna áðan. Við verðum að velta fyrir okkur hver er staðan og besta staðan til framtíðar.

Ég lít svo á að ... tel að frestun núna í sex til átta mánuði er besta staðan. Það er ekki flókið og ég held ég þurfi í sjálfu sér ekki að skýra það neitt betur. En ég hvet ykkur félagar. Nú þurfum við að sýna samstöðu. Samstaðan er um að við frestum og við ætlum að gera eins sterkt Alþýðusamband og við getum úr því sem við höfum úr að spila núna í augnablikinu og það er að ná hópnum aftur saman. Við ætlum að fara sterk í gegnum kjarasamningana og í vor ætlum við að búa til enn sterkara Alþýðusamband. Takk.“

Þingforseti

„Næstur tekur til máls Finnbogi Sveinbjörnsson, Verkalýðsfélagi Vestfjarða.“

Finnbogi Sveinbjörnsson, Verkalýðsfélagi Vestfirðinga

„Þingforsetar, félagar.

Já Finnbjörn, félagi minn, takk fyrir þessa brýningu. Við skulum öll hafa það í huga að við ætlum að fara hérna út í dag saman hver svo sem niðurstaðan verður. Það er mjög mikilvægt fyrir okkur að stilla þá strengi, að okkur verði ekki legið á hálsi að við værum ekki að sinna okkar störfum.

Ég er ekki í þeim hópi sem telur þetta bestu leiðina, að fresta þinginu, en ég mun una þeirri niðurstöðu sem þingið kemst að. Ég hef alltaf gert það og mun gera það áfram. Ég tel það skyldu mína. Það er ekki um persónur að ræða hér það er um hreyfinguna og við höfum staðið í fararbroddi hennar og eigum að gera það áfram. Við verðum þar af leiðandi að koma sameinuð héðan út. Því miður sýnist mér stefna í það að við munum ekki kjósa. Ég hefði gjarnan viljað sjá það, gjarnan viljað sjá að hér hefði verið kosið út frá þeim framboðum sem komu fram og þá hefðum við bara unað við þá niðurstöðu sem þar var. Ég er í miðstjórn í dag. Ég hafði tekið þá ákvörðun að bjóða mig ekki fram í miðstjórn en sökum þess hvernig mál voru að þróast fyrir þingið þá ákvað ég að gera það. Verði þinginu frestað mun ég að sjálfsögðu standa mína plikt áfram þangað til að kemur að næsta þingi. Ég hef alltaf litið á það sem skyldu mína inni í miðstjórn að brúa bil ólíkra sjónarmiða, talað um málefni án þess að hjóla í persónur eða leikendur og það mun ég gera áfram. Ég hvet okkur öll til að horfa inn á við þannig að við gengið héðan út bein í baki hver svo sem niðurstaðan verður. Takk fyrir.“

Þingforseti

„Næstur tekur til máls Hilmar Harðarson, Félagi iðn - og tæknigreina.“

Hilmar Harðarson, Félagi iðn- og tæknigreina

„Þingforsetar og kæru félagar.

Okkur er vandi á höndum núna. Hluti af okkar félögum fóru héðan í gær, vonandi í tímabundnu ástandi vegna þess að ég tel að þessi 110 ára saga Alþýðusambandsins megi ekki líða fyrir gerræðislegar ákvarðanir. Þarf af leiðandi styð ég þessa tillögu að fresta þinginu í sex mánuði vegna þess að þá tel ég að við náum allavega hluta af hópnum til baka. Ég tel það mjög mikilvægt að við sýnum þann félagslega þroska að við förum ekki í fæting í framhaldi af þessum látum. Ég styð þessa tillögu. Takk fyrir.“

Þingforseti

„Næst tekur til máls Svanhildur Þórsteinsdóttir, VR

Svanhildur Þórsteinsdóttir, VR

„Þingforsetar, kæru félagar.

Mig langaði að taka undir tillögunum sem að hér er borin fram og ég styð hana heilshugar. Eins og ég sagði hér í gær þá tel mikilvægt að við fáum smá andrými og komum okkur niður á jörðina eftir hamagang gærdagsins. Ég tel það skynsamlegt og tel með því sýnum við ASÍ virðingu að fresta þingi og styð því þessa tillögu heilshugar.“

Þingforseti

„Þá tekur Einsi í VM til máls. Ég vil biðja þig um að segja fullt nafn því það eru fleiri en einn Einar fulltrúar, meira að segja hjá VM.“

Einar í VM

„Daginn. Ég veit að ég er hérna að stíga svolítið stór skref miðað við þá sem voru að tala á undan mér hérna á meðan ég er að fara hérna með fyrstu ræðu þannig að þið kannski gefið mér smá breik. Ég hallast meira að vini mínum hérna í Vest-Virk. Ég er með svona passa, öll þið eruð hérna inni með passa. Ég er ekki með þennan passa fyrir formanninn minn eða neinn annan, ég er með hann fyrir mína gæja, fólk sem ég ber ábyrgð á að kjósa rétt. Ég hefði viljað sjá þessa kosningu í gær. Ég skil ekki, ég er ennþá svo vitlaus að ég skil ekki hvað er í gangi. Ég ætla að láta kyrrt liggja. Mér finnst líka erfitt að horfa fram á það að kjara samningar séu á leiðinni í gang og þá eigum við bara að fara heim og horfa á Netflix.“

Auðvitað geri ég bara það sem ég get. Ég get rétt upp, ég get tekið niður.

Ég er bara ekki með jafn mikla þunga plikt en þetta er ákveðin plikt. Ég er ekki að meina þetta á móðgandi hátt en kannski meira til að slá á léttu strengi. Ég held að fullt af fólki í landinu haldi bara að ASÍ sé rosalega skrytín rútu-stoppistöð, sem sé BSÍ en ekki ASÍ vegna þess að ég veit að fullt af kynslóð-um yngri þau vita ekki hvað gerist hérna. Bara vita ekkert hvað gerist hérna. Þannig að maður sér þessar fyrirsagnir sem að eru einhvern veginn að kryppla okkur eins og samfélagið um það sem að gerist hérna og allt sé í spillingu og alls konar dóti. Komið því bara út hvað er gert hérna. Við þurfum að gera það innanhúss og það þarf bara að berast lengra. Sama hvort að við bíðum í sex mánuði eða ekki, það er bara fullt af fólki sem veit ekkert hvað gerist hérna. Ég velti því fyrir mér með spillinguna hérna inni þegar konan sem afgreiðir mig þegar ég kem í skítagallanum inn á Mosó og fer á KFC, vinkona mín í VR er það hún sem er spilla konan, skilur þú? Eða er það vélstjórinn sem gerði við blinn þinn eða bátinn þinn? Þetta eru bara við. Þessi hreyfing þarf að vera og við erum svolítið að detta úr lestinni vegna þess að við tölum ekki við unga fólkið. Hvað eru margir undir fertugu hérna? Ég er ekki einn þeirra en ég bara leik með öðrum sem eru yngri og þess vegna aðeins breiðist þetta út. En við verðum bara að gera betur og ég neita að vera hræddur um að einhver sé að deyja hérna. Við bara tökum kassana út bara hvert af öðru til að færa niður á byggðasafnið eða eitthvað. Það er ekkert að fara að deyja. Hreyfingin er í okkur. Ábyrgðin er hér. Takk fyrir.“

Þingforseti

„Ólöf Helga Adolfsdóttir hefur bedið um orðið og hún er frá Eflingu.“

Ólöf Helga Adolfsdóttir, Eflingu

„Þingforsetar, kærur félagar.

Ég kem hérna upp vegna þess að ég er ósammála þessari tillögu. Ég á það til að vera ósammála og segi það þá. Ég tel mjög mikilvægt fyrir hreyfinguna að við klárum þá málefnavinnu sem við ætludum að klára og kjósum okkar forystu. Ég tel okkur vera sterkari en það að þrír einstaklingar innan hreyfingarinnar geti lamað okkur. Þau tóku ákvörðun, þau gengu út, þau geta enn þá komið inn, það er alla vega ekki búíð að kalla inn varamann fyrir formann Eflingar þannig að hún getur enn þá gengið inn. Ég veit ekki hvernig er með Ragnar og Vilhjálm en þau geta enn þá komið hérna inn, þau geta enn þá boðið sig fram aftur. Þau taka sínar ákvarðanir en ég vona að við getum horfst í augu við það að við erum hreyfing, við erum ekki bara þau þrjú. Ef að við frestum þinginu í sex mánuði af því að þau þrjú ákváðu að ganga út, - fjögur fyrir gefið þið en allavega þau þrjú sem voru að sækjast eftir forsetaembættum - þá erum við að segja að án þeirra sé engin hreyfing. Ég bara trúi ekki þegar ég

horfi hér yfir okkur öll að þetta sé eitthvað sem við viljum segja við viljum segja Samtökum atvinnulífsins, segja bara hinum almenna félagsmanni að einfaldlega af því að einhverjir fjórir einstaklingar gengu út af þingi ASÍ og jú, tóku einhverja með sér að þá séum við bara brotin. Þið þurfið ekkert að kjósa mig, endilega aðrir að bjóða sig fram en höldum áfram, klárum það sem við ákváðum að gera hérna. Takk fyrir.“

Þingforseti

„Næstur tekur til máls Arnþór Sigurðsson, VR.“

Arnþór Sigurðsson, VR

„Þingforsetar og ágætu þingfulltrúar.

Ég styð heilshugar þessa tillögu um að fresta þinginu um einhverja mánuði. Atburðir gær dags þeir voru stórir og þeir rista djúpt í þetta þing og eru í raun og veru búnir að lama þingið að stórum hluta. Ég held að það sé bara mjög ráðlegt fyrir hreyfinguna, Alþýðusambandið, sem er auðvitað miklu stærra en þetta þing eða við að við gefum okkur öllum ráðrúm til þess að fara yfir málin og hugsa þetta aðeins upp á nýtt og velta fyrir okkur hvernig við getum leyst þessar deilur. Ef við snúum þessu bara við og við værum heima og eitthvað annað fólk væri hérna inni og það ætti að fara semja fyrir okkur um laun og kjör og annað, ég ... við sætum heima og værum bara hneyksluð. Ég held að við verðum bara að tefla skynseminni og lægja öldurnar og gefa okkur tíma því okkur liggur ekkert á. Ef við ætlum að láta Alþýðusambandið verða 200 ára þá er það rétta leiðin en ekki að halda áfram í illdeilum. Ég held að það sé það versta sem við getum gert. Takk fyrir.“

Þingforseti

„Næstur tekur til máls Páll Heiðar Aadnegard, VM.“

Páll Heiðar Magnússon Aadnegard, VM

„Fundarstjóri, forseti ASÍ, varaforseti, varaforseti og ... nei, þeir eru allir farnir. Ég ætla að styðja þessa tillögu. Ég er ekki í neinni stemningu fyrir málefnavinnu. Það gekk vel að finna stæði í morgun, það er það eina sem er jákvætt við daginn og það gekk vel að finna gott bord. Ég sé ekki annað en að þetta þing sé umboðslaust. Ég mun að óbreyttu ekki taka þátt í neinni kosningu hérna og ég styð fullkomlega þessa frestun.“

Þingforseti

„Næstur tekur til máls Jónas Ingvi Ásgeirsson, VR.“

Jónas Ingvi Ásgrímsson, VR

„Þingforsetar, ágætu félagar.

Mamma segir alltaf að pabbi minn heiti Ásgrímur en það eru bara hennar orð. Ég styð þessa tillögu fullkomlega. Við þurfum að fresta. Þegar ég hugsa um af hverju þá eru nokkrar ástæður. Fyrir það fyrsta þegar maður lítur hérna yfir salinn þá sér maður fullt af auðum borðum og tóm sæti út um allt sem þýðir það að stór hluti, þó nokkur hluti af okkar félagsmönnum eru ekki hérna til þess að taka þátt í kosningunni og réttast væri þá, út frá þeirri ástæðu einni að fresta þannig að það geti allir í sátt og samlyndi tekið þátt í kosningunni. Annað atriði er það að málefnavinnan sem átti að fara fram eftir hádegi í gær og fyrir hádegi í dag hún hefur ekki átt sér stað. Þannig að við höfum ekki getað komið að þeim málum eins og við vildum, að laga, breyta eða bæta. Þinginu á að ljúka í dag klukkan 16 og ég sé bara ekki hvernig í ósköpunum við eigum að geta komið þessu öllu að á þessum knappa tíma sem eftir er af þessum degi. Þannig að ég styð tillögu fullkomlega og legg til að við frestum.“

Þingforseti

„Næstur tekur til máls Björn Snæbjörnsson, Einingu-Iðju.“

Björn Snæbjörnsson, Einingu-Iðju

„Þingforsetar, ágætu félagar.

Ég er búinn að taka þátt í dálítið mörgum þingum Alpýðusambandsins. Ég var að klára 340. miðstjórnarfundinn fyrir viku síðan. Ég er búinn að vera í 30 ár inni í miðstjórn Alpýðusambands Íslands. Oft hefur verið deilt á þessum mörgu þingum og menn hafa ekki alltaf verið sammála. Menn hafa gert ýmsa hluti í reiði og venjulega hafa menn séð eftir því að hafa látið skapið hlaupa með sig í gönur. Ég tel það líka vera þannig núna að við eigum sem sterk heild í Alpýðusambandi Íslands að gefa þeim tækifæri sem að kannski fóru hér út í reiði, tækifæri til þess að átta sig á hlutunum, koma aftur og taka að fullu þátt í starfi Alpýðusambands Íslands þá á þingi undir vorið.

Það eru auðvitað margir hérna inni sem vilja klára og láta þetta ekkert á sig fá. Ég held, við fulltrúar hér inni, ég held að við séum miklu sterkari, miklu sterkari að fara út af þessum fundi til að gefa þeim tækifæri, sem fóru hér út í einhverri reiði. Við vonum svo sannarlega að á þeim tíma sem að væri gefinn til þess að halda þessu þingi áfram, kannski í mars, apríl í vor, að þá getum við staðið saman til að efla Alpýðusamband Íslands. Alpýðusamband Íslands stendur vörð um launafólk í landinu. Við megum ekki undir neinum kringumstæðum eyðileggja þetta mesta og besta vopn sem við eigum fyrir íslenskt verkafólk. Þess vegna segi ég: ég er tilbúinn til að fresta þessu þingi og vona svo sannarlega að við náum að koma saman öll, frá öllum félögum næsta vor. Ég styð þessa tillögu. Takk.“

Þingforseti

„Þá tekur til máls Ástþór Jón Ragnheiðarson, ASÍ-UNG.“

Ástþór Jón Ragnheiðarson, ASÍ-UNG

„Kæru félagar.

Rétt eins og allir sem hafa komið hingað upp þá er mér líka annst um framtíð Alþýðusambandsins. Mig langar í því samhengi að hvetja þingfulltrúa til að hugsa framtíðina aðeins lengur en sex til átta mánuði fram í tímann og horfa lengra, horfa á hvaða fordæmi við erum að gefa til lengri tíma ef við ákveðum að fresta þessu þingi. Hvers vegna ættum við að fresta þessu þingi? Lítið hér yfir salinn. Við erum ekki lömuð. Hér erum við, vissulega ekki öll, en við erum flest hérna og það er okkar skylda að taka ábyrgð og halda áfram. Ég sé ekki forsenduna fyrir því að fresta þingi. Ég tel það gefa hættulegt fordæmi til lengri tíma lítið ef svo verður.

Áður en ég fór að starfa innan verkalýðshreyfingarinnar þá vann ég mikið með börnum við þjálfun og kennslu. Vitið þið hvað gerðist þegar barn yfirgaf kennslustundina? Kennslustundin hélt áfram. Ég hvet ykkur, kæru félagar, til að sýna ábyrgð og halda áfram. Klárum verkefnið sem við erum byrjuð á. Takk fyrir.“

Þingforseti

„Næstur tekur til máls Kristján Þórður Snæbjarnarson, Félagi rafeindavirkja.“

Kristján Þórður Snæbjarnarson, forseti ASÍ

„Já, kæru félagar.

Við erum hérna að ræða tillöguna um frestun á þinginu og ég, eðli málsins skrifa undir skjalið líka þannig að ég, auðvitað, að sjálfsögðu, styð þessa tillögu. Það er ágætt að fara í svona hlutverk og sögu. Rétt eins og hann Björn Snæbjörnsson nefndi hérna áðan þá eru margir búnir að sitja lengi hérna, mörg þing. Ég er búinn að sitja nokkur þing, hélt upp á þrítugsafmæli mitt hérna á þingi ASÍ 2010, ég hélt upp á fertugsafmælið mitt 2020 með þingheimi og fyrsta þing var væntanlega þegar ég var 28 ára. Og ef það hefði verið spurt þeir sem eru undir 42 þá hefði ég rétt upp hönd áðan en rétt slapp út fyrir það.

Hlutverk okkar er auðvitað að sameina Alþýðusambandið og móta stefnu okkar framávið. Við þurfum að taka ábyrgð líka á því að reyna að ná hópnum saman. Það er eins og hefur komið fram, það er ekkert sjálfgefið að það takist. En ef við myndum klára þingið núna þá er auðvitað önnur staða sem ég held að sé erfiðara að ganga út úr. Þess vegna held ég að þá sé mjög skynsamlegt hjá okkur að láta á þetta reyna, að við tökum okkur auka mánuði til þess að vinna inn á við og ég held að við þurfum öll að leggjast á árnar með það

að vinna að bót og betrun í okkar starfi. Við skuldum okkar félagsfólki það. Við erum hérna fyrir fólkið og okkur ber að láta á það reyna að styðja við og styrkja Alþýðusamband Íslands.

Í mínum huga þá er Alþýðusambandið hornsteinn okkar verkalýðshreyfingar á Íslandi og við auðvitað erum langstærsta afl landsins í dag. Það er okkar hlutur og okkar hlutverk að tryggja að Alþýðusambandið verði áfram stærsta afl landsins í verkalýðsbaráttunni. Þetta er ekki sjálfgefið að það verði en það er í höndum okkar að tryggja að svo verði áfram.

Ég lýsi því yfir ef að þessi tillaga verður samþykkt að ég mun leggja allt á mig til að svo geti orðið. Ég mun leggja mitt af mörkum til þess en það mun þurfa fleiri, það mun þurfa alla úr forustunni og það mun þurfa okkur öll hérna inni, alla í hreyfingunni. Við þurfum að leggjast saman á þetta verkefni að tryggja styrk og stöðu sambandsins. Við erum að fara inn í kjarasamninga, við erum að fara inn í samtal við stjórnvöld, mögulega, einn eða fleiri hópar. Þarna skiptir mestu máli að við séum saman og samstæð og auðvitað, ég tek undir það, ég vona að okkur takist að labba héðan út sem einn hópur í kjölfar þessa þings, komum síðan saman aftur næsta vor og kjósum forystuna fram á við sterka, sameinada, öfluga. Takk fyrir mig.“

Þingforseti

„Næst tekur til máls Anna Bryndís, VR.“

Anna Bryndís Hendriksdóttir, VR

„Þingforseti, ágætu félagar.

Ég er hér á mínu fyrsta ASÍ-þingi og mín frumraun að vera innan verkalýðsbaráttu að einhverju leyti. Ég hef hins vegar töluverða reynslu af félagsstarfi annars staðar og ég hef reynslu að erfiður ársfundur í einum félagasamtökunum var frestað og útkoman á því nokkrum mánuðum síðar varð einn besti fundur sem félagið hafði haldið. Ég er því eindreginn stuðningsmaður þeirrar tillögu að við frestum þessu þingi, róum aðeins stemninguna, tölum saman og komum síðan sameinuð og sterk á framhaldsþingið að vori. Takk fyrir.“

Þingforseti

„Næstur tekur til máls Þorvarður Bergmann Kjartansson, ASÍ-UNG og VR.“

Þorvarður Bergmann Kjartansson, ASÍ-UNG og VR

„Kæru félagar.

Ég vil byrja á að segja það að ég styðji það seinka þinginu eða fresta því en mig langaði svolítið að tala um samstöðu. Ég óttast þínu um það að ég megi

vera þínu óheppinn til orða en ég ætla bara að biðja alla fyrir fram að þetta er ekki ætlað sem skot á neinn. Þetta eru bara mínar hugleiðingar og greining á stöðunni sem við erum í.

Þess vegna finnst mér eins og við þurfum fyrst að tala um Sólveigu. Það er hægt að segja alls konar hluti um Sólveigu, sumir af þeim slæmir aðrir ósanngjarnir, það fer svolítið eftir því hvern þú spyrð en ég ætla rétt að vona að ef við gætum tekið baráttukonuna í Sólveigu og tökum alla aðra galla út fyrir sviga þá værum við með baráttumanneskju sem hreyfingin gæti verið stolt af að hafa á sinni hlið. Þetta er það sem ég hef heyrt af fólki sem hefur unnið með henni í kjarabaráttunni, að aftur og aftur þegar þeir héldu að þetta væri komið og við myndum ekkert fá neitt meira að þá fór Sólveig ósátt á samningsfund og fékk aðeins meira en steig samt alltaf jafn ósátt út af fundinum. Hún er frábær baráttukona, kannski er hún hræðilegur atvinnurekandi, það má vel vera og ég býst við að margir séu sammála því en mögulega besta manneskjan til að hafa í sínu liði við samningaborðið.

Það hefur verið talað um það í pólitík að ef fólk vill ná árangri þá þarf að vera hægt að vinna með fólki sem við erum ósammála, þar sem leiðir okkar liggja saman. Við þurfum að geta unnið með fjendum okkar að þeim málefnum þar sem markmiðin okkar eru þau sömu. Þessi vettvangur, hann snerist ekki um að fara í atvinnurekstur með Sólveigu, það stóð aldrei til að gefa henni mannaforráð. Verkalýðshreyfingin er byggð á engu öðru en samstöðu. Þegar við ætlum að byggja upp verkalýðshreyfingu þá förum við ekki í Hagkaup og segjum: allir saman, hver er sjálfstæðismaður? Ókei, þið farið út. Hver er hérna framsóknarmaður? Þið farið út. Hver er kommúnisti? Ókei, þið farið líka út. Hverjir eru stuðningsmenn Sólveigar? Og þannig koll af kolli og síðan segja við afganginn: hverjir eru eftir? Allt í lagi, við ætlum að byggja saman sterka og öflugna verkalýðshreyfingu. Samstaðan virkar ekki svona og hreyfing sem kýs að vinna ekki með sterkum samstarfsmönnum út af ágreiningi sem er eitthvað sem er ekki verkefni stundarinnar, það er hreyfing sem hefur kosið að vera veik. Takk fyrir mig.“

Þingforseti

„Næst tekur til máls Helga Flosadóttir, Bárunni.“

Helga Flosadóttir, Bárunni

„Góðan daginn, fundargestir.

Ég er hérna í fyrsta skipti í púlta á öllum þessum þingum og dóti sem ég hef setið á og við reynum að meika það. Mamma mín, hún kenndi mér að standa með minnimáttar. Kostur stundum, vesen stundum. Ef ég sé eitthvað óréttlæti, ég meika það ekki, ég verð að skipta mér af. Ég reif kjaft við sálfræðikennar-

anna minn í FSU fyrir hundrað árum síðan út af því að hann bara lagði eina stelpuna í einelti. Það er alltaf eitthvað svona.

Fyrir nokkrum mánuðum slysaðist ég inn á kommentakerfið. Mæli ekki með. Þar er svolleiðis forarpytturinn að þá einhvern veginn tvíefldist ég, svolleiðis lá yfir að gúggla gamla kjarasamninga og alls konar dótarí þannig að ég get eiginlega þakkað öllu þessu veseni sem er búið að vera síðustu misseri fyrir minn aukna áhuga á verkálýðsmálum. Ég er eiginlega alltaf að pönkast í stjórninni minni; hvernig var þetta, ég man ekki eftir þessu, viltu rifja þetta upp fyrir mér? Ég er alltaf að reyna að auka minn skilning.

Mér finnst geggjáð alltaf að vera á þessum þingum en gærdagurinn var sjúklega furðulegur eins og við vitum. Ég er bara að spá í, jú, jú, við erum jú tæp á tíma og allt þetta en er eitthvað því til fyrirstöðu að við höldum eitthvað aðeins áfram með vinnuna okkar því að þar var unnin flott vinna hérna í gær, bara eins og er alltaf. Að sjálfsögðu vantar hérna slatta af fólk en við vitum alveg að grunnurinn að þessu er að við erum með sömu markmiðin. Við viljum vinna fyrir fólkid okkar, efla kjarabætur og sérstaklega hjá þeim sem eru, einmitt, minni máttar, lægstir og allt þetta. Má ekki aðeins halda áfram með málefnavinnuna þó að kosningar og því sé frestað? Væri það gegn einhverju sýstemi eða? Nei, ég bara spyr. Takk.“

Þingforseti

„Það er sjálfsagt að svara því. Dagskrártillaga og tillaga um frestun er auðvitað til þess að stoppa af frekari vinnu á þinginu ef hún verður samþykkt. Það segir sig að einhverju leyti sjálft en ég skil auðvitað spurninguna og ég skil vel að fólk hafi áhuga á þessu af því að sannarlega gekk málefnavinnan í gær, sérstaklega fyrir hádegi, mjög vel og við komum aðeins betur að því á eftir.

Signý Jóhannesdóttir, Stéttarfélagi Vesturlands, hefur beðið um orðið. Síðan eigum við þrjá eftir og á meðan Signý talar þá lokum við mælendaskrá.“

Signý Jóhannesdóttir, Stéttarfélagi Vesturlands

„Þingforsetar, góðir félagar,

Ég verð að játa að ég veit ekki í hvorn fótinn ég á að stíga. Ég er í óvanalegri stöðu, venjulega veit ég alveg hvert ég ætla og hvað ég tel að sé best. Ég sagði ykkur hérna í gær að ég hefði komið oft á þing og hefði kynnst ýmsu en þó ég hafi töluvert hugmyndaflug, hafi gaman af sögum og hafi tekið þátt í ýmis konar starfsemi, leikstarfsemi og öðru þess háttar, þá hefði ég ekki getað skrifað handritið sem var hér í gær.

Ég var fyrir nokkrum vikum búin að skrifa ræðu sem ég ætlaði að fá að halda undir liðnum „önnur mál“ hér í dag. Hún er alveg ónýt, gjörsamlega ónýt. Hún var djöfull góð og mér þykir bara skítt að hún eigi ekki erindi. Ég

verð að játa það að ég sé bæði kosti við að klára í dag og kosti við að fresta. Ég ætla bara að gera grein fyrir atkvæði mínu því á eftir mun ég sitja hjá við þessa atkvæðagreiðslu. Það er ekki minn vani að sitja hjá við atkvæðagreiðslu nema í einni nefnd þegar hefur verið að fjalla fjölda þingfulltrúa á þing Alþýðusambandsins þá sit ég alltaf hjá því ég er á móti því hvernig Alþýðusambandið var fyrir um 20 árum hlutafélagavætt. Afl fjármunanna ræður því hversu margir sitja hérna inni frá hvaða sambandi. Í þetta skipti mun ég sitja hjá en hver sem niðurstaðan verður þá ætla ég að vona að hún muni færa Alþýðusambandinu gæfu og ég mun una henni. Takk fyrir.“

Þingforseti

„Næstur tekur til máls Eiður Stefánsson, Félagi Verslunar- og skrifstofufólks, Akureyri.“

Eiður Stefánsson, FVSA

„Forseti, kærur þingfulltrúar.

Ég er örlítið eins og Signý í þessu. Ég sé kosti við það að halda þinginu áfram og líka kosti við það að fresta þessu. Persónulega, þegar maður fer að hugsa um þetta, að við eigum ekki að vera að fresta þingi nema komið sé stríð eða einhverjar ægilegar hamfarir. Ég var á þeirri skoðun í gær og var að reyna að tala fyrir þessu. Við hittumst verslunarmenn í morgun og áttum stuttan fund og maður skynjaði að það var mikill vilji meðal verslunarmanna að fresta þinginu. Það er svo gott að vera félagslega þenkjandi og átta sig á því að maður getur haft rangar skoðanir eða skipt um skoðun og fylgja þá þeim aðilum sem vilja fresta þessu og telja það til bóta. Ég finn það að það er að mínu mati meirihluti fyrir því.

Ég skrifaði undir þessa tillögu svo að hún færi hér í atkvæðagreiðslu. Ég ætla að styðja hana af því að ég held að við verslunarmenn getum þá komið sterkari út úr þessu eftir þennan fund í morgun. Takk fyrir.“

Þingforseti

„Næstur tekur til máls Aðalsteinn Árni Baldursson, Framsýn.“

Aðalsteinn Árni Baldursson, Framsýn

„Þingforsetar, ágætu þingfulltrúar.

Ég ætla ekki að fara út fyrir efnið heldur segi það að ég styð heilshugar það að við frestum þingi í sex mánuði. Að mínu mati er það eina vitið til þess að tími og ráðrúm gefist til að sameina þessa hreyfingu á ný en að sjálfsögðu verður það þannig að ef það næst ekki eftir sex mánuði þá haldi menn þing og kjósi þingforseta og í miðstjórn og öll þau embætti sem þarf að velja í. Gefum

Þessu tíma og það er full þörf á því en ég segi til viðbótar; það er ekki nægilegt að fresta hér þingi í sex mánuði. Við verðum að fara að vinna í okkar innri málum og það þurfa allir að leggjast á eitt að ætla að bæta þannig úr að menn geti komið hér til þings eftir sex mánuði og gengið frá þessu sjálfsagða kjöri sem okkur ber að gera samkvæmt lögum Alþýðusambandsins.

Ég ætla ekki að dæma neinn, ég ætla ekkert að fara að segja að þessi eigi meiri sök en hinn eins og var í gamla daga þegar maður gerði eitthvað ljótt þá benti maður á hinn, það var hann sem byrjaði þó maður lemdi einhvern til baka. Alls ekki, förum frekar í það, þössum orðræðuna og þössum okkur allavega næstu sex mánuði, verum ekki með einhverjar dylgjur í garð okkar féлага, hver sem það er og vöndum okkur. Það er líka þannig með gemsann minn í morgun, ég veit ekki hvað margir eru búnir að senda mér pósta, fólk sem skilur ekkert í þeim sandkassaaleik sem hér fer fram. Það skilur ekkert í því og spyr bara hvort við eigum ekki að vera að vinna fyrir fólkið í landinu. Ég tek alveg undir þetta þegar maður uppgötvar og verður vitni að þeirri umræðu og því sem gerðist hérna í gær en það breytir því ekki að sá hópur sem getur breytt þessu það erum við. Það erum við sem eru kosin fulltrúar okkar stéttarféлага í umboði okkar félagsmanna til að mæta hér og fylgja eftir þeim málefnum sem eru til umræðu. Höfum það líka í huga, eins og í gær, sú umræða sem fram fór hér í gær, þetta flotta nefndastarf sem ber að hæla og þakka fyrir. Menn gera það í gegnum þjóðfundarsnið eða ... það eru svo margir sem koma að því að móta stefnu Alþýðusambandsins frá því sem var þegar menn komu hér upp í ræðupúlt og það voru örfáir sem höfðu kjark til að fara upp og segja sínar skoðanir. Í hópavinnunni eru það bara allir, flestir sem eru að taka þátt og koma sínu á framfæri og geta með nokkru stolti komið heim og á sína vinnustaði og sagt: ég lagði þetta fram og það náði í gegn. Ég held að þetta sé þetta stolt og við þurfum að keyra okkur upp í stoltinu. Við höfum verið að gera frábæra hluti. Við erum með Alþýðusambandið sem er stofnað fyrir rúmlega hundrað árum og við eigum að líta á það og bera virðingu fyrir Alþýðusambandinu og líka tek ég það fram þegar ég segi; förum að vinna í okkur sjálfum. Við verðum að gera það. Við frestum ekki til sex mánaða og komum hér aftur með allt upp í loft. Við eigum að koma sameinuð og sterk eftir sex mánuði.

Við eigum líka öll sem einn að bera virðingu fyrir starfsfólki Alþýðusambands Íslands. Þetta er frábært starfsfólk og ég ætla að biðja ykkur um það, klöppum fyrir því.

Takk fyrir. Þetta var yndislegt og starfsmönnum ASÍ veitir ekkert af því að finna fyrir þeim mikla stuðningi sem þeir eiga hér meðal fundarmanna. Að endingu bara þetta; við skulum hittast hér eftir sex mánuði sameinuð og sterk til góðra verka og klára þau þingstörf sem við eigum að gera í dag en verði sú

tillaga sem hér er til afgreiðslu samþykkt þá verður það þannig en ég býð ekki í það ef hún verður ekki samþykkt hér í dag. Þá óttast ég um framtíð Alþýðu-sambands Íslands. Takk fyrir.“

Þingforseti

„Ég get bara tekið undir það, þó að fundarstjóri eigi ekkert að vera að kommentera á ræður, þá var þetta fallega gert af Aðalsteini og virkilega vel undir það tekið að þakka starfsmönnum ASÍ enda er álagið mikið þar.

Ágúst Jóhannesson, Matvís, tekur næst til máls.“

Ágúst Jóhannesson, Matvís

„Kæru félagar.

Ég er alveg kolruglaður. Ég veit ekkert hvernig hlutirnir snúast. Hér hefur verið talað um ofbeldi, ofbeldismeningu. Ég hef ekki tekið eftir henni. Það eru til gerendur og þolendur í ofbeldi. Ég horfði á vídeó sem er held ég tíu ára gamalt. Það var einhver forystumaður hérna sem var bara slökkt á míkrafóninum hjá honum. Þessi maður í dag er síðan sakaður um að vera gerandi. Ég skil ekki upp eða niður. Hver er gerandi eða þolandi? Ég bið fólk, það eru ábyggilega einhverjir fleiri en einn hérna sem fara frjállega með þetta hugtak, ég bið þá um að gera það ekki.

Við stöndum á tímamótum. Hér er hagvöxtur með sem gerir hærra í heiminum. Verðbólga er ágæt miðað við nágrannalönd og löndin í kringum okkur. Við stöndum sterkt. Hvað gerist þá? Það er eitthvað ákveðið fólk sem getur ekki haldið í sér að fara í fjölmiðla og tala um ofbeldi. Fólk sem kannski deilir ekki kjörum með þeim lægst launuðu. Ég er sorgmæddur yfir því að það standa hérna tvær tillögur uppi, halda áfram þinginu eða þá að fresta því til sex mánaða. Best af öllu, sterkast fyrir okkur öll, sterkasta vopnið gagnvart vinnuveitendum hefði verið það að koma hérna sterk saman út. Tvær vondar tillögur sem bíða okkar hins vegar að velja úr. Að því sögðu þá kem ég til með að styðja skárrí tillöguna en þó ekki fagnandi. Takk fyrir.“

Þingforseti

„Næstur tekur til máls Finnbogi Sveinbjörnsson, Verkalýðsfélagi Vestfirðinga.“

Finnbogi Sveinbjörnsson, Verkalýðsfélagi Vestfirðinga

„Þingforsetar, ágætu félagar.

Þingforseti

„Næstur tekur til máls Guðmundur Helgi Þórarinnsson.“

Guðmundur Helgi Þórarinnsson, VM

„Fundarstjórar, góðir fundarmenn.

Það er eiginlega synd að Aðalsteinn fékk ekki að eiga síðasta orðið hérna. Ég vil þakka honum fyrir að láta klappa fyrir starfsfólki ASÍ. Það hefur mætt mjög mikið á því, kannski óvenjumikið og það á alla þökk skilið.

Við erum að velta fyrir okkur hvað er best að gera og Ástþór kom með dæmisögu um að ef einhver krakki labbaði út úr skólastofunni þá héldi kennslan áfram. Ég er einn af þeim sem er alinn upp í stórrí fjölskyldu þar sem stundum var tekist mikið á jafnvel þegar við vorum ungir krakkarnir. Mamma gamla sagði oft að ég hefði vissst lag á að reiða einn bróður minn þannig að hann hljóp út. En hún lét okkur aldrei klára málefnið fyrir en hann var kominn inn því við vorum fjölskylda og eigum að standa saman.

Við höfum möguleika á því núna að draga andann og vita hvort að okkar fjölskylda er ekki tilbúin að koma hérna inn til okkar og fara yfir málið með okkur. Mér er nokk sama hvort það eru sex mánuðir eða tólf. Hins vegar var ég einn af þessum sem skrifaði undir tillögunu og styð hana að fullu út af því að við eigum að varðveita þessa ASÍ-fjölskyldu. Við vitum það að þetta afl getur verið svo ógnarsterkt ef við náum því í takt. Ég hvet ykkur til að kjósa með frestun og við komum svo sameinuð og stöndum saman. Takk.“

Þingforseti

„Páll Heiðar hefur beðið um orðið frá VM.“

Páll Heiðar Magnússon Aadnegard, VM

„Þingforseti og þið sömu sem ég ávarpaði áðan.

Ég eiginlega get ekki ímyndað mér, vill frambjóðandi til forseta ASÍ virkilega taka svona við völdum, að fá rússneska kosningu eftir að góður hluti þingfulltrúa gengur á dyr. Ég heyrði líka þessa samlíkingu frá unga mannum varðandi börn í skólastofu og mér líkar líking formannsins míns um fjölskyldu mun betur. Ég er sammála Finnboga Sveinbjörnssyni. Það veitir ekkert af ári. Ég mun greiða atkvæði með þessari tillögu og til að hnykkja betur á því sem ég sagði áðan, ég mun ekki taka þátt í neinni kosningu nema um hana. Takk fyrir.“

Þingforseti

„Þá er mælendaskrá tæmd en flutningsmaður tillögu hefur beðið um orðið. Sverrir.“

Sverrir Albertsson, AFLi starfsgreinafélagi

„Þingforsetar, góðir félagar.

Þetta er búið að vera mjög góð umræða og ég er enn sannfærðari um að við munum ganga út í einum hóp hvort sem þessi tillaga verður samþykkt eða ekki og maður fær nýja von og trú á framhaldinu. Varðandi hugmynd Finnþoga, klukkan gengur hægt á Vestfjörðum, Vestfirðingar eru vanir að gefa sér góðan tíma í hlutina. Það er okkar skilningur, við ræddum saman herna tveir eða þrír af þeim sem skrifuðum undir þessa tillögu og lögðum hana fram að við skiljum tillögu okkar þannig að miðstjórn hafi til 30. apríl til að boða til þings og hvort að miðstjórn boðar þing 30. maí eða 1. september það er dálítið í höndum miðstjórnar. Mér finnst við komin á þann stað að við eigum að treysta forseta og miðstjórn og treysta því að miðstjórn verði í samráði við formenn aðildarféлага og sambanda þannig að ég vil gjarnan að ritarar þingsins færi þennan skilning tillöguflutjenda að dagsetningin á tillögunni er frestur miðstjórnar til að boða til þings, við settum ekki dagsetningu á hvenær þingið ætti að vera. Ég sé að Finnbjörn er ánægður og þegar maður fær gott vink frá Vestfjörðum þá er maður alltaf kátur. Það er Einbjörn og Tvíbjörn og Þríbjörn. Kærar þakkir.“

Þingforseti

„Takk fyrir þetta Sverrir. Nú er bara spurningin: er ekki þingheimur nokkurn veginn sammála um hver skilningur á tillögunni er? Er einhver sem vill taka til máls út af þessari áréttingu. Það er eðlilegt þegar mælendaská hefur verið lokað að ... en það er sem sagt þá kominn skilningur tillöguflutjenda að 30. apríl sé í raun og veru dagurinn sem að miðstjórn þarf að miða við að hafa ákveðið hvenær þingið skuli haldið og hefur þá fengið svolítið hvatningu fyrir að það sé þá ekki fyrir 30. apríl og ég held að það hafi verið færð ágætis rök fyrir því - sem sagt að þingið verði ekki endilega haldið fyrir 30. apríl eins og mátti ráða af tillögunni. Ef það er engin athugasemd um þetta þá erum við tilbúin til þess að greiða atkvæði um tillöguna. Þá bið ég allavega teljara að vera tilbúna ef að þarf að telja. Þeir sem eru sammála tillögunni: 45. þingi Alþýðusambands Íslands er frestað. Þingi skal framhaldið að ákvörðun miðstjórnar ekki síðar en 30. apríl 2023. Þeir sem eru sammála haldi uppi spjöldunum. Þetta er mjög afgerandi herna. Takk fyrir í bili. Þeir sem að kunna að vera á móti. Munið þið telja mótatkvæðin? Þetta er nokkuð sýnilegt allavega. Tillagan er samþykkt með öllum greiddum atkvæðum gegn 20 en það eru 203 í salnum þannig að það er nokkuð ljóst hvar meirihlutinn liggur. Samkvæmt því er þinginu frestað en ekki rjúka af stað. Það eru örfá atriði sem þarf að fara yfir áður en við ljúkum m.a. er matur tilbúinn herna frammi klukkan hálf tólf.

Ég vil þakka þingfulltrúum öllum fyrir gríðarlega góð störf í málefnanefndum. Það hefur komið aðeins fram í umræðum og er ánægjulegt að heyra að fólk að fólk hefur tekið þátt. Það er líka ánægjulegt að sjá marga nýja stíga í

pontu. Þetta er svolftill hrollur að yfirstíga og þið komið alveg tvíefld á næsta þing og hikið ekki við að nota pontuna meira þá.

Mig langar að feta í fótspor Aðalsteins og biðja þingfulltrúa og fá starfsmenn svona til að sýna sig fyrir hópnum og standa upp og klappa fyrir þeim. Takk fyrir það. Svona þing er ekki heldur hægt að halda án aðstoðar og hér eru tæknimenn hérna á bak við og túlkar sem hafa túlkað fyrir okkur og við viljum líka þakka þeim og klappa. En áður en við kveðjum salinn þá vil ég bjóða Kristján Þórð Snæbjarnarson, forseta ASÍ, að taka til máls og slíta þinginu. Takk. Takk fyrir það, fresta.“

Kristján Þórður Snæbjarnarson, forseti ASÍ

„Takk kærlega fyrir það.

Já, það er mikilvægt að um frestun er að ræða á þingi Alþýðusambands Íslands.

Þingforseti, þingfulltrúar og aðrir góðir gestir.

Ég vil þakka kærlega fyrir starfið hér í dag og síðustu daga. Þetta er búið að taka á. Það er augljóst svo hefur verið. Við erum að taka ákvörðun um að vinna innri mál fram á næsta ár. Við ætlum að taka okkur nokkra mánuði í að vinna í okkar málum, tala saman, auka samstöðuna, efla Alþýðusamband Íslands framávið. Eins og ég sagði áðan; ég mun leggja mitt af mörkum í þeirri vinnu. Við munum nota þennan tíma vel, förum yfir þau mál sem þarf að fara yfir og efla sambandið. Þetta krefst þess, eins og ég segi, að við leggjum okkar af mörkum í þessu. Við þurfum öll að gera það, það þurfa allir að leggja sitt af mörkum. Við erum líka hér að fela miðstjórn Alþýðusambands Íslands, að fela forystu Alþýðusambandsins, að vinna að þessum málum áfram til þess tíma sem að nýtt þing verður boðað. Miðstjórn mun boða það þing og það umboð sem við höfum til þess er skýrt. Þetta verður mikið verkefni framávið en ég tel að þessum tíma verði mjög vel varið. Það er okkar hlutverk að standa vörð um réttindi okkar launafólks, komast í gegnum kjarasamningaviðræður, vera sterkt bakland fyrir fólkið og það skulum við svo sannarlega gera á þessum mánuðum sem fram undan eru. Ég treysti því að við munum sem forysta sambandsins leggja okkar af mörkum þar.

Að lokum tek ég undir og vil að sjálfsögðu starfsfólki ASÍ sérstaklega fyrir alla þá miklu vinnu sem það hefur lagt af mörkum hér við undirbúning þingsins; starfsfólki þingsins, þingforsetum, riturum eða skrifurum, túlkum og tæknifólki sérstaklega fyrir öll þau mikilvægu verk sem hafa verið unnin hér. Fram undan er spennandi tími fyrir okkur og ég vona að við leggjum öll mikið á okkur til að komast framávið.

Ég ætla ekki að hafa þetta lengra í bili. Við erum að fresta þinginu og munum koma saman og ég vænti þess að forysta sambandsins muni leggjast á

árarnar með mér. Við munum sinna þessu verkefni framávið og ég vænti þess að við fáum svigrúm og stuðning til þess að til þess að gera það og það verði sýndur skilningur á því að við séum að sinna þessum verkefnum meðfram öðrum málum. Það er auðvitað flókin staða að vera í þessari stöðu í dag en við þurfum að taka þetta á hnefanum framávið, saman, sameinuð og sterk.

Ég vil hér með fresta þingi Alþýðusambands Íslands. Þing verður boðað að ákvörðun miðstjórnar og það verður send út tilkynning eigi síðar en í lok apríl á næsta ári. Ég þakka ykkur öllum kærlega fyrir störfin hér í dag og síðustu daga. Við komum sterkari út úr þessu framávið. Takk fyrir mig.“



Framhald 45. þings ASÍ

Fimmtudagur 27. apríl

Klukkan 13 hefur **Georg Páll Skúlason**, þingforseti, seinni hluta 45. þings Alþýðusambandsins sem fram fer á Hótel Reykjavík Grand. Georg býður velkominn í pontu Kristján Þórð Snæbjarnarson, forseta Alþýðusambands Íslands.

Ávarp forseta ASÍ og þingsetning

„Ágætu þingfulltrúar,

Verið öll velkomin til þessa framhalds 45. þings ASÍ.

Við komum hér saman við erfiðar aðstæður og lifum á tímum mikillar óvissu. Stríð geisar enn í Evrópu og því miður er ekkert sem bendir til að þeim hryllingi ljúki í fyrirsjáanlegri framtíð. Þessum átökum fylgir ný og að öllu leyti myrkari heimssýn. Á stundum virðist sem veröldin sjálf sé á heljarþröm og víða ríkir svæðisbundin spenna sem leitt getur til vopnaskaks með skömmum fyrirvara.

Okkur er sagt að ógnin sé slík að auka þurfi umsvif vígtóla í okkar næsta nágrenni og að byggja þurfi upp varnargetu í okkar vopnlausu samfélagi. Enginn veit hvar og hvernig þeirri vegferð lýkur en hún hlýtur að vera okkur öllum áhyggjuefni og kalla á gagnrýna hugsun fremur en doða og fylgispekt.

Óvissan sem ríkir hér innanlands er blessunarlega af öðrum toga. En rétt

eins og austur í álflu er hún manna verk. Erlendis skapa fjandsamleg samskipti ríkja spennu, hér er það samband valdhafa og almennings.

Ég þykist viss um að fleiri en ég velti því fyrir sér hvort svo sé komið að íslenska stjórnmalastéttin deili ekki lengur kjörum með almenningi í landinu. Um það hálaunafólk sem nú stjórnar samfélagi okkar gilda sérreglur í flestum efnum. Það nýtur skattleysis á tilteknum sviðum, lífeyrisréttinda langt umfram launafólk, lengri leyfa en almenningur og alls kyns greiðslna og fríðinda sem bera hugviti og sköpunargáfu vitni.

Kannanir sýna að traust almennings í garð Alþingis og fleiri grunnstofnana samfélagsins fer nú hratt minnkandi. Hvað veldur þessu - hefur orðið einhvers konar rof í sambandi ráðafólks og almennings? Er ekki furðulegt að þetta mikla vantraust almennings í garð samkundu kjörinna fulltrúa þjóðarinnar fái enga umræðu sem heitið getur?

Er þarna komin skýring á því algjöra sinnuleysi gagnvart afkomu launafólks sem einkennt hefur framgöngu stjórnvalda síðustu misserin? Verðbólga, vaxtahækkunar og minnkandi kaupmáttur hafa engin viðbrögð vakið.

Á meðan stjórnvöld í nágrannaríkjum hafa gripið til margháttæðra aðgerða til að milda áhrif afkomukreppunnar hefur ríkisstjórn Íslands beinlínis dýpkað hana með skatta- og gjaldhækkunum. Hálaunafólkið í pólitíkinni finnur vegar ekki fyrir þeim. Hefur eitthvað verið sótt í vasa þeirra ríku? Nei þunginn leggst á okkar fólk sem er í verstu stöðunni.

Bein inngríp t.a.m. í formi skattalækkana á eldsneyti og matvöru hefur ekki mátt ræða. Þess í stað hefur ríkisstjórnin hróflað saman lítt útfærðri "fjármála-áætlun" sem svo er kölluð en er að stærstum hluta froða. Ekkert er þar að finna sem bætt getur hag heimila landsins á næstu mánuðum; engar beinar aðgerðir til að minnka verðbólgu, engin viðbrögð við verðhækkunum, ekkert til að bæta úr fjársveldi tilfærslukerfa, engin áform um að bregðast við miklum vaxtamun og okri banka, ekkert um skattlagningu ofurlauna og fjármagnstekna og auðvitað ekkert um að þjóðin eigi að fá notið afraksturs auðlinda sinna.

Þetta er kunnuglegt, stjórnmalamenn tala, leggja fram áætlanir og láta taka af sér myndir. Síðan gerist – ekkert.

Verkalýðshreyfingin hefur lengi haldið fram því sjónarmiði að örugg búseta - húsnæðisöryggi - falli undir mannréttindi. Telja eigi húsnæði nauðsyn en ekki fjárfestingu. Við þetta sjónarmið er mikill stuðningur í samfélaginu.

Við höfum sagt að húsnæðiskerfið eigi að þjóna fólkinu en ekki auðmagninu. Við höfum kynnt margvíslegar tillögur um hvernig slík kerfisbreyting gæti litið út; tómthúsgjald, leigubremsu og fleira. Ekkert af þessu hefur þótt koma til greina. Viðkvæðið er að ekki megi takmarka frelsi fjármagnsins!

Nú er deginum ljósara að í algjört óefni stefnir í húsnæðismálum.

Sedlabankinn hefur ítrekað hækkað vexti með hrikalegum áhrifum fyrir

afkomu fjölda fólks. Þessi U-beygja Seðlabankans veldur því að fleiri íbúðakaupendur neyðast til að leita skjóls í verðtrygðum húsnæðislánum með tilheyrandi skuldafjötrum og eignaleysi.

Á næstu misserum mun greiðslubyrði margra aukast gríðarlega þegar breytilegir vextir óverðtrygðra lána verða uppfærðir. Verðbólga og vaxtahækkunar rata oft beint inn í leiguverð húsnæðis enda eiga margir leigjendur í miklum fjárhagserfiðleikum. Vaxtastefna Seðlabanka Íslands hefur beðið skipbrot og algjör óvissa gildir um framhaldið. Viðbrögð ríkisstjórnar Íslands eru algjört sinnuleysi enda er hálaunafólkið á þingi og í ráðuneytunum með allt sitt á þurru.

Við þetta bætast miklar verðhækkunar nauðsynja og húsnæðisskortur sem bitnar verst á þeim sem búa við lökustu kjörin; ungu fólki, einstæðum foreldrum, öryrkjum, kaupendum fyrstu fasteignar, aðfluttu verkafólki og leigjendum. Margt launafólk býr í atvinnuhúsnæði við lífshættulegar aðstæður. Því mun fjölga á næstunni og nákvæmlega ekkert bendir til að brugðist verði við þessari skelfilegu stöðu.

Við núverandi aðstæður sé ég ekki hvernig samfélagið ætlar að tryggja aukid framboð húsnæðis þrátt fyrir yfirlýsingar og myndatökur. Nú stefnir í mikinn samdrátt í nýbyggingum. Fjármagnskostnaðurinn er svo mikill að markaðurinn ræður ekki við verðið og er við að botnfrjósa. Við bætist að mörg sveitarfélög hafa ekki getað staðið við loforð um að leggja fram lóðir undir íbúðarhúsnæði eins undarlegt og það nú er.

Þetta er sama sagan. Stjórnarmálameinn masa, skrifa undir yfirlýsingar og láta taka af sér ljósmyndir. Síðan gerist – ekkert.

Við höfum barist fyrir bættri réttarstöðu launafólks á vinnumarkaði. Þar hefur borið einna hæst félagsleg undirboð og hreinn launaþjófnaður. Þessi sjónarmið okkar hafa fengið ágætar undirtektir og kannski ekki við öðru að búast. Fáir treysta sér til að mæla opinberlega með því að brotið sé vísvitandi á launafólki, því þrælað út fyrir sem lægst laun. Í mínum huga er ljóst að breyta þarf lögum með áherslu launafólks að leiðarljósi.

Við höfum bent á að innviðir landsins séu veikburða og bregðast þurfi við mikilli og örri fjölgun landsmanna sem nær eingöngu má rekja til aðflutts launafólks. Tilviljanakennd umræða fer fram um vanda heilbrigðiskerfisins, samgöngur og vegamál, og öllum má vera ljóst að menntakerfið hefur ekki verið lagað að þörfum nútímans t.d. hvað iðnmenntun varðar að ekki sé minnst á þann mikla fjölda fólks af erlendum uppruna sem hér dvelst.

Já, rétt til getið. Viljayfirlýsingar, undirritanir, myndatökur og síðan gerist - ekkert.

Ágætu félagar,

Hvernig skýrum við þau stóru dæmi sem ég hef hér stuttlega rakið um

algjört sinnu- og áhugaleysi valdhafa um afkomu, þarfir og réttindi almennings? Er það á einhvern hátt óeðlilegt eða ósanngjarnt að velta því fyrir sér hvort skýringin sé sú að valdhafar deili ekki kjörum með almenningi í landinu? Er þarna ljóslifandi komin samtryggingin og sjálftakan sem Vilmundur heitinn Gylfason gerði að miðpunkti baráttu sinnar fyrir pólitískri siðvæðingu í samfélaginu fyrir 40 árum eða svo? Hefur sérhagsmunagæslan ef til vill náð nýju stigi?

Ég þykist ekki hafa skýr svör við þessum spurningum en tel sýnt að almenningur eigi heimtingu á ítarlegri greiningu á kjörum stjórnmálamanna og þeim sérreglum sem um þá gilda.

Kæru þingfulltrúar,

Við þekkjum öll þá atburðarás á þingi okkar síðasta haust sem leiddi til þess að við erum hér saman komin. Sundrung og átök leiddu til sprengingar. Frá því ég steig mín fyrstu spor á vettvangi verkalýðshreyfingarinnar hef ég verið sannfærður um gildi samstöðu í baráttu okkar. Ég hef nú öðlast djúpa sannfæringu fyrir því að við stöndum á vegamótum í verkalýðsbaráttunni og bresti samstada okkar kunni það hafa hrikalegar afleiðingar fyrir það launafólk sem við erum í forsvari fyrir og samfélagið allt.

Verkalýðshreyfingin er stærsta afl umbóta og framfara á Íslandi. Framundan eru gríðarlegar áskoranir fyrir samfélag okkar sem kalla á samstöðu og styrk, örugglega langt umfram það sem við höfum þekkt á síðustu árum ef ekki áratugum. Ég hef hér nefnt nokkur risastór málefni þar sem augljóslega stefnir í algjört óefni og sennilega réttnefnt neyðarástand. Sú upptalning er ekki tæmandi en nægir vonandi til að bregða ljósi á þau erfiðu og umfangsmiklu verkefni sem fram undan eru. Þar verður verkalýðshreyfingin að ganga í fararbroddi því án aðkomu hennar gerist ekkert. Um það þarf enginn að efast.

Gleymum því ekki að gegn okkur standa öfl sem nýta sérhvern ágreining í okkar röðum til að veikja hreyfingu launafólks. Þingmenn stærsta stjórnmálaflokks landsins lögðu síðasta haust fram frumvarp á þingi sem hefur það markmið eitt að rústa sjálfum grundvelli verkalýðshreyfingarinnar. Og þeir fóru ekki dult með þann ásetning sinn. Nú reyna þessir sömu varðhundar sérhagsmuna og auðmagns að knýja fram breytingu á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur til þess að veikja réttindi okkar og úrræði. Já, þegar kemur að því að veitast að verkalýðshreyfingunni skortir þetta fólk hvorki afl né áhuga. Við skulum búa okkur undir frekari árásir úr þeirri átt.

Kæru vinir,

Nú eru um átta mánuðir liðnir frá því að ég tók mjög óvænt við embætti forseta Alþýðusambands Íslands. Mér er það mikill heiður að hafa farið fyrir þessu rúmlega hundrað ára gamla og stórmerka sambandi launafólks. Þetta

hefur verið krefjandi tími en jafnframt ánægjulegur og lærdómsríkur. Nú þegar ég kveð þetta embætti þakka ég ykkur öllum og starfsfólki ASÍ kærlega fyrir gott samstarf.

Í mínu starfi sem forseti ASÍ hef ég verið talsmaður sátta og ég hef reynt að beita mér í því skyni að efla samstöðu okkar. Ágreiningur er eðlilegur í svo stórum samtökum og hér mætist svo sannarlega ekki skoðanalauft fólk. Það er gott og það er heilbriggt að fram fari lífleg skoðanaskipti innan vébanda okkar stóru, lýðræðislegu hreyfingar.

En missum ekki sjónar á ábyrgð okkar og hlutverki. Við erum á vegamótum, um það er ég sannfærður og því verða mín síðustu orð þessi: stöndum saman, mætum upplausn og óvissu með staðfestu og einingu, uppfyllum skyldur okkar sem samfélagslegt umbótaafli, leyfum ekki ágreiningi að draga úr orku okkar og elju þjóðinni til heilla því annars er raunveruleg hætta á að ábyrgðarlaus sérhagsmunagæsla og þjónkun við auðmagnið valdi hér miklum og líklega óbætanlegum skaða.

Ég óska ykkur góðs gengis í ykkar mikilvægu störfum og segi framhaldsþing Alþýðusambandsins sett.

Pakka ykkur fyrir.“

Georg Páll Skúlason þingforseti rifjar upp að þær Anna María Elíasdóttir og Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir hafi á þinginu í október verið kjörnar 1. og 2. varaþingsforsetar. Nú bregði svo við að Anna María komist ekki til þingsins og verði því að skipa varaþingsforseta í hennar stað. Þingforseti leggur til að Eiður Stefánsson komi í stað Önnu Maríu og tiltekur að hann sé frá sama stéttarfélagi (FVSA). Þingheimur samþykkir þá tillögu með lófaklappi. Hjördís Þóra færast upp og verður fyrsti varaforseti, Eiður því annar.

Skrifarar þingsins eru sem áður Trausti Jörundarson, Lilja Sæmundsdóttur, Svanhildur Þórsteinsdóttur og Gundega Jaunlinina.

Föstudagur 28. apríl

Georg Páll Skúlason þingforseti þakkar Lúðrasveit verkalýðsins fyrir tónlistarflutning og boðar að dagskrá hefjist kl. 9.15.

Afgreiðsla tillagna úr nefndum

Hilmar Harðarson, formaður nefndar um lífeyrismál

Miklar og líflegar umræður fóru fram í nefndinni. Við tókum góða umræðu um skjalið sem lá fyrir. Fram komu margar tillögur, sumar róttækar aðrar íhaldssamar og gengu sumar þeirra lengra en skjalið. Við yfirferð var nokkrum punktum bætt við og áherslur skerptra á stöku stað.

Mikilvægt er tryggja að lífeyrissjóðum verði ekki mismunað á sviði

örorku. Krafan er sú að staða sjóða verið jöfnuð með tilliti til ólíkrar örorku-byrði þeirra. Mikilvægt er að halda áfram umræðu um lífeyrismál og þing ASÍ er vettvangur til að samhæfa skoðanir.

Hilmar les skjalið og leggur síðan fyrir þingið.

Georg Páll Skúlason þingforseti upplýsir að formenn nefnda muni kynna stefnuskjölin og ekki sé gert ráð fyrir umræðu eftir hverja kynningu. Hann býður þingfulltrúum að skrá sig á mælendaskrá. Síðan býður hann velkominn í ræðustól Bjarna Þór Sigurðsson, formann þingnefndar um húsnæðismál- og velferð.

Bjarni Þór Sigurðsson, VR formaður þingnefndar um húsnæðismál- og velferð

Fjörugar umræður fóru fram í þremur lotum nefndinni og gerðar voru nokkrar orðalagsbreytingar og viðbætur. Bjarni fer yfir áherslur ASÍ eins og þær koma fyrir á þingskjalinu og les upp verkefni ASÍ sem þar eru tilgreind. Hann vekur athygli á viðbót sem varðar þrýsting á stjórnvöld í málefnum leigjenda og að átakið *Allir vinna* verði fest í sessi til frambúðar með 1005 endurgreiðslu virðisaukaskatts.

Georg Páll Skúlason þingforseti þakkar Bjarna yfirferðina og gefur Herði Guðbrandssyni, formanni þingnefndar um efnahag, kjör og skatta orðið.

Hörður Guðbrandsson, formaður þingnefndar um efnahag, kjör og skatta

Hörður les lokaskjal nefndarinnar sem hann segir afurð eftir umræður og sameiginlega fundi.

Georg Páll Skúlason þingforseti þakkar Herði framsöguna og býður næst í pontu Guðrúnu Elínu Pálsdóttur, formann nefndar um framtíð vinnumarkaðarins.

Guðrún Elín Pálsdóttir, formaður nefndar um framtíð vinnumarkaðarins

Guðrún segir góðar umræður hafi farið fram í hópastarfinu. Hún þakkar öllum sem komu að vinnunni fyrir sitt framlag. Guðrún les þingskjalið.

Georg Páll Skúlason þingforseti þakkar Guðrúnu Elínu fyrir. Þá býður hann velkomna í pontu Svanfríði Guðnýju Bergvinsdóttur, formann þingnefndar um jafnréttismál og menntamál.

Svanfríður Guðný Bergvinsdóttir

Les upp þingskjöl um jafnréttismál og menntamál.

Georg Páll Skúlason þingforseti þakkar Svanfríði fyrir og býður velkominn í pontu Finnboga Sveinbjörnsson, formann vinnumarkaðs- og atvinnu-málal nefndar.

Finnbogi Sveinbjörnsson, formaður þingnefndar um kjaramál og vinnumarkað

Finnbogi segir skjalið ekki hafa tekið verulegum breytingum en þó hafi nokkrar viðbætur verið ákveðnar. Finnbogi les skjalið og staldrar við það sem

tók breytingum. Hann vekur athygli á að viðbót er varðar að tryggja beri að réttindi samkvæmt kjarasamningum og/eða lögum tapist ekki á grundvelli tómlætis. Hann segir töluverða umræðu hafa farið fram mikilvægi þess að vinnustaðaeftirlit ASÍ verði eflt og nefnir kröfu um sektarákvæði við brotum á iðnlöggjöf og ólöglegri starfsemi og að vinnustaðaeftirlit fái úrræði til að stöðva samstundis þá atvinnurekendur sem verða uppvísir að slíkum lögbrotum. Þá nefnir Finnbogi viðbót þess efnis að unnið verði að því að liðka fyrir samningsgerð þannig að kjarasamningur taki við af kjarasamningi að viðlögðum dagsektum.

Finnbogi ræðir einnig málefni launafólks af erlendum uppruna. Hann kveður nefndina ekki hafa gert efnislegar breytingar og sé það skjal því óbreytt frá því sem kynnt var í haust. Finnbogi les skjalið og þakkar nefndarfólki fyrir sérlega vel unnin störf.

Georg Páll Skúlason þingforseti þakkar Finnboga og kynnir næsta í pontu Signýju Jóhannsdóttir, formann laganeftndar.

Signý Jóhannsdóttir, formaður laganeftndar

Laganeftnd kom saman í október í fyrra og lauk þeirri vinnu sem henni var falin í tveimur umferðum. Nefndin hefur ekki komið saman á þessum síðari þingsins. Signý gerir grein fyrir þremur tillögum að lagabreytingum sem laganeftnd leggur til að verði samþykktar og varða ASÍ-UNG, yfirfærslu réttinda í sjúkrasjóðum og um viðmiðunarreglugerð sjúkrasjóða og staðfestingu miðstjórnar ASÍ á þeim.

Hún segir nokkuð góðan samhljóm hafa verið í nefndinni og þakkar samvinnuna.

Georg Páll Skúlason, þingforseti gerir 15 mínútna hlé.

Ólöf Helga Adolfsdóttir – Eflingu

„Fyrir rúmu hálfu ári ákvað ég að gefa kost á mér til embættis forseta Alþýðusambands Íslands. Ég gerði það vegna þess að mér hugnaðist illa sú uppstilling sem lá fyrir þinginu og ekki síður það andrúmsloft sem hún var sprottin úr. Mikil átök höfðu átt sér stað innan ASÍ og sama mátti segja um félagið mitt, Eflingu. Í aðdraganda þings ASÍ hafði verið myndað bandalag sem ætlaði sér að fara með töglin og hagldirnar í starfsemi sambandsins. Við vorum nokkuð mörg hér inni sem höfðum efasemdir um þá nálgun sem þar var viðhöfð og töldum þær hugmyndir sem að baki bjuggu bæði ólýðræðislegar og gerræðislegar. Í þessu andrúmslofti gaf ég kost á mér til embættis forseta og taldi rétt að þingið fengi val. Skemmst er að minnast þess að í stað þess að láta á kosningar reyna og mæta gagnrýni, umræðum og óánægju, dró hinn forsetaframbjóðandinn framboð sitt til baka og gekk á dyr.

Síðan þá hefur ýmislegt breyst og staðan er önnur en þá. Málefnaforseta þingsins gekk vel í gær og við erum að takast á um málefnið og landa niður-

stöðum, eins og okkur ber að gera. Þá virðist nokkuð ríkur samhljómur um að ASÍ þurfi að hafa breiða forystu inn í þær kjaraviðræður sem framundan eru og að við stöndum sterk saman í sameiginlegum málum. Fram er kominn frambjóðandi til forseta sem hefur mikla reynslu og ekki stefnir í kosningar um embætti varaforseta.

Í ljósi þessa dreg ég hér með framboð mitt til forseta til baka. Ég óska okkur öllum góðs gengis í þeim verkefnum sem fram undan eru. Takk fyrir.“

Georg Páll Skúlason þingforseti segir komið að afgreiðslu á skjali laganefndar.

Signý Jóhannsdóttir, formaður laganefndar

Mér hefur verið bent á að í lok greinar um yfirfærslu réttinda í sjúkrajóðum stendur að menn skuli skila inn yfirliti um veitta styrki úr sjúkrasjóði síns fyrra félags síðustu 12 mánuði. Staðreyndin er sú að réttindin eru ólík að þessu leyti á milli sjúkrasjóða og því leggjum við til þá breytingu að í stað 12 mánaða komi 36 mánuðir.

Georg Páll Skúlason þingforseti segir mælendaskrá opna en enginn biður um orðið.

Hann ber upp breytinguna og er hún samþykkt samhljóða.

Því næst ber þingforseti skjalið (Nr. 41) upp í heild sinni og er það samþykkt samhljóða.

Georg Páll Skúlason þingforseti segir unnt að hefjast handa við kosningar og að samhlíða verði málefnastarf afgreitt jöfnum höndum.

Anna Júlíusdóttir, formaður kjörnefndar, gerir grein fyrir uppstillingu vegna forseta Alþýðusambands Íslands. Hún segir eitt framboð hafa borist, framboð Finnbjörns A. Hermannssonar.

Georg Páll Skúlason þingforseti spyr hvort fleiri vilji gefa kost á sér. Svo er ekki og lýsir hann því Finnbjörn A. Hermannsson sjálfkjörinn forseta ASÍ.

Finnbjörn A. Hermannsson, forseti ASÍ

Finnbjörn þakkar traustið og kveðst vera hræður. Fyrir mánuði hafi hann hætt sem formaður Byggiðnar og haft uppi áætlanir um letifrí og tíma til að sinna gæluverkefnum. Veður hafi á hinn bóginn skipast fljótt í lofti. Margir hafi komið að máli við hann og hvatt hann til að gefa kost á sér í forsetaembættið. Það hafi ekki verið létt ákvörðun en nú sé hún tekin og því hyggist hann mæta af fullum krafti í þetta starf. Hann viti vel að þetta verði hvorki gæluverkefni né letidjobb og þótt hann sé af galdramönnum kominn hafi þeir hæfileikar ekki gengið í erfðir. Hann muni einn og sér fá litlu áorkað og því kalli hann eftir samstöðu um þau verkefni sem fram undan séu.

Finnbjörn segir markmiðin sameiginleg og því verði forustan að snúa bókum saman í vinnu fyrir launafólk og sinna þeim verkefnum sem hreyf-



ingunni ber að gera. Finnbjörn segir andstæðinginn, Samtök atvinnulífsins mjög vel skipulögð samtök með traust ítök í stjórnámálum landsmanna. Samtökin séu þess megnug að fá fram þau lög og reglur sem þeim henti hverju sinni. Hann vekur athygli þingheims á að þau verkefni sem farið hafi verið yfir fyrir um daginn lúti flest að ákalli til ríkisvaldsins um að breyta lögum til að bæta stöðu launafólks.

Verkefni í komandi samningum liggja í því að félögin fari með samningsumboðið en sameiginlega hyggist Alþýðusambandið taka á þeim málum sem kynnt hafi verið á þinginu. Þau snúi öll að breytingum, framkvæmd og túlkun laga. Hverjir eigi að bera skattbyrði og hvernig sé opinberu fé útteilt. Finnbjörn hvetur fulltrúana til að snúa bókum saman, gera það sama og lúðrasveitin um morguninn og spila í takt. Taktinn eigi þingheimur að taka með sér inn í haustið, launafólki öllu til framdráttar.

Georg Páll Skúlason þingforseti býður Önnu Júlíusdóttur velkomna í pontu öðru sinni.

Anna Júlíusdóttir, formaður kjörnefndar

Anna segir eitt framboð hafa borist í embætti 1. varaforseta ASÍ. Það sé frá Ragnar Þór Ingólfssyni, formanni VR.

Georg Páll Skúlason þingforseti spyr hvort fleiri vilji bjóða fram. Svo er ekki og er Ragnar Þór Ingólfsson lýstur sjálfkjörinn 1. varaforseti ASÍ.

Georg Páll Skúlason þingforseti býður Önnu Júlíusdóttur velkomna í pontu þriðja sinni.

Anna Júlíusdóttir, formaður kjörnefndarnefndar

Anna segir eitt framboð hafa borist til embættis 2. varaforseta ASÍ og sé það frá Hjördísi Þóru Sigurþórsdóttur, formanni AFLs - Starfsgreinafélags.

Georg Páll Skúlason þingforseti spyr hvort fleiri vilji bjóða sig fram. Svo er ekki og er Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir lýst sjálfkjörin sem 2. varaforseti ASÍ.

Georg Páll Skúlason þingforseti býður Önnu Júlíusdóttur velkomna í pontu fjórða sinni.

Anna Júlíusdóttir, formaður kjörnefndar

Anna segir eitt framboð hafa borist til embættis 3. varaforseta ASÍ og sé það frá Kristjáni Þórði Snæbjarnarsyni, formanni Rafiðnaðarsambands Íslands.

Georg Páll Skúlason þingforseti spyr hvort framboð séu fleiri. Svo er ekki og er Kristján Þórður Snæbjarnarson því sjálfkjörinn 3. varaforseti ASÍ.

Þingforseti upplýsir að framboðsfrestur til miðstjórnar renni út kl. 11.15 og segir málefnnastarf geta hafist á ný.

Lífeyrismál

Georg Páll Skúlason þingforseti upplýsir að fram sé komin ein breytingartillaga er varði aukið lýðræði í lífeyrissjóðum. Tillagan hljóði svo:

„ASÍ vinni að því að móta tillögur að bæta lýðræði innan lífeyrissjóðanna þannig að sjóðsfélagar geti komið með beinum hætti að kjöri á stjórn lífeyrissjóða. Stefnt skal að því að minnka vægi atvinnurekenda í stjórn lífeyrissjóða.“

Hann segir Ragnar Þór Ingólfsson í hópi flutningsmanna og gefur honum orðið.

Ragnar Þór Ingólfsson, VR

Breytingartillagan er ekki flókin. Hún lýtur að því að ASÍ vinni tillögur að því að auka lýðræði innan lífeyrissjóðanna þannig að sjóðsfélagar geti komið með beinum hætti að kjöri á stjórn lífeyrissjóða. Stefnt skuli að því að minnka vægi atvinnurekenda í stjórn lífeyrissjóða.

Ragnar segir fjölmargar ástæður fyrir því að stíga þurfi markviss skref í lífeyrismálunum og mikilvægt sé að koma þessum áherslum inn í stefnu þingsins. Það feli sér mikilvæg skilaboð. Ragnar Þór kveðst hafa heimsótt lífeyrissjóði á Norðurlöndum og þeir haldi allir uppi góðri starfsemi án aðkomu atvinnurekenda. Ragnar hvetur þingheim til að samþykkja tillöguna, orðalag sé eins vægt og frekast sé kostur.

Georg Páll Skúlason þingforseti kynnir næsta ræðumann.

Kolbrún Valvesdóttir, Eflingu

Segir fyrstu setningin í skjali um lífeyrismál hafa truflað sig þar sem segi að „almannatryggingar og lífeyrissjóðir eigi saman að mynda grunnstoðir lífeyriskerfisins á Íslandi”. Þarna er verið að geirneгла það að ríkið eigi kröfu á að setja krumlur sínar í okkar lífeyrissjóði. Það er verið að brjóta í blað með því að gefa færi á þessu. Ríkið gerir þetta nú þegar en við eigum ekki að samþykkja þetta svona.

Georg Páll Skúlason þingforseti segir allar breytingatillögur þurfa að vera skriflegar og studdar minnst 15 nöfnum. Kosid verði til miðstjórnar eftir hádegismat, framboðsfrestur sé liðinn. Hann kynnir næsta ræðumann.

Einar Friðfinnsson, VM

Kveðst ekki vanur ræðuhöldum, þetta sé hans fyrsta þing. Þakkar starfsfólki sem hafi verið undir álagi frá því á þinginu í haust. Tekur undir athugasemd Kolbrúnar.

Einar segir að skýra þurfi leikreglur betur og tiltekur að ekki hafi verið samræmi á milli hópa/nefnda í því hversu miklar breytingar hafi verið unnt á gera á þeim skjölum sem fyrir lágu. Þetta þurfi að kynna þingfulltrúum betur. Uppfræða þurfi fólkið. Hann hvetur til samstöðu og kveðst afar ánægður með að fulltrúarnir séu hér saman komnir.

Páll Heiðar, VM

Segir sér gjörsamlega óskiljanlega hvers vegna tillögur Ragnar Þórs og Kolbrúnar fengu ekki afgreiðslu í málefnavinnu gærdagsins. Kveðst hafa verið ánægður með hópavinnunna áður en þingi var frestað. Nú hafi honum liðið eins og hann væri á Bónuskassa þar sem tillögur miðstjórnar hafi runnið í gegn. Telur eins gott að róttækar breytingar komi frá miðstjórn og boðar framboð til miðstjórnar.

Hörður Guðbrandsson, VLGRV

Tekur undir athugasemd Kolbrúnar varðandi grunnstoðir lífeyriskerfis. Segir örorkubyrði langmesta í lífeyrissjóðum láglaunafólks á borð við Festi og Gildi. Þannig þurfi láglaunafólkið ekki aðeins að slíta sér út við erfiðisvinnu heldur þurfi það einnig að taka skerðingum. Þetta sé mjög ósanngjarnt og beri að breyta.

Um tillögu Ragnars Þórs segir Hörður að hún sé skref í rétta átt. Hann minnir á að Verkalýðsfélag Grindavíkur hafi lagt til að allir atvinnurekendur hverfi úr stjórn Festar. Hörður styður tillögu Ragnars og hvetur til samþykkis.

Vilhjálmur Birgisson, VLFA

Óskar nýkjörnum forsetum til hamingju. Ánægjulegt sé að hér hafi tekist að mynda breiða sátt sem skipti máli. Varðandi lífeyrismál, tek Vilhjálmur

undir sjónarmið Kolbrúnar. Þegar lífeyriskerfinu var komið á átti það að vera viðbót við almannatryggingakerfið. Með þessum drögum sem hér liggi sé hreyfingin að staðfesta það sen stjórnvöld prediki. Mikilvægt sé að taka þessa setningu út úr stefnuskjalinu.

Varðandi tillögu frá VR segir Vilhjálmur liggja fyrir að Verkalýðsfélag Akraness hafi á þingi ASÍ fyrir mörgum árum lagt til að atvinnurekendur færu úr stjórnun lífeyrissjóða. Telur þessa tillögu vera jákvætt skref til að draga úr vægi atvinnurekenda. Atvinnurekendur beiti sjóðunum í eigin þágu. Launafólkið sjálft eigi að ráða hvernig þeim sé stjórnað.

Ragnar Þór Ingólfsson, VR

Kveðst sammála breytingu á orðalagi í byrjun skjals. Spyr hvort einhver sé tilbúinn að bera tillöguna formlega fram.

Um ólíka örorkubyrði sjóða vísar Ragnar Þór í grein eftir Guðbrand Einarsson, þingmann Viðreisnar á visir.is þar sem fram komi að til standi að draga úr framlagi til jöfnunar örorkubyrðar lífeyrissjóða í fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar. Hreyfingin þurfi að vera vel vakandi gagnvart þessu.

Finnbogi Sveinbjörnsson, VerkVest

Telur að þingheimur eigi að sameinast um að taka þessa fyrstu setningu út. Þannig standi skjalið sterkara eftir og ábyrgðinni sé vísað til almannatrygginga þar sem hún eigi heima. Er tilbúinn að skrifa undir þá breytingatillögu.

Georg Páll Skúlason þingforseti býður formann nefndar velkominn í pontu.

Hilmar Harðarson, FIT

Hilmar kveðst geta stutt báðar þær tillögur sem komið hafa fram.

Georg Páll Skúlason þingforseti segir að leggi formaður nefndar til breytingu sé unnt að afgreiða málið úr pontu.

Hörður Guðbrandsson, VLGRV

Vekur athygli á að þetta plagg fari ekki saman við álit efnahags- og skattanefndar. Mikilvægt sé að ASÍ tali einni röddu úr öllum nefndum.

Georg Páll Skúlason þingforseti kveðst ekki fá séð að skjöl þessi stangist á. Annað gangi lengra en hitt en sé í fullu samhengi.

Þingforseti ber upp breytingartillögu Ragnars Þórs og fleiri um lýðræði í lífeyrissjóðum og minna vægi atvinnurekenda í stjórnnum þeirra.

Hún er samþykkt með afgerandi meirihluta, einn er á móti.

Þingforseti ber upp breytingartillögu um að setning um almannatryggingar og lífeyrismál falli út. Hún er samþykkt.

Nú ber þingforseti heildarskjalið upp með áorðnum breytingum.

Það er samþykkt samhljóða.

Húsnæðismál

Georg Páll Skúlason þingforseti segir enga breytingartillögu hafa komið fram við skjal um húsnæðismál og velferð. Þrír hafi óskað eftir að taka til máls.

Sæþór Randalsson, Eflingu

Óskar forsetum til hamingju með kjörið. Vísar til þess að í húsnæðisskjali segi að skuli þrýsta á stjórnvöld um að í landinu starfi öflug samtök leigjenda. Vekur athygli á að nú þegar starfi samtök leigjenda sem njóti góðrar og öflugrar forustu. Hvetur til þess að þingfulltrúar kynni sér þau og efni á þeirra vegum um leigumarkaðinn.

Benedikt Ragnarsson, VR

Vekur athygli á fjallað sé um húsnæðisbætur til láglaunafólks. Nú beri svo við að allir séu með lágur tekjur með tilliti til þess að húsaleiga hafi hækkað svo mjög. Saknar einnig ályktunar um vaxtaokur og sérstakan barnabótaauka fyrir fólk sem býr við það.

Jóhann Már Sigurbjörnsson, VR

Minnir á nauðsyn þess að stjórnvöldum sé veitt tilhlýðilegt aðhald þannig að þau komist ekki upp með að svíkja gefin loford í húsnæðismálum og leggur áherslu á séreignarsparnað sem úrræði við fasteignakaup.

Georg Páll Skúlason þingforseti segir fleiri ekki hafa óskað eftir að taka til máls. Ekki hafi komið fram breytingartillögur en nokkrir góðir punktar sem gott sé að hafa í umræðunni.

Georg ber því næst heildarskjalið um húsnæðismál upp og er það samþykkt einróma.

Efnahagur kjör og skattar

Georg Páll Skúlason þingforseti segir tvö skjöl liggja fyrir, nr. 33 og 42 sem sé breytingartillaga frá Þóri Hilmarssyni.

Þórir Hilmarsson, VR

Gerir grein fyrir breytingartillögunni sem hljóðar svo:

„ASÍ beiti sér fyrir því að desember- og orlofsuppbót verði skattfrjálssar.“

Þórir segir málið hafa verið borið upp á þingi síðasta haust en þar hafi það fallið milli skips og bryggju. Þótt upphæðir hækki ekki stórlega við þessa breytingu muni fólki samt um þær.

Ágúst Valves Jóhannesson, MATVÍS

Ágúst les upp úr skjali þar sem fjallað er um auðlindarentu. Þar segir:

„Þing ASÍ krefst þess að tekin verði upp auðlindagjöld sem taka mið af þeirri rentu sem til verður við nýtingu auðlinda. Notendur sameiginlegra auðlinda greiði eðlilegt gjald fyrir alla nýtingu auðlinda t.d. fiskveiðum, fiskeldi eða orkunýtingu.“

Ágúst telur þetta of vægt orðalag. Skiptingin sé nú sú að tveir þriðju hlutar

afraksturs sjávarauðlindarinnar renni til útgerðar en þriðjungur til þjóðarinnar. Umræðan í þjóðfélaginu um þetta réttlætismál hafi farið fram í gegnum þrönga starfshópa stjórnvalda.

Ágúst segir verkalýðshreyfinguna hafa „skilað auðu“ þegar komi að þróun sjávarútvegs á Íslandi. Taka beri upp róttækari afstöðu þó ekki væri nema til að skapa mótvægi í umræðunni. Það sé ekki gert í skjalinu og téð setning hljóði sem bænaskjal til útgerðarinnar. Hann andmælir því að „eðlileg auðlindagjöld“ séu svarið við kröfu um að arðrán síðustu fjögurra áratuga verði greitt til baka. Kveðst ekki leggja fram tillögu í málinu en kveðst telja a huga þurfi að þessu í framtíðinni.

Ágúst segir vinnu í ritnefnd í gær hafa verið „afgreiðslu“ og líkir við greiðslukassa í Bónus.

Ólöf Helga Adolfsdóttir, Efling

Ólöf Helga tekur undir breytingartillögu leggur til að orðalagi verði breytt þannig að þar segi að „kjarasamningsbundnar uppbætur“ verði skattlausar.

Finnbogi Sveinbjörnsson, VerkVest

Finnbogi víkur að tillögu sem átta félag lögðu fram á þinginu síðasta haust þess efnis að ASÍ beitti sér fyrir viðræðum við tryggingafélög í því skyni að ná fram hagstæðum samningum fyrir allt félagsfólk þess. Hann segir að þessi sjái stað á einum þremur stöðum í skjalinu.

Finnbogi upplýsir að þessi átta stéttarfélag hafi átt beint samtal við tryggingafélög og borist hafi tilboð frá fjórum þeirra. Sú niðurstaða spari félagsfólki töluverðar fjárhæðir. Hann telur mikilvægt að ASÍ fari í þessa vinnu því þetta séu krónur og aurar launafólks.

Georg Páll Skúlason þingforseti ítrekar að breytingartillögur verði að koma fram skriflega og með tilskyldum fjölda undirskrifta. Ekki sé unnt að breyta tillögum með ábendingum og athugasemdum.

Þórir Hilmarsson, VR

Kveðst tilbúinn að breyta tillögu sinni í samræmi við ábendingar Ólafar Helgu Adolfsdóttur.

Georg Páll Skúlason þingforseti segir unnt að breyta tillögu úr pontu samkvæmt ósk flutningsmanns.

Hörður Guðbrandsson, VLGRV

Hörður segir samstöðu um þá afstöðu að auðlindagjöld í sjávarútvegi séu of lág. Ekki hafi verið ágreiningur í miðstjórn um það síðustu ár. Hann telur „samhljóm“ í skjalinu um að til þurfi að koma sanngjörnt renta.

Um skattleysi uppbóta segir Hörður að málið hafi komið til umræðu á fundi nefndar í gær. Nefndarmenn hafi greint „ákveðinn ómöguleika“ í málinu því slíkar uppbætur séu afar misjafnar á milli kjarasamninga. Þannig gætu hátekjustéttir fengið með þessu móti umtalsverðan afslátt af skattgreiðslum. Nefndarmenn telji hyggilegra að fara leið jöfnunar í gegnum skattkerfið.

Hörður víkur að tillögu Finnboga og félaga um tryggingamálin á haustþinginu og segir menn sammála um að fákeppni ríki á tryggingamarkaði. Umræðan hafi verið á þann veg að þetta mál gæti vel átt heima í umræðu um mögulega stofnun samfélagsbanka.

Hörður leggur til við þingheim að breytingartillögum verði hafnað vegna þessa „ómöguleika“ og áhersla verði lögð á aðrar kerfisbreytingar í skattmálum.

Georg Páll Skúlason þingforseti segir umræðu tæmda og að fyrir liggi ein breytingartillaga.

Hann ber upp breytingartillögu um skattleysi uppbóta. Hún er samþykkt með 106 atkvæðum gegn 39.

Þessu næst ber Georg upp skjalið upp í heild með breytingartillögu og er það samþykkt samhljóða.

Framtíð vinnumarkaðarins

Georg Páll Skúlason þingforseti segir breytingartillögur ekki hafa komið fram.

Einar Óskar Friðfinnsson, VM

Einar kveðst hafa haft ánægju af nefndarstarfinu. Spyr hvort launafólkið sem hér er saman komið, öll flóran sem myndar vinnumarkaðinn, geti ekki sótt meira í smiðju hvers annars þegar vinnumarkaður er til umfjöllunar. Hann spyr hvort ekki megi sækja í beina reynslu fólks af hinum ýmsu störfum þegar markmið eru sett til þess að breytingar verði markvissari.

Georg Páll Skúlason þingforseti leggur stefnuskjalið fram og er það samþykkt samhljóða.

Kosning til miðstjórnar

Þingforseti segir kosningar til miðstjórnar næstar á dagskrá

Anna Júlíusdóttir, formaður kjörnefndar, les upp tillögu kjörnefndar:

Bein aðild Guðmundur Helgi Þórarinnsson, Félag vélstjóra og málmteknimanna

LÍV Eiður Stefánsson, FVSA

LÍV Halla Gunnarsdóttir, VR

LÍV Selma Grétarsdóttir, VR

Samíðn Hilmar Harðarson, Félag iðn- og tæknigreina

SGS Eyþór Þ. Árnason, Verkalýðsfélagið Hlíf

SGS Finnbogi Sveinbjörnsson, Verkalýðsfélag Vestfirðinga

SGS Guðbjörg Kristmundsdóttir, VSFK

SGS Vilhjálmur Birgisson, Verkalýðsfélag Akraness

SGS Þórarinn Sverrisson, Aldan stéttarfélag

SSÍ Valmundur Valmundarson, Sjómannafélagið Jötunn

Önnur framboð til miðstjórnar:
SGS Agnieszka Ewa Ziolkowska, Efling stéttarfélag
Kjósa þarf 11 nöfn af 12 á kjörseðlinum.
Þingfulltrúar ganga til atkvæða.

Jafnrétti og menntun

Georg Páll Skúlason þingforseti segir eina breytingartillögu liggja fyrir um jafnrétti og menntun.

Hún er frá Birni Björnssyni, VM, og hljóðar svo:

„*Brugðist verði þegar í stað við óviðundandi ástandi í verk- og iðnnámi.*“

Páll Heiðar, VM

Efni breytingartillögu var rætt í nefnd í gær en hlaut litlar undirtektir þar sem menn voru orðnir kaffiþyrstir. Telur ekkert annað orðalag en „þegar í stað“ duga.

Karla Barralaga Ocon, Eflingu

Karla óskar forsetum til hamingju kjörið, kveðst ætla að reyna að tala íslensku en noti kannski ensku einnig. Hún minnir á mikilvægi þess að erlent launafólk geti sótt sér menntun ekki síður en hið íslenska. Hún segir skorta aðgang að námi á erlendum tungumálum og nefnir spænsku- og úkraínskumælandi fólk. Karla hvetur nýja forystusveit ASÍ til að leggja meiri áherslu á það launafólk sem ekki tali íslensku. Mikilvægt sé að bæta fræðslu þessum hópi til handa.

Jórunn K. Fjeldsted, VR

Jórunn hvetur þingheim til að fagna fjölbreytileikanum. Hún vísar að textum þar sem lögð er áhersla á að „styrkja konur“. Hún spyr hvort hreyfingin sé ekki föst í tvíkynjahyggju og hvort öll þurfi ekki stuðning á vinnumarkaði, líka þau sem séu af öðrum kynjum.

Páll Heiðar, VM

Þakkar Jórunni fyrir. Hann kveðst hafa tekið þetta atriði upp í hópnum við litlar undirtektir. Hin ólíku kyn þurfi öll stuðning og of fáir taki upp hanskan fyrir þau.

Jóhann Már Sigurbjörnsson, VR

Kveðst hafa troðið sér í þessa nefnd og bera ábyrgð á lítilli setningu sem nefnir menntasjóð. Jóhann segir að auka þurfi fjárframlög til Vinnustaðanámssjóðs og tryggja beri fjármögnun á menntun með vinnu, að menntasjóður skerði ekki lán fyrir skjólagjöldum með tekjutengingu. Hann vonar að ASÍ taki að veita þessum sjóði athygli.

Georg Páll Skúlason þingforseti ber upp breytingartillögu Björn Björnsonar um viðbrögð við óviðunandi ástand í verk- og iðnnámi

Hún er einróma samþykkt.

Þá ber þingforseti upp bæði heildarskjölin (þ.e. um menntun annars vegar og jafnrétti hins vegar) í einu og eru þau einróma samþykkt.

Kjaramál og vinnumarkaður

Georg Páll Skúlason þingforseti segir eina breytingartillögu liggja fyrir og Ólöfu Helgu Adolfsdóttur flutningsmann hennar.

Tillagan hljóðar svo:

„Reynslan á vinnumarkaði hefur sýnt að tryggja þarf að yngsta fólkið á vinnumarkaði (13-15 ára) hafi frjálst val um stéttarfélagsaðild kjósi það sjálfst slíka aðild en að atvinnurekandi hafi ekki ákvörðunarvald um það efni. 45. þing ASÍ minnir á nauðsyn þess að ungt fólk sem er að stíga sín fyrstu skref á vinnumarkaði verði strax upplýst um það mikilvæga hlutverk sem stéttarfélög gegna og beinir því til miðstjórnar að fjalla um málið.“

Ólöf Helga Adolfsdóttir, Eflingu

Það er valkvæmt að greiða í stéttarfélag þegar fólk er yngra en 16 ára en atvinnurekandi virðist þó stýra þessu. Jafnvel þótt launamaður sjálfur vilji greiða í stéttarfélag veitir atvinnurekandi ekki alltaf leyfi til þess. Óskað er eftir því að miðstjórn taki málið til umfjöllunar.

Signý Jóhannesdóttir, Stéttarfélagi Vesturlands

Signý telur misskilning hér á ferð. Innan félaganna eru kjarasamningar sem ná einnig um ungt fólk. Flest eru með reglur um að þeir félagsmenn séu fullgildir sem eru 16 ára og greiða til félagsins. Víða rukka þó lífeyrissjóðir iðgjöld og þá oft ekki af þeim sem yngri eru en 16 ára. Þau félög sem innheimta sjálf innheimta af öllum sem eru á vinnumarkaði.

Í tillögunni kemur fram að hægt sé að velja sér stéttarfélag. Hvað þýðir það? Signý kveðst vita að víða sé það vandi að ekki sé skilað af þeim yngstu en telur að þessi tillaga sé ekki lausn. Félögin þurfi að vera duglegri að gæta að því að það sé skilað af þeim. Hún óskar eftir skýringum frá Ólöfu Helgu.

Ólöf Helga Adolfsdóttir, Eflingu

Hugmyndina segir Ólöf þá að viðkomandi ungmenni fái að velja að vera í stéttarfélagi en ekki hvaða stéttarfélagi. Atvinnurekendur fái afslátt af ungu fólki, greiði því lægri laun og greiði ekki gjöld því tengd. Tillögunni sé beint til miðstjórnar til umfjöllunar.

Georg Páll Skúlason þingforseti kveðst hafa þá tilhneigingu að taka þetta til umfjöllunar undir önnur mál.

Sverrir Már Albertsson, AFLi-Starfsgreinafélagi

Tekur undir með Signýju. Kveðst undrandi á tillögunni. Fyrir liggja launataxtar niður í 14 ára og alltaf hafi verið skýrt að fái viðkomandi greitt samkvæmt kjarasamningum skuli greitt félagsgjald. Sverrir hvetur til þess að heldur verði tekið á þeim atvinnurekendum sem ekki virða þessar reglur.

Georg Páll Skúlason þingforseti segir enga breytingartillögur því raunverulega hafa borist varðandi þingskjöl og leggur til að þau verði afgreidd í einu lagi.

Þau eru samþykkt samhljóða.

Önnur mál

Georg Páll Skúlason þingforseti segir töluvert borist af málum undir þessum lið. Hann hyggist fá flutningsmenn til þess að kynna tillögur sem falla undir þennan lið, önnur mál. Á þingvefnum megi sjá skjal nr. 44-ályktun. Finnbjörn A Hermannsson sé frumflytjandi.

Finnbjörn A. Hermannsson, forseti ASÍ, tillaga (þingskjal 44)

Finnbjörn segir tillöguna fallna til þess að ramma inn það sem gert hafi verið á þinginu. Góð vinna hafi farið fram bæði í gær og í dag. Margar tillögur sem snúa að verkefnum framávið og bráðaverkefnum ASÍ. Ákveða þurfi hvað landssambönd hyggist gera sameiginlega. Megin tilgangurinn sé að ramma inn það sem þurfi að gera í bráð í undanfara eiginlegra kjarasamninga. Finnbjörn les upp tillöguna:

„Drög að ályktun 45. þings í aðdraganda kjarasamninga

45. Þing Alþýðusambands Íslands hvetur forystu sambandsins, miðstjórn og aðildafélög til að byggja upp kröftuga samstöðu meðal launafólks í aðdraganda kjarasamninga. Jafnframt hvetur þingið forystu sambandsins og samninganefnd til að leggja áherslu á trygga afkomu, öruggt húsnæði og réttlátt skattkerfi við undirbúning kjarasamninga.

Trygg afkoma:

Forysta ASÍ vinni að bættri afkomu og kaupmætti launafólks. Forystan beiti sér fyrir aðgerðum sem draga úr afkomuvanda heimila.

Öruggt húsnæði:

Forysta ASÍ beiti sér fyrir umbótum á húsnæðismarkaði, kröftugri uppbyggingu óhagnaðardrífinna leiguíbúða og aðgerðum sem auka húsnæðisörugg og draga úr íþyngjandi húsnæðiskostnaði.

Réttlátt skattkerfi:

Forysta ASÍ beiti sér fyrir réttlátu skattkerfi, skattkerfi sem stendur undir öflugri velferð og innviðum. Skattkerfi sem stuðlar að jöfnuði, þar sem hinir efnamestu geta ekki komist hjá edlilegu framlagi til samfélagsins.

45. Þing ASÍ er haldið við alvarlegar aðstæður í íslensku samfélagi. Mikil verðbólga hefur dregið úr kaupmætti heimila, neyðarástand ríkir á húsnæðismarkaði og hnignun velferðarkerfisins blasir við almenningi. Stjórnvöldum hefur mistekist að leggja grunn af efnahagslegum og félagslegum stöðugleika. Neyðarástand á húsnæðismarkaði, fasteignabóla, veiking heilbrigðiskerfis, aukin fákeppni og skattkerfi sem þjónar hinum eignamestu eru ekki á ábyrgð launafólks. Atvinnurekendur hafa ekki sýnt ábyrgð og hafa þrátt fyrir metafkomu velt kostnaðarhækkunum af fullum þunga út í verðlag. Stjórnvöld hafa ekki sýnt ábyrgð og hafa sett sérhagsmuni frammar almannahagsmunum. Innviðir samfélagsins eru fjársveltir á sama tíma og auðmagn og stórfyrirtæki komast hjá edlilegu framlagi til samfélagsins.

Stöðugleiki verður ekki eingöngu settur á herðar launafólks. Þing ASÍ skorar á stjórnvöld og atvinnurekendur að ganga til viðræðna við launafólk og sýna raunverulegan vilja til að vinna að þjóðarsátt, stöðugleika, jöfnuði og bættum lífskjörum almennings.“

Jóhann Már Sigurbjörnsson, VR

Segir umræðu um þetta málefni hafa farið fram í húsnæðisnefnd en ekki hafi tekist að fá formanninn til að koma þessu inn í lokaskjalið. Ríki og sveitarfélög sú farin að yfirbjóða almennan húsnæðismarkað til að fá sínu framgengt. Það sé eins og í stað þess að byggja fyrir Blæ myndu ríki og sveitarfélög kaupa og yfirbjóða eins og leigufélög geri. Telur að ASÍ þurfi að bregðast við þessu og jafnvel koma með ályktun. Einnig geti málið fallið undir verkefni húsnæðisnefndinni. Hvetur til þess að ályktun verði samþykkt.

Jóhann Páll og fleiri leggja fram eftirfarandi ályktunartillögu um húsnæðis- og velferðarmál (þingskjal 45):

„Að ríki og stofnanir á þeirra vegum sem og sveitarfélög hafi ekki heimildir til að yfirbjóða leigusamninga.“

Ragnar Þór Ingólfsson, VR - tillaga (þingskjal 46)

Ragnar segir ályktun konna af vettvangi stjórna VR og hún tali inn í ástandið sem farið hafi snarversnandi frá síðasta þingi. Ragnar les upp tillöguna:

„45. Þing Alþýðusambands Íslands lýsir yfir þungum áhyggjum af stöðu efnahagsmála á Íslandi og aðgerðarleysi ríkisstjórnarinnar. Ítrekaðar stýri-vaxtahækkanir Seðlabankans hafa ekki borið árangur til að takast á við verðbólgunu en hafa hins vegar gríðarlega alvarlegar afleiðingar fyrir vinnandi fólk sem býr við dýrtíð og hækkandi húsnæðiskostnað. Ríkisstjórnin hefur látið Seðlabankann einan um verðbólgunu og í nýrri fjármálaáætlun er ekki að finna neinar aðgerðir til að koma til móts við hækkandi afborganir lána né að ráðast að verðbólgunni strax. Atvinnurekendur og opinberir aðilar, svo sem sveitarfélög og ríkisstofnanir, hafa hvergi gefið eftir í verð- og gjaldskrárhækkunum og fákeppni á sviði dagvöru, eldsneytis, trygginga og annarra nauðsynja leiðir til gróða fjármagnsaflanna á kostnað almennings.

Ástandið á húsnæðismarkaði er mjög alvarlegt. Leiga hefur snarhækkað, lántakendur verðtryggðra lána hafa enn á ný horft upp á lán sín vaxa og lántakendur óverðtryggðra lána þurft að greiða hærri vexti um hver mánaðamót. Á næstu mánuðum mun fjöldi fólks þurfa að fjármagna húsnæði sitt að nýju þegar tímabili fastra vaxta lýkur. Ef ekkert verður að gert er hætt við að afleiðingar geti orðið í líkingu við það sem átti sér stað í efnahagshruninu árið 2008. Ávinningur síðustu kjarasamninga er nánast uppurinn og setur, að óbreyttu, verkalýðshreyfinguna í þá stöðu að þurfa að krefjast gríðarlegra launahækkana til að mæta þeim miklu byrðum sem launafólki er gert að bera vegna ástandsins sem það stofnaði ekki til.

Þing ASÍ krefst þess að atvinnurekendur og stjórnvöld taki höndum saman við verkalýðshreyfinguna við komandi kjarasamninga til að finna leiðir út úr þessum ógöngum til hagsbóta fyrir launafólk og almenning. Þing ASÍ hafnar alfarið þeirri nálgun að láta launafólk, leigjendur og skuldara ein bera byrðarnar.

Stjórnvöld þurfa að sýna að þeim sé alvara í að taka á húsnæðisvanda þjóðarinnar. Sedlabankinn verður að bera ábyrgð á mistökum sínum og nota fleiri varúðartæki en stýrivexti eina til að lækka verðbólguna. Taka þarf verðlagstakmarkanir alvarlega til skoðunar og nýta skattkerfið til að velta byrðunum af baki þeirra sem ellegar munu sligast undan þeim og yfir á þá sem geta borið þær. Hér má nefna auðlindagjöld á útgerðina og bankaskatt. Aðgerðaleyfi er ekki valkostur við þessar aðstæður.“

Ragnar Þór segir tillöguna sambærilega tillögu Finnbjörns Hermannsson og féлага. Þær geti þó staðið einar og sér.

Svanhildur Þórsteinsdóttir, VR – tillaga (Þingskjal 48)

Tillaga Svanhildar og meðflytjenda er svohljóðandi:

„Tillaga að ályktun 45. Þing ASÍ

Hvetja þarf til að auka hlut kvenna innan forystu verkalýðsfélaganna.

Skorað er á aðildarfélög ASÍ að leitast við að valdefla konur með hvaða hætti sem hægt er.

Mjög nauðsynlegt er að konur sjái sér fært að taka í ríkari mæli þátt í félagsstarfi innan verkalýðshreyfingarinnar heldur en nú er. Í því skyni hvetur 45. þing ASÍ öll félög og sambönd innan raða Alþýðusambandsins til að setja sér strax skýr markmið um leiðir til að stórauka hlut kvenna í stjórnnum og öðrum ábyrgðarstöðum innan hreyfingarinnar.“

Svanhildur segir jafnréttissinna vilja auka hlut kvenna innan forystu hreyfingarinnar. Þannig endurspegli hreyfingin það sem sjá megi í þjóðfélaginu, í fyrirtækjum og stjórnnum. Hún hvetur þingheim til að beina því til miðstjórnar að hún beiti sér af fullum krafti til að auka hlut kvenna innan ASÍ.“

Georg Páll Skúlason þingforseti segir kynningu á tillögum lokið og orðið laust. Komin sé mælendaskrá.

Einar Óskar Friðfinnsson, VM

Kveðst vilja stappa stálinu í þingheim. Kveðst nýr í þessu og ekki þekkja marga af sinni kynslóð sem starfa hér. Hvetur nýja og þau sem verið hafi lengi í baráttunni að taka ávallt einn nýjan með. Þakkar fyrir sig. Ekki sé það svo alls staðar í heiminum að fólk komi saman og reyni að ákveða hvað heilt samfélag ætli að reyna að gera. Telur mjög gott að túlkar aðstoði þá þingfulltrúa sem ekki hafi jafn gott vald á íslensku og aðrir. Það sé erfitt að vera innflytjandi. Fullorðin sé orðin sú kynslóð sem pabbarnir keyrðu í leiksóla. Er í vinnu hjá Veitum. Þar byrjar vinnan ekki fyrr en kl. 08.20 svo pabbar geti farið með börn á leikskóla. Kynslóð hans sé komin í fullorðinsbuxur og þurfi að reyna að vera til fyrirmyndar.

Sæþór Randalsson, Eflingu

Segir Eflingu nýbúna í erfiðum kjaraviðræðum og segir frá undirbúningi þeirra og framkvæmd. Sóttur hafi verið fróðleikur til Bandaríkjanna um hvernig eigi að byggja upp stéttarfélag og haga baráttunni. Allir séu þreyttir á pólitík og fólk nenni frekar að tala um laun og réttindi. Samninganefndir hafi verið opnar og félagsmenn virkjaðir til þátttöku. Góður tími hafi gefist til að fara yfir mál og undirbúa þau með gögnum. Áhugavert hafi verið fyrir hann að kynna verkalyðsbaráttu þar sem hann komi frá landi þar sem stéttarfélag séu ekki starfrækt.

Magnús Freyr Magnússon, Eflingu

Vekur athygli á að túlkun á táknum fari ekki fram á þinginu. Segir málefnum heyrnarlausra ýtt til hliðar og margir heyrnarlausir hafi neyðst til að flýja land vegna þjónustuleysis. Hér skorti millitúlka. Viðhorf þurfi að breytast. Heyrnarlausir búi í samfélagi samhliða öðrum. Margt heyrnarlaust fólk sé iðnmenntað og rekur Magnús dæmi af mismunun og virðingarleysi sem það verði fyrir. Einn heyrnarlaus opinber starfsmaður sé í vinnu á Íslandi. Hann hvetur ASÍ til að taka upp táknaáhrifstúlkana og vinna gegn útskýfun heyrnarlausra.

Georg Páll Skúlason, þingforseti kynnir niðurstöðu kosningar til miðstjórnar.

Fjöldi sem tók þátt: 239

Heildarfjöldi gildra atkvæða: 204

Auðir: 28

Ógildir: 7

11 aðalmenn í miðstjórn

SGS	Guðbjörg Kristmundsdóttir, VSFK - 202 (99%)
LÍV	Selma Grétarsdóttir, VR - 202 (99%)
SGS	Finnbogi Sveinbjörnsson, Verkalýðsfélag Vestfirðinga - 201 (99%)
SGS	Eyþór Þ. Árnason, Verkalýðsfélagið Hlíf - 198 (97%)
Bein aðild	Guðmundur H. Þórarinnsson, Félag vélstjóra og málmtæknimanna - 197 (97%)
SSÍ	Valmundur Valmundarson, Sjómannafélagið Jötunn - 197 (97%)
LÍV	Eiður Stefánsson, FVSA – 196 (96%)
SGS	Þórarinn Sverrisson, Aldan stéttarfélag - 195 (96%)
LÍV	Halla Gunnarsdóttir, VR – 193 (95%)
Samiðn	Hilmar Harðarson, Félag iðn- og tæknigreina - 191 (94%)
SGS	Vilhjálmur Birgisson, Verkalýðsfélag Akraness - 182 (89%)

SGS	Agnieszka Ewa Ziolkowska, Efling stéttarfélag - 90 (44%)

Þingforseti segir framboðsfrest varamanna til miðstjórnar renna út kl. 14.50

Ian McDonald, Eflingu

Segir okkur lifa spennandi og óvenjulega tíma. Verkalýðshreyfing sé í sókn víða um heim - verkamenn hafa fengið nóg. Aktivistar starfi og skipuleggi verkföll út um allt. Efling hafi verið í fararbroddi þessarar baráttu hér á landi. Hann kveðst hafa séð græðgi og ósvifni þeirra sem halda vilja fátæku fólki niðri. Efling komi úr þeirri baráttu blá og marín en óbrotin. Upplýsir að hann taki sæti í stjórn Eflingar í næsta mánuði. Þar komi saman kröftugur og fjölbreytilegur hópur sem setji allt sitt til hliðar í þágu annarra og stórra markmiða. Hvetur til samstöðu með þeim og ASÍ.

Vilhjálmur Birgisson, VLFA

Vilhjálmur list í megindrátum mjög vel á þá punkta sem nýr forseti lagði fram í tillögu sinni. SGS telji mikilvægt að miðstjórn ASÍ hafi forystu um þau verkefni sem fram undan eru varðandi stjórnvöld. Í drögum forsetans og meðflutningsmanna segi að þingið hvetji „forustu sambandsins og samninganefnd“ til að leggja áherslu á tiltekin atriði í undirbúningi kjarasamninga. Vilhjálmur segi SGS vilja að miðstjórn fari með þetta hlutverk en ekki samninganefnd ASÍ þar sem þar komi saman færri aðilar en í miðstjórn. Við viljum útvíkka. Miðstjórn og forsetateymi feli í sér að breiðari hópur haldi utan um undirbúning viðræðna við stjórnvöld. Ekki sé unnt að virkja samninganefnd nema öll landssambönd séu því sammála. Að öðru leyti séu þetta góðir punktar í anda þess sem fram hafi farið á þinginu. Ítrekar að SGS vilji að þetta verkefni verði á borði miðstjórnar.

Páll Heiðar, VM

Kveðst hafa verið að glugga í lögin um ASÍ þing. Þar standi að þetta þing sé æðsta vald í málefnum ASÍ. Samt sé umræðan til þess eins að samþykkja málefnskjöl miðstjórnar. Spyr hvort þingfulltrúar séu að taka orlof sitt í um það sem annað fólk hafi þegar ákveðið.

Björn Snæbjörnsson, Einingu-Iðju

Björn telur þá staðhæfingu að eingöngu fari fram á þinginu staðfesting á þegar teknum ákvörðunum miðstjórnar sem sumir hafi líkt við að renna vörum í gegnum afgreiðsluskanna í Bónus. Allar tillögur frá miðstjórn hafa farið til félaganna og tryggt hafi verið í hvívetna að þau gætu brugðist við með athugasemdum og tillögum. Þannig hafi skjölin farið um margar hendur áður en til þings komi.

Björn segi ályktun forsetans gott skjal og fagnar vandaðri og metnaðarfullri vinnu á þinginu. Hann spyr hvort ætlunin sé að virkja samninganefnd ASÍ. Hann segi miðstjórn vera hinn rétta fulltrúa í viðræðum við ríkisvaldið. Fulltrúar í henni komi víða að og af landinu öllu og sjónarmið innan miðstjórnar séu mun víðfeðmari fyrir vikið. Þannig megi tryggja að allar raddir vött og breitt um landið nái að heyrast. Hér hafi rétt áðan verið kjörin ný

miðstjórn og spyr Björn hvers vegna ekki megi treysta henni fyrir verkefninu. Björn kveðst tala af reynslu, hann hafi í 12 ár setið í samninganefnd ASÍ og geti fullyrt að þar sé umræðan öll mun þrengri en á vettvangi miðstjórnar. Hann hvetur nýkjörna forustu til að taka málið til skoðunar.

Ólöf Helga Adolfsdóttir, Eflingu

Kveðst vona að hún megi breyta framkominni tillögu sinni á þann veg áðan á þann veg að beint verði til miðstjórnar að fjalla um fræðslu ungs fólks á vinnumarkaði.

Sólveig Anna Jónsdóttir, Eflingu

Sólveig óskar nýrri forystu til hamingju og vona að henni gangi vel í vandasömum verkefnum sem fram undan séu.

Hún tekur undir orð félaga sinna úr samninganefnd Eflingar sem lýst hafi baráttu og vinnubrögðum vetrarins og þeim góða árangri sem náðst hafi við að endurvekja róttæka verkalýðsbaráttu.

Sólveig kveðst vilja bregðast við umræðu um tillögu forsetans nýja. Hún telur sig vita að umrætt orðalag í ályktuninni sé sett fram til að reyna að finna möguleika á að tryggja að lýðræðislega kjörin forysta félaga innan ASÍ geti komið saman og a.m.k. gert tilraun til að móta sameiginlegar kröfur gagnvart stjórnvöldum.

Sólveigu Önnu þykir miður að fyrsti texti sem kemur frá nýjum forseta verði fyrir því að leitað sé leiða til að hindra að lýðræðislega kjörin forysta Eflingar geti haft aðkomu að vinnu sem hefjist að þingi loknu. Enginn fulltrúi Eflingar sitji í miðstjórn. Fyrir því séu ýmsar ástæður. Á þinginu sé fólk sem nota muni tækifærið til að snúa út úr máli hennar. Hún hefði sem formaður Eflingar aldrei komist að í miðstjórn vegna andstöðu innan SGS. Nú sé reynt að finna leið til að Efling og eflingarfólk geti komist að og þá sé strax reynt að koma í veg fyrir það.

Sólveig ítrekar hamingjuóskir til forseta og vonar að jaðarsetning á Eflingu og Eflingarfólki sem hófst er hún tók við sem formaður árið 2018 haldi ekki áfram.

Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir, 1. varaforseti þingsins, segir fleiri framboð varamanna í miðstjórn hafa komið fram og kosning sé í undirbúningi.

Kristján Þórður Snæbjarnarson, RSÍ

Kristján óskar nýkjörnum forseta og öðru forystufólki til hamingju með kjörið. Mikilvægt sé að hreyfingin komi sterk frá þessu þingi. Kveðst vilja ræða þá samstöðu sem þurfi að ríkja í kjölfar þessa þings. Í skjali nr. 45 sé reynt að búa til farveg fram á við, hvar áherslur liggja en auðvitað þurfi að móta þau atriði innan hreyfingarinnar.

Samningsumboðið segir Kristján liggja hjá aðildarfélögum og landssamböndum eftir atvikum. Til að virkja samninganefnd ASÍ þurfi samstöðu félaga

og sambanda. Sýna þurfi samstöðu ætli fólk að vinna að vinna saman á þessum vettvangi og nýta sameiginlegan styrk. Það verði best gert með því að taka höndum saman og beita sér.

Kristján segir að fara þurfi í samtalið áfram, nýta þann kraft sem hann finni á þinginu og nýta hann inn í samtalið. Spurning sé hvort vilji sé fyrir því að miðstjórn verði samninganefnd gagnvart ríkisvaldinu, hvort búa eigi til vettvang með útvíkkaðri samninganefnd eða fela hinni hefðbundnu samninganefnd. Verkefnið. Miðstjórn fái aðeins það vald sem þingfulltrúar veiti henni. Mikilvægt sé að tapa sér ekki í smáatriðum. Samstöðu sé þörf og virkja þurfi allan kraftinn í baklandinu.

Kristján þakkar öllum sem hafa komið í pontu, fyrir að standa upp og tjá sig. Hér sé fullt af nýju fólki, flott sé Fullt af nýju fólki að fá fólk af erlendu bergi í ræðustól og fram hafi komið góð ábending um táknmál. sem talar litla íslensku, góð ábending með táknmál. Horfa þurfi til allra okkar hópa. Hjá RSÍ hafi táknmálstúlkar starfað á kynningarfundum. Sjálfsgæður hlutur sé að bjóða þessa þjónustu og hreyfingi einnig að taka frumkvæði í þeim málaflökki.

Kristján kveðst styðja ályktun 44 frá nýkjörnum forseta og einnig ályktu n46 frá verslunarmönnum. Báðar tali það inn í það ástand sem er í dag og veiti mikilvæg skilaboð fram á við.

Georg Páll Skúlason þingforseti les upp breytta tillögu Ólafar Helgu Adólfsdóttur og biður hópinn sem skrifaði undir upprunalega tillögu hennar að gera athugasemd séu viðkomandi ekki sátt við breytinguna:

„Reynslan á vinnumarkaði hefur sýnt að tryggja þarf að yngsta fólkið á vinnumarkaði (13-15 ára) greiði í stéttarfélag samkvæmt þeim kjarasamningum sem þau starfa eftir. 45. þing ASÍ minnir á nauðsyn þess að ungt fólk sem er að stíga sín fyrstu skref á vinnumarkaði verði strax upplýst um það mikilvæga hlutverk sem stéttarfélög gegna og beinir því til miðstjórnar að fjalla um málið.“

Finnbjörn A. Hermannsson, forseti ASÍ

Segir það ekki góða byrjun í nýju embætti að klicka á samráði. Fyrir honum vaki að ákveða þurfi hvernig nálgast beri stjórnvöld. Hann kveðst ekki ætla að ákveða það en hann vilji tryggja að Efling eigi aðild að þessari nefnd hvort sem hún heiti samninganefnd eða miðstjórn. Finnbjörn vitnar í 14 gr. laga ASÍ og les:

„Aðildarfélag ASÍ gera með sér samstarfssamning. Í samningnum er ákveðið á hvern hátt aðildarfélagin vinni saman að og samræmi aðgerðir sínar og aðkomu að kjarasamningum við atvinnurekendur og stjórnvöld, hvernig sameiginleg samninganefnd skal skipuð sé samningsumboð ekki fært í hendur miðstjórnar sbr. 9. gr., hvernig félagin skipta með sér ábyrgð eftir samningssviðum og önnur þau atriði sem aðildarfélag telja nauðsynlegt að semja um sín á milli.“

Finnbjörn kveðst ekki hafa útskýrt nógu vel þegar hann lagði fram ályktunardrögin að ætli hreyfingin að koma sem ein heild út úr þessu verði allar persónur og leikendur að koma að málinu. Fyrir honum vaki það að reyna að skapa frið um þau verkefni sem fram undan séu. Engin önnur sjónarmið búi að baki.

Sverrir Mar Albertsson, AFLi - Starfsgreinafélagi

Sverrir segir Finnbjörn forseta aðeins hafa slegið á þá hræðslutilfinningu sem hann, Sverrir, fékk í haust þegar tvö stærstu félögin gengu af þingi. Því sé að þakka að stór hluti félagsmanna VR hafi mætt aftur þingsins og þannig gert fært að fresta því. Í gær og dag sé upplifunin sú að hér sé sterkur hópur sem ætli áfram saman.

Sverrir varar við því að miðstjórn haldi á umræðum við stjórnvöld. Ætli fólk „að halda áfram að vera í einhverjum helvítis sandkassaleik í fjölmiðlum“ náist ekki að sýna samstöðu og hreyfingin verði „tekin niður“.

Sverrir vitnar í 9 gr. laga ASÍ þar sem segi að miðstjórn kjósi samninganefnd. Ætli einhverjir sér inn í haustið og skilja Eflingu eftir utangátta sem Alþýðusambandið á slæmum stað. Hann kveðst treysta Finnbirni forseti til að sjá þess að sá hópur sem fari til viðræðna við stjórnvöld endurspegli Alþýðusambandið allt.

Georg Páll Skúlason þingforseti segir komið að kosningu varamanna í miðstjórn.

Anna Júlíusdóttir, formaður kjörnefndar, gerir grein fyrir tillögu kjörnefndar um varamenn í miðstjórn:

RSÍ	Andri Reyр Haraldsson, FÍR
SGS	Anna Júlíusdóttir, Eining-Iðja
SGS	Arnar Hjaltalín, Drífandi
SGS	Guðmundur Finnbogason, Samstaða
SGS	Guðrún Elín Pálsdóttir, Verkalýðsfélag Suðurlands
LÍV	Hulda Björnsdóttir FVSA
Samiðn	Jón Bjarni Jónsson, Byggiðn
LÍV	Jónas Yngvi Ásgrímsson VR
LÍV	Kolbrún Júlía Erlendsdóttir VR
LÍV	Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir VR
Bein aðild	Óskar Hafnfjörð Gunnarsson, MATVÍS
SSÍ	Trausti Jörundarson, Sjómannafélag Eyjafjarðar
SGS	Vignir Smári Maríasson, Vlf. Snæfellinga
LÍV	Þorvarður Bergmann Kjartansson VR
LÍV	Þórir Hilmarsson VR

Önnur framboð:

SGS Agnieszka Ewa Ziolkowska, Efling stéttarfélag
ASÍ-UNG/SGS Ásdís Helga Jóhannsdóttir ASÍ-UNG / SGS

Georg Páll Skúlason þingforseti les upp nöfn frambjóðenda sem standa upp úr sætum sínum.

Anna Júlíusdóttir, formaður kjörnefndar, gerir grein fyrir tillögu kjörnefndar um kosningu aðal- og varaskoðunarmanna reikninga:

Hjörtur Geirmundsson, LÍV
Álfhildur Guðmundsdóttir, RSÍ
og varamenn þeirra
Kolbrún Valvesdóttir, SGS
Ásta Björk Ólafsdóttir, LÍV

Löggiltur endurskoðandi:
Theodór S. Sigurbergsson, Grant Thornton

Spurt er hvort einhverjir þingfulltrúa vilji leggja fram tilnefningar. Svo er ekki og er tillagan því samþykkt með lófaklappi.

Anna Júlíusdóttir, formaður kjörnefndar

Óskað hefur verið eftir því að kjörnefnd komi til forseta þingsins eftirfarandi tillögu um kjörnefnd til þingloka 46. þings 2024:

SGS	Arnar Hjaltalín
SGS	Guðbjörg Kristmundsdóttir
SGS	Tryggvi Jóhannsson
LÍV	Kolbrún Júlía Erlendsdóttir
LÍV	Eiður Stefánsson
RSÍ	Georg Páll Skúlason
Samiðn	Ólafur Magnússon
Bein aðild	Guðni Gunnarsson
SSÍ	Trausti Jörundarson

Tillagan er samþykkt með lófaklappi.

Georg Páll Skúlason þingforseti kynnir næstan í pontu Ragnar Þór Ingólfsson og boðar að mælendaskrá verði lokað á meðan Ragnar Þór talar.

Ragnar Þór Ingólfsson, VR

Varðandi umræðu um samninganefnd gagnvart stjórnvöldum og hvernig beri að formgera hana segir Ragnar Þór ljóst að verkefnið fram undan verði ekki leyst án sameiginlegrar niðurstöðu og því fari ekkert samtal fram við stjórnvöld án þess að Efling verði þar með.

Ragnar kveðst hafa sett það sem skilyrði fyrir þátttöku sinni í forsetateymi ASÍ að allir vildu vinna saman í körfu á stjórnvöld. Þar mætti enginn sæta jaðarsetningu. Náist ekki samstaða um þetta séu forsendur fyrir þátttöku brostnar.

Ragnar Þór biður þingfulltrúa um að nýta ekki þennan vettvang til að skaða samstarfið. Eftir þingið verði formgert nákvæmlega hvernig samninganefndin verði. Hann kveðst fullviss um að það takist. Hann biður fulltrúa um að hnýta ekki í orðalag einstakra ályktana, þær gangi til miðstjórnar og mikilvægt sé að hreyfingin fari sameinuð í verkefni sem fram undan séu.

Vilhjálmur Birgisson, VLFA

Vilhjálmur segir það liggja fyrir af hálfu SGS að mæta sameinuð til þingsins og ganga út í takt. Hann kveðst svo sannarlega hafa lagt sitt af mörkum til að svo megi verða. Það geti félagar hans staðfest. Hann hafi unnið að sáttum um margna mánaða skeið og haldið margar ræður á vettvangi ASÍ þess efnis. Hann kveðst ekki óttast að samkomulagi verði ekki náð. Svo virðist sem fólk hafi misskilið fyrri orð hans á þann veg að það væri ásetningur SGS að einangra Eflingu við móttun stefnu á hendur stjórnvöldum. Að sjálfsögðu myndi Efling eiga sæti inni í miðstjórn, og hafa atkvæðisrétt líka þegar fjallað væri um málefni er tengjast stjórnvöldum. Vilhjálmur á enga ósk heitari en að fulltrúar gangi af þingi sem ein stór breiðfylking. Hann segir hreyfinguna hafa orðið sér til ævarandi skammar á undanförunum mánuðum. Það geti allir tekið til sín sem tekið hafi þátt. Mál sé að þessu linni. Hann ítrekar sannfæringu fyrir að lausn muni finnast og að það verði gert á vettvangi miðstjórnar. Hann beinir því til allra og einnig Eflingar, að hætt verði að fóðra þau öfl sem brosi út í bæði á meðan hreyfingin skaði sjálfa sig með ósætti.

Páll Heiðar, VM

Páll segir ályktun um aukinn hlut kvenna hafa átt að koma fram fyrir. Býsna mikil „hrútalegt“ sé af hópnum. Kveðst hafa notað öll sín þing til að vara við því að þessi samkoma semji innra með sér „áður en hún leggst á hné fyrir þessum þríhöfða þursi“. Hann kveðst sammála Vilhjálmi Birgissyni - málið sé stærra en hver einasta persóna innan hreyfingar.

Sólveig Anna Jónsdóttir, Eflingu

Sólveig kveðst fagna orðum nýkjörins forseta og Sverris Albertssonar og þeirri afráttarlausu afstöðu að Efling verði ekki jaðarsett í því sem fram undan er. Erfitt hafi verið fyrir þau sem til heyra Eflingarhópnum að skilja orð Vilhjálms Birgissonar með öðrum hætti en að þar væri verið að reyna að tryggja að Efling gæti ekki fundið sér stað enda ljóst að Efling eigi ekki fulltrúa í miðstjórn. Því hefði verið réttara að það kæmi fram þegar rætt var um vettvang samningaviðræðna við stjórnvöld.

Sólveig Anna kveðst ósammála því að hreyfingin hafi orðið sér til ævar-

andi skammar. Hún telur að samninganefnd Eflingar hafi sýnt hið þveröfuga. Hún hafi gengið fram stolt og af hugdirfsku. Þannig hafi samninganefndin náð að leggja ríkissáttasemjara fyrir dómstólum. Eflingarfólk skammist sín ekki fyrir neitt sem það hafi gert í vetur heldur sé það þvert á móti stolt af framgöngu sinni.

Innocentia Fiati, Eflingu

Kveðst vera ein blökkukona á móti rest, komin alla leið frá Vestur-Afríku. Hún spyr hvort Ísland sé fyrir Íslendinga eða líka þau hin. Talað sé um samstöðu en þegar komi að aðgerðum standi launafólk ekki saman. Hún segist taka þátt til að fá rödd og nafn og þannig hafi það verið í þessi 20 ár sem hún hafi búið á Íslandi. Innocentia þakkar Sólveigu Önnu fyrir að hafa tekið útlendinga með inn í Eflingu og valdeflt þá. Innocentia kveðst stolt af því að vera fyrsta blökkukonan til að tala á þingi ASÍ. Hún leggur áherslu á samstöðu og að hreyfingin vinni fyrir launafólk. Hún segir stjórnámálmenn ljúga sig til valda og svíkja það láglaunafólk sem þá kaus. Þessu vilji hún breyta.

Vilhjálmur Birgisson, VLFA

Vilhjálmur kveðst vilja bregðast við orðum Sólveigar Önnu. Formenn landssambanda eigi sjálfkrafa seturétt í miðstjórn og hann hafi talið ástæðulaust að nefna það sérstaklega. Hann kveðst geta haldið langa ræðu um það sem gerst hafi á vettvangi hreyfingarinnar í vetur. Það muni hann ekki gera því hann vilji að hreyfingin gangi út af þessu þingi svo sterk og sameinuð sem frekast er unnt. Hann ætli ekki að taka þátt í því sem verið sé að reyna að ýja að. Hann segist vona að vel mun ganga í komandi samningum við stjórnvöld. Hann ítrekar styrk í samstöðu.

Ályktanir og önnur mál

Georg Páll Skúlason þingforseti segir komið að atkvæðagreiðslu um ályktanir og tillögur.

Ályktun í aðdraganda kjarasamninga - þingskjal 44 - er samþykkt samhljóða.

Ályktun um stóðu í kjaramálum - þingskjal 46 - er samþykkt samhljóða.

Ályktun um aukinn hlut kvenna innan forystu ASÍ og fleira - þingskjal 48 - er samþykkt með einu mótatkvæði.

Breytingartillaga við þingskjal 47 um uppfræðslu ungs fólks á vinnumarkaði verður að skjali 54.

Skjalið er samþykkt með þorra atkvæða gegn tveimur.

Ályktun um húsnæðis- og velferðarmál - þingskjal 45 - er samþykkt samhljóða.

Úrslit kosningar varamanna í miðstjórn

Georg Páll Skúlason þingforseti les upp niðurstöðu kosninga varamanna í miðstjórn:

Fjöldi sem tók þátt: 214

Heildarfjöldi gildra atkvæða: 189

Auðir: 13

Ógildir: 12

15 varamenn í miðstjórn

SGS Guðrún Elín Pálsdóttir, Verkalýðsfélag Suðurlands – 185 (98%)

LÍV Hulda Björnsdóttir FVSA – 185 (98%)

SGS Anna Júlíusdóttir, Eining-Iðja - 184 (97%)

RSÍ Andri Reyр Haraldsson, FÍR – 181 (96%)

SGS Guðmundur Finnbogason, Samstaða – 181 (96%)

Samíðn Jón Bjarni Jónsson, Byggiðn - 179 (95%)

Bein aðild Óskar Hafnfjörð Gunnarsson, MATVÍS – 179 (95%)

SGS Vignir Smári Maríasson, Vlf. Snæfellinga – 179 (95%)

SGS Arnar Hjaltalín, Drífandi - 176 (93%)

SSÍ Trausti Jörundarson, Sjómannafélag Eyjafjarðar – 173 (92%)

LÍV Jónas Yngvi Ásgrímsson VR – 171 (90%)

LÍV Þórir Hilmarsson VR – 169 (89%)


LÍV Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir VR – 168 (89%)

LÍV Kolbrún Júlía Erlendsdóttir VR – 162 (86%)

LÍV Þorvarður Bergmann Kjartansson VR – 158 (84%)

ASÍ-UNG/SGS Ásdís Helga Jóhannsdóttir ASÍ-UNG / SGS – 111 (59%)

SGS Agnieszka Ewa Ziolkowska Efling-stéttarfélag – 94 (50%)



Lokaræða Finnbjörns A. Hermannssonar, forseta ASÍ

„Kæru þingfulltrúar,

Verkalýðshreyfingin er í grunninn alþjóðleg mannréttindahreyfing.

Sem slík hefur hún víðast hvar mikilvægu hlutverki að gegna við mótun og þróun samfélagsins. Það hlutverk endurspeglast í þeirri sérstöðu og vernd sem verkalýðsfélög og réttur fólks til að beita samtakamætti sínum njóta. Þessu hlutverki fylgir líka rík ábyrgð sem við þurfum alltaf að rísa undir.

Hér á landi eiga þessi heildarsamtök okkar sér sögu allt frá 1916. Oft hefur gustað um hreyfinguna og eðlilega kemur oft upp málefnalegur ágreiningur og átök um stefnu og áherslur. En við höfum ávallt borið gæfu til að setja samstöðuna um mikilvægustu sameiginlegu hagsmuni ofar persónum og leikendum, leysa mál lýðræðislega og standa sterkari á eftir.

Þetta framhaldsþing blæs okkur von í brjóst um að við séum á þeim stað núna og munum snúa bökum saman í þeim verkum sem við blasa. Félagssólk okkar væntir þess og þar liggur ábyrgð okkar.

Ef við þurfum áminningu um hvað sameinar okkur þvert á sambönd, félög og landshluta er nóg að lesa þann verkefnalista sem þetta öfluga þing var setja hreyfingunni.

Skattkerfið á að stuðla að samfélagssátt, tryggja jöfnuð og standa undir traustum velferðarstöðum samfélagsins.

Skattkerfið á að vera raunverulegt jöfnunartæki og því þarf að jafna skattbyrði milli launatekna og fjármagnstekna.

Þing ASÍ krefst þess að tekin verði upp auðlindagjöld. Notendur sameiginlegra auðlinda eiga ekki að komast hjá því að greiða eðlilegt gjald fyrir alla nýtingu auðlinda t.d. fiskveiðum, fiskeldi eða orkunýtingu. Þetta eru verkefni sem þingið er að setja okkur.

Við setjum á oddinn öruggt húsnæði fyrir alla og leggjum um leið þunga áherslu á húsnæðisstuðning við þau sem lægstar hafa tekjur.

Við erum sammála um mikilvægi þess að styrkja Bjarg og Blævi – þessi mikilvægu og tímabæru verkefni.

Við viljum velferðarkerfi fyrir okkar fólk, almenning í landinu en ekki auðvaldið.

Við höfum einsett okkur að taka vel á móti erlendum félögum okkar, tryggja þeim rétt kjör og vinnu í samræmi við menntun þeirra og hæfni til jafns við þá sem hér búa.

Við höfum sammælt um nauðsyn þess að mynda eigenda- og fjárfestingastefnu fyrir lífeyrissjóðina. Við ætlum að veita sjóðunum aðhald til að tryggja að þeirri stefnu verði framfylgt.

Við höfum mótað hér vandaða og viðamikla stefnu um framtíð vinnumarkaðarins. Þar verður verkefnið að tryggja að réttlát umskipti verði ávallt höfð að leiðarljósi í þeim miklu samfélagsbreytingum sem við stöndum nú frammi fyrir.

Í beinu framhaldi höfum við einsett okkur að standa vörð um að þeim tækifærum sem fylgja samfélagsbreytingum verði ekki síður en byrðum dreift með jöfnum og sanngjörnum hætti,

Við krefjumst þess að samfélagsbreytingar stuðli að bættum lífskjörum og betri vinnuskilyrðum. Þar verði enginn skilinn eftir.

Við viljum vel launuð og fjölbreytt græn störf og vistvæna uppbyggingu innviða.

Við höfum einsett okkur að vinna að og þrýsta á um umbætur á grundvallarlöggjöf sem tryggir umgjörð að samskiptum stjórnvalda og aðila vinnumarkaðar sem og viðurlög gegn brotum á vinnumarkaði.

Við hyggjumst efla enn frekar hið mikilvæga vinnustaðaeftirlit verkalýðshreyfingarinnar og þrýsta á um útvíkkun eftirlits með atvinnugreinum.

Við höfum lýst því yfir að við fögnum fjölbreytileikanum í öllum sínum myndum. Allt fólk fái jafnan aðgang og tækifæri á vinnumarkaði.

Við höfum jafnframt sameinast um þá kröfu að öllum launamuni kynjanna verði útrýmt með sérstakri áherslu á að leiðrétt verði kerfisbundið vanmat á kvennastörfum – sem vitanlega á ekki heima í nútímalegu lýðræðisríki.

Við höfum einnig samþykkt hér mikilvægt verkefni sem varðar stórbætt og sameiginleg viðbrögð við #MeToo-málum af hálfu heildarsamtaka launafolks.

Hér hef ég tæpt á örfáum atriðum sem okkur voru sett sem verkefni af málefnanefndum.

Kæru félagar

Nú er vor í lofti og verkin kalla. Við, sem treyst var til að þjóna launafólki í landinu og hagsmunum þess förum að bretta upp ermar.

En eins og ég sagði fyrir í dag þá gerum við ekkert ein. Verkalýðshreyfingin er sterkust þegar hún virkar sem órofa heild frá félagsfólki, trúnaðarmönnum, kjörnum fulltrúum og starfsfólki.

Ég vil nota tækifærið og þakka þeirri harðsnúnu sveit sem hefur undirbúið og séð um framkvæmd þessa þings og ykkur öllum sem hafið setið við að semja verkefnalistann fyrir okkur.

Ég vil þakka félögum sem sáu um framkvæmd þingsins líka.

Ég óska ykkur öllum góðrar ferðar og góðrar heimkomu til ykkar fjölskyldna.

Takk öll, göngum bjartsýn út í vorið.

Ég segi 45. þingi ASÍ slitið.“

Fundargerð formannafundar ASÍ – febrúar 2023

Samráðsfundur formanna haldinn 24. febrúar 2023 að Stórhöfða 23 í Reykjavík.

Fundur hófst kl. 11.05

Fundi lauk kl. 15.09.

Fundarstjóri: Kristján Þórður Snæbjarnarson, forseti Alþýðusambands Íslands.

Fundarritari: Ásgeir Sverrisson, skrifstofu ASÍ.

Fundinn sátu:

Agnieszka Ewa Ziólkowska, Andri Reyur Haraldsson, Arnar G. Hjaltalín, Ástþór Jón Ragnheiðarson, Björn Snæbjörnsson, Eiður Stefánsson, Eygló Harðardóttir, Eyþór Þormóður Árnason, Finnbjörn A. Hermannsson, Finnbogi Sveinbjörnsson, Friðrik Rafnsson, Georg Páll Skúlason, Guðbjörg Kristmundsdóttir, Guðmundur Finnbogason, Guðmundur H. Þórarinnsson, Guðrún Elín Pálsdóttir, Halldóra Sigríður Sveinsdóttir, Haraldur Örn Sturluson, Hilmar Harðarson, Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir, Hrund Karlsdóttir, Hörður Bragason, Hörður Guðbrandsson, Jakob Tryggvason, Jóhann Rúnar Sigurðsson, Kolbeinn Gunnarsson, Kristján Þórður Snæbjarnarson, Magnús S. Magnússon, Ragnar Þór Ingólfsson, Signý Jóhannesdóttir, Sigurður Hólm Freysson, Trausti Jörundarson, Valmundur Valmundsson, Viðar Kristinnsson, Vignir Smári Maríasson, Vilhjálmur E. Birgisson, Þórarinn Guðni Sverrisson.

Starfsfólk:

Eyrún B. Valsdóttir, Róbert Farestveit, Halldór Oddsson, Ástríður Andrésdóttir, Saga Kjartansdóttir, Ásgeir Sverrisson.

Kristján Þórður Snæbjarnarson:

Í dag er liðið eitt ár frá því að Rússar hófu innrás í Úkraínu með alþekktum afleiðingum; hundruð þúsunda hafa verið drepin og milljónir manna eru á flóttu. Merki afleiðinga þessa sjást líka hér á Íslandi. Þetta eru skelfilegir tímar fyrir þann gríðarlega fjölda fórnarlamba sem líða fyrir þessa glæpsamlegu innrás.

Gott er að hittast, ræða saman og stilla saman strengi við flóknar aðstæður. Síðustu mánuðir hafa hvorki verið einfaldir né þægilegir. Við erum í miðri á í kjarasamningum – marga samninga á eftir að klára og fordæmalaust verkband vofir yfir. Því er beitt á óvenjulegan hátt gegn baráttu launafólks. Það er mikilvægt að við gerum okkur ljóst að baráttan snýr að okkur öllum – við eigum að beita hörku við samningaborðið og kænsku í baráttunni.

Í desember varð ljóst að við þjuggum við háa verðbólgu. Við bættust opinberar hækkanir og enn ein hækkun vaxta sem veldur hækkun afborgana af lánnum. Ljóst er að fastir vextir munu koma af fullum þunga niður á lántökum þegar vaxtakjörum lána verður breytt að binditíma liðnum. Sífellt fleiri eiga erfitt með að láta enda ná saman og staðan verður óbærileg verði ekkert að gert. Við þetta er síðan að bæta að hagnaður fyrirtækja er mikill sem nýtt hafa sér ástandið til óþarfra hækkana á vöru og þjónustu.

Við gerðum ráð fyrir að verðbólga myndi lækka hraðar. Þróunin hefur verið í hina áttina og nú þarf aðgerðaáætlun fyrir okkar fólk. Stuðningskerfum stjórnvalda er ekki beitt og þau bera ábyrgð á þessari alvarlegu stöðu sem upp er komin. Við þurfum að ræða til hvaða aðgerða við viljum að gripið verði til að mæta þörfum launafólks.

Þetta eru fordæmalausir tímar. Hart er sótt að okkur og vinnulöggjöfinni. Sett er upp leikrit til að knýja fram breytingar á lögum um verkalýðsfélög og vinnudeilur. Með því er stefnt að því að veikja hreyfinguna. Vinnulöggjöfin er iðulega rangtúlkuð og við megum ekki gefa færi á okkur. Löggjöfin er skýr og dómaframkvæmdin sömuleiðis. Við þurfum að standa saman gegn þessum árásum og ekki taka undir áróður. Við eigum að beita okkur gegn atvinnurekendum til að sækja bætt kjör fyrir okkar fólk.

Staðan er slæm – verkbann atvinnurekenda er sett til að knýja á um að stjórnvöld stöðvi deiluna með lagasetningu. SA ætlar ekki að semja og höggva á hnútinn og það þarf að lenda þessu án þess að upp komi ágreiningur innan okkar raða. Atvinnurekendur hafa spilað á óeiningu í okkar röðum. Það eru ekki margir njóta sem góðs af innri deilum verkalýðshreyfingarinnar nema atvinnurekendur og stjórnvöld. Nú er tími kominn til að slíðra sverðin.

Hvernig eigum við að beita okkur? Hvað eigum við að leggja áherslu á? Hvernig teljið þið best að fara í næstu lotu samninga? Með breiðri samstöðu er styrkur okkar mestur. Ég vil gjarnan fá að heyra hvort við getum náð að þetta raðir. Ég trúi því að það muni skila sér í hagfelldari samningum. Sameinuð erum við sterkari gagnvart stjórnvöldum og þeim samfélagslegu breytingum sem eru nauðsynlegar fyrir okkar fólk. Við tökum enga ákvörðun hér í dag en fundurinn getur orðið skref í átt að bættri samstöðu innan hreyfingarinnar.

Róbert Farestveit hagfræðingur, skrifstofu ASÍ:

(Róbert fer yfir greiningu á stöðu efnahagsmála). Við höfum ítrekað kynnt langan lista aðgerða sem við teljum nauðsynlegar. Sýn hreyfingarinnar til þessa verkefnis á síðustu árum er enn sú rétta og leiðin er greið ef vilji stjórnvalda er fyrir hendi.

Við búum hér á landi við áhugaverðar og um leið alvarlegar aðstæður.

Hagkerfið er að koma út úr framboðsdrifinni kreppu sem brugðist var við með mikilli innspýtingu peninga í gegnum ríkisfjármál og aðstoð við fyrirtæki. Við búum við mikla þenslu ólíkt mjög mörgum öðrum þjóðum.

Fyrirséð er að hægja mun á hagkerfinu. Hagvaxtarhorfur eru sæmilegar en það skortir yfirsýn yfir mjög ólíka stöðu einstakra hópa.

Verðbólga er stórhættuleg – verðvitund almennings þjagast og fyrirtæki eiga auðvelt með að hleypa öllum kostnaði út í verðlag. Það er stjórnvalda að bregðast við og ákveða og hvernig dreifa beri byrðunum líkt og þekkest á öðrum Norðurlöndum.

Einkaneysla féll lítið í COVID-faraldrinum af ýmsum sökum. Meðal annars gengu margir á eigin sparnað. Ferðaþjónusta kemur til baka sem lyk-ilatvinnugrein inn í þensluástand. Innflutningur hefur aukist skarpt en ferðalög Íslendinga til Tenerife er ekki meginástæða þess. Krónan hefur veikst og viðskiptahalli aukist þrátt fyrir endurkomu ferðaþjónustu og miklar útflutningstekjur. Innflutningur hefur aukist vegna fjárfestinga sem fylgja auknum umsvifum eftir COVID-faraldurinn. Þar má nefna innflutning á vinnutækjum, svo sem rútum og gröfum. Þetta er einn mesti vöxtur einkaneyslu sem við höfum séð frá aldamótum. Þetta mun snúast við að einhverju leyti en þó er útlit fyrir þokkalegan hagvöxt á næstu árum og tæpast verður að glíma við atvinnuleysi.

Yfirdráttarlán fara vaxandi sem tengist „pólariseringu“ í samfélaginu, þ.e. vaxandi tekju- og eignamun. Dreifing tekjuaukans eftir COVID-faraldurinn var ekki jöfn. Hann jókst að meðaltali um 4,6% en var 10% í efstu tíundinni þar sem söluhagnaður af hlutabréfum og aðrar fjármagnstekjur vega þungt. Tekjujöfnuður jókst í fyrra og almennt hefur markverð aukning orðið á ójöfnuði í samfélaginu. Kjarasamningar hafa unnið þar á móti með áherslu á hækkun lægstu launa. Eignaójöfnuður er fyrirbrigði sem þarfnast meiri athygli. Eignir dreifast með mun ójafnari hætti en tekjur.

Verðbólga fer lækkandi í Evrópu og helst það í hendur við lækkun orkuverðs. Hér á landi fer verðbólga vaxandi og þótt útlit sé fyrir að úr henni dragi gæti hún farið hægar niður en almennt hefur verið talið. Ríkisfjármál ýta undir þenslu og gjaldahækkanir hins opinbera eru meiri en mótvægisáðgerðir vegna kjarasamninga. Þannig ýtir gjalda- og skattastefna stjórnvalda beinlínis undir verðbólgu. Stjórnvöld beita velferðarkerfinu sem hagstjórnartæki. Verkalýðshreyfingin getur ekki sætt sig við það – hið rétta er að beita á sköttum sem hagstjórnartæki.

Húsnæðismarkaðurinn einkennist af ómarkvissum tilfærslukerfum í formi vaxta- og húsnæðisbóta. Ýta mætti fjármunum í kerfinu markvisst til þeirra sem mest þurfa á stuðningi að halda. Húsnæðisverð hefur hækkað umfram

Það sem eðlilegt er. Áhyggjuefni er að leiga fari nú hækkandi þegar þess sjást merki að húsnæðismarkaður hægi á sér.

Oft er rætt um „leigubremsu“ og „leiguþak“ en ef til vill væri betra að vísa til „leigufyrirsjáanleika“ eða einfaldlega „leiguöryggis“. Útfærsla á því gæti falist í aðgreiningu lögaðila og einstaklinga sem leigja út húsnæði. Gera mætti ótímabundna samninga að ráðandi fyrirkomulagi á húsaleigumarkaði. Banna mætti vísitölubindingu húsaleigusamninga og innleiða „leigubremsu“ í því formi að hækkar á leigu umfram vísitölu kalli á rökstuðning af hálfu leigusala.

Kristján Þórður Snæbjarnarson:

Pakkar Róberti yfirferðina og segir ljóst að vandinn kalli á umræðu um aðgerðir til verndar launafólki.

Jóhann Rúnar Sigurðsson, Félagi málmíðnaðarmanna Akureyri:

Jóhann vill benda á nauðsyn þess að samsetning vísitölu neysluverðs verði endurskoðuð. Nefnir sem dæmi að merkjavara sé inni í vísitölu. Komin hingað til lands taki hún álagningu sem sé langt umfram það sem þekkest annars staðar. Þessi hækkun rati síðan inn í vísitöluna. Húsnæði er ekki neysla – húsnæði er nauðsyn. Hreyfingin þarf að setja á fót nefnd til að fara yfir vísitöluna.

Ragnar Þór Ingólfsson, VR:

Við erum með fulla ferðatösku af góðum hugmyndum og verkfærum til að bæta stöðu launafólks. Félagi Vilhjálmur hefur fjallað um snjóhengjuna sem bíður þegar binditíma húsnæðislána með föstum vöxtum lýkur. Greiðslubyrði hjá þúsundum heimila mun tvöfaldast.

Við vorum að afhenda fjölbýlishús sem Bjarg byggði í Garðabæ. Þetta er dýrasta fjölbýlishús sem við höfum byggt. Mánaðarleigan fyrir 90 fermetra íbúð er 190 þúsund krónur á mánuði. Við hliðina stendur alveg eins blokk og þar er alveg eins íbúð leigð á 320 þúsund á mánuði.

Við erum að mestu sammála um hvað ber að gera. Við getum búið til langa lista og samið fjölda ályktana. Staðreyndin er sú að á okkur er ekki hlustað. Það er sama hvar drepið er niður – vextir á húsnæðislánum hafa tvöfaldast frá 2021 en áhugi stjórnvalda er enginn.

Hvernig ætlum við að ná að koma fólkinu til bjargar? Ég er með hugmyndir um hvernig við getum unnið saman. Við eigum að fara sameiginlega inn í næstu kjarasamninga. Við höfum ekki val um annað. Hvernig ætlum við að fara í þetta verkefni? Ég hef talað fyrir samkomulagi landssambanda um kostnaðarmat á kjarasamningum og því fylgir að SGS-félögin séu á hærra kostnaðarmati en önnur þar sem launin þar eru lægst. Getum við verið sammála um þetta? Þá stöndum við sameinuð gagnvart stjórnvöldum. Hvernig ætlum við að tryggja samfélagslega ábyrgð líffeyrissjóða og þrýsta á leiguþak?

Staðreyndin er sú að við getum nánast skrifað okkar eigin leikreglur ef við stöndum saman. Við verðum að vinna saman – við höfum ekki val.

Vilhjálmur Birgisson, Verkalýðsfélagi Akraness:

Við þurfum að ræða framtíð okkar sem hreyfingar. Við eigum að ýta öðru til hliðar og ræða af fullri alvöru hvar við stöndum og hvert við stefnum. Formannafundur Starfsgreinasambandsins (SGS) í gær var feikilega góður. Ég hef aldrei skynjað jafngóða samstöðu innan SGS frá upphafi vega. Staðan í hreyfingunni er svo alvarleg. Ég tek undir allt sem hér hefur verið sagt um mikilvægu verkefnin en þau verða ekki að veruleika ef ástandið innan hreyfingarinnar breytist ekki. Við þurfum að ræða stöðuna opinskátt, þing ASÍ verður haldið eftir nokkrar vikur. Ef við náum ekki saman mun illa fara.

Hér er rætt um hættuna á því að vinnulöggjöf verði breytt. Lítum í eigin barm. Við erum búin að gefa þessum aðilum skotleyfi á okkur. Verum heidarleg gagnvart þeirri staðreynd að hreyfingin er komin fram á bjargbrún og þessi fundur þarf að ákveða hvert við ætlum – fram af eða komast til baka. Það var mat formanna SGS í gær að við ætlum að standa þétt saman, ýta gömlum deilum til hliðar, ekki horfa í baksýnispegil, leggja okkar af mörkum til að þessi hreyfing lifi af. Þessi fundur er rétti vettvangurinn til að ræða þetta.

Það var óskaplega dapurt að formaður Eflingar skyldi ekki mæta á SGS-fundinn í gær. Starfsmaður Eflingar mætti og mér þótti leiðinlegt að þurfa að tala á þann veg sem ég gerði að honum viðstöddum. Hann ber enga ábyrgð á ástandinu. Við verðum að taka ákvörðun hvert við viljum fara, við erum að missa trúverðugleika okkar. Við höfum enn tækifæri og enginn getur skotið sér undan ábyrgð því ASÍ, SGS og sjálf hreyfingin er í húfi.

Kristján Þórður Snæbjarnarson:

Kveðst sammála því að þetta þurfi að ræða og telur það rúmast innan 2. dagskrárliðar ef enginn mótmælir.

Finnbjörn A. Hermannsson, Byggiðn:

Fagnar ræðum þeirra sem talað hafa. Kveðst heyra tón sem sé þess eðlis að við eigum að snúa bókum saman. Við náum ekki árangri án þess að tala einum rómi. Öll berjumst við fyrir því sama.

Finnbjörn fer yfir stöðuna í samfélaginu. Fiskurinn hefur verið kvótasettur og honum komið til örfárra aðila. Kvótakerfi að verða til víðar. Í byggingageiranum hefur verið komið á kvótakerfi. Nú eru örfáir að byggja, einkum fjárfestingafyrirtæki sem ráða til sín verktaka og pína niður verðið. Þekktir kennitölulakkarar eru á ferð og ríkisvaldið passar upp á að ekkert gerist. Til er að verða eins konar kvótakerfi í orkuíðnaði. Tryggingar – reynið að fá tilboð um tryggingar sem einhverju breytir. Hverjir eiga tryggingamarkaðinn og matvörumarkaðinn? Það skiptir sífellt minna hvað við fáum út úr kjara-

samningum. Seðlabankinn er í raun búinn að taka samningsréttinn af okkur. Hann tekur það bil baka með vaxtahækkunum. Þetta er verkefni okkar. Við þurfum að búa til ramma um þríhliða samningslíkan með ríkinu. Við þurfum „mekanisma“ sem við getum haft bein áhrif á, skýrar leikreglur þar sem allir sitja við sama borð.

Hverjir ráða eldsneytismarkaði, tryggingum og matvöru? Þetta eru alls staðar sömu aðilarnir. Ríkisvaldið og Seðlabankinn passa upp á að ekkert breytist.

Guðmundur Helgi Þórarinnsson, Félagi vélstjóra og málmæknimanna:

Gleðst yfir þessari umræðu. Við verðum að taka hana. Það er hárrétt að spilað er á sundrungu í okkar röðum. Við eyðum orku í að rífast í stað þess að sinna því sem við eigum að gera. Hann minnir á nýlega, svarta skýrslu um laxeldi. Fjármunir renna stöðugt til sömu aðila. Hagnaður olíufélaga hefur hækkað mikið á síðustu mánuðum, framlegð á dagvöru aukist um þriðjung, hagnaður Brims var 11 milljarðar í fyrra. Á meðan rífumst við innbyrðis. Við verðum að snúa bökkum saman. Tekur undir með Vilhjálmi að hreyfingin sé komin fram á bjargbrún.

Eiður Stefánsson, Félagi verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni:

Fagnar umræðu um nauðsyn samstöðu. Eiður vitnar í eldri umræðu um „lægsta punkt“ í sögu Alþýðusambandsins og bendir á að tveimur síðustu forsetum ASÍ hafi verið ýtt úr embætti og ekki hafi tekist að ljúka þingi í haust. Það hafi verið lægsti punktur Alþýðusambandsins.

Eiður kveðst ánægður með að hér vilji fólk standa saman en telur margt þurfa að breytast. Formaður Eflingar kallar ráðherra „fasista“. Hvernig eigum við að geta talað við þetta fólk? Leggja verður hatusorðræðu til hliðar og takast á hérna en ekki í fjölmiðlum.

Eiður ræðir vexti og kostnaðinn við að halda úti íslensku krónunni. Einu sinni hafi það verið stefna ASÍ að Íslandi bæri að ganga í Evrópusambandið og taka upp evru. Kostnaður vegna krónunnar sé gífurlegur og með ESB-aðild yrði unnt að koma á samkeppni í tryggingum og bankarekstri. Þetta er allt í sömu eigu – landsmenn eru „mjólkaðir“ og beittir okri. Hreyfingin þarf að sýna landsmönnum fram á að hún hafi eitthvað fram að færa og standi við það sem hún segi.

Björn Snæbjörnsson, Einingu-Iðju:

Hvað haldið þið að ég hafi hlustað á margar ræður um samstöðu? Það hefur gerst ótrúlega oft. Þeir sem þetta hafa sagt hafa jafnan meint það af heilum hug að samstaða sé forsenda árangurs. En hver hefur árangurinn verið? Samvinna er orðin skammaryrði. Hvað hefur gerst? Traust hefur skort á milli einstaklinga og sambanda. Okkur hefur í örfá skipti auðnast að ná samstöðu

og þá höfum við náð árangri. Við verðum að treysta hvert öðru – í stað þess að hræðast stöðugt að einhver ætli að ná einhverju meira fram en við. Við erum ekki nógu hreinskilin. Við höfum því líkt vald þegar við stöndum saman af heilum hug.

Þjörn kveðst hafa miklar áhyggjur af því að orðræða innan hreyfingarinnar sé tekin að skaða hana alvarlega. Í fþróttum er stundum talað um að þjálfarinn hafi „tapað klefanum“. Ég hef miklar áhyggjur af því að við séum að „tapa klefanum“ í þjóðfélaginu vegna orðræðu að undanfögnu í okkar hreyfingu. Í mínu félagi er spurt; hvernig dettur ykkur í hug að þið náid árangri með svona orðræðu? Sýnið kurteisi og virðingu gagnvart fólki. Þessi umræða hefur stórskemmt okkur.

Næstu samningar verða úrslitilraun til að ná samstöðu. Takist það ekki förum við fram af brúninni. Við þurfum að vanda okkur og laga orðræðu. Fólk vill ekki tala við okkur ef við segjum alla „fasista“ og „aumingja“. Með samstöðu náum við árangri – reynum í næstu samningum að treysta hvert öðru og sýnum að við getum treyst hvert öðru.

Signý Jóhannesdóttir, Stéttarfélagi Vesturlands:

Orðræðan innan hreyfingarinnar hefur verið skelfileg upp á síðkastið. Eftir að hafa lesið „komment“ á félagsmiðlum hafði einn starfsmaður Stéttarfélags Vesturlands á orði að hún væri við að missa trú á mannkynið. Þá rifjaðist upp speki gamallar barnabókar; hafirðu ekkert gott um aðra að segja, ættir þú bara að þegja.

Ég tek undir með Eiði; forsetar hafa verið flæmdir í burtu og síðasta þing var það lágkúrulegasta sem við höfum staðið frammi fyrir. Man einnig eins og Eiður eftir ályktun ASÍ um inngöngu í Evrópusambandið.

Árið 2016 var fjallað um SALEK á þingi ASÍ. Margir töldu að þá hefði SALEK verið jarðað en Signý er þeirrar skoðunar að það eina sem sé í boði sé SALEK í einhverri mynd. Þá, 2016, var ríkisvaldið ekki tilbúið að standa við sinn hlut. Ætlum við að koma á jafnvægi og kjarabótum og snúa við samfélagslýsingu Finnbjörns þurfum við að standa saman og þá skiptir engu hvað það kallast, lífskjarasamningur eða framhald lífskjarasamnings, það breytir engu.

Signý rifjar upp að Ólafur Darri Andrason, þá hagfræðingur ASÍ, hafi oft sagt að maður ætti að telja upp á tíu áður en maður talaði og stundum þyrfti að telja upp á hundrað og þegja svo. Þetta mætti heimfæra upp á verkalýðshreyfinguna; umræðan væri skelfileg og gagnaðist hvorki Eflingu né öðrum.

Ragnar Þór Ingólfsson, VR:

Hér hefur verið farið um víðan völl og rifjuð upp afstaða til Evrópusambandsins og SALEK-málið. Ragnar minnir á að í eftirmálum fjármálahrunsins árið 2008 hafi um 10.000 íslensk heimili farið undir hamarinn, hið minnsta.

Hreyfingin hafi þá verið sem lömuð vegna skorts á samstöðu. Bankar hirtu eigur fólks á hrakvirði og komu í hendur völdum auðmönnum. Margir hafa enn ekki náð sér eftir þá baráttu og nú blikka öll viðvörunarljósín á ný.

Ábyrgðin er á herðum okkar sem hér sitjum. Ragnar er sammála nauðsyn samstöðu og að tilvera hreyfingarinnar sé undir. Höfum við kjark til þess að skuldbinda okkur til þess að fara saman inn í næstu kjarasamninga? Það er eina svar okkar út á við.

SALEK átti að vera miðstýrt apparat – forseti ASÍ átti að sitja í þjóðhagsráði sem ákvarðaði hversu mikið væri til skiptanna. Við þurfum ekki miðstýringu heldur þarf að tryggja frelsi einstakra félaga og landssambanda þannig að þau geti raðað sínum kröfum inn í kostnaðarmat.

Við lifum fordæmalausa tíma og þeir setja mark sitt á orðræðuna. Það hefur verið átakanlegt að horfa upp á margt sem sagt er og sjá fréttir um félaga birtast á forsíðum blaða auðvaldsins. Hvernig hefði orðræðan verið ef samfélagsmiðlar hefðu verið til í verkföllunum 1955 og 1988? Ætli hún hefði ekki verið óritskoðuð og óheft eins og nú?

Við verðum að stíga fast til jarðar og senda skilaboð um að við ætlum okkur að fara saman í þetta verkefni með áherslu á kröfur á stjórnvöld. Það er rétt hjá Birni, að þetta hefur oft verið til umræðu og alls kyns fyrirsláttur hefur verið viðhafður. Stærsta ákvörðunin er sú að við ætlum að vinna saman. Það væru sterk skilaboð í undanfara þingsins.

Hörður Guðbrandsson, Verkalýðsfélagi Grindavíkur:

Sammála um nauðsyn samstöðu. Engu máli skiptir hversu margar krónur koma í vasann ef við semjum ekki samhliða um skatta og vexti. Tilraunin með lífskjarasamningana 2019 tókst að sumu leyti. Ríkið sveik sumt en samt tókst þetta þokkalega. Olúfélög og smásölufyrirtæki auka álagningu og arðsemi með aðkomu félaga okkar í lífeyrissjóðunum. Þar berum við ábyrgð.

Látum ekki stilla okkur upp aftur – náum að búa til jafnvægi og draga úr misskiptingu. Efra lagið tekur það sem þeim finnst þau eiga skilið og berst hatrammlega gegn hækkun lægstu launa. Við þurfum að stilla saman strengi og ná sátt um stóru myndina. Hörður er andvígur SALEK og inngöngu í Evrópusambandið en telur engu að síður unnt að ná saman um ramma utan um stóru myndina. Náum sátt um grófu línurnar sem hver og einn getur síðan útfært eftir sínu höfði.

Hörður er ánægður að vilji sé til sáttta og telur það nauðsynlegt skilyrði árangurs. En sátt getur ekki byggst á því að við útilokum stóra hópa í hreyfingunni.

Finnbogi Sveinbjörnsson, Verkalýðsfélagi Vestfirðinga:

Okkur er tíðrætt um sátt en ekki um það sem á undan er gengið. Það er fillinn í herberginu. Við stöndum frammi fyrir krefjandi aðstæðum ef við

ætllum að klára þingið. Við verðum að takast á við marga fíla á kjarasamningsvettvangi og félagsvettvangi. Við þurfum að huga að því hvernig við tölum um annað fólk. Maður byggir ekki upp traust með því að berja einhvern og ætla síðan að vera vinir næsta dag. Maður ávinnur sér ekki virðingu þannig. Okkur ber að vinna saman að markmiðum okkar. Það er okkar skylda að vinna saman fyrir félagsfólk.

Formannafundur Starfsgreinasambandsins í gær var góður. Við töluðum hreint út. Við verðum að vera búin að hreinsa loftið fyrir þingið. Ótækt er að spilað sé á ósætti okkar utan frá. Við höfum dregist inn í þetta því miður. Ályktun miðstjórnar um orðræðu sem birt var eftir vinnufundinn í Borgarfirði var góð en verra að hún kom ekki fram strax og að við vorum hrædd við að viðurkenna hana. Þarna er skotið aðeins á forsetann. Við verðum að standa með því sem við segjum. Við erum alltof dugleg að bakka út úr óþægilegum aðstæðum.

Ég hef verið mjög hugsí hér á þessum fundi. Ég sé marga ljósa punkta. Upplegg Ragnars um kjarasamningsumhverfið er gott. Ég er í þessari baráttu til að berjast fyrir bætum kjörum launafólks. Yfirleitt hef ég verið sá fyrsti sem hefur verið tilbúinn til að slíðra sverðið. Ég minnti Vilhjálm á það á fundinum í gær að hér væri hann með formönnum félaga Starfsgreinasambandsins og að hann væri að ávinna sér traust aftur. Við verðum að ljúka þessum málum. Þetta mistókst og því fór sem fór. Við höfum skyldur við 120 þúsund félagsmenn og verðum að tala máli þeirra í stað þess að bomba skít og drullu yfir allt og alla á netinu.

Hverjir eiga Ísland? Róbert sýndi okkur það. Við eigum ekki Ísland. Það er alveg skýrt að fjármagnseigendur eiga Ísland – þeir eiga allt og græða á öllu. Tvö stærstu tryggingafélögin skiluðu sex milljörðum króna í arð. Við fáum kannski nokkra hundradkalla. Þetta er ástæða tillögu sem við lögðum fyrir þingið um að leita eftir samningum við tryggingafélag um tryggingar félagsmanna ASÍ.

Kennitölulflakið er meiri þjóðaríþrótt en launaþjófnaður. Við verðum að taka það föstum tókum. Við eigum að standa með Neytendasamtökunum. Við eigum að bremsa af og upplýsa um þá sem stunda kennitölulflakk og launaþjófnað – ekki gerir ríkisstjórnin það. Hún er frekar upptekin við að veikja grunnstoðir eins og skattaeftirlit.

Við þurfum að stilla okkur saman. Ég mun leggja mitt lóð á þær vogarskálar til að skapa sátt eins og við ræddum á formannafundinum í gær. Við skuldum félagsmönnum okkar það.

Guðbjörg Kristmundsdóttir, Verkalýðs- og sjómannafélagi Keflavíkur og nágrennis:

Ég er mjög sammála mörgu góðu sem hér hefur komið fram. Ég var

kennari í tíu ár. Ég setti mér það markmið að geta gengið út bein í baki og helst stolt. Og að þurfa ekki að horfa til baka. Ég hef staðið við það og held áfram. Það er hægt að segja hluti án þess að því fylgi dónaskapur. Það er líka hægt að þegja. Ég hrauna ekki yfir fólk. Við þurfum öll að passa okkur og horfa í eigin barm. Þetta er eins og foreldrafundirnir í skólanum; það næst ekki í foreldrana sem helst þyrfti að tala við.

Við tölum hér um samvinnu og leiðir. Við þurfum að vita hverjar þær leiðir eru og hvernig við fetum þær. Hvað gerum við ef við verðum ósammála? Ætlum við þá að fara í fýlu og ganga á braut? Við þurfum að fara sömu leið til að takast á við verkefnið en á þeirri leið mun ýmislegt gerast. Hvernig ætlum við að taka á því?

Við Ragnar unnum saman að húsnæðismálunum en það var ekki hlustað á okkur. Hvernig ætlum við að láta hlusta á okkur? Staðan er um margt alvarleg. Í miðstjórn fengum við samanburð á viðbrögðum ríkja við orkukreppu á meðan húsnæðisverð var stærsti vandinn hér. Við sögðum að stjórnvöld yrðu að bregðast við ófremdarástandi á húsnæðismarkaði – engin lausn kom. Afborganir lána fara hækkandi – hvað á að gera? Margir hafa trúlega keypt húsnæði á uppsprengdu verði. Situr fólk þá uppi með yfirveðsett húsnæði? Viljum við að gjaldþrot sé viðtekna leiðin í samfélaginu? Við megum ekki gleyma þessu í slagsmálum okkar innbyrðis. Við verðum að koma sterk saman inn á þing – ljúka því – og takast síðan saman á við þessi mál.

Vilhjálmur Birgisson, Verkalýðsfélagi Akraness:

Takk fyrir góða umræðu. Ég held við þurfum að ræða betur það sem á hefur gengið og hvernig við náum sáttum. Það var engin skilinn eftir – ákvörðun Eflingar var sú að skila ekki samningsumboði til Starfsgreinasambandsins þrátt fyrir fjölmörg samtöl þar um. Þau kusu að vera sér. Við verðum að þora að tala um hlutina. Háskólakennari einn, þekktur og virtur, hringdi í mig og sagði að honum blöskraði og spurði; ætlar verkalýðshreyfingin að horfa upp á það átölulaust að hún sé að slátra sjálfri sér? Þessi kennari hefur oft íhugað að blanda sér í umræðuna en treystir sér ekki til þess.

Á skrifstofu Verkalýðsfélags Akraness hefur einn starfsmaður safnað „kommentum“ sem birst hafa á samfélagsmiðlum frá því að samningar voru undirritaðir. Nú eru komnar í þetta safn 24 blaðsíður í stærðinni A4 af óhróðri og ógeði. Sæi fólk þetta saman tekið myndi því bregða, ég fullyrði það. Fyrir þessum ógeðslegu skrifum stendur kannski 40 til 50 manna hópur. Að hluta til er þetta fólk í andlegu ójafnvægi en þetta er hópur sem er látinn taka slaginn. Formaður Eflingar ber stóra ábyrgð á þessari ógeðfelli orðræðu en það þorir enginn að segja það. Fólk kys að tipla í kringum þetta en við verðum að þora að ræða þessa framgöngu. Við getum ekki bara lokað dyrunum og dregið gluggatjöldin fyrir. Hverjir munu þora að hefja viðræður við atvinnurekendur

vitandi það fyrir víst að forysta Eflingar mun fara á eftir þeim og úthúða? Fólk gerir sér ekki grein fyrir hvaða skaða þetta er búið að valda.

Ég hélt þessu fólki upplýstu um allt sem við vorum að semja um. Sólarhring áður en skrifað var undir var þessum upplýsingum lekið í fjölmiðla til að afvegaleiða umræðuna. Ég hefði aldrei trúað þessu – upplýsingarnar voru sendar Samstöðinni og Kjarnanum til þess eins að eyðileggja samningana. Þegar við vorum búin að ganga frá kjarasamningi og boðað var til kosninga um hann var reynt að fá okkar félagsmenn til að fella samninginn. Þetta hélt áfram þótt næstum 90% samþykktu samninginn.

Næsta lota verður nákvæmlega eins og hvernig ætlar þessi hópur að tækla það? Standa saman eða halda meðvirkninni áfram? Er eðlilegt að greiningardeild ríkislögreglustjóra hafi afskipti af öryggismálum sáttasemjara vegna hótana í garð hans og embættisins? Finnst ykkur þetta eðlilegt? Eigum við að vera svona meðvirk og „kóa“ áfram með? Þá breytist ekki neitt. Þessi hópur sem hér er getur náð saman en við getum gleymt því að forusta Eflingar fari þá leið. Ég gengst við meðvirkni minni en þetta er galið og samviska mín leyfir þetta ekki. Ég vissi vel að við sem sömdum í SGS myndum fá drullu yfir okkur en þessu átti ég ekki von á. Ég vissi að þetta yrði ljótt en óraði ekki fyrir þessu ógeði.

Verum heiðarleg. Efling má mín vegna semja um meira en við gerðum, en geri félagið það gerum við þá skýlausu kröfu að fá það sama. Hvert er þetta komið? Þess er krafist að við samþykkjum að Efling fái hækkanir umfram það sem önnur SGS-félög sömdu um. Og þess er krafist að launafólk fái greitt eftir búsetu. Efling hefur komist upp með auglýsingar gegn okkur sem kostað hafa milljónir ef ekki tugi milljóna króna. Hverjir hafa komið okkur til hjálpar? Enginn – þið hafið frekar nuddað rasskinnnum upp við Eflingu í meðvirkni ykkar í stað þess að standa með fólki sem er ábyrgt og traustsins vert. Ég mun ekki taka þátt í þessari meðvirkni. Ég er búinn að gera það. Ég stend og fell með minni sannfæringu.

Hilmar Harðarson, Félagi iðn- og tæknigreina:

Ég kem hér í fótspor eldklerksins. Við ætluðum öll að finna okkar eigin góðu leið. Einhverjum varð á að búa til nafnið SALEK. Endalaust er bölsótast yfir þessu. Nú er enn einn forseti farinn og enn er allt ómögulegt og við skítum allt út. Við horfðum upp á hópuppsögn starfsfólks stéttarfélags. Nú er veist að ráðamönnum þjóðarinnar og sáttasemjara bölvað í sand og ösku. Þetta eru ekki vinnubrögð sem við viljum. Við erum langt á eftir kollegum okkar á Nordurlöndum; þeir tala um framtíðina og þær áskoranir sem henni fylgja en við tölum um Sólveigu.

Sjáið sjávarútveginn – tæknivæðing er að leggja af heilu stéttirnar og samfélagið verður af miklum peningum. Við þurfum að vinna saman en byrjum

á að stöðva þessa skammarlegu hatursorðræðu – hún nærir fjölmiðlana sem þrífast á gif furyrðum. Við verðum að laga þetta og koma sameinuð af þingi. SALEK var bara orð, eins konar merki, en er nú orðið mesta skammaryrði á Íslandi. Hvernig klúðruðum við þessu svona gjörsamlega?

Kristján Þórður Snæbjarnarson:

Við héldum góðan vinnufund og samþykktum þar ályktun um orðræðu sem Finnbogi nefndi. Hún var gríðarlega góð og ávarpaði orðræðuna í samfélaginu. Ályktuninni var ekki beint að samninganefnd Eflingar. Ályktunin var gerð vegna þess að orðræðan á netinu var algjörlega óviðunandi.

Ég hef lesið alltof mikið af „kommentum“. Þau eru ógeðfæld í garð okkar og Eflingar líka. Það er hjólað í lýðræðið með orðræðu á netinu – við sjáum þetta víða um heim.

Ég var gagnrýndur fyrir viðbrögð mín þegar ég var spurður um ályktunina. Morgunblaðið tók þann pól í hæðina að ályktuninni væri beint gegn Eflingu. Sannleikurinn var og er sá að henni var beint gegn öllu samfélaginu – orðræðunni eins og hún birtist á samfélagsmiðlum. Ég leiðrétti þetta. Ályktunin var eldri – hún var samín talsvert fyrir fundinn í Borgarfirði – og það var óheppilegt að birting hennar skyldi frestast og bera upp á sama tíma og Eflingarfolk mætti ráðherra við Ráðherrabústaðinn.

Ég þoli alveg skítkastíð en við þurfum samt að finna leiðir til að standa saman. Við þurfum að hafa fókusinn á það sem við viljum gera. Við erum búin að losa okkur við – og missa – tvo forseta. Mér líkaði vel við Gylfa og mjög vel við Drífu – ég hefði viljað hafa meiri tíma með henni. Ég fékk þetta í fangið – hér var allt upp í loft og ég hef lagt mig fram við að reyna að koma hreyfingunni áfram og lægja öldurnar. Ég geri það ekki einn. Ég tók við starfi forseta stuttu fyrir þing og taldi það skyldu mína. Á þinginu gekk helmingur fulltrúanna á dyr. Við frestuðum þinginu, ákváðum að reyna að lægja öldur og ljúka kjarasamningum. Nú eru tveir mánuðir í framhaldsþingið.

Í þessum ólgusjó fer ekki hjá því að maður hugsi; til hvers er ég að þessu? Ég hef fengið áskoranir úr þessum hóp um að segja af mér. Ég hlusta á fólk. Ég þegi þar til ég veit hvað ég ætla að segja – stundum ætti maður vissulega að þegja lengur. Ég íhuga hlutina vel áður en ég tek ákvörðun og þá stendur hún. Ég heyri hvað þið segið. Hugur minn er hjá Alþýðusambandinu. Ég vil að ASÍ komist sameinað í gegnum þingið og að hreyfingin mæti sterk og sameinuð til næstu kjarasamninga.

Umræðan hér í dag hefur verið fín. Ég er tilbúinn í breytingar á samningamódeli okkar og hvernig við finnum styrk okkar. Vinnan 2015 og fyrr getur nýst okkur vel. Þá verður að tryggja að það sem klikkaði þá geri það ekki aftur. Við munum að þá tóku alþingismenn sér mikla launahækkun í gegnum kjararáð. Hinn félagslega hluta þarf að bæta og þar hafa stjórnvöld sofið.

Friðrik Rafnsson, Leiðsögn:

Hér fara fram líflegar umræður. Það er frábært að fólk komi saman og fái tækifæri til að blása út. Það er hluti af öllu samstarfi. Ég er frekar nýr á þessum vettvangi en hef samt talsverða reynslu – var m.a. í stjórn RÚV og reyndar einnig Rithöfundasambandsins. Ég mæti því vel nestaður til leiks.

Leiðsögumenn eru sérstakur hópur. Þeir eru dálítið eins og listamenn, gjarnan fyrirferðarmiklir persónuleikar og margir þeirra annálaðir beturvitruingar. En við verðum að brjóta odd af oflæti okkar og vinna saman.

Mér sýnist vandinn í kjarapólitíkinni svipaðs eðlis. Of mikið fer fyrir smákóngum og -drottningum. Fyrir vikið næst ekki að beina athygli að því sem mestu skiptir. Við erum öll aðal og því verða umræður iðulega ómálefnalegar. Það var auðvitað hreinn skripaleikur þegar þingið sprakk í loft upp.

Ég lærði í Frakklandi. Þar er menningin mjög frábrugðin því sem við þekkjum hér á landi. Frakkar alast upp við rökræður, læra að hlusta og að skjóta stöðum undir skoðanir sínar. Þetta vantar sárlega á Íslandi. Ég ólst upp við að maður ætti að sýna öðru fólki kurteisni og hugsa áður en maður tjáði sig. Það tekst kannski ekki alltaf. En mér þykir ágæt þessi speki; kurteisni kostar ekki neitt en hún margborgar sig.

Danskur vinur sagði eitt sinn um óhagganlegt fólk – fólk sem neitar að hlusta og er sannfært um réttmæti eigin skoðana; ég kann mjög vel við fólk sem leitir sannleikans en ég er drulluhræddur við fólk sem hefur fundið sannleikann.

Mér þykir tónninn í umræðum hafa verið ánægjulegur hér í dag. Það er augljóst mál að við verðum að geta rætt saman og staðið saman því annars nærur við bara andstæðinga okkar innan SA. Leiðsögn er lítið félag og leiðsögumenn um margt sérstakur hópur. En við erum von að leiða hópa og þótt félagið okkar sé lítið vil ég bjóða fram krafta okkar ef talið er að við getum orðið að liði í þessari vinnu sem hér er rætt um að fram þurfi að fara á vettvangi hreyfingarinnar.

Ragnar Þór Ingólfsson, VR:

Ragnar rifjar upp greinar sem hann skrifaði um lífeyrissjóði og verkalýðsmál er hann var launamaður. Þá var þrýst á atvinnurekandann sem hann starfaði fyrir að segja Ragnari upp störfum sökum þeirra skoðana sem hann opinberaði í greinum þessum. Atvinnurekandinn stóð með Ragnari þótt oft væru þeir ósammála.

Hið sama gerðist þegar Ragnar hóf afskipti af verkalýðsmálum. Þá tóku að berast hótanir vegna skrifa Ragnars um siðleysi stjórnenda íslenskra stórfyrirtækja. Ragnar hefur fengið hótandi símtöl. Börn hans hafa fengið símtöl. Ragnari hafa borist handskrifaðar, dagsettar líflátshótanir. Fjölskyldan er með sérstakt öryggisnúmer. Þetta vita margir hér inni. Því kemur spánskt fyrir

sjónir að hreyfingin skuli fyrst bregðast við þegar háttsettur ríkisstarfsmaður fær slíkar sendingar.

Ragnar telur með öllu tilgangslaut tal um að „trappa verði niður“ orðræðu eins og hún birtist á samfélagsmiðlum. Það sé ógerlegt. En hann skilur vel þá sem „verða fyrir þessari lest“.

Ragnar ræðir þing ASÍ og spyr hvort viðstaddir muni hvers vegna hann ákvað að ganga af því. Ég var kallaður ofbeldismaður og sagður valdasjúkur. Sagt var að ég ætlaði að verða forseti og fyrsta verk mitt myndi vera að segja upp starfsfólki ASÍ. Vafalaust verða margar kampavínsflöskur opnaðar ef ég fell í komandi formannskosningum hjá VR. Margir hér vilja fella Kristján. Þetta er ormagryfja – eittraður kúltúr. Ég kippi mér ekki upp við hatrið og rýtingana í bakið.

Við verðum að standa saman, annars getum við gleymt þessu. Við verðum að standa saman hvort sem okkur líkar betur eða verr. Ég hef margoft farið yfir hugmyndir mínar um hvernig við getum unnið saman, um kostnaðarmatið og frelsi sambanda og félaga til að raða upp kröfum innan þess og hvernig nýta má þessa aðferð til að bæta sérstaklega kjör þeirra launalægstu.

Ég get ekki krafist þess af öðrum að þeir gangi undir það sem ég er að gera. Þú neyðir engan í samstarf. Efling kemur með okkur í þetta ferðalag ef þau vilja. Okkar er að senda skýr skilaboð um samvinnu út í samfélagið og kröfum um kerfisbreytingar. Við höfum mikinn efnivið en skortir samstöðuna. Ég er tilbúinn að leggja upp í þessa vegferð ef það gagnast okkar fólki og samfélaginu.

Ástþór Jón Ragnheiðarson, ASÍ-UNG:

Getur tekið undir málf lutning Ragnars. Þörf er á kerfisbreytingum á sviði húsnæðis- og heilbrigðismála. Forsenda þeirrar baráttu er samstaða innan hreyfingarinnar. Getur einnig tekið undir með Vilhjálmi um að allir hér inni vilji vinna saman. Eftir standi þá Efling. Ástþór spyr hvernig koma eigi saman því púsluspili. Hann spyr hvort ef til vill sé tímabært að álykta um Eflingu.

Jóhann Rúnar Sigurðsson, Félagi málmíðnaðarmanna Akureyri:

Við deilum oft en við verðum að taka ákvörðun gagnvart Eflingu. Við verðum að segja að við vinnum eftir ákveðnum reglum og viðmiðum og krafan sé sú að allir virði þau grundvallaratriði. Engin ástæða er til að krefjast afsagnar forseta ASÍ.

Hörður Guðbrandsson, Verkalýðsfélagi Grindavíkur:

Þessi fundur var boðaður vegna forsendubrests og vaxtahækkana Seðla-bankans en hefur snúist um annað. Hér er talað um gildi samvinnu en síðan er eins og menn taki alltaf tvö skref til baka. Við værum bara ánægð með að Efling næði betri samningi. Sá árangur smitar þá inn í næstu samninga. Tekur undir með Ragnari að hreyfingin stíli saman strengi í stærstu málum til að knýja fram breytingar

Halldóra Sveinsdóttir, Bárunni:

Hefur fundið fyrir ofbeldi á samfélagsmiðlum og hefur ekki liðið vel undir því sem fram hefur farið. Stærstu mistök forystumanna hreyfingarinnar voru að styðja ekki starfsfólk Eflingar í hópuppsögninni. Þar brást miðstjórn. Í Evrópu var tekið eftir þessum skorti á stuðningi við starfsfólk stéttarfélags.

Við höfum velt vandanum undan okkur. Hefur einhverjum dottið í hug að biðja Drífu Snædal afsökunar? Forseta ASÍ var sýnt grímulaust ofbeldi. Hvetur Vilhjálm til að vanda orðfæri sitt með vísan til þess sem hann sagði um rasskinnar og Eflingu.

Signý Jóhannsdóttir, Stéttarfélagi Vesturlands:

Fríðrik leiðsögumaður ræddi um hefðir Frakka og orðræðuna. Þá rifjar upp það sem Vigdís forseti sagði eitt sinn; að Frakkar gætu setið heilu kvöldin og iðkað rökræðu en Íslendingar færu alltaf beint í manninn.

Signý segir Vilhjálm hafa farið yfir strikið með rasskinna-tali sínu.

Hús vísar til síðustu ræðu Ragnars og segir að þau séu nær alltaf ósamála. En því fari fjarri að hún leggi á hann hatur. Við verðum að umbera hvert annað. Signý rifjar upp að hún hafi fyrst farið á þing ASÍ árið 1988 og ekki hafi allt verið fallett sem sagt hafi verið á þeim samkundum. Hún hafi náð að vinna með Vilhjálmi þó svo þau séu afar ólík og ósamála um margt. Maður verði að læra að vinna með fólki og umbera það.

Signý kveðst lengstum hafa verið ósátt við forystu ASÍ og BSRB og steininn hafi tekið úr er starfsmenn Eflingar voru reknir. Með miklum ólíkindum sé að leiðtogi stéttarfélags komi fram og tali um starfsfólk eins og þarna var gert. Og orðræðan hefur haldið áfram. Sáttasemjari var í fullum rétti þegar hann lagði fram miðlunartillögu, reglugerð um verkfalls- og verkbanessjóðinn gildir og ótækt er að einn formaður ætli að koma í veg fyrir að fólk fái greitt úr honum. Við eigum ekki að leyfa fólki að ganga á skítugum skónum yfir regluverkið okkar.

Hilmar Harðarson, Félagi iðn- og tæknigreina:

Að sjálfsögðu var síðasta verðbólguhækkun í boði ríkisstjórnarinnar. Ríkisstjórnin hækkaði skatta á bensín og bílagjöld. Allar þessar aðgerðir rýrðu kjör þeirra sem lægstra launa njóta og koma verst niður á þeim.

Vilhjálmur Birgisson, Verkalýðsfélagi Akraness:

Beinir orðum sínum til Kristjáns Þórðar forseta og segir hann dreng góðan. Hann hafi valið að fara bil beggja og kveðst Vilhjálmur hafa skilning á þeirri erfiðu aðstöðu sem forsetinn var í er hann var spurður um ályktun miðstjórnar um orðræðu. Vilhjálmur biðst afsökunar á rasskinna-tali sínu og kveðst ætla að bæta orðaval sitt.

Vilhjálmur skorar á viðstadda að hefja þá vinnu að ná saman. Hann styður hugmyndir Ragnars um kostnaðarmat og hvetur til þess að hreyfingin gangi

út af þingi ASÍ sem sameinuð og sterk heild. Eflingu verði auðvitað boðið að vera með. Hefja þurfi þessa vinnu fyrir en síðar. Hann þakkar Róberti Farestveit frábært samstarf.

Georg Páll Skúlason, Grafú - stéttarfélagi í prent- og miðlunargreinum:

Hér hefur verið farið yfir landið og miðin. Tónninn er jákvæður og gott að menn reyni að ná sáttum. Stór mál eru aldrei útljád án átaka en þegar niðurstaða er fengin verða menn að standa á bakvið hana. Samstaða gegn SA er okkur lífsnauðsynleg – við höfum ekki val. Annars er okkur sífellt teft hverju gegn öðru. Breið samstaða verður öllum í vil. Ég er feginn að heyra að menn vilja slíðra sverðin og vinna saman á vettvangi ASÍ.

Guðmundur Helgi Þórarinsson, Félagi aðvástjóra og málmteknimanna:

Til þess að ná samstöðu þurftu menn aðeins að blása fyrst. Það er gott að menn náðu að klára það. Ef liðið á að vera gott verðum við öll að vera í því liði – við byggjum ekki á einstökum stjórnun í liðinu. Við þurfum að ræða saman og við þurfum að halda annan fund þar sem skref eru tekin fram á við.

Ályktun fundarins

Upp eru borin drög að ályktun fundarins sem samþykkt eru samhljóða eftir smávægilegar orðalagsbreytingar:

„Alvarlegar aðstæður ríkja í íslensku samfélagi. Átök á vinnumarkaði, mikil verðbólga og hnignun velferðarkerfisins eru til marks um að stjórnvöldum hefur mistekist að leggja grunn að efnahagslegum og samfélagslegum stöðugleika. Gjaldþrot efnahags- og fjármálastefnu síðustu ríkisstjórna blasir nú við launafólki. Neyðarástand á húsnæðismarkaði, fasteignabóla, veiking heilbrigðiskerfis, aukin fákeppni og skattkerfi sem þjónar þeim eignamestu eru ekki á ábyrgð launafólks.

Verkalýðshreyfingin hefur um árabíl varað við því að stefna misskiptingar og varðstaða um sérhagsmuni muni kynda undir óstöðugleika. Stöðugleiki á vinnumarkaði er hvorki sjálfsprottinn né sjálfgefinn. Stöðugleiki er afleiðing ákvarðana ábyrgra stjórnámalamanna um að skapa sátt um skiptingu verðmætasköpunar í samfélaginu og standa vörð um sterkt velferðarkerfi. Sjaldan hefur varðstaða um sérhagsmuni birst landsmönnum svo skýrlega sem nú.

Formannafundur Alþýðusambands Íslands fordæmir aðgerðaleyfi stjórnvalda gagnvart afkomuvanda heimila og neyðarástandi í heilbrigðiskerfi og á húsnæðismarkaði. Verði ekki brugðist við er ljóst að stefna mun í óefni við endurnýjun kjarasamninga eftir ár.

Formannafundur Alþýðusambands Íslands krefst þess að stjórnvöld hverfi frá þeirri stefnu að hlífa auðmagni og völdum stórfyrirtækjum við eðlilegu

framlagi til samfélagsins. Óbreytt forgangsröðun og sinnuleysi gagnvart afkomuvanda fólksins í landinu er ekki lengur valkostur.“

Kristján Þórður Snæbjarnarson:

Þetta hefur verið frábær umræða. Við höldum áfram á þessum nótum. Formenn landssambanda og stærstu félaga koma saman. Ef þörf krefur höldum við annan fund. Þakka ykkur öllum fyrir.



Af vettvangi miðstjórnar ASÍ

Miðstjórn stýrir daglegri starfsemi Alþýðusambands Íslands í samræmi við lög þess og samþykktir sambandsþinga og reglulegra formannafunda eftir því sem við á. Miðstjórn ber ábyrgð á allri starfsemi Alþýðusambandsins og stofnana á vegum þess. Á vettvangi miðstjórnar er fjallað um allt það helsta er varðar stefnumótun og starf Alþýðusambandsins og samskipti við aðildarsamtökin, önnur samtök launafólks, samtök atvinnurekenda, stjórnvöld og aðra aðila er varða starfsemi verkalýðshreyfingarinnar og hagsmuni launafólks. Ákvarðanir eru teknar um meginlínurnar í starfseminni með gerð starfs- og fjárhagsáætlunar sem samþykkt er í byrjun hvers árs. Þá eru áherslur og stefna ASÍ í þeim málum sem hæst ber hverju sinni mótaðar og útfærðar frekar á grundvelli samþykktar þinga og reglulegra formannafunda ASÍ.

Í miðstjórn sitja 14 fulltrúar auk forseta ASÍ.

Miðstjórn Alþýðusambandsins kemur að jafnaði saman tvisvar í mánuði ef frá er talið tímabilið frá seinni hluta júní fram í seinni hluta ágústmánaðar ár hvert. Fundað er á miðvikudögum. Almenna reglan er sú að fyrri fundur mánaðarins fer fram á fyrsta miðvikudegi mánaðar í húsnæði ASÍ við Guðrúnartún í Reykjavík en sá síðari fer fram þriðja miðvikudag mánaðar um net. Eftir er til aukafunda miðstjórnar þegar ástæða þykir til.

Breytingar á miðstjórn – kjör 3. varaforseta

Fyrsti fundur miðstjórnar eftir sumarleyfi fór fram 17. ágúst 2022. Þeim fundi stýrði Kristján Þórður Snæbjarnarson sem tekið hafði við embætti forseta eftir afsögn Drífu Snædal 10. ágúst.

Á fundinum var farið yfir minnisblað sem tekið hafði verið saman vegna afsagnar forseta. Gerð var grein fyrir lagagreinum ASÍ varðandi kjör til

miðstjórnar og röðun varamanna. Miðstjórn staðfesti að Agnieszka Ewa Ziolkowska, varaformaður Eflingar, tæki sæti sem aðalmaður í miðstjórn í stað Drífu Snædal.

Rakin voru ákvæði laga ASÍ um tilvik þess að forseti eða varaforsetar fallist þannig að þeir fái ekki gegnt störfum sínum. Fyrsti varaforseti, Kristján Þórður Snæbjarnarson, hafði þegar tekið við störfum forseta og við það færðist annar varaforseti í sæti þess fyrsta og þriðji varaforseti í sæti annars. Var því ljóst að miðstjórn þyrfti að kjósa þriðja varaforseta Alþýðusambandsins. Kjörgengir til þess embættis voru einungis kjörnir fulltrúar í miðstjórn.

Eftir nokkra umræðu um kjör þriðja varaforseta var Kristján Þórður upp tillögu um að kjöri þriðja varaforseta yrði frestað fram til 45. þings ASÍ í október. Tillagan var samþykkt með sjö atkvæðum gegn sex.

Á fyrsta fundi eftir þingið sem haldinn var 26. október var Hilmar Harðarson, formaður og framkvæmdastjóri Félags iðn- og tæknigreina og formaður Samiðnar - sambands iðnfélaga, kjörinn 3. varaforseti Alþýðusambandsins með öllum greiddum atkvæðum.

Undirbúningur 45. þings ASÍ

Boðað hafði verið til 45. Þings ASÍ 10.-12. október á Hótel Nordica í Reykjavík. Undirbúningur þingsins var að mestu í höndum miðstjórnarfólks og skrifstofu ASÍ. Á fundi 7. september var farið yfir skiptingu þingfulltrúa á þinginu sem voru alls 290 auk níu, fullgildra fulltrúa ASÍ-UNG. Að auki fengu tvö félög, Mjólkurfræðingafélag Íslands og Leiðsögn sinnfulltrúa hvort til að öll félög innan ASÍ fengju minnst einn fulltrúa á þingið óháð stærð. Fulltrúarnir voru því alls 292 auk fulltrúa ungliða.

Reiknireglan varðandi úthlutun fulltrúa á þingið var til umræðu á miðstjórnarfundinum og lýstu miðstjórnarmenn því yfir að þau væru teljandi á fingrum annarrar handar sem skildu reikniregluna enda væri hún óhemju flókin. Samstaða var um að æskilegt væri að einfalda þetta ferli og auka gegnsæi.

Eyrún B. Valsdóttir, starfandi framkvæmdastjóri ASÍ, fór næst yfir skipulag og málefnavar á þinginu en fyrir fundinum lágu drög að þessu auk draga að dagskrá. Eyrún minnti á að ákveðið hefði verið að hverfa á ný til eldra og hefðbundnara fundarforms. Fram hefði komið mikil þreyta í garð þess fundarforms er „doppufundur“ nefnist. Ályktanir hefðu nú verið forunnar í nefndum, formenn nefnda myndu hafa framsögu á þinginu, stýra málefnavinnu við fundarborð og skila síðan afrakstri þeirrar vinnu inn í fundarsalinn til afgreiðslu.

Framhald á 45. þingi ASÍ

Miðstjórn kom saman 26. október og var það fyrsti fundur eftir að 45. þingi ASÍ hafði verið frestað eftir harðar deilur og útgöngu hluta þingfulltrúa (sjá

fundargerð 45. þings). Til umræðu á þinginu var framhald þess og þótti snemma ljóst að í raun væru valkostir tveir: annars vegar að halda framhaldsþingið í október 2023, þ.e.a.s. fresta því um ár, en hins vegar að koma saman að vori.

Fulltrúar í miðstjórn töldu sýnt að dagsetningar í október 2023 rækjust á boðuð þing og ársfundi tiltekinna landssambanda og félaga. Hvað vorið 2023 varðaði var bent á að alls væri óvíst hvernig staðan yrði þá. Þá væru að hefjast viðræður um kjarasamninga og ógerlegt væri að segja til um hvenær þeim lyki.

Almennt naut sú skoðun fylgis að frestun framhaldsþings um eitt ár þ.e. fram á haust 2023 væri mjög langur tími. Því væri æskilegt að framhaldsþingið færi fram fyrir. Vakin var athygli á að miklu skipti um framhaldsþingið hvernig samstarfið gengi í miðstjórn ekki síst í ljósi þeirra átaka sem þar hefðu farið fram og frestunar þingsins sökum þess djúpstæða ágreinings sem þar kom fram.

Forseti kjörinn og miðstjórn

Svo fór að framhald 45. þings var haldið á Hótel Reykjavík Grand 27. og 28. apríl í samræmi við samþykkt miðstjórnar þess efnis á fundi 18. janúar 2023 (sjá fundargerð 45. þings).

Á þinginu var Finnbjörn A. Hermannsson, fyrrum formaður Byggingar, sjálfkjörinn í embætti forseta Alþýðusambandsins. Ragnar Þór Ingólfsson, VR, var sjálfkjörinn 1. varaforseti, Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir AFLi, var sjálfkjörin sem 2. varaforseti og Kristján Þórður Snæbjarnarson, RSÍ, var sjálfkjörinn 3. varaforseti.

Í miðstjórn voru eftirfarandi einnig kjörin sem aðalmenn:

Eiður Stefánsson, Félagi verslunar og skrifstofufólks á Akureyri.

Eyþór Þ. Árnason, Hlíf.

Finnbogi Sveinbjörnsson, Verkalýðsfélagi Vestfirðinga.

Guðbjörg Kristmundsdóttir, VSFK.

Guðmundur Helgi Þórarinnsson, Félagi vélstjóra og málmþækninga

Halla Gunnarsdóttir, VR.

Hilmar Harðarson, FIT.

Selma Grétarsdóttir, VR.

Valmundur Valmundarson, Sjómannasambandi Íslands.

Vilhjálmur Birgisson, SGS.

Þórarinn G. Sverrisson, Öldunni.

Varamenn:

Anna Júlíusdóttir, Einingu-Iðja.

Andri Reyf Haraldsson, RSÍ.

Arnar Hjaltalín, Drífandi.
Guðmundur Finnbogason, Samstöðu.
Guðrún Elín Pálsdóttir, Vlf. Suðurlands.
Hulda Björnsdóttir, FVSA.
Jónas Yngvi Ásgrímsson, VR.
Jón Bjarni Jónsson, Byggiðn.
Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, VR.
Kolbrún Júlía Erlendsdóttir, VR.
Óskar Hafnfjörð Gunnarsson, Matvís.
Trausti Jörundarson, Sjómannafélagi Eyjafjarðar.
Vignir Smári Maríasson, Vlf. Snæfellinga.
Þorvarður Bergmann Kjartansson, VR.
Þórir Hilmarsson, VR.

Fyrsti fundur nýkjörins forseta Alþýðusambandsins og miðstjórnar fór fram 10. maí.

Afkomukreppa og aðgerðarleysi

Á fundi 21. september 2022 var farið yfir minnisblað sviðs stefnumótunar og greininga um aðgerðir innan Evrópusambandsins (ESB) og í nokkrum helstu ríkjum álfunnar til að mæta afkomukreppu almennings (e. Cost of Living Crisis) og hækkun orkuverðs. Í minnisblaðinu er m.a. sagt frá ákvörðunum og áformum um að leggja svonefndan hvalrekaskatt (e. Windfall Profit Tax) á orkufyrirtæki og í einstaka tilvikum einnig á fjármálafyrirtæki.

Í umræðu lýsti miðstjórnarfolk yfir ánægju með samantektina. Plögg sem þessi væru hreyfingunni gríðarlega mikilvæg í þeirri pólitísku baráttu sem fram færi. Vakin var athygli á að verðhækkanir á orku t.a.m. í Noregi væru mun minni en þær sem margir íslenskir lántakendur þyrftu að þola vegna hækkunar verðbólgu og vaxta. Í ríkjum Evrópu brygðust stjórnvöld við ófremdarástandi og búisfjum almennings en hér á landi væri ávöxtunarkrafa banka hækkuð og álögur auknar á launafólk. Lýsti einn fulltrúi í miðstjórn því yfir að á Íslandi ríkti „helsjúkt ástand“. Hér mætti ekkert aðhafast og sérstaklega ekki gagnvart fjármálakerfinu.

Aðgerðarleysi íslenskra stjórnvalda vegna afkomukreppunnar kom iðulega til tals á fundum miðstjórnar síðari hluta árs 2022 og 2023.

Slit ÍL-sjóðs

Áform stjórnvalda um slit og uppgjör ÍL-sjóðs voru fyrirferðarmikil á dagskrá miðstjórnar. Fjármálaráðherra kynnti í október áætlun um að gera upp ÍL-sjóð, sem heldur utan um gömul lán Íbúðalánasjóðs. Fjárfestar, einkum lífeyris-

sjóðirnir, keyptu skuldabréf sem Íbúðalánasjóður gaf út til að fjármagna sig. Lífeyrissjóðir eiga 80-90% skuldabréfanna.

Á fundi miðstjórnar 16. nóvember var rætt að yfirlýsing og skýrsla fjármálaráðherra um ÍL-sjóð frá 20. október hefði þegar valdið gengisfalli þessara bréfa á markaði og þannig valdið lífeyrissjóðum tjóni.

Nú hefðu þau tíðindi gerst að við hefði bæst áhættuflokkur hvað ráðstöfun fjármuna í íslensku samfélagi varðaði. Þar væri um að ræða pólitíska áhættu sem framvegis myndi fylgja öllum ríkispappírnum sem boðnir væru fram á markaði.

Miðstjórnarfolk ítrekaði mikilvægi samstöðu gagnvart þeim hótunum sem borist hefðu frá stjórnvöldum vegna skuldabréfa Íbúðalánasjóðs.

Vinnufundur miðstjórnar

Á fyrsta miðstjórnarfundum ársins 2023 var ákveðið að halda sérstakan vinnufundur og fór hann fram á Hótel Hamri í Borgarfirði þann 7. og 8. febrúar. Til fundarins var boðið aðalmönnum í miðstjórn, varamönnum, áheyrnarfulltrúum, forsetum, framkvæmdastjóra ASÍ og sviðstjórum, alls 32 þátttakendum. Fundurinn þótti takast mjög vel og var haft á orði að æskilegt væri að miðstjórn kæmi reglulega saman með þessum hætti. Unnin var ítarleg samantekt úr umræðum á fundinum.

Aukafundur um miðlunartillögu sáttasemjara

Þann 26. janúar kom miðstjórn saman til aukafundar vegna framkominnar miðlunartillögu ríkissáttasemjara í kjaradeilu Samtaka atvinnulífsins og Eflingar. Þessi aðgerð ríkissáttasemjara var talin mjög sérstök og var meirihluti miðstjórnar þeirrar hyggju að ótímabært hefði verið að leggja fram miðlunartillögu þar sem augljóslega hefði ekki verið fullreynt að koma á samningi og úrræði alls ekki verið tæmd. Fór svo að samþykkt var ályktun um þessa framgöngu ríkissáttasemjara og hún gagnrýnd.

Á fundi miðstjórnar 1. febrúar skiptust fulltrúar á skoðunum um hvort miðstjórn hefði flýtt sér um of með því að samþykka gagnrýna ályktun vegna framgöngu sáttasemjara á síðasta fundi sínum. Ætlunin hefði verið að lýsa yfir vantrausti í garð sáttasemjara á þeim forsendum að hann hefði brotið lög en tekist hefði að milda það orðalag nokkuð. Nú lægi fyrir að sáttasemjari hefði ekki brotið lög og ekkert tilliti hefði verið tekið til framkominna sjónarmiða hans auk þess sem upplýsingar um rök hans í málinu hefðu ekki legið fyrir. ASÍ hefði sett niður við þessa ályktun. Miðstjórn þyrfti að vanda sig og vinna betur.

Gegn þessu var því haldið fram að mál þetta snerist um þvílík „grundvallarprinsipp verkalýðshreyfingarinnar“ að ekki hefði verið hjá því komist að bregðast við. Á vettvangi miðstjórnar litaðist málið um of af þekktum persónulegum

ágreiningi. Nú bæri miðstjórn að víkja álitafnum til hliðar og einbeita sér að málefnum. Augljóslega væri um að ræða stórmál fyrir hreyfingu launafólks í landinu. Minnt var á að fjölmörg félög og sambönd launafólks hefðu tekið undir ályktun miðstjórnar í samþykktum sínum vegna málsins.

Í tengslum við deilu SA og Eflingar og aðkomu ríkissáttasemjara sendi miðstjórn frá sér þrjár ályktanir; 26. janúar og 8. og 10. febrúar.

Frumvarp sjálfstæðismanna um félagafrelsi á vinnumarkaði

Annað fyrirferðarmikið mál á dagskrá miðstjórnar var frumvarp þingmanna Sjálfstæðisflokksins um félagafrelsi á vinnumarkaði sem lagt var fram á Alþingi haustið 2022. Lögfræðingar Alþýðusambandsins tóku saman greinargerðir um málið auk þess sem umsögn var lögð í samráðsgátt stjórnvalda.

Í umræðu í miðstjórn var frumvarpinu lýst sem skipulagðri aðför að sjálf-um grundvelli verkalýðshreyfingarinnar. Samstaða var um að launafólk hlyti að berjast gegn því með kjafti og klóm.

Lögfræðingar ASÍ sögðu frumvarpið pólitískt fremur en lagatæknilegt. Með góðum vilja mætti halda því fram að það væri grundvallað á misskilningi eða alvarlegum þekkingarskort. Flutningsmenn þess þekktu sýnilega ekki gangverkið á íslenskum vinnumarkaði og samanburður þeirra við nágrannalönd stæðist enga skoðun. Þannig gerði frumvarpið ráð fyrir að stéttarfélög gerðu áfram lágmarkssamninga og rækju áfram stóran hluta velferðarkerfisins um leið og veikja ætti þau á alla mögulega vegu.

Íslenska vinnumarkaðslíkanið byggðist á því að einstök stéttarfélög gerðu samninga sem mörkuðu kjörin á tilteknu svæði landsins. Hvert félag ræki síðan sína sjóði. Kannanir sýndu aftur og aftur að mikil ánægja væri meðal launafólks með starfsemi verkalýðsfélaga. Frumvarpið væri „della”.

Samstaða var um það í miðstjórn að verkalýðshreyfingin þyrfti að halda vöku sinni gagnvart þeim stjórnámálönnum og -öflum sem leituðu leiða til að veikja samtakamátt launafólks í landinu. Jafnframt var þessi aðför sjálfstæðismanna að verkalýðshreyfingunni talin til marks um mikilvægi samstöðu; innri átök veiktu hreyfinguna í baráttu gegn niðurrifsöflum.

Yfirskrift 1. maí

Á fundi miðstjórnar 1. mars voru kynntar tillögur að yfirskrift 1. maí. Í umræðu kom fram að við hæfi væri að leggja áherslu á þau grunngildi verkalýðshreyfingarinnar sem hugtökin „réttlæti”, „jöfnuður“ og „velferð“ vísuðu til. Var nokkur stuðningur við þetta sjónarmið. „Sameinuð stöndum vér, sundruð föllum vér“ naut einnig stuðnings sem og „Aflið býr í okkur”. Skrifstofa ASÍ gekkst fyrir kosningu meðal miðstjórnarfólks um yfirskriftina og varð „Réttlæti, jöfnuður, velferð“ fyrir valinu.

Skipulag ASÍ

Á miðstjórnarfundum 19. apríl fór fram umræðu um úrsagnir félaga úr landssamböndum og mögulega beina aðild að ASÍ að úrsögn lokinni. Tílefni umræðu var boðuð atkvæðagreiðsla meðal félaga í Eflingu-stéttarfélagi um úrsögn úr Starfsgreinasambandinu og bein aðild Eflingar að ASÍ í kjölfar hennar.

Fyrir fundinum lá minnisblað þar sem rifjað var upp að á árunum 2008 til 2010 hefði skipulag ASÍ verið rætt á fundum með stéttarfélögunum um land allt. Þar hefði sérstaklega verið tekið fyrir það ákvæði laga ASÍ að sambandið væri samtök landssamtaka og landsfélaga. Það sjónarmið hefði verið ráðandi að ákvæði þetta væri barn síns tíma og eðlilegt væri að breyta því á þann veg að ASÍ teldist vera samband landssambanda og félaga í beinni aðild. Þessu ákvæði hefði verið breytt í almennri sátt árið 2010. Frumkvæðið hefði ekki verið skrifstofu ASÍ heldur hefði krafan um breytingu komið úr grasrót stéttarfélaga.

Þetta þýddi að aðild að Alþýðusambandinu lægi hjá hverju félagi og ekki væri áskilnaður um að viðkomandi félag næði til landsins alls. Því væri skýrt hvernig aðild að ASÍ væri háttáð Hún væri félaganna sjálfra sem sæktu um aðild og skipuðu sér síðan innan skipulagseininga Alþýðusambandsins ef þau svo kysu. Samþykkti tiltekið félag að segja sig úr tilteknu landssambandi stæði aðild þess félags að ASÍ eftir. Það væri enda svo, samkvæmt lögum ASÍ, að úrsögn úr því væri sjálfstæð ákvörðun og gjörningur.

Landssamböndin væru kjarasamningabandalög og það yrðu þau áfram. Þýðing þeirra myndi því ekki breytast. Minnt var á að iðulega væru félög innan SGS ekki aðilar að þeim samningum sem SGS gerði. Þá hefðu stóru stéttarfélögin á borð við VR og Eflingu oft viljað fara eigin leiðir í kjaraviðræðum.

Í umræðu lýstu nokkrir fulltrúar í miðstjórn yfir furðu sinni á að tiltekið félag gæti sagt sig úr tilteknu landssambandi en haldið aðild að ASÍ að úrsögn lokinni. Var í framhaldi borin upp sú spurning hver staða SGS yrði ef öll stærstu félögin innan þess teldu heppilegast að slíta samstarfinu á þessum vettvangi og eiga beina aðild að Alþýðusambandinu.

Fram var teft því sjónarmiði að landssamböndin væru vissulega kjarasamningabandalög en ekki mætti horfa fram hjá þeirri stefnumótun sem fram færi á vettvangi þeirra í sameiginlegum málum aðildarfélaganna. Erfitt væri að ímynda sér hvernig háttá bæri þeirri stefnumótun ef t.d. 19 aðildarfélög SGS hættu samstarfi á þeim vettvangi en héldu beinni aðild að ASÍ.

Almennt var það skoðun þeirra fulltrúa sem tjáðu sig að breytingin 2010 hefði falið í sér alvarleg mistök.

Áheyrnaraðild Eflingar að miðstjórn

Á fundi 17. maí samþykkti meirihluti miðstjórnar að verða við beiðni formanns Eflingar um áheyrnaraðild að fundum miðstjórnar.

Þá var einnig samþykkt tillaga forseta um breytta skipan málefnanefnda út kjörtímabilið vegna úrsagnar Eflingar úr Starfsgreinasambandi Íslands (SGS). Fjölgað verður í nefndum á þann veg að hvert landssamband skipar einn fulltrúa hvert, félög með beina aðild án Eflingar einn og loks tvö stærstu aðildarfélögin VR og Efling sitt hvorn fulltrúann. Með þessu móti fjölgar fulltrúum í nefndum um tvo og nefndirnar samhliða endurspeglar núverandi skipan aðildar að ASÍ eftir útgöngu Eflingar. Skipan fastanefnda verður óbreytt ef frá er talin Skipulags- og starfsháttanefnd sem skipuð er með sama hætti og málefnanefndir.

Fært var til bókar að hér sé um að ræða undantekningu vegna sérstakra aðstæðna sem sé hvorki fordæmisgefandi né feli í sér breytingu á skipulagi Alþýðusambandsins.

Kjaraviðræður 2023

Forseti setti umræðu um kjaraviðræður 2023 á dagskrá fundar miðstjórnar sem fram fór 7. júní. Líflegar umræður fóru fram á fundinum. Forseti lagði áherslu á náð samráð og samstöðu í kjarasamningaviðræðum haustsins. Hann taldi stærsta einstaka málið sem leysa þyrfti vera húsnæðisvandann.

Endurskoðun húsaleigulaga

Á fundi miðstjórnar 21. júní var farið yfir samantekt um endurskoðun húsaleigulaga og var miðstjórn sammála um að styðja bæri þær breytingar sem starfshópur um málaflokkinn legði til. Þar er m.a. um að ræða „leigubremsu“ og bann við vísitöluhækkunum á tímabundnum samningum til 12 mánaða eða skemur.

Viðskiptum hætt við Íslandsbanka

Miðstjórn samþykkti á fundi 16. ágúst að hætta viðskiptum við Íslandsbanka vegna lögbrota sem framin voru er 22,5% hlutur í eigu ríkisins var seldur í marsmánuði 2022. Eftirfarandi yfirlýsing var birt 21. ágúst þegar sagt var frá ákvörðun miðstjórnar:

ASÍ hættir viðskiptum við Íslandsbanka

Alþýðusamband Íslands (ASÍ) hefur ákveðið að hætta viðskiptum við Íslandsbanka vegna þeirra lögbrota sem framin voru við sölu á hlutum ríkisins í fyrirtækinu í marsmánuði 2022. Ákvörðun þessi var samþykkt á fundi miðstjórnar ASÍ miðvikudaginn 16. ágúst sl.

Finnbjörn A. Hermannsson, forseti Alþýðusambands Íslands (ASÍ), átti í dag, mánudaginn 21. ágúst, fund með Jóni Guðna Ómarssyni, bankastjóra Íslandsbanka, og gerði honum grein fyrir ákvörðun miðstjórnar.

Finnbjörn A. Hermannsson, forseti Alþýðusambands Íslands:

„Afstaða miðstjórnar var alveg skýr á fundinum í síðustu viku. Alvarleg lögbrot voru framin við sölu á hlut ríkisins í Íslandsbanka. Framhjá slíkum trúnaðarbresti er ekki hægt að horfa og miðstjórn var einhuga um að slíta þessu viðskiptasambandi. Með þessu móti lætur Alþýðusambandið í ljós þá eindregnu afstöðu að ólöglegt fyrirkomulag sölu á hlutum í Íslandsbanka hafi verið ásetningur en ekki „mistök“. Nú hefur þessari afstöðu verið komið á framfæri við fólkið í landinu, stjórnámálamenn og stjórnendur fjármálaframtækja.“



Ályktanir miðstjórnar ASÍ

Ályktun um verðbólgu og heimsfaraldur, 16. september 2022

„Miðstjórn Alþýðusambands Íslands gagnrýnir harðlega fjárlagafrumvarp fjármálaráðherra sem lagt var fram á þriðjudag. Með frumvarpinu er almenn- ingur einn gerður ábyrgur fyrir vaxandi verðbólgu og látinn gjalda fyrir stöðu ríkissjóðs vegna heimsfaraldurs.

Stjórnvöld stefna að því að ná jafnvægi í ríkisfjármálum og auka aðhald til að mæta vaxandi verðbólgu. Með frumvarpinu er sú leið valin að auka skatta og álögur á almenning, með verulegri hækkun krónutölugjalda og skattlag- ingu bifreiða ásamt því að fresta nauðsynlegum innviðafjárfestingum og auka niðurskurð í velferð og tilfærslu til heimila. Þetta er gert þrátt fyrir að heimilin verði um þessar mundir fyrir þungum áhrifum af vaxandi verðbólgu og hækk- andi húsnæðiskostnaði.

Ríkisstjórnin hefur val um að fara aðrar leiðir, leiðir sem hlífa heimilum og færa byrðar á breiðustu bök samfélagsins. Í því samhengi væri hægt að hækka veiðigjöld, taka upp komugjald í ferðaþjónustu og gera skattlagningu fjármagns réttlátari. Á það skal bent að almenn- ingur er með frumvarpinu meðal annars að greiða fyrir þá lækkun fjármagnstekjuskatts og bankaskatts sem ákveðin var í miðjum heimsfaraldri.

Miðstjórn gagnrýnir að ekki sé ráðist í úrræði til að styðja við heimilin. Barnabætur verða óbreyttar milli ára og vaxtabótakerfið hefur nánast verið lagt niður. Gert er ráð fyrir lækkun á framlögum til uppbyggingar óhagnaðardrifinna leiguíbúða og ekki stendur til að efla húsnæðisbótakerfið. Þessar ákvarðanir eru þvert á þá stefnu sem stjórnvöld höfðu boðað til að bregðast við gríðarlegum húsnæðisskortri.

Þá bendir miðstjórn á að með gamaldags skattheimtu og auknum álögum á almenning verður fjárlagafrumvarpið beinlínis til þess að kynda undir verðbólgu með vísitöluhækkunum. Svo mótsagnakennd stefnumörkun vekur furðu um leið og það er undrunarefni að stjórnvöld kunni engin ráð önnur en að seilast eina ferðina enn í vasa almennings þegar ríkissjóð skortir fjármagn.

Jafnframt er vakin athygli á að hækkanir á krónutölugjöldum og skattlagningu bifreiða koma verst niður á þeim tekjulægstu, hópum sem geta ekki valið sig frá neyslu á húskaskjólum og nauðsynjavörum og hafa ekki ráð á að festa kaup á dýrum rafmagnsbifreiðum.

Verkalýðshreyfingin sættir sig aldrei við ríkisfjármálastefnu sem felst í að velferðarkerfið sé notað sem hagstjórnartæki. Slík fjármálastefna mun ekki stuðla að sátt og stöðugleika á vinnumarkaði.“

Ályktun um heilbrigðismál, 16. september 2022

„Miðstjórn Alþýðusambands Íslands lýsir yfir þungum áhyggjum af stöðu heilbrigðismála í landinu og fordæmir þá forgangsroðun sem birtist í fjármálafrumvarpi ríkisstjórnar Katrínar Jakobsdóttur.

Dag hvern berast fregnir af ófremdarástandi í heilbrigðiskerfi landsmanna. Þrátt fyrir áköll starfsfólks og sérfræðinga hafa stjórnvöld árum saman kosið að leiða hjá sér augljósan vanda og skella skollaeyrum við réttmætum kröfum almennings um úrbætur. Nú er svo komið að Sjúkratryggingar Íslands standa ekki undir nafni þar sem landsmenn fá ekki þá þjónustu sem greiðslum þeirra í samneysluna er ætlað að tryggja.

Samkvæmt upplýsingum frá embætti landlæknis eru biðlistar óviðunandi í flestum aðgerðaflokkum. Þetta ástand er með öllu óþóðlegt og minnir miðstjórn á að heilsu og velferð fjölda fólks er beinlínis ógnað sökum forgangsroðunar stjórnvalda.

Nýlega kvaðst formaður Læknafélags Íslands búast við „neyðarástandi í heilbrigðiskerfinu vegna manneklu“. Formaðurinn líkir ástandinu við „vítahring“ þar sem gríðarlegt álag fækki starfsfólki og við það aukist álag á þá sem eftir standa. Samkvæmt tölum Evrópusambandsins eru barnalæknar hlutfallslega hvergi jafnfáir í álfunni og hér á landi. Hlutfall heimilislækna er litlu skárna.

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands fordæmir að í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar er réttmætum kröfum almennings um forgangsöröðun verkefna og útgjalda enn á ný hafnað. Álögur eru auknar á launafólk en staðinn er vörður um sérhagsmuni útgerðar og fjármálastofnana. Þessi sýn til launafólks og hlutverks stjórnvalda hefur löngum verið undrunarefni en hefur nú náð stöðu raunverulegrar samfélagsógnar. Miðstjórn hafnar því að aukin einkavæðing sé lausn við vandanum.

Miðstjórn krefst þess að stjórnvöld standi undir þeirri ábyrgð sem þau hafa gengist undir og bregðist nú þegar við alvarlegri stöðu heilbrigðismála og yfirvofandi neyðarástandi.“

Ályktun um frumvarp um félagafrelsi, 26. september 2022

„Miðstjórn Alþýðusambands Íslands lýsir yfir mikilli furðu á framkomnu frumvarpi þingmanna Sjálfstæðisflokksins um félagafrelsi á vinnumarkaði.

Á Íslandi ríkir félagafrelsi. Tengsl kjarasamninga og stéttarfélagsaðilar hafa reynst mikilvægur þáttur í linnulausri baráttu íslensks launafólks fyrir mannsæmandi kjörum, samtryggingu og velferð og tryggt meiri jöfnuð hér á landi en víðast annars staðar. Verkalýðshreyfingin hefur engan hug á að láta sérvisku jafnarhóps stjórnámálanna hafa áhrif á þá kjarnastarfsemi sína.

Tímasetning umfjöllunar Alþingis um frumvarpið er mjög sérstök, nú þegar nokkrir dagar eru í að allir kjarasamningar á almennum vinnumarkaði losna og viðræður þegar hafnar. Við þau tímamót er frumvarpinu hleypt á dagskrá þingsins og umsagna krafist frá verkalýðshreyfingunni innan tveggja vikna. Ljóst er þessari aðför verður svarað af samhentri og sameinadri verkalýðshreyfingu enda ráðist að tilverurétti sterkra stéttarféлага. Augljóst virðist að stjórnvöld ætla að leiða hjá sér vaxandi og alvarlegan afkomuvanda launafólks og þekkja þá lausn eina að hækka álögur á heimilin í landinu og ráðast gegn verkalýðshreyfingunni.

Frumvarpið ber öll þess merki að horft sé til breskrar nýfrjálshyggju. Skipuleg aðför nýfrjálshyggjunnar að velferðarkerfum Breta og niðurbrot á skipulagðri verkalýðshreyfingu á síðustu áratugum veldur því að margir óttast að orkukreppa og kaupmáttarhrun muni kalla raunverulegar hörmungar yfir þjóðina á næstu misserum.

Betur færi að þingmenn axli þá ábyrgð sem starfi þeirra fylgir og leitist við að létta byrðar almennings í ríkjandi afkomukreppu. Miðstjórn Alþýðusambands Íslands hvetur því þingflokk sjálfstæðismanna til að beina kröftum sínum að uppbyggilegri verkefnum í stað þess að fylkja sér undir gunnfána lúinna baráttumála.“

Ályktun um heimsmeistaramót í Katar, 16. nóvember 2022

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands (ASÍ) hvetur landsmenn alla, og áhuga-fólk um knattspyrnu sérstaklega, til að gleyma ekki þeim fórnunum sem farandverkafólk færði við byggingu mannvirkja og annan undirbúning vegna heimsmeistaramóts í knattspyrnu karla í Katar.

Talið er að 6.500 manns hafi týnt lífi við störf tengd undirbúningi móts-ins. Raunverulegur fjöldi liggur ekki fyrir því stjórnvöld í Katar hafa reynt með öllu ófáanleg að veita upplýsingar um mannfórnirnar. Katar er einræðis-ríki sem engin mannréttindi virðir og það var ekki fyrir en eftir þrýsting frá Alþjóðavinnuáráðastofnuninni, Alþjóðasambandi verkalýðsfélaga og öðrum samtökum sem stjórnvöld þar í landi féllust loks á að gera nokkra bragarbót á yfirgengilegum aðbúnaði farandverkafólks sem kunnungir líktu við þrælahald.

Furðu vakti á sínum tíma er Katar varð fyrir valinu til að halda HM í knattspyrnu. Sú undrun kom ekki einvörðungu til af þeirri staðreynd að Katar á sér enga hefð á sviði knattspyrnu og loftslag þar hentar íþróttinni sérlega illa. Strax þá var á það bent að bygging mannvirkja í landinu vegna heimsmeist-aramótsins myndi kalla á mikinn aðflutning verkafólks sem starfa myndi við hræðilegar aðstæður og einskis réttar njóta. Þau varnaðarorð létu leiðtogar alþjóðlegar knattspyrnu sem vind um eyru þjóta. Nú liggur fyrir að þessi hörmulegi spádómur reyndist því miður réttur.

Mótið í Katar er áminning um hvernig málum er komið innan Alþjóða knattspyrnusambandsins. Þar ráða peningarnir för með tilheyrandi græðgi og spillingu. Miðstjórn Alþýðusambands Íslands lætur í ljós þá von að sú bylga vandlætningar sem nú fer um heimsbyggðina í aðdraganda mótsins í Katar verði til þess að siðvæðing eigi sér stað á vettvangi knattspyrnunnar og að landssambönd samþykki aldrei aftur að mótið verði haldið í ríki þar sem mannréttindi eru fótum troðin og blóði fólks úthellt án minnstu iðrunar. Við skulum sameinast um þessa kröfu gagnvart íslenskum stjórnvöldum og forystufólki í íþróttum.

Um leið ættu blóðvellingirnir í Katar að vera okkur öllum áminning um að ekki er gefið að almenningur njóti þeirra réttinda og verndar sem Íslendingar hafa borið gæfu til að sameinast um. Í því samhengi skal minnt á mann-réttindabaráttu á Vesturlöndum og varðstöðu samtaka, sambanda og félaga um þau gildi. Verkalýðshreyfingin hefur ásamt öðrum staðið þar í broddi fylkingar til að tryggja kjörin, auka réttinn og verja mannlega reisn. Reynslan kennir að baráttu gegn ofríki fjármagns og tilraunum valdastétta til að grafa undan réttindum launafólks lýkur aldrei.

Alþýðusambandið mun á meðan HM í Katar fer fram minna á þau grófu mannréttindabrot sem framin voru í tengslum við mótið. Jafnframt verður leitast við að halda á lofti minningu þeirra þúsunda sem týndu lífi við að gera

kleift að halda heimsmeistarakeppnina í þessu einræðisríki afturhalds og spillingar. Minna má það ekki vera.“

Ályktun um niðurstöðu félagsdóms, 4. janúar 2023

„Miðstjórn ASÍ fagnar því að Félagsdómur hafi með niðurstöðu sinni í máli nr. 6/2022, skýrt og styrkt réttarstöðu trúnaðarmanna skv. 11. gr. laga nr. 80/1938 og tekið af allan vafa af um að hópuppsagnir vegna skipulagsbreytinga geti ekki réttlætt uppsögn trúnaðarmanna.“

Ályktun um miðlunartillögu Ríkissáttasemjara, 26. janúar 2023

„Miðstjórn ASÍ lýsir því yfir að traust á embætti ríkissáttasemjara hefur skaðast með því að leggja fram ótímabæra miðlunartillögu í kjaradeilu Eflingar og SA. Miðstjórn telur að færa megi rök fyrir og vefengja hvort embætti sáttasemjara hafi með þessum hætti farið út fyrir þær valdheimildir sem embættinu eru settar í lögum um stéttarfélag og vinnudeilur. Framganga embættisins er atлага að sjálfstæðum samningsrétti stéttarfélaga, gengur gegn áratuga venjum um samskipti aðila vinnumarkaðarins og skorar miðstjórn ASÍ á ríkissáttasemjara að draga hana til baka.

ASÍ telur heimild til að leggja fram miðlunartillögu vera neyðarúrræði sem takmarkist við að raunverulega hafi öll önnur úrræði verið tæmd og neyðarástand skapast. Viðræðum milli Eflingar stéttarfélags og SA hafi vissulega verið slitið en hins vegar standi nú yfir lýðræðisleg atkvæðagreiðsla um hvort boða skuli til verkfalls. Verkfallsboðun hafi því ekki verið samþykkt af félagsmönnum, verkfall ekki verið boðað og ekkert neyðarástand skapast.

ASÍ telur heimild sáttasemjara jafnframt bundna við að átt hafi sér stað náíð samráð við aðila um efni hennar og að hún eigi ekki að leggjast fram án þess að hafa a.m.k. þegjandi samþykki beggja aðila. Hvorugt þessara skilyrði sé uppfyllt.“

Ályktun um verðbólgu og álögur ríkisins, 1. febrúar 2023

„Miðstjórn Alþýðusambands Íslands (ASÍ) lýsir yfir þungum áhyggjum af þróun verðbólgunnar. Miðstjórn telur gagnrýniverð að stjórnvöld hafi kosið að leiða hjá sér ábendingar og varnaðarorð um að hækking ymissa skatta og gjalda um áramót myndu koma af fullum þunga niður á almenningi í formi minni kaupmáttar, verðbólgu og vaxtahækkana.

Sú spurning gerist sífellt áleitnari hvort íslenskir ráðamenn hafi með öllu glatað sambandi við líf almennings í landinu.

Verðbólga mælist nú 9,9% og hefur aftur náð því hámarki sem mældist í júlímánuði. Greiningar leiða í ljós að stærstur hluti hækkunar janúarmánaðar

má rekja til ákvarðana ríkisstjórnar um að auka álögur, gjöld og skatta. Þær ákvarðanir geta síðar kallað fram stýrivaxtahækkun af hálfu Seðlabanka Íslands og myndu skila sér af fullum þunga heim til almennings í formi aukinnar greiðslubyrði lána.

Miðstjórn Alþýðusambandsins lýsir furðu á þeim málflutningi stjórnvalda að hækkanir þessar séu með öllu eðlilegar. Það eru þær ekki. Þær auka allan framfærslu- og rekstrarkostnað almennings sem var óheyrilegur fyrir. Þessar aðgerðir bitna af mestum þunga á láglaunafólki og um leið og hinum fátæku er refsað er efnafólki og völdum atvinnugreinum hlíft.

Miðstjórn minnir launafólk á að þær aðgerðir stjórnvalda sem nú rýra kjör þess og lífsgæði eru mannanna verk. Engin lögmál mæla fyrir um að almenningur skuli jafnan bera byrðarnar þegar á móti blæs. Ólíkt því sem á við víðast hvar í nágrannaríkjum fer verðbólga á Íslandi enn vaxandi. Erlendis hafa ráðamenn markvisst unnið að því að kynda ekki verðbólguþáttum. Þar vinna stjórnvöld að því að lina áhrif „afkomukreppunnar“ svonefndu á almenning. Slíkar aðgerðir skortir mjög á Íslandi nú um stundir.“

Ályktun um stuðning við Eflingu, 8. febrúar 2023

„Miðstjórn ASÍ lýsir yfir fullum stuðningi við vinnustöðvun félagsfólks Eflingar sem vinnur skv. kjarasamningi SA og Eflingar og beinir þeim tilmælum til félagsfólks aðildarsamtaka sinna að ganga hvorki beint né óbeint í störf félagsfólks Eflingar meðan á vinnustöðvun stendur.“

Ályktun um orðræðu, 10. febrúar 2023

„Miðstjórn Alþýðusambands Íslands harmar neikvæða og ofstækiskennda orðræðu í tengslum við kjaraviðræður, nú síðast í kjaradeilu Eflingar og Samtaka atvinnulífsins og miðlunartillögu ríkissáttasemjara.

Mikilvægt er að álitamál fái viðhlítandi meðferð og ótækt er að ágreiningur sé nýttur til að hafa í frammi haturskennend og viðurstyggileg ummæli í garð tiltekinna einstaklinga, hópa og samtaka. Eðlilegt er að tekist sé á um hin ýmsu álitafni og að fram komi ólík sýn til margra grunnþátta samfélagsins. Þetta á augljóslega við um þær reglubundnu kjaraviðræður sem fram fara í landinu og þá hagsmuni sem þar eru í húfi.

Miðstjórn Alþýðusambandsins hvetur til stillingar og varar við því að kjaradeila, eðlilegur og viðtekinn framgangsmáti á vinnumarkaði, sé túlkuð á þann veg að réttmætt sé að ausa fúkyrðum og hatri yfir þau sem að þessum verkefnum koma.

Alþýðusamband Íslands mun ávallt fordæma slíka framgöngu og hér eftir sem hingað til standa vörð um þau gildi lýðræðis og mannvirðingar sem liggja hreyfingu launafólks til grundvallar.“

Ályktun um fjármálaáætlun, 19. apríl 2023

„Miðstjórn Alþýðusambandsins lýsir yfir miklum vonbrigðum með það úrræða- og aðgerðaleyfi sem birtist í framlagðri fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar. Verðbólga mælist óásættanlega há um þessar mundir og hefur hækkun verðlags, aukin vaxtabyrði og vaxandi húsnæðiskostnaður þrengt verulega að afkomu heimilanna. Í fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar er ekki að finna neinar raunverulegar aðgerðir sem stuðla að lækkun verðbólgu á þessu ári. Í áætluninni er heldur ekki að finna nein áform um að styðja við afkomu heimilanna eða taka á þeim bráðavanda sem ríkir á húsnæðismarkaði eða í heilbrigðiskerfi.

Áætlunin afhjúpar klassíska veikleika í opinberum fjármálum. Undanfarin ár hefur verið þrengt að tekjum ríkisins og útgjaldavöxtur er umfram áætlanir. Afkoman er því veik ef tekið er tillit til stöðu hagsveiflunnar. Svo óábyrg áætlun skapar hættu á að þrengra muni hratt að rekstri hins opinbera þegar dregur úr þenslu í hagkerfinu. Enn og aftur gæti þurft að skera niður í innviðum samfélagsins til að borga fyrir skattalækkanir hinna auðugustu.

Stjórnvöld hafa farið þá leið að afla tekna með krónutölugjöldum og auknum álögum á bifreiðaeigendur. Þessar aðgerðir hafa magnað upp verðbólgu og dregið úr kaupmætti heimila. Í fjármálaáætlun er boðað áframhald á þessari stefnu þar sem stærsta aðgerð tekjuöflunar er aukin skattlagning á ökutæki heimila. Ekki er að finna neinar útfærðar tillögur um skattahækkanir á metafkomu útflutningsgreina. Alþýðusambandið mótmælir slíkri forgangsröðun sem eykur byrðar heimila á meðan breiðustu bökum samfélagsins er hlíft. Ríkisstjórnin velur að standa vörð um sérhagsmuni frekar en almannahagsmuni.

Miðstjórn Alþýðusambandsins kallar eftir raunverulegum aðgerðum. Aðgerðum sem draga úr verðbólgu, mæta versnandi afkomu heimilanna og bráðum húsnæðisvanda. Óbreytt forgangsröðun og sinnuleysi gagnvart afkomuvanda fólksins í landinu er ekki lengur valkostur.“

Ályktun um stuðning við BSRB, 7. júní 2023

„Miðstjórn ASÍ lýsir yfir fullum stuðningi við yfirstandandi vinnustöðvun félagsfólks aðildarféлага BSRB gagnvart sveitarfélögum landsins og beinir þeim tilmælum til félagsfólks aðildarsamtaka sinna að ganga hvorki beint né óbeint í störf félagsfólks aðildarféлага BSRB meðan á vinnustöðvun stendur.

Meginreglan um að jöfn laun skuli greiða fyrir sambærileg störf er mikilvæg á íslenskum vinnumarkaði og þau stéttarfélag og einstaklingar sem telja á sig hallað eru hvattir áfram til að knýja fram leiðréttingu. Jafnframt er höfðað til ábyrgðar atvinnurekenda, og þá sérstaklega opinberra, að axla ábyrgð á sanngjörnum vinnumarkaði og mismuna ekki fólki á grundvelli stéttarfélagsaðildar.“

Ályktun vegna umræðu um fólk á flóttu, 21. júní 2023

„Miðstjórn ASÍ harmar þá stefnu sem umræða um fólk á flóttu hefur tekið undanfarna daga. Að stilla fólki á flóttu upp sem byrði á íslensku samfélagi er ekki umræðunni til framdráttar og einungis til þess fallið að skapa sundrung og óvild gagnvart allra berskjölduðustu hópum samfélagsins.

Álag á innviði samfélagsins, á heilbrigðis- og skólakerfi, félagsþjónustu og ekki síst, húsnæðismarkað, er uppsafnaður vandi sem vel hefði mátt bregðast við fyrir. Stjórnarálfólk ber ábyrgð á að hér séu sterkir innviðir og það er grátlegt að ráðherrar í ríkisstjórn reyni að skorast undan þeirri ábyrgð með því að gera fólk á flóttu að blóraböggli fyrir því neyðarástandi sem til dæmis ríkir á húsnæðismarkaði. Ísland er hluti af alþjóðasamfélaginu og hefur um árabíl notið góðs af framlagi aðflutts launafólks til samfélagsins. Innflytjendur hafa auðgað samfélagið og aukið velsæld, hér á landi eins og annars staðar.

Sem þátttakandi í alþjóðasamfélagi getur Ísland ekki skorast undan skyldum sínum gagnvart fólki á flóttu.

Miðstjórn ASÍ hefur áður bent á mikilvægi þess að greiða götur umsækjenda um alþjóðlega vernd á löglegan vinnumarkað. Þá er nauðsynlegt að stytta verulega vinnslutíma umsókna um alþjóðlegavernd. Eins þarf að fjárfesta í inngildingarverkefnum sem styðja flóttafólk í að fá góð störf við hæfi.

Miðstjórn ASÍ skorar á stjórnvöld að axla ábyrgð á því verkefni sínu að tryggja sterka innviði og mannúðlegan húsnæðismarkað og forðast ómálafnalega umræðu um fólk á flóttu, en slík umræða er hættuleg og ekki til þess fallin að skapa hér gott samfélag.“

Ályktun um flóttafólk sem svipt hefur verið húsnæði og framfærslu, 16. ágúst 2023

„Miðstjórn Alþýðusambands Íslands lýsir yfir áhyggjum sínum vegna þeirrar stefnu stjórnvalda að flóttafólk í sérstaklega berskjaldaðri stöðu, eins og t.d. þolendur mansals, sé sent út á götuna, svipt allri þjónustu og ekki gefinn kostur á að sjá sér farborða í íslensku samfélagi.

Með því að útiloka flóttafólk frá samfélagslegri þjónustu eykst hætta á að viðkomandi sæti misneytingu sökum jaðarsetningar og allsleysis. Algjörri útskúfun úr samfélagi manna fylgja margvíslegar aðrar hættur og ógnir við líf og velferð þeirra sem löggin segja verðskulda svo ómannúðlega meðferð.

Miðstjórn minnir á að umrætt flóttafólk hefur iðulega dvalið árum saman hér á landi þar sem kerfi ríkisvaldsins hafa ekki ráðið við að tryggja eðlilegan málsmeðferðarhraða né sjá til þess að til staðar sé öruggur móttökustaður. Með því móti hefur íslenska ríkið tekið á sig ábyrgð á lífi og velferð þessa fólks og frá þeirri ábyrgð getur ríkisvaldið ekki hlaupist nú.

Verkalýðshreyfingin sem stærsta mannréttindahreyfing í heimi getur ekki

setið hjá í málum sem þessu. Miðstjórn ASÍ skorar á stjórnvöld að standa undir ábyrgð sinni og taka á þeim áskorunum sem við blasa í málaflokknum með mannúð og mildi að leiðarljósi.“



Efnahagsmál

Helstu kennitölur

Hlutfallsleg breyting	2019	2020	2021	2022	2023*
Einkaneysla	1,7	-3,4	7,0	8,6	1,9
Samneysla	3,9	5,1	2,4	1,6	1,9
Fjármunamyndun	-4,1	-7,4	9,8	6,9	3,3
<i>þar af atvinnuvegir</i>	-13,4	-12,0	14,4	15,2	4,8
<i>þar af húsnæði</i>	31,1	0,1	-5,2	-6,3	5,7
<i>þar af hið opinbera</i>	-10,3	-4,0	18,9	-0,9	-5
Þjóðarútgjöld	0,5	-1,8	6,3	6,4	2,2
Útflutningur	-5,5	-31,1	14,7	20,6	7,8
Innflutningur	-9,1	-20,6	19,9	19,7	5,9
Landsframleiðsla	1,8	-7,2	4,3	6,4	3,1
Launavísitala	4,9	6,3	8,3	8,3	/
Kaupmáttur launa	1,8	3,4	3,7	0,0	/
Verðbólga 1	3,0	2,8	4,4	8,3	8,5
Atvinnuleysi 2	3,6	7,9	7,7	3,8	4
Gengisvísitala 3	181	200	196	190	195

1 Breyting milli ársmeðaltala, neysliverðsvisitala, 2022 m.v. jan. til júlí

2 Hlutfall af áætluðum mannafla

3 Ársmeðaltal


* M.v. þjóðhagsreikninga fyrsta ársfjórðungs, og þróun verðbólgu og launa á fyrri helmingi árs

6,4% hagvöxtur á árinu 2022

Mikil efnahagsleg umsvif, þrálát verðbólga og hækkandi stýrivextir hafa einkennt árin 2022-2023. Bati efnahagslífsins í kjölfar heimsfaraldurs kom fram af fullum þunga á síðari hluta 2022. Á meðan innlenda hagkerfið var stutt af örvunaræðgerðum stjórnvalda, urðu ferðatakmarkanir til þess að ferðaþjónusta var í frosti í heimsfaraldri. Dregið var úr ferðatakmarkunum að hluta á árinu 2021 og að öllu leyti árið 2022. Árið 2022 einkenndist því af miklum hagvexti, sem rekja mátti bæði til mikillar innlendrar eftirspurnar og hraðri fjölgun ferðamanna.

Hagvöxtur mældist 6,4% á árinu 2022 og hefur ekki verið meiri á ársgrundvelli frá því fyrir efnahagshrunið 2008. Þar af jókst einkaneysla um 8,6%, fjárfesting um 6,9% og útflutningur um 20,6%.

Fjöldi ferðamanna nálægt methæðum




Þó byrjað hafi verið að draga úr ferðatakmarkunum árið 2021 var fremur lítil fjöldi sem sótti landið heim það árið, eða um 700 þúsund ferðamenn borið saman við metárið 2018 þegar 2,3 milljónir ferðamanna heimsóttu Ísland. Vöxturinn var hraður árið 2022 og komu alls 1,7 milljónir ferðamanna til landsins það ár. Útlit er fyrir að fjöldinn á árinu 2023 verði í takt við metárið 2018. Áhrif ferðaþjónustunnar birtast víða í hagkerfinu, m.a. í mikilli fjölgun starfandi einstaklinga en einnig vaxandi spennu á húsnæðismarkaði¹.

Verðbólga og vaxtahækkanir

Verðbólga fór hratt vaxandi í lok árs 2021. Hún mældist 5,7% í byrjun árs 2022 og átti eftir að verða orðin 9,9% í júlímánuði. Verðbólga hjaðnaði lítilllega á

1 Sjá kafla um atvinnu- og húsnæðismál




haustmánuðum en náði svo nýjum hápunkti í febrúarmánuði 2023 þegar hún mældist 10,2%. Vaxandi verðbólguþrýsting má rekja til þróunar margra ólíkra þátta, einkum þróunar á húsnæðismarkaði og alþjóðlegs hrávöruverðs. Þannig hafði húsnæðisverð hækkað hratt á árinu 2021 í kjölfar mikillar lækkunar vaxta og framboðsskorts. Á ársgrundvelli mældist hækkun húsnæðiskostnaðar mest 18,9% í ágúst 2022. Hækkun húsnæðiskostnaðar stóð þannig undir um helmingi af 9,7% verðbólgu á þeim tíma. Verulegra áhrifa gætti jafnframt af þróun hrávöruverðs. Aðfangakeðjur röskudust í kjölfar heimsfaraldurs sem leiddi til hækkunar hrávöruverðs. Stríðsátök í Úkraínu áttu eftir að hafa frekari áhrif til hækkunar á hrávöruverði, einkum orkuverði. Um mitt ár 2022 hafði verð á hrávöru að jafnaði tvöfaldast frá byrjun árs 2020. Þar af hafði verð á iðnaðarvöru hækkað um 45%, málmur um 33% og landbúnaðarvara um 28%. Mun meiri hækkunar höfðu orðið á olíuverði sem hækkað hafði um 90%, áburður hafði um fjórfaldast í verði og verð á gasi um nífaldaðast. Í lok árs hafði hluti af þessum hækkunum gengið til baka, sérstaklega miklar hækkunar á gasi og olíu.

Í mánaðaryfirliti hagfræði- og greiningasviðs frá því í september 2022 var ritað: „Húsnæðiskostnaður og hrávöruverð hafa verið helsti drifkraftur verðbólgu undanfarin misseri. Skýr merki eru um að hægt hafi á umsvifum á húsnæðismarkaði líkt og við komum inn á í síðasta mánaðaryfirliti. Dregið hefur úr lántökum til íbúðakaupa, sölutími lengst og eignum fjölgað á söluskrá. Horfur um þróun hrávöruverðs hafa einnig batnað. Ljóst er að hrávöruverð hefur haft veruleg áhrif á verðbólgu hér á landi. Bæði með beinum áhrifum, t.d. með hækkun eldsneytisverðs, en einnig með óbeinum áhrifum gegnum framleiðsluáðföng. Þar hafa hækkunar á eldsneyti, áburði, málmum, landbúnaðarafurðum og matvælum haft umtalsverð óbein áhrif, bæði á framleiðslu innanlands (t.d. búvöru og innlenda framleiðslu) eða á innflutning (t.d. innflutt matvæli).“

Þó verð á hrávöru og húsnæði hafi haft mikil áhrif á vísitölu neysluverðs eru hækkunar mun almennari en einungis mælist í þessum liðum. Um 90% af undirliðum vísitölunnar höfðu hækkað umfram 2,5% snemma á árinu 2023 og þar af höfðu um 64% undirliða hækkað meira en 6%. Líkt og sagði í Hagspá ASÍ: „Verðbólga fór hratt vaxandi á síðasta ári. Húsnæðisverð var megindrifkraftur verðbólgunnar á fyrri helmingi síðasta árs. Eftir því sem leið á árið tók verðbólga að gerast almennari og mælist nú á breiðum grunni. Þetta sést m.a. í því að af undirliðum vísitölu neysluverðs hafa um tveir þriðju þeirra hækkað umfram 6% milli ára. Enn vega þungt áhrif húsnæðisliðar sem hækkað hefur um 14,1% milli ára, hækkan dagvöru um 12% og búvöru sem hækkað hefur um 14,7%.“

Í spá ASÍ var einnig spáð því að verðbólga myndi verða þrálát: „Því er útlit fyrir mikla verðbólgu á þessu ári og út það næsta. Spá ASÍ gerir ráð fyrir því að verðbólga verði 8,5% að jafnaði á þessu ári og þar af 7,1% í lok þessa árs. Raungerist spáin verður 5,7% meðalverðbólga á næsta ári og um 5% í lok árs. Forsendur eru því fyrir lækkun vaxta þegar líður á næsta ár. Spá um verðbólgu er háð töliverðri óvissu. Þótt vissulega geti hraðari hjöðnun verðbólgu raungerst, er einnig hættu á að verðbólga gangi hægar niður en í ofangreindri spá. Þar er nokkur óvissa um hvernig alþjóðleg verðbólga, hrávöruverð og húsnæðiskostnaður munu þróast á næstu misserum.“

Mikil verðbólga hefur ekki einungis verið bundin við Ísland. Verðbólga fór hratt vaxandi beggja megin Atlantshafsins þó drifkraftar verðbólgunnar kunni að vera ólíkir milli landa. Hækkun hrávöruverðs hafði þannig meiri áhrif til hækunar verðlags í Evrópu þar sem hærra orku- og gasverð kom fram með beinum hætti í verðbólguáætlunum, t.d. vegna kostnaðar við hitun húsnæðis. Í lok ársins 2022 mældist verðbólga þannig hærrí á Evrusvæðinu en á Íslandi.



Seðlabankar heimsins gripu mishratt til aðgerða gegn vaxandi verðbólgu. Seðlabanki Íslands hóf vaxtahækkunarferli í maí 2021 þegar stýrivextir voru hækkaðir úr 0,75 prósentum í 1 prósent. Í lok árs 2021 voru stýrivextir orðnir 2%, ári síðar voru stýrivextir orðnir 6% og um mitt ár 2023 voru þeir 8,5%. Þó verðbólga sé enn yfir markmiði Seðlabankans má sjá merki um að stýrivextir séu farnir að hafa áhrif á þenslu í hagkerfinu. Dregið hefur úr veltu á húsnæðismarkaði, húsnæði fer lækkandi að raunvirði og kortavelta heimila dregst loks saman eftir mikla aukningu einkaneyslu.

Aukin neysla en minnkandi kaupmáttur

Vöxtur einkaneyslunnar árið 2022 var sá mesti frá árinu 2005 þegar einkaneysla jókst um 11,6%. Í hagspá ASÍ var bent á að vöxtur neyslu heimila var að stærstum hluta í þeim undirflokkum sem höfðu takmarkast af heimsfaraldri. „*Ferðir og flutningar jukust um fimmtung, tólmstundir og menning um fjórðung og neysla á hótélum og veitingastöðum um tæplega helming. Útgjöld Íslendinga erlendis jukust um tæplega 100% árið 2022.*“ Þróunin bendir til þess að heimili hafi að einhverju leyti nýtt uppsafnaðan sparnað til aukinna útgjalda en einnig hafði lágt vaxtastig og hagnafelld þróun kaupmáttar stutt við aukna neyslu heimila. Í hagspá ASÍ var því spáð að hægja myndi á vexti einkaneyslunnar. Var þar m.a. bent á að aukin verðbólga væri farin að þrengja að ráðstöfunartekjum heimila, ásamt því að hækkun vaxta myndi draga úr getu heimila til aukinna útgjalda. Þar sagði m.a.: „*Verðbólguþróun, stýrivaxtahækkunarir og væntingar heimila og fyrirtækja um horfur í efnahagslífinu draga upp heldur dökka mynd af neyslugetu almennings en þrátt fyrir allt hefur innlend eftirspurn haldist fremur sterk það sem af er ári. Innlend kortavelta jókst að raunvirði á fyrsta ársfjórðungi 2023 frá fyrra ári. Í gögnum Seðlabankans um kortaveltu aprílmánaðar má þó sjá ákveðinn viðsnúning. Í apríl dregur úr veltu greiðslukorta heimilanna, að raunvirði, milli ára og sömuleiðis dregur úr veltu milli mars og aprílmánaðar. Hægja tók á kröftugri einkaneyslu undir lok síðasta árs. Samkvæmt spá ASÍ heldur áfram að hægja á vexti og aukning einkaneyslu verður 1,9% á þessu ári. Spáin gerir ráð fyrir að vöxtur á næsta ári verði einnig hóflegur, 1,6%.“*

Hækkun vaxta og vaxandi verðbólga hafa þrengt að afkomu heimila undanfarin misseri. Í hagspá ASÍ sagði:

„*Eftir rúmlega 5% kaupmáttaraukningu ráðstöfunartekna á mann árið 2021 tók að hægja á vexti ráðstöfunartekna í fyrra. Ráðstöfunartekjur á mann jukust um 6,5% en kaupmáttur þeirra dróst saman um 1,7% og kaupmáttur launa stóð í stað. Á þriðja ársfjórðungi síðasta árs mældist samdráttur kaupmáttar ráðstöfunartekna á mann um 6,1% og 3,4% á fjórða ársfjórðungi. Því eru skýr merki um að nú þrengi að stöðu heimila.*“

Stýrivaxtahækkunar Seðlabankans hafa ekki verið óumdeildar, m.a. vegna aukinnar ásóknar heimila í óverðtryggð lán á breytilegum vöxtum á árunum 2020-2021. Hlaut þetta einnig umfjöllun í Hagspá ASÍ:

„Aukin vaxtabyrði heimila hefur verið mikið til umfjöllunar undanfarin misseri. Við lækkingu vaxtastigs færðust lántökur heimila í auknum mæli í óverðtryggð lán. Frá því vaxtahækkunarferli Seðlabankans hófst á síðasta ári hefur orðið viðsnúningur á þessari þróun. Heimili sækja nú í auknum mæli í verðtryggð lán og greiða á móti upp óverðtryggð lán.

Nýleg samantekt Seðlabankans bendir til þess að áhrif vaxtahækkana komi fram með ólíkum hætti á vaxtabyrði heimila. 2 Sá hluti heimila sem jók ekki skuldsetningu, er með blönduð lán, verðtryggð lán eða fastvaxtalán hefur orðið fyrir takmörkuðum áhrifum af vaxtaþróun á greiðslubyrði. Á móti hefur greiðslubyrði lána hækkað um yfir 40 þúsund krónur á mánuði hjá um fimmtingi heimila. Hjá um 2% heimila hefur greiðslubyrði hækkað um meira en 120 þúsund krónur á mánuði.

Stór hluti óverðtryggðra lána ber enn fasta vexti sem eiga eftir að koma til endurskoðunar. Um 60 milljarðar koma til endurskoðunar á síðari hluta þessa árs. Stærstur hluti kemur þó til endurskoðunar á síðari hluta 2024 og fram á árið 2025, eða alls 550 milljarðar. Greining Seðlabankans bendir til þess að hópur þeirra sem hafa íþyngjandi húsnæðiskostnað myndi nær tvöfaldast ef vextir hefðu komið til endurskoðunar í janúar á þessu ári, úr 6,5% af heimilum í 12,2%.


Ljóst er að töluverð óvissa er um hver endanleg áhrif vaxtaendurskoðunar verða á vaxtabyrði heimila og þar með ráðstöfunartekjur þeirra og einkaneyslu. Það fer að miklu leyti eftir launaþróun á næstu misserum, vaxtastigi við endurskoðun og samsetningu lána sem heimili sækja í þegar vextir koma til endurskoðunar. Fari heimilin í auknum mæli í verðtryggð lán með lengri líftíma getur það leitt til þess að þau geti viðhaldið herra neyslustigi en ella.“

Launahlutfall í hagkerfinu lækkaði árið 2022

Í mánaðaryfirliti ASÍ í mars 2023 var birt samantekt á tölum um laun og verðmætasköpun í hagkerfinu². „Samkvæmt gögnunum dróst framleiðni saman um 2,1% á síðasta ári og laun á vinnustund um 4,9%. Framleiðni og laun eru skilgreind sem framleiðsla og laun auk launatengdra gjalda á hverja unna vinnustund. Á síðasta ári lækkaði hlutfall launa einnig í hagkerfinu. Hin hlið launahlutfalls er hlutur fjármagns í hagkerfinu, þ.e. rekstrarafgangur

2 Sjá <https://www.asi.is/frettir-og-utgafa/frettir/almennar-frettir/launahlutfall-i-hagkerfinu-laekkadi-a-sidasta-ari/>

sem hlutfall af verðmætasköpun. Sá hlutur hefur aukist undanfarin tvö ár. Rekstrarafgangur fyrirtækja var sögulega hár á síðasta ári og jókst umfram verðlagsþróun.“



„Launahlutfall er hefðbundinn mælikvarði á skiptingu verðmætasköpunar milli launafólks og fjármagnseigenda. Það mælir hversu hátt hlutfall verðmætasköpunar fer til launafólks. Launahlutfallið lækkaði milli ára, mælist nú 64% í einkageiranum og 71% í hagkerfinu í heild.

Hin hlið launahlutfalls mætti túlka sem hlut fjármagns í verðmætasköpun, þ.e. hlutfall rekstrarafgangs af verðmætasköpun. Rekstrarafgangur er hagnaður fyrirtækja fyrir vaxtagreiðslur. Alls jókst rekstrarafgangur fyrirtækja um 26% í einkageiranum á síðasta ári og um 33% árið 2021. Árið 2020 dróst rekstrarafgangur saman um 13,2% vegna áhrifa heimsfaraldurs. Raunaukning rekstrarafgangs nam þannig 12% milli ára.

Sköðað niður á atvinnugreinum má sjá mikinn vöxt í afkomu fyrirtækja á síðasta ári. Hlutfallslega mælist mestur vöxtur í afkomu gisti- og veitingastaða en þó frá lágum grunni. Þar er greinilegur viðsnúningur í rekstri í kjölfar afnáms ferðatakmárka. Í öðrum lykilatvinnugreinum mælist á bilinu 18-80% aukning í hagnadi að nafnvirði. Afkoma jókst um 81% í framleiðslu málma, 49% í fiskvinnslu og 40% í mannvirkjagerð. Í heild- og smásöluverslun jókst afkoma um 20%.“

Metafkomu í auðlindagreinum var sýnileg í ársreikningnum í sjávarútvegi³. Í mánaðaryfirliti hagfræði og greiningasviðs frá því 2023 var bent á að hagnaður fyrir afskriftir, fjármagnskostnað og tekjuskatt (EBITDA) hafi aukist um 10 milljarða á árunum 2020-2021, eða úr 79 milljörðum árið 2020

3 Sjá <https://www.asi.is/frettir-og-utgafa/frettir/almennar-frettir/audlindarenta-i-sjavarutvegi-var-56-milljard-ar-arid-2021/>

í tæpa 89 milljarða árið 2021. Sem hlutfall af tekjum nam EBITDA 34,8%. Mæld auðlindarenta í greininni jókst um 5,1 milljarð milli ára og var alls 56 milljarðar á árinu 2021. Auðlindarenta hefur því ekki mælst hærrí í greininni frá árinu 2012 þegar hún var 58 milljarðar. Veidigjald ársins 2021 var um 8 milljarðar, eða um 14% af auðlindarentu.

Opinber fjármál

Alþýðusambandið hefur komið fram skoðun á ríkisfjármálum með umsögnum um fjármálastefnu, fjármálaáætlun og fjárlagafrumvörp.

Í fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar til næstu fimm ára gerði ríkisstjórnin ráð fyrir að frumjöfnuður yrði jákvæður á þessu ári og skuldir nái hámarki í 40% af vergri landsframleiðslu. Fjármálaáætlun gerir ráð fyrir aðhaldi á næsta ári upp á 8,8 milljarða króna með auknum sparnaði í rekstri stofnana ríkisins, sérstöku viðbótaraðhaldi á aðalskrifstofur ráðuneyta og frestun fjárfestinga.

Alþýðusambandið kallaði í umsögn sinni eftir raunverulegum aðgerðum sem draga úr verðbólgu, mæta versnandi afkomu heimilanna og bráðum húsnæðisvanda. Í umsögn um fjármálaáætlun 2024–2027 segir m.a.:

„Há verðbólga og vandi á húsnæðismarkaði eru stærstu áskoranir efnahagsmála á næstu misserum. ASÍ telur það vonbrigði að ekki sé að finna markvissar aðgerðir til að draga úr verðbólgu eða bregðast við afkomu- og húsnæðisvanda í fjármálaáætlun. Í raun hafa áherslur stjórnvalda í skattamálum unnið gegn hjöðnun verðbólgu. Stjórnvöld geta stutt við heimilin og eftt tekjustofna hins opinbera án þess að dregið sé úr aðhaldi ríkisfjármála. ASÍ telur að setja þurfi umbætur í húsnæðismálum í forgang á næstu misserum ásamt því að styrkja stuðning til barnafjölskyldna og efla húsnæðisstuðning með sértækum aðgerðum þannig að markmið um að húsnæðiskostnaður nemi undir 25% af ráðstöfunartekjum náist. Megináskorun ríkisfjármála á næstu misserum snýr að mikilli verðbólgu og afkomu heimila. Ekki er að finna markvissar aðgerðir sem munu draga úr verðbólgu á þessu ári eða mæta versnandi stöðu heimilanna. Dæmi um slíkar aðgerðir væru sértækar skattbreytingar, endurskoðun tolla á vörur sem þurfa ekki vernd auk minni útgjalda.“

Stefnumörkun sem ASÍ hafði áður varað við birtist í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2023. Tekjuöflun sem þar birtist felst einkum í hækkun gjalda, þ.e. krónutölugjöld og nefskattar, og aukinnar skattlagningar á ökutæki og notkun bifreiða. Á útgaldahlið er fjárfestingum frestað, aðhald er aukið og framlög lækkuð að raunvirði til mikilvægra málaflokka.

Auk aðgerða til að draga úr þenslu og verðbólgu lagði ríkisstjórnin áherslu á að milda áhrif verðbólgu á viðkvæmstu hópa samfélagsins með verulegri hækkun bóta, auk sérstaks barnabótaauka. Í umsögn ASÍ um fjárlagafrumvarp segir um hækkun bóta:

„Boðuð hækkun mun ekki brúa þá glíðnun sem átt hefur sér stað milli lífeyrisgreiðslna og þróunar lágmarkslauna. Alþýðusambandið hefur áður bent á að samkvæmt lögum um almannatryggingar ber að hækka bæturnar í takt við launaþróun en þó þannig að þær haldi í við verðlag. Þetta hefur hins vegar ekki verið reyndin.“

Í júní á þessa ári kynntu stjórnvöld verðbólguaðgerðir en í þeim fólst meðal annars hækkun lífeyris almannatrygginga um 2,5 prósent, hækkað frítekjumark húsnæðisbóta leigjenda, prósentu viðbótar tekjuskattur á lögáðila frá næsta ári ásamt því að ný tegund álagningar á skemmtiferðaskip var kynnt. Einnig voru stofnframlög til uppbyggingar leiguíbúða innan almenna íbúðakerfisins tvöfölduð ásamt auknum framlögum til hlutdeildarlána.

Skerðing launahækkunar æðstu ráðamanna úr 6 prósent í 2,5 prósent var tilkynnt með verðbólguaðgerðum stjórnvalda, sem samkvæmt stjórnvöldum var gert að tryggja það að laun æðstu embættismanna skapi ekki aukinn verðbólguþrýsting.

ASÍ hafði gagnrýnt fyrirhugaða 6% hækkun launa þingmanna og æðstu embættismanna því hún gekk gegn þeirri launastefnu sem mörkuð hafði verið á almennum vinnumarkaði. ASÍ benti á mikilvægi þess að ráðamenn deili kjörum með þjóðinni og sýni ábyrgð í að stuðla að sátt á vinnumarkaði. Samanburður leiddi í ljós að hlutfallslegar launahækkanir þingmanna voru 11-13 prósentum umfram hækkanir á launum sérfræðinga og stjórnenda á almennum markaði, á tímabilinu 2019-2022. Eins höfðu hlutfallslegar launahækkanir þingmanna verið um 3-5 prósentum umfram hækkanir sérfræðinga og stjórnenda hjá ríkinu sjálfu á sama tímabili.



Kjaramál

Kjarasamningar á almennum markaði, hinir svonefndu Lífskjarasamningar, sem undirritaðir voru vorið 2019 runnu út haustið 2022. Síðasta hækkun lífskjarasamnings, almenn launahækkun um 17.250 kr., kom til framkvæmda þann 1. janúar 2022. Til viðbótar virkjaðist svokallaður hagvaxtarauki vegna mikils hagvaxtar á árinu 2021, sem leiddi til almennrar launahækkunar um 7.875 kr. á mánuði.

Lífskjarasamningar runnu út þann 1. nóvember 2022 og hófust samningaviðræður við krefjandi efnahagslegar aðstæður, mikla verðbólgu en einnig mikinn uppgang og góða afkomu fyrirtækja.

Starfsgreinasambandið undirritar skammtímasamning

Þann 3. desember 2022 undirritaði samninganefnd Starfsgreinasambands Íslands kjarasamning við Samtök atvinnulífsins. Um var að ræða skammtímasamning með gildistíma frá 1. nóvember 2022 til 31. janúar 2024. Samningurinn fól því í sér afturvirkar hækkanir frá því eldri samningur rann út. Sautján af nítján aðildarfélögum SGS voru aðilar að samningnum, þ.e. öll aðildarfélög að Eflingu og verkalýðsfélagi Grindavíkur undanskildu. Verkalýðsfélag Grindavíkur undirritaði samhljóða kjarasamning þann 15. desember 2022.

Samningur Starfsgreinasambandsins fól í sér krónutöluhækkanir á kaup-taxta og nýja launatöflu. Að lágmarki hækkuðu kauptaxtar um 35 þúsund en lagfæring á launatöflunni gerði það að verkum að hækkun gat numið allt að 52 þúsund krónum á mánuði. Laun þeirra sem ekki taka laun eftir kaup-töxtum, þ.e. eru á mánaðarlaunum, hækkuðu um 33.000 kr. frá 1. nóvember. Til viðbótar tóku uppbætur og bónusar breytingum, þ.a. hækkuðu bónusar í fiskvinnslu um 8%.

Skammtímasamningurinn fól í sér að fallið yrði frá mögulegum hagvaxtar-auka vegna ársins 2022 sem að óbreyttu hefði komið til framkvæmda á árinu 2023. Hagvaxtaraukinn var því efndur frá 1. nóvember sem hluti af hækkunum mánaðarlauna.

Kjarasamningar Starfsgreinasambandsins voru samþykktir í atkvæða-greiðslu af miklum meirihluta félagsmanna.

Af þeim sem tóku afstöðu í atkvæðagreiðslu voru 85,71% sem samþykktu kjarasamninginn. Ellefu prósent voru honum andvíg og rúm þrjú prósent tóku ekki afstöðu. Kjörsókn var 16,56% en á kjörskrá voru 23.711 manns.



Samningar samflots verslunar-, iðn- og tæknifólks

Verslunar-, iðn- og tæknifólk voru sameiginlega í viðræðum við Samtök atvinnulífsins, þ.e. Matvís, Rafiðnaðarsamband Íslands, Samiðn, VM og LÍV. Kjarasamningar voru undirritaðir þann 12. desember. Samningarnir voru að mörgu leyti sambærilegir við þá sem Starfsgreinasambandið undirritaði þann 3. desember. Stærsti munurinn fólst í prósentuhækkunum á almenn mánaðar-

laun í samningum verslunar-, iðn- og tæknifólks til beinna krónutöluhækkana með 33 þúsund króna hámarki. Nýjar launatöflur tóku gildi og almenn laun hækkðu um 6,75% frá 1. nóvember en þó um 66 þúsund krónur að hámarki. Líkt og í samningum SGS og SA var hagvaxtarauka flýtt og hann felldur inn í almennar hækkunar samningsins.

Kjarasamningarnir voru samþykktir með miklum meirihluta. Meðal VR félaga samþykktu 82% samninginn og um 90% hjá Félagi verslunar- og skrifstofufólks á Akureyri. Meðal iðn- og tæknifólks samþykktu á bilinu 73-88% félagsmanna.

Yfirlýsing stjórnvalda til stuðnings kjarasamningnum

Samhliða undirritun kjarasamninga birti ríkisstjórnin yfirlýsingu um aðgerðir til stuðnings markmiðum kjarasamninga um vörn kaupmáttar, bætt lífskjör ásamt því að skapa forsendur fyrir stöðugleika, lækun verðbólgu og vaxta.

Þær aðgerðir sem boðaðar voru sneru einkum að því að efla húsnæðisstuðning, barnabætur ásamt því að stuðla að fjölgun íbúða í takt við ramma-samkomulag stjórnvalda í 35 þúsund íbúðir á tíu árum⁴.

- **Barnabætur hækkadar og einfaldaðar:** Ráðist verður í kerfisbreytingar á barnabótakerfinu á árunum 2022-2024. Í fyrsta lagi felast breytingarnar í einföldun á kerfinu og í öðru lagi á minni skerðingum í kerfinu. Einnig er tekin upp samtímaútborgun barnabóta sem felst í því að þær eru greiddar út skömmu eftir barneign. Í núverandi kerfi þarf að bíða fram yfir áramót til að fá greiðslu barnabóta. Í núverandi barnabótakerfi eru greiddar ólíkar fjárhæðir eftir sambúðarformi, eftir fjölda barna og eftir því hvort barn er yfir eða undir 7 ára. Í kerfinu eru einnig fjögur ólík skerðingarmörk eftir sambúðarformi og tekjum. Í kerfinu eru jafnframt ólík skerðingarhlutföll, þ.e. efra og neðra, ásamt því að skerðingarhlutföll eru ólík eftir fjölda barna.

Einföldun á barnabótakerfinu felst í fyrsta lagi í því að samræma fjárhæðir og öðru lagi að einfalda skerðingar. Í nýju kerfi verður sama fjárhæð greidd út fyrir hvert barn. Því verður þörf á því að hækka barnabætur fyrir fyrsta barn um 25% á tímabilinu 2022-2024 á meðan greiðslur fyrir viðbótarbarn hækka um 5%. Á móti verður dregið úr viðbót vegna barna undir 7 ára, og hún lækkar ú 148 þúsund á ári í 130 þúsund. Dregið verður úr skerðingum í kerfinu. Efri tekjuskerðing verður felld niður og einungis verður eitt skerðingarhlutfall, 5%. Skerðing á viðbót vegna barna undir 7 ára verður áfram 4%.

4 Sjá yfirlýsingu í heild sinni, <https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Yfirl%C3%BDsing%20stj%C3%B3rnvalda%20vegna%20kjarasamninga.pdf>

Kerfisbreytingin leiðir til þess að 2.900 nýjar fjölskyldur bætast inn í barnabótakerfið á tímabilinu. Áætlað er að kostnaður við breytingarnar umfram núverandi heimildir verði um 2 milljarðar. Stjórnvöld hafa talað um að kostnaðurinn sé 5 milljarðar, í þeirri tölu er einnig tekinn með kostnaður við að uppfæra launa- og verðlagsforsendur í núverandi kerfi.

- **Hækkun húsnæðisbóta:** Húsnæðisbætur hækkuðu um 13,8% í upphafi árs 2023 ásamt 7,4% hækkun tekjuskerðingarmarkna. Til viðbótar yrði ráðist í skoðun á sameiningu húsnæðisbóta og sérstaks húsnæðisstuðnings með það að markmiði að tryggja jafnræði og einfalda kerfið. (Sjá nánar kafla um húsnæðismál.)
- **Hækkun eignaskerðingamarka** vaxtabóta: Eignaskerðingamörk í vaxtabótakerfinu hækkuðu um 50% (Sjá nánar kafla um húsnæðismál.)
- **Fjölgun íbúða og fjármögnun almennra íbúða:**
- **Bætt réttarstaða og húsnæðisöryggi leigjenda:** Aðilar vinnumarkaðarins fá aðkomu að starfshópi sem hefur húsaleigulög til endurskoðunar. (Sjá nánar kafla um húsnæðismál.)
- **Önnur mál.** Til viðbótar við ofangreind atriði var einnig sett fjármagn í aukid aðhald á neytendamarkaði. Skoðað verði að rýmka heimildir lífeyrissjóða til fjárfestinga í leigufélögum. Greiðslur og fjárhæðir í fæðingarorlofssjóði og ábyrgðasjóði launa verða teknar til endurskoðunar. Málefni vinnustaðanámssjóðs verða tekin til endurskoðunar. Lokið verði við heildarendurskoðun atvinnuleysistrygginga.

Miðlunartillögur – réttaráhrif og heimildir

Í árslok 2022 lagði ríkissáttasemjari fram, í andstöðu við Eflingu stéttarfélag, miðlunartillögu sem færa átti félagsfólki Eflingar sömu kjarabætur og SGS hafði nokkru áður samið um við SA. Þegar tillagan var fram komin neitaði Efling að afhenda sáttasemjara kjörskrá sína til þess að framkvæma mætti atkvæðagreiðslu. Þetta leiddi til málaferla fyrir bæði Félagsdómi og hinum almennu dómstólum.

Í Félagsdómsmálinu nr. 1/2023 krafðist SA þess að verkfall Eflingar yrði dæmt ólögmaett þar sem miðlunartillaga væri komin fram og þar sem Efling hefði komið í veg fyrir framgang atkvæðagreiðslunnar og þannig komið í veg fyrir að samningur kæmist á. Félagsdómur hafnaði hvorutveggja og taldi engar lagaheimildir til slíks. Túlka yrði lögin þröngt enda um stjórnarskrárvarin réttindi að ræða, bæði verkfalls- og samningsrétt.

Ríkissáttasemjari krafðist einnig innsetningar í kjörgögn Eflingar. Héraðsdómur heimilaði innsetningu en Landsréttur sneri þeirri niðurstöðu við með dómi í málinu, Lrd. 95/2023. Í dómi réttarins kom fram að þótt ráða mætti af ákvæðum laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur að ríkissáttasemjara

væri ótvírætt heimilt að eiga frumkvæði að því að efna til atkvæðagreiðslu um miðlunartillögu og gefa fyrirsmæli um framkvæmd hennar, yrði hvergi af þeim ráðið að aðila vinnudeilu væri skylt að afhenda honum kjörskrá sína áður en til slíkrar atkvæðagreiðslu kæmi eða veita honum aðgang að henni. Af lögskýringargögnum yrði skýrlega ráðið að ekki hafi verið samstaða milli aðila vinnumarkaðarins um hvort rétt væri að veita honum umráð yfir kjörskrá aðila vinnudeilu í aðdraganda atkvæðagreiðslu um miðlunartillögu. Þá bentu lögskýringargögn jafnframt eindregið til þess að vilji löggjafans hefði ekki staðið til þess að hann fengi slíkan aðgang þar sem tillaga þess efnis hefði verið felld út úr frumvarpi til eldri laga nr. 33/1978 um sáttastörf í vinnudeilum. Hafi breytingartillaga þess efnis samkvæmt lögskýringargögnum miðað að því að „draga úr valdi eða stöðu sáttasemjara“. Þá fæli atkvæðagreiðsla um miðlunartillögu sem lögð hefði verið fram á grundvelli 1. mgr. 27. gr. laga nr. 80/1938 í sér inngríp í sammingsrétt stéttarfélaga og atvinnurekenda sem nyti verndar 1. málsliðar 1. mgr. 74. gr., sbr. 2. mgr. 75. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944, og 2. mgr. 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Af því leiddi óhjákvæmilega að ákvæðum laga nr. 80/1938 yrði ekki ljáð rýmri merking en fælist í bókstaflegum skilningi þeirra. Samkvæmt því yrði ekki fallist á að fyrir lægi að ríkissáttasemjari ætti lögbundið tilkall til umráða yfir kjörskrá félagsins eða eftir atvikum aðgangs að henni, svo sem áskilið væri svo bein aðfarargerð gæti farið fram á grundvelli 73. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 78. gr. sömu laga. Var kröfu hans því hafnað.

Úr þeim ágreiningi að miðlunartillaga verði ekki lögð fram nema með beinu eða óbeinu samþykki aðila hefur því enn ekki verið leyst.

Heimildir SA til boðunar verkbanns

Þann 1. nóvember 2022 runnu út kjarasamningar Eflingar og SA. Viðræður um kröfur báru ekki árangur og vísaði Efling deilunni til ríkissáttasemjara þann 7. desember 2022 en sleit viðræðum 10. janúar 2023. Þá er ný miðlunartillaga var borin fram, stóð yfir atkvæðagreiðsla meðal félagsmanna Eflingar um boðun takmarkaðrar vinnustöðvunar hjá aðildarfélögum stefnda á félagssvæði félagsins í Reykjavík. Sú vinnustöðvun skall á og fleiri höfðu ýmist verið boðaðar, afturkallaðar eða voru í undirbúningi. Á grundvelli heimilda sinna skv. lögum nr. 80/1938, boðaði SA verkbannt.

Verkbannsboðunin var samþykkt í allsherjaratkvæðagreiðslu allra aðildarfyrirtækja SA og boðaði SA verkbannt síðan í eigin nafni án þess að tilgreina fyrir hönd hvaða aðila eða af hverjum það sé boðað öðrum en stefnda sjálfum en framkvæmdastjóri stefnda ritaði undir boðunina einungis f.h. SA. ASÍ höfðaði mál fyrir Félagsdómi til þess að hnekkja verkbannt þessu. Byggt var á því m.a. að stjórn SA færi ekki með heimildir í þessu efni.

Félagsdómur (Mál nr. 5/2023) féllst ekki á málatilbúnað ASÍ og taldi stjórn SA sky. samþykktum sínum, fara með sama vald og stjórnir stéttarféлага í þessu efni og jafnframt að heimilt hefði verið að beita allsherjaratkvæðagreiðslu meðal allra aðildarfyrirtækja.

Sameiginleg mál

Á árinu 2007 var fyrst gerður samstarfssamningur aðildarsamtaka ASÍ vegna sameiginlegra mála. Árið 2010 var hann endurnýjaður, hefur verið óbreyttur síðan og virkjaður nokkrum sinnum. Það tókst ekki í aðdraganda síðustu kjarasamninga en er unnið að virkjun hans vegna kjarasamninga á árinu 2024.



Atvinnumál

Tafla 1. Kennitölur vinnumarkaðarins

	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022
Mannfjöldi (16-74 ára)	237.200	243.100	250.800	256.800	261.300	264.500	271.700
Vinnuafli	194.300	196.100	199.300	202.900	202.200	208.400	217.600
Starfandi	187.800	189.700	193.200	195.000	189.200	195.900	209.400
Atvinnulausir	6.500	6.400	6.200	8.000	13.000	12.500	8.100
Útan vinnumarkaðar	42.800	46.900	51.400	53.900	59.100	56.100	54.100
Atvinnuþátttaka (%)	81,9%	80,7%	79,5%	79,0%	77,4%	78,8%	80,1%
Atvinnuleysi	3,3%	3,3%	3,1%	3,9%	6,4%	6,0%	3,7%
Atvinnuleysi (skv. VMST)	2,3%	2,2%	2,4%	3,6%	7,9%	7,7%	3,9%
Vinnustundir	40,2	39,9	39,6	39,6	38,0	36,7	36,5

Heimild: Vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu Íslands

Árið 2022 voru tæplega 272 þús. einstaklingar á vinnualdri á Íslandi, á aldrinum 16-74 ára. Sá hópur skiptist annars vegar í einstaklinga á vinnumarkaði og svo einstaklinga sem eru utan vinnumarkaðar. Einstaklingum á vinnumarkaði fjölgaði um 9.200 milli ára og voru 218 þús. að jafnaði á vinnumarkaði á síðasta ári. Einstaklingum utan vinnumarkaðar fækkaði á milli ára og atvinnuþátttaka nú hærrí en hún var á árunum 2018 og 2019, fyrir heimsfaraldur. Ef atvinnuþátttaka er skoðuð með tilliti til aldurshópa má sjá að atvinnuþátttaka

er nú hærri fyrir allra aldurshópa en hún var árið 2019, fyrir faraldur. Meðal-fjöldi vinnustunda dróst lítillega saman milli ára og var um 36,5 vinnustundir að jafnaði á viku á síðasta ári.


Starfandi einstaklingum fjölgaði um tæp 7%, eða um 13.500 manns frá árinu 2021, en vinnumarkaður árið 2021 litaðast að miklu leyti af Covid-faraldrinum en enn gætti opinberra sóttvarnaraðgerða innanlands og á landamærum. Sóttvarnaraðgerðum var aflétt, að öllu leyti, 25. febrúar 2022.

Árið 2022 dró hratt úr atvinnuleysi eftir að ferða- og samkomutakmörkun- um var aflétt og með komu ferðamanna til landsins. Heildarfjöldi ferðamanna árið 2022 var 85% þess sem hann var árið 2019 og 73% af því sem fjöldinn var árið 2018 þegar mest lét. Árið 2022 var atvinnuleysi orðið sambærilegt því sem var árið 2019, en atvinnuleysi hafði hækkað verulega á árunum 2020-2021.

HRöð fjölgun ferðamanna að nýju eftir heimsfaraldur kallaði á mikinn aðflutning á erlendu vinnuafli, líkt og þekktist á árunum fyrir faraldur. Samkvæmt viðhorfskönnun Gallup meðal 400 stærstu fyrirtækja landsins taldi rúmlega helmingur fyrirtækja sig búa við skort á starfsfólki árið 2022 og hlutfall lausra starfa var hæst á öðrum ársfjórðungi 2022 þegar hlutfallið mældist 5,4% og laus störf námu 13 þúsund.

Hingað til lands kemur fjöldi starfsmanna til skamms tíma sem opinber tölfræði getur átt erfitt með að ná yfir. Þeir sem þó flytjast hingað búferlum til lengri tíma koma fram í tölfræði Hagstofunnar yfir búferlaflutninga.

Mynd 1. Búferlaflutningar eftir uppruna (aðfluttir umfram brottflutta)




Heimild: Hagstofa Íslands

Á árunum fyrir hrun, 2004 til 2007, fjölgaði erlendum ríkisborgurum á Íslandi um að jafnaði 3.800 á hverju ári en á mikla uppgangstímabili ferðaþjónustunnar á árunum 2016 til 2019 fjölgaði þeim að jafnaði um tæplega 6 þúsund á ári. Á árunum 2020 og 2021 dró úr fjölgun flutninga erlendra ríkisborgara hingað til lands en árið 2020 fjölgaði erlendum ríkisborgurum um tæplega 2 þúsund en um 4 þúsund árið 2021. Árið 2022 fjölgaði erlendum ríkisborgurum aftur á móti um rúmlega 10 þúsund og hafa aldrei fleiri erlendir ríkisborgarar flutt hingað til lands á einu ári. Undanfarin ár hafa búferlaflutningar hingað til lands fyrst og fremst verið flutningar erlendra ríkisborgara og þar gætir áhrifa ferðaþjónustu sem atvinnugreinar hér á landi, sem eins og áður hefur verið nefnt kallar á aukid vinnuafli en einnig gætir áhrifa innrásar Rússa í Úkraínu í febrúar 2022 en árið 2022 komu hingað til lands rúmlega 2 þúsund flóttafólk frá Úkraínu.

Samkvæmt skráargögnum Hagstofu Íslands, en þar má finna upplýsingar úr staðgreiðsluskrá sem ná yfir alla þá sem fá staðgreiðsluskyldar tekjur, fjölgaði starfandi einstaklingum um 33 þúsund frá fyrsta ársfjórðungi 2016 til fjórða ársfjórðungs 2022, en þar af hefur starfandi innflytjendum fjölgað um 24 þúsund. Fleiri einstaklingar eru nú á vinnumarkaði, starfandi einstaklingum fjölgar einnig og atvinnuleysi dregst saman sem merkir að þeir sem eru að koma nýir inn á vinnumarkað eru að fá vinnu.

Mynd 2. Fjöldi starfandi eftir bakgrunni



Heimild: Hagstofa Íslands

Mikilvægi erlends vinnuafls


Árið 2022 voru innflytjendur að jafnaði um 21% af starfandi einstaklingum á íslenskum vinnumarkaði. Þessar tölur gefa til kynna hversu erlent vinnuafli er orðið mikilvægt fyrir íslenskt efnahagslíf. Þessi hlutföll eru vel umfram hlutföll erlendra ríkisborgara á Íslandi en erlendir ríkisborgarar voru tæp 15% af mannfjölda árið 2022 en 21% starfandi. Þetta er til marks um það að þau sem hingað koma frá útlöndum séu að jafnaði mjög virkir þátttakendur á vinnumarkaði og stór hluti vinnuaflsins en hafa skal í huga ólíka aldursdreifingu innflytjenda og innlendra, en stærstur hluti þeirra sem hingað koma er fólk á vinnualdri. Fjölgun starfandi hefur hér á undanförunum árum að miklu leyti stafað af uppgangi í vinnuaflsfrekum greinum, þ.e. mannvirkja, ferðaþjónustu og tengdum greinum.

Í gögnum Vinnumarkaðsrannsóknar Hagstofu Íslands mælist atvinnuþátttaka innflytjenda á árunum 2016-2019 hæri en fólks með íslenskan bakgrunn og sama gildir um hlutfall starfandi. Í skýrslu um atvinnuþátttöku og menntun innflytjenda og flóttamanna á Norðurlöndum sem unnin var fyrir Norrænu ráðherranefndina árið 2019 kom einnig fram að Ísland var það eina meðal Norðurlandanna þar sem atvinnuþátttaka innflytjenda var hlutfallslega hæri en innfæddra⁵. Atvinnuþátttaka innflytjenda mældist áfram hæri en Íslendinga árin 2020 og 2021, meðan Covid-faraldurinn gekk yfir, en atvinnuleysi innflytjenda hækkaði hlutfallslega meira en innfæddra á tímabilinu og hlutfallslega voru færri starfandi innflytjendur en fólk með íslenskan bakgrunn. Tölur um atvinnuþátttöku innflytjenda fyrir árið 2022 hafa ekki verið birtar.

Sé horft á tölfræði Vinnuálastofnunar mældist skráð atvinnuleysi 3,9% á síðasta ári og lækkar milli ára. Í upphafi árs 2022 var atvinnuleysi á Íslandi 5,2% eftir að hafa náð hámarki í 11,6% í upphafi 2021, í miðjum heimsfaraldri. Árið 2022 dró hratt úr atvinnuleysi eftir að ferða- og samkomutakmörkunum var aflétt og með endurkomu ferðamanna til landsins. Í lok árs 2022 hafði atvinnuleysi lækkað í 3,4% og töldu atvinnulausir tæplega 6.900 og erlendir ríkisborgarar tæplega helmingur atvinnulausra. Stærstur hópur atvinnuleitenda var á aldrinum 30-39 ára árið 2022, en það á bæði við um í hópi erlendra sem og íslenskra atvinnuleitenda.


5 Integrating Immigrants into the Nordic Labour Markets, sjá: <https://norden.diva-portal.org/smash/get/diva2:1317928/FULLTEXT01.pdf>

Mynd 3. Atvinnuleysi



Heimild: Vinnumálastofnun


Mynd 4. Atvinnulausir eftir uppruna



Heimild: Vinnumálastofnun

Breyting varð á hlutfallslegri skiptingu atvinnulausra frá síðasta ári ef litið er til lengdar atvinnuleysis en langtíma atvinnuleysi jókst meðan á Covid-faraldrinum stóð. Árið 2021 höfðu að jafnaði um 34% atvinnulausra verið án atvinnu í ár eða lengur, eða rúmlega 5 þúsund manns. Með minnkandi atvinnuleysi árið 2022 dró úr hóp þeirra sem höfðu verið án vinnu lengur en 12 mánuði sem töldu 32% atvinnulausra, eða um 2.500 manns árið 2022. En af mynd 5 er ljóst að það dregur úr langtímaatvinnuleysi á ný árið 2022 eftir að það hafði aukist á árunum 2020 og 2021.


Mynd 5. Hlutfallsleg skipting atvinnulausra eftir lengd



Heimild: Vinnuálagstofnun

Hluttur háskólamenntaðra hefur aukist mjög á vinnumarkaði undanfarna áratugi en sífellt fleiri ljúka framhaldsmenntun að loknu grunnskólanámi. Um aldamót voru um 15% starfandi með háskólamenntun en síðan þá hefur hluttur háskólamenntaðra vaxið stöðugt og voru á síðasta ári 40% starfandi með háskólamenntun. Fólki með framhaldsmenntun hefur fækkað úr 42% í 36% frá síðustu aldamótum. Frá árinu 2015 hafa hlutfallslega færstir á vinnumarkaði verið með grunnenntun, eða tæplega fjórðungur allra, en um aldamót voru það rúm 40%.

Mynd 6. Hlutfallsleg skipting starfandi eftir menntun



Heimild: Hagstofa Íslands

Í gögnum Vinnuálastofnunar má skoða atvinnuleysi eftir menntun og ríkisfangi. Þar má sjá að 21% Íslenskra ríkisborgara í atvinnuleit eru með háskólamenntun, borið saman við 25% erlendra ríkisborgara í atvinnuleit, en eins og áður hefur komið fram eru 40% starfandi með háskólamenntun. Rúmlega helmingur Íslendinga í atvinnuleit eru með grunnskólamenntun, en 37% erlendra ríkisborgara en hvoru tveggja er umfram hlutfall starfandi á vinnumarkaði með grunnenntun.

Tafla 2. Skipting atvinnulausra eftir menntun og ríkisfangi

	Meðaltöl september 2021-ágúst 2022			
	Íslenskir ríkisb.		Erlendir ríkisb.	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Grunnskólamenntun	1927	51%	1924	37%
Framhaldsskólamenntun	409	11%	586	11%
Iðnnám	278	7%	418	8%
Stúdent	229	6%	685	13%
Háskólamenntun	785	21%	1312	25%
Óvíst	159	4%	254	5%

Heimild: Vinnuálastofnun




Húsnæðismál

Um mitt ár 2022 hafði húsnæðisverð hækkað um 25% milli ára. Miklar hækkanir húsnæðisverðs mátti rekja til misræmis eftirspurnar og framboðs húsnæðis sem skapaðist í kjölfar heimsfaraldurs, m.a. vegna mikillar lækkunar vaxta, ónógs framboðs og hraðrar mannfjölgunar. Í kjölfar vaxandi verðbólgu, þenslu í hagkerfinu og mikillar þenslu á húsnæðismarkaði hóf Seðlabankinn að hækka stýrivexti í maí 2021.

Seðlabankinn hóf vaxtahækkunarferli sitt um mitt ár 2022, þegar vextir voru hækkaðir um 0,25 prósentur í 1 prósent. Til viðbótar við hækkun vaxta beitti bankinn sérstökum úrræðum til að kæla húsnæðismarkað. Úrræðin fólu í sér að vedsetningarhlutfall gæti ekki farið yfir 85% hjá fyrstu kaupendum og viðmið vaxta á greiðslubyrði í greiðslumati miðast nú að lágmarki við 3% á verðtryggðum lánnum og 5,5% á óverðtryggðum lánnum. Til viðbótar var hámarkslánstími við útreikninga greiðslubyrðar verðtryggðra lána stytur í 25 ár.

Áhrif vaxtahækkana og framangreindra aðgerða urðu sýnileg þegar leið á árið 2022. Hratt dró úr hækkunum húsnæðisverðs, velta dróst saman og sölutími lengdist. Sérstök úrræði Seðlabankans fækkðu fyrstu kaupendum og takmörkuðu getu heimila til aukinnar lántöku. Árshækkun húsnæðis nam 25% um mitt ár 2022, var orðin 17% í lok árs og einungis 2,7% í júní 2023. Sé horft á raunverð, hafði húsnæðiverð lækkað um 4,8% á ársgrundvelli borið saman við almennt verðlag.



Mikil umræða hefur verið um áhrif vaxtahækkana á stöðu lántaka. Umfang óverðtryggðra lána með breytilega vexti jókst verulega á árunum 2020-2022. Nýleg samantekt Seðlabankans bendir til þess að áhrif vaxtahækkana komi fram með ólíkum hætti á vaxtabyrði heimila. Sá hluti heimila, sem jók ekki skuldsetningu, er með blönduð lán, verðtryggð lán eða fastvaxtalán, hefur orðið fyrir takmörkuðum áhrifum af vaxtabróun á greiðslubyrði. Á móti hefur greiðslubyrði lána hækkað um yfir 40 þúsund krónur á mánuði hjá um fimmtungi heimila. Hjá um 2% heimila hefur greiðslubyrði hækkað um meira en 120 þúsund krónur á mánuði. Stór hluti óverðtryggðra lána ber enn fasta vexti sem eiga eftir að koma til endurskoðunar. Um 60 milljarðar koma til endurskoðunar á síðari hluta þessa árs. Stærstur hluti kemur þó til endurskoðunar á síðari hluta 2024 og fram á árið 2025, eða alls 550 milljarðar.

Ljóst er að vaxtalækkun í umhverfi mannfjölgunar og lítils framboðs hafði hröð og mikil áhrif til hækkunar húsnæðisverðs. Til lengri tíma er ljóst að auka þarf framboð á húsnæði á Íslandi. Þrátt fyrir töluverða aukningu nýbygginga á árunum 2019-2021, hefur ekki tekist að draga úr uppsafnaðri þörf íbúðarhúsnæðis. Um mitt ár 2022 sammæltust ríki og sveitarfélög í nýjum rammisamningum aukið framboð íbúða. Þar er talið að byggja þurfi 35 þúsund íbúðir til að mæta fyrrisjáanlegri og óuppfylltri íbúðaþörf á næstu 10 árum. Á tímabilinu 2023-2032 er stefnt að byggingu 4 þúsund íbúða á ári fyrstu 5 árin og 3.500 íbúða á ári eftir það út tímabilið.

Í hagspá ASÍ var bent á að dregið hafði úr íbúðafjárfestingu eftir kröftugan vöxt undangenginna ára. Þar var bent á að hætta væri á að almennir verktakar gætu dregið úr byggingaáformum vegna hækkunar vaxta, takmörkunar lánsfjár og áhrif þess á eftirspurn kaupenda. Ljóst væri hins vegar að mannfjölgun kallaði á að byggja þyrfti húskjól yfir fjölda manns.

Húsnæðisstuðningur

Í byrjun árs 2022 tóku gildi breytingar á húsnæðisstuðningi sem boðaðar voru í yfirlýsingu ríkisstjórnar í tengslum við kjarasamninga. Breytingarnar fólust einkum í hækkun eignaskerðingarmarkna vaxtabótakerfisins og hækkun grunnfjárhæða húsnæðisbóta.

Í vaxtabótakerfinu voru eignaskerðingamörk vaxtabóta hækkuð um 50%. Í samantekt hagfræði- og greiningasviðs skrifstofu ASÍ á breytingunum kom fram að skerðing eigna myndi nú hefjast við meira eigið fé og færa kerfið nær því sem það var árið 2015. *“Áhrifin eru þau að þeim fjölgar sem fá greiddar vaxtabætur en áætluð tekjuáhrif á ríkissjóð eru 600 milljónir. Eignaskerðing er þó áfram mjög hröð. Eignaskerðing hefst við um 20% eigið fé í meðalíbúð og vaxtabætur eru að fullu skertar við 35% eigið fé. Hjá barnlausum einstaklingum er skerðingin hraðari og vaxtabætur að fullu skertar við 20% eigið fé í meðalíbúð.”*

Einnig voru gerðar breytingar á húsnæðisbótum á áramótum þegar þær hækkðu um 13,8%. Áður höfðu húsnæðisbætur verið hækkaðar um mitt ár 2022. Alls höfðu því grunnbætur hækkað um 8.200 krónur á árinu 2022. Grunnbætur hjá einstaklingi voru því 40.633 krónur í byrjun árs 2023 en voru 32.460 krónur í upphafi 2022. Hækkunin ásamt þeirri sem tók gildi um mitt ár verður til þess að grunnbætur eru óskertar hjá einstaklingi upp að 438 þúsund krónum á mánuði. Bætur skerðast þó fyrr hjá fleiri heimilismönnum. Hjá einstaklingi sem er með 600 þúsund krónur á mánuði verða húsnæðisbætur 22 þúsund á mánuði eftir breytingu, eða um 12 þúsund krónum hærri en ári áður.

Blær íbúðafélag

Í ágústmánuði var hafist handa við að byggja fyrstu leiguíbúðir undir merkjum Blævar leigufélags. Það var mikilvæg stund í sögu húsnæðismála á Íslandi og jafnframt sögulegur áfangi fyrir verkalýðshreyfinguna. Byggðar verða 36 íbúðir í Úlfársdal. VR fjármagnar verkefnið og verður íbúðunum úthlutað til félagsfólks í VR. Verklök eru áætluð um miðjan desember 2024.

Samið var við Bjarg um framkvæmdina. Þannig mun þekking sem Bjarg hefur aflað sér síðustu árin með farsælli uppbyggingu íbúða á viðráðanlegum kjörum nýtast Blæ leigufélagi. Heildarkostnaður er áætlaður 1.900 m.kr.

Þegar Bjarg var sett á laggirnar árið 2016 í kjölfar setningar laga frá Alþingi um almennar íbúðir, var ákveðið af forystu ASÍ og BSRB að stuðla að uppbyggingu félags með það að markmiði að koma að uppbyggingu íbúðarhúsnæðis á Íslandi sem ekki nyti opinbers stuðnings. Blær er systurfélag Bjargs og mun nýta þekkingu og reynslu Bjargs til að byggja hagkvæmar íbúðir.

Búseta í atvinnuhúsnæði

Í kjölfar kortlagningar á búsetu í atvinnuhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu og stærri byggðarlögum var skipaður starfshópur á vegum innviðaráðuneytis um úrbætur á brunavörnum í húsnæði þar sem fólk hefur búsetu. Í starfshópnum voru fulltrúar frá innviðaráðuneytinu, Alþýðusambandi Íslands, Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Þjóðskrá Íslands. Markmið hópsins var að útfæra og fylgja eftir fjórum af 13 tillögum samráðsvettvangs um brunavarnir í íbúðum sem myndaður var í kjölfar brunans við Bræðraborgarstíg 1.

Tillögurnar sem um ræðir eru eftirfarandi:

- 6. Endurskoðaðar verði heimildir til fjöldaskráningar lögheimilis/aðseturs í íbúðarhúsnæði.
- 9. Sérstakt átaksverkefni vegna eldri timburhúsa með áherslu á fræðslu og skjalfestingu brunavarna.
- 11. Metið verði hvort og í hvaða mæli heimila skuli með lögum tímabundna aðsetursskráningu og búsetu í atvinnuhúsnæði sem uppfyllir kröfur um öryggi. Einnig að tekin verði til endurskoðunar lög um húsnæðisbætur sem mögulega hvata.
- 12. Endurskoðaðar verði heimildir slökkviliðs og byggingarfulltrúa til að leggja á stjórnvaldssektir vegna brota á lögum og til aðgangs að íbúðarhúsnæði til eftirlits.

Á síðustu 12 mánuðum hefur starfshópurinn fundað í alls 25 skipti og talsverð vinna átt sér stað á milli funda.

Hópurinn var tvískiptur í afstöðu sinni varðandi hvort heimila eigi tímabundna aðsetursskráningu í atvinnuhúsnæði og kallaði eftir álitni hagsmunaaðila á drögum um úrbætur á brunavörnum í húsnæði þar sem fólk hefur búsetu. ASÍ hefur komið áherslum sínum á framfæri í umsögn sinni í samráðsgáttinni (sjá kafla um umsagnir).

Afurð þeirrar vinnu er nú að finna í skýrslu (Skýrsla starfshóps um úrbætur á brunavörnum í húsnæði þar sem fólk hefur búsetu - júní 2023.pdf (stjornarradid.is)). Það er mat starfshópsins að mikilvægt sé að huga stöðugt að brunavörnum og tryggja að lög og reglugerðir er málefnið varða uppfylli á hverjum tíma markmið um öryggi, verndun lífs og heilsu manna. Í því samhengi er nauðsynlegt að endurskoða gildandi regluverk og koma með tillögur að útfærslum sem gætu leitt til bættra brunavarna. Til samræmis við það hefur starfshópurinn útfært tillögurnar á þann veg að þær hafi jákvæð áhrif á öryggi fólks og tryggi brunavarnir í húsnæði þar sem fólk hefur búsetu.


Að mati hópsins eru næstu skref vinna við frumvarpsgerð svo unnt sé að koma útfærslum á tillögunum til framkvæmda.



Lífeyrismál



Á árinu 2022 snerist afkoma lífeyrissjóða við eftir þrjú góð ár áður. Hrein raunávöxtun samtryggingadeilda 2022 var neikvæð um 11,5% samanborið við jákvæða raunávöxtun upp á 4,7% meðaltal síðustu tíu ára. Síðustu fimm ár var meðaltal raunávöxtunar 4,2% og er árangur bæði síðustu fimm og tíu ár því nokkuð umfram 3,5% langtíma uppgjörsviðmið lífeyrissjóða.

Áfram sem áður er verulegur munur á tryggingafræðilegri stöðu lífeyrissjóða launafólks á almennum og opinberum vinnumarkaði. Halli opinberu sjóðanna vex enn. Hvað varðar lífeyrissjóði launafólks innan ASÍ versnaði tryggingafræðileg staða samtryggingadeilda sjóðanna umtalsvert á árinu 2022 annað árið í röð. Í árslok var hún neikvæð um 307 milljarða, um 338 milljarða verri staða en ári áður en í árslok 2021 var staðan jákvæð upp á 31 milljarð, frá árinu 2012 er staðan um 220 milljörðum verri. Tryggingafræðileg staða lífeyrissjóða launafólks innan ASÍ var síðastliðin áramót neikvæð því sem samsvarar 5,1% af skuldbindingum þeirra. Sama hlutfall samtryggingadeilda opinberu sjóðanna er neikvætt um tæp 31%. Neikvæð tryggingafræðileg staða samtryggingadeilda opinberu sjóðanna var upp á 992 milljarða í árslok 2022 og hefur frá árinu 2012 versnað um 521 milljarð.



Síðustu ár fjölga lífeyrisþegum lífeyrissjóðanna nokkuð árlega þar sem fjölmennir árgangar ná eftirlaunaaldri og mun sú þróun halda áfram næstu árin. Lífeyrissjóðirnir greiddu samtals um 119 þúsund manns ellilífeyri á árinu 2021, tæplega 58 þúsund konum og um 54 þúsund körlum, en nokkuð er um að einstaklingar séu tvítaldir vegna réttinda í fleiri en einum sjóði. Þar af fengu um 75 þúsund manns greiddan ellilífeyri úr almennu lífeyrissjóðunum sem aðildarfélög ASÍ eiga aðild að. Frá árinu 2014 hefur þeim sem fá greiddan ellilífeyri úr lífeyrissjóðunum fjölgað um ríflega 49 þúsund, eða um 70%, og þar af um 30 þúsund í almennu lífeyrissjóðunum. Samkvæmt bráðabirgðatölum, úr skattskýrslum ársins 2022, fengu 51.295 einstaklingar, 67 ára og eldri, lífeyri frá samtryggingadeildum lífeyrissjóða.

Heildargreiðslur lífeyrissjóða til ellilífeyris vaxa hratt og námu þær árið 2022 rúmum 163 milljörðum króna og voru níttján milljörðum hærri en árið áður. Hlutfall lífeyrissjóða í heildargreiðslum ellilífeyris var rúm 63% á síðasta ári sem en hlutur lífeyrissjóða sem er það mesta frá a.m.k. 1998, sem er eins langt aftur og gagnasafnið sem notað er við rýnina nær.



Lífeyriskerfi Íslands annað árið í röð í fyrsta sæti alþjóðlegrar lífeyrisvísitölu

Haustið 2022 hafnaði lífeyriskerfi Íslands annað árið í röð í efsta sæti í alþjóðlegum samanburði á lífeyriskerfum 44 ríkja um allan heim en það eru bandaríska ráðgjafarfyrtækið Mercer og samtökin CFA Institute sem standa

að samanburðinum. Ísland tók fyrst þátt í úttektinni 2021 en í bæði skiptin voru það Holland og Danmörk sem komu næst á eftir Íslandi.

Úttektin lýtur að þremur grunnþáttum lífeyriskerfa sem eru nægjanleiki, sjálfbærni og traust. Líkt og árið áður hlaut Ísland hæstu einkunn fyrir tvo þætti, nægjanleika kerfis og sjálfbærni þess, en hafnaði í sjöunda sæti varðandi trausti til kerfisins.

Þegar lífeyriskerfin í löndunum 44 eru borin saman er horft til þriggja þátta. 1. Nægjanleiki, þ.e. hvaða lífeyri lífeyrisþegar framtíðarinnar megi vænta? 2. Sjálfbærni, þ.e. stendur kerfið undir sér óháð lýðfræðilegum eða efnahagslegum sveiflum? 3. Traust – ríkir traust til kerfisins í samfélaginu? Greining byggir bæði á alþjóðlegum og innlendum gögnum í stöðluðum samanburði á lífeyriskerfum þar sem heildareinkunn hvers lands byggir á fjölmörgum þáttum innan þáttanna þriggja.

Í mati Mercer og CFA Institute á íslenska kerfinu vegur þyngst að lífeyrir almannatrygginga þykir hér tiltölulega ríflegur, samtryggingakerfi lífeyris-sjóða með vinnumarkaðstengdri þáttökuskyldu tryggir góðan sparnað og kerfinu er vel stýrt og regluverkið skýrt.

Samráðshópur ASÍ og SA um lífeyrismál

Samráðshópur ASÍ og SA um lífeyrismál er samráðsvettvangur stjórnarmanna, framkvæmdastjóra, lífeyrisnefnda heildarsamtaka og fulltrúa ASÍ og SA um lífeyrismál og málefni lífeyrissjóðanna skv. kjarasamningi ASÍ og SA um stjórnkerfi lífeyrissjóðanna frá 24. apríl 2018. ASÍ og SA skiptast á að skipuleggja fundina sem skulu haldnir að vori og hausti.

SA stóð fyrir fundi samráðshópsins 15. maí 2023. í Húsi atvinnulífsins. Fundurinn hófst á kynningu hagfræðings Landssamtaka lífeyrissjóða sem bar saman lífeyriskerfi nokkurra Evrópulanda. Einkum var staða lífeyrismála, regluverk og lífeyrisaldur í Frakklandi og Hollandi rýnd og var einnig gerður samanburður við Ísland. Þá hélt Ólafur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Birtu lífeyrissjóðs, erindið *Að gera gott lífeyriskerfi betra* sem næst með stöðugri rýni og umbótum ásamt góðu samtali bakhjarla kerfisins. Frá Talnakönnun kom Arnór Ingi Finnbjörnsson sem gerði grein fyrir þróun og mikilvægi framlags ríkisins til jöfnunar örorku á milli lífeyrissjóða. Lífeyrissjódir á samningssviði ASÍ og SA greiða mest lífeyrissjóða í örorkulífeyri og málefnið því mikilvægt samningsaðilunum og sjóðum þeirra. Breytingar voru gerðar fyrir um áratug sem þynnti framlagið milli sjóðanna, þannig að sjódir með takmarkaðar greiðslur í örorku fá engu að síður umtalsverðar greiðslur til lækkunar örorku.

Fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða og upplýsingagjöf til sjóðfélaga

Frumvarp um auknar heimildir lífeyrissjóða til fjárfestinga í erlendri mynt var lögfest í mars 2023. Stjórnarfrumvarpið sneri að breytingum á lögum um lífeyrissjóði nr. 129/1997 og varðaði gjaldmiðlaáhættu og upplýsingagjöf til sjóðfélaga. Heimildir lífeyrissjóða til fjárfestinga í erlendri mynt verða rýmkðar í áföngum með lögfestingunni og verður hámarkið 65% árið 2036. Í sama frumvarpi var mælt fyrir um að lífeyrissjóði beri að veita nýjum sjóðfélögum upplýsingar um helstu réttindi, skipulag og stefnu sjóðsins, auk þess sem bein heimild er veitt til að birta reglubundin yfirlit yfir iðgjöld, lífeyrisréttindi og rekstur rafrænt. Í umsögn ASÍ var framgangur málsins studdur með fyrirvara um að stytta mætti innleiðingartíma á nýju hámarki erlendra fjárfestinga eins og varð raunin í þinglegri meðferð málsins.

Áform fjármálaráðherra um slit og uppgjör ÍL-sjóðs

Í október 2022 kynnti fjármálaráðherra hugmyndir um úrvinnslu og uppgjör eigna og skulda ÍL-sjóðs og lagði skýrslu um málið fyrir Alþingi. Verð skuldabréfa ÍL-sjóðs féllu í framhaldi kynningar og viðskipti með þau sama sem stöðvudust í ljósi óvissunnar sem skapaðist. ÍL-sjóður varð til við uppskiptingu Íbúðalánasjóðs með lagasetningu árið 2019. Fjármálaráðherra fer með stjórn ÍL-sjóðs og umsjón eigna og skulda sem ÍL-sjóður tók við sem eru skuldir Íbúðalánasjóðsins og eldra útlánasafn ásamt verðbréfa- og innlánasafni. Vandi sjóðsins stafar af því að Íbúðalánasjóður veitti uppgreiðanleg lán sem fjármögnuð voru með óuppgreiðanlegum skuldabréfum. Lántakar greiddu síðar upp umtalsvert af lánnum, sérstaklega meðan vaxtakjör voru hagstæðari, en ÍL-sjóður getur ekki nýtt uppgreiðslur til að greiða niður skuldabréfin sem gefin voru út til að fjármagna lánveitingarnar.

Í kynningu sinni viðraði fjármálaráðherra hugmyndir um að ná samningum við eigendur skuldabréfanna, sem að langmestu eru almenningur í gegnum lífeyrissjóði, um uppgjör skuldbindinga ÍL-sjóðs. Fjármálaráðherra kynnti að þrennt væri mögulegt vegna stöðu ÍL-sjóðs. Áfram væri hægt að leggja ÍL-sjóðnum til fjármuni til að standa í skilum á skuldum sínum sem fjármálaráðherra taldi ekki koma til greina. Svo mætti knýja sjóðinn í gjaldþrot með sérstakri lagasetningu, til að losna undan ríkisábyrgð. Loks mætti ná samkomulagi við skuldabréfaeigendur, lífeyrissjóði að mestu, um uppgjör.

Flestir lífeyrissjóðir landsins mynduðu sameiginlegan vettvang, í ljósi mikilla hagsmuna íslenskra sjóðfélaga, vegna stöðunnar kringum uppgjör ÍL-sjóð. Af hálfu lífeyrissjóða var lýst yfir að ekki væri grundvöllur fyrir samningaviðræðum þar sem ekki var komið til móts við kröfur sjóðanna um fullar efndir af hálfur íslenska ríkisins. Lögð voru fram lögfræðiálit þar

sem m.a. kom fram að slitameðferð og uppgjör án tillits til vaxtagreiðslna í framtíðinni fæli í sér skerðingu á eignarréttindum sem bryti í bága við ákvæði stjórnarskrár og mannréttindasáttmála Evrópu.

Lífeyrissjóðirnir gerðu grein fyrir því að boðaðar ráðstafanir í tengslum við slit ÍL-sjóðs, sem miða að því að lækka verulega fjárhagslegar skuldbindingar íslenska ríkisins með lagasetningu náist ekki samningar, leiða að óbreyttu til tugmilljarða króna tjóns lífeyrissjóðanna og þar með almennings í landinu í formi tapaðra lífeyrisréttinda. Við blasir að látið yrði reyna á allar slíkar aðgerðir fyrir dómstólum.

Í mars 2023 lagði fjármálaráðherra á Alþingi fram áformaskjal um framlagningu frumvarps um slit og uppgjör ÍL-sjóðs sem gert var í framhaldi af því að lífeyrissjóðir tilkynntu að engar forsendur væru fyrir því að þeir gæfu eftir eignir sjóðsfélaga með því að slá af kröfu um fullar efnidir á skuldbindingum ÍL-sjóðs. Áformin mættu andstöðu í umsögnum sem tóku afstöðu til málsins og var hópur umsagnaraðila skipaður fjölbreyttum og stórum aðilum s.s. ASÍ, Samtökum atvinnulífsins, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum fjármálafyrirtækja ásamt sameiginlegri umsögn 20 lífeyrissjóða.

Í umsögn ASÍ um áformaskjal fjármálaráðherra var lögð áhersla á að finna að því óréttlæti sem fælist í hugmynd um slit sjóðsins yrði sú leið farin að velta vandanum yfir á lífeyrissjóði. Sérlega alvarlegt væri það ójafnræði sem felst í áformum þegar aðgerð kemur ólíkt niður á hópum. Það ójafnræði sem fælist í slitum sjóðsins væri að það bitnaði á sjóðfélögum í sjóðum á almennum vinnumarkaði umfram þeim á opinbera þar sem verulegur hluti skuldbindinga nýtur enn bakábyrgðar. Þá var komið inn á að lagasetning um slit leiddi af sér umfangsmikinn lögfræðilegan ágreining og óvissu. Ljóst væri að ef ráðist yrði í slit fylgdi fjöldi málshöfðana á hendur ríkisins frá lífeyrissjóðum með tilheyrandi kostnaði fyrir sjóðfélaga og skattgreiðendur. Eins yrðu lífeyrissjóðir settir í óvissustöðu um raunverulega eignarstöðu þeirra meðan mál fari gegnum öll dómstig. Hvatti Alþýðusamband Íslands til þess að látið væri af áformum um slit og ríkið stæði að fullu við skuldbindingar sínar.

Frá því að áformaskjalið var lagt fyrir Alþingi hefur lítið annað gerst en að áform mættu breiðri andstöðu. Hvorki var tilkynnt að fallið hefði verið frá áformum né lagt fram frumvarp. Málið er enn í óvissu og óljóst hvernig fer með skuldabréf upp á hundruð milljarða og milljarðatuga högg á eignir almennings, eigendur lífeyrissjóða, enn í myndinni.

Starfshópur um grænbók skipaður

Í tengslum við endurskoðun á forsendum Lífskjarasamningsins haustið 2020 lýsti ríkisstjórnin yfir áformum um stefnumörkun í lífeyrismálum í nánú samstarfi við heildarsamtök á vinnumarkaði og Landsamband lífeyrissjóða, og að

afrakstur þess samráðs gæti orðið grænbók um lífeyrismál. Í stjórnarsáttmála segir að grænbók um lífeyrismál verði unnin í samvinnu í því skyni að skapa grundvöll fyrir umræðu, stefnumörkun og ákvarðanir um lífeyriskerfið og framtíðarþróun þess með heildstæðum hætti. Meðal annars verður horft til einföldunar kerfisins og fjallað um grundvallarforsendur varðandi hlutverk, uppbyggingu, sjálfbærni og umfang sjóðanna í efnahagslífinu, uppbyggingu réttinda og samspil milli ólíkra stöða lífeyriskerfisins, nauðsynlega hækkun lífeyrisaldurs og sveigjanleika til töku lífeyris í samhengi við hækkandi lífaldur, tryggingafræðilegar forsendur, fjárfestingarheimildir, starfsumhverfi og eftirlit.

Starfshópur um grænbók um lífeyriskerfið var skipaður í mars 2023. Í starfshópnum sitja fyrir hönd Alþýðusambandsins forseti ASÍ, Finnbjörn A. Hermannsson, og Þórir Gunnarsson, hagfræðingur og starfsmaður lífeyrisnefndar ASÍ. Með grænbók er ætlunin að lýsa stöðu lífeyriskerfisins og helstu áskorunum þess. Henni er ætlað að hvetja til umræðu og lýsa mögulegri framtíðarstefnumótun. Meginmarkmið með gerð grænbókarinnar er að skapa traustan grundvöll fyrir umræðu, stefnumörkun og ákvarðanatöku um málefni sem varða fyrirkomulag lífeyrismála og þróun þess.

Verkefni grænbókarhópsins er m.a. að greina núverandi fyrirkomulag lífeyristrygginga, einstaka þætti þess og samspili þeirra. Greina skal markmið og álitamál þar sem til framtíðar skiptir miklu að sem almennust samstaða verði um hlutverk og fyrirkomulag lífeyriskerfisins. Eins mun hópurinn greina áhrif lífeyrissjóða í þjóðhags- og efnahagslegu tilliti, s.s. hvað varðar þátttöku á fjármálamarkaði og áhrif á stöðugleika í fjármálum og efnahag landsins.



Umhverfismál

Umhverfis- og neytendanefnd

Umhverfisnefnd hefur verið ein af fastanefndum miðstjórnar ASÍ frá 2008 og var umhverfisstefna samþykkt af miðstjórn ASÍ árið 2012. Árið 2018 var neytendamálum bætt við starfssvið nefndarinnar þar sem umhverfis- og neytendamál skarast oft. Á starfsárinu var stefnumótun og vinna fyrir 45. þing ASÍ umfangsmikil hjá nefndinni. Stefnumótun og samráð við stjórnvöld vegna stefnumörkunar í tengslum við sjálfbærni og réttlát umskipti setti einnig svip sinn á starfið sem og norrænt samstarf um sömu málefni.

Stefna um réttlát umskipti og framtíð vinnumarkaðar samþykkt á þingi ASÍ

Á starfsárinu var ráðist í ýmsar breytingar og aðgerðir sem eru til þess fallnar að gera umhverfismálum hærra undir höfði í starfi Alþýðusambands Íslands.

Í upphafi árs 2023 voru breytingar gerðar á starfssviðum ASÍ sem gera það að verkum að fleiri stöðugildi eru fyrir umhverfis- og neytendamál. Í kjölfar framhaldsþings ASÍ í maí 2023 gerði miðstjórn ASÍ einnig breytingar á starfs-

nefndum sem fólu í sér að umhverfis- og neytendamál verða ekki lengur í sömu nefnd. Eftir breytingarnar starfar sérstök verðlagsnefnd þar sem verðlag og neytendamál eru meginviðfangsefnin og umhverfismál voru færð undir atvinnumála- og umhverfisnefnd sem mun fjalla um réttlát umskipti, framtíð vinnumarkaðar og atvinnu- og innviðauppyggingu.

Á framhaldspingi ASÍ sem haldið var í maí 2023 var stefna samþykkt í formi áherslna sem heyra undir atvinnumála- og umhverfisnefnd og verða þær leiðarljós í vinnu nefndarinnar næstu tvö ár. Samþykkt stefnunnar markar ákveðin tímamót þar sem réttlát umskipti eru í fyrsta sinn orðin hluti af stefnu ASÍ. Áherslurnar fela í sér stefnumörkun ASÍ um framtíð vinnumarkaðar og hvaða gildi skulu liggja til grundvallar í þeirri samfélags- og efnahagsþróun sem er í gangi og þarf að eiga sér stað vegna loftslags- og tæknibreytinga. Áherslurnar snerta á mörgum málefnum en meginviðfangsefnin eru atvinnuuppygging og fjölgun góðra, grænna starfa, innviðauppygging, áhersla á orkuskipti og bætтар almenningssamsamgöngur, fjárfesting og réttlátar loftslagsaðgerðir og beiting hagrænna stjórntækja til að ná markmiðum um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda. Þá felur stefnan í sér að réttlát umskipti verði leiðarljós í allri stefnumótun og ákvarðanatöku sem tengist þessum málefnum.

Áherslur ASÍ

Réttlát umskipti

- Réttlát umskipti (e. just transition) snúa að því að hámarka efnahagslegan, samfélagslegan og umhverfislegan ávinning af aðgerðum tengdum loftslags- og tæknibreytingum og lágmarka neikvæð áhrif á almenning og launafólk. Réttlát umskipti verði leiðarljós í allri stefnumótun og ákvarðanatöku í yfirstandandi samfélagsbreytingum vegna loftslags- og tæknibreytinga.
- Launafólk, almenningur og verkalýðshreyfingin komi að ákvarðanatöku og stefnumótun sem varðar aðgerðir tengdar loftslagsbreytingum.

Vinnumarkaður og græn störf

- Umbætur verði gerðar á lagaumhverfi í kringum rekstur fyrirtækja sem eru til þess fallnar að stuðla að auknu lýðræði í atvinnulífi með fulltrúum launafólks í stjórnnum fyrirtækja.
- Þjóðhagslegar greiningar á áhrifum loftslags- og tæknibreytinga á mismunandi hópa samfélagsins, svæði og atvinnugreinar liggja til grundvallar opinberri stefnumótun.

- Ráðist verði í gerð atvinnu- og fjárfestingarstefnu um uppbyggingu atvinnulífs og sköpun fjölbreyttra, góðra, grænna starfa sem standa undir góðum lífsskjörum.
- Góð græn störf eru störf sem:
Stuðla að verndun eða endurheimt umhverfisgæða.
Bjóða upp á öruggar, heilbrigðar og mannsæmandi vinnuaðstæður.
Eru launuð með sanngjörnum hætti og veita launafólki félagslega vernd.
Veita jöfn tækifæri og styrkja og efla velferð og jafnrétti.

Fjárfesting, uppbygging innviða og orkuskipti

- Fjárfesting og nýsköpun verði stórefld og skapaðir verði hvatar til að fjölga vel launuðum störfum þar sem verðmætasköpun felst í tækni, hugviti og þekkingu sem byggir á endurnýtingu, endurvinnslu, fullnýtingu og fullvinnslu hráefna.
- Ný tækni og breytingar á atvinnuháttum verði á forsendum launafólks og tækifæri sem í þeim felast verði nýtt til að bæta lífsskjör, stytta vinnutíma og til að samræma betur atvinnuþátttöku og einkalíf. Launafólk njóti ávinnings af hagræðingu vegna breytinga á atvinnuháttum og vinnuumhverfi.
- Grunnþjónusta og samfélagslegir innviðir verði ávallt í almannaeigu. Fjárfesting innviða, svo sem í samgöngum, fjarskiptum og á afhendingu raforku verði gerð með opinberum fjármunum með það að markmiði að stórefla uppbyggingu um land allt. Innviðauppbygging styðji viðgræna atvinnusköpun, velferð og lífsgæði almennings.
- Orkuskiptum, uppbyggingu almenningssamgangna og innviða fyrir virka ferðamáta verði hraðað. Almenningsamgöngur verði bættar til muna þannig að þær verði raunhæfur og hagkvæmur valkostur.

Loftslagsaðgerðir og hagræn stjórntæki

- Loftslagsaðgerðir dragi úr félagslegu óréttlæti, stuðli að auknum jöfnuði og feli í sér bætt lífsskjör og tækifæri fyrir launafólk og almenning.
- Skattkerfinu verði beitt til að draga úr neikvæðum ytri áhrifum af efnahagsstarfsemi og vinna að markmiðum í loftslagsmálum.
- Skattlagning á útlosun gróðurhúsalofttegunda nái til allrar uppsprettu útlosunar í atvinnustarfsemi.
- Gagnsæi ríki um þær forsendur sem liggja að baki stefnumótun hins opinbera í loftslagsmálum, um beitingu stjórntækja hins opinbera í loftslagsmálum og þær fjármagnstilfærslur sem af þeim leiða.

Fræðsla

- Auka fræðslu um loftslagsbreytingar og áhrif þeirra á vinnumarkað, menntun og samfélag.

Losun gróðurhúsalofttegunda heldur áfram að aukast

Þrátt fyrir að fyrsta aðgerðaráætlun Íslands í loftslagsmálum hafi litið dagsins ljós árið 2018 (endurútgefin og uppfærð árið 2021) sem feli í sér markmið um 35% samdrátt í losun frá árinu 2005 heldur losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi áfram að aukast. Umhverfisstofnun birtir árlega landsskýrslu um losun gróðurhúsalofttegunda og samkvæmt henni jókst losun gróðurhúsalofttegunda milli áranna 2020 og 2021 og hefur losun því aukist um 5% frá árinu 1990, sem er það ár sem miðað er við í sameiginlegu markmiði Evrópuríkja um 40% samdrátt gróðurhúsalofttegunda fyrir árið 2030. Markmið Íslands eru enn háleitari markmið og stefna að 55% samdrætti gróðurhúsalofttegunda miðað við árið 1990 til ársins 2030.

Í skýrslu Milliríkjaneftdar Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (IPCC) sem kynnt var á vormánuðum 2023 kemur fram að draga þurfi úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda í heiminum um helming fyrir árið 2030, eða innan 7 ára, ella muni líf á jörðu verða fyrir óbætanlegum áhrifum sem munu vara næstu árhundruðin eða árþúsundin. Hitabylgjur hafa riðið yfir mörg lönd heimsins á sumarmánuðum 2023 með tilheyrandi skógareldum og hörmungum og var júlímánuður heitasti mánuður frá upphafi mælinga samkvæmt gögnum Kópernikusar, loftslagsstofnunar Evrópusambandsins. Þá hefur hitastig sjávar aldrei mælst hærra en á þessu ári.

Könnun um viðhorf Íslendinga til umhverfismála, sem var hluti af skýrslu sem gefin var út í febrúar 2023, sýnir að Íslendingar hafi vaxandi áhyggjur af loftslagsmálum og að Íslendingar séu tilbúnir til að styðja afgerandi aðgerðir til að stemma stigu við hamfarahlýnun. Ríflega 80% landsmanna telja að aðgerðirnar muni skapa kynslóðum betra líf. Mun færri eru á því að loftslagsaðgerðir muni hafa neikvæð áhrif. Könnunin er hluti af Alþjóðlegu viðhorfakönnuninni (International Social Survey Programme, ISSP) sem framkvæmd er reglulega í mörgum löndum um hin ýmsu málefni.

Loftslagsaðgerðir stjórnvalda og réttlát umskipti

Aðgerðaráætlun Íslands í loftslagsmálum felur í sér margvíslegar aðgerðir sem beinast að ýmsum atvinnugreinum og uppsprettum útlosunar. Þá fela þær í sér margvíslega beitingu stjórntækja, allt frá beitingu hagrænna stjórntækja í formi skatta og ívilnana yfir í laga- og reglusetningu.

Í útgáfu Vinnunnar árið 2023, tímarits Alþýðusambands Íslands, var fjallað um áherslur íslenskra stjórnvalda í loftslagsmálum í samhengi við réttlát umskipti. Þar var farið yfir að þrátt fyrir að 90% losunar gróðurhúsalofttegunda komi frá íslensku atvinnulífi en einungis 10% frá heimilum, borga heimilin meirihluta umhverfisskatta. Á sama tíma er stórum mengandi atvinnugreinum eins og sjávarútvegi og álframleiðslu hlíft við gjaldheimtu. Ef

áherslur stjórnvalda í loftslagsmálum eru rýndar má sjá að loftslagsaðgerðir í samgöngum eru fyrirferðarmestar ef litið er til fjölda aðgerða og þess fjármagns sem varið er í þær. Áherslur stjórnvalda á að draga úr losun frá samgöngum birtist einnig í gjaldtöku og skattheimtu á þessa uppsprettu útlosunar.

Íslensk stjórnvöld hafa lagt mikla áherslu á beitingu hagrænna stjórtækja í formi fjárhagslegra hvata og lata eins og ívilnana og skattheimtu til að ná sínum markmiðum um samdrátt í losun frá samgöngum. Það birtist m.a. í mynduglegum stuðningi við kaup á raf- og tengiltvinnbílum síðastliðinn áratug með niðurfellingu á virðisaukaskatti við innflutning og fyrstu kaup á slíkum bílum. Ívilnanirnar nema 34 milljörðum frá árinu 2012. Ívilnanirnar gagnast þó helst efnameira fólki sem var meðal niðurstaðna skýrslu Hagfræðistofnunar frá árinu 2022 þar sem rannsakað var hverjir njóta mests ábata af loftslagsaðgerðum og hverjir bera mestan kostnað.

Loftslagsaðgerðum sem gagnast hinum efnameiri hefur því verið forgangsraðað á meðan aðgerðir sem tekjulægri hópar njóta frekar ávinnings af, eins og almenningsamgöngur, sitja á hakanum. Uppbygging Borgarlínu hefur tafist og er ekki enn hafin og á þá hefur þjónusta Strætó ítrekað verið skert og gjaldskrár verið hækkaðar til að mæta hagræðingarkröfu. Í lok september 2022 var tilkynnt að gjaldskrá Strætó myndi hækka um 12,5% til að mæta kostnaðar- og verðhækkunum. Hækkuninni væri ætlað að draga úr þörf á frekari hagræðingu í leiðarkerfi Strætó á höfuðborgarsvæðinu. Pungur rekstur Strætó hefur lengi verið til umræðu í samfélaginu og hafa ítrekað borist fréttir af bágrí fjárhagsstöðu félagsins og gjaldskrárhækkunum Strætó. Um þetta fjallaði Alþýðusambandið í september 2022 þar sem bent var á að stjórnvöld hefðu veitt 9 milljörðum í skattaívilnanir vegna vistvænna ökutækja árið 2021 en framlag ríkisins til Strætó hefði einungis numið einum milljarði sama ár. Þá var bent á að forgangsroðun sem þessi gerði það að verkum að loftslagsaðgerðir nýttust frekar þeim efnameiri og stuðlaði þannig að ójöfnuði. Þá fæli engin loftslagsaðgerð í sér jafnmikinn kostnað og ívilnanir vegna nýorkubíla, auk þess sem kolefnisfótspor rafbíla væri mun meira en kolefnisfótspor almenningsgangna. Aðgerðir stjórnvalda væru því ekki einungis óhagkvæmar og óskilvirkar heldur væru þær í andstöðu við réttlát umskipti.

Þá hefur Alþýðusamband Íslands einnig bent á að stór hluti almennings hafi ekki raunhæfan valkost við einkabílinn þegar kemur að því að velja sér ferðamáta. Það orsakast bæði af dreifðri byggð og skipulagi byggðar en einnig af því að almenningsamgöngur eru lélegar. Aðgerðir stjórnvalda sem feli í sér aukna skattheimtu og gjaldtöku af bifreiðum séu því einungis til þess fallnar að auka tekjur ríkissjóðs en hafi ekki tilætluð áhrif til breytingar á vali á ferðamáta. Það eigi sér í lagi við tekjulægri hópa sem hafi ekki efni á að skipta yfir í rafbíl ólíkt þeim efnameiri.

Í mars 2023 fjallaði fréttaskýringaþátturinn Kveikur á RÚV um aðgerðir stjórnvalda sem snúa að rafbílavæðingu og hve ójafnt ávinningur aðgerðanna dreifist milli tekjuhópa og landshluta. Í þættinum kom fram að gögn frá skattinum sýna að stærstur hluti ívilnana hefur runnið til tekjuhás fjölskyldufólks og fengu fjölskyldur í tekjuhæsta hópnum 30% af niðurgreiðslum en fjölskyldur í launalægsta hópnum 3%. Meðal einhleypa var skiptingin enn ójafnari og rann 50% ívilnana í þeim hópi til tekjuhæsta hópsins en 1% til tekjulægsta hópsins. Þá skiptast ívilnanirnar mjög ójafnt niður á landsvæði og eru íbúar í dreifbýli ólíklegri til að njóta þeirra á meðan tekjuhæstu sveitarfélögin, Garðabær og Seltjarnarnes, eru með flesta rafbíla á hverja 100 íbúa.

Í fjárlögum ríkisstjórnarinnar fyrir árið 2023 birtust einnig tekjuöflunaraðgerðir sem eru í andstöðu við réttlát umskipti. Þar var áhersla lögð á hækkan krónutölugjalda og álagningu nefskatta og aukna skattlagningu á ökutæki og notkun bifreiða. Tekjuöflunaraðgerðir sem þessar koma sérstaklega illa niður á tekjulægri fólki sem hefur takmarkaða möguleika til að breyta hegðun sinni til að forðast skattheimtuna. Skattheimtu sem þessa verður einnig að setja í samhengi við þær tekjuöflunaraðgerðir sem stjórnvöld ákveða að ráðast ekki í sem snúa að fjármagnseigendum og stórum atvinnuvegum sem og þá verðbólgu sem er til staðar í samfélaginu sem bitnar helst á tekjulægri hópnum. Réttlát umskipti fela í sér að dreifa byrðum og ávinningi af loftslagsbreytingum með sanngjörnum hætti og lágmarka neikvæð áhrif breytinganna á launafólk. Áherslur stjórnvalda hafa þveröfug áhrif og fela ekki í sér réttlát umskipti þrátt fyrir að í ríkisstjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar sé kveðið á um að réttlát umskipti skulu vera leiðarstef í yfirstandandi umbreytingum vegna loftslags- og tæknibreytinga. Nánari umfjöllun um fjárlagafrumvarpið og þær áherslur sem þar birtast má finna í kafla um Verðlagseftirlit ASÍ.

Réttlát umskipti á loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna

Réttlát umskipti voru í kastljósinu á loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna, COP27, sem haldin var í nóvember 2022. Á ráðstefnunni náðist samkomulag um loftslagsbótasjóð til að bæta tjón fátækari ríkja heims sem hafa orðið illa úti vegna loftslagsbreytinga. Stofnun sjóðsins markar ákveðin tímamót en aldrei áður hefur tjón vegna loftslagsbreytinga verið á dagskrá funda sem þessa og felur samkomulagið í sér mikilvæga viðurkenningu á að réttlát umskipti skuli vera þjóðum heims leiðarljós. Á ráðstefnunni var réttlátum umskiptum einnig úthlutaður sérstakur skáli þar sem Alþjóðavinnuumálastofnunin (ILO) í samstarfi við aðrar stofnanir stóð fyrir þekkingarmiðlun, fundum og viðburðum tengdum málefnum.

Norrænt samstarf um réttlát umskipti

Á liðnu ári hefur farið fram umfangsmikið samstarf milli Norðurlandanna um réttlát græn umskipti sem ASÍ hefur tekið þátt í. Ísland gegnir formennsku í Norrænu ráðherranefndinni árið 2023 en Norræna ráðherranefndin er opinber samstarfsvettvangur norrænu ríkjanna. Auk þess að vinna að áherslusviðunum þremur í framkvæmdaáætlun nefndarinnar um græn, samkeppnishæf og félagslega sjálfbær Norðurlönd munu málefni hafsins og græn umbreyting í nýtingu á auðlindum fá sérstaka athygli á formennskutíma Íslands. Sérstök áhersla er á nána samvinnu innan Norðurlanda í loftslagsmálum, ekki síst á sviði orkuskipta og réttláttra grænna umskipta, þar með talið á vinnumarkaði.

Þann 1. desember 2023 verður fundur haldinn í Reykjavík með ráðherrum Norðurlandanna, fulltrúum verkalyðshreyfinga á Norðurlöndunum og fulltrúum frá samtökum atvinnulífsins á Norðurlöndunum. Á fundinum verða kerfisbreytingar á vinnumarkaði í kjölfar grænna umskipta ræddar og hvernig stuðla megi að réttlátum umskiptum. Alþýðusamband Íslands hefur á liðnu starfsári tekið þátt í undirbúningi fundarins ásamt fulltrúum atvinnulífsins og stjórnvalda.

ASÍ sótti einnig vinnufund í Kaupmannahöfn um réttlát umskipti sem haldinn var af NFS. Markmiðið með fundinum var að ræða réttlát umskipti í samhengi við norræna vinnumarkaðsmódelið, norrænt samstarf um loftslagsmál auk þess sem efni fundarins í desember var rætt og hvað gæti komið út úr honum.

Sjálfbærni ráð og Grænbók um sjálfbærni

Þann 1. desember 2022 var stofnfundur Sjálfbærni ráðs haldinn og á sama tíma var samstarfsvettvangnum Sjálfbæru Íslandi ýtt úr vör. Sjálfbærni ráð er skipað forsætisráðherra sem er einnig formaður ráðsins, öðrum ráðherrum auk fulltrúum sveitarfélaganna, Alþingis, aðila vinnumarkaðar og frjálsra félagasamtaka. ASÍ á þrjá fulltrúa í Sjálfbærni ráði.

Sjálfbært Ísland er samstarfsvettvangur um sjálfbæra þróun en hlutverk hans er að hraða aðgerðum til að ná markmiðum um sjálfbærni eins og þau birtast í heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og móta stefnu Íslands um sjálfbæra þróun auk þess að vinna að því að réttlát umskipti verði leiðarljós í stefnumótun og aðgerðum. Ráðið hittist nokkrum sinnum á starfsárinu á temafundum til að ræða lykilviðfangsefni sjálfbærrar þróunar en fundirnir voru hluti af samráðsferli stjórnvalda vegna gerðar Grænbókar um sjálfbæra þróun.

Auk þess að taka þátt í þessari málefnavinnu skilaði ASÍ inn umsögn um Grænbókina þegar hún fór í samráðsgátt stjórnvalda. ASÍ skilaði bæði inn sameiginlegum kafla um réttlát umskipti ásamt öðrum heildarsamtökum launafólks, BSRB, BHM og KÍ og sér kafla þar sem farið er yfir áherslur ASÍ í tengslum við markmið um sjálfbærni og réttlát umskipti.

Uppgjör Loftslagsráðs í lok skipunartíma þess

Loftslagsráð hefur það meginhlutverk að veita stjórnvöldum aðhald og ráðgjöf um stefnumarkandi ákvarðanir og markmið Íslands sem tengjast loftslagsmálum. Loftslagsráð er skipað samkvæmt lögum um loftslagsmál nr. 2012/70. Í ráðinu sitja fulltrúar atvinnulífsins, háskólasamfélagsins, sveitarfélaga og umhverfissamtaka auk fulltrúa ungs fólks og þá situr fulltrúi frá Alþýðusambandi Íslands í ráðinu.

Loftslagsráð var skipað árið 2019 til fjögurra ára í senn og lýkur skipunartíma þess því árið 2023. Af því tilefni gaf ráðið út uppgjör þar sem það lagði mat á árangur af aðgerðum til að stemma stigu við loftslagsvá hérlandis síðustu fjögur árin. Í uppgjörinu kemur fram að Ísland sé í hópi þeirra ríkja sem hafa losað hvað mest magn gróðurhúsalofttegunda á mann frá árinu 1990, sem er viðtekið viðmiðunarár.

Við blasi að aðgerðir stjórnvalda hafi ekki skilað tilætluðum árangri og þó samdráttur í losun gróðurhúsalofttegunda hafi náðst á einhverjum sviðum hafi heildarlosun aukist. Markviss loftslagsstefna með tímasettum, mælanlegum markmiðum liggi ekki enn fyrir og að brýnt sé að kjörnir fulltrúar axli samábyrgð sína af mun meiri alvöru og þunga en nú er.

Í uppgjörinu leggur ráðið fram sex brýnustu aðgerðirnar fyrir stjórnvöld til að ná árangri;

- 1) Að móta markvissa loftslagsstefnu með tímasettum og mælanlegum markmiðum
- 2) Að stórefla og styrkja stjórnsýslu loftslagsmála á landsvísu og í sveitarfélögum
- 3) Að skerpa aðgerðir stjórnvalda og beita öllum stjórnþækjum skilvirkar til að ná markmiðum
- 4) Að nýta sérfræðipækkingu á breiðu sviði loftslagsmála við stefnumótun og eftirfylgni
- 5) Að virkja enn frekar getu stjórnvalda og atvinnulífs til að bregðast samtaka við loftslagsvánni
- 6) Að bæta verulega í rannsóknir og vöktun á losun frá landi til að undirbyggja ákvarðanir.

Í umfjöllun sinni um mótun markvissrar loftslagsstefnu leggur Loftslagsráð áherslu á að stefna stjórnvalda stuðli að réttlátum umskiptum. Nauðsynlegt sé að taka af alvöru á þessum mikilvæga grunnþætti í loftslagsstefnu og aðgerðaráætlunum enda séu réttlát umskipti forsenda þess að sátt náist um árangursríkar aðgerðir í loftslagsmálum.



Verðlagseftirlit ASÍ

Verðlagseftirlit ASÍ heyrir undir umhverfis- og neytendanefnd og hefur gert frá árinu 2021. Í þessum kafla er fjallað um þau mál umhverfis- og neytendanefndar sem snúa að verðlagseftirliti ASÍ og samkeppnis- og neytendamálum.

Verðlagseftirlit ASÍ er hluti af reglubundnu starfi skrifstofu Alþýðusambandsins og hefur það hlutverk að veita neytendum upplýsingar um verðlag og verðþróun á helstu neytendamörkuðum. Með því er fyrirtækjum og versunareigendum veitt aðhald sem í kjölfarið eykur samkeppni og kemur í geg fyrir óhóflegar verðhækkanir.

Verðlagseftirlitið leggur áherslu á að gera verðkannanir á þeirri vöru og þjónustu sem vegur hvað þýngst í bókhaldi heimilanna. Verðkannanir á matvöru eru því mikilvægur þáttur í starfsemi verðlagseftirlitsins. Aðrir útgjaldaliðir sem verðlagseftirlitið leggur áherslu á að kanna og skipta miklu í útgjöldum heimilanna eru t.d. bankakostnaður, tryggingar, síma- og internetkostnaður, opinber útgjöld eins og fasteignagjöld, dagvistunargjöld fyrir fríundaheimili, skólamatúr og leikskólagjöld.

Þær verðkannanir sem hafa verið gerðar síðastliðið ár, eða á tímabilinu 1. ágúst 2022 til 1. júlí 2023, eru eftirfarandi:

4 verðkannanir á matvöru í lágvöruverðsverslunum og stórmörkuðum

1 verðkönnun á jólamat

1 verðkönnun á páskaeggjum

1 samanburðarkönnun á vörukörfu ASÍ

1 úttekt á kostnaðarhækkunum heimilanna

1 verðkönnun á jólabókum

1 úttekt á þróun á kostnaði heimila vegna dreifingar á rafmagni 2018-2023

1 úttekt á frístundastyrkjum sveitarfélaganna

1 verðkönnun á nýjum og notuðum skólabókum

Úttekt á áhrif verðlagshækkana á mánaðarleg útgjöld heimilanna

2 úttektir á breytingum á gjöldum fyrir skóladagvistun og skólamat 2019-2022 og 2021-2022

Umfjöllun um verðhækkanir hjá Strætó

Vörukarfa ASÍ


Frá árinu 2008 hefur verðlagseftirlit ASÍ mælt reglulega vörukörfu ASÍ í öllum helstu matvöruverslunarkedjum landsins í þeim tilgangi að skoða hvernig verð þróast yfir tíma hjá einstaka verslunum. Vörukarfan á að endurspeglar innkaup meðalheimilis á öllum almennum matar- og drykkjarvörum, t.d. braudmeti, morgunkorni, pasta, kjöti, fiski, grænmeti, ávöxtum, pakkavörum, kaffi, gosi, safa, auk hreinlætis- og snyrtivara. Við samsetningu körfunnar eru hafðar til hliðsjónar vogir Hagstofunnar sem notaðar eru til útreiknings á vísitölu neysluverðs. Benda má á að hér eru einungis birtar upplýsingar um verðbreytingar í verslanakedjunum á milli verðmælinga, ekki er um beinan verðsamanburð að ræða.

Ein mæling á vörukörfunni var framkvæmd á liðnu starfsári. Mælingin náði yfir 6 mánaða tímabil, frá 2. viku í maí 2022 til 2. viku í september sama ár. Á því tímabili hækkaði verð í 4 verslunum af 8, um 0,4-4,6%. Verð lækkaði í fjórum verslunum um 1,5-3,9% en þær verslanir eiga það allar sameiginlegt að vera undir hatti verslunarkedjunnar Samkaupa.


Áhrif verðbólgu á útgjöld heimilanna

Í september 2022 gaf verðlagseftirlit ASÍ út samantekt og umfjöllun þar sem dæmi voru tekin um hvernig verðhækkanir á helstu kostnaðarliðum heimilanna (húsnæði, samgöngum, matvöru og heimilisbúnaði) birtust í mánaðarlegum útgjöldum hjá mismunandi heimilisgerðum. Markmiðið var að varpa ljósi á áhrif verðbólgunnar og vaxtahækkana á heimilin í aðdraganda kjarasamninga.


Á þessum tíma mældist verðbólgan á breiðum grunni. Verðhækkanir á



naudsynjavöru voru þó lang veigamestar sem kemur verst niður á lægri tekjuhópum og koma einnig í veg fyrir að fólk geti breytt um kauphegðun til að draga úr áhrifum verðbólgunnar á fjárhag heimilisins. Dæmi voru tekin um útgjaldaaukningu hjá þremur tegundum af heimilisgerðum; einstaklingi, fjölskyldu með tveimur fullorðnum og tveimur börnum (einu í grunnskóla og einu í leikskóla) og fjölskyldu með einu foreldri og tveimur börnum (einu í grunnskóla og einu í leikskóla). Dæmin sýndu mánaðarlega útgjaldaaukningu upp á 24.449 -51.558 kr. fyrir leigjendur, mismikla eftir fjölskyldustærð og 70.838 – 126.797 kr. útgjaldaaukningu fyrir húsnæðiseigendur.




Við áætlun á mánaðarlegum útgjöldum var stuðst við rannsókn Hagstofunnar á meðalneyslu og neysluviðmið stjórnvalda. Við mat á verðhækkunum á mismunandi útgjaldaliðum var miðað við breytingar á undirliðum vísitölu neysluverðs ágúst 2021–ágúst 2022. Við hækkun á húsnæðislánum var miðað við þrjár upphæðir á lánun með óverðtryggtum breytilegum vöxtum sem voru endurfjármögnuð í byrjun árs 2021. Við breytingar á leiguverði var miðað við þróun á leiguverði í Reykjavík á ákveðnum stærðum af íbúðum. Verðbreytingar á leikskólalþjónustu og skóladagvistun miðaðist við gjöld hjá Reykjavíkurborg.




Verðbólga

Verðbólga í júlí 2023 mældist 7,6% á ársgrundvelli. Verðhækkningar á nauðsynjavöru vógu áfram þungt í verðbólgunni á þessu ári þó verðbólgan mælist á breiðari grunni nú en síðustu ár. Verð á húsnæði hélt áfram að hækka og vegur húsnæðisliðurinn þyngst í ársverðbólgunni en á eftir húsnæði vega verðhækkningar á matvöru þyngst. Matvara heldur áfram að leiða verðhækkningar en ef lítið er til breytinga á vísitölu neysluverðs eftir uppruna má sjá að grænmeti (innlent og innflutt), búvara og innflutt mat- og drykkjarvara hefur hækkað mest í verði á árinu.

Verðhækkningar á ýmsum liðum undir liðnum „önnur þjónusta“ vegur einnig nokkuð þungt í verðbólgu ársins en meðal þess sem hefur áhrif þar eru verðhækkningar á flutningum og ferðum, veitingum, viðhaldi og viðgerðum á húsnæði, snyrtingu, hreinlætis- og snyrtivörum og tryggingum. Bensín lækkadi í verði á árinu eftir að hafa náð hámarki í júlí í fyrra. Þá hafði bensínverð hækkað um 49% frá því í byrjun faraldurs, frá febrúar 2020. Í júlí 2023 er bensínverð 34% hærra en í febrúar 2020.



Samfélagsumræðan á árinu litadist af hárrí verðbólgu, vaxtahækkunum, áhrifum kostnaðarhækkana á heimilin og aðgerðum eða aðgerðarleysi stjórnvalda við að milda höggið sem þessu fylgdi. Alþýðusamband Íslands gagnrýndi vaxtahækkanir Seðlabankans en ekki síður aðgerðarleysi stjórnvalda við að stemma stígu við vandanum. ASÍ kallaði eftir að stjórnvöld réðust í aðgerðir sem væru til þess fallnar að styðja við aðgerðir Seðlabankans og draga úr þörf á vaxtahækkunum og milda höggið á heimili landsins.



Stjórnvöld voru gagnrýnd harðlega fyrir að ýta undir verðbólgu með hækkunum á opinberum gjöldum í janúar sem vógu þungt í hækkun á vísitölu neysliverðs þann mánuðinn. Tekjuöflunaraðgerðir stjórnvalda sem birtust í fjárlögum fyrir árið 2023 fólust fyrst og fremst í hækkun á ýmsum nefsköttum, krónutölugjöldum og aukinni skattlagningu á ökutæki og notkun bifreiða. Meðal gjalda sem voru hækkuð voru áfengis-, tóbaks-, bensín-, olíu-, kolefnis-, bifreiða- og kílómetragjöld. Breytingunum var m.a. ætlað að breikka skattstofn af ökutækjum en tekjur ríkisins af bifreiðum og notkun þeirra hefur dregist saman síðustu ár vegna takmarkaðra tekna ríkissjóðs af vistvænum bílum auk þeirrar staðreyndar að bensín- og díselbílar eru orðnir sparneytnari sem hefur áhrif á tekjur af losun koltvísýrings.

Við útgáfu fjárlagafrumvarps í september 2022 gagnrýndi miðstjórn ASÍ fjárlagafrumvarp fjármálaráðherra harðlega og sagði að með frumvarpinu væri almenningur einn gerður ábyrgður fyrir vaxandi verðbólgu. Með frumvarpinu væri sú leið valin að auka skatta og álögur á almenning á sama tíma og nauðsynlegum innviðafjárfestingum væri frestað og niðurskurður aukinn í velferð og tilfærslu til heimila. Í stað þess að bæta afkomu heimilanna í verðbólguástandi fæli fjárlagafrumvarpið í sér flata skattlagningu sem komi verst niður á lægri tekjuhópum. Með frumvarpinu væri almenningur látinn greiða fyrir lækkun fjármagnstekjuskatts og bankaskatts sem ákveðin hefði verið í miðjum heimsfaraldri.

Í umsögn ASÍ um fjárlagafrumvarpið sagði að þær leiðir sem valdar væru til tekjuöflunar væru til þess fallnar að auka byrðar á launafólk. Ríkisstjórnin hefði val um að fara aðrar leiðir sem væru til þess fallnar að hlífa heimilum og færa byrðar á breiðustu bök samfélagsins, t.d. með hækkun veiðigjalda, álagningu komugjalda í ferðaþjónustu og réttlátari skattlagningu fjármagns.

Hagnaðar- eða launadrifin verðbólga?

Upptök verðbólgunnar og áhrifaþættir voru í brennidepli í samfélaginu á árinu sem leið. Ekki voru allir á sama máli um orsakir verðbólgunnar eða hvaða leiðir væru best til þess fallnar að draga úr henni þó flestir hafi verið sammála um að stjórnvöld gerðu ekki nóg til að draga úr henni. Umræða um ábyrgð fyrirtækja í samhengi við verðbólgu var fyrirferðarmikil en samhliða verðhækkunum hefur afkoma margra fyrirtækja, á þeim mörkuðum þar sem verðhækkunarir hafa verið miklar, verið góð og hefur hagnaður þeirra aukist.

Á starfsárinu sem leið benti ASÍ ítrekað á að það skjóti skökku við að forsvarsmenn fyrirtækja segi verðhækkunarir vera óumflýjanlegar á sama tíma og hagnaður aukist. Slík hegðun sé merki um að neytendur séu einir látnir bera byrðarnar af kostnaðarhækkunum. Sambærileg umræða hefur átt sér stað um allan heim og hefur verið rætt um hagnaðardrífna verðbólgu eða græðgis-

verðbólgu (e. greedflation) í því samhengi. Í kjölfar Covid-faraldursins höfðu ýmsir ytri þættir þau áhrif að framboð minnkaði á sama tíma og eftirspurn jókst. Í þessu umhverfi hafa fyrirtæki á fákeppnismörkuðum sem versla með nauðsynjavöru átt auðveldara með að velta kostnaðarhækkunum út í verðlag en ella. Þá hafa verðbólguvæntingar aukist sem aftur geta ýtt undir frekari verðhækkanir og stuðlað að þeirri hagnaðardrífnu verðbólgu sem er til staðar í íslensku samfélagi og víða um heim.

Umræða um hagnaðardrífna verðbólgu hefur náð mikilli útbreiðslu um allan heim og má segja að það sé orðið ríkjandi sjónarmið að hluti verðbólgunnar víða um heim megi rekja til hárra arðsemiskrafna fyrirtækja. Í rannsóknarriti Alþjóðdagjaldeyrissjóðsins segir að hagnaðaraukning skýri um helming af verðbólgu síðustu tveggja ára og að fyrirtæki muni þurfa að slá af arðsemiskröfum sínum og sætta sig við lægra hagnaðarhlutfall ef markmiðið sé að ná verðbólgunni niður í 2% árið 2025.

Fjölmargir hagfræðingar hafa tekið í sama streng auk seðlabankastjóra Evrópu, Christine Lagarde, sem hefur sagt að hagnaður fyrirtækja skýri 2/3 af verðbólgunni í Evrópu árið 2022. Þá hefur Lagarde kallað eftir að samkeppnisyfirvöld safni gögnum til að greina vandann. Stjórnvöld víða um heim hafa virkjað samkeppnisyfirvöld til að framkvæma greiningar á vandanum og skoða hvort og með hvaða hætti megi beita tólum samkeppninnar til að draga úr verðbólgu.

Ekki hafa allir tekið undir þessi sjónarmið og telja sumir, sér í lagi forsvarsmenn atvinnulífsins, að ábyrgðin liggja hjá launafólki og að launa-hækkanir og of lágt atvinnuleysi sé rót vandans. Forsvarsmenn í íslensku atvinnulífi hafa haldið sömu sjónarmiðum á lofti. Í mánaðaryfirliti ASÍ frá mars 2023 var fjallað um þróun launa og framleiðni í hagkerfinu. Þar kom m.a. fram að framleiðni hafi dregist saman um 2,1% árið 2022 og laun á vinnustund um 4,9%. Þá hafi hlutfall launa í hagkerfinu lækkað árið 2022 en hlutur fjármagns í hagkerfinu, þ.e. rekstrarafgangur sem hlutfall af verðmæta-sköpun, hafi aukist síðustu tvö ár. Nánari umfjöllun um greininguna má finna í kaflanum um efnahagsmál.

Greining Samkeppniseftirlitsins á áhrifum ytri aðstæðna á verðhækkanir

Í minnisblaði Samkeppniseftirlitsins til menningar- og viðskiptaráðherra, Lilju Daggar Alfreðsdóttur, frá í apríl 2022 segir að á mörkuðum þar sem virk samkeppni sé til staðar sé líklegra en ella að fyrirtæki séu knúin til að bregðast við verðhækkunum á aðföngum með því að hagræða í rekstri og auka skilvirkni. Á mörkuðum þar sem skortur sé á samkeppni eigi fyrirtæki aftur á móti auðveldara með að velta verðhækkunum yfir á neytendur og þá

sé hætta á að verðhækkningar gangi síður til baka í fákeppnisumhverfi þegar ytri aðstæður batni.

Með hliðsjón af þeim aðstæðum sem hafa skapast á mörkuðum í kjölfar Covid-faraldursins og þeirrar umræðu sem hefur átt sér stað um upptök verðbólgunnar, hóf Samkeppniseftirlitið upplýsingaöflun til að koma auga á mögulega samkeppnisbresti. Samkvæmt minnisblaðinu miðar upplýsingaöflun Samkeppniseftirlitsins að því að greina áhrif óhagstæðra ytri aðstæðna á verðhækkningar á lykilmörkuðum. Upplýsingaöflunin beindist að dagvörumarkaði, eldsneytismarkaði og sölu byggingarefnis.

Í janúar 2023 gaf Samkeppniseftirlitið út niðurstöður upplýsingaöflunarinnar og fjallaði verðlagseftirlitið um þær niðurstöður sem sneru að matvörumarkaðinum. Helstu niðurstöður upplýsingaöflunarinnar (þær sem snúa að dagvörumarkaðinum) voru þær að framlegð íslenskra dagvörusala jókst um 29% á árunum 2017-2021 en á sama tímabili jókst framlegð heildsala um 14%. Þá hækkðu framlegðarhlutföll dagvöruverslana af öllum dagvörum eftir að Covid-faraldurinn fór af stað. Framlegðarhlutfall er mæling sem er notuð til að reikna út hlutfall hagnaðar sem fyrirtæki skilar af heildartekjum sínum, því hærra framlegðarhlutfall, því meira stendur eftir til að greiða út í arð. Í samantekt Samkeppniseftirlitsins kom einnig fram að framlegðarhlutfall á íslenskum dagvörumarkaði væri hærra en meðaltal fyrirtækja í Vestur-Evrópu.

Í þeim hluta samantektar Samkeppniseftirlitsins sem sneri að byggingavörumarkaðinum kom fram að framlegð af alhliða byggingavöru og grófvöru hefði vaxið frá 2020 en framlegðarhlutföll hefðu lækkað. Þá hefði framlegð af timbri aukist umtalsvert eftir að Covid-faraldurinn hófst á meðan framlegð af einangrun og múrefni hefði haldist stöðug. Framlegð af timbri sé mikil en þróun á framlegð og framlegðarhlutföllum sé breytileg eftir tegundum grófvöru. Þá sé framlegðarhlutfall á byggingavörumarkaði lægra en meðaltal fyrirtækja í Vestur-Evrópu.

Í samantektinni kom fram að verðlag og álagning á eldsneytismarkaði sé há í alþjóðlegum samanburði en aukin samkeppni með innkomu Costco og hreyfingar Atlantsolíu og annarra fyrirtækja á eldsneytismarkaði hafi leitt til lægri álagningar á sumum svæðum. Í ályktunarhluta samantektar Samkeppniseftirlitsins segir að há verðlagning og álagning á dagvöru- og eldsneytismarkaði í alþjóðlegum samanburði vekji spurningar um hvort samkeppni á þessum mörkuðum sé nægjanleg.

Samkeppniseftirlitið hefur kallað eftir upplýsingum og sjónarmiðum frá hlutaðeigandi fyrirtækjum á þeim mörkuðum sem upplýsingaöflunin beindist að sem varpa frekara ljósi á þróun framlegðar og framlegðarhlutfalla. Einnig var óskað eftir ábendingum og sjónarmiðum um samkeppnishindranir af

hálfu stjórnvalda sem og varðandi áherslur og forgangsöröðun í verkefnum Samkeppniseftirlitsins á næstu misserum vegna þeirra efnahagsaðstæðna sem nú ríkjá.

Skipun starfshóps um skipulag samkeppnis- og neytendamála

Í ágúst 2022 skipaði Lilja Dögg Alfreðsdóttir menningar- og viðskiptaráðherra starfshóp sem falið var að skoða breytingu á stofnanaumgjörð samkeppnis- og neytendamála á Íslandi. Starfshópurinn skipa þrjár einstaklingar; Þorgeir Örlygsson, fyrrverandi forseti Hæstaréttar, formaður, Angantýr Einarsson, framkvæmdastjóri stjórnarsýslu- og fjármálasviðs Vestmannaeyja, og Svanhildur Hólm Valsdóttir, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands.

Alþýðusamband Íslands gagnrýndi í yfirlýsingu að launafólk eigi ekki fulltrúa í starfshópnum og sagði engin rök hníga að því að fulltrúi fyrirtækja eigi sæti í slíkum starfshópi en launafólk sé látið sitja hjá. Alþýðusambandið fagnar því að gera eigi beturbætur á stofnanaumhverfi samkeppnis- og neytendamála enda felist ríkir almannahagsmunir og kjarabætur í stofnanaumhverfi sem ýtir undir virka samkeppni og öfluga neytendavernd. Launafólk eigi því mikilla hagsmuna að gæta og það skjóti því skökku við að fyrirtæki séu höfð með í ráðum við mótun tillagna um almannahag en launafólk sé víðs fjarri. Stjórn Neytendasamtakanna tók í sama streng og sagði óásættanlegt að fulltrúi atvinnulífs fái sæti í nefndinni en horft sé fram hjá neytendum líkt og samkeppnis- og neytendamál komi þeim ekki við.

Skýrsla Ríkisendurskoðunar um starfsemi Samkeppniseftirlitsins

Töluverður styr hefur staðið um starfsemi Samkeppniseftirlitsins og lagði hópur þingmanna fram beiðni um skýrslu frá ríkisendurskoðanda um starfsemi Samkeppniseftirlitsins á 151. löggjafarþingi, í maí 2021. Í beiðninni var óskað eftir að atriði sem snúa að fjölda og afdrifum samrunamála, heimild Samkeppniseftirlitsins til að óska eftir samrunatilkynningum, skipun óháðra kunnáttumanna og eftirlitsaðila málsmeðferðar yrðu skoðuð og lagt yrði mat á áhrif og árangur ákvarðana Samkeppniseftirlitsins.

Í ágúst 2022 kom skýrsla Ríkisendurskoðunar út en þar kemur m.a. fram að ekki verði séð að málsmeðferðartími samrunamála hafi verið óeðlilega langur eða viðvarandi veikleikar í afgreiðslu þeirra hafi grafið undan skilvirkni, árangri og hagkvæmni starfseminnar. Í svörum Samkeppniseftirlitsins við efni skýrslunnar kemur fram að sá forgangur sem Samkeppniseftirlitinu sé skylt að lögum að gefa samrunaefntirliti hafi sett annari starfsemi þröngar skorður. Umfang samrunamála sé slíkt að stofnunin eigi í erfiðleikum með

að uppfylla lögbundið hlutverk sitt og að mikil forgangsroðun komi niður á verkefni sem felast í frumkvæðisrannsóknum og rannsóknum á aðstæðum á markaði. Slíkar rannsóknir séu þó nauðsynlegar til að veita aðhald á markaði og koma í veg fyrir möguleg brot. Alþýðusamband Íslands hefur lagt áherslu á að nauðsynlegt sé að styrkja og efla samkeppniseftirlit enda stuðli virk samkeppni að auknum kaupmætti launa og fjölgun starfa, íslensku launafólki í hag.

Skipun stýrihóps um gjaldtöku og arðsemi bankanna

Umræða um arðsemi og hagnað íslensku bankanna í samhengi við hátt vaxtastig, gjaldtöku og fákeppni var ofarlega á baugi á árinu sem leið. Í júní 2022 skipaði Lilja Dögg Alfreðsdóttir menningar- og viðskiptaráðherra vinnuhóp til að greina gjaldtöku og arðsemi viðskiptabankanna þriggja. Í tilkynningu frá menningar- og viðskiptaráðuneytinu í tilefni af skipun vinnuhópsins sagði að brýnt væri að hlutur þjónustu- og vaxtagjalda, vaxtamunar og annarra þóknana og gjaldtöku af viðskiptavinum í arðsemi bankanna væri greindur og skoðað yrði hvort íslensk heimili greiði meira í almenna viðskiptabankaþjónustu en heimili á hinum Norðurlöndunum.

Í vinnuhópinn voru skipaðir fulltrúar tilnefndir af Hagfræðistofnun HÍ, Neytendasamtökunum, ASÍ, Samtökum fjármálafyrirtækja og fjármála- og efnahagsráðherra. Formaður hópsins var tilnefndur af menningar- og viðskiptaráðherra. Hlutverk hópsins var að greina hlut þjónustu- og vaxtagjalda, vaxtamunar og annarra þóknana og gjaldtöku af viðskiptavinum í arðsemi bankanna og bera saman við gjaldtöku viðskiptabankanna á hinum Norðurlöndum. Vinna við skýrsluna fór fram á vormánuðum 2023 og áætlað er að hún komi út í byrjun hausts.



Félags- og vinnumarkaðsmál

Stjórn Vinnumálastofnunar

Lögum skv. tilnefni ASÍ tvo af nýu fulltrúum í stjórn Vinnumálastofnunar. Frá árinu 2022 hafa þau sæti skipað Halldór Oddsson, sviðsstjóri á skrifstofu ASÍ, og Guðbjörg Kristmundsdóttir, varaformaður SGS.

Stjórn Vinnumálastofnunar skal hafa eftirlit með rekstri og starfsemi stofnunarinnar. Stjórninni er meðal annars ætlað að fjalla um og samþykkja starfs- og fjárhagsáætlun stofnunarinnar sem forstjóri leggur fyrir hana eigi síðar en í desember vegna komandi rekstrarárs. Enn fremur skal hún árlega leggja fram tillögur til stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs um fjármagn til greiðslu atvinnuleysisbóta og umsýslu Vinnumálastofnunar fyrir sjóðinn samkvæmt þjónustusamningi. Stjórn stofnunarinnar skal jafnframt annast faglega stefnumótun á sviði vinnumarkaðsaðgerða og gera félagsmálaráðherra grein fyrir atvinnuástandi og árangri vinnumarkaðsaðgerða í skýrslu í lok hvers árs. Skal stjórnin hafa reglulegt samráð við vinnumarkaðsráðin, sbr. 6. gr., við mat á atvinnuástandi á hverju svæði.

Nefnd um heildarendurskoðun laga um atvinnuleysistryggingar

Síðan í upphafi árs 2022 hefur nefnd verið að störfum um heildarendurskoðun á lögnum. ASÍ hefur lagt til ýmsar breytingar sem miða að því að færa regluverkið meira til móts við þarfir einstaklinga á vinnumarkaði í dag. Þegar þetta er ritað þá sér fyrir endann á þeirri vinnu þar sem ýmislegt hefur áunnist sem eigi að tryggja betur skýrleika og virkni laganna. Ekki er endanlega ljóst hvort eða hvenær frumvarp verður lagt fram. Halldór Oddsson sviðsstjóri sat fyrir ASÍ í starfshópnum.

Samspil dvalar- og atvinnuleyfis borgara utan EES

Málefni svokallaðra 3. ríkis borgara á vinnumarkaði, þ.e. borgara frá löndum utan EES, voru töluvert til umfjöllunar á starfsárinu. Þar spilar inn í fjöldaflótti frá Úkraínu vegna innrásar Rússa í landið en einnig varð fjölgun í útgefnum sérfræðingaleyfum og leyfum vegna fjölskyldusameiningar. Mikil umræða fer fram þessi misserin í evrópsku verkalyðshreyfingunni um hvernig má verja réttindi 3. ríkis borgara á evrópskum vinnumarkaði sem starfa á tímabundnum atvinnuleyfum, en víða um Evrópu er fyrirséð fjölgun í þeim hópi, ekki síst vegna útbreidds skorts á starfsfólki í mörgum greinum.

Afstaða ASÍ hefur verið sú að töluvert þurfi að bæta það kerfi sem nú er í gildi um atvinnuréttindi fólks frá löndum utan EES. Vísbendingar úr vinnustaðaeftirliti ASÍ og stéttarfélaganna gefa tilefni til að hafa áhyggjur af stöðu þessa hóps á íslenskum vinnumarkaði og verstu misneytingarmálin sem koma inn á borð ASÍ snúa oftast en ekki að svokölluðum 3. ríkis borgurum sem starfa hér á landi á tímabundnu atvinnuleyfi.

Snemma árs 2023 var skipaður starfshópur þvert á ráðuneyti um atvinnuréttindi útlendinga utan EES sem skal skila af sér niðurstöðum þann 15. febrúar nk. Byggir skipun hópsins fyrst og fremst á stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar. Jafnframt var á haustmánuðum 2022 lagt fram frumvarp sem innifól m.a. breytingar á umsóknarferlinu á þann hátt að skylda til að leita umsagnar stéttarfélags yrði breytt í heimild til að leita umsagnar (sjá frumvarp og sérstaklega umsögn ASÍ). Umrætt frumvarp hefur þó enn sem komið er ekki ratað inn á þing en ASÍ andmælti breytingunum undir þeim formerkjum að slík breyting væri ábyrgðarlaus sem slík án heildrænnar skoðunar á málaflokknum.

ASÍ átti í töluverðu samráði við ofangreindan starfshóp og haldnir voru nokkrir fundir þar sem ASÍ lýsti áhyggjum sínum af berskjaldaðri stöðu starfsfólks frá löndum utan EES gagnvart atvinnurekanda sínum. Einstaklingar frá þriðja ríki sem dvelja hér á grundvelli atvinnu eiga á hættu að vera vísað úr landi ef þeir missa vinnuna og eru í sumum tilfellum líklegri til að sætta sig við slæmar aðstæður þar sem jafnvel slæmar aðstæður geta verið skárrí en aðstæðurnar sem fólk kemur úr í heimalandinu. Í þeim málum er varða alvarlega misneytingu 3. ríkis borgara sem hafa komið á borð ASÍ undanfarin misseri hefur atvinnurekandi nánast undantekningarlaust beitt hótunum um brottvísun gagnvart þöndunum.

ASÍ afhenti starfshópnum minnisblað með eftirfarandi tillögum að bættu kerfi utan um atvinnuréttindi 3. ríkis borgara:

- Sé umsagnarskylda fjarlægð þarf að tryggja að stéttarfélög fái áfram upplýsingar um nöfn þeirra sem hingað koma utan EES að vinna sem og nöfn þeirra atvinnurekanda og starfsstöðvar. Tilkynningarskyldan um slíkt þarf

að mati undirritaðra að vera til viðeigandi stjórnvalds sem aftur svo miðlar upplýsingum til hlutaðeigandi stéttarfélags.

- Viðeigandi stjórnvald þarf að hafa fullnægjandi og skýrar vald- og þvingunarheimildir til að geta beitt sér. Nærtækast hvað það varðar er að líta til skýrra vald- og eftirlitsheimilda sem stofnunin hefur á grundvelli laga nr. 45/2007 um útsenda starfsmenn annars vegar og laga nr. 139/2005 um starfsmannaleigur hins vegar. Umræddar heimildir byggja á þeirri staðreynd að verndarandlag laganna eru einstaklingar sem eru í veikri stöðu á íslenskum vinnumarkaði og vart hægt að treysta á að lausn á málum sem upp komi byggist á vinnu stéttarfélags á grundvelli umboðs frá viðkomandi. Sjónarmið sem að mati ASÍ eiga algjörlega við um fólk sem kemur hingað til lands að vinna á tímabundnu leyfi, sérstaklega einstaklingar sem koma frá löndum sem eru í mun verri efnahagslegri stöðu en Ísland.
- Viðeigandi stjórnvald þarf að hafa skýrar heimildir til að fjarlægja einstaklinga úr slæmu ráðningarsambandi, eftir atvikum bæta þeim upp vinnutap og í kjölfarið tryggja þeim aðstoð við að finna nýja vinnu og eftir atvikum húsnæði.
- Skoðað verði alvarlega hvort svokallaðar „whistleblower“-reglur geti átt við. Það er að einstaklingur sem er hér á landi á tímabundnu atvinnuleyfi segir til atvinnurekanda sem er að brjóta á honum verði t.a.m. tryggt ótímabundið atvinnuleyfi.
- Viðeigandi stjórnvald fái skýrar heimildir til að leggja mat á þann atvinnurekanda sem utan EES borgarinn starfar hjá og jafnframt heimild til að útiloka tiltekna atvinnurekendur frá því að ráða til sín borgara utan EES. Í samhengi við þetta mætti jafnframt skoða að einhvers konar hæfisreglur sem taki mið af rekstrarstöðu, viðskiptasögu og slíku geti átt við um heimild til að ráða einstaklinga utan EES til vinnu. Hvað þetta varðar er hægt að horfa til hæfisreglna sem finna má í lögum um opinber innkaup nr. 152/2016 (VI. kafli).
- Atvinnurekandi skili upplýsingum til viðeigandi stjórnvalds ef hann er sjálfur eða tengdur aðili leigusali launamanns sem kemur utan EES.
- Áfram þarf sú regla að vera til staðar að starfsmannaleigur geti ekki ráðið til sín 3. ríkis borgara á tímabundnu atvinnuleyfi.
- Tryggja þarf skýra heimild í lögum fyrir hlutaðeigandi stofnanir til að kalla eftir og deila upplýsingum (samningar, launaseðlar, tímaskriftir) með viðeigandi stéttarfélögum og/eða vinnustaðaeftirliti ASÍ.
- Óumdeild heimild fyrir VMST til að eiga áfram samráð við hlutaðeigandi stéttarfélög.
- Samhliða framangreindu verði tryggt útvíkkun á samkomulagi ASÍ og SA

um vinnustaðaeftirlit á þann hátt að allar (sem flestar) starfsgreinar séu þar inni.

Framangreindum sjónarmiðum var með reglubundnum hætti haldið fram af fulltrúum ASÍ í umsögnum, í samtölum við þar til bær stjórnvöld o.s.frv. en málefni þessu tengdu voru mjög í brennidepli á liðnu starfsári eins og t.d. þingmálaskrá og umsagnir ASÍ bera með sér.

Starfsemi flugfélagsins PLAY og Íslenska flugstéttarfélagið

Frá stofnun flugfélagsins Play árið 2019 hefur verið í gangi kjaradeila á milli þess og Flugfreyjufélags Íslands (FFÍ). Talsvert hefur verið fjallað um forsögu málsins sem er sú að áður en Play hóf störf hafði verið gengið frá einhvers konar kjarasamningi við félag sem kallar sig Íslenska flugstéttarfélagið sem kveðst vera frjálst og sjálfstætt stéttarfélag. Um þetta verklag og atburðarás hefur miðstjórn, forsetar og FFÍ mikið fjallað undanfarin ár sem ekki er þörf á að ítreka hér sérstaklega.

Ljóst er miðað við þann fjölda erinda sem FFÍ, ASÍ og tengd félög fá frá starfsfólki að víða er pottur brotinn í málefnum starfsfólks Play.

Þrátt fyrir kröfur og áskoranir frá FFÍ hefur Play þráfaldlega hafnað því að ganga til kjarasamningsviðræðna við frjáls og óháð stéttarfélög á Íslandi en ljóst er þó m.v. framangreint að þetta ástand getur ekki varað óbreytt mikið lengur. ASÍ og aðildarfélög munu áfram halda kröfum sínum fram um kjarasamning og raunverulega vernd og mannsæmandi kjör fyrir sína umbjóðendur hjá Play, enda hafi dæmin sýnt sbr. framangreind umfjöllun að öll þau viðvörðunarorð sem höfð voru uppi er deilan stóð sem hæst áttu fyllilega rétt á sér.

Ábyrgðasjóður launa

Í samræmi við viðeigandi lög hefur ASÍ tilnefnt sinn fulltrúa í stjórn Ábyrgðasjóðs launa en sjóðurinn ábyrgist greiðslu vinnulauna og líffeyrissjóðsiðgjalda í tilvikum gjaldþrota. Sjóðurinn er og verður áfram mikilvægt öryggisnet einstaklinga á vinnumarkaði og mikilvægi sjóðsins hefur margsannað sig, enda hafa greiðslur úr honum bætt eða takmarkað tjón fjölda launafólks sem ella hefði tapað launum sínum og réttindum vegna gjaldþrots atvinnurekanda. Er rétt að nefna í því samhengi mikilvægi hækkunarinnar á hámarksgreiðslum sem kom til með lagabreytingu sumarið 2018 en fram að því hafði hámarkið staðið í stað um árabíl með tilheyrandi tjóni fyrir stóran hóp launafólks sem leita þurfti til sjóðsins. Þrátt fyrir ítrekaðar ábendingar og kröfur á hendur stjórnvöldum um breytingu á hámarksfjárhæðum sem ættu að haldast í hendur við launaþróun í landinu þá hefur ekki orðið breyting síðan 2018. Að mati ASÍ er margt sem bendir til þess að lögin og regluverkið í kringum Ábyrgðasjóð

sé komið til ára sinna og viðbúið að vinna við heildarendurskoðun laganna hefjist fljótlega.

Halldór Oddsson, lögmaður á skrifstofu ASÍ, er tilnefndur af ASÍ í stjórn sjóðsins.

Persónuvernd og ASÍ

Frá því að reglugerð ESB um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga (EU 2016/679 – General Data Protection Regulation „GDPR“) var samþykkt og gefin út í apríl 2016 hefur legið fyrir að umrædd reglugerð myndi er hún tæki gildi hafa talsverð áhrif á einstaklinga, fyrirtæki sem og ýmiss konar starfsemi sem með einum eða öðrum hætti vinnur með persónuupplýsingar frá þeim degi í maí 2018 sem ætlast var til að innleiðingu væri lokið. Frá sjónarhóli verkalýðshreyfingarinnar var breytingunum tekið fagnandi enda helsta markmið hennar að styrkja friðhelgi einstaklinga gagnvart ofríki stórfyrirtækja. Jafnframt var ljóst að þar sem stéttarfélag vinna með talsvert mikið magn af persónuupplýsingum um sína félagsmenn og stéttarfélagsaðild hefur verið skilgreind sem viðkvæmar persónuupplýsingar, að nýja reglugerðin kalli á það að gengið yrði úr skugga um að starfsemi stéttarfélaga yrði aðlöguð að þeim kröfum sem nýja reglugerðin leggur á ábyrgðaraðila.

Halldór Oddsson, lögmaður hjá ASÍ, sinnir hlutverki hins lögformlega persónuverndarfulltrúa hjá meirihluta aðildarfélagi ASÍ og er auk þess til ráðgjafar um hin ýmsu mál sem upp koma á þessu ört vaxandi réttarsviði.

Vinnuhópur um fullgildingu samþykktar ILO um aðgerðir gegn ofbeldi og áreitni á vinnustöðum, nr. 190

Á 108. þingi Alþjóðavinnuárástofnunar í Genf í júní 2019 var afgreidd samþykkt nr. 190 um aðgerðir gegn ofbeldi og áreitni á vinnustöðum. Félags- og vinnumarkaðsráðherra skipaði vinnuhóp í nóvember 2022 til þess að vinna að fullgildingu umræddrar samþykktar. Í honum á Alþýðusamband Íslands einn fulltrúa.

Sérstök umfjöllun er hafin um að greina áhættur og í framhaldinu munu tillögur liggja fyrir að aðgerðum til þess að hægt sé að fullgilda samþykktina. Um eðlisólík störf er að ræða og hefur vinnunni þegar verið skipt niður í þrennt; störf á landi, sjó og lofti. ASÍ leggur ríka áherslu á að aðilar með veigamikla þekkingu hvers starfsumhverfis komi að vinnunni og geti þannig miðlað áralangri reynslu. Innan ASÍ er félagsfólk sem starfar á öllum þremur vettvöngum. Ljóst er að hlutverk ASÍ er því mikilvægt. Vinna er þegar hafin og munu sérfræðingar hjá ASÍ og innan verkalýðsfélaga koma að hverjum málaflökki.

Stuðningur við þolendur ofbeldis og áreitni, #MeToo

Á haustmánuðum 2022 hófst samtal við BSRB og Virk um bætt þjónustu við þolendur kynbundins og kynferðislegs ofbeldis og áreitni í vinnusambandi. Þörfin var mikil enda sýna rannsóknir endurtekið að mikill hluti slíkra brota á sér stað innan vinnustaðarins og oft í ljósi aðstöðumunar vegna kyns eða stöðu aðila. Knýjandi þörf er fyrir samræmdum viðbrögðum, þjónustu og fræðslu hjá aðilum vinnumarkaðarins. Samhliða samtali þessu hóf Vinnueftirlitið jafnframt vinnu að herferð um sama málefni sem gefin var út á vormánuðum 2023.

Að loknu góðu samtali hlutaðeigandi aðila voru línurnar lagðar að samstarfi Virk ráðgjafa og starfsfólks stéttarféлага í þeim tilgangi að geta veitt þolendum kynbundins og kynferðislegs ofbeldis og áreitni þjónustu á sviði vinnuréttar, auk stuðningssamtals og heildstæðar upplýsingar um stofnanir og grasrótarsamtök sem veita mikilvægan stuðning, fræðslu og þjónustu fyrir þolendur ofbeldis. Markmið verkefnisins er ekki að koma í stað þeirra aðila sem nú þegar sinna málaflokknum á öðrum sviðum og búa yfir áralangri reynslu, heldur viðbót.

Aðilar sem koma að verkefninu hafa fundað reglulega og undirbúið umfangsmikið fræðsluefni og unnið að samræmdum verkferil við móttöku þolenda kynbundins og kynferðislegs ofbeldis og áreitni fyrir bæði starfsfólk stéttarféлага og Virk ráðgjafa. Aðilar munu fá kynningu á verkferlum hvert annars til þess að veita heildstæða og góða þjónustu sem leiðir til samstarfs til árangurs. Á haustmánuðum 2023 mun sérstakur fræðsludagur verða kynntur þar sem þátttakendur munu meðal annars fá innsýn inn í #MeToo baráttuna, sögu ofbeldisbrota frá sjónarhóli kvenna, fræðslu um ólíka menningarheima og samtaltækni. Vonir standa til að þolendur kynbundins og kynferðislegs ofbeldis og áreitni upplifi ríkan stuðning í erfiðum aðstæðum, að aukin fræðsla og bætt þjónusta leiði til frekara aðhalds fyrir atvinnurekendur að framfylgja lögum og reglum er varða málaflokkinn og að vinnan stuðli að áframhaldandi og auknum drifkrafti til áframhaldandi baráttu í #MeToo baráttunni.

Jafnréttismál

Ný jafnréttisnefnd var stofnuð í upphafi árs 2023, sem fastanefnd miðstjórnar. Áður heyrðu jafnréttismál undir Vinnumarkaðs-, atvinnumála- og jafnréttisnefnd (VA&J nefnd) en ákveðið var að kljúfa skyldi málaflokkinn út úr þeirri nefnd í þeim tilgangi að gera honum hærra undir höfði. Málefna svið nefndarinnar lýtur að jafnrétti á víðum grunni og nefndin beinir sjónum sínum að hópum sem eru undirskipaðir í samfélaginu, þ.m.t. konum, samkynhneigðum og kynsegin, innflytjendum og flóttafólki. Nefndinni var þó upp á lagt að setja málefni kvenna á oddinn um sinn, bæta stöðu kvenna innan hreyfingarinnar, skapa rými til kvennasamstöðu og hvetja konur til áhrifa. Ætla má að ástæða þessa séu viðbrögð við gagnrýnisröddum um að verkalýðshreyfingin

sé karllæg. Árlegt kynjabókhald styður gagnrýnina og sýnir afar hægfara breytingar sl. rúman áratug á félagslegri þátttöku kvenna. Nú, þegar þessi texti er skrifaður, eru konur aðeins 23% formanna félaga og 26% miðstjórnarfólks, þrátt fyrir að konur séu rétt tæpur helmingur félagsmanna stéttarfélaganna. Ljóst er að það þarf innspýtingu í kvennabaráttu ASÍ. Því skal haldið til haga að í kjölfar 45. þing Alþýðusambandsins á vormánuðum 2023 var skipað á ný í jafnréttisnefnd og á fyrsta fundi hennar var ákveðið að halda sömu forgangsöröðun og fyrri nefnd hafði skilgreint, vitaskuld út frá þeim áherslum sem samþykktar voru á þinginu.

Nú verður gerð grein fyrir helstu verkefnum jafnréttisnefndar og jafnréttisfulltrúa sl. ár, annars vegar helstu verkefni í deigluinni og hins vegar um aðgerðir sem hafa það að augnamiði að auka kvennasamstöðu innan hreyfingarinnar og treysta böndin.

Meginverkefni í málaflökknum

Endurmat á virði kvennastarfa

Eins og kemur fram í fyrri skýrslum forseta frá 2021 og 2022 er endurmat á virði kvennastarfa eitt umfangsmesta verkefni stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins í jafnlaunamálum sl. misserin og er enn. Í kjölfar útgáfu skýrslu fyrsta starfshóps í september 2021 var skipaður aðgerðarhópur stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins um launajafnrétti og jafnrétti á vinnumarkaði og var markmið hans að vinna að framkvæmd tillagna sem fram komu í ofangreindri skýrslu; tillögur að aðgerðum til að útrýma launamun sem stafar af kynskiptum vinnumarkaði. Í skýrslunni kom fram að hlutverk aðgerðarhóps væri m.a. að:

- Koma á fót þróunarverkefni um mat á virði starfa að því markmiði að skapa verkfæri sem fangar jafnvirðisnálgun laganna.
- Þróa samningaleið um jafnlaunakröfur með aðilum vinnumarkaðarins og
- þekkingaruppbygging og vitundarvakning.

Þróunarverkefnið um mat á virði starfa hefur verið meginverkefni aðgerðarhóps á árinu. Markmið þess er að stuðla að framþróun og aukinni þekkingu á vinnumarkaði við framkvæmd virðismats á störfum. Aðgerðarhópurinn nýtur liðsinnis kjara- og mannaúðssýslu ríkisins og gerði auk þess samkomulag við Jafnlaunastofu um aðkomu þar sem mikil sérþekking á málefnum liggur. Fjórar stofnanir voru valdar til þátttöku í þróunarverkefni; embætti Ríkislögreglustjóra, Heilbrigðisstofnun Vestfjarða, Tryggingastofnun ríkisins og Hafnansóknastofnun. Við val á stofnunum til þátttöku var horft til fjölbreytileika starfa, m.a. út frá kynjuðu starfsvali.

Í samstarfi við þessar fjórar opinberu stofnanir er ætlunin að þróa *íslensku*

leiðina til að greina alla þætti starfa, líka þá þætti sem gætu verið vanmetnir, bæta kerfin og verkfærin til að fanga jafnvirðisnálgun jafnréttislaga. Alþjóðavinnumálastofnunin (ILO) hefur gefið út leiðbeiningar til að styðja við innleiðingu og framkvæmd jafnlaunareglna með áherslu á mat á virði starfa og þróun matskerfa sem eru eins laus við kynjaskekkju og hægt er og við þær er stuðst. Gert er ráð fyrir að þessum áfanga, þróunarverkefninu, ljúki nú á haustmánuðum 2023.

Drifa Snædal, fyrrverandi forseti ASÍ, var fulltrúi í verkefninu frá upphafi þess og allt þar til að hún lét af störfum haustið 2022. Jafnréttisfulltrúinn Guðrún Margrét Guðmundsdóttir hljóp í skarðið tímabundið eða allt þar til að Halldóra Sveinsdóttir, formaður Bárunnar og þáverandi formaður jafnréttisnefndar, var skipuð fulltrúi hópsins fyrir hönd hreyfingarinnar.

Viðbrögð verkalýðshreyfingarinnar við #MeToo

Verkalýðshreyfingin hefur tekið þátt í samfélagsumræðunni um #MeToo allt frá fyrstu bylgju og raunar mun fyrir. Alþýðusambandið lítur á það grafalvarlegum augum að kynferðisleg áreitni viðgangist á vinnumarkaði og að það séu takmörkuð úrræði fyrir þólandur. Ef atvinnurekendur bregðast ekki faglega við þegar kynferðisleg áreitni eða ofbeldismál koma upp á vinnustaðnum hefur þólandi fárra kosta vól. Samkvæmt rannsókninni Valdbeiting á vinnustað (2019) höfðu fimmtungur þólanda kynferðislegrar áreitni lagt fram formlega kvörtun og af þeim leituðu 12% til stéttarfélagans síns. Í könnun Vörðu – rannsóknastofnunar vinnumarkaðarins (2021), um eðli og umfang slíkra mála sem berast inn á borð stéttarfélaganna, og er vísað í skýrslu forseta 2021 og 2022, koma fram erfiðleikar að segja til um fjölda mála, misbrestur á skráningu og skortur á skýrum ferlum. Einnig kom fram sú sorglega staðreynd að þólandur beri oft byrðarnar á því að lenda í slíku á vinnustað sínum, lyktir mála séu oft og tíðum þannig að þólandi sé færður til í starfi eða honum sé jafnvel sagt upp.

Samkvæmt nýlegri rannsókn Háskóla Íslands hefur þriðjungur kvenna hér á landi orðið fyrir kynferðislegri áreitni eða ofbeldi á vinnustað. Átta prósent höfðu orðið fyrir slíku á þeim vinnustað sem þær störfuðu á þegar þær tóku þátt í rannsókninni. Konur sem vinna á opinberum vettvangi og í ferðaþjónustu séu í mestri hættu að verða fyrir slíku á vinnustað sínum.

Í fyrri skýrslum forseta var gert grein fyrir metnaðarfullum áformum til að stórbæta móttöku félagsfólks sem lent hefur í kynferðislegri áreitni og ofbeldi í vinnutengdum aðstæðum. Síðan þá hafa áformin breyst og VIRK hefur komið inn í verkefnið af ákveðni og festu og tekið að sér leiðandi hlutverk

í verkefninu. Í stað fyrri áforma hefur verið ákveðið að einblína á að styrkja stéttarfélögin í móttöku slíkra mála.

Undirbúningur að vinnustofu er nú í fullum gangi sem haldin verður í haust. Vinnustofan er samstarfsverkefni VIRK, ASÍ og BSRB og stefnt er að því að það verði í boði fyrir ráðgjafa VIRK og alla starfsmenn ASÍ og BSRB. Markmið vinnustofunnar er að styrkja fólk í að taka á móti þolendum á sem faglegasta máta, með staðgóða þekkingu á málaflokknum í farteskinu í kjölfar vinnustofunnar. Ásamt því að boða alla ráðgjafa sína á námskeiðið hyggst VIRK í ofan á lag sérþjálfa starfsmann í hverri starfsstöð sinni um allt land og til hans getur allt launafólk leitað í a.m.k. eitt viðtal, í eins konar „fyrstu hjálp“. Hugsunin er þannig að á meðan starfsfólk stéttarféлага aðstoða þolendur með vinnuréttarleg málefni tengdu kynferðislegu áreitni/ofbeldi getur sérþjálfaður starfsmaður VIRK veitt sálfélagslega aðstoð.

Í þágu kvennasamstöðu

Kvennaráðstefna árviss viðburður

Í ályktun kvennaráðstefnu ársins 2022 kom fram að mikilvægt væri að konur í hreyfingunni starfi að hagsmunum sínum með skipulegum hætti og á ráðstefnunni sjálfri heyrðist hávær krafa um að kvennaráðstefna ASÍ yrði haldin árlega, en ekki á 2–3 ára fresti eins og hefð er fyrir. Óheppilegt sé að of langur tími líði á milli slíkra viðburða, því stöðugt þarf að halda kvenfrelsisglóðinni, sem iðulega skapast á slíkum ráðstefnum, á lífi. Hamra skal járn á meðan það er heitt og allt það.

Í byrjun árs var samþykkt að halda skyldi kvennaráðstefnu á árinu 2023 og að viðfangsefni hennar verði fyrrnefnt endurmat á virði kvennastarfa. Fyrirhugað er að halda næstu kvennaráðstefnu ASÍ á á Hótel Örk dagana 28.–29. september. Hugmyndafræði verkefnisins verður kynnt með fyrirlestrum og að því loknu verða þátttakendum settar fyrir æfingar þar sem reynir á að rétta kúrsinn og meta áður vanmetna þætti kvennastarfa „rétt“. Afurð ráðstefnunnar verður hnitmiðuð áskorun frá konum hreyfingarinnar til miðstjórnar um að segja þessu kerfislæga og menningarbundna óréttlæti stríð á hendur og róa að því öllum árum að útrýma launamuni kynjanna sem stafar af kynbundnum vinnumarkaði.

Kvenleiðtogafundur tvisvar á ári

Eitt fyrsta verk nýrrar jafnréttisnefndar, í ársbyrjun 2023, var að nú skyldi

leiða saman kvenleiðtoga Alþýðusambandsins tvisvar sinnum á ári til að ráða ráðum sínum og treysta böndin. Jafnréttisnefnd taldi brýna þörf á að styrkja enn frekar konur í forystu hreyfingarinnar. Fyrsti fundur kvenleiðtoga var haldinn 3. mars sl. í Bakabaka (gömlu Kornhlöðunni), að Bankastræti 2 í Reykjavík. Hópi kvenleiðtoga ASÍ tilheyrja kvenkyns formenn og varaformenn félaga og deilda, konur í miðstjórn og jafnréttisnefnd. Sautján kvenleiðtogar mættu á fundinn, auk framkvæmdastýru ASÍ, starfskvenna jafnréttisnefndar og tólks. Framkvæmdastýra SGS var fundarstjóri. Þema fundarins var endurmat á virði kvennastarfa. Almenn ánægja var með fundinn og ýmsar höfðu orð á því að brýnt væri að þessi vettvangur væri kominn til að vera.

Nú stendur til að húa til 2. fundur kvenleiðtoga 28. september frá kl. 9–12. Að kvenleiðtogafundinum loknum verður spyrnt saman við ofangreinda kvennaráðstefnu ASÍ, sem hefst strax eftir hádegi þennan sama dag. Á kvenleiðtogafundinum í þetta sinn er meiningin að blása konum eldmóð í brjóst og fræðast um sögu kvennabaráttu í verkalýðshreyfingunni; helstu hetjur og sígra verkakvennafélaganna og vinda svo kvæði okkar í kross og líta þar næst til framtíðar, skilgreina baráttumálin og hvernig best sé að heyja baráttu næstu ára.

Kvennavettvangur ASÍ á Facebook

Til að virkja sem flestar konur í hreyfingunni um allt land, bæði félagslega kjörnar og starfsmenn stéttarféлага, var ákveðið að stofna fésbókarsíðu sem ber nafnið Kvennavettvangur ASÍ en hún var sett í loftið í aðdraganda þings ASÍ og konum innan ASÍ boðið. Hlutverk hópsins er að vera samræðu- og fræðsluvettvangur kvenna í verkalýðshreyfingunni.

Hugmyndin um stofnun þessa kvennavettvangs kviknaði á kvennaráðstefnu Alþýðusambandsins 2022. Í ályktun ráðstefnunnar sagði m.a.:

„Meginniðurstaða kvennaráðstefnu ASÍ 2022 er að þörf er á því að konur í hreyfingunni starfi að sínum hagsmunum með skipulegum hætti. Kvennaráðstefnan leggur til að undirbúningshópur útfæri sérstakan vettvang fyrir þetta starf. Sá vettvangur mun styðja við tengslanet kvenna í hreyfingunni með varanlegum hætti og styrkja konur til áhrifa í hreyfingunni.“

Undirbúningshópur þessi var stofnaður stuttu eftir ráðstefnuna og fundaði hópurinn tvisvar sinnum. Niðurstaðan var að fésbókarsíða væri ákjósanlegt form slíks vettvangs. Fámenn ritnefnd hefur verið mynduð úr ranni kvenna í undirbúningshópnum. Á síðunni verða í gildi ákveðnar „húsreglur“, færslur verða yfirlifarnar af ritnefnd áður en þær eru birtar og ómálefnalegar athugasemdir hiklaust fjarlægðar.

Samstarfsverkefni og þátttaka í viðburðum

8. mars

Samkvæmt venju stóðu heildarsamtökin ASÍ, BSRB, BHM, KÍ, Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga (FÍH), Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja (SSF) og Kvenréttindafélag Íslands (KRFÍ) að sameiginlegum hádegisfundum í tilefni alþjóðlegs baráttudags kvenna. Fundurinn fór fram í gegnum streymi og var haldinn á ensku. Yfirskrift fundarins var að þessu sinni Ryðjum brautina: Metum konur af erlendum uppruna að verðleikum. Fundarstýra var Lenya Rún Taha Karim, þingkona Pírata, opunarávarpið hélt Tatjana Latinovic, formaður Kvenréttindafélags Íslands. Aðalfyrirlesarinn var Anna Wojtynska, nýdoktor við Háskóla Íslands, sem hélt erindið: *Trapped in migrants sector?* Næst voru þær Merab Glenn Atuhyre, MPA og atvinnuleitandi, og Leila Floresca Esteban hjúkrunarfræðingur með innlegg undir yfirskriftinni: Reynsla mín af íslenskum vinnumarkaði og í lokin kom Aleksandra Leonardsdóttir, sérfræðingur í fræðslu og málefni innflytjenda hjá ASÍ, með samantekt þar sem hún hugleiddi hvað verkalýðshreyfingin gæti gert til að koma í veg fyrir jarðarsetningu innflytjendakvenna á íslenskum vinnumarkaði.

Kynjaþing 2023 - 13. maí 2023

ASÍ tók þátt í Kynjaþingi, eins og sambandið hefur gert undanfarin ár, en kynjaþing er lýðræðislegur og femínískur vettvangur fyrir almenning. Málstofa Alþýðusambandsins í ár nefndist Fæðingarorlofið – Stund á milli stríða. En ASÍ hefur tekið þátt í mótun núverandi kerfis um fæðingar- og foreldraorlof. Í málstofunni fjölluðu fulltrúar ASÍ um sögu hugmynda og laga í kringum skiptingu fæðingarorlofs á milli foreldra. Eins orðræðuna í aðdraganda nýju laganna þar sem hvort foreldri á sex mánaða rétt og þau álitafni og ólíku sjónarmið sem þar komu fram. Að lokum var núverandi kerfi skoðað með gagnrýnum augum og velt upp hvernig kerfi framtíðarinnar gæti litið út. Framsögufólk voru þau Halldór Oddsson, sviðsstjóri lögfræði- og vinnumarkaðssviðs ASÍ, Guðrún Margrét Guðmundsdóttir jafnréttisfulltrúi og Gundega Jaunlinina, varaformaður Hlífar stéttarfélags, velti upp helstu áskorunum foreldra til framtíðar.

Vinnustaðaeftirlit ASÍ og stéttarfélaganna

Eftirlitsfulltrúar ASÍ og stéttarfélaganna fóru í 692 heimsóknir á síðasta ári og ræddu við 2.541 einstakling í þeim heimsóknum. Algengustu ágallar sem fram

koma í heimsóknunum varða laun og önnur kjör og eru leyst á borði stéttarfélaganna. Vinnustaðaeftirlitið sendi líka fjölda ábendinga til stofnana ríkisins sem einnig sinna eftirliti á vinnumarkaði.

Meira en helmingur þeirra sem eftirlitsfulltrúar ræddu við á árinu 2022 eru með erlent ríkisfang, eða 56 prósent. Hlutfallið er töluvert hærra en almennt gildir á íslenskum vinnumarkaði. Hátt hlutfall í vinnustaðaeftirliti skýrist að minnsta kosti að hluta til af þeim atvinnugreinum sem eftirlitið nær til, ferðaþjónustu, mannvirkjagerð og veitingastöðum, en þetta eru greinar sem eru að stóru leyti mannaðar með aðfluttu vinnuafli. Nokkur fjölgun er á fólki frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins (EES) meðal þeirra sem eftirlitsfulltrúar ræða við. Þannig voru tæplega 9 prósent frá svokölluðum þriðju ríkjum, eða ríkjum utan EES, miðað við tæp 6 prósent árið 2021. Þessi fjölgun er að hluta vegna fjölgunar Úkraínufólks á vinnumarkaði.

Hátt hlutfall erlendra ríkisborgara á vinnumarkaði, og sérstaklega í þeim atvinnugreinum sem vinnustaðaeftirlitið nær til, undirstrikar mikilvægi þess að eftirlitsfulltrúar fái þjálfun í menningarnæmi og að þeirra á meðal sé fólk með fjölbreytta tungumálaþekkingu og bakgrunn, auk þess sem þeir hafi aðgang að túlkun og prentefni á mörgum tungumálum.

Túlkun í eftirlitsheimsóknum

Það kemur fyrir að félagsfólk er hvorki mælt á ensku né íslensku og því erfitt fyrir eftirlitsfulltrúa að eiga samskipti við það, án túlkunar. Á starfsárinu voru farnar fimm eftirlitsheimsóknir þar sem túlkur var hafður með í för. Í öllum tilvikum lá fyrir vitneskja um að starfsfólkið talaði hvorki íslensku né ensku. Starfsfólk sem kann hvorki íslensku né ensku er auk þess sérstaklega berskjaldað gagnvart misneytingu á vinnumarkaði. Það hefur reynst vel að hafa með túlk í för í slíkum kringumstæðum og oft fást upplýsingar þannig sem ekki hefðu fengist öðruvísi.

Starfsdagar eftirlitsfulltrúa

Starfsdagar vinnustaðaeftirlitsins eru að jafnaði haldnir á vori hverju. Tilgangur með starfsdögum er að veita eftirlitsfulltrúum – nýjum sem reyndum – faglega og hagnýta fræðslu sem gagnast þeim í starfi. Þá gera starfsdagarnir eftirlitsfulltrúum alls staðar að af landinu kleift að hittast og tengjast. Starfsdagarnir voru haldnir dagana 10. og 11. maí á hótél Berjaya á Akureyri í ár. 30 þátttakendur frá stéttarfélögum um allt land sóttu starfsdagana, auk starfsfólks ASÍ. Viðburðurinn var túlkaður milli íslensku og ensku. Formönnum Einingar - Iðju, Félags verslunar- og skrifstofufólks á Akureyri og nágrenni, Félags málmíðnaðarmanna Akureyri, auk varaformanns Byggiðnar, sem staðsettur

er á Akureyri, var auk þess boðið sérstaklega á hátíðarkvöldverð eftirlitsfulltrúanna á miðvikudagskvöldinu.

Á starfsdögum fjallaði Saga Kjartansdóttir, verkefnisstjóri vinnustaðaeftirlits, um lögin og samkomulagið sem eftirlitið byggist á og hvernig eftirlitið hefur þróast. Þær Guðrún Margrét Guðmundsdóttir, jafnréttisfulltrúi ASÍ, og Karen Ósk Nielsen, lögfræðingur ASÍ, fjölluðu um fólksflutninga til Íslands og atvinnuleyfi fyrir 3. ríkis borgara. Aleksandra Leonardsdóttir, sérfræðingur ASÍ í fræðslumálum og inngildingum, stýrði hlutverkaleik þar sem eftirlitsfulltrúar æfðu samskipti í aðstæðum sem komið geta upp í eftirliti. Björg Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri SGS, átti samtal við eftirlitsfulltrúa um kjaraviðræðurnar fram undan. Karen Ósk, lögfræðingur ASÍ, fjallaði því næst um húsaleigulög og rétt leigjenda. Mieke Van Laer, lögfræðingur PROGRESS Lawyers Network, fjallaði um nýlegt mansalsmál í Belgíu sem hefur verið kennt við Borealis. Um er að ræða stærsta mansalsmál í Belgíu frá upphafi. Kristín Heba Gísladóttir, framkvæmdastjóri Vörðu - rannsóknastofnun vinnumarkaðarins, kynnti að lokum niðurstöður nýrrar könnunar Vörðu með áherslu á launþjófnað og mismunun á íslenskum vinnumarkaði.

Lögð var áhersla á að erindin gögnuðust nýjum eftirlitsfulltrúum sem reyndari, þar sem töluverð endurnýjun hefur orðið í hópi eftirlitsfulltrúa undanfarið ár.

Útgáfa vefsíðu og bæklinga

Snemma árs 2023 kom út ný upplýsingavefsíða fyrir erlent launafólk á Íslandi – labour.is. Vefsíðan inniheldur upplýsingar um helstu réttindi á vinnumarkaði og vefsíðan er í heild sinni á 11 tungumálum: ensku, pólsku, litháísku, lettnesku, rúmensku, spænsku, arabísku, úkraínsku, rússnesku, farsí og íslensku. Við hönnun vefsíðunnar var lögð áhersla á farsímaviðmót og markhópurinn er launafólk sem veit lítið um réttindi sín á vinnumarkaði og þar með einnig þolendur misneytingar og mansals á íslenskum vinnumarkaði.

Samhliða útgáfu vefsíðunnar kom út bæklingur með upplýsingum um réttindi á vinnumarkaði, einnig á 11 tungumálum. Bæklingnum er dreift í vinnustaðaeftirliti, hjá stéttarfélögum og víðar og vísar fólk á labour.is fyrir frekari upplýsingar.

Vefsíðan er jafnframt auglýst á skjá á vegum ISAVIA á Keflavíkurflugvelli.

Dagbók vinnustaðaeftirlitsins á Facebook

Verkefnastjóri vinnustaðaeftirlits skrifaði færslur um atvik sem koma upp í vinnustaðaeftirliti. Pistlarnir voru birtir á Facebook-síðu ASÍ undir yfirskrift-

inni „Dagbók vinnustaðaeftirlitsins“. Pistlarnir voru birtir samhliða á íslensku og ensku og markmiðið var að veita innsýn í vinnustaðaeftirlit verkalýðshreyfingarinnar, minna á mikilvægi þess og vekja athygli á þeim brotum sem viðgangast á íslenskum vinnumarkaði.

Reglulegir stöðufundir eftirlitsfulltrúa

Stöðufundir eftirlitsfulltrúa voru haldnir að jafnaði á tveggja vikna fresti, gegnum Zoom. Á stöðufundina mæta virkir eftirlitsfulltrúar um allt land, auk starfsfólks skrifstofu ASÍ og þar fá eftirlitsfulltrúar tækifæri til að ræða mál sem eru á þeirra borði hverju sinni og deila og fá ráðgjöf frá öðrum eftirlitsfulltrúum og frá starfsfólki ASÍ.



Fræðslu – og menntamál

MFA – Fræðslusvið 2022-2023

Haustið 2022 breyttist *Svið fræðslu og þekkingar í Fræðslusvið ASÍ*. Þessi breyting var liður í að sviðaskipting sambandsins endurspegli betur faglega vinnu hvers sviðs. Nokkrar hrókeringar hafa verið á starfsfólki innan skrifstofunnar samfara breytingum á sviðum og eru starfsmenn Fræðslusviðs nú fjórir.

Helstu verkefni sviðsins eru tvíþætt. Annars vegar að sinna fræðslumálum, bæði innan ASÍ með því að bjóða fjölbreytt námskeið fyrir trúnaðarmenn, talsmenn og starfsfólk stéttarfélaganna, og utan sambandsins með fræðslu um vinnumarkaðsmál og réttindi fyrir ýmsa hópa. Hins vegar kemur sviðið að stefnumótun í framhaldsfræðslu og situr starfsfólk þess í ýmsum stjórnnum, ráðum og nefndum sem varða fræðslumál. Sviðið veitir stéttarfélögum ýmsa þjónustu varðandi uppbyggingu fræðslu og hvernig þau geta nýtt hana til að efla og móta starf sitt. Þá hafa félögin einnig leitað mikið til sviðsins um erindi á trúnaðarmannafundum, félagsfundum og starfsmannadögum. Sviðsstjóri Fræðslusviðs heldur utan um starf Menntanefndar en hún fundaði tvisvar á tímabilinu, að hausti og aftur að vori.

Félagsmálaskóli alþýðu, sem er starfræktur af ASÍ og BSRB, heyrir undir Fræðslusvið ASÍ og er sviðsstjóri jafnframt skólalastjóri hans.

Fræðsluerindi

Eins og áður hefur Fræðslusvið haldið úti fræðsluerindum fyrir starfsfólk og stjórnendur stéttarféлага innan ASÍ. Erindin eru stutt og hnitmiðuð, almennt ekki lengri en 30 mínútur, og umfjöllunarefnið tengt starfinu og því sem hæst ber hverju sinni. Þegar þörf er á er boðið upp á samtímatúlkun á ensku. Erindin eru send út í fjarfundakerfinu Zoom til þess að tryggja aðgengi allra óháð búsetu. Síðasta vetur var boðið upp á 12 erindi. Almennt var mjög góð þátttaka á fundunum.

Fræðslumyndbönd

Félagsmálaskóli alþýðu, ásamt Vörðu, rannsóknastofnun vinnumarkaðarins, hlutu í mars árið 2021 fjögurra milljón króna styrk frá félags- og barnamálaráðherra og dómsmálaráðherra til að vinna fræðslumyndbönd sem verða liður í baráttunni gegn heimilisofbeldi, mansali og áreitni. Varða hefur leitt verkefnið í nánu samstarfi við Félagsmálaskólann, Jafnréttisstofu, Kvænnaathvarfið, Vinnueftirlitið og 112. Tvö myndbönd hafa verið unnin. Annars vegar myndband um eðli og afleiðingar heimilisofbeldis og þá með áherslu á hlutverk vinnustada og samstarfsfólks í að skilja og geta brugðist við merkjum um heimilisofbeldi. Hins vegar myndband um vinnumansal. Stefnt er að því að nýta myndböndin jöfnum höndum í trúnaðarmannafræðslu og til að efla þekkingu vinnustadaeftirlitsfulltrúa í að greina mögulegt mansal og aðra misnotkun.

Talsverð tölfröð hefur orðið á lokum verkefnisins þar sem sá sem samið hafði verið við um framleiðslu þeirra og gerð sagði sig frá verkefninu. Stefnt er að útgáfu beggja myndbanda á haustmánuðum 2023.

Norrænt samstarf

Fræðslusvið ASÍ hefur tekið þátt í virku samstarfi fræðsluáðila verkalýðshreyfinga á Norðurlöndunum, á vettvangi ABF- Norden og stjórnar Genfarskólans undanfarin ár. Á síðasta ári varð breyting á starfi ABF Norden sem fram að því hafði unnið almennt að því að virkja tengslanet milli þjóðanna og auka samstarf þeirra á milli. Það hlutverk hefur reyndar ekki tekið breytingum en núna fer það starf fram undir nafni NIFH – Nordic International Folk High School, sem heldur einnig utan um starf Genfarskólans og Nordenskolan. Fulltrúar sem sátu í ABF-Norden munu þó áfram hittast í tengslum við fundi NIFH og er ætlunin að þar sé farið yfir það sem hæst ber í hverju landi hverju sinni, til þess, eins og áður, að efla tengslanet og samstarf þjóðanna.

Norræni lýðháskólinn í Genf, Genfarskólinn, er haldinn samhliða Alþjóðavinnu- og atvinnuáætluninni í Genf. Nemendur kynnast þinghaldinu og Alþjóðavinnu- og atvinnuáætluninni ILO. Stofnunin starfar að vinnumálum á vegum Sameinuðu

þjóðanna. Þátttakendur kynnst norrænu samstarfi á vettvangi ILO og geta kynnt sér ýmis alþjóðasamtök verkalýðshreyfingarinnar sem starfa í tengslum við ILO. Námið fer fram í formi stað- og fjarnáms, fyrirlestra, hópstarfs ásamt því að þátttakendur fylgjast með fundum Alþjóðavinnuálagingsins og nefndarstarfi þess. Ísland á tvö sæti í skólanum, fyrir fulltrúa frá annars vegar frá ASÍ og hins vegar BSRB.

Mikil aðsókn var í skólann að þessu sinni og komust færri að en vildu. Náminu var að venju skipt í þrjár lotur. Fyrsti hluti var kenndur í apríl í Runö í Svíþjóð en þar var áhersla á tengslamyndun þátttakenda ásamt almennri kynningu á þinginu. Að því loknu tók við fjarkennslulota þar sem nánar var farið í þingið og starf þess. Að lokum tóku þátttakendur svo þátt í þinghaldinu sem fram fór í Genf frá lokum maí fram í miðjan júní. Áður en skólinn hófst sóttu íslensku þátttakendurnir fundi hér á landi til undirbúnings.

Framkvæmdastjóri ASÍ, Eyrún Björk Valsdóttir, situr í stjórn *Nordic International High School*, sem hefur umsjón með Genfarskólanum. Varamaður er Bergþóra Hrönn Guðjónsdóttir, sviðsstjóri Fræðslusviðs.

Kynningar í framhaldsskólum

Alþýðusambandið hefur undanfarin ár boðið framhaldsskólum landsins upp á fræðsluerindi um réttindi og skyldur á vinnumarkaði. Fræðsluvið ASÍ hefur séð um hluta fræðslunnar en stéttarfélag víðs vegar um landið hafa sjálf haldið kynningar í sinni heimabyggð. Mörg þeirra hafa leitað til ASÍ um aðstoð við gerð fræðsluefnis. Eftirspurn eftir erindunum hefur verið mikil undanfarin ár, og er sífellt að aukast. Um er að ræða klukkustundarlöng erindi þar sem farið er yfir helstu atriði er varða stöðu ungs fólks á vinnumarkaði, réttindi þeirra og skyldur. Mikil þörf er á slíkri fræðslu og enda mikilvægt að ungt fólk sem er að stíga sín fyrstu skref á vinnumarkaði sé meðvitað um helstu réttindi og skyldur. Erindin hafa verið skipulögð út frá þörfum nemenda og hefur megináhersla verið á veikindarétt, ráðningarsambönd, vinnutíma, orlof og lestur launaseðla. Heimsóknir voru 32 í sex ólíka skóla, og var talað við ríflega 600 nemendur, flesta á aldinum 16-20 ára.

Fræðsla í samvinnu við velferðarsvið Reykjavíkurborgar og VMST

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar leitaði áfram eins og undanfarin misseri til Fræðslusviðs ASÍ um fræðslu fyrir skjólstæðinga sem taka þátt í virkniúrræðum á vegum borgarinnar, bæði óvirka þiggjendur fjárhagsaðstoðar sem og flóttamenn sem borgin tekur á móti. Boðið hefur verið upp á klukkustundarlöng erindi þar sem fjallað er um íslenskan vinnumarkað, verkalýðshreyfinguna og helstu réttindi og skyldur. Erindin hafa verið flutt á íslensku, ensku og

pólsku, eftir því sem við á. Fimm 10-12 manna hópar voru heimsóttir á árinu. Þá var einnig flutt kynning sem hluti af Landnemanum, samfélagsfræðsluverkefni fyrir innflytjendur, hjá Vinnumálastofnun.

Sjálfsmynd þjóðar

Sjálfsmynd þjóðar er samstarfsverkefni Listasafns ASÍ og Fræðsluviðs ASÍ sem snýst um að skapa hlutlausan vettvang sem hvetur til samtals milli innflytjenda og Íslendinga um eigin menningu með aðstoð myndlistar. Framleidd voru fjögur myndbönd þar sem félagsmenn stéttarfélaga innan ASÍ fjalla um pólska og íslenska myndlist. Myndböndin geta staðið sjálf en eru líka notuð í tengslum við námskeið sem haldin verða á vegum Félagsmálaskólans og eru ætluð innflytjendum og Íslendingum á grundvelli jafningjafraeðslu. Starfsmaður Fræðsluviðs ASÍ er með umsjón yfir verkefninu og hefur séð um túlkun og þýðingar. Verkefni var kynnt á ráðstefnu um konur af erlendum uppruna – Hennar rödd – þann 1. apríl 2023.

Verkalýðsskólinn

Verkalýðsskólinn, sem er samstarfsverkefni ASÍ og Háskólans á Bifröst, hóf göngu sína árið 2022. Fyrsta námskeiðið var haldið á Bifröst í byrjun september 2022 og voru þátttakendur 10, alls staðar að af landinu. Úr umsögunum nemenda má sjá að þeir voru heilt yfir mjög ánægðir með námskeiðið, þ.e. bæði efnistöku, umfang og kennara.

Námskeiðið, sem eru þrjú dagar, er einkum ætlað starfsfólki stéttarfélaga, trúnaðarmönnum og öðrum sem koma að gerð kjarasamninga. Á námskeiðinu er lögð áhersla á sögu verkalýðshreyfingarinnar, réttindi og skyldur á vinnumarkaði og gerð kjarasamninga, framsögn og örugga tjáningu, fundarstjórn og samningatækni. Kennsla er í höndum sérfræðinga á hverju sviði, þ.e. lögfræðingar frá ASÍ, kennurum á Bifröst og frá sérfræðingi frá Ríkissáttasemjara.

Fyrir þá sem vilja, þá er hægt að taka þátt í gönguferðum um svæði og sameiginlegum matartímum á Hótel Bifröst, en nemendum stendur til boða að gista á hótelinu.

Boðið var upp á námskeiðið aftur um miðjan maí 2023, en ekki náðist næg þátttaka til að halda það þá, en fullur vilji og áhugi er að bjóða upp á það aftur á vormánuðum 2024.

Orðakista – smáforrit

Smáforritinu OK, eða Orðakistunni, var lokað síðasta vetur þegar samningi um viðhald þess og þróun var sagt upp. Verkefnið var orðið þungt í vöfum og skilaði ekki tilætludum árangri. Því var tekin ákvörðun um að stöðva þróun

Þess og leita frekar annarra leiða til þess að styðja við trúnaðarmenn og aðra á vinnumarkaði sem ekki tala íslensku.

Heimsókn erlendra starfsnema

ASÍ fékk beiðni um að taka á móti austurrískum starfsnemum í maí 2023. Um var að ræða þátttakendur á 10 mánaða námskeiði á vegum „The Social Academy of the Chamber of Labour í Austurríki (Sozialakademie der Arbeiterkammern). Námskeiðið stendur þeim til boða sem sinna trúnaðarstörfum fyrir Austrian Chamber of Labour og lýkur með mánaðardvöl í öðru landi þar sem reynt er að verða við óskum þátttakenda. Tilgangur með slíkum heimsóknum er að kynnast starfsemi aðila vinnumarkaðarins, stofnunarinnar og fyrirtækjum í því landi og reynt er að verða við óskum þátttakenda eins og hægt er.

ASÍ tók á móti tveimur nemum dagana 2.–26. maí og var dagskrá heim- sóknarinnar skipulögð þannig að hún þótti endurspeglar sem mest íslenskt samfélag, starfsemi stéttarféлага og vinnumarkaðinn. Var leitað til ýmissa stéttarféлага, samtaka, stofnana og fyrirtækja sem öll tóku vel á móti þeim. Var sérstök áhersla lögð á tengsl vinnumarkaðarins við velferð, jafnrétti og menntun.

Fræðsluráð ríkissáttasemjara

Árið 2022 setti embætti ríkissáttasemjara á fót „Fræðsluráð ríkissáttasemjara“ þar sem aðilar vinnumarkaðarins eiga fulltrúa, þ.m.t. ASÍ. Hlutverk þess er að styðja við starf samninganefnda og annarra sem koma að kjarasamningsgerð. Hlutverk fræðsluráðsins er að ræða þarfir og uppbyggingu fræðsluefnis og viðburða á vegum embættisins og setja fram fræðsludagskrá og námsefni sem nýtist m.a. samninganefndum.

Fræðsluráðið skipulagði námstefnur í samningagerð sem haldnar voru víðs vegar um landið. Markmið þeirra var að efla færni samninganefndarfélks, auka fagmennsku við kjarasamningsborðið og stuðla að órofa samningaferli.

Fræðsluráðið hefur verið óvirkt síðustu mánuði.

Fulltrúi ASÍ í fræðsluráðinu er Eyrún B. Valsdóttir, framkvæmdastjóri ASÍ

Vinna við endurskoðun símenntunarkerfisins – framhaldsfræðslunnar

Samráðs- og kynningarfundur um heildarendurskoðun framhaldsfræðslukerfisins var haldinn þann 22. júní 2022 og í kjölfarið var stofnaður verkefnahópur þar sem sviðsstjóri Fræðslusviðs og framkvæmdastjóri ASÍ eiga sæti. Hópurinn hefur fundað reglulega undanfarna mánuði og er stefnt að útgáfu *Græn bókar* í október 2023.

Starfshópur um aukin náms- og starfstækifæri fyrir fatlað fólk

Sviðið tók þátt í starfi starfshóps um aukin náms- og starfstækifæri fyrir fatlað fólk á vegum félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins. Helstu verkefni hópsins voru að kortleggja aðgengi fullorðins fatlaðs fólks að námi, þjálfun og stuðningsúrræðum og koma með tillögur að úrbótum. Skýrslu hefur verið skilað sem bíður nú yfirllesturs í ráðuneytinu. Sviðsstjóri Fræðslusviðs átti sæti í hópnum.

Landrýniskýrsla stjórnvalda um heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Alþýðusambandið átti fulltrúa í vinnu við gerð landrýniskýrslu (VNR) stjórnvalda um heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Fræðslusvið tók þátt í vinnu vegna markmiðs nr. 4, Menntun fyrir alla. Aðkoma ASÍ inn í starfið sneri að mestu um að tryggja hlutverk og stöðu framhaldsfræðslukerfisins í skýrslunni. Skýrsluna má nálgast á vef Stjórnarráðs Íslands.

Vísinda- og tækniráð

ASÍ á tvo fulltrúa í Vísinda- og tækniráði. Með setu í ráðinu hefur ASÍ tækifæri til að koma áherslum í mennta- og atvinnumálum á framfæri og í framkvæmd. Vísinda- og tækniráð hefur það hlutverk að efla vísindarannsóknir, vísindamenntun og tækniþróun í landinu í því skyni að treysta stöðir íslenskrar menningar og auka samkeppnishæfni atvinnulífsins. Ráðið markar stefnu stjórnvalda í vísinda- og tæknimálum til þriggja ára í senn. Ráðið er skipað af forsætisráðherra og samanstendur af fimm ráðherrum, fulltrúum aðila vinnu- markaðarins, fulltrúum úr atvinnulífi og fulltrúum menntastofnana.

Innan Vísinda- og tækniráðs er starfað í tveim nefndum, vísindanefnd þar sem fulltrúar menntastofnana sitja og svo tækninefnd þar sem fulltrúar úr atvinnulífi sitja. Störf vísindanefndar snúa að mestu að rannsóknum og störfum háskóla á meðan störf tækninefndar snúa að tækniþróun. Jafnframt bera nefndirnar ábyrgð á skipun stjórnar og fagráðs fyrir þá sjóði sem heyra undir nefndirnar.

Minningarsjóður Eðvarðs Sigurðssonar

Minningarsjóður Eðvarðs Sigurðssonar var stofnaður árið 1983 til minningar um Eðvarð Sigurðsson, formann Verkamannafélagsins Dagsbrúnar. Sjóðurinn er í umsjá Alþýðusambands Íslands. Sjóðurinn veitir styrki til að efla rannsóknir og útgáfu á verkum sem varða vinnumarkaðinn, hagsmunum launafólks og starfsemi verkálýðshreyfingarinnar. Stjórn sjóðsins skipuðu Kristján Þórður Snæbjarnarson, forseti ASÍ, Grétar Þorsteinsson, fyrrverandi forseti ASÍ, og Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar – stéttarfélag.

Árið 2023 voru veittir fimm styrkir:

Varða – rannsóknastofnun vinnumarkaðarins hlaut 1.000.000 kr. til *verkefnisins Starfsfólk í ræstingum – lífsskilyrði og heilsa*. Sigrún Ólafsdóttir og Jón Gunnar Bernburg hlutu 1.000.000 kr. til verkefnisins *Átök og ágreiningur á íslenskum launamarkaði*, 2009 og 2019. Sveinn Máni Jóhannesson hlaut 1.000.000 kr. til verkefnisins *Varnargarður gegn verkalýðnum: Peningastjórnsmál og sjálfstæði seðlabanka eftir fyrri heimsstyrjöld*. Sæþór Benjamín Randalsson 500.000 kr. til þess að vinna viðtalaröðina *Helvítis útlendingar* og Árni Daníel Júlíusson hlaut 300.000 kr. styrk til útgáfu tímaritsins *Demos*.

Félagsmálaskóli alþýðu

Félagsmálaskóli alþýðu er í eigu ASÍ og BSRB og rekinn af MFA. Sviðsstjóri Fræðsluviðs er einnig skólastjóri skólans. Starfsstöð skólans er í Guðrúnartúni 1, í skrifstofum ASÍ. Trúnaðarmenn, starfsfólk og talsmenn stéttarféлага innan ASÍ og BSRB hafa aðgang að Félagsmálaskólanum og námskeiðum hans. Skólanefnd Félagsmálaskóla alþýðu ber ábyrgð á rekstri skólans ásamt skólastjóra. Á skólaárinu 2022-23 voru haldnir tveir fundir í skólanefnd. Félagsmálaskólinn hefur verið að mestu fjármagnaður af framlagi frá ríkissjóði. Framlagið er nú rúmar 16 milljónir á ári. Sú breyting var gerð á fjárlögum 2017, að nú er skólinn ekki lengur á sér fjárlagalið, heldur fær nú úthlutað fjármunum af safnlið. Þetta skapar aukna óvissu um fjármögnun skólans, frá ári til árs. Einn starfsmaður er í 100% starfi hjá skólanum, og annar í 50% starfi, auk skólastjóra sem er í 70% starfi.

Námskeið

Meginhlutverk Félagsmálaskólans er að skipuleggja og bjóða upp á fjölbreytta fræðslu fyrir trúnaðarmenn, stjórnarmenn og starfsmenn stéttarféлага ASÍ og BSRB. Þessum námskeiðum má skipta í tvennt, annars vegar námskeið fyrir trúnaðarmenn ákveðinna féлага sem skipulögð eru í samvinnu við þau og eru kennd í samræmi við *Námskrá trúnaðarmanna*. Hins vegar eru almenn námskeið sem eru opin öllum áhugasömum en efni þeirra snýr að vinnumarkaði í víðum skilningi, málefnum líðandi stundar og öðru sem talið er eiga erindi við ofangreindan markhóp.

Auk þessa var á síðasta skólaári tekin upp sú nýbreytni að bjóða opin námskeið sem byggja á námskrá trúnaðarmanna, bæði í fjarnámi í Zoom og í rafrænu námsumhverfi skólans, LearnCove.

Skólaárið 2022-2023 var boðið upp á 59 námskeið, samtals 520 kennslustundir, sem er nokkur fækkun frá fyrra ári. Fækkunin felst aðallega í færri námskeiðum og þátttakendum hjá aðildarfélögum BSRB en nokkur fjölgun var frá síðasta ári hjá ASÍ félögunum.

Á haustönn voru 22 námskeið í boði, 14 trúnaðarmannanámskeið, þrjú almenn námskeið, eitt lífeyrisnámskeið og fjögur námskeið í Forystufræðslu ASÍ og BSRB. Vegna dræmrar þátttöku féllu sjö þeirra niður. Á vorönn voru 37 námskeið í boði og var skiptingin þannig að trúnaðarmannanámskeið voru 30, almenn námskeið fjögur, lífeyrisnámskeið eitt og námskeið í forystufræðslu 2. 13 þeirra voru felld niður.

Heildarfjöldi þátttakenda var 393, konur 59% og karlar 41%.

Mikil vinna er nú hafin á sviðinu við að leita leiða til þess að efla starfið enn frekar, bæði með því að endurskoða námskrá trúnaðarmanna til þess að hún endurspegli betur þarfir trúnaðarmanna í samfélagi dagsins í dag, sem og að skoða fyrirkomulag kennslunnar almennt.

Auk námskeiða fyrir trúnaðarmenn, starfsfólk og talsmenn stéttarfélaga hefur Félagsmálaskólinn í samstarfi við Landssamband lífeyrissjóða boðið upp á námskeið fyrir starfsfólk og stjórnir lífeyrissjóða undanfarin ár. Bæði er um að ræða almenn námskeið fyrir starfsfólk og stjórnir lífeyrissjóða og svo undirbúningsnámskeið fyrir nýja stjórnarmenn vegna hæfismats Fjármálaeftirlitsins. Dagskrá hverrar annar er unnin í samvinnu við og eftir óskum Landssambandsins.

Skólaárið 2022-2023 var aðeins boðið upp á undirbúningsnámskeiðið vegna hæfismats FME, einu sinni að hausti og einu sinni að vori. Landssambandið og lífeyrissjóðirnir sjálfir boða þátttakendur á námskeiðin. Samtals voru 15 þátttakendur. Skólinn lítur svo á, að það sé samfélagsleg skylda hans að halda það námskeið óháð þátttakendafjölda.

Samstarf við Fræðslusetrið Starfsmennt

Félagsmálaskólinn og Fræðslusetrið Starfsmennt hafa starfað saman í mörg ár og var engin breyting á þetta árið. Starfsfólki og þeim sem sitja í stjórnnum stéttarfélaga hefur verið boðið upp á fjölbreytt námskeið undir heitinu Forystufræðsla. Forystufræðslan er heildstæð námsleið sem skiptist í 9 námsþemu með 30 námskeiðum sem spanna alls 192 klukkustundir. Í ljósi þess að hópurnir hefur fjölbreyttar fræðsluþarfir og mismunandi starfsreynslu þá eru námskeiðin valfrjál. Framboð hvers misseris er ákveðið í sameiningu af Félagsmálaskólanum og Starfsmennt og tekið er mið af þörfum hópsins hverju sinni. Í vetur var boðið upp á fjögur námskeið á haustönn og tvö á vorönn.

Handbók trúnaðarmannsins

Handbók trúnaðarmannsins var fyrst gefin út vorið 2004 og hefur hún verið í stöðugri þróun og uppfærslu síðan. Handbókin hefur hingað til verið gefin út á prenti og stéttarfélög getað pantað hana hjá Félagsmálaskólanum. Á síðasta ári var ákveðið að hætta því og hafa bókina aðgengilega á vef Félagsmálaskólans,

þar sem hún er einnig aðgengileg í styttri útgáfu á ensku og pólsku. Þetta var gert til þess að tryggja að réttar og uppfærðar upplýsingar séu aðgengilegar hverju sinni í handbókinni. Handbókin og allt efni hennar er opið og aðgengi-legt öllum á heimasíðu Félagsmálaskólans, - www.felagsmalaskoli.is.

Mímir

Starfsemi Mímis á tuttugasta afmælisárinu óx og dafnaði en sjaldan hafa fleiri sótt sér þjónustu hjá Mími. Heildarfjöldi nemendastunda jókst um tæp 15% frá árinu á undan sem fyrst og fremst skýrist af fjölgun á íslenskunámskeiðum fyrir vinnustaði, fjölgun í almennum námsbrautum og í starfstengdu námi. Jafnframt fjölgaði viðtölum í náms- og starfsráðgjöf lítillega á milli ára.


Stöðugur rekstur í krefjandi umhverfi

Mímir hefur sýnt stöðugleika í rekstri frá stofnun fyrirtækisins. Rekstur Mímis á afmælisárinu 2022 er þar ekki undanskilinn. Með dugnaði og útsjónarsemi tókst Mími að sigrast á mótbyr á árinu sem einkenndist af hárrí verðbólgu og hækkun á almennu verðlagi. Á sama tíma tókst að tryggja nauðsynlega framþróun í starfseminni, með tilliti til tækni og nýjunga, bæði hvað varðar almennan rekstur og kennsluhætti.

Heildarvelta ársins var rúmlega hálfur milljarður króna og jókst um 11% frá árinu á undan. Afkoma ársins var 5,3 milljónir króna sem er viðunandi fyrir óhagnaðardrífinn (e. non profit) rekstur sem gjaldfærir öll innkaup og tekur ekki lán. Sú staðreynd að verðbólga hafi verið yfir 10% á árinu er óneitanlega íþyngjandi fyrir reksturinn þar sem hluti rekstrarsamninga er bundinn vísitölu. Þá hefur verðbólgan einnig leitt til hækkunar á almennu verðlagi. Á sama tíma hefur sá verðlisti sem símenntunarmiðstöðvum er gert að vinna eftir við framkvæmd vottaðra námsleiða sem fyrr ekki haldið í við þróun verðlags. Sömuleiðis hefur einingarverð sem miðað er við í uppgjöri fram- laga stjórnvalda til framkvæmdar íslenskunámskeiða fyrir útlendinga staðið í stað frá árinu 2015. Framlagið vegur því sífellt minna upp í kostnað við námskeiðahaldið með þeim afleiðingum að fræðsluáðilar neyðast til að hækka námskeiðsgjöld sem nemendur standa sjálfir straum af.

Til að mæta þessum kringumstæðum í rekstrarumhverfinu var útgjalda- hliðin vandlega yfirfarin á árinu og tókst að ná fram nokkurri hagræðingu. Í því skyni ákvað stjórn Mímis í lok september að leigusamningi ASÍ við ráðuneytið um afnot af húsnæðinu Öldugötu 23 í Reykjavík yrði sagt upp en Mímir hefur frá upphafi verið með hluta af starfsemi sinni í húsnæðinu. Unnið var að því að sameina starfsemi Mímis í aðalstarfsstöð Mímis að Höfðabakka 9 í árslok en ávinningur þessarar ákvörðunar birtist ekki í rekstri ársins 2022 þar sem húsið var nýtt til ársloka.

Rekstrartekjur



Stefnumörkun til framtíðar

Ljóst er að áfram verður þörf á framhaldsfræðslu á Íslandi og þar gegna símenntunarmiðstöðvar um land allt mikilvægu hlutverki. Mímir er þar ekki undanskilinn enda stærsta símenntunarmiðstöðin. Í síbreytilegu samfélagi þarf stöðugt að endurskoða áherslur og aðferðir í takt við þarfir atvinnulífsins. Áhersla á nám á vinnustað hefur farið vaxandi og hefur Mímir lagt sig fram um að mæta þeirri þörf.

Í byrjun árs hófst vinna við stefnumörkun Mímis til næstu ára. Stefnumótunin er unnin í nokkrum skrefum og er gert ráð fyrir að niðurstöður liggi fyrir við lok árs 2023. Í febrúar stóð Mímir fyrir greiningar- og stefnumótunarfundi þar sem leitast var við að greina helstu sóknarfæri Mímis og máta þau við innri starfsemi með þróun í huga. Sérstaklega var horft til þess að þróa framboð fræðslu og þjónustu með tilliti til tæknibreytinga og réttláttra umskipta starfa vegna loftslagsbreytinga í samræmi við stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar. Hátt í 40 manns tóku þátt í fundinum, bæði fulltrúar úr nær- og fjærumhverfi Mímis.

Gæðamál

Á árinu 2022 var kapp lagt á að efla enn frekar gæði, gegnsæi og fagmennsku í starfseminni. Mímir setur sér það markmið að hlutfall ánægðra nemenda sé

yfir 85%. Viðhorfsskóningun sem lögð er fyrir nemendur að námskeiðum loknum staðfestir ánægju nemenda. Hlutfall ánægðra nemenda með námið í heild og aðstöðuna í Mími reyndist yfir 90% árið 2022. Könnunin er mikilvægur hluti í mati á árangri Mímis og eru niðurstöður nýttar til að styrkja það enn frekar sem vel er gert og laga það sem betur má fara.

Áfram var unnið að umbótum í samræmi við niðurstöður umfangsmikillar endurskoðunar á námi og kennslu íslensku fyrir útlendinga hjá Mími sem fram fór árið 2021. Þá stóð yfir vinna með þjónustuaðila Mímis í tæknimálum sem sneri að umbótum í takti við niðurstöður úttektar frá árinu á undan á kerfum Mímis sem varða upplýsingatækniöryggi.

Samhliða þessu var innleiddur nýr tæknibúnaður í fjarkennslu hjá Mími sem keyptur var í lok síðasta árs. Markmiðið með búnaðinum er að efla samskipti og upplifun nemenda í kennslustundum óháð því hvort þeir eru í skólastofunni eða taki þátt í kennslustundum í gegnum fjarfundabúnað.

Mímir hlaut í fjórða sinn viðurkenningu Creditinfo sem framúrskarandi fyrirtæki árið 2022 auk þess að uppfylla fimmta árið í röð ströng skilyrði Viðskiptablaðsins og Keldunnar til að teljast fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri árið 2022. Aðeins 2-3% allra virkra fyrirtækja á Íslandi hljóta þessar viðurkenningar ár hvert.



Íslenskunám

Aðsókn í íslenskukennslu hjá Mími hefur aldrei verið eins mikil og má búast við áframhaldandi aukningu enda fjölgar aðfluttum sífellt á Íslandi. Starfstengd íslenskunámskeið komust aftur á skrið eftir heimsfaraldur en mikil fjölgun varð á þeim milli ára, eða um 63%. Nú sækja vinnustaðir í auknum mæli til Mímis um samstarf vegna íslenskukennslu, samfélagsfræðslu og stuðnings við inngildingu starfsmanna sinna.

Niðurstöður viðhorfsskónnunar sem lögð er fyrir nemendur Mímis að íslenskunámskeiðum loknum staðfestir að 90% nemenda eru ánægð og/eða mjög ánægð með námskeiðin.

Stjórnvöld hafa aukið fjárframlög til Mímis á milli ára. Það gefur fyrirtækinu færi á að auka framböð námskeiða til að mæta sívaxandi eftirspurn. Á hinn bóginn hefur hlutfall niðurgreiðslu stjórnvalda á kostnaði vegna íslenskunám-

skeiða farið lækkandi síðastliðin ár og er því kostnaður í auknum mæli settur yfir á nemendur.

Hjá Mími er væntanlegum þátttakendum á almennum íslenskunámskeiðum boðið að sækja rafrænt stöðumat í íslensku svo hægt sé að ráðleggja það námskeið sem hentar best. Á árinu þreyttu alls 78 einstaklingar stöðumat í íslensku.


Almennum íslenskunámskeiðum fjölgaði um 11,5% á milli ára og skýrist það helst af því viðbótarfjármagni sem Mímir fékk úthlutað til íslenskukennslu á árinu.


Þá býður Mímir upp á próf í íslensku sem hægt er að nýta til umsóknar um ótímabundið dvalarleyfi hér á landi. Staðfestingar frá Mími þar að lútandi eru viðurkenndar af Útlendingastofnun.

Prófamiðstöð

Mímir hefur frá árinu 2017 séð um framkvæmd íslenskuprófa vegna umsókna um íslenskan ríkisborgararétt en prófin eru á vegum Menntamálastofnunar. Þeim sem tóku próf vegna umsóknar um íslenskan ríkisborgararétt fjölgar um 35% á milli ára sem fyrst og fremst skýrist af aukningu á framboði prófaloðna. Einnig má rekja þessa fjölgun til uppsafnaðrar eftirspurnar eftir heimsfaraldur.

Mímir hefur fest sig í sessi sem prófamiðstöð. Sífelld fleiri nemendur Háskólans á Akureyri og Háskólans á Bifröst kjósa að þreyta próf í prófamiðstöð Mímis og fjölgaði prófum um 60% á milli áruna 2021 og 2022.





Óbreyttur fjöldi stöðugilda

Í stjórn Mímis sitja fimm aðalmenn og tveir varamenn. Stjórnina skipa Eyrún Björk Valsdóttir formaður, Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir varaformaður, Ragnar Ólason meðstjórnandi, Lilja Kristbjörg Sæmundsdóttir meðstjórnandi og Eyþór Árnason meðstjórnandi. Varamenn eru Hilmar Harðarson og Selma Kristjánsdóttir.

Stöðugildi hjá Mími voru 19,4 og voru óbreytt á milli ára. Þá voru 134 í verktöku hjá Mími, meðal annars við kennslu, heldur fleiri en árið 2022.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins


Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) er samstarfsvettvangur og verkfærasmíðja í fullorðins- og framhaldsfræðslu á íslenskum vinnumarkaði. Hlutverk FA er að veita fólki á vinnumarkaði sem ekki hefur lokið námi frá framhaldsskóla tækifæri til að afla sér menntunar og/eða styrkja stöðu sína á vinnumarkaði.

FA hefur starfað á grundvelli þjónustusamnings við mennta- og menningarmálaráðuneytið um verkefni á sviði framhaldsfræðslu samkvæmt lögum nr. 27/2010 og verið falin umsýsla með Fræðslusjóði. Ákveðið var með þingsályktun í upphafi árs að færa FA undir félags- og vinnumarkaðsráðuneytið. Í lok árs var svo gerður samningur við mennta- og barnamálaráðuneytið og heyrir FA því undir tvö ráðuneyti. FA er í eigu SA, ASÍ, BSRB, fjármála- og efnahagsráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

FA tekur þátt í heildarendurskoðun á framhaldsfræðslukerfinu sem stendur nú yfir í umsjón félagsmála- og vinnumarkaðsráðuneytis. FA bindur vonir við að með henni verði þeim sem koma að framhaldsfræðslunni betur gert kleift að mæta þörfum fjölbreytts markhóps og styðja áfram við fólk við að efla hæfni sína og bæta stöðu á vinnumarkaði og í námi. Það verður gert með nýrri hugsun, nýjum fjölbreyttum og sveigjanlegum áherslum innan framhaldsfræðslukerfisins. FA tekur þátt í starfshópi á vegum félags- og vinnumarkaðsráðuneytis við að greina núverandi starfs- og menntunartækifæri fatlaðs fólks með tilliti til hvað þurfi að efla og koma með tillögur að aðgerðum.

FA fagnaði 20 ára afmæli sínu þann 1. nóvember 2022 með afmælisfundi og tóku yfir 100 manns þátt á staðnum og í streymi. Fundurinn var haldinn í samstarfi við NVL undir yfirskriftinni Fagbréf atvinnulífsins. Aðal áhersla fundarins var kynning á þessu nýja verkfæri innan framhaldsfræðslunnar.

Fræðslumiðstöðin hefur frá upphafi starfseminnar haldið utan um tölfræði úrræða sem FA stendur að. Sú tölfræði segir okkur að í lok árs 2022 höfðu 45.840 einstaklingar lokið námi í námsleiðum FA, náms- og starfsráðgjafar framhaldsfræðslunnar hafa tekið 139.855 ráðgjafaviðtöl og 7.315 einstaklingar hafa lokið raunfærnimati. Nánar um tölfræði framhaldsfræðslunnar má sjá á vef FA.vef FA.



Verkfæri framhaldsfræðslunnar

Verkfæri framhaldsfræðslunnar á Íslandi eru: hæfnigreiningar, raunfærnimat, námskrár og ráðgjöf. Nýjasta verkfærið ber heitið Fagbréf atvinnulífsins. EQM/EQM+ gæðavottun er hluti af þeirri þjónustu sem FA veitir.

Hæfnigreiningar

Sjö hæfnigreiningar hafa verið framkvæmdar frá september 2022 og þegar er hafin vinna við fjórar til viðbótar fyrir RAFMENNT. Störfín sem greind voru:

eldvarnir; sjúkraflutningar; blikksmíði; félags- og þjónustustörf við umönnun; þrif- og þjónustustörf á hjúkrunarheimili; starf á lager/vöruhúsi og starf við endurvinnslu. Síðustu fjögur störfin voru greind í samstarfi við Fjölmennt og Vinnumálastofnun (Atvinna með stuðningi).

Raufærnimat

Áherslur FA í aðferðafræði raufærnimats á vettvangi taka mið af þörfum markhópsins, en það er sá hópur sem hefur mestan ávinning af því að fara í raufærnimat.

Það eru öll þau sem:

- ekki hafa lokið framhaldsskóla- eða háskólanámi
- hafa áunnið sér færni með þátttöku á vinnumarkaði
- eru í ójafnri stöðu til að fá færni sína metna að verðleikum, til dæmis vegna uppruna, kyns eða annarra þátta.

Alls fóru 567 einstaklingar í gegnum mat á raufærni á vegum framhaldsfræðslunnar árið 2022, meirihluti voru karlar, eða 58%. Meðalaldur allra var 37,7 ára. Um 12% með annað móðurmál en íslensku fóru í raufærnimat á árinu. Raufærni var metin á móti námi á framhaldsskólastigi, námskrám FA og viðmiðum starfa. Sífellt bætast við nýjar starfsgreinar þar sem hægt er að fá reynslu af vinnumarkaði metna.

Námskeið fyrir fagaðila í raufærnimati voru haldin að venju á árinu. Um er að ræða tveggja daga námskeið sem hafa verið aðlöguð að stafrænu umhverfi. Námskeiðin eru haldin að minnsta kosti tvisvar á ári og oftast þegar þörf krefur.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur þýtt 10 matslista í raufærnimati á móti námi á framhaldsskólastigi og Fagbréfi atvinnulífsins frá íslensku yfir á ensku, til að mæta fólki með annað móðurmál en íslensku.

Raufærnimat til styttingar á námi (til eininga)

Markvisst hefur verið unnið að því á undanförunum árum að fjölga leiðum í raufærnimati á starfsmenntabrautum utan iðngreina. Með því nær verkfærið til fleiri hópa og starfa þar sem þörf er á starfsfólki. Opnun nýrra leiða krefst ákveðinnar undirbúningsvinnu með hagsmunaaðilum sem tengjast starfsgreininni. FA hefur sinnt því hlutverki að ryðja brautina með því að skapa sátt og mynda traust á niðurstöðum í gegnum það samstarf. Ef tekið er meðaltal síðustu þriggja ára má sjá að hlutfall þátttakenda í raufærnimati á starfsmenntabrautum og þátttakenda í raufærnimati í iðngreinum sem lýkur með sveinsprófi hefur jafnast.

Fagbréf atvinnulífsins


Fagbréf atvinnulífsins er staðfesting á færni starfsfólks til að sinna ákveðnu starfi og er afrakstur verkefnis sem unnið var í samstarfi við hagaðila.

Ávinningurinn af þessu nýja verkfæri er margþættur. Um leið og það veitir starfsfólki staðfestingu á færni sinni gefur það atvinnurekendum tækifæri til að kortleggja færni og þekkingu starfsfólks, leggja grunn að starfsþróun, markmiðasetningu og launasetningu. Horft er til starfa sem ekki krefjast formlegrar menntunar og eru líkleg til að taka miklum breytingum í náinni framtíð.

Mikil þróunarvinna átti sér stað á árinu vegna uppbyggingar á sjálfbæru kerfi fyrir þetta nýja verkfæri. Það gengur út á að draga fram og raunfærnimeta hæfni í starfi, bjóða upp á þjálfun í því sem upp á vantar (ef svo er) og votta hæfni í starfi út frá hæfniviðmiðum sem byggja á hæfnigreiningarferli FA.

Hlutverk FA er að vera miðja fyrir þetta sjálfbæra kerfi. Í því felst að:

- tryggja gildi niðurstaðna með kröfum um aðferðafræði og gæði framkvæmdar
- móta og uppfæra hæfniviðmið fyrir störf
- gefa út Fagbréf.



Námskrár

Á árinu 2022 var unnið að námskrám FA til að styðja við færnieflingu fólks með andlega fötlun og aðrar skyldar raskanir. Þær námskrár sem hlutu vottun hjá Menntamálastofnun (MMS) fullgerðar voru m.a. Smíðja 1-1 og Smíðja 1-2. Þær námskrár voru unnar í samstarfi við Fjölmennt og eru báðar á hæfniprepi eitt en eru samt sem áður í röð. Þessar námskrár miða að uppbyggingu þekkingar og færni einkum í verkunnáttu, sköpun, samhæfingu og fjölbreyttu tjáningarformi en má þó útfæra samkvæmt þörfum markhópsins.

Auk þeirra var áfram unnið að Námslínu fyrir ferðaþjónustu sem er í vottun hjá MMS. Þar er á ferð viðamikil námskrá sem unnin er í samstarfi

framhaldsfræðslu og framhaldsskóla. Tryggt er jafngilt mat milli kerfa framhaldsfræðslu og framhaldsskóla sem og greið leið fyrir þá sem vilja halda áfram námi innan framhaldsskóla og í háskóla. Námslínan skiptist í grunnnám og sérhæfingar með námslokum bæði á 2. og 3. þrepi. Alls 90 feiningar með námslokum á öðru hæfniprepi þar sem grunnur er 40 feiningar og greinist svo í sérhæfingar sem hver er 50 feiningar. Sérhæfingar eru: Móttaka, böð, lindir og lón, og veitingar.

Ráðgjöf um nám og störf

Á vettvangi framhaldsfræðslunnar eru nú um 30 sérfræðingar sem sinna sérstaklega leiðsögn og ráðgjöf um nám og störf. Haldnir voru þrjú upplýsinga- og þróunarfundur á tímabilinu með ráðgjöfum og verkefnastjórum á vettvangi framhaldsfræðslunnar. Áhersla var á fjölmenningu og viðbrögð við aukningu innflytjenda í ráðgjöfina. Rýnt var í tölfraði ársins 2022 og farið yfir niðurstöður ársskýrslna miðstöðva til að rýna í áskoranir og þarfir. Reynslu var miðlað á milli og samræmdar lausnir ræddar. Í ágúst var haldinn fundur með öllum ráðgjöfum í samstarfi við NVL. Farið var yfir stöðuna á vettvangi framhaldsfræðslunnar, leiðir í ferilskrargerð með innflytjendum, þróun raunfærnimats í almennri starfshæfni, nýtt verkfæri á vefnum Næsta skref og stöðu Fagbréfa atvinnulífsins.

Upplýsingavefurinn Næsta skref.is

Notkun vefjarins er mikil, hefur farið stöðugt vaxandi og er nú með um 70.000 notendur á ári. Farið var í að endurfjármagna vefinn en við blasti að loka þyrfti vefnum vegna skorts á fjármagni. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins þróaði vefinn með styrk frá ESB en hafði síðan staðið ein að rekstri hans frá árinu 2021. Í lok júní 2023 var skrifað undir samkomulag á milli mennta- og barnamálaráðuneytis, félags- og vinnumarkaðsráðuneytis, innviðaráðuneytis og Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins um áframhaldandi rekstur vefjarins eftir langan aðdraganda. Þessir aðilar munu fjármagna vefinn en rekstur hans og þróun fluttist þá til Menntamálastofnunar.

EQM og EQM+ gæðavottun

EQM og EQM+ gæðaviðmiðin hafa verið í þróun hjá FA í yfir 10 ár. Upphaflega náði gæðavottunin eingöngu yfir fræðslu, en í dag er í boði vottun vegna náms- og starfsráðgjafar og raunfærnimats, auk fræðslu. Í árslok voru 19 fræðsluaðilar og fyrirtæki með vottun; annaðhvort EQM eða EQM+. Allir 14 samstarfsaðilar FA á vettvangi framhaldsfræðslunnar eru með EQM+ gæðavottun.

Verkefni á vegum FA

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins annast umsjóslu með Fræðslusjóði og fjárreiðum hans samkvæmt þjónustusamningi sem er í gildi milli aðila. Frá 2005 hefur FA hýst landstengilið Íslands í Norræna tengslanetinu um nám fullorðinna (NVL) með fjármagni frá Norrænu ráðherranefndinni. Jafnframt hefur FA frá 2017 hýst Hæfnisetur ferðapjónustunnar sem vinnur samkvæmt þjónustusamningi við menningar- og viðskiptaráðuneytið (áður atvinnuvega- og nýsköpunaráðuneytið), um uppbyggingu á hæfni starfsfólks í íslenskri ferðapjónustu. Hæfnisetrið, Fræðslusjóður og NVL gefa út sínar eigin ársskýrslur.

Fræðslusjóður

Árið 2022 framkvæmdu samstarfsaðilar Fræðslusjóðs fyrir samtals 779,6 milljónir. Árið 2021 var samanlögð framkvæmd 742,5 milljónir og jókst framkvæmdin í leiðum sem Fræðslusjóður fjármagnar því um 37,1 milljón frá árinu á undan.

Skiptist framkvæmdin 2022 þannig að framkvæmd námsleiða var 551,6 milljónir, framkvæmd náms- og starfsráðgjafar var 120,3 milljónir, framkvæmd raunfærnimats var 120,3 milljónir og framkvæmd nýsköpunar- og þróunarverkefna var 27,4 milljónir.

Í upphafi árs 2021 gerði FA fyrir hönd Fræðslusjóðs samning við Vinnu-málastofnun í tengslum við verkefni stjórnvalda, „Nám er tækifæri“. Í samningi var Fræðslusjóði falið að stýra úthlutun viðbótarfjármagns til framhaldsfræðsluaðila til kennslu námsleiða og raunfærnimats fyrir fólk á atvinnuleysis-skrá. Náði verkefnið fram á mitt ár 2022. Það ár var framkvæmd námsleiða 103 milljónir og raunfærnimats 0,7 milljónir, eða samtals 103,7 milljónir.

Alls var því framkvæmt fyrir 883,3 milljónir árið 2022.

Hæfnisetur ferðapjónustunnar

Hæfnisetrið starfar á forsendum ferðapjónustunnar við að efla hæfni og gæði í atvinnugreininni. Öll þróun og verkefni hafa það að markmiði að ferðapjónustan verði eftirsóknarverður starfsvettvangur, skipuð framúrskarandi hæfu starfsfólki.

Helstu verkefni:

- Þróun fræðslu- og stuðningsefnis fyrir stjórnendur og starfsfólk í ferðapjónustu í samstarfi við hagaðila.
- Ráðgjöf og aðstoð til fyrirtækja innan ferðapjónustunnar við að koma á fræðslu og þjálfun.
- Þróun námslínu fyrir ferðapjónustu í samvinnu við atvinnulífið, framhaldsfræðslu, framhaldsskóla og háskóla.

- Fundaröð um hæfni og gæði innan ferðaþjónustunnar í samstarfi við SAF og áfangastaða- og markaðsstofur landshlutanna.
- Kynning á starfsemi Hæfnisetursins á viðburðum ferðaþjónustunnar.

Vefur Hæfnisetursins, haefni.is, var endurbættur á árinu 2022 og nýjum verkfærum fyrir greinina bætt við. Allt efnið er hannað og þróað í samvinnu við ferðaþjónustuna og opið öllum til afnota. Á síðunni er jafnframt að finna upplýsingar um nám og námskeið sem tengjast ferðaþjónustu. Meðal helstu nýjunga er vefurinn Goodtoknow.is, upplýsinga- og fræðsluvefur fyrir nýtt starfsfólk í ferðaþjónustu, og nýlega var bætt við fróðleik fyrir stjórnendur og starfsfólk um áreitni og ofbeldi á vinnustað.

Reglulega eru haldnir Menntamorgnar ferðaþjónustunnar og í tengslum við Menntamorgna fer fram fróðlegt Menntaspjall með þátttakendum um viðfangsefni hverju sinni.

Norrænt tengslanet um nám fullorðinna (NVL)

Fulltrúar FA taka þátt í fjölbreyttum tengslanetum á vegum NVL sem hvert um sig vinnur að afmörkuðum verkefnum út frá áherslusviðum hverju sinni. Fulltrúi Íslands í NVL er sérfræðingur hjá FA. Starfandi net eru 7 talsins, þar af eitt nýtt. Þau eru:

1. Stafræn inngilding fullorðinna til virkrar þátttöku í samfélaginu
2. Stafræn hæfni á vinnumarkaði með áherslu á störf iðnverkafélks
3. Raunfærnimat
4. Ráðgjöf fullorðinna
5. Alfaráðið
6. Sjálfbærni
7. Menntun í fangelsum

Tvö net luku störfum í lok árs 2022, netið um grunnleikni og netið um hæfni leiðbeinenda. Hvert net er með aðgerðaráætlun fyrir hvert starfandi ár.

Dæmi um afurðir NVL neta frá september 2022–september 2023 er efni um leiðir til samsköpunar í námi og umsjón námshringja (virkjun frumkvæðis og þátttöku); samantekt um stöðu örvottana (e. micro-credentials); vefstofur um sjálfbærni sem hluta af námi fullorðinna út frá heimsmarkmiðum Sam-einuðu þjóðanna; og skýrslur þ.á m. um stöðu samhæfingar ráðgjafar í Danmörku og á Íslandi.

Hægt er að lesa um helstu afurðir og viðburði í **ársskýrslu NVL** frá 2022. Það sem liðið er af árinu 2023 hefur NVL meðal annars unnið að formennsku Íslands í Norrænu ráðherranefndinni – verkefni sem snýr að inngildingunni innflytjenda (sjá nánar hér að neðan undir tímabundin verkefni og viðburðir), ásamt því að halda fjöldu annarra viðburða.

Hægt er að nálgast afurðir, viðburðadagatal, fréttir, greinar og hlaðvörp á NVL.org.

Tímabundin verkefni

Sérverkefni í tölfraði – Raunfærnimat, nýjar námsleiðir FA og tengslin þar á milli

Í tengslum við endurskoðun laga um framhaldsfræðslu sem nú fer fram ákvað FA að ráðast í nánari tölfraðivinnslu en hingað til hefur verið gerð á þeim gögnum sem til eru um fullorðinsfræðslu á Íslandi. Tilgangur vinnslunnar er að skoða tölfraðigögn framhaldsfræðslunnar úr Innu á árunum 2017–2022 um annars vegar raunfærnimat og hins vegar námsleiðir FA og tengslin á milli þeirra, þ.e. í hve miklum mæli einstaklingar ferðast á milli þessara tveggja leiða innan framhaldsfræðslunnar.

Fyrstu niðurstöður benda til að nokkuð er um að einstaklingar fari í fleiri en eitt verkfæri á vegum framhaldsfræðslunnar. Þannig hafa um átta prósent þeirra sem hafa farið í raunfærnimat á tímabilinu farið í tvö eða fleiri raunfærnimöt og um 17 prósent þeirra sem hafa verið skráð í námsleið hafa farið í tvær eða fleiri námsleiðir. Þá sýna niðurstöðurnar að fjórðungur þeirra sem skráð hafa verið í raunfærnimat á árunum 2017 til 2022 hafi líka farið í að minnsta kosti eina námsleið. Hlutfallið er hins vegar nokkuð breytilegt eftir raunfærnimatsflokkum. Þannig hafa um 45 prósent þeirra sem hafa farið í raunfærnimat innan starfsnámsbrauta einnig farið í námsleið en það á aðeins við um 5 prósent þeirra sem hafa farið í raunfærnimat innan iðngreina. En námsleiðir í iðngreinum eru í framhaldsskóla og því má gera ráð fyrir að einstaklingar sem ljúka raunfærnimati í iðngrein fari í framhaldsskóla til að ljúka iðngreininni. Þessi tölfraðigreining gefur ekki upplýsingar um þann hóp sem fer í nám í framhaldsskóla að loknu raunfærnimati.

Raddir fólks með erlendan bakgrunn

FA nýtir sér erlend tengsla- og samstarfsnet um nám fullorðinna í þróunarvinnu sinni. Viðfangsefni verkefna eru sérvalin út frá þörfum markhópsins og niðurstöðum miðlað inn í framkvæmd á vettvangi framhaldsfræðslunnar.

Ísland gegnir formennsku í Norrænu ráðherranefndinni árið 2023. Vegna formennskunnar hafa FA og NVL leitt verkefnið *Raddir fólks með erlendan bakgrunn – inngilding í nám, starf og samfélag í samstarfi við félags- og vinnumarkaðsráðuneytið og mennta- og barnamálaráðuneytið*. Í verkefninu voru gerðar þarfagreiningar með hópum ungs fólks með erlendan bakgrunn (18–35 ára) á fimm landsvæðum símenntunarmiðstöðva til að draga fram þeirra sýn á aðgengi að námi, vinnumarkaði og öðrum sviðum samfélagsins.

Einnig var dregin fram sýn ýmissa stefnumótunar- og þjónustuaðila sem og fyrirtækja. Þann 11. maí 2023 var síðan haldin norræn ráðstefna í Reykjavík þar sem stefnumótendur og þjónustuaðilar markhópsins komu saman til að vinna með niðurstöður þarfagreiningar og rýni til að móta tillögur að lausnum. Nú í haust verður tillögunum miðlað víða í þeim tilgangi að hafa áhrif á stefnumótun varðandi inngildingu innflytjenda í samfélagi, námi og starfi. Ferlið hefur verið unnið í nánu samstarfi við innlenda bakhóp hagsmunaaðila í verkefninu, sérfræðinet innan NVL og innlenda aðferðafræðinga. Verkefninu lýkur í desember 2023.

Samstarfsverkefni

FA hefur tekið þátt í þónokkrum tímabundnum og erlendum verkefnum í gegnum tíðina. Nú eru nokkur erlend samstarfsverkefni í gangi hjá FA. Tveimur þeirra er að ljúka um þessar mundir og eru lokaskil og skrif lokaskýrslna yfirstandandi. Önnur verkefni eru enn í gangi eða nýhafin.

Þau erlendu verkefni sem nú eru í gangi hjá FA eru:

1. NOVA Nordic verkefnið (Erasmus KA2) – um leiðir til að tengja óformlegt nám í auknum mæli við innlenda hæfniramma. Verkefninu lýkur haustið 2023.
2. TRANSVAL verkefnið (Erasmus KA3) – um samræmda aðferðafræði og þjálfun vegna raunfærnimats í yfirferanlegri hæfni. Unnið í samstarfi við NVL. Því lýkur í lok árs 2023 og helstu afurðir má nálgast á **vef Transval..**
3. EES samstarfsverkefni Íslands, Póllands og Slóveníu – um þjálfun kennara í Reynslunámi (Experiential Learning). FA kemur inn sem sérfræðingar í þessu verkefni. Lýkur á miðju ári 2024.

Viðburðir

Ráðstefna um raddir innflytjenda

Eins og fram kom hér á undan var haldin ráðstefna í maí sl. þar sem yfir 80 sérfræðingar frá Íslandi og hinum Norðurlöndunum komu saman til að vinna að lausnum innan verkefnisins *Raddir fólks með erlendan bakgrunn – inngilding í nám, störf og samfélag*. Þar fluttu ráðherrar ávörp, norrænir aðilar héldu erindi og dregin voru fram helstu áskoranir sem þessi markhópur stendur frammi fyrir. Innsýn í áskoranir markhópsins var fengin úr vinnu með bakhóp verkefnisins og niðurstöðum úr rýnihópum með ungum innflytjendum. Þátttakendur í ráðstefnunni unnu saman með niðurstöður þarfagreiningar og rýnihópa með því að móta tillögur að lausnum.

Tuttugu ára afmælisfundur FA

Afmælisfundur FA fór fram á Grand hóteli 1. nóvember 2022, í tilefni af 20 ára afmæli FA. Yfirskrift fundarins var *Fagbréf atvinnulífsins – Verkfæri til framtíðar* og var sjónum beint að því hvernig slíkt verkfæri getur nýst fólki og fyrirtækjum til að þróa hæfni, draga hana fram og staðfesta. Á fundinum komu fram bæði erlendir og íslenskir sérfræðingar sem fjölluðu um málið frá ýmsum hliðum.

Fundur með samstarfsaðilum FA

FA og Símennt (áður Kvasir) héldu sameiginlegan haustfund á Akureyri. Um 100 manns sóttu fundinn og voru um 30 manns í streymi. Alls voru 12 vinnustofur á þessum tveggja daga fundi þar sem FA kynnti meðal annars Fagbréf atvinnulífsins.

Hvert stefnir fullorðinsfræðslan?

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Háskóli Íslands og félags- og vinnumarkaðsráðuneytið buðu til vefstofuraðar í september og október 2022. Tilefnið var að eiga samtal við bæði erlenda og innlenda sérfræðinga á sviði fullorðinsfræðslu, vegna endurskoðunar laga um framhaldsfræðslu sem nú stendur yfir.

Lagabreytingar og skipulagsmál

Laganefnd

Haldnir voru tveir fundir í laganefnd á tímabilinu og á þeim afgreiddar til miðstjórnar án athugasemda, lagabreytingar tveggja aðildarfélaga.

Efling segir sig úr SGS og tekur stöðu í beinni aðild

Á starfsárinu efndi stjórn Eflingar til allsherjaratkvæðagreiðslu meðal félagsmanna um úrsögn úr Starfsgreinasambandi Íslands. Nokkur umræða varð innan hreyfingarinnar um hvort það samræmist skipulagi ASÍ að staðbundið stéttarfélag eins og Efling geti tekið stöðu utan landssambanda og verið í beinni aðild að ASÍ eða hvort slík úrsögn úr landssambandi fæli jafnframt í sér úrsögn úr ASÍ.

Málið var tekið fyrir í miðstjórn og komist að þeirri niðurstöðu að eftir breytingar á lögum ASÍ 2010 að það leiði af lögum ASÍ að eftir úrsögn Eflingar úr SGS stæði eftir bein aðild félagsins og aðild þess myndi því ekki raskast. Fyrir miðstjórn lá minnisblað lögræðideildar. Þar kemur fram að í 1. mgr. 5. gr. komi skýrt fram að „Aðild að Alþýðusambandi Íslands geta stéttarfélög átt beint eða í gegnum sambönd stéttarfélaga, sem skipulögð eru í samræmi við samþykktir þinga ASÍ og uppfylla þau skilyrði, sem sett eru í lögum þessum“.

Samkvæmt 3. mgr. sömu greinar sækja einstök stéttarfélög um og öðlast aðild að ASÍ. Í framhaldinu taka þau annað af tvennu beina aðild að sambandinu eða skipa sér í landssamband sem er sérstök skipulagseining innan stjórnskipunar ASÍ. Einstök stéttarfélög utan ASÍ geta ekki verið aðilar að landssamböndum og aðild að ASÍ skilyrði fyrir aðild að þeim. Síðan segir að skýrt komi fram í 5. mgr. 17. gr. laga ASÍ, að atkvæðagreiðsla um úrsögn úr ASÍ, er sjálfstæð atkvæðagreiðsla, með öllu óháð atkvæðagreiðslu um úrsögn úr landssambandi. Þar segir: „Slík atkvæðagreiðsla [atkvæðagreiðsla um úrsögn úr landssambandi] er því aðeins bindandi um úrsögn úr ASÍ að sérstaklega hafi verið greidd atkvæði um sjálfstæða tillögu um úrsögn úr ASÍ sem sé óháð úrsögn úr viðkomandi landssambandi.“

Farið var síðan yfir aðdraganda og tilurð þessara lagaákvæða en ákvæði 1. mgr. 5. gr. laga ASÍ var breytt á ársfundi sambandsins 2010. Nokkrum áratugum fyrr hafði verið tekin sú ákvörðun að framtíðarskipulag ASÍ skyldi byggjast á landssamböndum og landsfélögum (félög sem í reynd gera kjarasamninga á landinu öllu) og speglaði þágildandi ákvæði 1. mgr. 5. gr. þessa stefnu. Þessi breyting leiddi til verulegrar samþjöppunar félaga í stórum landshlutum og til aukins vægis landssambandanna. Breytingin náði hins vegar aldrei markmiði sínu að fullu.

Á ársfundi ASÍ 2008 var ákveðið að farið skyldi yfir skipulagsmál sambandsins. Í því skyni var efnt til átaks þar sem fundað var með öllum aðildarfélögum ASÍ á 10 fundum um allt land á tímabilinu febrúar til mars 2010. Unnið var skipulega í hópum, niðurstöður dregnar saman og atkvæði greidd um tillögur. Í samantekt af þessum fundum, hvað skipulag ASÍ varðar, sagði: „Hvorutveggja, bein aðild að ASÍ og aðild í gegnum landssambönd, nýtur stuðnings þó atkvæði með beinni aðild hafi verið fleiri auk þess sem hugmynd um beina aðild er sú eina sem bæði kemur fram á 9 fundum af 10 og nær því að komast á lista með hugmyndum með flest atkvæði. Algerlega óbreytt skipan fær hins vegar lítinn stuðning. ... Samkvæmt ummælum í fundargerð má skilja hluta umræðunnar þannig að félagsmenn vilji tryggja að allir fái með einhverjum hætti áheyrn innan æðstu stjórnar ASÍ á milli ársfunda. Hvort aðild er í gegnum landssamband eða ekki liggur meira á milli hluta. Nærtækt gæti verið að álykta sem svo, að það ætti að vera í valdi sérhvers félags fyrir sig hvort það telur málum sínum betur borgið með aðild að ASÍ í gegnum landssamband eða með beinni aðild. Við það myndi einnig losna um ákveðna spennu innan ASÍ varðandi þá staðreynd að vilji stórt félag eiga beina aðild verður það að skilgreina félagssvæði sitt sem landið allt til þess að geta tekið stöðu sem „landsfélag með beina aðild“ skv. gildandi skipulagi ASÍ. Landsamböndin gætu áfram starfað en án þess að aðild að þeim væri skilyrði aðildar að ASÍ. Hlutverk þeirra myndi þó væntanlega áfram lúta að samræmingu, gerð kjarasamninga, fræðslumálum o.fl.“ Í kjölfar þessara funda voru gerð drög að lagabreytingum og eftir umræðu á formannafundi 25.5 2010 og í miðstjórn 16.6 2010 voru þær þann 18.6 2010, sendar með áorðnum breytingum, öllum aðildarfélögum sambandsins til kynningar og umræðu. Í kynningu við afgreiðslu lagabreytinga á ársfundi 2010 sagði síðan um þær breytingar sem verið var að gera: „... aðild að landssambandi eða staða sem landsfélag verði ekki lengur skilyrði fyrir aðild að ASÍ.“

Í niðurstöðum laganeftar ársfundarins sem kom saman eftir 1. umræðu sagði: „Aðild að ASÍ. Fram kom að staða og starf sambandanna ætti ekki að hvíla á því að vera aðgangur að ASÍ og jafnframt að þau þyrftu að taka breytingum. Verði af lagabreytingum muni breytingarnar taka talsverðan tíma og valkvæð aðild vera byrjunin. Jafnframt kom fram hvort ekki ætti að skoða skattamál sambandsins í framhaldi breytinganna m.a. vegna þjónustu ASÍ ef vera kynni að hún væri meiri en við samböndin. Vægi aðildarfélaganna þyrfti e.t.v. einnig að kanna og auk þess setu í miðstjórn. Niðurstaða: Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins án breytinga hvað þessi efnisatriði varðar.“ Tillaga miðstjórnar um framangreindar breytingar á lögum sambandsins var síðan samþykkt á ársfundi og tók gildi í lok hans.

Í minnisblaðinu, sem miðstjórn byggði niðurstöðu sína á, segir síðan að

samkvæmt framansögðu er engum vafa undirorpið, að segi aðildarfélag sig úr landssambandi raskar það ekki aðild félagsins að ASÍ. Í kjölfar úrsagnar tekur félagið stöðu sem félag í beinni aðild að ASÍ. Breyting af þeim toga krefst hvorki staðfestingar miðstjórnar né þings ASÍ. Aðildarbreytinguna þarf hins vegar að tilkynna ASÍ að aflokinni allsherjaratkvæðagreiðslu meðal félagsmanna sbr. 2. mgr. 17. gr. laga ASÍ. Staðfesta má því „að það leiði af lögum ASÍ að ef Efling segi sig úr SGS standi eftir bein aðild Eflingar að ASÍ“.

Vakin var að lokum athygli á því, að þar sem Efling á einnig aðild að Sjómannasambandi Íslands vegna sjómannadeildar sinnar, að þá raskar úrsögn úr SGS ekki þeirri stöðu og myndi Efling því áfram eiga aðild vegna þeirrar deildar í gegnum SSÍ en beina aðild hvað aðra félagsmenn sína varðar.

Skipulags- og starfsháttanefnd

Skipulags- og starfsháttanefnd kom saman á þó nokkrum fundum á starfsárinu. Nefndin staðfesti á árinu breytingar á reglugerðum sex sjúkrasjóða aðildarfélaga og fylgdi að venju eftir skilum á ársreikningum og skýrslum. Jafnframt hefur nefndin nú sem áður haft eftirlit og yfirsýn með því að aðildarfélag framkvæmi tryggingarfræðilegt mat á sjúkrasjóðum sínum sbr. lög ASÍ en þau mál eru komin í fastar skorður og skil hafa gengið vel. Nefndin starfar nú sem áður skv. metnaðarfullri og ítarlegri starfsáætlun um ýmis mál er varðar innri málefni og skipulag verkafélagsshreyfingarinnar.

Stærstu einstöku verkefni nefndarinnar á liðnu starfstímabili lutu að yfirfærslu réttinda úr sjúkra- og styrktarsjóðum. Þar þar fyrst að nefna útfærslu og undirbúningsvinnu á því sem lagt var fram og samþykkt á 45. sambandsþingi. Nánar tiltekið það sem nú er orðið síðari málsliður 1. mgr. 49. gr. laga ASÍ. Því til viðbótar þá leiddi nefndin einnig útfærslu og næstu skref í því að tryggja betur tilfærslu réttinda á milli aðildarfélaga ASÍ og BSRB sem annað slagið kemur upp sem áskorun. Í því samhengi þá kláraði nefndin fyrir sitt leyti útfærslu á neðangreindri sameiginlegri yfirlýsingu ASÍ og BSRB um réttindaflutning milli sjúkrasjóða aðildarfélaga. Þegar þetta er ritað hefur hún þó ekki verið formlega afgreidd af aðilunum en munnlegt samþykki á útfærslunni og sameiginlegur skilningur á meginreglunum liggur þó fyrir.

Sameiginleg yfirlýsing ASÍ og BSRB um útfærslu réttindaflutnings milli sjúkrasjóða aðildarfélaga

Árið 2019 skrifuðu Alþýðusamband Íslands og BSRB undir viljayfirlýsingu varðandi réttindaflutning milli sjúkra- og styrktarsjóða fyrir félagsfólk aðildarfélaga. Í yfirlýsingunni segir að ASÍ og BSRB séu sammála um að vinna að því að tryggja flutning réttinda félagsfólks aðildarfélaga sinna milli sjúkra- og styrktarsjóða við breytingu á félagsaðild. Tilgangurinn er

að tryggja að réttur einstaklinga til sjúkradagpeninga og dánarbóta haldist þegar flutningur verður frá aðildarfélagi ASÍ og yfir til BSRB, eða öfugt, sem annars veldur því að einstaklingurinn þarf að ávinna sér aftur réttindi hjá hinu nýja stéttarfélagi samkvæmt úthlutunarreglum þess. Fulltrúar ASÍ og BSRB hafa undanfarin misseri blásið lífi í þá vinnu og komið sér saman um efni þessarar sameiginlegu yfirlýsingar varðandi útfærslu. Fulltrúar ASÍ og BSRB eru sammála um að til að byrja með sé heppilegra að breytingarnar lúti eingöngu að rétti til greiðslu sjúkradagpeninga og dánarbóta en lýsa þó yfir vilja sínum til að útvíkka umræðuna að öðrum styrkjum þegar reynsla er komin á hina nýju framkvæmd.

Með vísan í framangreint lýsa undirrituð því yfir að gera eftirfarandi:

- Miðstjórn ASÍ hlutist til um að 49. gr. laga ASÍ um lágmarksreglur í sjúkrasjóðum aðildarfélaga verði breytt á þann hátt að réttindaflutningur verði tryggður á milli aðildarfélaga ASÍ og BSRB hvað varðar rétt til sjúkradagpeninga og dánarbóta.
- Forsvarsfólk sjóða BSRB hlutist til um að framkvæmd verði breyting á úthlutunarreglum á næsta aðalfundi/sambandsþingi á þann hátt að réttindaflutningur verði tryggður á milli aðildarfélaga ASÍ og BSRB hvað varðar rétt til sjúkradagpeninga og dánarbóta.

Aðilar eru sammála um að framangreint megi gera með því að innleiða svohljóðandi reglu í viðeigandi lög/úthlutunarreglur:

Sá sem hefur öðlast rétt til greiðslu sjúkradagpeninga og dánarbóta úr sjúkrasjóði aðildarfélags innan ASÍ eða BSRB öðlast þann rétt að nýju innan nýs sjúkrasjóðs innan hinna samtakanna samkvæmt þeim reglum sem þar gilda eftir einn mánuð, enda hafi hann fram að því átt rétt hjá fyrra félagi. Þegar sótt er um í nýju aðildarfélagi skal umsækjandi leggja fram yfirlit um greiðslur sem hann hefur þegið úr fyrri sjúkrasjóði sl. tólf mánuði.

Þar sem þær breytingar sem hér um ræðir geta almennt einungis farið fram á aðalfundi framangreindra sjóða felst jafnframt í yfirlýsingunni að aðilar munu stuðla að því að þau réttindi sem breytingin felur í sér verði framkvæmd ef upp koma slík mál jafnvel þó að reglan hafi ekki verið formlega tekin inn í viðeigandi lög/úthlutunarreglur.

Yfirlýsing þessi er reist á þeim forsendum að breytingarnar skuli skv. efni sínu vera komnar í fulla framkvæmd eigi síðar en 1. desember 2024.



Erlend samskipti

Ráðgjafarnefnd EFTA

Ráðgjafarnefnd EFTA er samstarfsvettvangur aðila vinnumarkaðarins í EFTA löndunum, þ.e. Íslands, Noregs, Liechtenstein og Sviss. Nefndin hittist að jafnaði fjórum sinnum á ári. Síðla vetrar er í tengslum við fund nefndarinnar haldinn fundur með Stjórnarnefnd EFTA (Standing Committee). Að vori eru í tengslum við fund nefndarinnar haldnir fundir með ráðherrum EFTA-ríkjanna og þingmannanefnd EFTA. Að hausti heldur nefndin vinnufund þar sem farið er yfir þau mál sem eru efst á baugi hverju sinni. Undir lok árs er haldinn fundur með þeim ráðherra EFTA- EES-ríkjanna sem hefur forystu fyrir EFTA hverju sinni. Þá fundar ráðgjafarnefndin einu sinni á ári með fulltrúum frá efnahags- og félagsmálanefnd ESB (EESC).

Í ráðgjafarnefndinni sitja 16 fulltrúar samtaka launafólks og atvinnurekenda. Sex frá Noregi, fjórir frá Íslandi og Sviss og tveir frá Liechtenstein. Auk þess starfa fulltrúar frá skrifstofu EFTA með nefndinni og sérfræðingar frá aðildarsamtökunum í einstaka málum. Halldór Oddsson er fulltrúi ASÍ í nefndinni en þar eiga einnig sæti frá Íslandi BSRB, Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins og Samband íslenskra sveitarfélaga er með áheyrn.

Eftir sem áður má skipta starfi nefndarinnar í tvennt, þ.e. hvað varðar mál-efnasvið sem reynir á ráðgjöf og samráð. Annars vegar um þann hlut sem lýtur

að sjálfstæðri fríverslunarsamningagerð EFTA og hins vegar um það sem lýtur að virkni og innleiðingu EES samningsins.

Það má segja að undanfarið starfsár hafi einkennst af nokkurri stöðnun og biðstöðu í báðum efnisflokkunum. Stórir utanaðkomandi þættir eins og Covid-19 og stríðið í Úkraínu sbr. þar til gerð krísustjórnun hafa að mörgu leyti tekið yfir allan fókus á alþjóðamálum. Lítið hefur því þokast áfram og hvað varðar fríverslunarmálin er svo sem ekki margt í boði þar, að einhverju leyti mett ástand þar en þetta er óheppilegra hvað varðar EES málefni. Staðan er enn þá svo að innleiðing tekur ávallt talsverðan tíma og EES/EFTA ríkin talsvert á eftir því að taka upp reglur um innri markaðinn sem getur skapað óheppilegt ójafnvægi.

Eins hefur réttilega verið bent á að EES-samningurinn er að mörgu úreltur og tekur t.a.m. ekki mið af þeirri þróun sem átt hefur sér stað innan ESB undanfarin ár um að gefa sjálfstæðum samevrópskum stofnunum aukið vald, t.d. Persónuverndarstofnun Evrópu og nú síðar Vinnuréttarstofnun Evrópu (European Labour Authority – ELA). Stærsta einstaka málið sem hefur þó verið til umfjöllunar er möguleg upptaka á tilskipun um lágmarkslaun (e. Directive on adequate minimum wages in the European Union) inn í EES-samninginn en tilskipunin er klár í öllum aðalatriðum innan raða ESB og bíður eingöngu formlegrar fullgildingar og í framhaldinu innleiðingar í aðildarríkjunum. En Norðurlöndin hafa verið mjög andsnúin tilskipuninni sem þau telja að geti ógnað hinu svokallaða skandinavíska vinnumarkaðsmódeli.

NETLEX

Dagana 15. og 16. nóvember 2022 var haldin ráðstefna á vegum ETUC fyrir meðlimi Netlex nefndar samtakanna er bar yfirskriftina *Fighting for worker's rights against the odds*. Umræðuefnið var, eins og heiti ráðstefnunnar gefur til kynna, baráttan fyrir réttindum launafólks á umrótatímum. Sérfræðingar hvaðan af komu og voru með stutt erindi. Á einn eða annan hátt tengdust erindin grundvallarréttindum launafólks. Þá tóku erindin mið af þeim breytingum sem eru og höfðu verið á þjóðfélögum víðs vegar í Evrópu, svo sem afleiðingum af Covid-19 og stríðinu í Úkraínu, auk aukinna áhrifa hægri afla og misskiptingar auðvalds sem hefur leitt til þess að valdamisvægi á milli launafólks og atvinnurekenda eykst til hagsbóta fyrir þá síðarnefndu.

Veiking verkfallsréttarins

Niðurstöður Mannréttindadómstóls Evrópu spilðu stóran þátt í því að veikja réttinn enn frekar, ásamt því að löggjafar víðs vegar um heimsálfuna eru farnir að seilast lengra með því að herða að atvinnugreinum sem ekki máttu nýta verkfallsvopnið. Á sama tíma og verkfallsrétturinn á undir högg að sækja

hefur aðstöðumunur aukist, ásamt gríðarlegum umskiptum í tæknibyltingu sem leitt hefur til þess að störf hverfa af markaðnum og við þeim taka sjálfvirkar lausnir.

Atvinnuleysi varð mikið á meðan Covid-19 stóð sem hæst og áhyggjur vöknudu um að hópur fólks myndi ekki snúa til baka á vinnumarkað. Í því samhengi var sérstaklega litið til NEET hópa (ungmenni sem stunda ekki nám, atvinnu eða starfsþjálfun). Talið er að 30-50% þeirra sem eiga rétt til félagslegrar aðstoðar, sæki hann ekki. Það þarf að ná til þeirra og hafa inngildinguna að leiðarljósi með því að aðlaga vinnumarkaðinn að fólkinu, en ekki öfugt.

Skil milli vinnu- og einkalífs og jafnrétti kynjanna

Mikill fjöldi fólks mætti ekki á sínar venjubundnu starfsstöðvar og urðu skilin á milli heimilis og vinnu oft óskýr, enda vinnan unnin á heimilum fólks. Áhrifin urðu þau að fólk sinnti vinnu sinni utan eiginlegs vinnutíma og tók síður frí frá vinnu vegna veikinda. Jafnframt þótti hallað á konur, en þær virtust taka frekar á sig þriðju vakt heimilis á meðan þær sinntu á sama tíma heimavinnu á meðan karlar áttu auðveldara með að skilja á milli verkefna heimilis og vinnu.

Í framhaldi þessa var fjallað um skilgreiningu á „vinnutíma“ enda mörkin oft orðin óljós. Vafamál koma sífellt upp um hvað telst til eiginlegs vinnutíma, en slíkt getur til að mynda haft áhrif á launagreiðslur, vinnuslysarétt og hvíldartímarétt. Starfsfólk eigi að hafa vald til þess að skipuleggja frítíma sinn sjálf.

„Gigg“ hagkerfið og samkeppnislöggjöf

Með tilkomu breyttra viðskipta- og atvinnuþátta hefur þróunin verið á þá leið að það aukist að fólk er ekki ráðið í fastmótað vinnumódel þar sem vinnutími og vinnumagn er fyrir fram ákveðið og laun og kjarabundin réttindi fylgi því vinnumódeli. Fyrirtæki eru í auknum mæli farin að leita til „gigg“ hagkerfisins. Stór hluti „gigg“ hagkerfisins er verktakamiðaður, án þess að þeir sem slíkum störfum sinna hafi ákvörðunarvald, svo sem yfir kjörum, verktakagreiðslum eða vinnumagni.

Þörf væri á að verktakar sem sinntu störfum í raun við hlið eða í stað hefðbundins launamanns fengju bættu samningsstöðu, en áhrif samkeppnislöggjafar kæmu þó í veg fyrir samstöðu og mögulegan rétt til kjarasamningsgerðar líkt og þekkt er í dag. Hvatt var til þess að aðilar vinnumarkaðarins fái sæti við borðið þegar samkeppnisjónarmið eru skoðuð.

Samfélagsleg ábyrgð í viðskiptakeðjum

Samkvæmt drögum að tilskipun Evrópusambandsins um samfélagslega ábyrgð þurfa fyrirtæki að gera ráðstafanir til að tryggja að lágmarksréttindi

fólks samkvæmt ILO séu virt, meðal annars launajafnrétti kynja, koma í veg fyrir barnaþrælkun eða aðra þrælkun, misrétti á grundvelli trúarbragða, litarháttar o.s.frv. ETUC gerði athugasemdir við hve drögin voru veik, meðal annars vegna tíma til undirbúnings og fjölda fyrirtækja sem ekki munu falla undir tilskipunina.

Borealis

Svo kallast eitt stærsta mansalsmál í Evrópu í nútímasamfélagi. Fórnlömbin voru tæplega 180 talsins. Starfsmenn undirverktaka voru fengnir erlendis frá. Þeir unnu sex daga vikunnar og fengu fyrir það tæplega 100.000 kr. Húsakostur var mjög lélegur og vinnuáæstæður slæmar. Málið var svo umfangsmikið að ekki var hægt að bjarga fórnarlömbum úr aðstæðum þrátt fyrir vitneskju um þau. Slíkar aðstæður megi ekki koma upp aftur og ekki megi horfa fram hjá þeim veruleika að vinnumansal er til staðar í nútímasamfélagi.

Auk alls framangreinds voru önnur styttri erindi flutt sem óþarft er að tiltaka hér. Þetta var fróðlegur viðburður sem veitir innsýn inn í evrópskan vinnurétt og verkalýðshreyfingu. Ísland er ekki eyland og ljóst er að sambærileg mál er að finna hér á landi.

ITUC (Alþjóðasamband verkalýðsfélaga)

Fimmta þing ITUC var haldið í Melbourne í Ástralíu í nóvember 2022. Fulltrúi ASÍ á þinginu var Elva Hrönn Hjartardóttir og varamaður hennar Magnús M. Norðdahl. Elva tók virkan þátt í þinginu og hélt m.a. innlegg og tók þátt í pallborði um jafnréttismál.

Á þinginu var Luca Visentini frá Ítalíu kjörinn framkvæmdastjóri og studdu NL hann. Skömmu eftir þingið komu fram upplýsingar um meinta viðtöku hans á fé og fyrirgreiðslu í kringum heimsmeistaramótið í fótbolta í Katar. Hann var neyddur til afsagnar og við embætti hans til bráðabirgða tók Luc Triangle frá Belgíu og var það gert með þeim skilningi að hann yrði ekki í framboði sem nýr framkvæmdastjóri.

Framhaldsþing var síðan boðað í október 2023 til þess að kjósa nýjan framkvæmdastjóra og þá bar svo við að hann var boðinn fram af nokkrum aðildarsamtökum ITUC. Þegar skýrsla þessi er gerð liggur ekki fyrir hvort önnur framboð berist. Atkvæðisbær fulltrúi á framhaldsþinginu verður Magnús M. Norðdahl. Í vettvangi NFS var mótað það viðhorf að lýsa ekki opinberlega yfir stuðningi við hann, m.a. í ljósi þess að ráðning hans var í upphafi skilyrt. Forysta NFS var hins vegar þeirrar skoðunar að hann væri hæfur einstaklingur til þess að taka við starfinu.

Alþjóðavinnumálastofnunin – ILO

111. þing ILO 2023

Fulltrúar íslensks launafólks voru Magnús M. Norðdahl, lögfræðingur ASÍ, og varamaður hans, Eydís Bjarnadóttir, þjónustufulltrúi á skrifstofu Félags verslunar- og skrifstofufólks á Akureyri, sem jafnframt sat Genfarskólann.

Þrjú meginmálefni lágu fyrir þinginu. Í fyrsta lagi fyrri umræða um ný tilmæli um starfsnám (apprenticeship). Þetta var önnur umræða um ný tilmæli og tókst sátt um niðurstöðu og eru hin nýju tilmæli nr. 208. Í öðru lagi almenn umræða um réttlát umskipti, þar á meðal skoðun á vinnumarkaðsstefnu og áhrifum tækni framfara sem færi okkur nær sjálfbæru efnahagslífi og samfélögum. Umræðan var erfið, sérstaklega vegna andstöðu og tortryggni atvinnurekenda. Henni lauk þó með ályktun sem gefur ILO víðtækt umboð til þess að taka virkan þátt í alþjóðlegu samstarfi í þessu efni og til þess að þróa leiðbeiningar og aðstoð við aðildarríkin. Í þriðja lagi var fjallað um stöðu vinnuverndar og farið yfir þær samþykktir sem hana varðar. Magnús M. Norðdahl stýrði samninga- og viðræðunefnd alþjóðlegrar verkalýðshreyfingar um þetta efni. Niðurstöðurnar fela fyrst og fremst í sér yfirlit og ákvarðanir um hlutverk og framtíðarvinnu ILO á þessu sviði.

Á þinginu lá einnig fyrir ályktun vegna framgöngu Hvíta-Rússlands gagnvart mannréttindum vinnandi fólks og beint ofbeldi stjórnvalda gagnvart frjálsri verkalýðshreyfingu og samþykktum nr. 87 og 98. Ákveðið var að sérstakur dagskrárliður yrði á fundum nefndarinnar um framkvæmd alþjóðasamþykkt á næstu þingum um framgang Hvíta-Rússlands en slíkt er sjaldgæft og aldrei gert nema um mjög alvarleg brot sé að ræða. Umræðan var erfið enda studdi Rússland og fylgiríki þess ríkisstjórn Hvíta-Rússlands sem taldi umræðuna í heild fela í sér árás Vesturveldanna. Kína tók undir þá afstöðu.

Mikil spenna myndaðist síðan á þinginu þegar kom að afgreiðslu fjárlaga fyrir stofnunina. Mörg Afríku- og Asíuríki með stuðningi Rússlands og Kína vildu láta „hreinna“ texta áætlunarinnar þar sem vísað var til þess að hópar hinsegin fólks gætu átt réttindi til jafns við annað fólk. Svo fór að lokum að þessi ríki létu framkalla atkvæðagreiðslu um fjárlögin og töpuðu henni (477 atkvæði gegn 11 og 7 hjásetur) með afgerandi hætti eftir að hafa í raun flækt starf allra nefnda og þvælst fyrir niðurstöðum.

Stjórnarnefnd ILO (GB) og Félagafrelsisnefnd ILO (CFA)

Magnús M. Norðdahl situr sem aðalfulltrúi fyrir alþjóðlega verkalýðshreyfingu í stjórn ILO og Félagafrelsisnefndinni. Stjórnin og nefndin komu þrisvar saman á starfsárinu í tæpar þrjár vikur hverju sinni. Skýrslur af fundum stjórnar eru lagðar fram í miðstjórn ASÍ.

Samþykkt var að taka tillögu um að vísa deilunni um það hvort verkfallsrétturinn sé varinn í Samþykktum ILO til Alþjóðadómstólsins í Haag á dagskrá stjórnar eins og greint var frá í síðustu skýrslu. Fyrir fundi lá síðan að ákveða það ferli sem nota skyldi við mótun þeirra spurninga sem leggja skyldi fyrir dómstólinn.

Óvænt komu atvinnurekendur með stuðningi Rússlands, Kína o.fl. í veg fyrir að þetta tækist og fór svo að lokum að öllum tilraunum til sátta hér um var slitið. Skv. stjórnarskrá ILO getur meirihluti stjórnar fylkt sér á bak við tillögu um að vísa tilteknu nánar skilgreindu ágreiningsefni fyrir dómstólinn og alþjóðleg verkalýðshreyfing hefur nú lagt slíka tillögu fram og verða atkvæði greidd um hana á fundi stjórnar í nóvember 2023.

Mikil spenna er innan stjórnar vegna innrásar Rússa í Úkraínu og vegna þeirra miklu áhrifa sem hún hefur haft á stöðu verkalýðshreyfingarinnar, stöðu atvinnurekenda og launafólks bæði í Úkraínu og eins í bæði Rússlandi og Hvíta-Rússlandi.

Fjölmörg erfið og alvarleg mál voru einnig til umfjöllunar í Félagafrelsisnefndinni. Fyrir utan það mikla ofbeldi sem verkalýðssinnar sæta í mörgum ríkjum S-Ameríku og sem stjórnvöld virðast ekki vilja eða geta ráðið við, bar hæst þau mál sem varða mannhvörf og fangelsanir í Kína og Hong Kong.

Ráðstefna ILO – Græna og sjálfbæra endurreisn fluggeirans eftir Covid

Magnús M. Norðdahl, lögfræðingur ASÍ, sat sérstaka ráðstefnu ILO um þetta málefni í apríl 2023. Um áratugaskeið hefur verið reynt að komast að sameiginlegum niðurstöðum og réttarstöðu launafólks í þessum geira en engar ILO samþykktir taka til þessa meðan fjölmargar taka til starfa á landi og á sjó.

Að þessu sinni tókst að komast að sameiginlegum niðurstöðum um mikilvægi þess að tryggja réttindi og réttarstöðu launafólks og stéttarféлага. Stofnunin vinnur nú með þær niðurstöður en þess má vænta innan nokkurra ára að málefnið verði tekið til almennrar umræðu á þingi ILO og því síðan og vonandi fylgt eftir með gerð nýrrar samþykktar.

Þríhliðanefnd ILO á Íslandi

Nefndin hefur það hlutverk að vera samráðsvettvangur um málefni ILO. Engin sátt hefur náðst um fullgildingu ILO-185 Persónuskilríki farmanna, ILO-188 Fiskimenn og ILO-189 - Starfsmenn á heimilum. Ákvörðun liggur fyrir um staðfestingu ILO-190 - Ofbeldi og áreitni en utanríkisráðuneytið hefur ekki lokið málinu.

TUAC

Trade Union Advisory Committee to the OECD er ráðgjafarnefnd alþjóð-

legu verkalýðshreyfingarinnar við OECD, Efnahags- og framfarastofnunina. TUAC sinnir mikilvægu ráðgefandi hlutverki og á samráð við OECD um fjölda málaflokka. TUAC gefur álit á útgáfum OECD. Hagfræðingur ASÍ situr í framkvæmdastjórn og stjórn TUAC fyrir hönd Norrænu verkalýðshreyfingarinnar (NFS) ásamt því að sitja í ráðgjafarnefnd um efnahagsmál.

Framkvæmdastjórn TUAC fundaði þann 15. desember 2022. Nýr forseti TUAC var kjörinn, Liz Schuler frá AFL-CIO. Hún tekur við af Richard Trumka sem lést haustið 2021 og gegnt hafði embætti forseta TUAC frá árinu 2010. Jafnframt voru til umræðu áherslur TUAC skrifstofunnar á árinu 2023–2024. Alls stefnir skrifstofan á að setja sex þemu í forgang í rannsóknum og greiningarvinnu, þ.e. efnahagsbata, bata á vinnumarkaði, réttlát umskipti, stafræn umskipti, gervigreind og ábyrga viðskiptahætti.

Á fundi framkvæmdastjórnar í júní var ráðning framkvæmdastjóra TUAC tekin til umræðu. Núverandi framkvæmdastjóri var skipuð tímabundið frá 2022–2024 eftir að fyrrum framkvæmdastjóri hafði látið af störfum. Því fylgja ókostir að hafa tímabundið ráðinn framkvæmdastjóra og var sú tillaga borin upp að Veronika Nilsson yrði ráðin ótímabundið. Sú ákvörðun var staðfest á fjárfundi tveim vikum síðar. Framkvæmdastjórnin tók einnig til skoðunar tvær umsóknir um aðild að TUAC. Annars vegar var umsókn Catem í Mexíkó, sem var hafnað og umsókn Citub frá Búlgaríu um stöðu áheyrnarfulltrúa sem var samþykkt.

15. þing Evrópusamtaka verkalýðsfélaga (ETUC)

Dagana 23.–26. maí sl. fór fram í Berlín 15. þing Evrópusamtaka verkalýðsfélaga (ETUC – European Trade Union Confederation). Þingið, sem er æðsta vald samtakanna, var jafnframt merkilegt fyrir þær sakir að 50 ár eru liðin frá stofnun samtakanna sem í dag eru samsett af aðildarfélögum frá 41 landi sem hafa samtals 45 milljón félagsmenn úr öllum geirum og greinum almenns og opinbers vinnumarkaðar. ETUC hefur í gegnum tíðina verið í fararbroddi í alþjóðlegri stéttabaráttu og sinnt því afskaplega vel þó svo að betur megi ef duga skal eins gjarnan á við um baráttuna.

Ný forysta

Þingið var með hefðbundnu sniði, þ.e. að mestur hluti fór í málefnnastarf en auk þess var kjörin ný forysta. Forseti næstu fjögur árinn var kjörinn Wolfgang Katzian, sem jafnframt er formaður ÖGB í Austurríki. Esther Lynch var kjörin framkvæmdastjóri til næstu fjögurra ára, en hún kemur frá Írlandi og hefur fjölbreytta áratuga reynslu af málefnum vinnandi fólks.

Þingið var ávarpað bæði af Ursulu Von der Leyen, forseta Framkvæmdastjórnar ESB, og Olof Scholz, kanslara Þýskalands, sem auk þess að

óska félagsfólki til hamingju með 50 ára afmæli samtakanna fóru yfir þau helstu mál sem hafa og munu vera í brennidepli í evrópskum stjórn málum á komandi misserum.

Á oddinum næstu fjögur ár

Mest þúður fór þó eins og áður segir í málefnavstarf en samþykkt var umfangsmikil og metnaðarfull aðgerðaráætlun næstu árin fyrir samtökin til að setja á oddinn og ber þar hæst:

- Ályktun um að fyrirtæki sem ekki virða réttindi stéttarféлага og hafna kjarasamningagerð verði útilokuð frá því að veita hinu opinbera þjónustu.
- Samþykkt um að manneskjur verði alltaf við stjórnvölinn (e. human in control principle) í fyrirtækjum þrátt fyrir að fyrirtæki hafi tekið gervigreind í notkun í sinni starfsemi.
- Barist verði gegn því að stjórnvöld notist við niðurskurð til að bregðast við vaxandi verðbólgu og efnahagslegum samdrætti í Evrópu.
- Uppfærð og betri jafnlaunatilskipun verði samþykkt hratt og örugglega.
- Mikilvægi réttláttra umskipta (e. just transition) verði samþykkt örugglega og margítrekað.
- Aukin virkni, metnaður og ákveðni verkalýðshreyfingarinnar sé það sterkasta sem til staðar sé til að berjast gegn uppgangi öfga hægristefnu í Evrópu.

Til viðbótar við framangreint og hefðbundin þingstörf var spjótunum m.a. sérstaklega beint að þeim áskorunum og erfiðleikum sem bíður alþýðufólks í Úkraínu og Tyrklandi en þarlend samtök launafólks eiga aðild að ETUC.

600 þingfulltrúar

Þingfulltrúar eru alls 600 en ASÍ á rétt á þremur fulltrúum og voru það þau Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir, 2. varaforseti, Kristján Þórður Snæbjarnarson, 3. varaforseti, og Halldór Oddsson, sviðsstjóri á skrifstofu ASÍ, sem sóttu þingið að þessu sinni. Voru fulltrúar ASÍ sammála um að þingið hafi einkennt af mikilli samstöðu í þeim ólgusjó sem hafi verið í Evrópu undanfarin misseri. Bæði þá um allar ytri aðstæður í Evrópu vegna stríðsins í Úkraínu og afleiddar áskoranir s.s. orkukrísuna, en eins um innri mál en talsvert hafi gustað um alþjóðlega verkalýðshreyfingu eftir afsögn framkvæmdastjóra ITUC. Nauðsynlegt sé að snúa bókum saman, leysa innri mál og sameinast í baráttunni fyrir betri kjörum.

Norrænt samstarf

NFS - Norræna verkalýðssambandið

Þing NFS var haldið í september 2022 en þing eru haldin þriðja hvert ár. Formaður framkvæmdastjórnar NFS er nú Kristján Þórður Snæbjarnarson. Á vettvangi NFS samræma norrænu samböndin afstöðu sína og þátttöku í ITUC og ETUC. Á vettvangi NFS var unnin mikil vinna í tengslum við þing ITUC og jafnframt í tengslum við afsögn framkvæmdastjóra ITUC og undirbúning fyrir val nýs framkvæmdastjóra.

Norræna ILO-samstarfið

Fulltrúar aðildarsamtaka NFS sem ábyrgð bera á málefnum ILO hittast að jafnaði í aðdraganda hvers stjórnarfundar og í aðdraganda hvers þings. Fjallað var um dagskrá næsta fundar, niðurstöður þess síðasta og þátttöku í þingnefndum. Hver fulltrúi Norðurlandanna í stjórn ILO á rétt á tveimur kjörtímabilum og því þriðja ef ITUC óskar eftir því. Næstu kosningar verða 2024 og Ísland hefur því tækifæri til þess að halda sætinu a.m.k. til 2027 kjósi núverandi fulltrúi það. Ef ekki fer sætið yfir til Finnlands.

SAMAK

Um er að ræða samstarf alþýðusambandanna á Norðurlöndunum og jafnaðarmanaflokkanna. Almenn er rétt um og skipst á upplýsingum um samstarf aðila og helstu mál sem uppi eru á vinnumörkuðum og í pólitík. Kristján Þórður Snæbjarnarson, fyrsti varaforseti ASÍ, hefur tekið þátt í þessu samstarfi. Í júní 2023 var stjórnarfundur haldinn í Reykjavík en leiðtogafundur (formenn flokka og alþýðusambanda) kom saman í Helsinki í febrúar það sama ár.

Samráðsfundur hagfræðinga norrænna heildarsamtaka

Árlegur fundur hagfræðinga norrænna heildarsamtaka fór fram í janúar 2022. Fundurinn var að þessu sinni haldinn í Reykjavík. Umræðuefni fundarins snerist að mestu um sameiginlegan efnahagsvanda þjóðanna, mikla verðbólgu og hækkandi vexti.

Hagfræðingar ASÍ fóru þar yfir nýgerða skammtímasamninga, stöðu efnahagslífs, mikla þenslu og háa verðbólgu. Öll löndin glímdu við þröngar aðstæður í efnahagsmálum en þó með ólíkum hætti. Verðbólga skýrðist þannig af ólíkum þáttum eftir löndum þar sem þróun orkuverðs í Evrópu hefur komið fram með ólíkum hætti í verðlagi.



ASÍ-UNG

Áttunda þing ASÍ-UNG

Áttunda þing ASÍ-UNG var haldið föstudaginn 16. september 2022. Þingið var haldið á Hótel Reykjavík Natura.

Þingsetning og ávarp forseta ASÍ-UNG

Gundega Jaunlinina, formaður stjórnar ASÍ-UNG, setti þingið klukkan tíu og bauð fulltrúa velkomna. Sagði hún það mikið fagnaðarefni að fá loks tækifæri til að koma saman í raunheimum og rifjaði upp að staðþing hefði síðast farið fram árið 2018. Gundega sagði mikilvægt að fulltrúar ræddu hverju þeir vildu fá áorkað og hvernig gera mætti starfið áhugavert fyrir ungt fólk. Innan ASÍ væri að finna um 35.000 ungmenni og tímabært væri að taka til umfjöllunar framtíð hreyfingarinnar og aðkomu ungs fólks að henni.

Kosning fundarstjóra og ritara

Gundega bar upp við þingheim að Halldór Oddsson yrði fundarstjóri og Ásgeir Sverrisson ritari. Það var samþykkt. Halldór Oddsson tók við fundarstjórn og hóf mál sitt á að spyrja hvort einhverjar athugasemdir væru gerðar við boðun þings eða dagskrá. Svo reyndist ekki vera.

Þessu næst bar Halldór upp tillögu að dagskrárbreytingu í ljósi þess að

reglur ASÍ-UNG gerðu ráð fyrir tveimur umræðum um breytingatillögur á samþykktum félagsins. Lagði Halldór til að fyrri umræðu yrði skotið inn í dagskrá morgunsins og færi þá fram kynning á fyrirbyggjandi tillögum. Síðari umræða færi fram eftir hádegi með ítarlegri kynningu, umræðu og atkvæðagreiðslu. Þessi tillaga fundarstjóra var einróma samþykkt.

Ávarp forseta ASÍ

Halldór bauð nú velkominn í ræðustól Kristján Þórð Snæbjarnarson, forseta ASÍ. Kristján Þórður þakkaði fyrir boðið og fagnaði því að fá tækifæri til að hitta fulltrúa ASÍ-UNG. Kvað hann starf ungliða afar mikilvægt og mikla þörf á að virkja ungt fólk til starfa í verkalýðshreyfingunni. Endurnýjun væri nauðsynleg og sýn ólíkra hópa sérlega mikilvæg í starfinu.

Kristján ræddi þær áskoranir sem ungt fólk á Íslandi stæði frammi fyrir. Staldraði hann sérstaklega við fasteignamarkaðinn og sagði ljóst að þar væri staðan mjög alvarleg og þá ekki síst hjá ungu fólki. Mjög erfitt væri að kaupa fyrstu fasteign og leiguverð væri sömuleiðis mörgum þungur ljár í þúfu.

Kvað hann teikn á lofti um hratt versnandi stöðu heimilanna og sagði engan vafa í sínum huga að auka þyrfti samfélagslegan stuðning við fólkið í landinu, m.a. í formi barnabóta, vaxtabóta og almennt með opinberum stuðningskerfum. „Ykkar sýn á hvaða leiðir henta best er mikilvæg og ég vona að þið munið taka samtalið um hvaða áherslur eru mikilvægastar í þessari lífskjarabaráttu sem við erum í,“ sagði forsetinn.

Kristján rifjaði stuttlega upp eigin feril innan verkalýðshreyfingarinnar sem hófst er hann, 24 ára gamall, var kosinn sem trúnaðarmaður hjá raf-eindavirkjum sem störfuðu hjá álverinu í Hafnarfirði. Sagðist hann hafa verið svo heppinn að „lenda í þessu“, fátt hefði veitt honum jafnmikla ánægju og að vinna fyrir félag sína, vinna að bættum hag stærri hóps. Kvaðst Kristján Þórður með þessari upprifjun á eigin ferli vilja benda á að ungt fólk ætti ekki að láta aldur stoppa sig í að hafa áhrif innan sinna félaga. Sjónarmið unga fólksins skipti afar miklu máli í félagsstarfinu. Hin ungu gætu haft áhrif með því að beita sér á vettvangi sinna félaga.

Forseti staldraði við áherslur þessa þings og kvað þær áhugaverðar. Um þá spurningu hvort verkalýðshreyfingin væri aðlaðandi starfsvettvangur sagði hann svar sitt vera: já, svo sannarlega. En fólk þyrfti að vanda sig og samskipti sín. „Eitt það mikilvægasta í þessum verkefnum er að eiga skoðanaskipti. Okkur ber að tala fyrir hönd okkar baklands. Okkur ber að gefa félögum okkar rödd. Og okkur ber jafnframt að hlusta á hvert annað af virðingu,“ sagði Kristján Þórður og fagnaði því að málefnið yrði tekið fyrir á þinginu. „Við verðum að losna við þann ósið að niða skóinn af félagum okkar til að upphefja okkur sjálf. Verum stolt af þeim sigrum sem við höfum náð og sækjum stærri sigra

í framtíðinni. Okkur ber að nýta styrkleika hvert annars. Samtalið er til alls fyrst,“ bætti hann við.

Kristján sagði ljóst að launafólk hefði notið góðs af kjarasamningum undanfarinna 10 ára, hækkun lægstu launa, lækkun vaxta og lægri skattbyrði á þá sem þyrftu mest á því að halda. Nú væri verðbólga mikil sem hefði áhrif á útgjöld heimila og kaupmátt. Verkefnið fram undan væri að sækja launahækkunarir til að viðhalda kaupmætti. Verkalýðshreyfingin yrði að standa þétt saman í baráttunni fyrir bættum kjörum.

Að lokum hvatti forseti fulltrúa ASÍ-UNG til að láta til sín taka á þingi ASÍ í októbermánuði. „Ég hvet ykkur að leggja ykkur fram, deila skoðunum ykkar í nefndarstarfinu, setja krafta ykkar í að efla íslenska verkalýðshreyfingu með skýra stefnu í málefnum sem þið ætlið að berjast fyrir,“ sagði hann áður en hann þakkaði fyrir sig og óskaði viðstöddum velfarnaðar.

Skýrsla stjórnar

Gundega Jaunlinina fór yfir skýrslu stjórnar og minnti á að á 6. þingi ASÍ-UNG 2020 hefði lögum þess verið breytt á þann veg að þing skuli haldið árlega og hluti stjórnar kjörinn í hvert skipti. Hún sagði að heimsfaraldur COVID hefði áfram sett mark sitt á starf ASÍ-UNG en þrátt fyrir ýmsar takmarkanir hefði stjórnin unnið ótullega allt árið og fundað reglulega.

Stjórnarfundir: Stjórn ASÍ-UNG fundaði reglulega eða að meðaltali einu sinni í mánuði bæði á staðfundum eða í gegnum fjarfundabúnað.

Rökræðufundur um lífeyrismál: Stjórnin tók virkan þátt í Rökræðufundi um lífeyrismál sem haldinn var á Selfossi í byrjun mars. Í aðdraganda fundar nýttu stjórnarliðar tækifærið og fengu undirbúningsnámskeið þar sem fjallað var um lífeyrismál.

Fræðslu- og tengsladagar ASÍ-UNG: Á haustmánuðum ákvað stjórn að halda Fræðslu- og tengsladaga ASÍ-UNG þar sem markmiðið var að stefna saman ungu fólki af landinu öllu, frá ólíkum félögum, til þess að efla tengsl og auka þekkingu á samfélaginu og starfi verkalýðshreyfingarinnar. Eftir að viðburðinum hafði verið frestað tvisvar, vegna sóttvarna, var loksins blásið til leiks undir lok apríl 2022 á Hótel Hömrum í Borgarfirði. Á fundinum voru fjölbreytt fræðsluerindi ásamt því að þátttakendur fjölluðu um framtíðarsýn ASÍ-UNG. Þátttaka var góð og almenn ánægja var með fundinn.

Kvennaráðstefna Alþýðusambandsins: Stjórnarkonur ASÍ-UNG tóku þátt á Kvennaráðstefnu ASÍ og voru með erindi þar um öryggi kvenna á vinnu-markaði.

Vinnudagar ASÍ-UNG: Stjórn ASÍ-UNG hélt tvo vinnudaga í húsnæði Hlífar í Hafnarfirði og einn í húsnæði Verkalýðsfélags Suðurlands á Hellu.

Breytingar á samþykktum – fyrri umræða

Halldór fundarstjóri fór yfir þær breytingatillögur á samþykktum félagsins sem fyrir lágu. Að því loknu samþykkti þingið einróma að fyrstu umræðu væri þar með lokið og vísaði tillögum til seinni umræðu.

Nýliðar innan ASÍ - erindi

Sindri Már Smáráson kynnti á gamansaman hátt skipulag ASÍ, starf ASÍ-UNG og hvernig því væri ætlað að færa hinum yngri rödd á vettvangi verkalýðs-hreyfingarinnar. Sindri Már kvað gamalt fólk hafa stofnað ASÍ-UNG og sagðist þeirrar skoðunar að markmiðin væru um margt óraunhæf þar sem starfið færi fram í sjálfböðavinnu samhliða öðrum störfum.

Sindri Már sagði stéttarfélög oft óskiljanleg og óaðlaðandi fyrir ungt fólk. Innan þeirra væri t.a.m. talað sérhæft mál, „lingó“, sem mörgum væri framandi og fældi frá. Sindri sagði frá stjórnarfundi síðasta haust þar sem rætt hefði verið hvað ASÍ-UNG væri og hvað félagarnir vildu fá út úr þeim samtökum. Niðurstaðan hefði einkum verið sú að fræðsla fyrir féлага í ASÍ-UNG væri mikilvæg og ekki síður að miðla henni innan stéttarfélaganna. Þá hefði verið rætt um nauðsyn þess að fá fleira ungt fólk til starfa. Þá hefði fyrirkomulag starfsins verið rætt og hefði m.a. komið fram að pallborðsumræður skilugu ekki tilætluðum árangri. Ungu fólk þyrfti að auka sýnileika sinn á vettvangi verkalýðshreyfingarinnar, auka áhrif sín, skapa meira „vesen“ og vera mótandi fyrir verkalýðsleiðtoga framtíðar.

Jákvæð samskipti á vinnustaðnum – með húmorinn í handfarangri

Lilja Cederborg, þjálfari frá KVAN, flutti fyrirlestur um menningu og samskipti á vinnustöðum auk þess sem hún fékk þátttakendur til að taka þátt í hópastarfi. Hún ræddi m.a. jákvæða og neikvæða menningu í hópum og hvernig félagsreglur myndast. Hún ræddi hlutverk leiðtogans og mikla ábyrgð hans sem þyrfti að virkja og gera grein fyrir.

Lilja fjallaði um mikilvægi hróss og viðurkenningar og þess að vera meðvitaður um eigin styrk og veikleika. Virðing, umhyggja og hreinskilni væri það sem mestu skipti í samskiptum fólks og sérstaklega á vinnustaðnum. Fordast bæri að taka þátt í neikvæðri menningu og reyna frekar að stuðla að jákvæðum vinnuanda. Fór hún síðan yfir nokkrar „erki-týpur“ í mannlegum samskiptum. Sagði hún húmor hjálpa til að vinna úr upplifunum og að rannsóknir sönnuðu jákvæð áhrif hans á líkama og sál.

Hópavinna – hvað skiptir máli?

Nú hófst hópavinna sem stóð talsvert lengur en þær 30 mínútur sem ætlaðar

höfðu verið undir þennan dagskrárlið. Til umræðu voru eftirfarandi spurningar:

- Hvað gerir verkalýðshreyfinguna að aðlaðandi starfsvettvangi fyrir ungt fólk?
- Hverju þarf að breyta í samskiptum innan verkalýðshreyfingarinnar?
- Hvernig tryggjum við aðkomu ólíkra hópa að málefnum verkalýðshreyfingarinnar?

Að hópavinnu lokinni kynntu fulltrúar niðurstöður vinnu sinnar. Þær voru þessar helstar:

1. Verkalýðshreyfingin sem aðlaðandi starfsvettvangur:

Stéttarfélag líkjast einna helst stofnunum og eru ekki spennandi í hugum ungs fólks. Gamalt fólk er ráðandi innan hreyfingarinnar – það vantar fjölbreytileika. Setja ætti reglur um hámarksfjölda kjörtímabila í stjórnnum til að tryggja nauðsynlega endurnýjun.

Fólk hefur oft áhuga þegar það uppgötvar að til er vettvangur þar sem hægt er að hafa áhrif. Gallinn er sá að þetta er sjálfboðastarf. Ungu fólk þarf aukinn stuðning frá sínu félagi. ASÍ þarf að draga ungt fólk inn með einhverjum skemmtilegheitum – áhuginn eflist með tíma. Verkalýðshreyfingin virkar sem flókinn vettvangur fyrir ungt fólk. Þau ungu geta ekki undirbúið sig fyrir störf á þessum vettvangi með sama hætti og þau sækja sér menntun í skólum.

Sýnileika ungs fólks skortir innan hreyfingarinnar. Það er ekki nóg að ræða um áhrif – sýna þarf fram á raunveruleg áhrif ungs fólks. Að öðrum kosti verður þetta eins og innan stjórnmalaflokkanna þar sem hreyfingar ungliða ráða engu.

2. Samskipti innan verkalýðshreyfingarinnar:

Breyta þarf samskiptum innan hreyfingar – hún er ekki að gera það sem hún ætti að vera að gera. Of mikil orka fer í valdabaráttu og samskiptaörðugleika. Neikvæð umfjöllun um verkalýðshreyfinguna er ekki aðlaðandi. Innan hreyfingarinnar eru allir í skotgröfum, eilíf átök. Í stað þess að beina kröftum að raunverulegum andstæðingum er barið innbyrðis.

3. Aðkoma ólíkra hópa:

Félagin þurfa að kynna sig betur fyrir almenningi. Stjórnir félaganna þurfa að endurspegla þá hópa sem þau mynda.

Tryggja ber að upplýsingar á heimasíðum félaga séu einnig á erlendum tungumálum. Erlendir félagsmenn greiða félagsgjöld og eiga rétt á þjónustu. Fara þarf á vinnustaði – aðflutt verkafólk fylgist ekki með íslenskum fjölmiðlum en er á félagsmiðlum þar sem hægt er að ná til þess. Við erum svo dekrúð hér á landi – hér býr og starfar fullt af fólki sem kemur frá löndum þar sem vinnuréttindi þekkjast ekki. Stór hluti félagsmanna er erlendur en vantar sýnileika. Upplifun erlendra félagsmanna getur verið neikvæð. Gæta þarf að því að fjölbreytni tekur til fleiri þátta, t.d. kynja og starfsgreina. Fram þurfa að fara samtöl við þessa hópa en ekki vinna að því sem við höldum að þeir vilji.

Bæta þarf upplýsingamiðlun, unga fólkið þekkir aðeins stafrænan heim. Tilvalið er að nota TikTok til að ná til ungs fólks og Instagram til auglýsinga.

Í umræðu var m.a. rætt um störf trúnaðarmanna og á það minnt að oft væri litið hornauga þegar óskað væri eftir leyfi frá vinnu til að sinna verkalýðsmálum. Rætt var hvort ef til vill ætti að fjölga trúnaðarmönnum og setja t.a.m. reglur um jafnan hlut yngri og eldri á þeim vettvangi þar sem reynslan kenndi að fólk hæfi oft afskipti af verkalýðsmálum sem trúnaðarmenn. Á það var bent að þessi lýsing hvað trúnaðarmenn varðaði ætti ekki við á öllum sviðum vinnumarkaðar; ekki gengi vel að fá fólk til trúnaðarstarfa í ferðapjónustu.

Halldór fundarstjóri sagði í lok umræðu að trúnaðarmannakafli kjarasamninga væri meira en 40 ára gamall og ef til vill væri tímabært að endurskoða hann.

Breytingar á samþykktum – síðari umræða

Þeir Þorvarður Bergmann Kjartansson og Ástþór Jón Ragnheiðarson kynntu tillögur stjórnar um breytingar á samþykktum félagsins (sjá fundargögn). Að kynningu lokinni lagði Halldór fundarstjóri til að kosning færi fram í þrennu lagi:

1. Kosning um breytingu á hlutverki ASÍ-UNG (2. grein)
2. Kosning um breytingu á tímasetningu þings ASÍ-UNG (4. grein)
3. Kosning um breytingu á atkvæðavægi og fulltrúafjölda á þingi ASÍ-UNG (4. grein með afleiddum breytingum á 4. málsgrein 9. Gr., 4. málsgrein 10. gr., 11. málsgrein 15. gr.)

Halldór minnti á að breytingartillögur þyrftu samþykki 2/3 hluta fulltrúa til að þær næðu fram að ganga.

Var nú gengið til kosninga.

1. Tvær breytingar á hlutverki ASÍ-UNG eins og því er lýst í 2. gr. voru samþykktar einróma.
Breytt 2. grein í heild var samþykkt einróma.

2. Breyting á 4. grein um tímasetningu þings ASÍ-UNG var samþykkt einróma.
3. Breyting á 4. grein um atkvæðavægi og fulltrúafjölda og afleiddar breytingar á þær greinar sem nefndar eru að framan var borin upp í heild að tillögu fundarstjóra og samþykkt einróma.
4. Loks voru samþykktir bornar upp í heild sinni og þær staðfestar einróma.

Kosning stjórnar

Starfandi kjörnefnd skipuð þeim Birki Snæ Guðjónssyni, Ölmu Pálmadóttur og Gundegu Jaunlinina kynnti niðurstöður og tillögur kjörnefndar.

Kosning aðalfulltrúa

Aðalfulltrúar sitja í tvö ár og er kosið um helming sæta á þingi. Fjögur voru í framboði og fluttu þau stutt kynningarávörp. Sjálfkjörið var í stjórn og taka því eftirfarandi sæti þar sem aðalfulltrúar:

Guðmunda Steina Jósefsdóttir, Framsýn
Ólöf Helga Adolfsdóttir, Eflingu
Sindri Már Smárason, AFLi
Svanfríður Guðrún Bergvinsdóttir, Verkalýðsfélagi Vestfjarða

Frá fyrra ári sitja áfram til þings 2023 sem aðalfulltrúar:
Ásdís Helga Jóhannsdóttir, AFLi
Ástþór Jón Ragnheiðarson, Verkalýðsfélagi Suðurlands
Inga Fanney Rúnarsdóttir, Verkalýðsfélagi Grindavíkur
Jón Unnar Viktorsson, Verkalýðsfélagi Grindavíkur
Þorvarður Bergmann Kjartansson, VR

Kosning varafulltrúa

Varafulltrúar eru kjörnir til eins árs.
Sjálfkjörin voru:
Hulda Björnsdóttir, FVSA
Guðmundur Hermann Salbergsson, VM
Margrét Gíslínudóttir, VR

Kjörnefnd

Fundarstjóri vakti athygli á að gert væri ráð fyrir því að kosið væri í kjörnefnd á hverju þingi. Ástþór Jón Ragnheiðarson lagði til að sama kjörnefnd starfaði áfram og var það einróma samþykkt.

Önnur mál

a. Ályktun

Ástþór Jón Ragnheiðarson sagði hópavinnu um málefni hreyfingarinnar hafa verið gagnlega og kvaðst þess hvetjandi að þingið sendi frá sér afurð. Lagði hann síðan til eftirfarandi ályktun:

„Ályktun frá 8. Þingi ASÍ-UNG sem fram fór á Reykjavík Hótel Natura 16. september 2022.

Yfirskrift þingsins var: „Fyrirmyndir komandi kynslóða“. Stjórn ASÍ-UNG þakkar öllum þeim sem komu að þinginu með einum eða öðrum hætti.

Undir yfirskriftinni „Fyrirmyndir komandi kynslóða“ voru umræðuefnin þrjú:

- *Hvað gerir verkalýðshreyfinguna að aðlaðandi starfsvettvangi fyrir ungt fólk?*
- *Hverju þarf að breyta í samskiptum innan verkalýðshreyfingarinnar?*
- *Hvernig tryggjum við aðkomu ólíkra hópa að málefnum verkalýðshreyfingarinnar?*

Það er samhljóma álit þingsins að mikilvægt er að gera verkalýðshreyfinguna að aðlaðandi starfsvettvangi fyrir ungt fólk. Ungu fólkið kemur til með að taka við keflinu og þurfum við í millitíðinni að undirbúa og efla fólk til þátttöku. Leita þarf fjölbreyttra leiða til að fá ungt fólk til starfa innan verkalýðshreyfingarinnar og byggja ofan á þann áhuga sem nú þegar er til staðar.

Margt má betur fara í samskiptum innan verkalýðshreyfingarinnar. Við sem ungmenni innan hreyfingarinnar viljum að á okkur sé hlustað, tekið sé mark á sköðunum okkar og þær virtar. Þetta á ekki einungis við um ungmenni innan hreyfingarinnar, heldur hreyfinguna alla. Í öllum samskiptum eigum við að tileinka okkur virðingu. Eilíf átök geta verið og eru fráhrindandi. Það er álit þingsins að meira þúður geti farið í að beina spjótum okkur að andstæðingum okkar fremur en samherjum.

8. Þing ASÍ-UNG haldið 16. september 2022 telur mikilvægt að tryggð sé aðkoma ólíkra hópa að málefnum verkalýðshreyfingarinnar. Sannarlegur árangur næst þegar við erum samheldin og ólíkar raddir fá að heyrast, með það að markmiði að farsæl niðurstaða náist.

8. Þing ASÍ-UNG haldið 16. september 2022 telur á komandi kjaravetri afar mikilvægt að fulltrúar samninganefnda hafi í huga góð samskipti og sannarlegan fjölbreytileika. Gríðarlegur vandi stæðjar að ungu fólki á vinnumarkaði. Vextir hækka, afborganir hækka, leiga hækkar, vöruverð hækkar – en eftir sitja launakjör. Þing ASÍ-UNG leggur áherslu á að samninganefndir komi samheldnar til kjaraviðræðna og berjast ötullega fyrir bættum kjörum launafólks, ungra sem eldri.“

Fundarstjóri bar upp ályktun þessa og var hún einróma samþykkt.

b. Þakkir

Bergþóra Hrönn Guðjónsdóttir, sem sinnir málefnum ASÍ-UNG á skrifstofu Alþýðusambandsins, þakkaði viðstöddum ánægjulega samveru og gott þing. Minnti hún á að í vetur og vor yrði á ný boðið upp á námskeiðið „Ungir leiðtogar“ en markmið þess væri einkum að efla tengslanet innan hreyfingarinna.

Ástþór Jón Ragnheiðarson þakkaði Gundegu Jaunlinina frábær störf í þágu félagsins og færði henni blóm. Gundega þakkaði fyrir sig og sagði að tíminn í stjórn ASÍ-UNG hefði verið frábær og ómetanlegt að kynnast þar svo góðum félögum.

Að svo mæltu sleit Gundega 8. þingi ASÍ-UNG.

Skýrsla stjórnar ASÍ-UNG

Sitjandi stjórn ASÍ-UNG var kjörin á 8. þingi, 16. september 2022. Hluti stjórnar var kjörinn til tveggja ára á 7. þingi ASÍ-UNG 2020 og situr því áfram til 9. þings, 23. september nk.

Aðalstjórn:

Kjörtímabil

Ásdís Helga Jóhannsdóttir	AFL - Starfsgreinafélag	2021-2023
Ástþór Jón Ragnheiðarson	Verkalýðsfélag Suðurlands	2021-2023
Guðmunda Steina Jósefsdóttir	Framsýn	2022-2024
Inga Fanney Rúnarsdóttir	Verkalýðsfélag Grindavíkur	2021-2023
Jón Unnar Viktorsson	Verkalýðsfélag Grindavíkur	2021-2023
Ólöf Helga Adolfsdóttir	Eflingu-stéttarfélagi	2022-2024
Sindri Már Smárason	AFL - Starfsgreinafélag	2022-2024
Svanfríður Guðrún Bergvinsdóttir	Verkalýðsfélagi Vestfjarða	2022-2024
Porvarður Bergmann Kjartansson VR		2021-2023

Varamenn:

Hulda Björnsdóttir	FVSA	2022-2023
Guðmundur Hermann Salbergsson	VM	2022-2023
Margrét Gíslínudóttir	VR	2022-2023

Á 8. þingi ASÍ-UNG 2022 var samþykktum þess breytt er varðar fulltrúa-fjöldi á þing þess. Samkvæmt nýjum reglum skal miða við fjölda félagsmanna hvers aðildarfélags ASÍ við útreikning fulltrúa. Fyrsta þing með því fyrirkomulagi verður haldið 22. september nk.

ASÍ-UNG var iðíð á starfsárinu. Dagana 30.-31. mars voru haldnir fræðslu- og tengsladagar á Stracta hóteli á Hellu. Yfirskrift daganna var „Stefnumótun og framtíðarsýn ASÍ-UNG og ungs fólks á vinnumarkaði“. Þátttaka var góð og fjórugar umræður mynduðust. Stjórnin tók svo við afrakstri daganna og vann áfram að stefnumótun. Einnig fóru fulltrúar ASÍ-UNG á ráðstefnu á vegum ETUC Youth í Berlín dagana 19.–21. maí sl. Áhersla ráðstefnunnar var hvernig ungmenni geta haft áhrif um framtíð vinnumarkaðarins svo og hvernig þau geta komist til áhrifa innan verkalýðshreyfinga víðs vegar um Evrópu. Fulltrúar sóttu vinnustofur sem meðal annars fjölluðu um tengsl verkalýðshreyfingarinnar og skólakerfis, verkfallsrétt, fræðslu um verkalýðshreyfingar í Evrópu og muninn á milli hvers lands o.fl. Boðið var upp á fjölmörg erindi þar sem meðal annars var fjallað um ástand og verkefni verkalýðshreyfingarinnar í Úkraínu í skugga stríðs og verkfallssumarið mikla í Englandi. Þá var viðburðurinn ekki síður mikilvægur til tengslamyndunar út fyrir landsteinana.

Stjórn ASÍ-UNG tók einnig á árinu á móti hóp Norðmanna sem vildu kynnast íslenskri verkalýðshreyfingu í ljósi sérstöðu hennar hvað varðar góða þátttöku í verkalýðsfélögum. Jafnframt fór fulltrúi ASÍ-UNG á viðburð á vegum ríkisstjórnar um Grænbók um mannréttindi.

Auk alls framangreinds sinnti ASÍ-UNG venjubundnum störfum, svo sem setu í málefnanefndum ASÍ. Meðfram öðrum verkefnum vann stjórnin ötullega að áframhaldandi stefnumótunarvinnu, en vinnunni mun ljúka á þingi ASÍ-UNG 22. september nk.



Myndlistin og sjálfsmýnd þjóðar

Stuttmyndir um stefnumót tveggja myndlistarheima þar sem félagar og starfsfólk aðildarfélaga ASÍ miðlar fróðleik um annars vegar pólsk myndlistarverk og hins vegar íslensk verk úr safneign Listasafns ASÍ.)

Listasafn ASÍ

Rekstrarstjórn Listasafns ASÍ skipa: Eyrún Björk Valsdóttir, framkvæmdastjóri ASÍ, sem er formaður rekstrarstjórnar, Bjarni Þór Sigurðsson, sérfræðingur í húsnæðismálum á skrifstofu ASÍ, og Hilmar Harðarson, formaður FIT – Félags iðn- og tæknigreina.

Listráð Listasafns ASÍ skipa sýningarstjórnarnir Dorothee Kirch og Daníel Björnsson auk safnstjórans Elísabetar Gunnarsdóttur sem jafnframt er formaður. Listaráðið er skipað til tveggja ára í senn og er rekstrarstjórn til ráðuneytis um innkaupastefnu og val á listafólki.

Safnið á aðild að alþjóðaráði safna ICOM, sem er hluti af UNESCO og starfsemi safnsins tekur mið af samþykktum og siðareglum þess.

Safnið hefur hlotið viðurkenningu Safnaráðs samkvæmt safnalögum nr. 141/2011. Viðurkenndum söfnum ber að starfa í samræmi við ákvæði safnalaga og skilyrði reglugerðar um viðurkenningu safna. Safnaráð hefur lögum samkvæmt eftirlit með safnastarfsemi í landinu.

Heimasíða safnsins er www.listasafnasi.is

Starfsmenn

Starfsmenn safnsins eru tveir í samtals einu stöðugildi. Elísabet Gunnarsdóttir safnstjóri í 60% starfi og Hanna Hlíf Bjarnadóttir, sem hefur umsjón með safnbúð og vinnustaðasýningum í 40% starfi. Auk þeirra vinnur lausráðið fólk að ýmiss konar verkefnum fyrir safnið. Safnið hefur gert samning við Háskóla Íslands um að taka á móti starfsnema í listfræði til starfsnáms hjá safninu í nokkrar vikur á ári.

Útlán verka – verk og sýningar safnsins í samvinnu við önnur söfn og sýningarstaði

Safnið leggur áherslu á þjónustu við önnur söfn sem falast eftir verkum í eigu safnsins fyrir sýningar á þeirra vegum. Verkin í stofngjöfinni, sem mörg hver eru lykilverk í íslenskri myndlist, eru reglulega lánuð á sýningar en einnig seinni tíma verk. Jafnframt aðstoðar safnið á ýmsan hátt við undirbúning útgáfu listaverkabóka þar sem verk í safneigninni eru til umfjöllunar.

Sýningin GJÖFIN TIL ÍSLENZKRAR ALPÝÐU í Listasafninu á Akureyri stóð í um eitt ár og lauk í nóvember 2022. Á sýningunni voru verk úr stofngjöf Ragnars Jónssonar í Smára til Alþýðusambands Íslands en gjöfin lagði grunninn að stofnun Listasafns ASÍ. Sýningin, sem var samstarfsverkefni Listasafns ASÍ og Listasafnsins á Akureyri, var mjög vel sótt. Sýningarstjóri var Kristín G. Guðnadóttir listfræðingur.

Bók um verk Bjarka Bragasonar

Bjarki Bragason er þriðji listamaðurinn sem velst til þátttöku í sýningaröð Listasafns ASÍ þar sem skipulagðar eru einkasýningar á tveimur stöðum á landinu.

Einkasýning Bjarka Bragasonar, SAMTÍMIS, var haldin í Svavarssafni á Höfn í Hornafirði vorið 2021.

Í undirbúningi var að halda aðra einkasýningu Bjarka Bragasonar í Kópavogi á þessu ári í samvinnu við bæjarfélagið. Af því getur ekki orðið að þessu sinni en gefin verður út bók um verkið sem til stóð að sýna í Kópavogi. Bókin er í vinnslu og kemur út á næstunni.

Sýningar Unu Bjargar Magnúsdóttur

Í apríl á þessu ári var fyrri einkasýning Unu Bjargar Magnúsdóttur, SVIKULL SILFURLJÓMI, haldin í Samkomuhúsi Súðavíkur. Seinni sýningin verður í Mosfellsbæ seinna á árinu.

Una Björg Magnúsdóttir er fjórði listamaðurinn sem velst til þátttöku í sýningaröð Listasafns ASÍ þar sem skipulagðar eru einkasýningar valinna listamanna á tveimur stöðum á landinu.

Kallað er reglulega eftir tillögum frá myndlistarmönnum sem vilja



Frá opnun sýningarinnar SVIKULL SILFURLJÓMI í Samkomuhúsi Sítáðavíkur 1. apríl 2023.







Ótakmarkað vinnuafll / Unlimited labor – 2021

Verkið er virðingarröttur við starfsmenn hreinlætiseildar Reykjavíkurborgar. Listakonan safnaði notuðum, gömlum einkennisbúningum og tók í sundur en tengdi svo aftur saman í eitt stykki og notaði til þess gullinn þráð sem notaður er til að sauma út í fatnað kaþólskra presta. Þráðurinn er gerður úr 40% hreinu gulli. Það er sama hlutfall og hlutfallslegur fjöldi innflytjenda sem vinnur hjá hreinlætiseildinni.

vinna með safninu og eitt verkefni valið hverju sinni. Sýningarstaðirnir eru valdir í samvinnu við listamennina sem taka þátt og eru til skiptis á höfuðborgarsvæðinu og í öðrum landslutum.

Staðirnir sem urðu fyrir valinu fyrir sýningar Unu Bjargar Magnúsdóttur eru Súðavík og Mosfellsbær. Una Björg velur sýningarrýmin af kostgæfni og leyfir verkunum á sýningunni að spretta fram sem einhvers konar viðbragð við því sem í rýminu felst. Fyrri sýningin er haldin í samvinnu við Samkomuhúsið í Súðavík og seinni sýningin verður haldin í Mosfellsbæ haustið 2023.

Sýningarstjórar eru Dorothee Kirch og Elísabet Gunnarsdóttir.

Skipulagðir eru viðburðir í tengslum við sýningarnar og gerðar stuttmyndir fyrir heimasíðu safnsins.

Sýningar á vinnustöðum

Mikilvægur þáttur í starfsemi safnsins eru vinnustaðasýningarnar sem safnið setur upp í fyrirtækjum og opinberum stofnunum gegn hóflegu gjaldi og hefur safnið boðið upp á þessa þjónustu um langt árabíll. Nú eru í gangi um 25 vinnustaðasýningar með hátt í 250 verkum víðs vegar um landið, flestar á höfuðborgarsvæðinu hjá aðildarfélögum ASÍ, einkafyrirtækjum og opinberum aðilum, s.s. í ráðuneytum og húsakynnum Alþingis.

Myndlistin og sjálfsmýnd þjóðar - stuttmyndir og námskeið

Verkefnið er miðlunar- og fræðsluverkefni sem teflir saman myndlist tveggja menningarheima. Hugmyndin spratt af tilfinnanlegri og aðkallandi þörf fyrir

jafningjafraeðslu á hlutlausum vettvangi til að örva tjáningu og samtal milli Íslendinga og innflytjenda; þörf til að skapa vettvang sem ýtir undir áhuga á fjölbreyttri menningu og tungumálum annarra.

Kjarninn í verkefninu er myndlist tveggja ólíkra, en þó um margt líkra menningarheima, þ.e. Íslendinga og fjölmennasta hóps innflytjenda á Íslandi – Pólverja. Verkefnið snýst um að tefla saman tveimur myndlistarheimum og kynna verkin með hjálp leikmanna. Verkin í stofngjöf Ragnars í Smára til ASÍ 17. júní 1961 segja margt um sögu Íslendinga þegar þjóðin vann að því að móta samfélag sem sjálfstæð þjóð á fyrri hluta síðustu aldar. Safnið geymir mörg lykilverk íslenskrar myndlistarsögu og valin voru nokkur þeirra til að vinna með og nokkrar perlor úr myndlistarsögu Póllands til samanburðar.

Verkefnið er samstarfsverkefni Listasafns ASÍ og fræðsluviðs Alþýðusambandsins.

Búið er að framleiða fjögur myndbönd þar sem félagar í aðildarfélögum ASÍ kynna verkin og fjalla um þau á eigin forsendum. Myndböndin er hægt að nálgast á listrás heimasíðu Listasafns ASÍ. www.listasafnasi.is/videos.

Myndlistarsýning á þingi Alþýðusambandsins og frumsýning stuttmynda

Í október 2022 var sett upp sýning í tengslum við þing Alþýðusambandsins. Á sýningunni voru veggspjöld ungra hönnuða og myndlistarfólks sem fjalla um brennandi baráttumál samtímans og tvö pólitísk verk úr stofngjöf listasafnsins auk verksins ÓTAKMARKAÐ VINNUAFL (2021) eftir Wiolu Ujazdowska. Einnig voru frumsýnd fjögur ný myndbönd sem framleidd hafa verið í tengslum við verkefnið MYNDLISTIN OG SJÁLFSMYND ÞJÓÐAR.

Safnbúð Listasafns ASÍ

Safnið lætur framleiða veggspjöld og eftirprentanir í gjafapakkingu með verkum úr stofngjöfinni frá 1961. Reglulega eru prentuð fleiri veggspjöld í stað þeirra sem seljast upp og bætt við fleiri verkum auk nýrra gjafakorta með myndum úr stofngjöfinni. Varningurinn er seldur í vefverslun á heimasíðu safnsins og á sölustöðum um allt land. Einnig er framleiddur annars konar söluvarningur sem byggir á safneigninni og tengist þeim sýningum sem safnið stendur fyrir.

Húsnæðismál safnsins

Safnið býr við góðan húsakost hvað varðar skrifstofur og listaverkageymslur. Skrifstofur safnsins eru í Guðrúnartúni 1 og sýningar eru skipulagðar í samstarfi við önnur söfn og fleiri aðila víðs vegar um landið. Áfram er unnið að því að finna safninu hentugt húsnæði þar sem öll starfsemi safnsins getur

verið undir einu þaki. Vinnan miðast við að skerpa á sérstöðu safnsins meðal íslenskra safna með áherslu á fólkið sem því er ætlað að þjóna. Samstarf við önnur söfn hefur gefist mjög vel og ekki ástæða til annars en að halda því samstarfi áfram þegar safnið eignast aftur sína eigin sýningaraðstöðu.

Safngeymslur, skráning og varðveisla

Auk sýningagerðar er hefðbundið safnastarf annar meginþátturinn í starfsemi safnsins svo sem skráning safngripa, varðveisla og viðhald þeirra auk rannsóknna á safneigninni. Þessum þáttum er sinnt eins og hægt er í ljósi starfsmannafjölda og fjárveitinga til safnsins.

Safneign safnsins hefur að mestu leyti verið skráð í menningarsögulega gagnasafnið SARP sem er netlægur gagnagrunnur, <http://sarpur.is/> Safnið hefur undirritað samning við Myndstef og greiðir samkvæmt honum fyrir birtingu mynda á ytri vef Sarps og annars staðar á netinu. Birting safneignarinnar á netinu gefur fagfólki sem stundar rannsóknir og öllum almenningi innsýn í safneignina. Auk lista yfir verkin hafa verið settar upp sýningar á vefsvæðinu sem er þáttur í stafrænni miðlun safnsins.

Með reglulegu millibili er unnið átak í skráningu og varðveislu muna í safneigninni. Núverandi geymslur safnsins eru með besta móti og jafnt og þétt er unnið að því að koma verkunum þannig fyrir að öllum öryggiskröfum sé framfylgt og verkin aðgengileg.

Starfsemi og skipulag á skrifstofu ASÍ

Starfsemi á skrifstofu ASÍ byggir á starfs- og fjárhagsáætlun sem unnin er af forseta og framkvæmdastjóra ASÍ í samráði við starfs- og fjárhagsnefnd og síðan samþykkt af miðstjórn ASÍ. Starfs- og fjárhagsáætlun fyrir árið var lögð fyrir miðstjórn um miðjan desember til fyrri umræðu og hún síðan samþykkt að lokinni síðari umræðu á fyrsta fundi miðstjórnar í janúar 2023.

Skipulag og verkefni ASÍ ásamt verkaskiptingu milli þess og aðildarsamtakanna hefur mótast á undanförunum árum og áratugum þar sem hlutverk ASÍ felst í samráði og samstarfi um stefnumótun í sameiginlegum málum innan samtakanna, við önnur samtök launafólks og við stjórnvöld og við samtök atvinnurekenda. Hlutverk ASÍ er jafnframt að tala fyrir réttindum og kjörum launafólks í opinberri umræðu og gæta hagsmuna launafólks við setningu laga á Alþingi og í annarri stefnumarkandi ákvarðanatöku. Þá sinnir ASÍ samstarfi við norræna, evrópska og alþjóðlega verkalyðshreyfingu ásamt því að þróa og móta nýja þekkingu um samfélagsmál og stöðu og réttindi launafólks.

Þessi sýn og verkaskipting mótar rammann um starfsemi skrifstofu ASÍ hverju sinni. Skrifstofan aðstoðar forseta og miðstjórn sambandsins við að sinna þessu hlutverki og tryggir góða og skilvirka þjónustu við landsamböndin og aðildarfélögin. Þá er það hlutverk skrifstofu að byggja upp þekkingu á réttindum og kjörum launafólks og tryggja virkt aðhald með stjórnvöldum og atvinnurekendum.

Fjölmeðg mála koma til kasta Alþýðusambandsins og starfsfólks þess á hverju ári. Þar má nefna margvísleg mál er tengjast túlkun kjarasamninga og laga, útreikningum og ýmsum hagfræðilegum úrlausnarefnum. Skrifstofa Alþýðusambandsins vinnur umsagnir við frumvörp í Samráðsgátt stjórnvalda og við málsmeðferð á Alþingi og tekur þátt í stefnumarkandi nefndum og starfshópum á vegum hins opinbera. Skrifstofan aðstoðar einnig kjörna fulltrúa í tengslum við fjölmiðlaviðtöl og aðra þátttöku í opinberri umræðu eftir því sem óskað er eftir og heldur úti viðamiklu fræðslustarfi.

Frekari verkefnum skrifstofu ASÍ eru gerð skil í öðrum köflum þessarar skýrslu.

Starfsfólk á skrifstofu ASÍ 1. september 2023

Starfsfólk Alþýðusambands Íslands var þann 1. september síðastliðinn sem hér segir: Aleksandra Leonardsdóttir, sérfræðingur í inngildingum og fræðslu, Arnaldur Grétarsson, sérfræðingur í stafrænni miðlun, Auður Alfa Ólafsdóttir, sérfræðingur í umhverfis- og neytendamálum, Ása Jónsdóttir, gjaldkeri, Ásgeir Sverrisson, sérfræðingur í textagerð og útgáfu, Ástríður Andrésdóttir, fulltrúi, Ástþór Jón Ragnheiðarson, formaður ASÍ – UNG, Benjamín Julian, verk-

efnastjóri verðlagseftirlits, Bergþóra Hrönn Guðjónsdóttir, sviðstjóri fræðslu- sviðs, Bjarni Þór Sigurðsson, sérfræðingur í húsnæðismálum (tímabundið til 31. desember 2023), Eyrún Björk Valsdóttir, framkvæmdastjóri, Finnbjörn A. Hermannsson, forseti ASÍ, (frá afsögn Drífu Snædal í ágúst 2022, var Kristján Þórður Snæbjarnarson starfandi forseti fram að 45. framhaldsþingi ASÍ), Karen Ósk Nielsen Björnsdóttir, lögfræðingur, Guðrún Edda Baldursdóttir, sérfræðingur í fræðslumálum, Guðrún Margrét Guðmundsdóttir, sérfræðingur í jafnréttismálum, Halldór Oddsson, sviðstjóri lögfræði- og vinnumarkaðssviðs, Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir, 2. varaforseti ASÍ, Kristján Þórður Snæbjarnarson, 3. varaforseti ASÍ, Magnús Norðdahl, sérfræðingur á sviði alþjóða- og vinnumarkaðsmála, Ólöf Brynja Jónsdóttir, bókari, Ragnar Þór Ingólfsson, 1. varaforseti ASÍ, Róbert Farestveit, sviðsstjóri hagfræði- og greiningarsviðs, Saga Kjartansdóttir, túlkur og umsjón með vinnustaðaeftirliti, Sif Ólafsdóttir, gæða- og skjalastjóri, Sigurlaug Gröndal, verkefnisstjóri Félagsmálaskólans, Steinunn Bragadóttir, hagfræðingur og Þórir Gunnarsson, hagfræðingur.

Þær breytingar sem orðið hafa á starfsmannahaldi hjá ASÍ frá síðasta ári eru að Adalheiður Fanney Arnarsdóttir, aðstoðarmaður í mötuneyti, Arnaldur Sölvi Kristjánsson, hagfræðingur, Drífa Snædal, forseti, Halla Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri og Sara S. Öldudóttir, sérfræðingur í vinnumarkaðsmálum, létu af störfum. Eru þeim þökkud góð störf.

Skipurit skrifstofu ASÍ byggir á fjórum sviðum; rekstrar- og þjónustusviði, hagfræði- og greiningarsviði, lögfræði- og vinnumarkaðssviði og fræðslusviði.



Bjarg íbúðafélag

Í ágúst 2023 var Bjarg með 840 íbúðir í útleigu. Fyrsta íbúð var afhent í júní 2019 og hefur verkefnið gengið samkvæmt áætlun.

Íbúðir Bjargs eru í Reykjavík, Þorlákshöfn, Grindavík og Hveragerði og á Akranesi, Selfossi og Akureyri.

Enn eru miklar framkvæmdir í gangi á vegum Bjargs og eru 156 íbúðir í byggingu. Þær íbúðir eru í Reykjavík, Hafnarfirði, Sandgerði og á Akranesi.

Þá er Bjarg að undirbúa framkvæmdir við íbúðir í Reykjavík, Mosfellsbæ, Reykjanesbæ og á Hellu og hefur félagið fundið fyrir auknum áhuga hjá sveitafélögum um samstarf.



Varða – rannsóknastofnun vinnumarkaðarins

Starfsemi Vörðu hefur verið öflug frá því að hún var stofnuð vorið 2020. Grundvöllurinn að stofnun Vörðu endurspeglast í sameiginlegum markmiðum ASÍ og BSRB um að skapa víðtækari þekkingu á lífsskilyrðum fólks en þegar er til staðar, að byggja brú á milli fræðasamfélagsins og verkalýðshreyfingarinnar sem og að hvetja til sjálfstæðra rannsókna sem hafa þýðingu fyrir launafólk.

Stjórn Vörðu er skipuð Sonju Ýri Þorbergsdóttur, formanni BSRB og stjórnarformanni Vörðu, Finnbirni A. Hermannssyni, forseta ASÍ, Magnúsi Má Guðmundssyni, framkvæmdastjóra BSRB, Eyrúnu Björk Valsdóttur, framkvæmdastjóra ASÍ og Kolbeini Hólvari Stefánssyni, dósent við félagsráðgjafadeild Háskóla Íslands.

Varða er ung stofnun og er starfsemi hennar enn í mótun og stöðugri þróun. Þrátt fyrir það hefur stofnunin gefið af sér afurðir sem bæta þekkinguna á vinnumarkaði og lífsskilyrðum fólks í víðu samhengi. Varða hefur í þriggung staðið að könnun um stöðu launafólks á Íslandi. Ríflega 14.000 félagar svöruðu könnun Vörðu árið 2023 og nýtur hún sérstöðu þar sem hún nær í mun meira mæli til innflytjenda en almennt þekkest. Grunnurinn að könnuninni miðar að því að meta fjárhagslega stöðu félagsfólks auk andlegrar og líkamlegrar heilsu en árlega eru einnig lagðar fyrir spurningar sem tengjast sérstaklega stöðu launafólks hverju sinni, nú síðast var einblínt á stöðu á húsnæðismarkaði, starfstengda kulnun og réttindabrot á vinnumarkaði. Niðurstöður

könnunarinnar hafa vakið mikla athygli enda gefa niðurstöðurnar góða innsýn í stöðu launafólks á Íslandi.

Tólf styrkir frá stofnun

Varða fjármagnar þau rannsóknaverkefni sem hún ræðst í, eða á samstarf um, með styrkjum úr rannsóknasjóðum. Frá stofnun hefur Varða hlotið 12 styrki til fjölbreyttra verkefna. Meðal þeirra verkefna sem hafa hlotið styrki er rannsókn á samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs meðal barnafjölskyldna á Íslandi sem VOR (Vísindasjóður Orkuveitu Reykjavíkur) styrkti og langtímarannsókn á stöðu innflytjenda á íslenskum vinnumarkaði sem Þróunarsjóður innflytjendamála veitti styrk.

Varða hefur auk þess sinnt rannsóknaverkefnum fyrir stéttarfélög innan ASÍ og BSRB og hefur átt gæfuríkt og gott samstarf við fjölda aðildarféлага. Slíkt samstarf hefur gefið góða raun og standa vonir til að það muni aukast á komandi árum.

Varða nýtir aðferðafræði vísindanna og sterk tengsl við verkalýðshreyfinguna til að skapa þekkingu sem hefur þýðingu fyrir launafólk. Þetta samstarf hefur skilað góðum árangri á fyrstu þremur starfsárum stofnunarinnar og verður grundvöllurinn að frekari þróun og þekkingarsköpun til framtíðar.



VIRK - Starfsendurhæfingarsjóður

VIRK er sjálfseignarstofnun stofnuð 2008 af helstu samtökum stéttarfélaganna og atvinnurekenda á vinnumarkaði og hefur það hlutverk að efla starfsgetu einstaklinga með heilsubrest sem stefna að aukinni þátttöku á vinnumarkaði.

Hjá VIRK starfa um 110 starfsmenn og ráðgjafar sem halda utan um mál þjónustuþega og tryggja að allir njóti góðrar þverfaglegrar þjónustu. Starfsemi VIRK og þjónusta er á mörgum stöðum á höfuðborgarsvæðinu og um allt land á skrifstofum stéttarfélaganna. Höfuðstöðvar VIRK eru í Borgartúni 18 í Reykjavík.

VIRK á í samstarfi við um 600 þjónustuaðila um allt land og leggur áherslu á að nýta fagaðila á hverju svæði og þróa úrræði sem henta þeim fjölbreytta hópi sem nýtir sér þjónustu VIRK. Auk þess þá koma um 10 utanaðkomandi sérfræðingar að mati á þjónustuþegum VIRK.

Atvinnutenging VIRK

VIRK hefur aukið áherslu á atvinnutengingu í starfsendurhæfingu og meðal starfsmanna eru nú atvinnulífstenglar sem vinna markvisst að því, í samstarfi við fyrirtæki og stofnanir, að finna störf fyrir einstaklinga sem útskrifast frá VIRK með skerta starfsgetu.

Árið 2022 bárust 450 tilvísanir til atvinnulífstengla VIRK en 490 einstaklingar luku þjónustu hjá þeim. Við lok þjónustu voru 73,6% þjónustuþeganna með vinnugetu og virkir á vinnumarkaði, þ.e. fóru í vinnu, nám eða atvinnuleit. Um 1.600 fyrirtæki og stofnanir eru skráð í gagnagrunn VIRK og um 530 fyrirtæki og stofnanir eru í virku samstarfi við VIRK vegna atvinnutengingar.

Á ársfundi VIRK 2023 hlutu Össur Iceland og Vista verkfræðistofa viður-

kenningu sem VIRKT fyrirtæki. Viðurkenningin, sem veitt var þá í fyrsta sinn, er veitt fyrirtækjum og stofnunum sem sinna atvinnutengingu sérlega vel og sýna samfélagslega ábyrgð í verki.

Forvarnaverkefni

VIRK hefur lagt áherslu á fjölbreytt verkefni á sviði forvarna undanfarin ár. Þessi verkefni skiptast í fjóra flokka: Heilsuefandi vinnustaður, rannsóknir, velvirk.is og vitundarvakningar.

Síðasta vetur stóð VIRK fyrir vitundarvakningu um kynferðislega áreitni á vinnustöðum sem heppnaðist mjög vel. Hryggjarstykkið í vitundarvakningunni – Það má ekkert lengur auglýsingin – vakti mikla athygli og umfjöllun og vann til verðlauna.

Stjórn VIRK ákvað í tengslum við vitundarvakninguna að veita sérstaka styrki til sex úrræða um allt land sem veita þolendum kynferðisofbeldis þjónustu. Styrkveitingarnar voru einnig liður í því að efla samstarfið milli VIRK og þeirra sem starfa að þessum mikilvæga málaflokki með það að markmiði að bæta heildarþjónustu við þjónustuþega VIRK og auka samvinnu og samstarf ólíkra aðila innan velferðarkerfisins.

Rúmlega 20.000 þjónustuþegar

VIRK fagnar 15 ára afmæli á árinu. Um 21 þúsund einstaklingar hafa komið til VIRK undanfarin 15 ár og sumir oftast en einu sinni. Þannig eru skráðir rúmlega 25 þúsund starfsendurhæfingarferlar í upplýsingakerfi VIRK. Um miðjan ágúst 2023 voru 2.500 þjónustuþegar í starfsendurhæfingu á vegum VIRK um allt land.

2.306 einstaklingar hófu starfsendurhæfingu á vegum VIRK á árinu 2022, 3% fleiri en árinu áður. Einstaklingar sem leita til VIRK koma úr öllum starfsstéttum, eru á öllum aldri og með fjölbreytta menntun og reynslu. Konur eru 69% einstaklinganna sem nýtt hafa sér starfsendurhæfingarþjónustu á vegum VIRK frá upphafi og hefur hlutfall þeirra heldur aukist síðustu árin.


1.760 þjónustuþegar útskrifuðust frá VIRK árið 2022, 5% færri en 2021 en það ár var metár í útskriftum frá VIRK. Við lok þjónustu VIRK fara langflestir einstaklinganna í virka þátttöku á vinnumarkað, 79% útskrifaðra þjónustuþega fara í vinnu, atvinnuleit eða nám að lokinni starfsendurhæfingu.

Árangur VIRK


VIRK leitast við að meta árangur starfsendurhæfingarþjónustunnar á fjölbreyttan hátt; fylgst er grannt með tölfræði starfseminnar, stöðugt er leitað eftir endurgjöf frá þjónustuþegum í gegnum þjónustukönnun, leitað er mats utanaðkomandi sérfræðinga á ávinningi starfseminnar og viðhorf almenn-

ings til VIRK mælt, t.d. í viðhorfskönnun sem Maskína gerði fyrir VIRK 2022.

Í viðhorfskönnuninni kom m.a. fram að átta af hverjum tíu voru jákvæð gagnvart VIRK og 81% svarenda töldu að VIRK hafi mikla þýðingu fyrir íslenskt samfélag.



Árangur af starfsemi VIRK á árinu 2022 var mjög góður og 85% einstaklinga sem luku þjónustu hjá VIRK fóru að einhverju leyti í vinnu, í atvinnuleit eða í nám við útskrift eins og sjá má á myndinni hér að neðan. Þetta hlutfall hefur aldrei verið svona hátt en það hefur oftast verið í kringum 79%. Aðrir mælikvarðar, svo sem hlutfall stöðugilda með laun á vinnumarkaði, benda einnig til þess að starfsemi VIRK hafi skilað miklum árangri á árinu 2022.



Heildarúttekt á þjónustu VIRK

Í lok árs 2022 skilaði nefnd um heildarúttekt á þjónustu VIRK skýrslu með niðurstöðum sínum til félags- og vinnumarkaðsráðherra. Heildarúttektin var framkvæmd samkvæmt bráðabirgðaákvæði laga nr. 60/2012 um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða.

Skýrslan inniheldur marga jákvæða þætti er varða starfsemi VIRK. Í úrtaksrannsókn sem Félagsvísindastofnun gerði fyrir nefndina kemur fram að 72% af þjónustuþegum VIRK sem ljúka þjónustu telja að starfsendurhæfingin hafi nýst þeim mjög vel. Almennt er mikil ánægja meðal þjónustuþega með þjónustu VIRK í þessari úrtaksrannsókn sem kemur m.a. fram í eftirfarandi niðurstöðum:

- 85% telja að markmið starfsendurhæfingaráætlunar hafi verið unnin í samráði við sig
- 76% telja að markmið starfsendurhæfingaráætlunar hafi verið unnin í samráði við getu sína
- 87% telja að sér hafi verið mætt af virðingu í starfsendurhæfingunni
- 84% telja að aðstæðum þeirra hafi verið sýndur skilningur í starfsendurhæfingunni
- 78% telja að úrræði hafi verið valin í samræmi við þarfir sínar

79% telja að haldið hafi verið vel utan um mál sitt í endurhæfingarferlinu. Einnig kemur fram að jafnvel meðal þeirra sem ekki luku starfsendurhæfingunni hafi viðhorfið verið jákvætt.

Í þessari heildarúttekt voru gögn úr gagnagrunni VIRK gerð ópersónugreinanleg með dulkóðun og keyrð saman við gögn frá lífeyrissjóðum. Einnig var í skýrslunni sérstaklega skoðuð þróun á örorku og endurhæfingu bæði hjá lífeyrissjóðum og Tryggingastofnun og er niðurstaðan eftirfarandi:

Mun fleiri hafa endurhæfst á árunum 2015-2019 en vænta mátti samkvæmt reynslu árána 2000-2004 (áður en VIRK var stofnað).

Örorkubyrði hjá Tryggingastofnun á árunum 2015-2019 er 2,4% lægri en hún var á árunum 2000-2004 (áður en VIRK var stofnað).


Örorkubyrði hjá lífeyrissjóðum hefur dregist talsvert saman, eða um 13,7% milli tímabilanna 2000-2004 og 2015-2019.

Fram kemur í skýrslunni að hjá lífeyrissjóðum hafi aukin endurhæfing „náð að eyða áhrifum aukins nýgengis“.


Þjónustukönnun VIRK

Öllum einstaklingum sem útskrifast frá VIRK er boðið að taka þátt í þjónustukönnun þar sem þeir eru beðnir um að svara spurningum um þjónustuna og einstaka þætti hennar. Myndin hér að neðan inniheldur upplýsingar úr þjónustukönnun VIRK fyrir árið 2022 þar sem sjá má að einstaklingar telja

að þjónusta VIRK hafi haft mikil áhrif á stöðu þeirra. Við lok þjónustu er sjálfsmynd þeirra sterkari, starfsgeta meiri og líkamleg og andleg heilsa þeirra mun betri.



Þá kemur einnig fram í þjónustukönnuninni að 90% þjónustuþega eru ánægð með þjónustuna og mikil ánægja er meðal þeirra með störf ráðgjafa VIRK.





Umsagnir um þingmál

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2024-2028, 894. mál

Óskað hefur verið eftir umsögn Alþýðusambands Íslands um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2024-2028.

Samantekt

Fjármálaáætlun felur í sér að frumjöfnuður verði jákvæður á þessu ári og skuldir nái hámarki í 40% af vergri landsframleiðslu. Stjórnvöld hafa ekki sýnt nægjanlegt aðhald í útgjöldum. Afkoma hefur hins vegar batnað vegna áhrifa hagsveiflunnar á tekjur. Tekjuauka sem leiðir af stöðu hagsveiflunnar er því ráðstafað í aukin útgjöld fremur en draga úr skuldum. ASÍ telur að ganga þurfi lengra í eflingu tekjustofna hins opinbera og að horfa þurfi m.a. til notkunar auðlindagjalda og umbóta í skattlagningu fjármagnstekna.

Há verðbólga og vandi á húsnæðismarkaði eru stærstu áskoranir efnahagsmála á næstu misserum. ASÍ telur það vonbrigði að ekki sé að finna markvissar aðgerðir til að draga úr verðbólgu eða bregðast við afkomu- og húsnæðisvanda í fjármálaáætlun. Í raun hafa áherslur stjórnvalda í skattamálum unnið gegn hjöðnun verðbólgu. Stjórnvöld geta stutt við heimilin og eftl tekjustofna hins opinbera án þess að dregið sé úr aðhaldi ríkisfjármála. ASÍ telur að setja

þurfi umbætur í húsnæðismálum í forgang á næstu misserum ásamt því að styrkja stuðning til barnafjölskyldna og efla húsnæðisstuðning með sértækum aðgerðum þannig að markmið um að húsnæðiskostnaður nemi undir 25% af ráðstöfunartekjum náist.

Staða opinbera fjármála batnað – afkoma veik miðað við stöðu hagsveiflunnar

Staða opinberra fjármála er mun sterkari en óttast var skömmu eftir heimsfaraldur. Í fjármálaáætlun fyrir árin 2021-2025 var stefnt að því að skuldir hins opinbera næðu hámarki í 59% af vergri landsframleiðslu. Til að ná því markmiði var þörf á að ráðast í afkomubætandi aðgerðir sem næmu 35-40 milljörðum á ári á árunum 2023-2025.

Skilvirk bólusetning og hröð aflétting sóttvarnaaðgerða hefur leitt til þess að efnahagsbati hefur reynst hraður. Í fyrirliggjandi áætlun er gert ráð fyrir að frumjöfnuður verði jákvæður á þessu ári sem nemur 15,8 milljörðum. Skuldahlutfall nær því hámarki í 40%, sem telst hóflegt á alþjóðlegan mælikvarða og þörf á afkomubætandi aðgerðum er hverfandi. Bati í afkomu skýrist þó einkum af hagfelldri þróun tekna, þ.e. tekjur hafa aukist vegna stöðu hagsveiflunnar t.d. þróun launa, atvinnuþátttöku og mikilli veltu í hagkerfinu.

Áætlunin dregur fram klassíska veikleika í opinberum fjármálum, ekki er sýnt nægjanlegt aðhald í útgjöldum á sama tíma og tekjuöflun hefur verið veikt. Í umsögn um fjármálastefnu 2022-2026 benti Alþýðusambandið á að markmið um útgjaldavöxt væru óraunhæf og myndu ekki skapa grundvöll fyrir boðaðar umbætur í stjórnarsáttmála. Síðan þá hefur vöxtur útgjalda reynst meiri en lagt var upp með í fjármálastefnu án þess að ráðist hafi verið í markvissar aðgerðir á tekjuhlíð. Ekki fæst betur séð en að tekjuauka sem leiðir af stöðu hagsveiflunnar hafi verið ráðstafað í aukin útgjöld. Slík stefna gæti þrengt að rekstri hins opinbera þegar hægir á umsvifum í hagkerfinu. Miðað við stöðu hagsveiflunnar hefði afgangur þurft að vera meiri og tekjuauki verið nýttur til hraðari lækkun skulda. Sú stefnumörkun sem lagt er upp með í fyrirliggjandi fjármálaáætlun er að mörgu leyti svipuð þeirri sem Alþýðusambandið gagnrýndi í umsögn um fjármálaáætlun fyrir árin 2020-2024.

„Stefna stjórnvalda í ríkisfjármálum hefur byggt á því að afgangur af ríkisrekstrinum grundvallast fyrst og fremst á tímabundinni aukningu tekna vegna mikilla umsvifa á uppgangstímum sem eiga sér fá fordæmi. Þegar tekið hefur verið tillit til hagsveiflunnar hefur rekstur ríkisins í reynd verið í járnnum undanfarin ár. Samhliða þessu hafa tekjustofnar markvisst verið veiktir ss. með afnámi audlegðarskatts, lækkun veidigjalda og lækkun á neyslusköttum og tollum auk þess sem stjórnvöld hafa látið hjá líða að sækja auknar tekjur t.d. til ferðaþjónustunnar. Sá vandi sem nú blasir

við er ekki ófyrirséður og hefur ASÍ útrekað haft uppi varnaðarorð um að afleiðingar þessa muni verða þær að þegar hægir á í efnahagslífinu munu tekjur ríkissjóðs ekki duga til að fjármagna nauðsynleg útgjöld. Til að halda afkomu ríkissjóðs innan fjármálastefnunnar muni blasa við aðhald og niðurskurður í ríkisrekstrinum“

Alþýðusambandið hefur séð ástæðu til að gagnrýna þá skattastefnu sem birst hefur í fjármálaáætlunum síðustu ára. Lögfestar skattkerfisbreytingar á tímabilinu 2013-2019 minnkuðu tekjur ríkisins um samanlagt 27 milljarða á ári sé miðað við árið 2019 og eru þá ótalin áhrif af afnámi auðlegðarskatts, lækkun veiðigjalda, breytingum á tekjuskattkerfinu, lækkun bankaskatts og hækkun frítekjumarks fjármagnstekna svo dæmi séu nefnd Fjármálaráð hefur einnig velt því upp að vafi ríkir um hvort tekjustofnar standi undir reglulegum útgjöldum hins opinbera.


Stjórnvöld hafa sett í forgang að hækka gjöld og efla tekjustofna sem snúa að skattlagningu ökutækja og umferðar. Í fjárlögum fyrir árið 2023 var fólst aukin skattlagning að stærstu hluta í hækkun gjalda og krónutölugjalda (6,4 milljarðar) og hækkun gjalda á bifreiðar (4,9 milljarðar). Alþýðusambandið hefur séð ástæðu til að gagnrýna þessa forgangsroðun. Í fyrsta lagi að skattlagning sé aukin á heimili á sama tíma og skattar hafa verið lækkaðir á fjármagn t.d. gegnum lækkun bankaskatts og hækkun frítekjumarks fjármagnstekna. Í öðru lagi hefur sambandið talið það gagnrýnivert að aðgerðirnar komi til framkvæmda við svo hátt verðbólguþig. Hækkun krónutölugjalda og áherslur í skattlagningu bifreiða skýrðu um helming af verðlagshækkun janúar mánaðar. Aðgerðirnar hafa því unnið gegn hjöðnun verðbólgu. ASÍ hefði talið æskilegra að styðjast við aðra tekjuöflun við hátt verðbólguþig sem hefði ekki bein áhrif á verðlag og unnið gegn þenslu. Í fyrirliggjandi fjármálaáætlun er boðuð frekari áform um skattlagningu bifreiða en í fyrsta áfanga er gert ráð fyrir aukningu tekna sem nemur 7,5 milljörðum á árinu 2024.

Áherslur ASÍ í tekjuöflun:

ASÍ styður aukið umfang auðlindagjalda.

- Í fjármálaáætlun er boðuð endurskoðun á lögum um veiðigjald. Breytingarnar eru ekki útfærðar. Jafnframt er gert ráð fyrir herra gjaldi á fiskeldi sem skila ætti 700 m. kr. ASÍ telur ástæðu til að benda á að mæld auðlindarenta í sjávarútvegi nam 56 milljarði á árinu 2021.⁴ Með auðlindarentu er átt við arðsemi umfram eðlilega arðsemi fjármagns. ASÍ telur mikilvægt að notkun eðlilegra og sanngjarnra auðlindagjalda sé innleidd við alla nýtingu auðlinda. Er þetta sérstaklega mikilvægt í ljósi vaxandi umfangs fiskeldis sem fjallað er um í áætluninni.

Auðlindarenta og veiðigjald (á verðlagi 2021)




ASÍ styður notkun komugjalda:

- Í fjármálaáætlun er boðuð gjaldheimta á ferðapjónustu og skemmtiferðaskip sérstaklega tiltekin. ASÍ teldi skilvirkast að taka upp komugjöld sem leggjast á alla ferðamenn. Gylfi Zoega benti á það árið 2015 að hóflegt komugjald upp á 3 þús. krónur hefði aflað 5 milljarða króna. Tekjurnar hefði verið hægt að nota til að styrkja innviði greinarinnar og til að standa undir ágangi og kostnaði vegna ferðamanna. Sama gjald hefði numið 9,5 milljörðum árið 2018, 8,7 milljörðum á síðasta ári og yfir 10 milljörðum á þessu ári miðað við hóflega spá um ferðamannafjölda.

Tekjur af hóflegu komugjaldi

(3.000 kr. á verðlagi 2015). 2023 nær yfir Jan-Mars



Girða þarf fyrir tekjutilflutning:

- Óeðlilegir hvatar eru til staðar í íslensku skattkerfi sem skapa ábata fyrir atvinnurekendur að telja fram launatekjur sem fjármagnstekjur (þ.e. tekjutilflutningur). Skýrar vísbendingar eru um að slíkt viðgangist á Íslandi en flest lönd reyna með einhverjum hætti að koma í

veg fyrir slíka skattasniðgöngu. ASÍ metur að umbætur sem takmarka myndu tekjutilflutning gætu skilað 3-8 milljörðum til hins opinbera. Umbætur á þessu sviði voru boðaðar í stjórnarsáttmála og í áætlun er boðað að tillögur verði lagðar fram á þessu ári. ASÍ fagnar þessum áformum.

Auka þarf framsækni í skattlagningu:

- Ísland er með tvíþætt skattkerfi þar sem fjármagnstekjur bera lægri skattbyrði en launatekjur. Vegna aukins vægis fjármagnstekna, lækkar skattbyrði hinna allra tekjuhæstu þegar tekjur aukast. Skattlagning er því ekki framsækin upp tekjustigann. Horfa þarf til þess að auka framsækni skattkerfisins þannig að skattbyrði fari vaxandi upp allan tekjustigann. ASÍ hefur bent á að ná megi þeim markmiðum með ólíkum leiðum, t.d. breytingum á fjármagnstekjuskattlagningu, eignarskattlagningu eða samspli af ólíkum sköttum.

Önnur skattlagning:

- ASÍ telur gagnrýniverð að bankaskattur hafi verið lækkaður. Rökstuðningur fyrir lækkuninni var að hún myndi skila sér í bætt kjör til viðskiptavina bankanna. Engin merki eru um að slíkt hafi raungerst.

Brýnt að ná niður verðbólgu

Verðbólga er stærsta efnahagsáskorunin á tímabili áætlunar. Verðbólga fór hratt vaxandi á síðasta ári og hafa drifkraftar verðlagshækkana verið margir og fjölbreyttir. Húsnæðisverð var megin drifkraftur verðbólgunnar á fyrri helmingi síðasta árs en þegar leið á árið fór verðbólga að vera almennari en þar höfðu áhrif m.a. þróun hrávöru- og aðfangaverðs og þróun innfluttrar vöru.

Ólíkt flestum Evrópuríkjum hefur verðbólga hér á landi ekki verið drifinn áfram af beinum áhrifum af hærra gas- og orkuverði. Í Evrópu hafa þessi áhrif gengið hratt til baka frá áramótum, og lækkaði verðbólga á Evrusvæðinu úr 8,5% í 6,9% í síðasta mánuði. Sé horft framhjá orkuáhrifum jókst hinsvegar almenn verðbólga á Evrusvæðinu og mælist nú 7,9%. Á Íslandi mælist verðbólga 8,5% án orkuáhrifa á mælikvarða samræmdu vísitölnunnar. Almenn verðbólga er því enn mikil bæði hér á landi og á Evrusvæðinu.

Umsögn um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2023, mál 1 og frumvarp til laga um breytingar á ýmsum gjöldum, mál 2.

Óskað hefur verið eftir umsögn Alþýðusambands Íslands um frumvarp til fjárlaga og frumvarp til laga um breytingu á ýmsum gjöldum vegna fjárlaga (2. mál). Hér á eftir fer umsögn ASÍ um framangreind mál.

Opinber fjármál leggja ekki grunn að stöðugleika á vinnumarkaði

Alþýðusambandið veitti umsögn um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun 2023-2027. Áætlunin var flutt við krefjandi efnahagslegar aðstæður. Umsvif fóru hratt vaxandi í hagkerfinu eftir lok heimsfaraldurs, bólu myndun var sýnileg á húsnæðismarkaði og verðbólga fór hratt vaxandi. Þessir þættir ásamt vaxtahækkunum þrengdu svo enn frekar að afkomu heimila, einkum tekjulágra og þeirra sem nýlega höfðu komið inn á húsnæðismarkað.

Í umsögninni benti ASÍ á að brýnt væri að opinber fjármál myndu ekki ýta undir þenslu samhliða aukinni verðbólgu og vaxandi efnahagsumsvifum. Þar varaði sambandið við því að farin yrði leið niðurskurðar og aukinna álagi á heimili. Sú leið myndi ekki leggja grunn að stöðugleika á vinnumarkaði en í umsögninni sagði:

„Stjórnvöld geta hins vegar stutt við heimilin og eftt tekjustofna hins opinbera án þess draga úr aðhaldi ríkisfjármála. Þar hefur Alþýðusambandið áður lagt fram tillögur til að efla tekjustofna hins opinbera. Þá er ljóst að ýmsar atvinnugreinar skila meiri hagnaði en áður og því borð fyrir báru að dreifa verðmætum og umframardsemi í gegnum skattkerfið með skilvirkari hætti.“

Sú stefnumörkun sem ASÍ varaði við birtist nú í frumvarpi til fjárlaga. Tekjuöflun felst einkum í hækkun gjalda (krónutölugjöld og nefskattar) og aukinnar skattlagningu á ökutæki og notkun bifreiða. Á útgjaldahlíð er fjárfestingum frestað, aðhald er aukið og framlög lækkuð að raunvirði til mikilvægra málaflokka.

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands hefur harðlega gagnrýnt þessa stefnumörkun 2 en í ályktun miðstjórnar frá 16. september sagði:

„Stjórnvöld stefna að því að ná jafnvægi í ríkisfjármálum og auka aðhald til að mæta vaxandi verðbólgu. Með frumvarpinu er sú leið valin að auka skatta og álögur á almennung, með verulegri hækkun krónutölugjalda og skattlagningu bifreiða ásamt því að fresta nauðsynlegum innviðafjárfestingum og auka niðurskurð í velferð og tilfærslu til heimila. Þetta er gert þrátt fyrir að heimilin verði um þessar mundir fyrir þungum áhrifum af vaxandi verðbólgu og hækkandi húsnæðiskostnaði.

Ríkisstjórnin hefur val um að fara aðrar leiðir, leiðir sem hlífa heimilum og færa byrðar á breiðustu bök samfélagsins. Í því samhengi væri hægt að hækka veiðigjöld, taka upp komugjald í ferðaþjónustu og gera skattlagningu fjármagns réttlátari. Á það skal bent að almennungur er með frumvarpinu meðal annars að greiða fyrir þá lækkun fjármagnstekjuskatts og bankaskatts sem ákveðin var í miðjum heimsfaraldri.“


Með fjárlagafrumvarpi verður ekki annað séð en að stjórnvöld skili auðu í að bæta afkomu heimila í aðdraganda kjarasamninga. Þar er ekki að finna

naðsynlegar umbætur í velferðar- eða húsnæðismálum og þær leiðir sem valdar eru til tekjuöflunar verða til þess að auka byrðar á launafólk. Slík stefna mun ekki stuðla að sátt á vinnumarkaði.

Raunhæft að bæta tekjuöflun og efla tekjujöfnun

Meginstefnumörkun opinberra fjármála er að stöðva hækkun skuldahlutfalls á tímabili fjármálaáætlunar. Aðgerðir á tekjuhlíð fjárlagafrumvarps nema 14 milljörðum, eða 10,5 milljörðum þegar tekið er tillit til áhrifa af rýmkaðri ívilnun vegna kaupa á rafmagnsbílum. Að stærstum hluta er um hækkun á ýmsum krónutölugjöldum að ræða ásamt aukinni skattlagningu á ökutæki og notkun bifreiða.

Á það skal bent, að þörf á aukinni gjaldheimtu, sem ákveðið er að leggja á heimilín, skýrist að hluta af umdeildum skattalækkunum í heimsfaraldri m.a. lækkun á bankaskatti og hækkun á frítekjumarki fjármagnstekna. Hækkun frítekjumarks fjármagnstekna nýttist best tekjuhæstu 10% fjármagnseigenda og kostnaður við hækkunina og útvíkkun marksins til útgreiðslu arðs og söluhagnaðar var 1,6-2 milljarðar. Í því samhengi er vert að benda á að ójöfnuður jókst á síðasta ári. Ástæðan er stórauknar fjármagnstekjur og var aukningin nær einvörðungu hjá hinum allra tekjuhæstu. Hjá tekjuhæstu 10% heimila hækkudu ráðstöfunartekjur að meðaltali um ríflega 10%. Þá hækkun má einkum rekja til hækkunar fjármagnstekna. Tekjuhækkun í öðrum tekjutíundum var mun minni.




Í skýrslu Alþýðusambandsins, „Skattar og ójöfnuður“ var benti á ákveðna veikleika í íslensku skattkerfi og tillögur gerðar að úrbótum sem auka myndu skilvirkni skattkerfisins og efla tekjustofna.4 Á Íslandi bera fjármagnstekjur mun lægri skattbyrði en launatekjur. Þetta leiðir til þess að eftir því sem

heildartekjur aukast, mun skattbyrði að lokum lækka sökum aukins vægis fjármagnstekna hjá hinum allra tekjuhæstu. Þetta er andstætt markmiði fram-sækinna skattkerfa sem miða að því að skattbyrði fari vaxandi upp tekjustig-ann. Efla má tekjujöfnun með ólíkum leiðum, t.d. skynsamlega útfærðum stóreignaskatti eða breytingum á skattlagningu fjármagnstekna.

Annar veikleiki sem skýrslan bendir á eru óeðlilegir hvatar til tekjutilflutnings (e. income shifting). Tekjutilflutningur felst í því að launatekjur eru ranglega skráðar sem fjármagnstekjur. Skýrar vísbendingar eru um að skattasnið-ganga í formi tekjutilflutnings viðgangist hér á landi. Það á aðallega við um aðila sem starfa í eigin fyrirtæki og hafa háar tekjur. Ólíkt Norðurlöndunum hafa Íslendingar ekki brugðist við framangreindum veikleikum. ASÍ metur að reglur sem takmarka tekjutilflutning myndu auka árlegar skatttekjur um á bilinu 3-8 milljarða króna og styrkja tekjuöflun sveitarfélaga.

Að lokum var lagt til í skýrslunni að mótaður yrði skýr rammi utan um skattlagningu nýtingar auðlinda (t.d. fiskveiði, fiskeldi, framleiðsla raforku). Þar var bent á að auðlindarenta í fiskveiði væri metin á 30-70 milljarða á ári á tímabilinu 2008-2019. Árið 2020 var renta metin á 51 milljarð en í frumvarpi er áætlað að veiðigjöld verði 9,8 milljarðar árið 2023, þar af er 1,5 milljarður vegna verðmætagjalds í fiskeldi.



Í skýrslu ASÍ er einnig bent á mikilvægi skattlagningar sem ætlað er að mæta ytri áhrifum. Með ytri áhrifum er átt við neikvæð ytri áhrif m.a. vegna mengunar. Annað dæmi væri sá kostnaður sem fellur á hið opinbera vegna fjölda ferðamanna, t.d. slit á vegum eða kostnaður við heilbrigðisþjónustu og löggæslu. Hóflegt komugjald væri eitt dæmi um slíka skattlagningu. Komugjald upp á 3 þúsund krónur hefur verið nefnt í því samhengi. Slíkt gjald hefði gefið af sér um 5 milljarða árið 2015 og 9,5 milljarða árið 2018. Hefði

slíkt gjald þróast í takt við verðlag, hefði gjaldið aflað 5,3 milljarða króna fyrir þann fjölda sem þegar hefur heimsótt Ísland á þessu ári.

Bregðast þarf við versnandi afkomu heimila


Verðbólga fór hratt vaxandi á fyrri hluta ársins, mældist 4,5% fyrir ári og er nú 9,3%. Hæst mældist verðbólga 9,9% í júlí. Öðru fremur hefur aukinn húsnæðiskostnaður drifið áfram verðbólgu ásamt hækkun eldsneytisverðs, hækkun á verði innfluttra vara auk hækkunar hrávöruverðs og afleiddra áhrifa á innlendar vörur, t.d. áhrif áburðarverðs á verð búvöru. Til að sporna gegn hækkunum verðlags hefur Seðlabankinn annars vegar hækkað stýrivexti og hins vegar virkjað þjóðhagsvarúðartæki með það að markmiði að kæla húsnæðismarkað.

Húsnæðismál eru kjaramál

Seðlabankinn hefur talið nauðsynlegt að grípa til þessara aðgerða. Hins vegar er ljóst að hækkun stýrivaxta með tilheyrandi áhrifum á vexti húsnæðislána hefur veruleg áhrif á útgjöld heimila. Fyrir þá aðila sem komu inn á húsnæðismarkað við lágt vaxtastig og hátt húsnæðisverð getur hækkun mánaðarlegrar greiðslubyrði hæglega hlaupið á annað hundrað þúsunda króna.

Með réttu ætti vaxtabótakerfið að dempa áhrif aukinna vaxtagjalda heimilanna en gerir það ekki. Ástæðan er sú að fjárhæðir vaxtabótakerfisins, t.d. vaxtabætur, tekju- og eignamörk hafa ekki haldið í við þróun launa eða eignaverðs. Vaxtabótakerfið var til umfjöllunar í mánaðaryfirliti ASÍ í mars6, en þar sagði:

Öðru fremur hefur samspil eignaverðs og vaxtabótakerfisins orðið til þess að veikja vaxtabótakerfið. Líkt og kemur fram að ofan byrjar eign að skerða bætur við 5 milljónir í eigið fé (8 milljónir hjá hjónum) þar til réttur til vaxtabóta fellur niður við 8 milljóna króna eign. Eignaskerðing leiðir því til þess að vaxtabætur falla niður við 24% eignarhlut í meðalíbúð í Reykjavík hjá pari, 90 fm að stærð. Hjá einstaklingi falla þær niður við 16% eignarhlut. Hlutfallið lækkaði jafnt og þétt frá aldamótum þar sem skerðingarmörk hafa ekki þróast í takt við eignaverð. Sem dæmi, kostaði 90 fm íbúð að jafnaði um 11 milljónir króna árið 2001. Þar sem festi kaup á slíkri íbúð gat átt í henni 50% eigið fé án þess að eign tæki að skerða vaxtabætur. Tíu árum síðar var meðalverð á sambærilegri íbúð 22,6 milljónir og vaxtabætur tóku að skerðast við 29% eignarhlut.



Afleiðing þessarar þróunar birtist í því að vaxtabætur eru ekki til staðar til að mæta aukinni vaxtabyrði heimila. Vaxtabætur voru þannig einungis um 3% af vaxtagjöldum heimila árið 2020 borið saman við um 20% af vaxtagjöldum heimila á árunum 2008-2010. Hlutfallið var hærra ef tekið er tillit til sérstakra vaxtabóta sem greiddar voru út á árunum 2010-2011. Að óbreyttu dregur enn frekar úr virkni vaxtabótakerfisins á næstu árum. Vaxtabætur hefðu þurft að vera 14,6 milljarðar árið 2020 hefðu þær átt að standa undir 20% af vaxtagjöldum, en það er meðalhlutfallið 1998-2014 án sérstakra vaxtabóta.


Alþýðusambandið gagnrýnir einnig að ekki sé brugðist við stöðu á leigumarkaði í frumvarpinu. Gert er ráð fyrir lækkun framlaga til almenna íbúðakerfisins, að óbreyttu fer framlagið úr 3,7 milljörðum í 1,7 milljarð. Ekki er ráðist í eflingu húsnæðisbótakerfisins en aukin framlög skýrast eingöngu af fjölgun leigjenda og verðlagsuppbóta. Framlög til húsnæðisbóta, hafa líkt og í vaxtabótakerfinu ekki þróast í takt við þróun útgjalda. Óskertar húsnæðisbætur einstaklings hafa þannig hækkað um 15% á sama tíma og leiguverð hefur hækkað um nær þriðjung.

Vert er að benda á að þó hægt hafi á hækkun leiguverðs í kjölfar heimsfaraldurs hefur leiguverð hækkað nokkuð undanfarin misseri. Í yfirlýsingu stjórnvalda til stuðnings kjarasamningum 2019 voru boðaðar umbótaáðgerðir á leigumarkaði sem ekki hefur verið fylgt eftir. Alþýðusambandið kallar eftir stórátaki í húsnæðismálum, sem eru um leið eitt af stærstu kjaramálunum. Þar þarf að stórauka framlög til uppbyggingar óhagnaðardröfinna leigufélaga, efla vernd og húsnæðisöryggi leigjenda og koma á leigubremsu.


Verðbólgan þurrkað út ávinning Lífskjarasamnings

Lífskjarasamningar voru undirritaðir í kjölfar falls lágjaldaflugfélagsins WOWair. Samið var um fasta krónutöluhækkun á almenna markaðinum.

Hækkunum var þannig beint til tekjulægri hópa en um leið skapaðar forsendur fyrir vaxtalækkun sem myndi hafa meiri áhrif til kaupmáttar upp tekjustig-ann. Kostnaðarmat samningsins var um 4% á ári og hann samræmdist verð-stöðugleika.




Launahlutfall í hagkerfinu hefur verið stöðugt á tímabili Lífskjarasamnings, jókst árið 2020 en lækkaði að nýju árið 2021. Lækkunin skýrðist af miklum framleiðnivexti, 4,1% í einkageiranum.



Kaupmáttur heildarlauna

Vísitala, raunlaun, Janúar 2019 = 100





Hratt vaxandi verðbólga hefur dregið úr kaupmætti undanfarin misseri. Sé horft á vísitölu kaupmáttar hefur kaupmáttur lækkað um 1,6% milli ára. Sé litið á þróun kaupmáttar meðallauna innan félaga ASÍ blasir við dekkri mynd. Kaupmáttur er nú minni en við gerð lífskjarasamnings árið 2019. Á sama tíma hefur afkoma flestra atvinnugreina verið sterk í gegnum heimsfaraldur. Í nýlegri skýrslu Kjaratölfræðinefndar er m.a. bent á hvernig launahlutfall hefur lækkað í flestum atvinnugreinum ef frá er talin ferðapjónusta.

Bætur almanna- og atvinnuleysistrygginga

Í frumvarpinu er ráðgert að hækka bætur almannatrygginga um 6%. Bætur voru hækkaðar um 3,8% í fjárlögum 2022 en voru hækkaðar um 3% til viðbótar í flýtttri verðlagsuppfærslu frá því í sumar. Þó það hækkan mun ekki brúa þá gliðnun sem átt hefur sér stað milli lífeyrisgreiðslna og þróunar lágmarks-launa. Alþýðusambandið hefur áður bent á að samkvæmt lögum um almannatryggingar ber að hækka bæturnar í takt við launaþróun en þó þannig að þær haldi í við verðlag. Þetta hefur hins vegar ekki verið reyndin. Sambandið hefur áður bent á þessa þróun, en í umsögn um fjárlagafrumvarp 2022 sagði:

„Það er mat ASÍ að það viðmið sem stuðst er við sé ekki heppilegt við ákvörðun bóta almannatrygginga og endurspegli hvorki taxtahækkanir né almenna launaþróun. Að óbreyttu leiðir ákvörðunin til þess að bætur almannatrygginga dragist aftur úr lágmarkskjörum á íslenskum vinnumarkaði. Óheppilegt er að ekki liggi skýrt fyrir hvaða aðferðarfræði er notuð við mat á launaþróun og að sú aðferð taki breytingum óháð lagabreytingum. ASÍ telur með öllu óásættanlegt að kjör elli- og örorkulífeyrisþega dragist aftur úr öðrum lágtekjuhópum og mælist til þess að bætur almannatrygginga taki hækkanum til samræmis við lægstu laun á vinnumarkaði.“



Alþýðusambandið telur ástæðu til þess að gagnrýna sérstaklega að bætur atvinnuleysisstrygginga hafi ekki verið hækkaðar til jafns við þróun bóta almannatrygginga. Atvinnuleysisbætur hækkuðu um 2% í fjárlögum 2022 en voru undanskildar í hækkunum sem samþykktar voru í sumari. Samkvæmt frumvarpi munu atvinnuleysisbætur hækka um 4,9%. ASÍ kallar eftir því að þessari þróun verði snúið við og bendir á að grunnbætur atvinnuleysisstrygginga eru í dag um 85% af lágsta taxa á vinnumarkaði en voru til jafns við lágsta taxa árið 2019.

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á húsaleigulögum, 572. mál

Óskað hefur verið eftir umsögn Alþýðusambands Íslands um frumvarp til laga um breytingu á húsaleigulögum.

Alþýðusambandið hefur áður veitt umsögn um málið og vísar til þeirrar umsagnar. Í meginatriðum telur ASÍ að með frumvarpinu séu stigin löngu tímabær, en einungis fyrstu skref til úrbóta á leigumarkaði. Skráningaskylda leigusamninga er mikilvægt skref til að fá nauðsynlega yfirsýn yfir þróun

leiguverðs á markaði og styðja við frekari stefnumótun í húsnæðismálum. Þau gögn sem stuðst er við í dag og byggja á þinglýstum samningum gefa ekki nægilega skýra mynd af þróun leiguverðs. ASÍ hvetur til þess að málið nái fram að ganga.

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003 með síðari breytingum (heimilishjálp). 164. mál.

Óskað hefur verið eftir umsögn Alþýðusambands Íslands um 164. Mál, frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt. Málið felur í sér veitt verði heimild til skattalegs frádráttar vegna heimilishjálpar sem felur í sér að draga má fjárhæð að hámarki 1.800.000 kr. á ári frá tekjuskattsstofni einstaklings, þ.e. sem nemur að meðaltali 150.000 kr. á mánuði.

Alþýðusambandið leggst gegn því að málið nái fram að ganga. Verði frumvarpið að lögum mun það veita skattaafslátt til tekjuhæstu hópa samfélagsins umfram aðra ásamt því að auka flækjustig skattkerfisins. Ólíklegt er að það vinni gegn svartri atvinnustarfsemi.

Núverandi tekjuskattkerfi má rekja til upptöku staðgreiðslu skatta árið 1988. Eitt af einkennum tekjuskattkerfisins fyrir tíma staðgreiðslukerfisins var fjöldinn allur af undanþágum og frádráttarliðum. Við innleiðingu staðgreiðslukerfisins voru frádráttarliðir og undanþágur felldar niður en á móti var innleiddur skattaafsláttur í formi persónuafsláttar. Sá persónuafsláttur var í upphafi hafður hár m.a. vegna þeirra frádráttarliða sem voru til staðar í eldra kerfi. Þetta er vel kortlagt í skýrslu nefndar fjármála- og efnahagsráðuneytisins um tekjuskattkerfið frá 2019. Þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu yrðu afturhvarf til skattkerfisins fyrir staðgreiðslu.

Í greinargerð með frumvarpi er vísað til sambærilegs skattalegs frádráttar sem tekinn var upp í Svíþjóð árið 2007. Í dag er heimilt að draga frá 75.000 sænskar krónur frá tekjuskattstofni vegna þjónustu sem keypt er á heimilum (RUT-avdrag), þ.e. rúmlega milljón íslenskar krónur. Þessar skattbreytingar hafa síður en svo verið óumdeildar í Svíþjóð. Kostnaður vegna frádráttarins hefur meira en tvöfaldast frá árinu 2013, hann nýtist að langstærstu leyti á fáum þéttbýlisstöðum auk þess sem hann dreifist ójafnt yfir tekjudreifinguna. Um helmingur af skattaafslættinum hefur runnið til tekjuhæstu tóundarinnar². Að jafnaði fá einstaklingar með yfir 1 milljón sænskra króna í árstekjur alls 5.325 sænskar krónur í skattaafslátt.

Drög að aðgerðaáætlun í málefnum íslenskrar tungu 2023 – 2026

Alþýðusamband Íslands fagnar metnaðarfullri aðgerðaráætlun sem tekur tillit til breyttrar samsetningar þjóðarinnar og íslensks vinnumarkaðar. Innflytjendur eru nú um 23% af vinnumarkaði og u.þ.b. 40% starfsfólks í ferðaþjónustu

sem hefur vaxið mjög hratt á undanförunum árum og er nú ein megin stoð íslensks hagkerfis. Þeim aðgerðum sem snúa að bættu aðgengi innflytjenda að starfstengdu íslenskunámi samhliða vinnu ber því að fagna sérstaklega, enda löngu tímabærar.

Bæði rannsóknir og mikil þátttaka innflytjenda í íslenskunámi sýna að þeir hafa mikinn áhuga á að læra tungumálið en of almenn nálgun og hár kostnaður eru meðal helstu hindrana. Því er nauðsynlegt að auka framboð íslenskunáms enn frekar, gera það fjölbreyttara, einstaklingsmiðaðra, sveigjanlegra og ekki síst aðgengilegra fyrir alla.

Nýlegar rannsóknir Háskólans á Akureyri, *Predictions of Icelandic proficiency and satisfaction with language courses among immigrants in Iceland* og *Voices of people with an immigrant background - inclusion in education, work and society* benda til þess að íslenskukennsla fyrir útlendinga sé misgóð milli fræðsluaðila og landshluta, og að skýra yfirsýn yfir gæði náms og skilvirkni skorti. Mikilvægt er að bæta úr þessu sem fyrst.

ASÍ telur mjög jákvætt að tillagan geri ráð fyrir að mæta námsþörfum allra óháð búsetu. Sambandið myndi þó einnig vilja sjá leiðir til þess að bæta aðgengi óháð fjárhag enda hár kostnaður hindrun fyrir stóran hóp. Það fyrirkomulag að þátttakendur leggi út fyrir námskeiðsgjaldi og fái síðan endurgreitt er oft og tíðum það sem kemur í veg fyrir þátttöku.

Þær tillögur sem hér eru lagðar fram eru metnaðarfullar og yfirgripsmiklar og ASÍ telur mikilvægt að hver liður áætlunarinnar verði kostnaðarmetinn og þeim forgangsraðað ásamt því að nánari útfærslum verði bætt við þar sem þarf. Reynslan hefur sýnt að þær áætlanir þar sem ekki er gert ráð fyrir fjármagni frá upphafi daga uppi og koma aldrei til framkvæmdar.

Í lið 2 er talað um að skýra þurfi afstöðu til hæfni þeirra kennara sem sinna kennslu í íslensku sem öðru máli. Tryggja þarf að hæfnikröfur til kennara verði skýrar og ljóst hver eigi að bera ábyrgð á fræðslu þeirra, eftirliti og eftirfylgni.

Í lið 7 er talað um viðhorf landsmanna til tungumálsins. Samhliða þessu er mikilvægt að vinna í að bæta viðhorf landsmanna til íslensku sem töluð er með erlendum hreim. Innflytjendur kvarta yfir skorti af vilja Íslendinga til að hafa samskipti á íslensku við þá sem stíga sín fyrstu skref í tungumálinu og jafnvel einnig við þá sem lengra eru komnir. Slíkt dregur úr hvata til að halda áfram að læra tungumál og hefur langtíma afleiðingar sem erfitt er að snúa við eða vinna úr. Það leiðir svo til aukins fjölda einstaklinga sem velja frekar að nota enskuna í samskiptum við Íslendinga á jafningjagrundvelli eða nýta sér túlkapjónustu. Hér vantar einnig nánari útfærslur og upplýsingar um hvernig eigi að vinna með þau gögn sem aflað verður.

Við fögnum áherslum í lið 8 um mikilvægi samhengis listsköpunar og tungumáls. Menningin er stór partur af sjálfsmynd einstaklinga og þjóða og

aðgengi innflytjenda að íslenskri menningu er nauðsynlegur grundvöllur fyrir heilbrigðri þróun samfélags fjölbreytileikans.

Varðandi 17. lið, ítrekar ASÍ mikilvægi þess að tryggja aðgengi allra innflytjenda, óháð efnahag, að íslenskunámi. Árangri verður ekki náð í þessum málaflokki án umfangsmikilla fjárfestinga og alvöru aðgerða. Við leggjum til að þessi liður verði í forgangi enda löngu tímabært.

Eins hlynt og ASI er á almennri notkun íslenskrar tungu í almannarýmum og aðgengi innflytjenda að henni þá hefur sambandið engu að síður áhyggjur af sérstökum aðgerðum, sem nefndar eru í 18. lið. Í ljósi þess að stór hópur innflytjenda hefur lélegt aðgengi að íslenskukennslu í núverandi mynd, hefur lengi fengið að nýta önnur tungumál í daglegum samskiptum (s.s. ensku og pólsku) og hyggst dvelja hér og starfa tímabundið (farandverkfólk) en frjáls för fólks er einmitt grundvöllur samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði. ASÍ óskar eftir því að varlega verði stigið til jarðar þegar farið verður í slíkar aðgerðir, tekið verði tillit til fjölbreyttra hópa innflytjenda og haft sé hugfast að það taki langan tíma að breytum hefðum og menningu sem fengið hefur að festa rætur.

Í lokin vill ASÍ ítreka ánægju sína á metnaðarfullri aðgerðaráætlun en á sama tíma skora á stjórnvöld til að láta hug fylgja máli og tryggja viðhlítandi fjármagn við hvern lið. ASÍ mun fylgjast grannt með framgangi áætlunarinnar og áskiljum okkur þann rétt að gagnrýna ef hún endar í takmarkaðri mynd með ófullnægjandi fjármagni.

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um réttlát græn umskipti á 153. lög-gjafarþingi, 2022-2023. mál nr. 90.

Alþýðusamband Íslands styður tillögu til þingsályktunar um að ríkisstjórn Íslands setji fram upp færða, tímasetta og fjármagnaða aðgerðaráætlun sem tryggi réttlát græn umskipti, í samráði við verkalýðshreyfinguna og aðra aðila. Alþýðusamband Íslands tekur undir áherslur þingsályktunartillögunnar og markmið hennar um að koma í veg fyrir ójafnrétti sem getur hlotist af loftslagsbreytingum og aðgerðum til að stemma stigu við þeim og að tryggja verði að græn umskipti yti undir jöfnuð í samfélaginu.

Efni þingsályktunartillögunnar er í samræmi við áherslur ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum en í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarflokkanna þriggja er kveðið á um að hugmyndafræði réttláttra umskipta verði leiðarstef í yfirstandandi breytingum vegna loftslagsvárisinnar og tæknibreytinga. Efni þingsályktunartillögunar samræmist stefnu Alþýðusambands Íslands og stefnu Alþjóðavinnuálastofnunarinnar um réttlát umskipti. Þingsályktunartillagan er einnig í takt við tillögur Evrópusambandsins sem birtast í „Fit for 55“ pakkanum sem inniheldur tillögur að nýjum verkefnum og breytingum á löggjöf Evrópu-

sambandsins, sem eiga að stuðla að því að ESB nái markmiðum sínum um kolefnishlutleysi árið 2050 og tryggja að stefnumótun ESB sé í samræmi við loftslagsmarkmið sem ráðið og Evrópuþingið hafa samþykkt. Eitt yfirmarkmið tillagnanna er að tryggja réttlát og sanngjörn umskipti á leið í átt að kolefnishlutleysi.

Réttlát umskipti snúast um að hámarka efnahagslegan, samfélagslegan og umhverfislegan ávinning af loftslags- og tæknibreytingum, og lágmarka neikvæð áhrif á almenning og launafólk. Með réttlátum umskiptum er átt við að tækifærum og byrðum sem felast í þeim breytingum sem loftslagsbreytingar og aðgerðir til að stemma stigu við þeim hafa með sér í för, sé dreift með réttlátum og sanngjörnum hætti. Til að svo megi verða þarf stefnumótun og aðgerðir í loftslagsmálum að byggja á réttlæti og jöfnuði. Réttlát umskipti snúast einnig um að ráðist verði í markvissar aðgerðir til að stemma stigu við loftslagsbreytingum og aðlögun vegna þeirra. Ef ekkert verður að gert eða ef stjórnvöld grípa of seint inn í mun það bitna á almenningi þessa lands og annars staðar. Þá eru réttlát umskipti forsenda þess að samfélagsleg sátt verði um þær breytingar sem þarf að ráðast í til að Ísland standi við alþjóðlegar skuldbindingar og markmið sín um samdrátt í útlosun og kolefnishlutleysi.

Alþýðusamband Íslands tekur undir að uppfærð aðgerðaráætlun verði gerð í samráði við verkalýðshreyfinguna en samráð við verkalýðshreyfinguna í tengslum við loftslagsaðgerðir og aðra stefnumótun í loftslagsmálum hefur verið ábótavant. Verkalýðshreyfingin þarf að koma að allri ákvarðanatöku og stefnumótun tengdri loftslagsbreytingum enda um mikla hagsmuni að ræða fyrir launafólk og samfélagið í heild. Þá þurfa stjórnvöld að eiga samráð og samtal við almenning í landinu um hvernig sé hægt að tryggja réttlát umskipti. Stjórnvöld í öðrum löndum hafa þegar hafið slíkt samtal. Sem dæmi má nefna að stjórnvöld í Kanada hafa ýtt úr vör ferli samráðs og stefnumótunar við almenning þar sem þau leita ráða hjá íbúum landsins varðandi hvernig standa skuli að réttlátum umskiptum þar í landi.

Greining og stefnumótun

Í greinargerð með þingsályktunartillögunni er farið yfir nauðsyn þess að Ísland setji aukinn kraft í loftslagsaðgerðir og veiti meira fjármagni í þær með réttlát umskipti að leiðarljósi. Að mati Alþýðusambands Íslands er nauðsynlegt að setja fram nýja uppfærða aðgerðaáætlun til að tryggja réttlát, græn umskipti enda hafi núverandi aðgerðaráætlun ekki verið mótuð með tilliti til réttlátra umskipta. Núverandi aðgerðaáætlun í loftslagsmálum sem var fyrst sett fram árið 2018 og uppfærð árið 2020, án þess að búið væri að meta loftslagsaðgerðirnar með tilliti til réttlátra umskipta og félagslegra áhrifa. Í uppfærðri aðgerðaáætlun sem nú er í gildi er kveðið á um að áætlunin muni verða rýnd

með tilliti til áhrifa aðgerða á mismunandi tekjuhópa. Þá verði hún einnig greind með tilliti til kostnaðar- og ábata og þjóðhagslegra áhrifa aðgerða⁶. Í mars 2021 samdi umhverfissráðuneytið við Hagfræðistofnun sem var falið að framkvæma þessa greiningu og í júlí 2022 kom út skýrsla þar sem lagt var mat á kostnað og ábata af 22 aðgerðum af 48 í aðgerðaráætlun stjórnvalda. Þá voru áhrif þeirra á einstaka þjóðfélagshópa metin.

Niðurstöður skýrslunnar benda til að aðgerðir stjórnvalda í loftslagsmálum ýti undir ójöfnuð og séu óhagkvæmar. Alþýðusamband Íslands fagnar því að einhver greining hafi farið fram á mati á félagslegum áhrifum loftslagsaðgerða en telur að mun umfangsmeiri og dýpri greining þurfi að fara fram sem nær yfir allar loftslagsaðgerðir í aðgerðaáætlun stjórnvalda sem og aðrar aðgerðir sem tengjast loftslagsmálum.

Nauðsynlegt er að greina loftslagsaðgerðir út frá réttlæti og meta hvaða loftslagsaðgerðir séu til þess fallnar að auka jöfnuð og bæta lífskjör. Alþýðusamband Íslands telur ekki fullnægjandi að framkvæma greiningu á áhrifum aðgerða í aðgerðaáætlun í loftslagsmálum eftir á heldur verði hún að liggja fyrir við stefnumótun, forgangsröðun og val á loftslagsaðgerðum til að hægt sé að tryggja réttlát umskipti. Ráðast þarf í mun breiðari og dýpri þekkingaröflun, greiningu og stefnumótun í tengslum við réttlát umskipt. Réttlát umskipti eru marglaga og felast í réttlátri málsmeðferð, þ.e. að samráð sé haft við launafólk og almenning. Réttlát umskipti felast einnig í réttlátri skiptingu gæðanna, þ.e. að kostnaði og ávinningi eða tækifærum og byrðum af breytingunum sé dreift með réttlátum hætti. Þá er nauðsynlegt að taka tillit til og viðurkenna þann ójöfnuð og það óréttlæti sem felst í núverandi efnahagskerfi og þjóðskipulagi og taka mið af því í stefnumótun og ráðast í aðgerðir sem eru til þess fallnar að bæta úr því tjóni sem hefur orðið vegna þess og koma í veg fyrir frekara tjón sem flyst yfir á framtíðarkynslóðir. Nauðsynlegt er að vinna sem þessi sé unnin þverfaglega, innan stjórnsýslunnar sem og utan hennar.

Fjármögnun loftslagsaðgerða og beiting hagrænna stjórnækja

Alþýðusamband Íslands tekur undir að verja þurfi meira fjármagni í loftslagsmál og leggja þurfi áherslu á að beina fjárfestingu í græna nýsköpun og uppbyggingu innviða. Fjármagni varið í loftslagsmál er vel varið en fjármögnun loftslagsaðgerða er fjárfesting sem skilar sér margfalt til baka. Að mati Alþýðsambands Íslands þarf undanfari slíkra fjárfestinga þó að fela í sér gerð heildrænnar atvinnu- og fjárfestingastefnu um uppbyggingu atvinnulífs og sköpun grænna starfa sem tekur mið af réttlátum umskiptum⁷. Fjárfesting í nýsköpun og atvinnulífi þarf að stuðla að réttlátum umskiptum og fjölgun fjölbreyttra góðra, grænna starfa sem standa undir góðum lífskjörum. Þá er

nauðsynlegt að fjármögnun loftslagsaðgerða sé réttlát og að því fjármagni sem varið er í loftslagsaðgerðir sé varið með skilvirkum og réttlátum hætti. Eins og kemur fram í skýrslu Alþýðusambandsins um skatta og ójöfnuð frá árinu 2021 eru margir veikleikar í íslensku skattkerfi sem hægt er að bæta úr til að styrkja tekjustofna hins opinbera og koma á fót réttlátara og skilvirkara skattkerfið. Grundvallarforsenda réttláttra umskipta er að beiting ríkisfjármála sé réttlát og stuðli að jöfnuði og tryggi velferð. Tryggja þarf að beiting hagrænna hvata í formi fjárfestingar, skattalegra ívilnana styrkja og niðurgreiðslna, sem og beiting lata í formi margvíslegrar gjaldtöku og skattheimtu, sé réttlát og stuðli að jöfnuði.

Hingað til hafa aðgerðir stjórnvalda og beiting fyrrnefndra stjórnækja ekki verið í anda réttláttra umskipta. Sem dæmi hafa skattar og gjöld tengd olíunotkun og bifreiðum verið hækkaðir skarpt auk þess sem stendur til að leggja á vegtolla. Allt eru þetta flatir skattar sem koma verst niður á tekjulægri hópum og leggjast ofan á verð þeirrar grunnþjónustu sem samgöngur teljast til. Þess ber að geta að Ísland var með fimmta hæsta heildarverð kolefnis (e. effective carbon rate) af 37 aðildarríkjum OECD árið 20189. Heildarverð kolefnis eru öll gjöld á bensín og olíu sem hafa sömu áhrif á hegðun neytenda og kolefnisgjald þrátt fyrir að vera ekki hugsuð sem slík. Í þessu samhengi ber að hafa í huga að framkvæmdir við borgarlínu eru ekki hafnar og að gæði almenningsgangna hér á landi eru almennt lítil og aðgengi að þeim takmarkað og geta þær því ekki talist raunhæfur valkostur fyrir stóran hluta fólks. Góðar, skilvirkar og hagkvæmar samgöngur eru nauðsynlegar fyrir samfélag og atvinnulíf og eru þær forsenda þess að fólk geti tekið þátt á vinnumarkaði.

Á sama tíma og álögur eru lagðar á launafólk og almenning hlífa stjórnvöld stórum atvinnuvegum eins og sjávarútvegi við álögum vegna loftslagsbreytinga en styrkja þá í stað þess fjárhagslega eins og miðstjórn Alþýðusambands Íslands ályktaði um árið 202110. Ósamræmi í aðgerðum stjórnvalda gagnvart almenningi og stórum atvinnuvegum er í engu samræmi við ábyrgð á vandanum né getu til þess að takast á við hann og er birtingarmynd óréttláttrar beitingar ríkisfjármála. Þannig eru loftslagsaðgerðir í sjávarútvegi ekki í neinu samræmi við hve stór hluti útlosunar gróðurhúsalofttegunda stafar frá fiskiskipum né í samræmi við fjárhagslega getu og burði sjávarútvegsins til að standa straum af þeim kostnaði sem fylgir grænum umskiptum11. Þetta er einungis dæmi um óréttlátar aðgerðir stjórnvalda í loftslagsmálum sem eru ekki til þess fallnar að stuðla að jöfnuði né sátt sem koma má í veg fyrir ef aðgerðir eru mótaðar með réttlát umskipti að leiðarljósi.

Alþýðusambandið styður megininntak þingsályktunartillögunar en telur að hún innihaldi of nákvæma útlistun á aðgerðum sem ekki er víst að séu til þess

fallnar að stuðla að réttlátum umskiptum né séu skilvirk eða hagkvæm leið til að draga úr útlosun gróðurhúsalofttegunda samanborið við aðrar aðgerðir. Þar ber helst að nefna tillögu um hærrí og markvissari niðurgreiðslu rafmagnsbifreiða en ekki liggur fyrir að slíkar aðgerðir stuðli að réttlátum umskiptum né séu þær skilvirkasta leiðin til að draga úr útlosun gróðurhúsalofttegunda. Niðurgreiðsla rafbíla sem er afar kostnaðarsöm aðgerð og sú aðgerð sem mestu fjármagni hefur varið í en vísbendingar eru um að hún hafi helst gagnast tekjuhærrí hópum sem er ekki í anda réttláttra umskipta. Orkuskipti eru nauðsynleg til að ná markmiði um kolefnishlutleysi en margvíslegar leiðir eru færar til að hraða orkuskiptum. Þar ber að nefna uppbyggingu innviða fyrir rafbíla en slík uppbygging hefur setið á hakanum hér á landi og hefur hún ekki haldið í við fjölgun rafbíla. Innviðauppbygging er ekki einungis nauðsynleg til að halda í við fjölgun rafbíla heldur hvetur hún beinlínis til rafbílaakaupa.

Alþýðusamband Íslands telur að þingsályktunartillaga um réttlát græn umskipti ætti að hljóta brautargengi en að gera megi minniháttar breytingar á greinargerðinni í samræmi við þær athugasemdir sem hér hefur verið farið yfir.

Umsögn um frumvarp til laga um Mennta- og skólapjónustustofu

Alþýðusamband Íslands (ASÍ) ítrekar þær áhyggjur sem sambandið lýsti af stöðu framhaldsfræðslunnar í umsögn sinni um þjónustustofnun á svið menntamála þann 10. mars sl. og skilað var inn í samráðsgátt stjórnvalda. Sem einn eigenda Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins (FA) leggjum við ríka áherslu á að hugað verði að þeim verkefnum FA sem áður voru hjá Menntamálastofnun (MMS) og að áframhaldandi framgangur þeirra verði tryggður.

Hér er um að ræða vottun námsskráa framhaldsfræðslunnar og birtingu þeirra í námskrárgrunni, viðurkenningu fræðsluaðila, aðferðfræði raunfærnimats og viðurkenning þess.

FA hefur unnið yfir 60 námskrár sem þurfa reglulega endurskoðun vegna breytinga á vinnumarkaði og umhverfi menntamála. Þá hefur raunfærnimat verið eitt af helstu verkfærum framhaldsfræðslunnar undanfarin ár og hefur FA haft umsjón með gerð matslista og þjálfun matsaðila sem sinna raunfærnimati óháð skólastigum.

Í framkomnu frumvarpi eru þessum verkefnum ekki gerð skil og þeim ekki ætlaður staður innan nýrrar Mennta- og skólapjónustustofu. Með breytingu á skipan ráðuneyta 2022 var framhaldsfræðslan færð frá MRN til FRN. Mikilvægt er að tryggja að þessi tilfærsla hafi ekki neikvæð áhrif á viðurkenningu og gildi menntunar í framhaldsfræðslu eða raunfærnimat. Það er mikilvægt að skýrt verði sem fyrst hvernig þessum verkefnum verði háttáð í framtíðinni og hver muni bera ábyrgð á þeim.

Drög að útfærslu á tillögum um úrbætur á brunavörnum í húsnæði þar sem fólk hefur búsetu

Fulltrúar ASÍ eiga sæti í starfshópnum um úrbætur á brunavörnum í húsnæði þar sem fólk hefur búsetu, sem vann ofan nefndar tillögur. ASÍ styður tillögurnar og telur að það sé löngu tímabært að tryggja öryggi þeirra sem vegna húsnæðisskorts og skorts á leiguhúsnæði á viðráðanlegum kjörum neyðast til að búa í atvinnuhúsnæði.

Búseta í atvinnuhúsnæði hefur verið kortlögð á höfuðborgarsvæði tvisvar sinnum, árin 2017 og 2021/22. Samkvæmt skýrslu eftir seinni kortlagningu í atvinnuhúsnæði búa tæplega 2000 einstaklingar á höfuðborgarsvæðinu og er slíkt búsetuform komið til að vera. Í sömu skýrslu má finna upplýsingar um að langflestir sem búsettir eru í atvinnuhúsnæði er launafólk hér á landi. Greinargerðin sem hér er til umsagnar fjallar líka um fjölda einstaklinga sem skráðir eru hjá Þjóðskrá Íslands sem „ótilgreindir í hús“, eða 2.344 einstaklingar, og er þetta einungis að hluta til sami hópur sem finnst í atvinnuhúsnæði.

Það er því ljóst að mati ASÍ að núgildandi lög og reglur duga ekki til að fylgjast skipulega með raunverulegri búsetu mikils fjölda fólks hér á landi og því er nauðsynlegt að heimila tímabundna aðsetursskráningu í atvinnuhúsnæði.

Sömuleiðis vegna sömu takmarkana í löggjöf verður fólk sem hér ætlar að taka upp búsetu, hvort sem er tíma- eða ótímabundið, að vera skráð með lögheimili. Núverandi löggjöf býður annars vegar upp á lögheimilisskráningu í íbúðarhúsnæði eða ótilgreint í hús í sveitarfélagi. Því nýta sér einstaklingar hvert það húsnæði sem býðst til lögheimilisskráningar þrátt fyrir raunbúsetu í öðru húsnæði.

Slíkt fyrirkomulag ýtir undir rangra skráningu og gefur þinglýstum eigendum íbúðarhúsnæði eða Þjóðskrá Íslands takmarkaðar heimildir til íhlutunar.

ASÍ telur að til þess að hægt er að leiðrétta þessa stöðu og tryggja öryggi fólks í húsnæði þar sem það er raunverulega búsett, er nauðsynlegt að innleiða báðar tillögurnar (tillaga 6 og 11). Ljóst er að þær tillögur sem hér eru til umsagnar eru aðeins hluti af þeim nauðsynlegum breytingum sem þarf að ráðast í til þess að tryggja brunavarnir og öryggi fólks í húsnæði þar sem það hefur búsetu. ASÍ mun halda áfram þeirri vinnu sem hafin er og ítrekar að verkefnið snýst fyrst og fremst um öryggi og velferð fólks hér á landi.

Fólksflutningur eykst hingað til lands af mörgum ástæðum. Á sama tíma ríkir hér á landi mikill og alvarlegur húsnæðisskortur sem ekki sér fyrir endann á. Markmið verkefnisins má því ekki snúast um útrýmingu búsetu í atvinnuhúsnæði eða taka aðeins mið af fjárhags- eða stjórnsýslulegum framkvæmdum hér á landi.

Ávallt skal ganga út frá því að tryggja öryggi fólks þar sem það raunverulega dvelst og mæta fólk þar sem það er statt.

Umsögn um frumvarp til laga um þjónustustofnun á sviði menntamála

Frá upphafi hefur Alþýðusamband Íslands barist fyrir bættri stöðu framhaldsfræðslunnar og er sambandið einn eigenda Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Alþýðusamband Íslands lýsir því yfir áhyggjum sínum af því að í framkomnu frumvarpi til laga um þjónustustofnun á sviði menntamála er framhaldsfræðslunnar hvergi getið og því ekki ætlaður skýr staður innan stofnunarinnar.

Í framkomnum drögum er framhaldsfræðsla hvergi nefnd en á vef Menntamálastofnunar er hlutverki framhaldsfræðslunnar og stofnunarinnar gerð skil.

Menntamálastofnun hefur séð um viðurkenningu og vottun fræðsluaðila og vottanir námskráa í framhaldsfræðslu, ásamt því að birta þær í námskrárgrunni. Það er mikilvægt að skýrt verði hvernig þessum verkefnum verði háttað og hver muni bera ábyrgð á því.

Alþýðusambandið lýsir einnig yfir áhyggjum af uppbyggingu vefgáttarinnar Næsta Skref sem er vefur með upplýsingar um nám á framhalds- og háskólastigi með tengingum við lýsingar á störfum, ráðgjöf og raunfærnimat. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur séð um vefinn undanfarin ár, en ljóst að FA getur ekki staðið ein undir því verkefni til lengri tíma. Vefurinn hefur náð góðri fótfestu, fyrstur sinnar tegundar, hvort tveggja í skólum og atvinnulífi. Mikilvægt að tryggja öruggt rekstrarumhverfi hans og því væri edlilegt að ný þjónustustofnun menntamála tæki yfir rekstur vefsins.

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um atvinnuréttindi útlendinga (tímabundið atvinnuleyfi), 28. mál

ASÍ hefur fengið ofangreint frumvarp til umsagnar. Um er að ræða breytingu sem ASÍ hefur áður tekið afstöðu til í umsögnum sínum um fyrri frumvörp þar sem breytingin var hluti af umfangsmeira frumvarpi um breytingar á lögnum.

Líkt og áður styður ASÍ að fólk sem hefur fengið dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða og sérstakra tengsla við landið verði undanþegið kröfu um tímabundið atvinnuleyfi. Þessi sjónarmið komu fram í stjórnsáttmála ríkisstjórnarsamstarfs Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs á haustmánuðum 2021 (bls. 38) undir kaflanum um málefni útlendinga.

Samhliða leggur ASÍ til að atvinnuréttindi umsækjenda um alþjóðlega vernd (hælisleitenda) verði endurskoðuð. Vísbendingar úr vinnustaðaeftirliti ASÍ og stéttarfélaganna benda til þess að raunveruleg atvinnuþátttaka í þessum hópi sé miklu meiri en opinberar tölur gefa til kynna. Mál sem koma inn á borð stéttarfélaganna benda til þess að þessi hópur sé sérstaklega berskjaldaður fyrir misneytingu af hendi atvinnurekenda, sem í verstu tilvikunum jaðra við mansal.

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996 (áminningar og setning embættismanna um stundarsakir), 41. mál., 153. Lögj.þ.

I.

Frumvarpið felur í sér annars vegar breytingu á undanþáguákvæði laganna um tímabundna setningu í embætti og hins vegar afnám áminningarferils sem meginreglu í opinberu starfsmannahaldi. Hvað hið fyrrnefnda varðar er ekki tekin sérstök afstaða önnur en sú að Alþýðusambands Íslands ítrekar þá skoðun að allar stöður hjá hinu opinbera skuli auglýstar og umsækjendur skuli njóta jafnræðis á öllum stigum málsins.

II.

Alþýðusamband Íslands leggst gegn því að breytingar frumvarpsins á svokölluðu áminningarferli verði að lögum og tiltekur í því samhengi eftirfarandi röksemdir:

Aðrir starfsmenn hins opinbera en þeir sem falla undir gildissvið laga nr. 70/1996 hafa samið sérstaklega um í kjarasamningum að áminna þurfi starfsfólk í ákveðnum tilvikum áður en til uppsagnar er gripið. Ætla má þó að opinberir starfsmenn sem falla undir gildissvið laga nr. 70/1996 myndu bregðast við afnámi á hinni lögbundnu reglu með kröfum í gegnum kjarasamninga. Hið íslenska vinnumarkaðsmódel er rétt eins og önnur módel byggt á rétti aðila vinnumarkaðarins til að semja um kaup, kjör og réttindi og sú regla sem hér er til umfjöllunar er augljós hluti af þeirri sátt sem ríkt hefur á opinberum markaði. Samhengislaust afnám reglunnar í andstöðu aðila væri algjört ábyrgðarleysi af löggjafanum og í raun gróft inngrip inn í það vald sem sátt hefur ríkt um að aðilar vinnumarkaðarins hafi, hvort sem það er á opinberum eða almennum vinnumarkaði.

Um er að ræða verulega réttindaskerðingu ríkisstarfsmanna þar sem óljóst er hver er tilgangur með breytingunni sem frumvarpinu er ætlað. Vísað er til þess að réttarstaða opinberra starfsmanna hafi styrkst verulega á undanförunum árum svo og að kjör þeirra hafa batnað. Þá er hvati frumvarpsins fyrst og fremst sá að auka þurfi sveigjanleika í opinberu starfsmannahaldi og einfalda beri reglur um starfslok ríkisstarfsmanna. Er í því sambandi vísað til þess að miklar breytingar hafa orðið á stöðu starfsmanna ríkisins frá því að fyrst var getið um skyldu til áminningar í lögum nr. 38/1954. Í athugasemdum með frumvarpi er varð að lögum nr. 70/1996 var aukið við þau atriði sem ber að áminna starfsmann vegna, þ.e. vegna árangurs í starfi. Frumvarp það var tilkomið vegna breyttra stöðu starfsmanna ríkisins, svo sem að ríkisstarfsmenn voru ekki lengur æviraðnir og þeir höfðu rétt til þess að semja sjálfir um kjör og réttindi í gegnum kjarasamninga. Ekki þótti ástæða til að hrófla við

áminningarferli starfsmanna ríkisins, þrátt fyrir að staða þeirra hafði þá breyst frá fyrri lögum nr. 38/1954. Frá því að lög nr. 70/1996 voru sett, hefur staða ríkisstarfsmanna því ekki breyst að neinu leytnu til hvað þetta varðar og gæti kallað á viðlíka ráðstöfun og hér um ræðir.

Það er von Alþýðusambands Íslands að skerðing réttinda launafólks sé ekki lögð fram í þeim tilgangi að jafna hópa launafólks í landinu niður á við. Það ætti fremur að vera vilji til að stuðla að jöfnum réttindum með aukningu réttar þeirra sem síðri hafa. Launafólk á almennum vinnumarkaði nýtur lítillar ráðningarfestu og nýtur í raun almennt ekki þeirra sjálfsögðu réttinda að fá tækifæri til að bæta ráð sitt eða bregðast með einum eða öðrum hætti við meintum ávirðingum sem geta svo leitt til uppsagnar. Þó er viðurkennt á almennum vinnumarkaði að uppsögn á ráðningarsambandi verður að eiga sér málefnalegar ástæður svo langt sem það nær.

Þá vill Alþýðusamband Íslands geta þess að það telur áminningu vera eðlilegan hluta uppsagnarferils. Þrátt fyrir að frumvarpið geri enn ráð fyrir að uppsagnir þurfi að byggjast á málefnalegum grundvelli, þá er það svo að tilgangur áminninga er í vinnuréttarlegu samhengi annar. Þegar starfsmaður er áminntur vegna einhvers sem hann hefur gerst brotlegur gegn eða ekki sinnt starfi sínu að öðru leyti, er honum veitt svigrúm til þess að bæta ráð sitt áður en tekin er sú afdrifaríka ákvörðun að segja honum upp starfi. Gilda slík sjónarmið hvort sem lítið sé til almenns eða opinbers vinnumarkaðar, þó slíkt sé ekki skylt á almennum vinnumarkaði. Sú skoðun að áminning skuli ávallt vera undanfari uppsagnar er engin jaðarskoðun Alþýðusambands Íslands, heldur er hún byggð á viðurkenndum sjónarmiðum sem finnast með einum eða öðrum hætti í mörgum öðrum ríkjum sem og í einni af samþykktum (nr. 158)⁶ Alþjóðavinnuálastofnunarinnar.

Frumvarp til breytinga á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21/1991 (kennitölulflakk).

Samtök atvinnulífsins og Alþýðusamband Íslands („samtökin“) skiluðu sameiginlegum umsögnum um frumvarpið þegar það var lagt fram á 150. löggjafarþingi, þskj. 1429, 815 mál vorið 2020. Samtökin fögnuðu þá frumvarpinu og töldu það vera tímamótaskref í að stemma stigu við kennitölulflakki og annarri misnotkun á hlutafélagiforminu. Samtökin ítreka fyrri umsagnir og telja afar brýnt að frumvarpið fái fljóta afgreiðslu og verði samþykkt.

6 https://www.ilo.org/dyn/normlex/en/f?p=NORMLEXPUB:12100:0::NO::P12100_ILO_CODE:C158

Umsögn um frumvarp til laga um fæðingar- og foreldraorlof (afkomuöryggi, meðgönguorlof og vinnutímastytting foreldris), mál 955

Alþýðusamband Íslands hefur verið leiðandi í mótun og framþróun laga um fæðingar- og foreldraorlof um langa hríð enda um að ræða stórt hagsmunamál fyrir launafólk og forsendur jafnari stöðu kynjanna á vinnumarkaði.

Markmið nýju laganna nr. 144/2020 jafnt sem og þeirra sem gengu í gildi árið 2000 er að gera foreldrum kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf og tryggja barni samvistir við báða foreldra. Með lögnum frá árinu 2000 fengu fedur í fyrsta sinn óframseljanlegan rétt til fæðingarorlofs (í þrjá mánuði) og árið 2021 var 12 mánaða orlofi skipt á milli foreldra þó heimilt væri að framselja sex vikur af þeim rétti til hins foreldrisins.

Rannsókn fræðafólksins Ásdísar A. Arnalds, Guðnýjar Bjarkar Eydal og Ingólfs V. Gíslasonar frá árinu 2021 sýnir fram á að framþróun hefur átt sér stað í anda markmiðanna. Á rúmlega tuttugu ára tímabili hafa fedur aukið þátttöku sína í umönnun barna sinna og dregið hefur saman með foreldrum hvað varðar atvinnuþátttöku og vinnutíma. 85% fedra hafa nýtt rétt sinn til fæðingarorlofs og ekki þykir lengur sjálfgefið að mæður fórn stöðu sinni á vinnumarkaði eftir barnsburð eins og áður var.

Þrátt fyrir þróun í rétta átt til aukins jafnræðis á milli kynja á vinnumarkaði má enn gera betur. Samkvæmt nýrri skýrslu félags- og barnamálaráðuneytis nýta fedur enn einungis því sem nemur óframseljanlegum rétti sínum. Að öllu jöfnu virðist sem karlar taki fjóra og hálfan mánuð á meðan konur nýta sjö og hálfan mánuð eftir lagabreytinguna 2021. Þar að auki virðist sem hið svokallaða umönnunarbíl bitni frekar á mæðrum en fedrum, en það er bilið frá því að fæðingarorlofi lýkur og þar til leikskólar taka við, með tilheyrandi fjarveru mæðra af vinnumarkaði.

ASÍ fagnar þeim umbótum sem koma fram í þingmannafrumvarpi sem um ræðir enda eðlilegt að framþróunin haldi áfram til að betrubæta kerfið í kringum foreldra- og fæðingarorlof, launafólki til hagsbóta og ASÍ tekur undir margt af því sem frumvarpið inniber.

ASÍ tekur undir öll þau sjónarmið sem eiga við um afkomuöryggi foreldra enda löngum ljóst að 20% skerðing á tekjum lágtekjufólks getur haft stórfelld áhrif á velferð fjölskyldunnar. Þar af leiðandi styður ASÍ hugmyndir um að skerðing eigi sér stað á tekjum yfir 350.000 kr. Ljóst er að hækka þarf fæðingarstyrk og jafnframt má þykja eðlilegt að hækka hámarksgreiðslur í 800.000 kr. til að halda í við verðlagsþróun.

ASÍ styður einnig tillögu um sérstakt meðgönguorlof sem hefjist á 36. viku meðgöngu án þess að til skerðingar komi á rétti kvenna til launaðs fæðingarorlofs eftir fæðingu barns. Þessi sjónarmið komu skýrt fram í umsögnum

heilbrigðisstarfsfólk við þinglega meðferð frumvarpsins og full ástæða til að taka þau sjónarmið alvarlega.

ASÍ telur að sú nýlund a sem kemur fram í frumvarpinu um rétt til vinnu-
tímastyttingar í kjölfar fæðingarorlofs sé til bóta fyrir foreldra ungra barna og
gæti stuðlað enn frekar að því að uppfylla markmið laganna um samræmingu
fjölskyldulífs og atvinnulífs. Styttingin gæti minnkað álag á fjölskyldur með
ung börn og um leið leikskóla landsins, sem gæti með tímanum haft þau áhrif
að umönnunarbilið minnkar. Á hinn bóginn telur ASÍ brýnt að afleiðingar
slíkra breytinga séu metnar út frá sjónarmiðum kynjajafnréttis. Komi mæður
og fedur til að nýta slíkt úrræði til jafns, eða hér um bil, er breytingin jákvæð
en ef úrræðið verður nær einungis nýtt af mæðrum gæti það haft þau áhrif að
staða þeirra á vinnumarkaði veikist. Þessu þarf að fylgjast náið með, ekki síst
í ljósi þeirrar tilhneigingar em greint er frá hér að ofan, að fedur nýti einungis
þann rétt sem þeir eiga sem ekki er framseljanlegur.

Fæðingar- og foreldraorlofskerfið á að vera í sífelltri endurskoðun, enda
er kerfinu beinlínis ætlað að þrýsta á jákvæðar samfélagslegar breytingar. Það
er brýnt að allar tillögur að breytingum séu rýndar með hin svokölluðu kynja-
gleraugu á nefinu.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 97/2002 um atvinnuréttindi útlendinga (sérhæfð þekking) – 645. mál, 153. löggjafarþing

Alþýðusamband Íslands vill með umsögn þessari ítreka þau sjónarmið sem
fram komu í umsögn um málið er það var í samráðsgátt stjórnvalda (sjá meðf.)

Hvað þær breytingar sem urðu á málinu frá því sem þar var kynnt þá
er ánægjulegt að sjónarmið ASÍ hafi þar haft áhrif. ASÍ hefur lengi kallað
eftir því að málaflokkurinn um atvinnuréttindi útlendinga í heild sinni fái
heildarendurskoðun. Er það ákall síður en svo til þess að draga úr tækifær-
um og möguleikum einstaklinga til að setjast hér, heldur til að tryggja þau
meginsjónarmið sem ASÍ og stéttarfélögin starfa eftir, þ.e. að allir eigi rétt á
góðri atvinnu þar sem fólk njóti jafnræðis til kaupa og kjara óháð þjóðerni,
bakgrunni o.s.frv. Þær áhyggjur sem viðraðar voru um að fjarlægja samráðs-
skylduna/umsagnarréttinn án þess að hlutirnir og regluverkið væri skoðað í
viðara samhengi voru/eru að mati ASÍ réttmætar.

Hvað varðar þá breytingu sem um er fjallað í frumvarpinu eftir að það
kom inn á þing eru að mati ASÍ það afmarkaðar að ASÍ styður að frumvarpið
í núverandi mynd verði að lögum.

Umsögn vegna tillögu til þingsályktunar um atvinnulýðræði, 82. mál

Samhljóða þingsályktunartillaga var lögð fram á 151. löggjafarþingi (40. mál)
og 152. löggjafarþingi (13. mál). Áður hefur Alþýðusamband Íslands skilað

inn umsögn og hefur afstaða félagsins ekki breyst gagnvart tillögu um skipun starfshóps aðila vinnumarkaðarins og hins opinbera um hvernig auka megi atvinnulýðræði hér á landi og vísast í því samhengi til fyrri umsagnar. Eins og áður, er það afstaða ASI að aukið atvinnulýðræði leiði til raunverulegrar þátttöku og áhrifa vinnandi fólks í samvinnu við atvinnurekendur og aðra aðila vinnumarkaðarins. Í dag eru ýmsar leiðir farnar hér á landi sem vinna að atvinnulýðræði, svo sem sterk stéttarfélag og samstaða vinnandi fólks, öflugt trúnaðarmannakerfi, lög um hópuppsagnir, nr. 63/2000 og lög um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, nr. 72/2002. Samhliða auknu atvinnulýðræði telur ASI mikilvægt að varast að starfsfólk verði gert ábyrgt fyrir stjórnarstörfum með setu í stjórnnum fyrirtækja án raunverulegra áhrifa og vægis. Að því sögðu styður ASI þá tillögu sem hér er fjallað um. ASI er reiðubúið til þess að sitja í samstarfsnefnd um atvinnulýðræði, verði eftir því óskað, með þeim áherslum sem fram koma í umsögnum.

Þingsályktunartillaga um merkingu á vörum frá hernumdum svæðum í Palestínu, 777. mál, 153. löggjþ.

ASÍ hefur áður fjallað um málið, nánar tiltekið er það var lagt fram á 1455. löggjafarþingi sem 76. mál. Umsögnin sem nú er ítrekuð var svohljóðandi:

Alþýðusamband Íslands hefur um áratugaskeið fordæmt hernám Ísraels í Palestínu og stutt baráttu Alþjóðasambands verkalýðsfélaga (ITUC) fyrir réttindum palestínsks verkafólks og andstöðu við hið ólögsmæta hernám. Eitt þeirra verkfæra sem borgarar lýðfrjálsra ríkja geta notað til þess að þrýsta á stefnubreytingu ríkja sem ekki fara að alþjóðalögum er meðvitað val neytenda á neysluvöru. Nokkurt magn vöru er flutt inn frá Ísrael án þess að bera með sér aðrar upplýsingar um uppruna en að varan sé framleidd í Ísrael en hluti hennar er framleiddur á svæðum sem hernumin hafa verið í andstöðu við alþjóðalög. ASÍ styður því heilshugar að vara sögð framleidd í Ísrael verð sérstaklega merkt eins og tillagan gerir ráð fyrir. ASÍ styður jafnframt að íslensk stjórnvöld beiti sér fyrir auknum viðskiptum við Palestínu á grundvelli bráðabirgðasamnings EFTA þar um frá 1.7 1999 (<http://www.efta.int/free-trade/free-trade-agreements/palestinian-authority>).

ASÍ vill líka koma á framfæri að á nýliðnu þingi Evrópusamtaka verkalýðsfélaga (ETUC) var fjallað um hið ólöglega hernám og viðbrögð við því í aðgerðaráætlun samtakanna fyrir tímabilið 2023-2027 þar sem lagt er fyrir forystu samtakanna að:

..Promote peaceful resolution in Palestine, Syria, the Kurdish region and Western Sahara and elsewhere; demand the respect of international law and the right of all peoples to self-determination, in accordance with UN resolutions; demand the EU ensures the respect of the geographical scope of its Association

Agreements; demand that the EU considers the impact on workers when deploying sanctions and blockades. The ETUC will advocate for regulatory measures that stop EU legal entities both importing products originated in illegal settlements and exporting to occupied territories, aiding or assisting such unlawful situations in conformity with EU Treaties and compliance with international law. The ETUC reaffirms the need for a negotiated agreement between Israel and Palestine that will result in a lasting and peaceful “two-states“ solution, representing solidarity, justice and the legitimate rights of both peoples to co-existence in security, independence and two sovereign viable states. The ETUC calls to enhance, under the auspices of ETUC and their affiliated unions, the cooperation between the Histadrut and PGFTU to assist the Palestinian workers who are employed in Israel and in particular, the vocational training which is given to the latter in the industry sector.

Sjá aðgerðaráætlunina í heild sinni hér: <https://www.etuc.org/en/congress>

Með vísan í allt framangreint styður ASÍ að málið fái framgang á þinginu og verði samþykkt sem þingsályktun.

Frumvarp til laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum (vinnutímaskráning starfsmanna), 940. mál

Í maí 2019 sendi ASÍ kvörtun til Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) vegna meints brots íslenska ríkisins á skuldbindingum sínum skv. EES - samningnum, nánar tiltekið tilskipun um ákvæðna þætti er varða skipulag vinnutíma sem orðið hafði til þess að launafólk tapaði málum fyrir íslenskum dómstólum sem réttlæga hefðu átt að vinnast.

Kært var vegna ófullnægjandi innleiðingar tilskipunarinnar og m.a. byggt á því að lög nr. 46/1980 geymi engin ákvæði sem fellu á atvinnurekendur skyldu til þess að hafa formlegt, virkt og aðgengilegt kerfi til eftirlits með vinnutíma starfsmanna sinna. Vegna skorts á skýrum reglum hafi dómstólar ítrekað hafnað kröfum launamanna um uppgjör frítökuréttar og vikulegra frídaga, á þeirri forsendu að þeir hafi ekki haldið kröfum sínum fram í tíma þ.e. reglum um tómlæti er ítrekað beitt. Af sömu ástæðum hafi dómstólar hafnað kröfum launamanna vegna þess að þeim hafi sjálfum borið að gæta að vinnutíma sínum og atvinnurekendur verið sýknaðir af þeirri ástæðu einni að hafa fært ábyrgð á stjórn vinnutíma og frítöku á starfsmann sinn. Jafnframt hafi dómstólar hert sérstaklega á kröfum hér að lútandi þegar í hlut eiga trúnaðarmenn stéttarféлага.

Til stuðnings kvörtuninni var sérstaklega vísað til dóms Hæstaréttar nr. 31/2018 þar sem rétturinn byggði á því að um hafi verið að ræða 13 mánaða tímabil þar sem 15 mánuðir liðu frá lokum þess og þar til kvartað var og að aldrei hafi verið kvartað fyrr en eftir starfslok. Einnig var vísað til dóms

Hæstaréttar í málinu nr. 304/2010. Loks var vísað til dóma í héraðsdómi Vesturlands þar sem kröfur vegna frítökuréttar á hvalvertíðum 2014 og 2015 voru taldar niður fallnar vegna tómlætis. Litið var svo á í þessum dómum að skylda til þess að rjúfa „tómlæti“ hvíli á hverjum og einum starfsmanni þegar vitað var í þessu tilviki að stéttarfélag starfsmannanna hafði kvartað vegna þeirra allra og rekið sérstakt prófmál vegna nákvæmlega sama ágreinings við atvinnurekandann og sem vannst með dómi Hæstaréttar nr. 594/2017. Loks var vísað til dóms Landsréttar nr. 815/2018 en sú niðurstaða var í samræmi við eldri dóma og sýndi að réttarframkvæmd hér á landi breyttist ekki í kjölfar samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

Niðurstaða ESA er skýr. Þar sem íslenska ríkið hefur ekki tryggt að atvinnurekendur setji upp tímaskráningarkerfi sem haldi m.a. utan frítökurétt og hvíldartíma starfsmanna er Ísland brotlegt við EES samninginn. Þessi niðurstaða felur það í sér að sönnunarbyrði um uppsafnaðan frítökurétt á að falla á atvinnurekendur sem bera ótvíræða skyldu til þess að sjá svo um að starfsmenn njóti þeirra réttinda sem hvíldartímaákvæði laga og kjarasamninga séu virt. Það þarf því mun meira til þess að fella slíkan rétt niður vegna tómlætis eða ófullnægjandi skráningar á vinnutíma eins og íslenskir dómstólar hafa gert hingað til.

Frumvarpið sem hér um ræðir tryggir að mati ASÍ loks rétta innleiðingu á tilskipun 2003/88/EB og felur í sér réttarbót fyrir launafólk á Íslandi. ASÍ styður því eindregið að frumvarp þetta verði að lögum. Í samhengi við allt framangreint og vinnuverndarmál í heild sinni telur ASÍ jafnframt rétt að benda á nauðsyn þess að sektar- og þvingunarheimildir Vinnueftirlitsins verði efldar til muna. Hvað það varðar má vísa í fleiri niðurstöður þess starfshóps aðila vinnumarkaðarins sem kom með þá tillögu sem frumvarp þetta fjallar um. En þær tillögur voru lagðar fram með 589. máli á 152. löggjafarþingi, nánar tiltekið í 1. tölulíð 23. gr. frumvarpsins, vísast sérstaklega til umfangsmikillar umfjöllunar um þær tillögur í greinargerð með frumvarpinu

Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna tímabundinna undanþágna frá skipulags- og byggingarlöggjöf og skipulagi (1028. mál, 153. Löggjafarþings

I.

ASÍ hefur um langt skeið verið óþreytandi í að fjalla um og vekja athygli stjórnvalda og annarra á þeirri afleitu stöðu sem húsnæðismál á Íslandi eru í. Sú staða er fyrst og fremst tilkomin vegna þess að engin heildarsýn hefur verið til staðar í húsnæðismálum og í raun má segja ábyrgðarflótti ríkis og sveitarfélaga. Því er sú staða komin upp núna að þau kaflaskil eru komin í íslenskri húsnæðissögu að stjórnvöld hafa játað sig sigruð þegar kemur að því grundvallarhlutverki að tryggja okkar berskjölduðustu systkinum aðgang að

tilhlýðilegu húsnæði og þurfa nú að gefa undanþágur frá þeim lágmarkskröfum sem um húsnæði verið sett.

ASÍ vill taka það sérstaklega fram að það frábíður sér þá umræðu að húsnæðisvandinn sem upp er komin sé vegna til komin vegna fjölgunar umsækjenda um alþjóðlega vernd, vandinn er miklu umfangsmeiri en það og á sér langan aðdraganda.

Í umsögnum um þingsályktun um fjármálaáætlun 2022-2026⁷ sagði ASÍ m.a.:

Alþýðusambandið lýsir yfir verulegum vonbrigðum með litla umfjöllun og skort á aðgerðum til að bregðast við stöðunni á húsnæðismarkaðnum. *Frumvarpið gerir einungis ráð fyrir 2,9% aukningu í húsnæðisstuðning og ekki eru gerðar breytingar á fyrirliggjandi forsendu um fjármögnun uppbyggingu óhagnaðardrífina leiguíbúða, þrátt fyrir að allir stjórnmalaflokkar hafi verið sammála fyrir kosningar um þörfina á auknum framlögum til almenna íbúðakerfisins.*

.....

Íslenskur leigumarkaður er óskipulagður og hlutfall óhagnaðardrífins húsnæðis er lítið, leigjendur njóta takmarkaðrar verndar og hafa veika samningstöðu. Í yfirlýsingu stjórnvalda til stuðnings kjarasamningum 2019 voru boðaðar umbótaaðgerðir á leigumarkaði sem ekki hefur verið fylgt eftir. Alþýðusambandið kallar eftir stórátaki í húsnæðismálum, sem eru um leið eitt af stærstu kjaramálunum og mun ráða úrslitum um árangur kjarasamninga á næsta ári.

Sambærilega umfjöllun, áskoranir og varnaðarorð má finna í öðrum umsögnum ASÍ um fjármálaáætlanir og viðlíka mál undanfarin ár og áratugi.

Á nýliðnu 45. þingi ASÍ segir m.a. í greinargerð með ályktun um húsnæðismál⁸:

Síðustu ár hefur töluvert verið byggt af íbúðarhúsnæði. Frá 2017 hefur íbúðum fjölgað meðaltali um 3.200 á hverju ári. Spár um íbúðabyggingu næstu árin gera ráð fyrir svipaðri þróun. Það er mikill fjöldi í sögulegu samhengi. Ástæðan fyrir því er töluverð íbúðaþörf, annars vegar vegna þess að fjölgun íbúða var mjög lítil á árunum 2009-2014 og hins vegar vegna mikillar eftirspurnar eftir húsnæði sem ferðaþjónusta leiðir. Vegna aukinnar eftirspurnar vakna spurningar um hvort tryggt sé til skamms tíma að nægilegur fjöldi íbúða verði byggður. Til lengri tíma skiptir máli að jafna sveiflur á byggingamarkaði, stórauka fagmenntun ásamt því að stuðla að áreiðanlegra umhverfi í geiranum.

7 <https://www.asi.is/um-asi/hlutverk-og-saga/umsagnir-um-thingmal/frumvarp-til-fjarlaga-fyrir-arid-2022-1-mal-frumvarp-til-laga-um-breytingar-a-ymsum-gjoldum-3-mal-og-thingsalyktunartillaga-um-fjarmalastefnu-2022-2026-2-mal/>

8 <https://www.asi.is/thing2022/husnaedismal-og-velferd/>

Hægt er að fara lengra aftur og má t.d. vísa í ályktun 41. þings ASÍ (árið 2014) um húsnæðismál⁹

Stjórnvöld bera ábyrgð á því ófremdarástandi sem nú ríkir í húsnæðismálum og ber félags- og húsnæðismálaráðherra ekki bara skylda til að veita málaflöknum forystu og finna lausnir heldur einnig að veita nauðsynlegum fjármunum til málaflöksins. Til þess eru stjórnálamenn kosnir. Fulltrúar á 41. þingi Alþýðusambands Íslands krefjast úrbóta nú þegar því margir féлага okkar eru í húsnæðiserfiðleikum og geta ekki beðið lengur. Ekki fleiri nefndarfundi, nú er kominn tími á efndir.

II.

Um leið og ASÍ harnar að þessi staða sé nú komin upp þá horfist ASÍ jafnframt í augu við það að ástandið kallar því miður á nauðsyn þess að eitthvað stórvægilegt verði gert. Því er það með trega, sbr. allt framangreint, sem ASÍ styður það að frumvarp þetta verði að lögum.

Að lokum ítrekar ASÍ fyrri sjónarmið um að stjórnvöld axli raunverulega ábyrgð á húsnæðisskortinum og skorar á stjórnvald að ráðast í raunverulegar úrbætur þannig að tryggt verði að ekki þurfi að framlengja þær tímabundnu undanþágur sem hér er verið að leggja til.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um málefni innflytjenda og lögum um vinnumarkaðsaðgerðir (sameining Vinnumálastofnunar og Fjölmenningsseturs, þjónuststöðvar), 782. mál, 153. löggjafarþing

Alþýðusamband Íslands (ASÍ) bindur vonir við að þau verkefni sem hafa verið á borði Fjölmenningsseturs skv. lögum um málefni innflytjenda verði áfram í hávegum höfð verði af umræddri sameiningu. Fjölmenningssetur hefur sem sérhæfð stofnun starfað á breiðara grundvelli en einungis því sem lútur að vinnumarkaði. Fjölmenningssetur hefur aðstoðað og hlotið traust innflytjenda, flóttafólks, umsækjenda um alþjóðlega vernd og sveitarfélaga á landinu til margra ára og stuðlað að jöfnum tækifærum óháð uppruna og bakgrunns. Því er mikilvægt að Vinnumálastofnun, ráðherra málaflöksins og ekki síst fjárveitingavaldið tryggi það að verkefni skv. lögum um málefni innflytjenda týnist ekki innan um þau umfangsmiklu verkefni sem Vinnumálastofnun hefur nú þegar. Sagan sýnir að sameiningar eins og þær sem hér um ræðir geta falið í sér afturför jafnt sem bót í hlutaðeigandi málaflökum, allt saman er það háð metnaði og forgangsriðun þeirra sem bera ábyrgð. Vel heppnuð sameining á að leiða til þess að sú þekking og reynsla sem orðið hefur til innan Fjölmenningsseturs smitist inn í alla anga starfsemi Vinnumálastofnunar og að

9 <https://www.asi.is/thing/alyktanir/>

þær áherslur sjáist í enn betri þjónustu við innflytjendur sem og bættara upplýsingaflæði. Staðreyndin er því miður sú að innflytjendur eru berskjaldaður hópur á vinnumarkaði og tölur sýna að atvinnuöryggi þeirra er minna og þeir eru útsettir fyrir slæmri meðferð eins og launaþjófnaði og jafnvel mansali á vinnumarkaði. Stefna ASÍ er og hefur verið sú að íslenskt samfélag og vinnumarkaður eigi að vera fyrir alla og því er mikilvægt að þær sameiningar eins og hér um ræðir styðji við almennt góða og metnaðarfulla inngildingu innflytjenda í íslensku samfélagi. Með vísan í framangreindar forsendur styður ASÍ að frumvarp þetta fái framgang og verði að lögum en mun eðli málsins skv. fylgjast áfram með málaflokknum m.a. hvernig fjárveitingu til VMST verður háttáð sem og hvernig aðgengileika og gæðum.

Frumvarp til laga um útlendinga (dvalarleyfi), 944. mál

Fulltrúar ASÍ hafa undanfarin misseri átt uppbyggilegt samtal og samráð við viðeigandi ráðuneyti og stjórnvöld um málefni útlendinga. Birtist það m.a. í skýrslu starfshóps um atvinnuréttindi útlendinga frá febrúar sl. ASÍ styður þau markmið sem eru sett fram í frumvarpi þessu og leggst ekki gegn því að það verði að lögum en ASÍ hefði þó talið heppilegra að þær tillögur sem þar eru settar fram yrðu skoðaðar heildstætt og afgreiddar sem slíkar.

ASÍ og aðildarfélög þess hafa undanfarin ár verið í fararbroddi í þeirri baráttu að útlendingar sem hér starfa fái notið sömu kjara og sömu réttinda og handhafar íslensks ríkisfangs. Að mati ASÍ er það fyrst og fremst tvennt sem stuðlar að bættri stöðu þeirra og dregur úr hættu á misnotkun og launaþjófnaði. Annars vegar er það með að styrkja stöðu einstaklinga á vinnumarkaði og hin vegar með því að styrkja eftirlit og það regluverk sem viðeigandi stofnanir og eftir atvikum stéttarfélag starfa eftir. Það frumvarp sem hér er til umfjöllunar tekur vissulega á einhverjum að þeim þáttum sem nefndir eru en ekki heildstæða nálgun á málið, líkt og t.d. tilvitnuð skýrsla gerir, sem að mati ASÍ getur myndað skekkju sem erfitt er að vinda ofan af.

Meðfylgjandi umsögn þessari er því ítarleg umsögn ASÍ við skýrsluna sem frumvarp þetta vísar til. Í öllu falli er skorað á Alþingi og stjórnvöld að slíta málið og tillögurnar í sundur of lengi. Það er skammgóður vermir og ekki í þágu einstaklinganna sem um ræðir né íslensks atvinnulífs og samfélags ef auknu frelsi fylgir ekki aukin ábyrgð.

Í frumvarpinu er jafnframt fjallað um vistráðningar. ASÍ hefur eins og sjá má fyrri umsögnum um tengd mál bent á ábyrgðar- og eftirlitsleysi stjórnvalda hvað varðar vistráðningarfyrirkomulagið. Dæmi hérlandis og erlendis sýna að einstaklingar í vistráðningu eru í sérstaklega berskjaldaðri og útsettir fyrir misnotkun í ljósi aðstæðna ráðningarinnar. Um leið og því er fagnað að styrkja eigi eftirlit með slíkum ráðningum þá telur ASÍ enga sérstaka ástæðu

hníga til þess að tímalengd þeirra sé útvíkkuð sérstaklega. Þau sjónarmið sem eiga við um mikilvægi þess fyrir einstaklinga og samfélagið að fjölga hér starfandi og skapa einstaklingum rétt eiga að mati ASÍ ekki sérstaklega við um vistráðningar.

Fundir og fundarsókn miðstjórnarmanna

	2022								2023									
	17.	7.	21.	5.	26.	2.	16.	7.	4.	18.	26.	1.	15.	1.	15.	5.	12.	19.
	ágú.	sep.	sep.	okt.	okt.	nóv.	nóv.	des.	jan.	jan.	jan.	feb.	feb.	mar.	mar.	apr.	apr.	apr.
Miðstjórn																		
Björn Snæbjörnsson		X		X	X		X	X	X	X		X	X		X	X	X	X
Drífa Snædal																		
Eiður Stefánsson			X		X				X	X	X	X	X	X	X	X		X
Finnbogi Sveinbjörnsson	X	X		X	X	X		X		X	X		X		X		X	
Guðmundur Helgi Þórarinnsson	X	X	X	X	X	X	X		X		X		X	X	X	X	X	
Halldóra Sveinsdóttir	X	X	X		X	X	X		X	X	X	X	X	X		X	X	X
Harpa Sævarsdóttir											X							
Helga Ingólfssdóttir	X	X	X	X	X		X	X		X	X	X	X	X		X		X
Hilmar Harðarson	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
Hjördis Þóra Sigurbórsdóttir	X			X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X		X
Hörður Guðbrandsson	X	X	X	X			X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
Kristján Þórður Snæbjarnarson	X	X	X	X	X	X		X	X		X		X		X	X	X	
Ragnar Þór Ingólfsson	X	X	X			X		X	X	X	X	X	X	X				X
Sólveig Anna Jónsdóttir																		
Valmundur Valmundsson	X	X		X		X	X	X	X	X	X	X			X	X	X	X
Varamenn																		
Þórarinn G. Sverrisson	X	X	X	X	X	X	X		X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
Agnieszka Ewa Ziolkowska					X	X		X	X	X	X	X	X	X	X	X		X
Guðrún Elín Pálsdóttir	X	X					X	X										X
Bjarni Þór Sigurðsson			X	X		X	X	X				X						
Margrét Halldóra Arnarsdóttir							X	X										
Daníel Örn Amarson																		
Finnbjörn A. Hermannsson																		
Sigmundur Halldórsson			X			X												X
Gils Einarsson	X							X				X						
Guðbjörg Kristmundsdóttir			X		X	X			X			X		X	X	X		
Berglind Hafsteinsdóttir																		
Selma Björk Grétarsdóttir			X															
Hulda Björnsdóttir																		
Kolbeinn Gunnarsson	X	X	X											X				
Trausti Jörundarson				X	X													
Með seturétt (málfrelsi og tillögurétt)																		
Gundega Jaunlinina		X																
Ástþór Jón Ragnheiðarson	X		X	X	X		X	X	X	X	X	X		X	X	X	X	X
Þorvarður Bergmann Kjartansson						X												
Agnieszka Ewa Ziolkowska																		
Sólveig Anna Jónsdóttir	X	X	X	X							X				X			
Vilhjálmur Birgisson	X	X	X	X	X						X		X	X	X	X		X

	2023			
	10.	17.	7.	21.
	maí	maí	jún.	jún.
Miðstjórn				
Eiður Stefánsson	x	x		x
Eyþór Þ. Árnason	x	x		
Finnbjörn A. Hermannsson	x	x	x	x
Finnbogi Sveinbjörnsson	x	x	x	x
Guðbjörg Kristmundsdóttir	x	x		x
Guðmundur Helgi Þórarinsson	x	x	x	
Halla Gunnarsdóttir	x	x	x	x
Hilmar Harðarson	x	x	x	x
Hjördís Þóra Sigurbórsdóttir	x	x	x	x
Kristján Þórður Snæbjarnarson	x	x		
Ragnar Þór Ingólfsson	x	x		
Selma Björk Grétarsdóttir	x	x	x	x
Valmundur Valmundsson			x	x
Vilhjálmur Birgisson	x	x	x	
Þórarinn G. Sverrisson	x	x	x	x
Varamenn				
Guðrún Elín Pálsdóttir			x	x
Hulda Björnsdóttir				
Anna Júlíusdóttir			x	
Andri Reyur Haraldsson			x	x
Guðmundur Finnbogason				
Jón Bjarni Jónsson				
Óskar Hraunfjörð Gunnarsson				
Vignir Smári Mariasson				
Arnar Hjaltalín				
Trausti Jörundarson	x	x		
Jónas Yngvi Ásgrímsson			x	
Þórir Hilmarsson				
Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir				
Kolbrún Júlía Erlendsdóttir				
Þorvarður Bergmann Kjartansson			x	
Með seturétt (málfrelsi og tillögurétt)				
Ástþór Jón Ragnheiðarson		x	x	x
Sólveig Anna Jónsdóttir			x	x

Starfsnefndir miðstjórnar ASÍ

	Aðalmenn	Varamenn
Alþjóðanefnd		
Miðstjórn	Kristján Þórður Snæbjarnarson	
LÍV	Eiður Stefánsson	Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir
RSÍ	Margrét Halldóra Arnarsdóttir	Hörður Bragason
Samiðn	Heimir Kristinsson	Gunnar Halldór Gunnarsson
SSÍ	Trausti Jörundarson	
SGS	Gundega Jaunlinina	Þórarinn Sverrisson
Bein aðild	Berglind Kristófersdóttir	Óskar Hraunfjörð Gunnarsson
ASÍ-UNG	Ólöf Helga Adolfsdóttir	Svanfríður Bergvinsdóttir
VR	Sigmundur Halldórsson	Þórir Hilmarsson
Efling		
Starfsmaður	Magnús M Norðdahl.	

Efnahags og skattanefnd

Miðstjórn	Halla Gunnarsdóttir	
LÍV	Stefán Jónsson	Þórir Hilmarsson
